

SKÝRSLA ÓBYGGÐANEFNDAR

FYRIR ÁRIÐ 2003



SKÝRSLA
ÓBYGGÐANEFNDAR
fyrir árið 2003

SKÝRSLA
ÓBYGGÐANEFNDAR
fyrir árið 2003



Skipan óbyggðanefndar árið 2003

Kristján Torfason, fyrrverandi dómstjóri, formaður
Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari

Varamenn

Benedikt Bogason héraðsdómari
Halldór Jónsson hæstaréttarlögmaður
Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómslögmaður

Ritarar

Hulda Árnadóttir lögfræðingur
Sif Guðjónsdóttir lögfræðingur, skrifstofustjóri

Umsjón og umbrot: Augnablek ehf.
Prentun: Gutenberg
Ljósmyndir © Mats Wibe Lund - www.myndasafn.is

1. prentun, september 2004

Útgefandi: Óbyggðanefnd

EFNISYFIRLIT

Formáli	7
Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu	8
Úrskurður í máli nr. 1/2001, Öræfi í sveitarfélaginu Hornafirði	
Sá hluti Vatnajökuls sem til meðferðar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda sem og fjöll innan jökuljaðars. Þá var land innan landamerkjja jarða í Öræfum, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, talið eignarland.	11
Úrskurður í máli nr. 2/2001, Suðursveit í sveitarfélaginu Hornafirði	
Sá hluti Vatnajökuls sem til meðferðar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda sem og fjöll innan jökuljaðars. Þá var Hafrafell úrskurðað þjóðlenda í afréttareign Skálafells. Loks var land innan landamerkjja jarða í Suðursveit, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, talið eignarland.	213
Úrskurður í máli nr. 3/2001, Mýrar í sveitarfélaginu Hornafirði	
Sá hluti Vatnajökuls sem til meðferðar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda sem og fjöll innan jökuljaðars. Þá var landsvæðið framan við Hafrafell úrskurðað þjóðlenda. Loks var land innan landamerkjja jarða á Mýrum, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, talið eignarland.	345
Úrskurður í máli nr. 4/2001, Nes í sveitarfélaginu Hornafirði	
Sá hluti Vatnajökuls sem til meðferðar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda sem og fjöll innan jökuljaðars. Þá voru Hoffellslambatungur úrskurðaðar þjóðlenda í afréttareign Hoffells. Loks var land innan landamerkjja jarða í Nesjum, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, talið eignarland.	431
Úrskurður í máli nr. 5/2001, Lón í sveitarfélaginu Hornafirði	
Sá hluti Vatnajökuls sem til meðferðar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda sem og fjöll innan jökuljaðars. Þá var nyrðri hluti Lónsöræfa úrskurðaður þjóðlenda í afréttareign Stafafells og norðausturhlíðar Stigafjalla þjóðlenda. Að öðru leyti var land innan landamerkjja jarða í Lóni, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, talið eignarland.	543
Kort af þjóðlendulínu í sveitarfélaginu Hornafirði, sbr. úrskurði óbyggðanefndar í málum nr. 1-5/2001	672

FORMÁLI

Skýrsla óbyggðanefndar kemur nú út öðru sinni. Í samræmi við 18. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 eru í riti þessu birtir þeir fimm úrskurðir sem nefndin kvað upp á árinu 2003. Þess ber að geta að úrskurðirnir hafa frá uppkvaðningu verið öllum aðgengilegir á heimasíðu nefndarinnar. Fyrst verður þó gerð stuttlega grein fyrir störfum óbyggðanefndar á árinu 2003.

Þann 1. janúar 2003 varð sú breyting á skipan varamanna í óbyggðanefnd að Þorgeiri Örlygsyni prófessor var veitt lausn að eigin ósk og Benedikt Bogason héraðsdómari skipaður í hans stað. Sem fyrr hafði óbyggðanefnd á grundvelli 6. gr. þjóðlendulaga opna skrifstofu að Hverfisgötu 4a, 101 Reykjavík. Þar starfa auk undirritaðs Sif Guðjónsdóttir skrifstofustjóri, Gunnar Friðrik Guðmundsson sagnfræðingur og Hulda Árnadóttir lögfræðingur. Um áramót lét Hildur Guðbrandsdóttir ritari af störfum á skrifstofu nefndarinnar og við tók Kristjana Hildur Kristjánsdóttir landfræðingur.

Helstu verkefni óbyggðanefndar á árinu 2003 voru annars vegar meðferð mála nr. 1-9/2003, sveitarfélög í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu (þriðja landsvæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar) og hins vegar uppkvaðning úrskurða í málum nr. 1-5/2001, sveitarfélagið Hornafjörður í Austur-Skaftafellssýslu (annað landsvæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar).

Í janúar 2003 var lögmönnum aðila í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í níu málum og hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Málin voru fyrst tekin fyrir þá um vorið og í kjölfarið voru haldnar fjórar til fimm fyrirtökur í hverju máli þar sem lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa þau að öðru leyti. Málin voru svo tekin til aðalmeðferðar eitt af öðru frá byrjun júlí og fram í lok nóvember. Aðalmeðferð málanna fór í öllum tilvikum fram eins nálægt vettvangi og mögulegt var og stóð í þrjá til fjóra daga eftir umfangi viðkomandi máls. Fyrirkomulag aðalmeðferðar var almennt með þeim hætti að hún hófst á forflutningi. Að því loknu var farið um svæðið undir leiðsögn heimamanna og að svo búnu teknar skýrslur af aðilum og vitnum. Loks var viðkomandi mál flutt munnlega. Úrskurða í þessum málum er að vænta nú í haust.

Samhliða framangreindu var svo unnið að úrskurðum nefndarinnar í málunum fimm í sveitarfélaginu Hornafirði en þau voru tekin til úrskurðar annars vegar í júní 2002 og hins vegar í september sama ár. Eftir að málin voru tekin til úrskurðar gerðu aðilar nokkrar breytingar á kröfum sínum auk þess sem bæði aðilar og nefndin öfluðu frekari gagna. Í slíkum tilvikum var lögmönnum allra málsaðila gert viðvart og þeim gefið færi á athugasemdum. Málin fimm voru endurupptekin þann 14. nóvember 2003 til framlagningar þessara viðbótargagna og úrskurðir kveðnir upp sama dag.


Þá skal þess getið að á árinu tók óbyggðanefnd fjórða landsvæðið til meðferðar. Það er afmarkað eins og Gullbringu- og Kjósarsýsla ásamt þeim landsvæðum í Árnassýslu sem nefndin hefur ekki þegar úrskurðað um. Þessi ákvörðun var tilkynnt fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins þann 27. október og honum veittur frestur til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu til 28. janúar 2004.

Yfirumsjón með útgáfu þessa rits hefur sem fyrr verið í höndum Huldu Árnadóttur, lögfræðings hjá óbyggðanefnd og annars ritara nefndarinnar, og Gunnars Friðriks Guðmundssonar, sagnfræðings hjá óbyggðanefnd. Færi ég þeim báðum þakkir fyrir framlag þeirra.

Reykjavík, 18. febrúar 2004


Kristján Torfason

YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓÐL



ÞJÓÐLENDUMÁL

Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Íslands (L02030013)



Málsmeðferð lok




Málsmeðferð á l



Málsmeðferð ha

LENDUMÁLA Á LANDINU ÖLLU



nið og úrskurðir kveðnir upp

þakastigi og úrskurða að vænta

fin

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 1/2001
Öræfi
í sveitarfélaginu Hornafirði



21. mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	17
2. MÁLSMEÐFERÐ	17
2.1. Sveitarfélagið Hornafjörður tekið til meðferðar	18
2.2. Lýstar kröfur og kynning	18
2.3. Afmörkun máls nr. 1/2001	18
2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð	19
3. KRÖFUGERÐ	20
3.1. Kröfur íslenska ríkisins	20
3.1.1. Þjóðlenda	20
3.1.2. Skaftafell I og III	21
3.1.3. Sandfell	23
3.2. Kröfur eiganda jarðarinnar Núpsstaðar	23
3.3. Kröfur eigenda jarðarinnar Skaftafells II	24
3.4. Kröfur eigenda jarðarinnar Svínafells	24
3.5. Kröfur eigenda jarðarinnar Hofs	25
3.6. Kröfur eigenda jarðarinnar Fagurhólsmýrar	25
3.7. Kröfur eigenda jarðarinnar Hnappavalla	26
3.8. Kröfur eigenda jarðarinnar Kvískerja	26
3.9. Kröfur eigenda jarðarinnar Hofs vegna Fjalls	27
3.10. Kröfur eigenda jarðanna Kvískerja og Fells vegna Breiðármerkur	27
3.11. Kröfur Landsvirkjunar	28
4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN	28
4.1. Almennit	28
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	28
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	29
4.4. Vettvangsferð	32
4.5. Skýrslutökur	33
5. STAÐHÆTTIR OG NÁTTÚRUFAR	34
5.1. Staðhættir í Öræfum	34
5.2. Gróðurfar um landnám og síðari breytingar	34
5.3. Gróðurfar síðustu áratugi	36
5.3.1. Undirlendi	36
5.3.2. Fjalllendi	37
5.3.3. Ástand jarðvegs	37
5.4. Jöklar og jöklabreytingar	37
5.4.1. Jöklar upp af Öræfum	37
5.4.2. Jöklabreytingar á sögulegum tíma	38
5.4.3. Vitneskja um jökuljaðra á liðnum öldum	39
5.5. Vatnabreytingar á Skeiðarársandi	40
5.6. Náttúruminjar, friðland og þjóðgarður	40

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA	41
6.1. Landnám	41
6.2. Skaftafell	43
6.3. Svínafell	48
6.4. Sandfell	50
6.5. Hof	54
6.6. Fagurhólmýri	60
6.7. Hnappavellir	61
6.8. Kvísker	63
6.9. Fjall	65
6.10. Breiðármörk	66
6.11. Afréttarnot	73
7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS	76
7.1. Málavextir	76
7.2. Málsástæður og lagarök	76
7.3. Núpsstaður	79
7.4. Skaftafell	80
7.5. Svínafell	82
7.6. Sandfell	82
7.7. Hof	83
7.8. Fagurhólmýri	83
7.9. Hnappavellir	83
7.10. Kvísker	83
7.11. Fjall	84
7.12. Breiðármörk	85
8. SJÓNARMÍÐ GAGNADILA	88
8.1. Núpsstaður	88
8.2. Skaftafell II	91
8.3. Almenn atriði er varða jarðir í kafla 8.4.	97
8.3.1. Rökstuðningur og lagarök	97
8.3.2. Sönnunarreglur	98
8.3.3. Land innan landamerkja sé eignarland	98
8.3.4. Hefðarreglur leiði til þeirrar niðurstöðu að allt land í Örafum sé eignarland	99
8.3.5. Landnámsmörk í Örafum	99
8.3.6. Staðhættir og gróðurfar	100
8.3.7. Notkun lands	100
8.3.8. Haustmölun í Örafum	100
8.3.9. Umsvif og framkvæmdir á jörðunum sem ekki lúta að beit	101
8.3.10. Skotveiðidómar	101
8.4. Nánar um kröfugerð vegna einstakra jarða	101
8.4.1. Almenn	101
8.4.2. Svínafellstorfa	102
8.4.3. Hofstorfa	103
8.4.4. Fagurhólmýrartorfa	103
8.4.5. Hnappavallatorfa	103
8.4.6. Kvísker	103

8.4.7. Fjall	103
8.4.8. Breiðármörk	104
8.5. Landsvirkjun	104
9. VIÐAUKI VIÐ ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	105
9.1. Inngangur	105
9.2. Jarðir og afréttir	106
9.3. Jöklar	106
9.4. Ítök	111
9.5. Fjörur og rekæign	113
9.6. Niðurstöður	116
10. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU	120
10.1. Inngangur	120
10.2. Landnám	120
10.3. Skaftafell	121
10.4. Svínafell	127
10.5. Sandfell	131
10.6. Hof	134
10.7. Fagurhólsmýri	138
10.8. Hnappavellir	140
10.9. Kvísker	143
10.10. Fjall	146
10.11. Breiðármörk	150
10.12. Vatnajökull og önnur landsvæði í Öræfum	155
10.13. Landsvirkjun	157
10.14. Um málskostnað	157
10.15. Um tæknileg atriði	157
11. ÚRSKURÐARORÐ	157
VIÐAUKI	159
FYLGISKJÖL	183
I. Kort	
II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar	
III. Skjalaskrá	
IV. Aðilaskrá	
V. Tækniskýrsla unnin fyrir óbyggðanefnd	

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2003, föstudaginn 14. nóvember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 1/2001, Öræfi í sveitarfélaginu Hornafirði,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Ragnheiður Bragadóttir.

Aðilar málsins eru:¹

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og jarðanna Skaftafells I og III og Sandfells, samkvæmt 11. gr. laga nr. 58/1998.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.).

Eigendur jarðanna Svínafells, Hofs, Fagurhólsmýrar, Hnappavalla, Kvískerja og eyðijarðanna Fjalls og Breiðármerkur.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Eigendur jarðarinnar Skaftafells II.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Eigandi jarðarinnar Núpsstaðar.

(Bragi Björnsson hdl. og Einar Jónsson lögfræðingur)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl.).

2. MÁLSMEDFERÐ

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

¹ Sjá nánar í fylgiskjali nr. IV (aðilaskrá).

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

2.1. Sveitarfélagið Hornafjörður tekið til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 13. júlí 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar sveitarfélagið Hornafjörð, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæðið var nánar tiltekið afmarkað með vesturmörkum jarðarinnar Skaftafells í Örfasveit og austurmörkum jarðanna Hvalsness, Víkur, Svínhóla, Reyðarár, Bæjar, Hlíðar og Stafafells. Til suðurs afmarkast svæðið með hafinu og til norðurs, á Vatnajökli, með línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína og sýnd var á meðfylgjandi uppdrætti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 15. nóvember til að lýsa hugsanlegum kröfum um þjóðlendir á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélagsins Hornafjarðar og Bændasamtaka Íslands var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur um einn mánuð, þ.e. til 15. desember 2000, samkvæmt rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.2. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins um þjóðlendir í Lóni, Nesjum, Mýrum, Suðursveit og Örfum í sveitarfélaginu Hornafirði bárust 13. desember 2000. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 3. janúar 2001, Morgunblaðinu 7. janúar og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði, sem félli innan kröfusvæðis ríkisins, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan fjögurra mánaða, þ.e. til og með 3. maí 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabók sýslumannsins á Höfn, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumannsins á Höfn og sveitarfélagsins Hornafjarðar, auk heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarsmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. júní og síðar til 2. júlí.

Alls bárust 36 kröfulýsingar sem tóku til 108 tilgreindra jarða, jarðaparta eða annarra landsvæða, auk línustæða Landsvirkjunar. Þá lögðu ábúendur ríkisjarða í nokkrum tilfellum fram kröfur, auk fjármálaráðherra. Síðasta kröfulýsing barst 13. júlí 2001.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Höfn, dagana 16. júlí - 31. ágúst 2001, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. september 2001. Vakinn var athygli á kynningunni með auglýsingum í fjölmiðlum. Jafnframt fékk hlutaðeigandi sveitarstjórn yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum. Jafnframt barst ein kröfulýsing í ágúst 2002. Þá hefur óbyggðanefnd vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og gefið færi á lagfæringum.

2.3. Afmörkun máls nr. 1/2001

Í júlí 2001 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi fimm málum, og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2001, Öräfi.

Mál nr. 2/2001, Suðursveit.

Mál nr. 3/2001, Mýrar.

Mál nr. 4/2001, Nes.

Mál nr. 5/2001, Lón.

Jafnframt var gerð grein fyrir því hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Óskað var eftir athugasemdum við fyrirhugaða skiptingu svæðisins í mál og hæfi einstakra nefndarmanna innan tiltekins frests. Engar athugasemdir bárust.

Það svæði sem til meðferðar er í máli nr. 1/2001, Öräfi í sveitarfélaginu Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu, afmarkast til vesturs af mörkum Skaftafells í Örafum og Núpsstaðar í Fljótshverfi, Vestur-Skaftafellssýslu. Um merki Skaftafells og Núpsstaðar, og afmörkun svæðisins að því leyti, er nánar fjallað í kafla 10.3. Sú viðmiðun endar í Súlutindum og þaðan er dregin lína með fram jökuljaðrinum, í Grænafjall austanvert og áfram í Svíahnúk eystri. Til austurs afmarkast svæðið af Suðursveit þar sem áður voru hreppamörk. Sú viðmiðun endar í Mávabyggðum og þaðan er dregin lína í norður, hornrétt á markalínu þá á Vatnajökli sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína. Sú lína liggur á milli Svíahnúks eystri og miðrar Breiðubungu og afmarkar svæðið til norðurs. Til suðurs afmarkast svæðið með hafinu.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins um þjóðlendu innan tilgreindra marka og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um eignarland innan tilgreindra hluta þess landsvæðis sem íslenska ríkið gerir kröfu um að teljist þjóðlenda. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar ein-skorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 1/2001 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 7. ágúst 2001. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá. Upplýst var að aðilum málsins yrðu gefnir ríflegir frestir til að skila greinargerð þar sem meðferð óbyggðanefndar á svæði nr. 1 væri ekki lokið. Þá var íslenska ríkinu veittur tveggja mánaða frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 9. október var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur ríflega tveggja mánaða frestur til að skila greinargerðum. Sá frestur var síðar framlengdur í þeim tilgangi að veita lögmönnum færi á að kynna sér fyrstu úrskurði óbyggðanefndar sem kveðnir voru upp 21. mars 2002. Við fyrirtöku málsins 15. apríl 2002 voru lagðar fram greinargerðir eigenda flestra jarða í Örafum ásamt fleiri gögnum. Þeim aðilum, sem ekki skiluðu greinargerð, var veittur frestur til 22. apríl 2002. Við þá fyrirtöku var síðan lögð fram greinargerð vegna Skaftafells II en því lýst yfir að ekki yrði skilað sérstakri greinargerð af hálfu Núpsstaðar.

Lögmaður Landsvirkjunar ritaði óbyggðanefnd bréf, dags. 15. apríl 2002, þar sem fram kemur að í ljósi aðstæðna í máli þessu væri ekki rétt að hann sækti fundi óbyggðanefndar í máli þessu eða tæki þátt í vettvangsferðum eða málflutningi, m.a. með vísan 1. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998, nema óbyggðanefnd gerði athugasemd við þá afstöðu eða óskaði sérstaklega eftir þátttöku Landsvirkj-

unar. Hins vegar væri áfram óskað eftir upplýsingum og gögnum um málin og að lögmaðurinn væri reiðubúinn að svara öllum fyrirspurnum óbyggðanefndar er sneru að réttindum Landsvirkjunar og hagsmunagæslu fyrirtækisins gagnvart óbyggðanefnd.

Af þessu tilefni var gerð svohljóðandi bókun við fyrirtöku málsins 14. maí 2002: „Óbyggðanefnd lítur svo á að lögmenn aðila hljóti að meta með hvaða hætti þeir gæti hagsmuna umbjóðenda sinna við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd. Fjarvera aðila við fyrirtökur og aðalmeðferð, er á ábyrgð þeirra sjálfra. Tekið skal fram að þess er vænst að aðilar aðstoði óbyggðanefnd við að upplýsa öll þau atriði er kunna að skipta máli við úrlausn málsins. Óbyggðanefnd mun sem fyrr senda þeim aðilum, sem ekki mæta á fundi, gögn sem þar hafa verið lögð fram.“

Á sama fundi, 14. maí, voru einnig lögð fram ýmiss gögn. Þá var málið tekið fyrir á fundi 10. júní. Lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð stóð dagana 26.-28. júní 2002 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflyting. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í sal að Hótel Skaftafelli. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 14. nóvember 2003 var málið endurupptekið og lögð fram ný gögn. Gögn þessi höfðu áður verið kynnt lögmönnum málsaðila og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna ríkisjarðanna Skaftafells I og III og Sandfells.

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er gerð sú krafa að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk í Örafasveit:

Fyrsti punktur í Örafum er þar sem Kvískerjaland byrjar við ströndina og er það punktur A. Þessi punktur er á línu, sem liggur eins og segir í landamerkjabréfi Kvískerja: „að hæsta nef á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli beri í mitt skarðið efst á Eiðnaskarðstindi í sama fjalli.“ Frá punkti A er farið í punkt B, sem er þar sem sama lína sker jökulrönd Fjallsjökuls. Punktur B verður hornpunktur.

Frá punkti B er dregin lína meðfram jökulrönd Fjallsjökuls og Hrutárjökuls og frá jaðri Hrutárjökuls (þar sem bein lína milli punkta B og C sker jökulröndina) í punkt C, sem er í Múla fyrir norðan Múlagljúfur. Frá punkti C er dregin bein lína í punkt D, sem er framarlega í Vatnafjöllum við Kvíárjökul. Frá punkti D er dregin lína meðfram jökulrönd Kvíárjökuls og umhverfis og allt að punkti E. Þaðan yfir Staðarfjallið í punkt F, sem er neðst í Hólárjökli. Þaðan er dregin bein lína í Stórhöfða (784 m) fyrir ofan Fagurhólsmýri og verður það punktur G. Úr punkti G er farið beina línu yfir Hofsfjall og í punkt í Godafjalli (651m) og verður það punktur H og jafnframt hornpunktur.

Frá punkti H er dregin lína í punkt I, sem er neðst í Kotárjökli. Þaðan farið yfir Sandfellsheiði í punkt J, sem er neðst í Falljökli. Þaðan er dregin bein lína í Öskuhnútu (917 m), sem verður punktur K og næsti punktur verður í jökulrönd Svínafellsjökuls þar sem lína beint úr Öskuhnútu og í punkt efst í Hafrafelli í 1174 m hæð sker jökulröndina. Verður það punktur L. Síðan er farið úr punkti L niður með

1 Sjá einnig fylgiskjöl nr. IV (aðilaskrá) og I (kort).

jökulrönd Svínafellsjökuls og niður fyrir og síðan frá neðri hluta Svínafellsjökuls nyrst, og í jökulrönd Skaftafellsjökuls þar sem bein lína, sem er framhald af línu sem dregin er frá Vesturhnútu (919 m) í syðri Kristínatind (979 m) sker Skaftafellsjökul. Verður þetta punktur M. Síðan er jökulröndinni fylgt vestur fyrir tunguna og á punkt í jökulröndinni, þar sem fyrrnefnd lína sker jökulinn og verður það punktur N. Frá punkti N er farið í punkt O, sem er syðri Kristínartindur (979 m). Þarna verður hornmark.

Frá Syðri Kristínartindi er dregin bein lína yfir Morsárdal og Jökulfellið og í Krossgilstind (698 m) og verður það punktur P. Frá punkti P er dregin bein lína að upptökum Skeiðarár (punktur R). Frá punkti R er dregin bein lína til sjávar og þar verður punktur S. Verður sú lína dregin þannig að hún sé framhald línu, sem dregin er beint á milli punktar N og Blátinds (1177 m) og verður þannig framhald þeirrar línu til sjávar. Frá þessari línu og að sýslumörkum í vestri verður með þessu þjóðlenda, en hún afmarkast í vestri af línu, sem lýst er svo í landamerkjalytingu Skaftafells: „að Súlutinda beri hvorn í annan“, en þar er jafnframt komið að mörkum þessa kröfusvæðis, sem fjallað verður um í þessu máli fyrir óbyggðanefnd.

3.1.2. Skaftafell I og III

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðarinnar Skaftafells I og III sem er utan þjóðlendulínunnar. Þá er gerð krafa um yfirráðarétt til þess hluta landsins samkvæmt landamerkjabréfi, sem er innan þjóðlendulínu og meðal annars allt land þjóðgarðsins í Skaftafelli í samræmi við reglugerð nr. 319/1984, III. kafla, samanber og meðfylgjandi uppdrátt.

Landamerkjabréf jarðarinnar er svohljóðandi:

Milli Skaftafells og Svínafells eru landamerki í Freysnesi úr stórum steini framan undir jöklinum og í stein ofan við veginn og þaðan í vörðu fram í nesinu.

Móti jörðinni Núpsstað á Skaftafell land svo langt vestur að Súlutindar beri hver í annan.

Fjörumörk að austan: Svarthamranef vestan í Hafrafelli beri í lækjarfarveg í kletti, sem skagar lengst ofan í skriðu neðan af Skarðstindi.

Fjörumörk að vestan: Básarákanef beri í hæsta sker á Austurskorabrún.

Jörðin á allt land milli fjalls og fjöru.

Þjóðlendukröfulínan fyrir landi Skaftafells og næsta nágreennis er frá punkti H og að mörkum þess kröfusvæðis sem fjallað verður um í þessu máli fyrir óbyggðanefnd, sjá nánari lýsingu í kafla 3.1.1.

Sá hluti Skaftafellsjarðarinnar samkvæmt upphaflega landamerkjabréfinu, sem lendir utan þjóðlendu miðað við kröfur fjármálaráðherra er ekki allur í eigu ríkissjóðs og eru því einungis gerðar kröfur til beins eignarréttar af hálfu íslenska ríkisins til þess lands, sem landeigendur héldu ekki eftir við sölu eða seldu ekki síðar.

Við sölu Skaftafells til Náttúruverndarráðs vegna ríkissjóðs var jörðin í þremur hlutum I, II og III. Með afsali 13.7.1966 seldi Ingigerður Þorsteinsdóttir Skaftafell I (Bölta) með húsum og öllum gögnum og gæðum og var salan á þeirri forsendu gerð, að jarðeignin yrði gerð að þjóðgarði. Með afsali 13.5.1966 seldu þeir Ragnar Stefánsson og Jón Stefánsson Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs jarðirnar Skaftafell II og III. Jarðirnar voru seldar með húsum og öllum gögnum og gæðum að undanskildum Skeiðarársandi og þeim hlunnindum, sem honum og fjörunni fylgja fyrir

framan línu, sem hugsast dregin frá Lómagnúpi á Nyrðri-Menn á Hafrafelli og þaðan í sömu stefnu á mörk Skaftafells og Svínafells, eins og nánar var sýnt á viðfestri loftljósmynd af landinu.

Með bréfi dagsettu 15.7.1969 óskaði Menntamálaráðuneytið þess, að framkvæmd yrðu landskipti á óskiptu sameignarlandi ríkisins og bræðranna Ragnars og Jóns Stefánssonar.

Tvennt átti að gera:

1. Að draga landamerkjalinu samkvæmt afsali til ríkissjóðs fyrir jörðinni Skaftafelli, dagsettu 13.5.1966.
2. Að framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells.

Ástæða þess að umrædd landskipti urðu að fara fram var sú, að jarðirnar Skaftafell I, II og III áttu alla Skaftafellsjörðina í óskiptri sameign. Náttúruverndarráð keypti alla jörðina nr. I, en einungis hluta af jörðunum nr. II og III. Það land, sem ekki var selt Náttúruverndarráði, þ.e. Skeiðarársandur var þannig í óskiptri sameign ríkis og bræðranna Jóns og Ragnars.

Gerðardómur gekk frá landskiptunum 25.11.1969 og var matsorð eftirfarandi:

Landamerki lands Ragnars Þ. Stefánssonar og Jóns Stefánssonar á Skeiðarársandi ákvarðast af tveimur línunum frá föstum punkti, sem settur skal ofan þjóðveggar, 15 metrum norður frá miðlínu vegarins og í 225 metra fjarlægð mælt austur eftir veginum frá þeim stað, þar sem hann mætir heimreið neðan túngirðingar Skaftafells.

Frá þessum fasta punkti eru norðurmörk fyrir landi Ragnars og Jóns Stefánssonar bein sjónhending að Hliðarrótum Hafrafells á mótum fjalls og sandsins og sama sjónhending, þar til lína sker landamerki Skaftafells og Svínafells.

Frá hinum fasta punkti B á uppdrættinum, sem áður er nefndur ofan þjóðveggarins, liggja mörkin beina sjónhending til suð-vesturs að punkti C, þar sem hin beina lína sker landamerki Skaftafells og Núpsstaðar milli Sigurðarfitjarála og Sandgígjukvíslar. Að öðru leyti takmarkast land þetta að vestan af þinglýstum landamerkjum Núpsstaðar og Skaftafells, sunnan hins síðastnefnda skurðpunktar. Að sunnan af sjó, að austan af þinglýstum mörkum Svínafells og Skaftafells að fyrrnefndum skurðpunkti A austur af suðurenda Hafrafells. Merkin eru innfærð á meðfylgjandi uppdrátt með brotnum línunum í rauðum lit.

Þann 10. maí 1978 var gerður samningur um kaup á landi og girðingum í Skaftafelli. Jón og Ragnar Stefánssynir seldu Náttúruverndarráði landspildu úr eignarlandi sínu í Skaftafelli í grennd við þjónustumiðstöð. Markast svæðið að norðan af landamerkjalinu samkvæmt gerðardómnum 25.11.1969, að sunnan af miðju núverandi akveggar að Skaftafellsbæjum 380 metra austan við heimreið að þjónustumiðstöð Náttúruverndarráðs og sem nær landamerkjalinu samkvæmt nefndum gerðardómi 600 metra austar að punkti B.

Reglugerð var sett um þjóðgarð í Skaftafelli nr. 319/1984. Samkvæmt henni eru mörk þjóðgarðsins þessi:

Að vestan ráða landamörk Núpsstaðar og Skaftafells, sem jafnframt eru sýslumörk Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu, frá Súlutindum og suður að „sýslusteini“. Frá sýslusteini liggja mörkin í beina línu í merki við Gömlutún, en þaðan til austurs í fremstu nöf Hafrafells og áfram í beina línu í landamörk Svínafells á Svínafellsjökli. Mörkin fylgja síðan síðastnefndum landamörkum til norðurs. Á jökli að austan og norðan ráða vatnaskil.

Við kröfugerð þessa verður að taka tillit til þess sem fram kemur í málalíbúnaði ríkisins varðandi ágreiningsmál um merki milli Núpsstaðar og Skaftafells og sáttatillögu sýslumanns.

3.1.3. Sandfell

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðarinnar Sandfells, sem er utan þjóðlendulinnar. Þá er gerð krafa um aftréttarrétt til þess hluta landsins samkvæmt landamerkjabréfi, sem er innan þjóðlendulínu samanber og meðfylgjandi uppdrátt.

Landamerkjabréf jarðarinnar er svohljóðandi:

1. Heimaland allt með öllum gögnum og gæðum milli þessara marka:
 - a. Að innan: Úr miðjum Rauðakambi, sem er í skriðjöklinum milli Sandfells og Svínafells, í lægð í svonefndum Markhól, sem er ofan við veginn en austan Virkisár innri, þaðan í lægðina milli Hrakdalshóla; sama stefna ræður mörkum til enda.
 - b. Að austan: Úr miðju Rótarfjalli, sem er í skriðjöklinum milli Sandfells og Hofs, í innri enda Litlafjalls, sem er háls áfastur Godafjalli, þaðan í hæstu þúfu í svonefndum Miðjökli, sama stefna ræður mörkum til enda.
2. Ingólfshöfða á jörðin allan að fráteknum tveim fimmtu hlutum grasnytar, sem Hofi tilheyrir. Skógarítak á jörðin í Skaftafellsheiði milli Kembugils og Klappargils, sem öðru nafni nefnist Hlaupgil. Annað skógarítak á jörðin í Innfjöllum í Skaftafelli milli Stóruskriðu og Rauðhellu.

Fjörur á jörðin þessar:

- a. Staðarfjörü milli þessara marka: Að austan: Austurendann á vestustu melabótinni, sem er upp undan fjörunni skal bera í eystra gilið sem er framan í Dalaskeri upp af Mýrarvökinu. Úr þessum mörkum eru mæld frá flæði 3550 stikur í beina stefnu í drang þann sem er vestan við Ingólfshöfða framan undir Kóngsvíkuröldu. Að austan: Markmel á að bera í vikuröldu, sem er upp af Kúadalöldu. Úr þessum mörkum eru 1450 stikur mælt í áðurnefndan drang vestan við Ingólfshöfða.
- b. Höfðavík frá Ingólfshöfða austur til þessara marka: Máfasker sem er austanvert við Borgarklett á að bera í tindinn sem er milli dýpstu skarðanna á Súlnatindum á Eystrafjalli.
- c. Bakkafjörü milli þessara marka: Að vestan: Haus austan til í Kvíarmýri á að bera í stein framan í Kvíarmýrarkambi, þaðan í klett sem er milli Vatnafjalla og Staðarfjalls. Að austan: Varða sem er á öldunum ofan við þjóðveginn, en vestan við veginn heim að Kvískerjum á að bera í ljósan blett í Nónhamri.

Þjóðlendukröfulínan fyrir landi Sandfells og næsta nágrennis er frá punkti H og í punkt L, sjá nánari lýsingu í kafla 3.1.1.

3.2. Kröfur eiganda jarðarinnar Núpsstaðar

„Krafa eiganda Núpsstaðar er sú að hafnað sé kröfu, þeirri sem í raun er fram komin, um þjóðlendu í landi Núpsstaðar á Skeiðarársandi og að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að nefndu landi til þeirra merkja sem sjá má á meðfylgjandi kröfukorti, en þau eru að vestan: bein lína úr Krossárfossi um Krossarmynni um punkt 5 í stórstraumsfjörumál í punkti 6, en að austan: bein lína úr miði austast í Súlnatindum, frá sjó séð úr punkti 1, en hann er þar sem Súlnatinda ber hvern í annan, fyrst til viðmiðunar, uns komið er að punkti 2 í 112 metra hæð yfir sjávarmáli, en síðan landamerkjalinna beina stefnu í fyrrnefndan punkt 1 sem er í stórstraumfjörumáli. Til norðurs úr punkti 2 ákvarðast merkin þannig að dregin er lína beint í punkt 3 við jökulbrún og áfram til viðmiðunar bein lína úr punkti 2 um 3 í punkt 8 inn á jöklinum. Punktur 8 er þar sem skerast línur beint úr norðri úr Eystri-Svíahnjúk og beint úr vestri úr punkti í 694 metra hæð yfir sjávarmáli fremst á Súlnatindum. Punktur 4 er við jökulbrún, þar sem línan að vestan sker hana. Að norðan eru merki þau sem krafist er að verði virt, við jökulbrúnina á milli punkta 3 og 4. Enn er þess krafist

að land það sem hugsanlega kann að koma undan jökli vestan línu milli punkta 3 og 8 og sunnan línu milli punkta 4 og 8 falli til Núpsstaðar með fullkomnum eignarrétti. Áskilinn er réttur til þess að gera slíka kröfu um land sem kemur undan jökli norðan línu milli p. 4 - p. 8, síðar.“

Þá kom fram sú varakrafa í málflytningi „að draga verði austurlandmerki Núpsstaðar við jökul þar sem bein sjónlína frá punkti 1 við sjó í mið í Súlutindum, skeri jökulbrún. Jafnframt er gerð krafa um að þegar land komi undan jökli verði það að eignarlandi, enda þótt svo sé ekki nú. Kröfugerðin miðar við að þjóðlendulínan skuli fylgja jöklinum eins og hann er á hverjum tíma.“

Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila, ríkisins, samkvæmt málskostnaðarreikningi.

3.3. Kröfur eigenda jarðarinnar Skaftafells II

Af hálfu eigenda jarðarinnar Skaftafells II er þess krafist „að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðuneytis, sem fela í sér að land Skaftafellsjarða verði gert að þjóðlendu, og viðurkennt verði sem eignarland Skaftafells II allt land á svæði sem ræðst af eftirtöldum merkjum: Að vestan ræður merkjalína Núpsstaðar og Skaftafells, þ.e. lína sem dregin er frá sjó (punktur 1) á þeim stað er Súlutindar bera hver í annan, þá ráða að norðan mörk Skaftafells II og Þjóðgarðsins í Skaftafelli með línu dreginni úr Sýslusteini (punktur 2) á upphaflegum stað á Skeiðarársandi austnorðaustur í merki við Gömlutún, þar sem hún sker heimreið að Skaftafellsbæjum (punktur 3), þá eftir miðju heimreiðar í punkt sem er 380 metra austan við upphaflegan akveg að Þjónustumiðstöðinni (punktur 4) og þaðan eftir línu norður í mörk þjóðgarðs sem eru 600 metra austur af merkinu við Gömlutún (punktur 5), þaðan til austsuðausturs eftir línu sem dregin er úr merkinu við Gömlutún í fremstu nöf Hafrafells og áfram í beina línu í landamerkjalinu Svínafells og Skaftafells á Svínafellsjökli (punktur 6), þaðan suðvestur í stein undir Svínafellsjökli (punktur 7), þaðan í stein ofan við þjóðveg (punktur 8) þaðan í vörðu fram í nesinu (punktur 9) og áfram í beinni línu í suðvestur til sjávar (punktur 10) en að sunnan ræður sjór merkjum.“

Einnig er gerð krafa til málskostnaðar úr ríkissjóði.

3.4. Kröfur eigenda jarðarinnar Svínafells

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Svínafellstorfu, þ.e. Svínafells I, II, III og IV, „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi:

Jörð þessari tilheyrir allt Svínafellsfjall og Hvannadalurinn. Landamerki milli Sandfells og Svínafells eru lækjarfarvegur í miðjum Markhól (p. 8) (Réttarfalljökull) þaðan sjónhending í vörðu milli Hrakdæluhóla, (p. 7) svo er stefnan vestan við Eyrartagl (p. 6).

Milli Svínafells og Skaftafells eru landamerki í Freysnesi úr stórum steini (p. 1) framan undir jöklinum og í stein ofan við veginn, (p. 2), og þaðan í vörðu fram á Nesinu (p. 3).

Fjörumörk jarðarinnar milli Tangafjöru og Svínafellsfjöru eru að Fremrimenn í Hafrafelli beri í klettinn sem er næstur við Skarðið að norðan, nefnilega austanundir Skaftafellsskörðunum (p. 5).

Fjörumörk milli Svínafells og Skaftafellsfjöru eru, að Svarthamranef vestan í Hafrafelli beri í lækjarfarveg í kletti, sem skagar lengst ofan á skriðu niður af Skarðatindi (p. 4).“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

„Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Við aðalmeðferð var kröfugerð fyrir Svínafell breytt á þann veg að texti kröfu er færður til samræmis við kröfulínukort. Kröfugerð að vestan nái þannig til Hrútsfjalls en þó sé Svínafellsjökull ekki undir í kröfugerð. Jafnframt sé miðað við Rauðakamb að austan til samræmis við Sandfell. Þá kemur fram að punktar 4 og 5 í texta kröfugerðar fyrir Svínafell séu einungis mið en ekki fengnir úr lýsingu landamerkjabréfs á fjörumörkum svo sem texti kröfulýsingar gerir ráð fyrir.

Þá kom fram við aðalmeðferð að varðandi mörk við jökul er miðað við jökulbrún á hverjum tíma þó þannig að innan landnáms sé.

3.5. Kröfur eigenda jarðarinnar Hofs

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Hofstorfu, þ.e. Hofs I, II, IV og Litla-Hofs, „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi:

Að innan lína sem dregin er úr miðju Rótarfjalli, (p. 9) sem er uppí jökli og þaðan í innri enda Litlafjalls, (p. 10) þaðan og í hæstu þúfu á svonefndum Miðjökli, (p. 11) svo þaðan beina sjónhending út. (p. 12)

Að austan í línu sem dregin er úr fremri brún á Háskeri (p. 17) þar sem hún er hæst á klett sem er innan við Kúaöldu (p. 16) í vörðu sem hlaðin er á Markhólma (p. 15) þaðan í melabót (p. 14) þá sem er syðst af melum þeim sem eru upp undan Staðarfjöru, síðan ráða fjörumörk sem eru milli Staðarfjöru og Tangafjöru. (p. 13). Við málflutning var kröfugerð fyrir Hof breytt þannig að til austurs er gerð krafa frá upptökum Gljúfursár niður að fremri brún á Háskeri (p. 17) og svo áfram. Kröfulínukort er teiknað í samræmi við þetta.

Ennfremur á jörðin Breiðamerkurfjall allt og land á Breiðamerkursandi, að vestan eru mörkin sem hér segir: Toppurinn á Miðaftanstindi (p. 25) á Breiðamerkurfjalli sem beri í skarðið á Eiðnatindi (p. 26) á sama fjalli. Hof á tvöfimmtu hluta af grasnit í Ingólfshöfða.

Fjörur á jörðin þessar:

1. Tangafjara fyrir vestan Ingólfshöfða milli þessara marka: að vestan: Fremrimenn í Hafrafjalli eiga að bera í klettinn fyrir norðan dýpsta skarðið á svonefndum Skörðum í Stafafellsfjöllum. Að austan: Eystri endinn á vestustu melabótinni í Hofsmelum skal bera í eystra gilið framan í Dalaskeri sem er upp af Mýravíkinu þaðan eru (mælt frá flæði) 3.550 metrar í beina stefnu á haug þann sem er vestan undir Ingólfshöfða fyrir framan Kóngsóldu.
2. Hofsfjara fyrir austan Ingólfshöfða milli þessara marka: Að vestan: Máfasker sem er fyrir austan Borgarklett á að bera í tindinn milli Skarðanna á Súlnatindum á Eystrafjalli. Að austan: Mýramelur á að bera í nefið á Blesakletti.
3. Fjallsfjara milli þessara marka: Að vestan: Toppurinn á Miðaftanstindi (p.25) á Breiðamerkurfjalli sem beri í skarðið á Eiðnatindi (p. 26) á sama fjalli. Að austan: Hærri þúfan á Máfabýggðum skal bera austan í Múlahöfuðið sem er fremst austan í Breiðamerkurfjalli (p. 27) og landamörk þau sömu (p. 27).“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

„Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Við aðalmeðferð var kröfugerð varðandi Hof breytt á þann veg að gerð er krafa frá upptökum Gljúfursár í punkti 17a og í fremri brún á Háskeri þar sem er punktur 17.

Þá kom fram við aðalmeðferð að varðandi mörk við jökul er miðað við jökulbrún á hverjum tíma þó þannig að innan landnáms sé.

3.6. Kröfur eigenda jarðarinnar Fagurhólsmýrar

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Fagurhólsmýrar I, II og III „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi: Landamörk Fagurhólsmýrar og Hofsnæs eru: Frá upptökum Gljúfurár vestan Miðfellstanga (p. 17 a) svo eftir gljúfrinu og fremst í gljúfurkjaf, þaðan í grjótvörðuna á Hamraenda, þaðan beina línu í lítinn hólma, eða smáfít, næst vestan við Nýja-landið.

Fjörumörkin eru: Mýrarmelur beri í hæstu þúfunu á Fátækramannahól.

Landmörk milli Fagurhólsmýrar og Hnappavalla eru: Frá upptökum Yrpugils (p. 20) og eftir gilinu, svo fram af miðjum Salthöfða, (p. 19) þó á Fagurhólsmýri allan grashöfðann. Fagurhólsmýri á Mýrarfíflhólma, sem eru skiptar engjar austan Salthöfða og ítak í Kvíarmýri fyrir 50 fjár og 3 hross.

Aðalengjamörk milli nefndra jarða eru; Frá Salthöfða eftir ál er rennur austur framan undir höfðanum (p.18) og í vörðu í hólma ofan og austan við Mýrarlandið og svo fram leirur. “

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

„Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Þá kom fram við aðalmeðferð að varðandi mörk við jökul er miðað við jökulbrún á hverjum tíma þó þannig að innan landnáms sé.

3.7. Kröfur eigenda jarðarinnar Hnappavalla

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Hnappavallatorfu, þ.e. Hnappavalla I, II, III, IV, V, VI, VII og VIII, „hafi beinan eignarétt að öllu landi jarðarinnar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi:

Landamörk milli Kvískerja og Hnappavalla er í mittundi milli Kambsmýrar og Kvíarmýrar (p. 21) og beint til sjávar (p. 22).

En á milli Fagurhólsmýrar og Hnappavalla eru landamörk: Frá upptökum Yrpugils að ofan (p. 20) og eftir gilinu, svo fram af miðjum Salthöfða, (p. 19) þó á Fagurhólsmýri allan grashöfðann. Aðalengjamörk milli nefndra jarða eru; Frá Salthöfðanefi eftir ál er rennur austur framan undir höfðanum (p. 18) og í vörðu í hólma ofan og austan við Mýrarlandið og svo fram leirur. Fagurhólsmýri á Mýrarfíflhólma, sem eru skiptar engjar austan Salthöfða, og ítak í Kvíarmýri fyrir 50 fjár og 3 hross.

Fjörumörkin eru að austan milli Hnappavallafjöru og Bakkafjöru: Staur austan til í Kvíarmýri á að bera í stein framan í Kvíarmýrarkambi, þaðan í klett sem er milli Vatnafjalla og Staðarfjalls.- Að vestan eru fjörumörk: Hvalbein sem er sett niður fyrir ofan álinn á að bera í Giltu og beina sjónhending í standberg sem er vestan til í Hrafnakambi.“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

„Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Þá kom fram við aðalmeðferð að varðandi mörk við jökul er miðað við jökulbrún á hverjum tíma þó þannig að innan landnáms sé.

3.8. Kröfur eigenda jarðarinnar Kvískerja

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar Kvískerja hafi beinan eignarétt að öllu landi jarðarinnar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi:

Að austan milli Fjallslands á Breiðumörk og Fjallsfjöru og Kvískerjalands og Kvískerjafjöru eru í sömu línu landamerki og fjörumörk, (p. 23) nefnilega, að hæsta nef í Miðaftanstindi (p. 25) í Breiðamerkurfjalli beri í mitt skarðið efst á Eiðnaskarðstindi (p. 26) í sama fjalli (p. 24).

Að vestan milli Hnappavalla og Kvískerjalands (p. 21) eru landamerki í miðju sundinu milli Kambsmýrar og Kvíarmýrar beint til sjávar (p. 22).

Fjörumörk milli Kvískerjafjöru að vestan og Bakkafjöru eru að lítil varða neðst í öldunni fyrir austan Eystri-Kvíá á að bera í aðra vörðu fyrir sunnan stóra læk og svo í hvítan klett á Nónhamrahólsklettinum.

Jörðin á alla fjöru og allan reka fyrir sínu landi nema af Bakkafjöru. Aðrar jarðir eiga ekki ítök í landinu.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá kom fram við aðalmeðferð að varðandi mörk við jökul er miðað við jökulbrún á hverjum tíma, þó þannig að innan landnáms sé.

3.9. Kröfur eigenda jarðarinnar Hofsvagna Fjalls

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar Hofsvagna hafi beinan eignarrétt að öllu landi Fjalls og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi, sbr. landamerkjabréf Hofsvagna:

Ennfremur á jörðin Breiðamerkurfjall allt og land á Breiðamerkursandi, að vestan eru mörkin sem hér segir: Toppurinn á Miðaftanstindi (p. 25) á Breiðamerkurfjalli sem beri í skarðið á Eiðnatindi (p. 26) á sama fjalli.

Fjallsfjara milli þessara marka: Að vestan: Toppurinn á Miðaftanstindi (p. 25) á Breiðamerkurfjalli sem beri í skarðið á Eiðnatindi (p. 26) á sama fjalli. Að austan: Hærri þúfan á Mávabyggðum skal bera austan í Múlahöfuðið sem er fremst austan í Breiðamerkurfjalli (p. 27) og landamörk þau sömu (p. 28.)

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá kom fram við aðalmeðferð að varðandi mörk við jökul er miðað við jökulbrún á hverjum tíma þó þannig að innan landnáms sé.

3.10. Kröfur eigenda jarðanna Kvískerja og Fells vegna Breiðármerkur

Þess er krafist að viðurkennt verði að „þinglýstir eigendur“ Breiðármerkur „hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi: Varða hlaðin á graskoll á fjörunni vestanhalt við hornið á Nýgræðunum (p. 29) á að bera austast í Hálf-dánaröldu uppi undir jökli (30) og í Kaplaklif í Mávabyggðum og er það allt bein lína á milli Fells og Breiðumerkur og fjörumörk. Að vestan eru mörkin sem hér segir: „Hærri þúfan á Mávabyggðum skal bera austan í Múlahöfuðið sem er fremst austan á Breiðamerkurfjalli og landamörk þau sömu.“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

„Landeigendur líta svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“

Þá kom fram við aðalmeðferð að varðandi mörk við jökul er miðað við jökulbrún á hverjum tíma þó þannig að innan landnáms sé.

3.11. Kröfur Landsvirkjunar

Af hálfu Landsvirkjunar er gerð eftirfarandi krafa um bein og óbein eignarréttindi á því svæði sem til meðferðar er:

Um er að ræða bein og óbein eignarréttindi sem tengjast 132 kV háspennulínu, svonefndri suðurlínu. Á því svæði sem hér um ræðir nefnist línan Prestbakkalína I og liggur á milli Prestbakka í Vestur-Skaftafellssýslu og Hóla í Austur-Skaftafellssýslu, eins og nánar er tilgreint á meðfylgjandi kortum. Jafnframt er leið línunnar frá Hólum að Teigarhorni í Berufirði sýnd á meðfylgjandi kortum.

Auk beins eignarréttar að línunum, staurum, undirstöðu mannvirkjum og tengivirkjum háspennulínunnar á umbjóðandi minn óheftan rétt til að komast að línunni til viðhalds og viðgerða hvenær sem er. Er þess óskað að háttvirt óbyggðanefnd gæti framangreindra réttinda umbjóðanda míns við uppkvaðningu úrskurðar um mörk þjóðlendu í Austur-Skaftafellssýslu, að svo miklu leyti sem línan kann að liggja innan þessara marka.

Með bréfi, dags. 15. apríl 2002, kom fram sú viðbót við framangreint að einungis væri óskað eftir því að óbyggðanefnd gætti að umræddum réttindum Landsvirkjunar að því leyti sem háspennulínan lægi innan þjóðlendu, sbr. ákvæði laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og af rétta, sérstaklega 5. mgr. 10. gr. og ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sérstaklega 10. gr.

Málkostnaðar var ekki krafist.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-25 ásamt undirskjölum eða samtals 458 skjöl, sjá nánar í fylgiskjali nr. III.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfufylsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfuvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. I, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfyrnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Landamerkjabók Skaftafellssýslu er á Þjóðskjalasafni og var yfirfarin af sérfræðingum safnsins, sjá nánar lið A í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

2. Jarðabréf (á Þjóðskjalasafni)

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni athuguðu jarðabréf í vörslu safnsins, sjá nánar lið J í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Sjá að öðru leyti lið D-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni leituðu heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu (1801-1929), sjá nánar lið B í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni síðari afsals- og veðmálabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

4. Landskiptabækur

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni landskiptabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Fasteigna- og jarðamöt

Lögð voru fram ljósrit af jarðamati 1804, 1849-1850 og 1916-1918, í vörslu Þjóðskjalasafns, sjá nánar lið L í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Um prentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið D-2.

6. Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur (dómsmálabækur, aukadómsbækur o.fl.) og sáttabækur, sjá nánar liði H og I, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Ekki var hins vegar talin ástæða til að leita í bréfasöfnum sýslumanna (eða dómsskjölum) eða bréfabókum sýslumanna nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sama máli gegnir um hreppsabækur og bréfabækur hreppstjóra og sveitarstjórna. Um prentaða dóma er vísað í lið D-3.

7. Kirknaskjöl

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirknaskjöl, vísitasíubækur prófafa í Austur-Skaftafellssprófastdæmi, brauðamöt og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra 1839, sjá nánar liði C, M og P í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

8. Vísitasíubækur biskupa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu fyrstu vísitasíubækur sex Skálholtsbiskupa og aðrar vísitasíur þegar tilefni var til, sjá nánar lið D í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

9. Skjalasöfn presta og prófafa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirkjustóla og skjalabækur kirkna þegar sérstök ástæða var til, sjá nánar lið E í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

10. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu skjöl í þessum flokki þegar sérstök ástæða var til. Þannig voru athuguð skjöl varðandi kirkjujarðasölu í skjalasafni Stjórnarráðs Íslands, skjöl í skjalasafni landshöfðingja sem varða kirkjujarðasölu, bréf varðandi byggingu þjóðjarða í skjalasafni landshöfðingja og skjöl í skjalasafni landfógeta. Ekki var hins vegar talin ástæða til að leita í bréfabókum stiftamtmanns og amtmanns, bréfum til stiftamtmanns, amtmanns og stiftsyfirvalda eða bréfasafni landshöfðingja nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sjá nánar liði F, G, Q og S, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Um prentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja er vísað í lið D-6.

11. Bréfasöfn og bréfabækur biskupa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns litu lauslega á bréf til biskups úr Austur-Skaftafellssprófastdæmi og bréfabækur biskups, sjá nánar lið O og lokaorð í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns athugaði bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, sem þar er varðveitt í uppskrift, sbr. skjal nr. 3. Um prentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið D-8.

12. Klausturumboð

Nær engin slík skjöl tengjast Austur-Skaftafellssýslu, sbr. lokaorð í greinargerð Þjóðskjalasafns um gagnaöflun, skjal nr. 2. Það litla sem er var lauslega athugað.

13. Fornleifaskráning (yfirlit)

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu, sjá nánar lið A-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

14. Örnefnaskráning

Óbyggðanefnd lagði fram nokkrar örnefnaskrár frá Örnefnastofnun Íslands þegar sérstök ástæða var talin til, sjá nánar lið A-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

15. Önnur óprentuð frumgögn

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu af sérstöku tilefni málsskjöl Landsyfirréttar 1893, skjöl frá jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins um sölu kirkjujarða í Austur-Skaftafellssýslu og skjöl í II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands (atvinnu- og samgöngumál) varðandi þjóðjarðir í Austur-Skaftafellssýslu, sjá nánar liði K, N og R í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað nokkurra annarra óprentaðra frumgagna frá héraðsskjalasafni og víðar, sjá nánar lið A-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

B. Prentuð frumgögn:

1. Jarðabréf

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.), sjá nánar lið B-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð jarðabréf er vísað í lið C-2.

2. Fasteigna- og jarðamöt

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað ljósrita úr eftirtöldum fasteigna- og jarðamötum: Jarðatali á Íslandi, J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1942-1943, Fasteignabók 1956-1957. Sjá nánar lið B-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið C-5.

3. Dómar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir útgefna dóma Hæstaréttar og Landsyfirréttar og leitað að tilteknum efnisorðum, sjá nánar lið B-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaða dóma- og þingabækur er vísað í lið C-6.

4. Fjallskilareglugerðir

Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrít af þeim fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði (birtar í Stjórnartíðindum), sjá nánar lið B-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Máldagar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), sjá nánar lið B-5 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island, sjá nánar lið B-6 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja er vísað í lið C-10.

7. Landnáma

Óbyggðanefnd lagði fram ljósrít úr Landnámabók, í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði, sbr. lið B-7 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

8. Bréfabækur biskupa

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir bréfabók Guðbrands Þorlákssonar, skv. nafnaskrá. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega, sjá nánar lið B-8 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið C-11.

9. Alþingisbækur Íslands

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Alþingisbækur Íslands, skv. nafnaskrá Alþingisbóka, sjá nánar lið B-9 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Lögð var fram umfjöllun um Lónkalk í 13. bindi Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, þar sem birt er Jarðabók Ísleifs Einarssonar (útdráttur úr glataðri umfjöllun Árna og Páls), sjá nánar lið B-10 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um 13. bindi Jarðabókar er vísað í lið D-1.

11. Önnur prentuð frumgögn

Af hálfu óbyggðanefndar voru m.a. lögð fram gögn frá héraðsskjalasafni Austur-Skaftafellssýslu og upp úr manntali á Íslandi, sjá nánar lið B-11 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

Loks ber þess að geta að óbyggðanefnd aflaði greinargerða Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, Odds Sigurðssonar jarðfræðings og dr. Páls Imslands jarðfræðings um gróðurfar og staðhætti, jökla og strandbreytingar á svæðinu. Einnig var lagður fram nokkur fjöldi annarra skjala um sama eða tengt efni. Loks var að auki litið til almennra uppsláttarrita og ítarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, sjá fylgiskjal I.

4.4. Vettvangsferð

Vettvangsferð fór fram fimmtudaginn 27. júní í mjög góðu skyggni og hófst snemma morguns við Hótel Skaftafell.

Auk óbyggðanefndar, starfsmanna óbyggðanefndar og lögmannna málsaðila tóku þátt í vettvangsferð þau Sigurður Bjarnason, Hofsnesi, Filippus Hannesson, Núpsstað, Anna María Ragnarsdóttir og Jón Benediktsson, Skaftafelli II, og Guðjón Þorsteinsson, Svínafelli. Leiðsögn veitti Sigurður Bjarnason, Hofsnesi.

Fyrst var haldið í vestur eftir þjóðvegi 1, fram hjá Skaftafelli og með fram Skeiðarárjökli. Á móts við Súlutinda var staðnæmst að fyrirsögn Einars Jónssonar, lögfræðings Núpsstaðarmanna, og horft að Súlutindum. Haldið var til norðurs af þjóðveginum og staðnæmst þar sem sæluhúsin stóðu, rétt vestan við Sæluhúsakvísl. Enn var horft að Súlutindum. Að svo búnu var haldið aftur niður á þjóðveginn og áfram að sýslumörkum Austur- og Vestur-Skaftafellssýslna, og litið eitt vestur fyrir þau. Snúið var við og staðnæmst við svokallaðan sýslustein þaðan sem horft var til Súlutinda, að fyrirsögn Páls Arnórs Pálssonar, lögmanns Skaftafells II. Horft var til Súlutinda allan tímann. Einnig var staðnæmst nokkru austar, við kröfulínu Núpsstaðarmanna, samkvæmt ábendingu lögfræðings þeirra. Lítið eitt austar, rétt vestan við vegarslóða að björgunarskýli (sæluhúsi), var einnig staðnæmst.

Næst var haldið suður vegarslóða að björgunarskýli á Skeiðarársandi, norðaustan við ós Gígjukvíslar, og alla leið að skýlinu. Frá skýlinu var haldið niður í fjöruna í sérútbúnum farartækjum. Lögfræðingur Núpsstaðarmanna sagði til um fjörumörk Núpsstaðar og þar var staðnæmst og að-

staður skoðaðar. Á sama hátt var staðnæmst á landamerkjum Núpsstaðar, samkvæmt fyrirsögn sama og nærri meintum landamerkjum Skaftafells samkvæmt ábendingu Páls A. Pálssonar, lögmanns eigenda þeirrar jarðar. Að þessu loknu var haldið til baka að Freysnesi og á leiðinni flutti Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur tölu um gróðurfar og landgæði svæðisins.

Í Freysnesi stigu úr bifreiðinni Einar Jónsson lögfræðingur, Bragi Björnsson hdl., Filippus Hannesson, Núpsstað, Anna María Ragnarsdóttir og Jón Benediktsson, Skaftafelli II. Í bifreiðina komu Ragnar Aðalsteinsson hrl. og Reynir Karlsson hrl., sem fóru með hagsmunagæslu tiltekinna jarða í Suðursveit.

Haldið var austur þjóðveg 1 og staðnæmst á merkjum Skaftafells og Svínafells. Fram kom hjá Ólafi Björnssyni hrl. að Svínafellsmenn telji sig eiga „Krókinn“, þ.e. svæði innan við Svínafellsjökul, þ.m.t. Hrútsfjall, og að lögmaðurinn vilji breyta kröfugerð í samræmi við þetta. Áður en lengra var haldið sté Páll Arnór Pálsson, lögmaður Skaftafells II, úr bifreiðinni.

Haldið var eftir gamla veginum að mörkum Svínafells og Sandfells, fram hjá Smjörsteini og staðnæmst við Markhól, á móts við Rauðakamb. Af hálfu óbyggðanefndar voru heimamenn spurðir út í nokkur örnefni. Fram kom hjá heimamönnum (Guðjóni Þorsteinssyni í Svínafelli og Erni Bergssyni á Hofi) að Tjörn ofan Hrakdæluhóla sé horfin og sama máli gegni um Eyrartagl. Jafnframt kom fram að örnefnið Réttarfalljökull sé annað heiti á Markhól. Merki hafi verið færð úr Smjörsteini til að þau væru skýrari (Guðjón Þorsteinsson). Langanes og Bakka kannast menn ekki við en telja að þar gæti verið um að ræða forn bæjarheiti. Horft var til Hrakdæluhóla í suðri en þar höfðu heimamenn komið fyrir rauðum belg til glöggvunar. Samkvæmt því eru Hrakdæluhólar nokkuð sunnarlega á sandinum, neðan við bæi. Þá kom fram hjá Guðjóni Þorsteinssyni að Hrakdæla sé heitið á lægð milli Hrakdæluhólanna. Umrædda Tjörn hafi verið að finna við Rasshóla. Einnig telja heimamenn að hluti af landi Sandfells hafi yfirferst til Svínafells í þeim tilgangi að Svínafellið allt fylgdi síðarnefndu jörðinni. Þessu næst var ekið til baka fram hjá Smjörsteini og út á þjóðveg 1. Guðjón Þorsteinsson í Svínafelli fór úr bifreiðinni eftir að merki Svínafells höfðu verið skoðuð. Í bifreiðina komu Sigurður Björnsson í Kvískerjum og Örn Bergsson á Hofi en sá síðarnefndi var áður viðstaddur vettvangsskoðun á merkjum Svínafells og Sandfells.

Næst var haldið að mörkum Sandfells og Hofs. Örn Bergsson lýsti því aðspurður að Lágey væri horfin en hefði verið til suðurs, niðri á sandinum. Sama máli gegndi um Steinhillingar (Steiney). Kotá hefði tekið þessi kennileiti. Miðjökull væri há þúfa á sandinum. Horft var að miðju Rótarfjalli og suður í hólana.

Þessu næst var ekið að mörkum Hofs og Hofsness. Sigurður Bjarnason í Hofsnesi lýsti því hvernig jörð hans eigi einungis land upp í Háasker. Skoðuð var Fúaalda, Hólsgil og merkjavörður. Sigurður telur að í landamerkjabréfum Hofsness sé merkjum lýst of langt til norður, sú lýsing eigi við um jörðina Hof og hefði með réttu átt að vera í landamerkjabréfi hennar. Hluti hópsins fór upp að Háaskeri í sérútbúnum bíl. Þar var um að ræða eftirtalda: nefndarmennina Karl Axelsson, Allan V. Magnússon, Ragnheiði Bragadóttur, lögmenntina Ólaf Sigurgeirsson og Ólaf Björnsson, Sigurð Bjarnason í Hofsnesi, Örn Bergsson á Hofi, Sif Guðjónsdóttur lögfræðingur, Huldu Árnadóttur lögfræðingur, Hallgerði Gunnarsdóttur laganema, og Ingva Þorsteinsson náttúrufræðing. Á Háaskeri sér víða yfir til suðurs og til norðurs í átt að Yrpugili og Gljúfursárgili. Upptök giljanna sáust þó ekki. Hjá Sigurði Bjarnasyni kom fram að lækurinn í Yrpugili komi úr jökli. Að svo búnu var haldið aftur niður á þjóðveg 1 sömu leið. Við þjóðveginn kom Gísli Jónsson á Hnappavöllum í bifreiðina.

Ekið var yfir Hofsnæs, Fagurhólsmýri, Hnappavelli og Kvísker og kennileiti skoðuð. Staðnæmst var á mörkum Kvískerja og Fjalls þar sem Miðaftanstind ber í skarðið á Eyðnatindi. Þá var einnig staðnæmst á mörkum Fjalls og Breiðarmerkur og skyggst yfir að Mávabyggðum og Breiðarmerkurfjalli.

Vettvangsferð í Örafum lauk síðdegis þegar haldið var yfir í Suðursveit.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Sigurði Björnssyni, Kvískerjum, Filippusi Hann-

essyni, Núpsstað, Laufeyju Lárusdóttur, Skaftafelli II, Önnu Maríu Ragnarsdóttur, Skaftafelli II, Guðjóni Þorsteinessyni, Svínafelli I, (Þorláki) Erni Bergssyni, Hofi (Austurbæ) og Sigurði Bjarnasyni, Hofsnesi. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í köflum um sögu viðkomandi jarða og niðurstöðum eftir því sem tilefni er til en skýrslur þessar eru meðal skjala málsins.

5. STAÐHÆTTIR OG NÁTTÚRUFAR

5.1. Staðhættir í Örafum¹

Í Örafum, eins og víðast hvar í Austur-Skaftafellssýslu, eru skörp landfræðileg og gróðurfarsleg skil milli fjallendis og undirlendis. Undirlendi sveitarinnar er að langmestu leyti grónir og ógrónir sandar sem myndaðir eru af framburði hinna mörgu fljóta sem eiga sér upptök í Vatnajökli. Sandarnir eru gjarna grófir og grýttir ofanvert og næst farvegum jökulanna en fingerðari, sendnir og leirbornir er nær dregur sjó.

Upp frá undirlendi sýslunnar, milli Skeiðarárjökuls og Breiðamerkurjökuls, rísa snarbrött, misvel gróin fjöll, sum yfir 1000 m há, og skriðjökklar en að baki rísa undirhlíðar Örafajökuls, hæsta fjalls Íslands (2119 m). Tungur skriðjökklanna ná víða niður á láglandi og jafnvel niður fyrir sjávarmál í jökullönum. Frá láglandinu inn í fjallendið skerast fjölmargir dalir, stórir og smáir, og er Morsárdalur austan Skaftafellsfjalla þeirra stærstur.

Strandlengja Örafa einkennist af miklum söndum og hafnleysum og víða eru miklir vatnaflákar – lón – upp af sandfjörnum.

Loftslag Austur-Skaftafellssýslu er tiltölulega milt og er meðalsumarhiti á láglandi nær alls staðar hærri en 9,0°C og júlíhiti hærri en 11°C. Vetur eru tiltölulega mildir og er meðalhiti janúar hærri en -1,0°C. Ársúrkoma er 2000-3000 mm í Örafum en á sunnanverðum Vatnajökli er hún um og yfir 4000 mm (meðaltal 1971-1980).² Fullyrða má að frá sjónarmiði hitafars og úrkomu séu gróðurskilyrði á láglandi í hreppnum víða með því besta sem gerist í landinu.

5.2. Gróðurfar um landnám og síðari breytingar

Um gróðurfar í Örafum við upphaf landnáms verður aðeins ráðið af líkum sem sagnir, staða- og landfræðiheiti, þekking á veðurfari, jarðfræði og öðrum náttúrfarslegum þáttum, svo og núverandi gróðurfar, renna stöðum undir.

Auk Skeiðarársands eru um $\frac{2}{3}$ hlutar Örafasveitar nú taldir vera auðnir og fjöll sem mörg hver eru lítið gróin.³ Víða blasa við naktar eða lítt grónar fjallshlíðar og sandar. Hægt er að ganga að því sem vísu að sumt af þessu landi hafi ekki verið gróið við upphaf landnáms, svo sem brattar, lausar skriður, þverhniptar hlíðar móbergsfjalla og fjöll ofan 600-800 m hæðar. Sandarnir, sem margir hafa verið í stöðugri mótun og breytingum háðir vegna ágangs jökulfljóta og sjávar, hafa að einhverju leyti verið ógrónir. Vegna hlýrra loftslags voru jökklar hins vegar talsvert rýrari að vöxtum um landnám en nú og afrennsli jökulanna var minna og raskaði ekki gróðurþróun, gróðurlendi og jarðvegi í þeim mæli sem síðar varð þegar loftslag kólnaði og jöklarnir tóku að stækka.

Enginn vafi leikur á því að við upphaf landnáms hefur gróðurþekja í Örafum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er enda hafði gróður til þess tíma verið að þróast í landinu í nærfellt 10 000 ár frá lokum síðustu ísaldar. Hlíðar fjalla og fella hafa verið vaxnar birki- og víðiskógi og kjarri upp undir hamra og skriður. Skógarleifar víða upp af byggðinni og sögulegar heimildir eru til vitnis um það og í jökulhlaupum hafa móleifar frá ýmsum tímasteiðum borist

1 Kaflar 5.1.-5.3. eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinsonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 18.

2 Skógræktarboðin, 1990. Ritstj. Haukur Ragnarsson. Skógræktarfélag Íslands.

3 Ólafur Arnalds o.fl., 1997. Jarðvegsrof á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

undan jöklinum fram á sand. Á korti Náttúrufræðistofnunar¹, sem er hugmynd að gróðurþekju Íslands um landnám, er áætlað að nær allt undirlendi Örafæ hafi verið gróið; birkiskóglendi á miklum hluta þess og í dölum allt inn undir jökul en votlendisgróður á neðri hluta undirlendis í hreppnum. Fjalllendi hafi víða verið gróið inn undir jökul. Kortið sýnir hins vegar nánast engan gróður á Skeiðarársandi um landnám. Ekki er þó óvarlegt að draga þá ályktun að hann og ýmsir aðrir sandar hafi verið grónari um landnám en nú, sbr. greinargerð Freysteins Sigurðssonar jarðfræðings, „Vatnabreytingar á Skeiðarársandi“.²

Í Örafum hefur orðið mikil rýrnun gróðurs og jarðvegs og þar með landgæða eins og í öðrum byggðum landsins. Orsakirnar eru samverkandi áhrif versnandi veðurfars, náttúruhamfara og búsetu. Mikil áhrif hafði eyðing skóg- og kjarrlendis en í kjölfar hennar eyddist annar gróður og jarðvegur hans. Í Örafum hefur Vatnajökull, með hinum tveimur stóru eldfjöllum, Örafajökli og Grímsvötnum, verið hinn mikli örlagavaldur með eldvirkni, framhlaupi skriðjökla og jökulhlaupum.

Örafasveit hét upphaflega Ingólfshöfðahverfi en nefndist síðar Hérað eða Litlahérað til aðgreiningar frá Fljótsdalshéraði. Hérað var blómleg sveit fram á 14. öld. Þar munu hafa verið eigi færri en 24 bæir samkvæmt máldögum frá miðri öldinni og fjórar alkirkjur: Maríukirkjur á Breiðá, Hnappavöllum og Rauðalæk og Klemenskirkja á Hofi. Að auki voru hálfkirkjur í Sandfelli og Jökulfelli og samtals 11 bænhús í héraðinu.³ Árið 1362 varð mikið eldgos í Knappafellsjökli.⁴ Þeim atburðum er lýst með svofelldum orðum í annálsbrotum frá Skálholti:

Elldr uppi í iij stodum fyrir sunnan ok hellz þat fra fardogum til hauz med sua myklum bysnum at eyddi allt Litla herad ok mikid af Hornafirdi ok Lons huerfi sua at eyddi .v. þingmanna leidir her med hliop Knappafellz iokull fram i sio þar sem uar xxxt diup med griotfalli aur ok saur at þar urdu sidan slettir sanndar. tok ok af ij. kirkiu soknir med ollu at Hof ok Rauda læk. Sanndrin tok i midian legg a slettu en rak saman i skafla sua at uarla sa husin. oskufall bar norðr um land sua at sporrækt uar þat fylgdi ok þersu at uikrinn saz reka hronnum fyrir Uestfiordum at uarla mattu skip ganga fyrir.⁵

Heiti héraðsins breyttist eftir þetta í Örafæ og Knappafellsjökull hlaut nafnið Örafajökull. Talið er að þetta hafi verið mannskædasta eldgos hér á landi þótt heimildum beri ekki saman um fjölda þeirra sem týndu lífi.⁶ Örafasveit hefur síðar orðið fyrir búsiðjum af völdum náttúruhamfara. Árið 1727 gaus Örafajökull öðru sinni eftir landnám og einnig má nefna að árið 1698 fór jörðin Breiðá í eyði vegna ágangs vatna og jökla.⁷

Litlar upplýsingar eru fyrir hendi um útbreiðslu, ástand og nýtingu skóglenda á jörðum í Örafum, og í Austur-Skaft. í heild, frá fyrri tíð. Þær er þó að finna í Ágripi af Jarðabók Ísleifs Einarssonar, sýslumanns á Felli, sem hann tók saman á árunum 1708-1709 að beiðni Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.⁸ Þar eru upplýsingar um skóglendi hverrar jarðar miklu knappari en yfirleitt gerist í Jarðabókinni. Þar er lítið getið um ástand skóglenda nema helst ef þau höfðu spillst eða eyðst af framgangi jökla.

1 Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, 2000: Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands (1:500 000). Hugmynd um gróðurfar á Íslandi við landnám.

2 Skjal nr. 24.

3 Sigurður Þórarinnsson, 1957: „Hérað milli sanda og eyðing þess.“ *Andvari. Tímarit Hins íslenska þjóðvinafélags*. 82. ár. Reykjavík. S. 39. Hjörleifur Guttormsson, 1993: „Við rætur Vatnajökuls. Byggðir, fjöll og skriðjökla.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 54. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 713.

4 Nafnið Knappafellsjökull mun dregið af þrem hnöppum sem rísa upp af suðurbarmi gígsins (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1957, s. 36).

5 *Íslandske Annaler indtil 1578*. Útg. Gustav Storm. Kristiania 1888. S. 226.

6 Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 55.

7 Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 55-56, 81-91. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 3. b. (Sigurður Björnsson: Örafæ. Bjarni Bjarnason og Gísli Björnsson: Hafnarhreppur). Reykjavík 1976. S. 53. Sbr. *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. 2. b. Reykjavík 1983. S. 531-538.

8 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 417-438.

Mikið var um skógarítök í sýslunni á þessum tíma. Í nokkrum tilvikum voru ítök jarða ekki innan viðkomandi sveitar heldur sótt um lengri veg. Af þessu má ráða að í byrjun 18. aldar hafi skóglendi víða verið orðin lítilfjörleg eða eydd sakir versnandi veðurfars og mikillar ániðslu af völdum skógarhöggs og beitar.

Ítarleg skógarkönnun, sem gerð var í Austur-Skaftafellssýslu á árunum 1988 og 1991, leiddi í ljós að í Örfæfum eru nú skóglendi á um 860 hekturum lands.¹ Víðast eru þessi skóglendi í framför, birkið í góðu ástandi og er víða að breiðast út af eigin rammleik.

Á 6. og 7. áratug síðustu aldar hófst í Austur-Skaftafellssýslu mikil bylting í ræktun sanda sem síðan hefur verið fram haldið.

Vegna hagstæðra veðurskilyrða og víða frjósams jarðvegs hefur sjálfgræðsla lands hefur stóru- aukist, m.a. á Skeiðarársandi.

Á Nýgræðum á Breiðamerkursandi var snemma á 20. öldinni áningastaður og þar var eini umtalsverði gróðurbletturinn á leiðinni yfir sandinn. Sandurinn hefur óðum verið að gróa upp og þar sem kvíslar jökulanna flæmdust um fyrir nokkrum áratugum er nú víða gróið land.

Mikill vöxtur og nýliðun trjágróðurs og annars gróðurs hefur verið í þjóðgarðinum í Skaftafelli. Loks má nefna uppgræðslu- og skógræktaraðgerðir heimamanna í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, t.d. á skerjunum ofan Fagurhólsmýrar.

Í heild hefur því ferli rýrnunar gróðurs og jarðvegs í hreppnum, sem staðið hafði yfir öldum saman, verið snúið við á undanförunum áratugum. Gróður hefur verið að aukast og batna, fyrst og fremst vegna hlýnandi veðurfars, beislunar vatnsfalla og stórfelldra ræktunarframkvæmda sem leitt hafa til breyttra og betri búskaparháttanna og í kjölfarið til aukinnar sjálfgræðslu gróðurs. Þannig hafa landgæði í Örfæfum verið að aukast á ný, bæði fyrir tilstilli manns og náttúru.

5.3. Gróðurfar síðustu áratugi

5.3.1. Undirlendi

Gróðurfar í Örfæfum, og í öðrum hreppum Austur-Skaftafellssýslu, var kortlagt af starfsmönnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins árið 1971 og eru eftirfarandi upplýsingar um gróðurfar á síðustu áratugum að mestu byggðar á niðurstöðum þeirra rannsókna.²

Mikill hluti Skeiðarársands er ógróið eða lítt gróið land, einkum vestur- og austurhluti sandsins þar sem jökulhlaup hafa komið í veg fyrir uppgræðslu. Á miðjum sandinum neðanverðum, innan kröfusvæðis ríkisins, er hins vegar allvíðáttumikið, raklent gróðursvæði, með fjölskrúðugu gróðurfari. Melgresi hefur verið að breiðast út á sandfokssvæðum norður eftir sandinum miðjum og mosa- nýgræðingur er einnig ofar á sandinum, allt norður undir jökulgarða Skeiðarárjökuls.

Ógrónir eða lítt grónir sandar og aurar víðs vegar á undirlendi í Örfæfum, austan Skeiðarár, þekja í heild um 60 km².³ Hins vegar teygir nær óslitið gróðurlendi sig frá Svínanesi í vestri austur að Vestari-Kvíá. Syðst á þessu gróðurbelti, næst sjó, eru stakir hólmar vaxnir melgresi og öðrum grastegundum. Ofar verður gróðurlendið samfelldara og þar sem er nægur jarðraki hefur myndast vatnagróður, flóar, mýrar og hálfdeigjur. Á þurrlendi, þar sem jarðvegur hefur myndast ofan á ár- framburðinum, er oftast graslendi, t.d. á Nýgræðum á Breiðamerkursandi, en ofar á söndunum, þar sem yfirborðið er gróft og þurrt og jarðvegur lítill, er landið ógróið eða þakið mosagróðri.

Birkiskógur og kjarr í hreppnum er aðeins lítill hluti þess sem áður var en þar eru nú skóglendi á samtals um 860 ha lands á 15 svæðum. Þau eru helst í hlíðum og á mörkum fjallendis og undirlendis. Stærstu skógarsvæðin eru í Morsárdal og er Bæjarstaðaskógur þeirra kunnastur vegna fegurðar og hárra, beinvaxinna trjáa. Skógur er í suður- og vesturhlíðum Skaftafellsheiðar, við Svínafell, í vesturhlíð Sandfellsheiðar og í Kvískerjum. Víða, einkum á áreyrum, er skógur að breiðast út eftir að beit létti.

1 Snorri Sigurðsson og Ingvi Þorsteinsson, 2001. Birkikönnun á Íslandi. (Óbirt handrit).

2 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1971. Gróðurkort af Austur-Skaftafellssýslu í mælikvarða 1:40 000. Óútg. handrit.

3 Ólafur Arnalds, o.fl., 1997. Jarðvegsrof á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Nánast öll skóglendisvæðin eru sunnan kröfulínu ríkisins, nema 30 hektara skóglendi í Kjós inni undir Miðfelli í 200-400 m hæð yfir sjó.

5.3.2. Fjalllendi

Mikill hluti fjallendisins í Örafum er innan kröfufsvæðis ríkisins. Sums staðar er það vel til sæmilega vel gróið en annars staðar nánast gróðurlaust. Ræðst gróðurfarið fyrst og fremst af berggrunni, halla landsins, hæð yfir sjó, veðurskilyrðum og fyrri nýtingu landsins. Í þessu sambandi má nefna að í um 700 m hæð í Esjufjöllum, langt inni á jökli, vaxa nú um 100 háplöntutegundir en í Austur-Skaftafellssýslu allri hafa fundist um 320 tegundir blómplantna og byrkninga.

Í heild er núverandi gróðurfari í fjallendi Örafanna afar fábreytilegt og sem beitiland er það heldur rýrt. Þar sem virðist vera sæmileg gróðurþekja er oftar en ekki um að ræða gisnar, tegunda-fáar mosapembur, sums staðar með dreifðum lynggróðri. Mosagróðurinn teygir sig oft upp í 500-600 m hæð þar sem ekki er of mikill halli eða lausar skriður. Við bestu gróðurskilyrði í fjallendinu, s.s. í daldrögum og í snjódældum, er gróður fjölbreyttari og gróskumeiri. Heildarflatarmál slíkra svæða er hins vegar lítið.

Gróður Skaftafellsheiðar teygir sig norður undir Kristínartinda en breytist á þeirri leið úr gróskumiklum gróðurlendum heiðarinnar, skóglendi og mýrum, yfir í mosagróður.

Í suður- og vesturhlíðum Hafrafells er talsverður mosa- og lynggróður.

Í Svínafellsheiði, ofan skógarhlíðanna í Svínafelli, er dreifður mosa- og snjódældagróður inn undir Skarðatinda og miðjan Hvannadal. Þar fyrir ofan er land ógróið.

Sandfell er ógróið en neðanverð Sandfellsheiðin er sæmilega gróin.

Fjallendið ofan við Hof er nær alveg ógróið niður að undirhlíðum þess. Sama gildir raunar um efri hluta fjallendisins allt austur að Kvíárjökli. Í undirhlíðunum er strjáll mosagróður.

Milli Kvíárjökuls og Hrutárjökuls er fjallendi allvel gróið nema efsti hluti þess uppi undir jökli. Gróðurþekjan þéttist er nær dregur láglendi. Um er að ræða lynggróður og mosapembu með ýmsum fylgitegundum.

Ærfjall er nálægt því að vera hálfgróið af mosa og lyngi.

Breiðamerkurfjall er einnig allvel gróið og þar er gróður fjölbreyttari en í öðru fjallendi Örafanna; mosapembu-, snjódælda- og sefgróður, graslendi og stinnastararmóar, og blómlendi hefur verið lýst þar.

5.3.3. Ástand jarðvegs

Vegna þess hve rof, sem tengist ógrónu landi á söndum og í fjallendi í Örafum, er mikill hluti af hreppnum í heild er ástand jarðvegs slæmt. Alvarlegt jarðvegsrof sem tengist samfelldu gróðurlendi í Örafum er á um 10% landsins.¹

5.4. Jöklar og jöklabreytingar²

5.4.1. Jöklar upp af Örafum

Vestast í Örafum er Skeiðarárjökull. Telja má upp aðra jökla sem eru innan Örafasveitar frá vestri til austurs sem hér segir.

1 Ólafur Arnalds, o.fl., 1997. Jarðvegsrof á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

2 Kafli 5.4. er byggður á greinargerð Odds Sigurðssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði jöklafræði, skjal nr. 19 (5), sbr. einnig skjöl nr. 19, 19 (1), 19 (2) og 19 (4). Heimildir: Guðmundur G. Bárðarson, 1934. Islands Gletscher. Beiträge zur Kenntnis der Gletscherbewegungen und Schwankungen auf Grund alter Quellenschriften und neuester Forschung. Reykjavík, *Visindafélag Íslendinga*, XVI. Oddur Sigurðsson, 1998. Glacier variations in Iceland 1930-1995 – From the database of the Iceland Glaciological Society. *Jökull*, 45, 3-25. Oddur Sigurðsson. Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate (í prentun). Sigurdur Thorarinsson, 1943. Vatnajökull. The scientific results of the Swedish-Icelandic investigations 1936-37-38. Chapter XI. Oscillations of the Icelandic glaciers in the last 250 years. *Geografiska Annaler*, 25 (1-2), 1-56. Sigurdur Thorarinsson, 1956. On the variation of Svínafellsjökull, Skaftafellsjökull and Kvíárjökull in Örafi. *Jökull*, 6, 1-15. Flosi Björnsson, 1998. Samtíningur um jökla milli Fells og Staðarfjalls. *Jökull*, 46, 49-61.

Í Skaftafellsfjöllum eru fáeinir nafnlausir smájöklar en innst í Morsárdal fellur Morsárjökull í fossi ofan hamra og rennur fram dalbotninn. Næsti skriðjökull, sem nær niður á láglandi, er Skaftafellsjökull milli Skaftafellsheiðar og Hafrafells og er hann að mestu leyti afsprengi Vatnajökuls. Allir aðrir jöklar í Örafum ganga niður frá Örafajökli nema Breiðamerkurjökull að hluta sem síðar segir. Handan Hafrafells stendur Svínafellsjökull fram úr fjallaskarði. Náði hann á þriggja alda tímabili saman við Skaftafellsjökul og var þá Hafrafellið girt jöklum. Árið 1936 slitnaði aftur sundur jökullinn fyrir framan fellid.

Í næsta fjallaskarði renna niður jöklarnir Virkisjökull og Falljökull. Þeir ná saman fyrir framan Rauðakamb undir aurkáu en líkur eru á að jöklarnir slitni sundur á næstu áratugum. Sunnan við Sandfell eru Kotárjökull og Rótarfjallsjökull aðskildir af Rótarfjalli. Kotárjökull hefur á fyrri tímum einnig verið kallaðir Sandfellsjökull og Slögujökull hefur verið nefndur Flögujökull í prentuðum lýsingum en líklega er það mislestur. Undan þessum jöklum hafa komið mestu hlaupin í eldgosí Örafajökuls á sögulegum tíma. Kotárjökull og Rótarfjallsjökull ná ekki saman fyrir framan Rótarfjall nú en kunna að hafa gert það á fyrri tíð.

Suður úr Örafajökli ganga litlir skriðjöklar svo sem Gljúfursárjökull, Stigárjökull og Hólárjökull og gekk sá síðasttaldi alveg niður á jafnsléttu á átjándu og nítjándu öld. Þegar Gljúfursárjökull var hvað stærstur fyrir rúmlega einni öld lukti hann um Miðfell og gekk hann niður í efsta part Gljúfursárgils en ekki náði hann þá alveg niður í Irpugil. Miðfell slapp ekki úr greipum jökulsins fyrr en um 1930.

Kvíárjökull stendur í miklu „hringleikahúsi“ Kvíarmýrar- og Kambsmýrarkambs og gengur hann nær sjó en nokkur annar jökull á Íslandi eftir drjúgt hop Breiðamerkurjökuls á tuttugustu öld. Norðaustan Kvískerja umlykja Hrutárjökull og Fjallsjökull Ærfjall og mynnir þann síðarnefnda með jakafari út í Fjallsárlón sem myndaðist á tuttugustu öld. Fjallsjökulsnafnið er nýnefni Flosa Björnssonar og Jóns Eypórssonar en Þorvaldur Thoroddsen kallaði hann Hrutárjökul eystri. Á 17. öld náðu Fjallsjökull og Breiðamerkurjökull saman framan við Breiðamerkurfjall. Þessir jöklar skildust aftur að árið 1946.

Á austurmörkum Örafæ er Breiðamerkursandur fyrir Breiðamerkurjökli. Þar sem Breiðamerkurjökull stendur nær sjó en aðrir jöklar á Íslandi (að Kvíárjökli undanskildum) er Breiðamerkursandur aðeins mjó landræma sem fer sífellt breikkandi. Langt uppi í jökli eru veglegustu jökulsker á Íslandi en það eru Esjufjöll. Frá Esjufjöllum og öðrum jökulskerjum (Máfabyggðum og Fjölsvinnsfjöllum) liggja miklar aurrendur svo sem Esjufjallarönd, Máfabyggðarönd og Breiðárönd sem skipta jöklinum í fjóra ísstrauma.

Sá vestasti af ísstraumum Breiðamerkurjökuls er afsprengi Örafajökuls og kelfir út í Breiðárlón sem myndaðist á 20. öld eins og önnur lón við jökluröndina. Breiðárlón nær austur undir Máfabyggðarönd. Sá hluti jökulsins sem er upp af austurhluta lónsins er kominn að mestu frá ísbreiðum Vatnajökuls vestan Esjufjalla en að litlu leyti af Örafajökli. Milli Máfabyggðarandar og Esjufjallarandar fellur ekkert meginvatnsfall frá jöklinum nú um stundir.

5.4.2. Jöklabreytingar á sögulegum tíma

Um alla jökla á Íslandi gildir að þeir voru miklu minni um landnám en þeir eru á okkar dögum nema ef til vill Sólheimajökull. Skeiðarárjökull og Breiðamerkurjökull kunna að hafa verið 10 km styttri eða meira. Talið er að jöklar upp af Örafum hafi náð hámarki á sögulegum tíma um 1890 eins og víðast annars staðar á landinu. Nú er umfang jöklanna svipað og það var um eða eftir 1600. Allir jöklar landsins hoga nú sem óðast og er því spáð að því haldi fram alla nýbyrjaða öld. Þó má búast við að Breiðamerkurjökull hofi hraðast því að hann mynnir í djúpt, sjávarheitt lón og mun verða svo í fyrirsjáanlegri framtíð. Á síðari hluta 20. aldar hefur lónið tekið aldar birgðir eða meira af ís frá jöklinum. Svipað kann að eiga við um Skeiðarárjökull áður en langt um líður en það er ekki jafnvíst þar sem jökulhlaup kunna að fylla í lónið nokkurn veginn jafnóðum og það myndast. Lón

eru einnig fyrir Fjallsjökli, sem kann að flýta fyrir hopi hans um tíma. Líkur eru á að þar verði stöðuvötn eða lón til frambúðar.

Lengi hafa gengið sagnir um að Vatnajökull hafi áður fyrir verið slitinn sundur um miðju. Eru það helst heimildir um að Norðlendingar hafi sótt í ver í Suðursveit án þess að þurfa að fara með ströndum fram. Sömualeiðis er sagt að Skaftafellsbændur hafi átt samskipti við Möðrudalsbændur sem vart voru hugsanleg ef ekki væri greiður gangur skemmstu leið milli byggðanna. Skjalfestar heimildir fyrir þessu eru úr Möðrudalsmáldaga Gísla biskups Jónssonar frá 1575 sem segir að Möðrudalskirkja eigi „12 trogsöðla högg í Skaftafellsskógi“ og í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 segir svo: „Beit 14 hrossum á Möðrudalsöræfum er jörðunni [Skaftafelli] eignuð um sumar-tíma, krossmessna á milli. Verður aldrei brúkað fyrir jöklum.“ Er svo að skilja að þessi ítök hafi átt að mætast. Oddur Sigurðsson jarðfræðingur telur að ekki verði að svo komnu máli sannað að nokkurn tíma hafi verið gengt norður um úr Örafum án þess að stíga þyrfti á jökul en af ofangreindum gögnum og fleiri munnmælum verður það alls ekki forttekið heldur. Þá megi benda á gömul munnmæli um Grímsvötn sem ekki verði með nokkru móti skilin öðruvísi en að þangað hafi menn komið fyrir á öldum.

Athyglisvert er að Eggert Ólafsson segir í Ferðabók sinni að Skeiðarárjökull hafi myndast á 14. öld sem bendir til að á þeim tíma hafi jöklar farið mjög stækkandi. Ekki er heldur úr vegi að túlka ummæli Eggerts þannig að jökullinn hafi komið í sjónmál við byggð um það leyti. Þá hefur hann vart verið framar en við Færnes á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Sigurður Þórarinnsson hefur bent á að Breiðamörk, sem Brennu-Floasi gaf Kára Sölmundarsyni, hafi ekki getað verið kotbýli er Njálssaga var skrifuð eins og síðar varð áður en jökull gekk yfir staðinn (um aldamótin 1700). Hafi vart verið minna en 10 km að jökulsporðinum til að gefa slíku býli nægilegt svigrúm.

Þá hefur Helgi Björnsson ritað um framskið Breiðamerkurjökuls.¹ Þar kemur m.a. fram sú kenning að Breiðamörk gæti hafa legið beint austur af Breiðamerkurfjalli um 5 km norður fyrir núverandi Breiðarlón en teygst austan við Kárahygg allt að 10 km frá jökuljaðri og loks 15 km, jafnvel enn norðar undir svokölluðum Austurstraumi Breiðamerkurjökuls sem liggur austan Esjufjalla frá Breiðubungu.

5.4.3. Vitneskja um jökuljaðra á liðnum öldum

Mjög örðugt er að segja til með vissu um legu jökuljaðars í Skaftafellssýslum á landnámsöld. Óvissan er allt frá fáeinum kílómetrum á jöklunum sem ganga niður úr Örafajökli upp í marga kílómetra (jafnvel meira en 10 km) á stóru jöklunum Skeiðarárjökli og Breiðamerkurjökli.

Árin 1903-1904 lét herforingjaráð Dana mæla fyrir kortum í Austur-Skaftafellssýslu og má treysta þeim mælingum á jökuljöðrum svo víða skakkar ekki meiru en 100 m.

Jón Eypórsson veðurfræðingur hélt úti árlegum mælingum á jökulsporðum víða um land frá 1930 og er þessum mælingum nú haldið áfram í umsjá Jöklarannsóknafélags Íslands og er hægt að afla upplýsinga úr gögnum félagsins um breytingar á sporðum á Skeiðarárjökli, Morsárjökli, Skaftafellsjökli, Svínafellsjökli, Virkisjökli, Falljökli, Kvíárjökli, Hrútárjökli, Fjallsjökli og Breiðamerkurjökli. Af þessum mælingum má í mörgum tilvikum sjá breytingar á jökulsporðunum upp á fáeinum metra.

Árið 1945 og aftur 1946 voru teknar loftmyndir af öllu landinu á vegum hers Bandaríkjanna Norður-Ameríku (AMS) og síðar gerð eftir þeim kort allnákvæm þótt mistök komi fram í þeim í nokkrum landshlutum. Á þeim ætti lega jökuljaðars í Örafum ekki að skakka meiru en um 100 m að jafnaði. Á Orkustofnun var gert kort af útlínunum Vatnajökuls eftir gervihnattamyndum frá 1991 og 1992. Á þeim kortum ætti stöðu jökuljaðars í Örafum ekki að skakka miklu meira en 50 m að jafnaði. Slík kort má gera eftir eldri og nýrri gervihnattamyndum og fá þannig stöðu og breytingar jökla eftir hentugleikum.

¹ Helgi Björnsson, Frá Breiðumörk til jökulsands: mótun lands í þúsund ár. *Kviskerjabók*. Höfn í Hornafirði 1998. Skjöl nr. 19 (8)-19 (12).

Í máli þessu hefur verið lagt fram kort sem sýnir útlínur jökla í Örafum skv. kortum 1903-1904 (herföngjaráðskort), loftljósmyndum 1945-1946 (AMS), og Landsat gervihnattamynd 1991.¹

5.5. Vatnabreytingar á Skeiðarársandi

Að tilhlutan óbyggðanefndar hefur Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur tekið saman greinargerð um vatnabreytingar á Skeiðarársandi.² Athugun hans bendir til þess að Jökulsá á sandi hafi legið vestarlega á núverandi Skeiðarársandi eða um hann miðjan, framan af öldum. Þar hafi hún sennilega legið við landnám og gæti þess vegna hafa legið á svipuðum slóðum og sjónhending fjöru-marka Skaftafells upp í Súlutinda. Jökulvötn hafi farið vaxandi og sennilega orðið illfærari eftir því sem Skeiðarárjökull gekk lengra fram í aldanna rás. Jafnframt hafi þungi þeirra færst austar á sandinn, Jökulsá lagst í byggðavatnið Skeiðará og meginvatnið síðan legið að jafnaði í Skeiðará á svipuðum slóðum og nú er, a.m.k. frá því á 18. öld en þó líklega þegar á 16.-17. öld. Bendir flest til þess að allvæn vötn hafi legið frá örófi alda á svipuðum slóðum og Skeiðará og Núpsvötn nú á dögum þó að þau hafi ekki endilega verið mikil jökulvötn á landnámsstíð. „Jökulsá á Sandi“, sem um getur í fornum ritum og bréfum gæti því hafa átt við vatnsfall nærri landamerkjum og e.t.v. landnámsmerkjum milli Skaftafells og Núpsstaðar en Skeiðará verið þá þegar til sem jökulskotið byggðavatn undan Örafunum. Þáverandi Skeiðarársandur hét Lómagnúpssandur og þarf ekki að hafa verið auðn ein, svo að eftir eignargildi gæti hafið verið að slægjast á honum. Skeiðarárhlaup færðust í aukana eftir því sem jökull þykknaði í Grímsvötnum og Skeiðarárjökull gekk lengra fram á sandinn. Gæti því í tímans rás hafa tekið af gróðurfljesjur, sem gætu hafa verið á sandinum, einkum austanverðum (samanber Lómagnúpssand), og gefið hafi á landnámsöld efni til að slá á eign sinni eða umráðum í landnámi.

Framangreindar líkur benda því frekar til þess, að Skeiðará og Jökulsá hafi á landnámsöld verið tvö vötn og Jökulsá þá legið vestur á sandi. Hins vegar hefur frásögn Landnámu af landnámi Þorgerðar verið talin benda til þess að Jökulsá hafi fallið undir Kiðjakletti og hún þá verið sama vatn og Skeiðará síðar þar eð landnámshelgunin sjálf er ekki rakin lengra. Þar á móti kemur að þá hefði ekki þurft að taka fram um landnám Þorgerðar vestur að Jökulsá því að það hefði verið sjálfgefið eins og vatnsföll deila. Því bendir þessi frásögn Landnámu jafnvel frekar en hitt til þess að Jökulsá hafi ekki legið undir Jökulfelli heldur einhvers staðar vestur á sandi. Vatnabreytingar hafa verið verulegar á sandinum síðustu aldirnar eins og heimildir frá þeim tíma greina. Gildir það ekki síst um meginvötnin ofan sandinn. Gæti svo og hafa verið um aldaskið þar áður og víst er það að nú fellur engin „Jökulsá“ ofan sand þó að ár með því heiti sé getið þar í Landnámu. Hefur nafn hennar vikið fyrir nafni Skeiðarár en verulegar líkur eru á að svo hafi því eina getað gerst að fyrir hafi verið vatn með því heiti. Heiti Skeiðarár og máldagalýsingar frá því fyrir 1362 benda raunar til þess að hún gæti hafa verið byggðavatn fram á 14.- 15. öld.

Heimildir eru mjög rýrar um þessi efni þó að vera megi að ítarleg könnun og leit gæti dregið eitthvað fram til viðbótar því sem hér er sagt. Því er ekki hægt að fullyrða með neinum yfirgnæfandi líkum hvernig vötn hafi legið á Skeiðarársandi til forna en það sem hér hefur verið tínt til bendir þó snöggum heldur til þess að Jökulsá sú, sem um getur í Landnámu sem landnámsmarka, hafi legið vestur á sandi en ekki verið sama á og nú heitir Skeiðará sem hafi verið byggðavatn í Örafum og haft sitt nafn frá upphafi landnáms.

5.6. Náttúruminjar, friðland og þjóðgarður

Eftirtaldir hlutar þess svæðis, sem hér er til umfjöllunar, eru á náttúruminjaskrá, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Skaftafell“, sbr. reglugerð nr. 319/1984 um þjóðgarð í Skaftafelli, „Breiðamerkursandur, Jökulsárlón, jökulöldur við Kvíarjökul og Eystrihvammur“. Þá voru „Salthöfði og Salt-

1 Sbr. skjal nr. 19 (7).

2 Sjá skjal nr. 24.

höfðamýrar“, friðlýst skv. auglýsingu nr. 249/1977 og „Ingólfshöfði“, skv. auglýsingu nr. 388/1978. Þessi landsvæði eru háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu afréttarnota frá öndverðu til þessa dags.

6.1. Landnám

Í Landnámabók er getið nokkurra manna sem námu land og settust að á því svæði sem síðar var nefnt Öräfí. Hrollaugur, sonur Rögnvaldar jarls á Mæri í Noregi, fór til Íslands með ráði Haralds konungs hárfagra Hálfðanarsonar og hafði með sér konu sína og syni:

Hann kom austr at Horni ok skaut þar fyrir borð ǫndvegissúlum sínum, ok bar þær á land í Hornafirði, en hann rak undan ok vestr fyrir land; fekk hann þá útivist harða ok vatnfátt. Þeir tóku land vestr í Leiruvági á Nesjum; var hann þar enn fyrsta vetr. Þá frá hann til ǫndugissúlna sinna ok fór austr þannveg; var hann annan vetr undir Ingólfsfelli. Síðan fór hann austr í Hornafjörð ok nam land austan frá Horni til Kvíar ok bjó fyrst undir Skarðsbrekku¹ í Hornafirði, en síðan á Breiðabólstað í Fellshverfi. Þá hafði «hann» lógat þeim lǫndum, er norðr váru frá Borgarhöfn, en hann átti til dauðadags þau lǫnd, er suðr váru frá Hegggerðismúla.²

Haraldur Matthíasson segir um landnám Hrollaugs að það hafi verið afar stórt, einkum feiknalangt, um 80 km austan frá Vestra-Horni og út að Kvía, austarlega í Öräfum.³ Hrollaugur seldi síðan hluta af landnámi sínu en Þórði illuga Eyvindarsyni gaf hann „land milli Jökulsár ok Kvíar“.⁴ Þórður illugi bjó „undir Felli við Breiða“ og hefur löngum verið talið að þar sé átt við bæinn Fjall framan undir Breiðamerkurfjalli en hann var kominn í eyði töluvert áður en bæjarrústirnar fóru undir jökul um 1700.⁵ Sigurður Björnsson getur sér til um að landnámsbærinn hafi eins vel getað verið Breiða sem síðar var nefnd Breiðármörk. Þar var snemma stórbýli og mun svo hafa haldist fram yfir 1600.⁶

Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu er maður nefndur Ásbjörn Heyjangurs-Bjarnason. Hann andaðist í hafi á leið til Íslands en Þorgerður, kona hans, og synir námu hér land. Síðan segir í Hauksbók:

En þat var mælt, at kona skyldi eigi víðara nema land en leiða mætti kvígu tvævetra várlangan dag sólsetra «í» millim, hálfstali⁷ naut ok haft vel. Því leiddi Þorgerðr kvígu sína undan Tóptafelli skammt

1 Einar Ól. Sveinsson (1948) taldi að átt væri við brekkurnar undir Almannaskarði (*Landnám í Skaftafellshöfði*. (Skaftafell- inga rit. 2. b.) Reykjavík. S. 71-73).

2 *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 317 (Sturlubók og Hauksbók).

3 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 375.

4 *Landnámabók* 1986, s. 319-320.

5 Jón Þorkelsson, 1918-1920: „Skrá Ísleifs sýslumanns Einarssonar frá 1712 um eyddar jarðir í Öräfum, ásamt skrá Jóns sýslum. Helgasonar um eyðjarðir 1783 í Lóni, Nesjum og Fellshverfi.“ *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. 1. b. Reykjavík. S. 49. Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 81-82.

6 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 3. b. (Sigurður Björnsson Kvískerjum: Öräfí.) Reykjavík 1976. S. 52-53.

7 Þetta orð er talið merkja annaðhvort „hálf-fóðrað á stalli“ eða „ekki fullvaxið“ (sbr. stálpaður) (*Landnámabók* 1986, s. 321 (7. nmgr.)).

frá Kvía suðr ok í Kiðjaklett hjá Jökulfelli fyrir vestan. Þorgerðr nam því land um allt Ingólfshöfða-
hverfi á millim Kvíar ok Jökulsár ok bjó at Sandfelli.¹

Sum þessara örnefna eru nú fallin í gleymsku. Einar Ólafur Sveinsson gat sér þess til að Tóftafell væri komið í Kvíarjökul en Haraldur Matthíasson taldi það vera sama fjall og nefnt er Staðarfjall fyrir vestan Kvíarjökul.² Örnefnið Kiðjaklettur er nú niður fallið en þar mun vísað til kennileitis framan við Krossgil, og með Jökulsá taldi Haraldur Matthíasson fullvíst að átt væri við Skeiðará. Hann gerði því ráð fyrir að Þorgerður hefði leitt kvíguna frá Kvígusteini vestan undir Kvíarjökli og lokið göngu sinni við sólsetur hjá Jökulfelli.³ Einar Ólafur Sveinsson var hins vegar þeirrar skoðunar að ekki hefði verið miðað „bókstaflega við fót mál kvígunnar“ heldur hefði endanleg mörk ráðist af aðstæðum.⁴

Annar sonur Heyjangurs-Bjarnar, Helgi að nafni, fór einnig til Íslands „ok bjó at Rauðalæk.“⁵ Hans son var Hildir, er Rauðlækningar eru frá komnir.⁶ Rauðalækur stóð milli Svínafells og Sandfells en hefur farið í eyði í Örfajökulsgosinu 1362.⁷

Vestan við landnám Þorgerðar tók við landnám Bárðar sem var þriðji sonur fyrrnefnds Heyjangurs-Bjarnar. Um Bárð er þessi frásögn í Sturlubók:

Bárðr var enn þriði son Heyjangurs-Bjarnar, er fyrr er getit; hann nam fyrst Bárðardal norðr, en síðan fór hann suðr um Vánarskarð Bárðargötu ok nam Fljótshverfi allt ok bjó at Gnúpum; þá var hann kallaðr Gnúpa-Bárðr.⁸

Að sögn Haralds Matthíassonar er Fljótshverfi, landnám Bárðar, byggðin milli Núpsvatna og Hverfisfljóts. Hann var þó sannfærður um að landnám Bárðar hefði náð lengra austur:

Fljótlega hefur þurft vegna veiði, beitar og reka að setja landamörk á Skeiðarársandi en þar hefur verið sandflæmi frá landnámstíð, Lómagnúpsandur, allt austan úr Örfum og vestur að Núpsvötnum.⁹

Svipuð skoðun kemur fram hjá Einari Ólafi Sveinssyni. Hann taldi reyndar að landnám Gnúpa-Bárðar hefði ekki náð lengra en að Núpsvötnum. Svæðinu þar fyrir austan, Skeiðarársandi (Lómagnúpsandi) hefði hann og Þorgerður síðan skipt á milli sín „bæði vegna beitar og fjöru“.¹⁰

Óvíst er hversu langt inn til landsins mörk landnámana náðu. Í Hauksbók, og reyndar fleiri gerðum Landnámu, standa þessi orð:

Austfirðir byggðusk fyrst á Íslandi, en á millim Hornafjarðar ok Reykjaness varð seinst albyggt; þar réð veðr ok brim landtöku manna fyrir hafnleysis sakir ok øræfis. Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.¹¹

1 *Landnámabók* 1986, s. 321.

2 Einar Ólafur Sveinsson 1948, s. 83-84. Haraldur Matthíasson 2 (1982), s. 380. Hafa ber í huga að landshættir hafa breyst nokkuð eftir að Einar Ól. Sveinsson samdi rit sitt nokkru fyrir miðja 20. öld.

3 Haraldur Matthíasson 2 (1982), s. 379-380.

4 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 84-85.

5 „at ráði Þorgerðar frá Sandfelli“, viðb. í Hauksbók.

6 *Landnámabók* 1986, s. 320, 322 (Sturlubók).

7 *Landnámabók* 1986, s. 322 (1. nmgr.).

8 *Landnámabók* 1986, s. 322.

9 Haraldur Matthíasson 2 (1982), s. 382. Ísleifur Einarsson vísar í fornar sagnir um að á Skeiðarársandi hafi verið 18 bæir, sumir segi 16, aðrir 15. Þar sjáist þó engin merki til (Jón Þorkelsson 1918-1920, s. 51).

10 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 84-85.

11 *Landnámabók* 1986, s. 337.

Talið er vafalaust að við landnám hafi gróðurþekja í Örafum verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni. Um gróðurfar við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan er fjallað í kafla 5.2. og um jöklabreytingar á sögulegum tíma er fjallað í kafla 5.4.

6.2. Skaftafell

Elsta heimild um byggð í Skaftafelli er Njálssaga, rituð á seinni hluta 13. aldar, en hún greinir frá atburðum í lok 10. aldar.

Skaftafell hálf var eign kirkjunnar á Hofi í Héraði (Örafum) eftir því sem stendur í máldaga hennar frá fyrri hluta 14. aldar.¹ Árið 1482 voru eignir kirkjunnar á Eyrarhorni lagðar til Hofskirkju.² Um sama leyti var hálf Skaftafell selt undan kirkjunni og fékk hún í staðinn hálfja jörðina Svínafjall (Svínafell).³ Aðrar heimildir greina frá því að kirkjan á Hofi hafi fengið stærri hlut í heimalandi í stað þess sem selt var í Skaftafelli.⁴ Ári síðar (1483) seldi Magnús biskup Eyjólffsson Kirkjubæjarklaustri jarðirnar Skaftafell og Haukafell í Hornafirði í makaskiptum fyrir jarðirnar Eyjar og Þverhamar í Breiðdal og Guðmundarnes í Stöðvarfirði.⁵ Skaftafell komst eins og aðrar klausturjarðir síðar í eigu konungs eftir siðaskiptin.⁶ Skaftafell var metið á 30 hundruð árið 1686 en 12 hundruð árið 1697.⁷

Skaftafell var 12 hundruð að dýrleika samkvæmt Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709. Þar er einnig greint frá því að eyðijarðirnar Jökulfell og Freysnes hafi verið lagðar til Skaftafells og landskuld hækkað við það í tvö hundruð (úr 1½ hundraði).⁸ Dýrleiki Skaftafells virðist þó hafa haldist óbreyttur og bendir það til þess að jarðirnar tvær hafi ekki verið „innlimaðar“ („inkorporeraðar“) í Skaftafell. Í skrá Ísleifs frá 1712 um eyddar jarðir í Örafum er komist svo að orði að Jökulfell og Freysnes, hvor jörð um sig, séu leigðar „frá Skaptafelli fyrir 30 álnir“.⁹ Hér mun átt við að Skaftafell hafi fengið jarðirnar til leigu (ekki leigt þær öðrum) og leigugjaldið þá lagst við landskuldina af heima-jörðinni. Af því má álykta að einn og sami eigandinn hafi verið að jörðunum þremur, þ. e. konungur.

Jökulfells er getið í máldaga Rauðalækjarkirkju sem talinn er frá 1179 en þar mun trúlega átt við fjallið sjálft fremur en bæinn.¹⁰ Í máldaga kirkjunnar að Hofi frá um 1343 fer hins vegar varla á milli mála að átt sé við bæinn Jökulfell: „hofsmenn eigu helming allra þeirra fiarna sem liggja til jökulfells“.¹¹ Í öðrum máldaga frá sama tíma kemur fram að hálfkirkja var að Jökulfelli.¹² Jörðin mun hafa lagst í eyði á síðari hluta 14. aldar því að í máldaga frá 1397 segir að Gyrðir biskup Ívarsson (1350-1360) hafi lagt til Lómagnúps (Núpsstaðar) 12 ær og kú frá Jökulfelli og hefur það trúlega verið eign hálfkirkjunnar.¹³ Bærinn Jökulfell stóð í Morsárdal þar sem síðar var kallað í Bæjar-

1 *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 774. Sbr. einnig *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 401 (máldagi frá 1387).

2 „Eyrarhorn segist heitið hafi að fornu kirkjustaður úti í leirunum fyrir utan Hof“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. Reykjavík 1990. S. 436). Ekki er minnst á Eyrarhorn í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200.

3 *Íslenskt fornbréfasafn*. 6. b. Reykjavík 1900-1904. S. 443.

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 7. b. Reykjavík 1903-1907. S. 37.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 482-483.

6 Sbr. Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 333 og 335.

7 Björn Lárússon 1967, s. 333.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 437.

9 Jón Þorkelsson, 1918-1920: „Skrá Ísleifs sýslumanns Einarssonar frá 1712 um eyddar jarðir í Örafum, ásamt skrá Jóns sýslum. Helgasonar um eyðijarðir 1783 í Lóni, Nesjum og Fellshverfi.“ *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. 1. b. Reykjavík. S. 43.

10 *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857-76. S. 248.

11 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 774.

12 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 777.

13 *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 199. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 777. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 199.

stað.¹ Auk Skaftfellinga höfðu Suðursveitungar einnig nýttar af Jökulfelli eins og Ísleifur Einarsson greinir frá í jarðabók sinni: „Skattbændur allir frá Kolgrímu til Fells segjast eiga skóg í Jökulfelli í Örafum, þar sem kallaður er Bændaskógur.“² Enn fremur var Sandfelli eignað skógarítak í Jökulfelli og annað í Skaftafellsheiði.³ Ekki er minnst á Jökulfell í úttekt jarðamatsnefndar (fasteignamatsnefndar) á Skaftafelli 1849 og 1916.⁴

Ekki er kunnugt um hvenær búskapur hófst í Freysnesi né heldur hvenær hann lagðist af enda er jarðarinnar ekki getið í fornum skjölum.⁵ Freysnes mun hafa staðið á láglandinu vestan núverandi farvegjar Skaftafellsár, ekki langt frá núverandi vegamótum Þjóðvegjar og afleggjara að Þjóðgarði.⁶ Jarðabók Ísleifs Einarssonar greinir frá því 1709 að Skaftafell eigi upprekstur í Freysneslandi þar sem heiti Hafrafell en hann sé ekki notaður því að allt liggir undir jökli.⁷ Nálægt miðri öldinni, árið 1747, skýrir Sigurður Stefánsson sýslumaður svo frá í sýslulýsingu sinni:

Þar enn austar [þ.e. fyrir austan Kristínartinda] er Hafrafell, iökle ummgirdt hátt, mioott að ofann með hamra eggjum, miked blásed, með litlumm skooge og nockru linge; er mest brúkad til lamba afriettar bigdarmanna.⁸

Samkvæmt sóknalýsingu séra Páls M. Thorarensens 1839 ráku Svínfellingar einir á Hafrafell en í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er „afréttur“ Svínafells sagður „í Núpstaðaskógum“.⁹ Í úttekt Skaftafells frá sama tíma er hvorki Freysnes né Hafrafell tilgreint sérstaklega en tekið fram um „afréttinn“ að hann „mætti vera hér á sumrum fyrir 80 fjár“.¹⁰ Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 virðist ekki lengur gert ráð fyrir því að Svínafell eigi upprekstur í Hafrafell („Jörðinni fylgir ekkert sérstakt upprekstrarland...“) en um Skaftafell (Bölta) segir hins vegar: „Jörðinni fylgir sérstakt upprekstrarland Hafrafell sem er umgirt jökli, og auk þess víðlendi mikið í Skaftafellsfjöllum.“¹¹ Svínfellingar munu þó áfram hafa rekið sauðfé sitt í Hafrafell, jafnvel þótt umlukid væri jökli fram til um 1940 en upprekstrarland Skaftfellinga var í Skaftafellsfjöllum og Morsárdal.¹² Hafrafell mun ekki hafa hentað Skaftfellingum sem upprekstrarland en þeir virðast engu að síður hafa litið svo á að Hafrafell heyrði þeim til.¹³ Austan Hafrafells er Hrútsfjall en þangað (þ.e. í „Hrvtafelle“) átti Mariukirkjan á Hnappavöllum tólf unguneyta rekstur og „skogartopt“ í hlíðum fjallsins samkvæmt máldaga sem talinn er frá 1343.¹⁴ Þessi ítök virðast hafa fallið í fyrnsku því að ekki er minnst á þau í gerðabók matsnefnda 1849 og 1916.¹⁵

Auk annarra eigna og ítaka Skaftafells má nefna að jörðin átti beit 14 hrossum á Möðrudalsöræf-

1 Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 57.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 433.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 436.

4 Skjal nr. 2 (35, 37).

5 Kenningar eru um að Freysnes hafi farið í eyði í Örafajökulsgosinu 1362 (sbr. Snævarr Guðmundsson, 1999: *Þar sem landið ris hæst. Örafajökull og Örafasveit*. Reykjavík. S. 78).

6 Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 57. Sbr. Ragnar Stefánsson, 1997: *Freysnes í Örafum: Saga og náttúruleg lýsing*. Akureyri. S. 5-6.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 437. Sbr. einnig Árni Magnússon, 1955: „Chorographica Islandica.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenna*. Annar flokkur. I. 2. Reykjavík. S. 17.

8 Sigurður Stefánsson, 1957: „Austur-Skaftafellssýsla.“ *Sýslulýsingar 1744-1749*. (Sögurit XXVIII.) Reykjavík. S. 16.

9 Skjal nr. 2 (35).

10 Skjal nr. 2 (35).

11 Skjal nr. 2 (37).

12 Sigurður Björnsson á Kvískerjum við skýrslutöku 28.6. 2002. Sbr. einnig Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 78-79. Snævarr Guðmundsson 1999, s. 76-77.

13 Laufey Lárusdóttir í Skaftafelli við skýrslutöku 28.6. 2002. Sbr. einnig skjal nr. 15 (22).

14 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 773-774.

15 Skjal nr. 2 (35, 36 og 37).

um um sumartíma, á milli krossmessna. Síðan er bætt við: „Verður aldrei brúkað fyrir jöklum.“¹ Þetta ítak var sennilega ævagamalt, frá þeim tíma þegar jöklar voru minni að vexti, og hefur átt að jafnast á við „tolf trogsöðla högg“ í Skaftafellsskógi sem kirkjan í Möðrudal á Fjalli átti.² Þetta ítak kirkjunnar virðist hafa verið enn í fullu gildi þegar máldagi Gísla biskups Jónssonar var gerður um 1570.³

Skaftafell komst í einkaeigu árið 1836 þegar jörðin var seld Guðnýju Þorsteinsdóttur.⁴ Í Jarðatali Johnsens 1847 er jörðin sögð 12 hundruð að dýrleika en 12,2 hundruð samkvæmt Nýrri jarðabók 1861. Þrjár fjörur voru þá metnar sérstaklega: Breiðumerkurfjara 0,7 hundruð, Salthöfðafjara 1,9 hundruð og Kóngsvíkurfjara 1,5 hundruð.⁵

Landamerkjabréf Skaftafells í Hofshreppi er ódagsett en það var lesið á manntalsþingi að Hofi 5. maí 1890. Undir það rita eigendur og umráðamenn Skaftafells, umráðamaður Núpsstaðar og eigendur Svínafells:

Milli⁶ Skaptafells og Svínafells eru landamerki á Freysnesi úr stórum steini framan undir jöklinum og í stein ofan við veginn og þaðan í vörðu fram í Nesinu. Móti jörðunni Núpstað á Skaptafell land svo langt vestur að Súlnatindar beri hver í annan.

Fjörumörk að austan: Svarthamranef vestan í Hafrafelli beri í lækjarfarveg í kletti, sem skagar lengst ofan í skriðu niður af Skarðatindi.

Fjörumörk að vestan: Básarakanef beri í hæsta sker á Austurskorabrún.

Jörðin á land allt milli fjalls og fjöru.⁷

Í landamerkjabréfinu er tekið fram að jörðin Skaftafell eigi land milli fjalls og fjöru og þá væntanlega drjúgan hluta Skeiðarársands. Talið er víst að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi víða verið gróið land þar sem nú er sandauðn og Lómagnúpsandur, sem svo var nefndur, til muna minni en það svæði sem frá 16. öld hefur verið kallað Skeiðarársandur.⁸ Jafnvel voru sagnir um að einhvern tíma í fyrmdinni hefðu verið 15 og allt upp í 18 bæir á Skeiðarársandi (eða á því svæði þar sem síðar varð sandauðn).⁹ Hér kann að vera að munnmælum slái saman við sagnir um byggðina í Litla-Héraði fyrir gos Örfafajökuls 1362.¹⁰ Þegar landamerkjabréfið var gert í lok 19. aldar var lítið um annan gróður á sandinum en melgresi sem þá hafði lengi verið slegið og nýtt til manneldis.¹¹ Aðrar

1 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 438.

2 *Íslenskt fornbréfasafn*. 12. b. Reykjavík 1923-1932. S. 38 (úr máldaga frá 1408).

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 674. Sbr. *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. 1. b. Reykjavík 1983. S. 300. Þetta minnir á að Vatnajökull var lengst af kallaður Klfafjökull (Sbr. Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 109).

4 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 84. Sbr. *Jarðatal á Íslandi, með braudalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 435.

5 *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprilmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 6. Kóngsvík hafði áður verið hluti af svonefndu Hengigóssi (sbr. Sigurður Björnsson, 1979: „Örfafasveit.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 102).

6 Fremst á milli lína er ritað: Að austan.

7 Skjal nr. 2 (2).

8 Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 39. Sbr. einnig skjal nr. 24.

9 Jón Þorkelsson 1918-1920, s. 51.

10 Hjörleifur Guttormsson og Oddur Sigurðsson, 1997: *Leyndardómar Vatnajökuls. Viðerni, fjöll og byggðir. Stórbrotin náttúra, eldgos og jökulhlaup*. Reykjavík. S. 150. Þórður Tómasson, 1980: *Skaftafell. Þættir úr sögu ættarseturs og atvinnuhátta*. Reykjavík. S. 26.

11 Sbr. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. 2. b. Reykjavík 1943. S. 154-155.

nytjar af sandinum voru helstar rekaviður og selveiði. Þegar Skeiðarárjökull tók að hopa og jökulvötn að færast í fastan farveg, breyttist gróðurfar á sandinum og eftir 1920 fóru Skaftafellingar að reka fé á hverju sumri vestur á sandinn.¹ Árið 1957 seldu eigendur Skaftafells bændum í Svínafelli á leigu sumarreit á Skeiðarársandi vestan Skeiðarár og hefur hann verið endurnýjaður síðan.² Einnig liggja fyrir heimildir um að Vegagerð ríkisins hafi greitt eiganda Freysness fyrir efnistöku á Skeiðarársandi.³ Þá skal þess getið að fyrir nokkrum árum fór fram leit á sandinum að „gullskipinu“ Het Wapen van Amsterdam samkvæmt samningi sem gerður var við eigendur Svínafellsfjöru og Skaftafellsfjöru árið 1983.⁴

Í Skaftafelli var einbýli til ársins 1832 en þá mun Jón Bjarnason hafa byggt í svonefndu Seli og búið þar til dauðadags. Það býli hefur síðan verið nefnt Skaftafell II. Ári síðar hófst búskapur í Skaftafelli III þar sem heita Hæðir. Nokkru síðar, sennilega 1849, var gamli bærinn (Skaftafell I) færður upp í Bólta og er þar enn bæjarstæði. Í Skaftafelli II var búið til ársins 1946 og tveimur árum síðar var það selt Ragnari Stefánssyni í Skaftafelli III.⁵

Árið 1966 voru jarðirnar Skaftafell I, II og III seldar Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs. Við sölu á Skaftafelli II og III var undanskilinn Skeiðarársandur og þau hlunnindi sem honum og fjörunni fylgdu „fyrir framan línu, sem hugsast dregin frá Lómagnúpi á Nyrðri-Menn á Hafrafelli og þaðan í sömu stefnu á mörk Skaftafells og Svínafells“.⁶

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður 15. september 1967 og eru mörk hans þessi samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 319/1984:

Að vestan ráða landamörk Núpsstaðar og Skaftafells, sem jafnframt eru sýslumörk V.- og A.- Skaftafellssýslu, frá Súlutindum og suður að „sýslusteini“. Frá „sýslusteini“ liggja mörkin í beina línu í merki við Gömlutún, en þaðan til austurs í fremstu nöf Hafrafells og áfram í beina línu í landamörk Svínafells og Skaftafells á Svínafellsjökli. Mörkin fylgja síðan síðastnefndum landamörkum til norðurs. Á jökli að austan og norðan ráða vatnaskil.⁷

Árið 1968 óskaði Ragnar Stefánsson í Skaftafelli eftir því við menntamálaráðuneytið að fram færu landskipti á óskiptu sameignarlandi ríkisins og þeirra bræðra Ragnars og Jóns Stefánssona.⁸ Þá var ágreiningslaust að eignahlutföll Skaftafells II og III á móti Skaftafelli I var 2:1. Samkvæmt úrskurði matsnefndar 25. nóvember 1969 urðu skiptin þessi:

Landamerki lands Ragnars Þ. Stefánssonar og Jóns Stefánssonar á Skeiðarársandi ákveðast af tveimur línunum frá föstum punkti, sem settur skal ofan þjóðveggar, 15 metrum norður frá miðlínu vegarins og í 225 metra fjarlægð, mælt austur eftir veginum frá þeim stað, þar sem hann mætir heimreið neðan tún-girðingar Skaftafells.

Frá þessum fasta punkti eru norðurmörk fyrir landi Ragnars og Jóns Stefánssona bein sjónhending að hliðarrótum Hafrafells á mótum fjalls og sandsins og sama sjónhending, þar til línan sker landamerki Skaftafells og Svínafells.

1 Hjørleifur Guttormsson og Oddur Sigurðsson 1997, s. 151. Þórður Tómasson 1980, s. 13-22, 26.

2 Skjal nr. 15 (3). Um er að ræða samning, dags. 10. maí 1980, og er þar vísað í samninginn 1957.

3 Skjöl nr. 15 (14, 15).

4 Sbr. skjöl nr. 15 (1) og 4 (114).

5 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 84.

6 Skjal nr. 6 (9). Sbr. skjöl nr. 6 (8, 10).

7 Skjal nr. 15 (4).

8 Sbr. Helga K. Einarsdóttir, 1995: *Ragnar í Skaftafelli. Endurminningar og frásagnir*. S. 177-179 (hliðsjónargagn).

Frá hinum fasta punkti B á uppdrættinum, sem áður er nefndur ofan þjóðvegarins, liggja mörkin beina sjónhending til suð-vesturs að punkti C, þar sem hin beina lína sker landamerki Skaftafells og Núpsstaðar milli Sigurðarfitjarála og Sandgígjukvíslar. Að öðru leyti takmarkast land þeirra að vestan af þinglýstum landamerkjum Núpsstaðar og Skaftafells, sunnan hins síðastnefnda skurðpunktar. Að sunnan af sjó, að austan af þinglýstum mörkum Svínafells og Skaftafells að fyrrnefndum skurðpunkti A austur af suðurenda Hafrafells.¹

Árið 1978 seldu þeir bræður, Jón og Ragnar Stefánssynir, Náttúruverndarráði landspildu úr eignarlandi sínu í Skaftafelli í grennd við þjónustumiðstöð Náttúruverndarráðs.²

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Skaftafelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins og þar til hluti jarðarinnar var seldur Náttúruverndarráði ríkisins var hún framseld með hefðbundnum hætti og veðsett.³

Nú skal vikið að ágreiningi sem verið hefur um landamerki milli Núpsstaðar og Skaftafells. Í júní 1978 fóru landeigandi Núpsstaðar, ábúandi Skaftafells, sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu og verkstjóri Vegagerðar ríkisins í Örfæfum í vettvangsferð til að kanna mörk Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu. Austur-Skaftafellingar töldu að markalínan skyldi dregin „þar sem tveir hinir stóru Súlutindar bera saman“ enda stýddist það við gömul ummæli Skaftafellsbænda að mörkin lægju við vesturenda á austustu Gígju, sandöldu skammt norðan af þjóðvegi. Ábúandi Núpsstaðar andmælti þessu ekki beint en taldi að skoða bæri mörkin úr fjöru auk þess sem fleiri kennileiti kæmu til greina en Súlutindarnir þrír. Var sýslusteinn síðan settur niður á mörkuðum stað með samþykki allra aðila en með þeim fyrirvara að hann yrði fluttur ef fram kæmu rök sem leiddu til endurmats eða breytinga á hinni mörkuðu línu.⁴ Með bréfi dómsmálaráðherra 15. nóvember 1995 var sýslumanninum í Vík falið að leita sátta með aðilum og hélt hann fund um málið 20. desember sama ár. Þar vísaði Eyjólfur Hannesson á Núpsstað til þess sem hann hefði heyrt sagt að landamerki Núpsstaðar ætti að miða, horft frá sjó, við fjallgarðinn sjálfan en ekki tindana þrjá í fjallgarðinum. Einnig kvað hann fjöru Núpsstaðar og fleiri jarða ná töluvert inn í austursýsluna.⁵ Ragnar Stefánsson í Skaftafelli hafði áður, í bréfi til Landmælinga Íslands 28. janúar 1993, rakið upphaf þessa ágreinings til mælinga danskra kortagerðarmanna 1904 en þeir hefðu dregið landamerki Skaftafells og Núpsstaðar fremst úr Súlutindum í fjörumörk Skaftafells og Núpsstaðar og þannig ruglað saman landamörkum og fjörumörkum.⁶ Í vettvangsferð deilenda 5. júní 1996 með sýslumanninum í Vík mun hafa orðið ljóst að ágreiningurinn snerist í raun um það hvort miða ætti við neðsta Súlutind og þann næsta, þ.e. miðtindinn (Núpsstaðarmenn) eða neðsta og efsta tindinn (Skaftafellingar). Munur þessara lína niður við sjó var um 7,5 km.⁷ Þá er að nefna þriðju línuna, sem mörkuð var með gerðardómi 25. nóvember 1969 um landamerki milli jarðarhluta Jóns og Ragnars Stefánssona í Skaftafelli, og virðist dregin eftir austurveggjum Súlutinda og kemur milli hinna tveggja, þó nær línu Skaftafellsbænda.⁸ Sýslumaðurinn í Vík setti fram svohljóðandi sáttatillögu um merki milli Núpsstaðar og Skaftafells, dags. 22. október 1996, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um landamerki, nr. 41/1919:

Landamerki Skaftafells í Austur Skaftafellssýslu og Núpstaðar í Vestur Skaftafellssýslu séu þannig á

1 Skjal nr. 6 (11).

2 Skjal nr. 6 (13).

3 Skjöl nr. 4 (33-35). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 45-49.

4 Skjöl nr. 16 (4) og 15 (18).

5 Skjal nr. 16 (14), sbr. 16 (4, 10, 12, 13).

6 Skjal nr. 15 (19), sbr. 15 (10, 11).

7 Skjal nr. 16 (14).

8 Skjöl nr. 15 (11) og 16 (7).

Skeiðarársandi, að dregin sé lína úr neðsta Súlutindi í punkt undan núverandi Rauðabergsósi er afmarkist af breiddargráðu 63°46' og lengdargráðu 17°23'. Verði landauki á sandinum vegna jökulhlaupa eða annars, skal línan framlengd sem því nemur.

Fjörumörk skulu óbreytt standa svo sem þau hafa verið.¹

Sáttatillaga sýslumanns var send málsaðilum, þ. á m. eiganda Núpsstaðar, og frestur gefinn til athugasemda. Að þeim fresti loknum ritaði sýslumaður aðilum bréf, dags. 10. desember 1996, þar sem m.a. kemur fram að ekki hafi borist athugasemdir frá eiganda Núpsstaðar og „verður að skilja þögn hans þannig að hann setji sig ekki á móti tillögunni“. Jafnframt kemur fram að niðurstaða málsins sé sú að tillaga sýslumanns skuli „gilda sem landamerki, þar til dómur fellur um annað, eða aðilar ákveða sjálfir önnur mörk sín á milli.“²

Ekki varð sátt um þessa niðurstöðu, og lýstu m.a. eigendur og ábúendur jarðanna Rauðabergs, Kálfafells I og II, Kálfafellskots og Mariubakka, allar í Fljótshverfi í Skaftárhreppi, sig andvíga henni í bréfi, dags. 4. desember 1996.³

6.3. Svínafell

Svínafell í Örefum er sögufrægur staður. Talið er að Þórður Freysgoði hafi fyrstur manna búið þar á staðnum. Sonur hans var Flosi, ein helsta sögupersóna Njálu. Í Svínafelli ólst einnig upp Árni Þorláksson, síðar biskup, sem mun kunnastur fyrir hlutdeild sína í svonefndum staðamálum á 13. öld.

Í Oddaverja þætti er greint frá því að Þorlákur biskup Þórhallsson hafi vígt kirkju í Svínafelli 1179 og varð hún þá þegar *staður*, þ.e. sjálfstæð kirkjueign undir forræði biskups.⁴ Í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200 kemur einnig fram að kirkja var á þeim tíma í Svínafelli.⁵ Hún hefur trúlega verið af lögð eigi síðar en í byrjun 14. aldar því að samkvæmt máldaga sem talinn er frá 1343 átti kirkjan að Hofi þá hálf Svínafell.⁶ Ekki er heldur að finna neinn máldaga um kirkju á Svínafelli í máldagasafni Vilkins biskups frá 1397. Hinn helming Svínafells eignaðist kirkjan að Hofi 1482 í makaskiptum fyrir hálf Skaptafell.⁷ Svínafell komst síðar í einkaeigu og árið 1546 greina heimildir frá því að Þorleifur Pálsson lögmaður hafi selt Birni Þorleifssyni Svínafell ásamt fleiri jörðum.⁸

Svínafell var talið 23 hundruð og 80 álnir í jarðabók 1686 en 12 hundruð árið 1697.⁹ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 er dýrleiki jarðarinnar kominn niður í 8 hundruð.¹⁰ Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleikinn óbreyttur, 8 hundruð, en í Nýrri jarðabók 1861 er Svínafell metið á 16,2 hundruð.¹¹

Í lýsingu Sandfells- og Hofssókna kemst séra Páll M. Thorarensen, prestur í Sandfelli, svo að orði árið 1839 að afréttir séu þar engir „nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkur-

1 Skjal nr. 15 (11).

2 Skjal nr. 4 (79).

3 Skjal nr. 16 (12).

4 Magnús Stefánsson, 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficalrettslige forhold i middelalderen I*. Bergen. S. 64-65.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 5.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 774.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 443. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 36 (máldagi 1491-1518).

8 *Íslenskt fornbréfasafn*. 11. b. Reykjavík 1915-1925. S. 482-483. Sbr. *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. Reykjavík 1993. S. 1.

9 Björn Lárusson 1967, s. 333.

10 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 437.

11 *Jarðatal* 1847, s. 6. *Ný jarðabók* 1861, s. 6. Sbr. skjal nr. 2 (35); Gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849. Þar er lagt til að dýrleiki jarðarinnar sé hækkaður í 20 hundruð m.a. vegna veðursældar.

fjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur“.¹ Elsta heimildin um „afrétt“ Svínfellinga mun vera máldagi kirkjunnar að Kálfafelli sem talinn er vera frá 1343. Þar segir að kirkjan eigi „afréit j skorvm at helmingi vid svijnfellingna. kolskog j vestrum skorum. suo sem til bus þarf“.² Þetta er síðan staðfest í máldaga Vilkins biskups frá 1397.³ Í skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ á Síðu frá 1528 er grein gerð fyrir skógarítaki sem Eiríkur Þorsteinsson, lögréttumaður og bóndi á Keldum á Rangárvöllum, gaf klaustrinu og má þar sjá að Svínafell átti skógarítak á Skaftafellsheiði:

Item gaf Eirekur þorsteinsson kirkiubæiar klaustri allan þann skog sem hann hafði fremst eigande ad ordit j skaptafellz heide til æfinligrar eignar oc frials forrædis j suo mäta ad þeir j svínafelli byggi oc aa knappaullvm skylldde hafa þar elldivid epter því sem því þarfnazt.⁴

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar segir svo um hlunnindi jarðarinnar:

Afréttur er jörðunni eignaður í Eystrafrjalli [*Syðrafrjalli* stendur í öðru handriti] fyrir sunnan Skeiðarásand, óbrúkandi vegna vegalengdar.

Skógarítak til brennivíðar er jörðunni eignað í Skaftafellsskógi.⁵

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er komist svo að orði um „afrétt“ Svínafells: „Afréttur er eignaður jörðinni í Núpstaðaskógum.“⁶ Að lokum skal vitnað í það sem stendur í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916: „Jörðinni fylgir ekkert sérstakt upprekstrarland, en fjallhagi nokkur er upp frá bæ, Svínafellsfjall.“⁷

Í Byggðasögu Hofshrepps segir Sigurður Björnsson að „afréttarins“ á Eystrafrjalli muni fyrst getið í áður nefndum máldaga Kálfafellskirkju frá 1343 („afréit j skorvm“). Hann lætur þess getið að afrétturinn, sem hann nefnir „ítak“, hafi verið notaður um 1920 fá ár „en ekki vitað til, að það hafi verið gert áður“.⁸

Landamerkjabréf Svínafells er undirritað 2. maí 1890 og samþykkt af ábúendum Sandfells og Skaftafells:

Jörð þessari tilheyrir allt Svínafellsfjall og Hvannadalurinn.

Landamerki milli Sandfells og Svínafells eru lækjarfarvegur í miðjum Markhól (Rjettarfalljökul), þaðan sjónhending í vörðu milli Hrakdeildahóla; svo er stefnan vestan við Eyrartagl.

Milli Svínafells og Skaptafells eru landamerki í Freysnesi úr stórum steini framan undir jöklinum og í stein ofan við veginn, og þaðan í vörðu fram í Nesinu.

Fjörumörk jarðarinnar milli Tangafjöru og Svínafellsfjöru eru, að Fremrimenn í Hafrafelli beri í klettinn, sem er næstur við Skarðið að norðan, nefnil. austanundir Skaptafellsskörðunum.

1 *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1997. S. 151.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 778.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 235.

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 471.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 437.

6 Skjal nr. 2 (35).

7 Skjal nr. 2 (37).

8 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 77.

Fjörumörk milli Svínafells- og Skaptafellsfjöru eru, að Svarthamranef vestan í Hafrafelli beri í lækj-arfarveg í kletti, sem skagar lengst ofan í skriðu niður af Skarðatindi.¹

Í Svínafelli virðast hafa verið a.m.k. tvö býli í byrjun 18. aldar en aðeins eitt þegar jarðamat var gert í sýslunni 1804-1805 og var jörðin þá í sjálfsábúð.² Eftir það hafa ábúendur jarðarinnar aldrei verið færri en tveir. Jörðinni var þó ekki formlega skipt í Austurbæ og Vesturbæ fyrr en um 1830. Árið 1863 var Böltanum skipt úr Austurbænum og Breiðutorfu 1858 úr Vesturbænum.³ Nú er jörð-inni skipt í Svínafell I-IV.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Svínafelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁴

6.4. Sandfell

Í Sturlubók Landnámu er sagt frá því að Þorgerður, kona Ásbjarnar Heyjangurs-Bjarnarsonar, hafi búið að Sandfelli og Guðlaugur sonur þeirra eftir hana og voru Sandfellingar frá þeim komnir.⁵ Næst kemur Sandfell við sögu í máldaga kirkjunnar að Rauðalæk 1179 en þar er greint frá því að til kirkjunnar liggja tíundir frá bæjum á svæðinu milli Grafbrekku og Jökulsár nema frá Sandfelli.⁶ Í máldaga kirkjunnar, sem talinn er frá árinu 1343, segir um fjörueign hennar:

fioru aa hun mille kviaar oc hamra enda halfa vid sandfellinga.⁷

adra aa hun ein fyrir sunnan kviaa til einangra.

hina þridiu fiour aa hun fyrer eyrar horne. tvo hlute allz reka uid sandfellinga. Oc at auk aattung i matreka.⁸

Samkvæmt máldaga kirkjunnar að Hofi 1387 átti hún hálf heimaland „upp j midt Rotafiall ä mots vid sandfellsmenn“.⁹

Elsti varðveitti máldagi kirkjunnar í Sandfelli er frá árunum 1491-1518. Kirkjan átti þá heima-land allt með gögnum og gæðum.¹⁰ Þar var því staður undir forræði biskups. Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 kemur fram að Sandfellskirkja var látin koma í stað kirkjunnar að Rauðalæk og mun það hafa gerst eftir Örefahlaupið 1362.¹¹ Í máldaganum er greint nákvæmlega frá eignum kirkjunnar í föstu:

Eyiar allar þær er Holum hafa fylgt. iij hluti i Jngolfshöfda. en Eyiarhorn (!) ij hluti. Kirkian ä fuglberg alltt i höfðanum. Hun ä eingeteig i Giegnesholmum. annar er Lägey. fyrer austan götu. fiorda Kell-

1 Skjal nr. 2 (3).

2 Skjöl nr. 4 (57) og 2 (44).

3 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 78.

4 Skjöl nr. 4 (59-62). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 41-45.

5 *Landnámabók* 1986, s. 320.

6 *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857-76. S. 248.

7 Árið 1504 var þessi fjara milli Kviár og Hamraenda seld Narfa prior á Skriðuklaustri (sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 714-715).

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 776.

9 *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 401.

10 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 37.

11 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 701-702. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 72-73.

ingarey austan til motz vid Nesmenn og Steinshylltinga. fimte Krossholmur. siötte Kolluhalsey og aller Starkadarholmar.

Kirkian ä skoga alla. sem eru vt frá Saudabolsskogie til Mødruhola og allar tungur yfir Saudabolskogie til þeirrar er Skamsstöðum fylger. enn skogarteigur er jnn ä Dals ä Hestvelle frá skridu hinni miklu. Fiöru ä hun milli Quijär og Hamrenda. adra ä hun enn fyrer sunnan Quijä til Einangra. hina þridiu fiöru ä hun fyrer Eyarhorne (!) .xv. uxa höfn gamalla i Holaland. xL geldinga höfn annars hundrads i fiallsland.¹

Eftir bréfabók Guðbrands Þorlákssonar Hólabiskups að dæma hefur Sandfell verið „innlimað“ („inkorporerað“) í jarðagóss Skálholtsstóls, og þá sennilega þegar á biskupsárum Gísla Jónssonar.² Það merkti að ábúandinn í Sandfelli hverju sinni hefur haft jörðina á leigu frá Skálholtsbiskupi en ekki notið að öðru leyti góðs af eignum kirkjunnar eins og venja var um staðarhaldara (beneficiarii). Sandfell er þó skráð sem kirkjulén, beneficium, í jarðabók frá 1697 og 12 hundruð að dýrleika.³

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er Sandfelli lýst sem kirkjustað og beneficium og eign konungs. Það mun hafa verið sjaldgæft að sjálfstæð kirkjustofnun eins og beneficium væri talin eign nokkurs annars en hennar sjálfrar. Um eignir jarðarinnar er þetta sagt:

Upprekstur er jörðunni eignaður í Fjallslandi.

Skógarítak er eignað jörðunni í Skaftafellsheiði.

Annað í Jökulfelli.

Rekafjöru á jörðin millum Hamarenda⁴ og Kvíár, þar hún rann að fornu, og er sú kölluð Bakkafjara.

Aftur frá⁵ Kvíaá og vestur að Einangrum, kölluð Einangrafjara.

Þriðju fyrir nokkrum parti Hofslands.

Fjóru í Höfðavík austan undir Ingólfshöfða.

Jörðunni eru eignaðir þrír hlutir Ingólfshöfða. Item allt Fuglberg eftir máldaganum. Hér um ágreinir Sandfells- og Hofsbúendur, en hafa þó hvöru tveggju brúkað.⁶

Tvær hjáleigur eru nefndar með jörðinni: Miðhús og Stærri-Sandfellshjáleiga. Þriðja hjáleigan, Berjahólar, var þá orðin tóftir einar.⁷ Sandfell er 12 hundruð að dýrleika í Jarðabók Johnsens 1847 en 19,9 hundruð samkvæmt nýju jarðamati 1861.⁸ Um þetta leyti virðast hlunnindi jarðarinnar mjög hafa verið farin að ganga úr sér. Í brauðamati Sandfells, viðbótarskýrslu frá 20. júní 1840, er þessi lýsing:

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 702.

2 Magnús Stefánsson 2000, s. 160. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 10, s. 656.

3 Björn Lárusson 1967, s. 333.

4 *Hamraenda* í einu handriti.

5 *Austur frá* í einu handriti.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 436-437.

7 Ísleifur Einarsson sýslumaður ritaði árið 1712 að Berjahólar hefðu verið í byggð fyrir 80 árum (Jón Þorkelsson 1918-1920, s. 45).

8 *Jarðatal* 1847, s. 6. *Ný jarðabók* 1861, s. 6.

Hagar eru allir á Sléttlendi, og verður Fénaður því allur að ganga í Eíngiunum, því Fíall-Lendi er eí nema svokallad Grænafíall og Kambar, ecki stærri Pláts enn svo, að Lömb eru rekinn þángad eptir fráferur, enn tekinn aptur þadan á Tunaslétti.¹

Í brauðamatsskýrslu 1854 er Sandfelli eignað skógarhögg undir Rauðhellum en það var þá talið lítils virði vegna rýrnunar og árlegur arður því ekki metinn meira en á 1 ríkisdal og 48 skildinga. Í sömu skýrslu er arður af „afrétti“ í Breiðamerkurfjalli, „sem árlega geíngur miög mikid af sér vegna jökuls“, metinn á 1 ríkisdal.² Árið 1867 segir um „afréttinn“ í brauðamatsskýrslu að hann hafi ekki lengi verið brúkaður „sökum mótmæla Hofsbúenda“.³

Elsta landamerkjalyóing jarðarinnar Sandfells er í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641:

Kyrkian á Sandfelle á Heímaland allt með ollum Giædum, Langanes og Backa með öllum Giædum til Vmmerkia sem halddinn eru og tilseiger Sra Þolleifur Magnússon. Að jnnannverdu j Smior stein og heim j Landavotnn og Sionhending j Fíallid og eptir Máldaga B[re]fum að austann j Lágeij og Steinhillinga.⁴

Því næst er lýst eignum kirkjunnar og virðist þar að mestu farið eftir fyrnefndum máldaga Gísla biskups Jónssonar. Í vísitásiubók Brynjólfs biskups er því þó haldið fram að kirkjan á Sandfelli eigi allan Ingólfshöfða, og á eftir Lágey fyrir austan Götu er bætt við Litlu-Ey („annar er Lágeij fyrir austan Götu, þridie hin litla Eij, fiorde Kellingar eij...“). Einnig er í vísitásiubókinni dregið fram vitnisburðarbréf um að ábúandinn á Sandfelli hafi slegið og beitt án allrar ákæru land það sem kallað var á Kotum, milli Hofsbús og Sandfells, austur að Steiney. Í öðru vitnisburðarbréfi var greint frá því að Sandfellshólmi væri kallaður

vpp vndann Steina eij þ[e]irre er j Almenningz vege, enn vt vndan Stein eij ligge Lágeij þar sem þær fornu Seltoffter standa, sem Hofzm[enn] hafa sitt Sel nockur Ár haft huar þeir alldrej vissu fyrir Selsátur frá Hofe og þessi iij Aurnefne bere saman vid Maldagann j Sandfelle og alldrej hafe þeir annat heyr, og alldrej þar Tuijmæle á leika.⁵

Loks var vitnað í nafngreinda menn um að ekkert land hefði í manna minnum legið nær Eyrarhorni en Lambhagi, upp undan Lambey sem Skeiðará aftók. Þessi lýóing í vísitásiubók Brynjólfs biskups er skrifuð upp nær samhljóða í vísitásiubók Ólafs Gíslasonar 1748.⁶

Í vísitásiubók Brynjólfs biskups frá 1654 eru settir fram nokkrir fyrirvarar um áðurnefnd landamerki:

Er Agreining vm Stadarins Landamerke að innann millum Suynafells og hans huad langt Sandfell eige inn yfer Hrakdælu og Tiörn þar fyrir ofann þuj ecke urdu fyrir Bijuysingar af Sra Þorleifi vm Smiorstein að riett Landamerke være. Tilsagt Sra Þorleife að hallda þuj vnder K[yr]kiuna að Sandfelle

1 Skjal nr. 2 (41).

2 Skjal nr. 2 (42).

3 Skjal nr. 2 (43).

4 Skjal nr. 2 (18). Úti á blaðjaðri er bætt við: „NB Adrer hallda að hallded hafe uered agreiningarlaust fra Stadnum inn j Hrakdæl og Fiöru þar fyrir ofann og suo hafde Sra Eyrikur Sueinson hallded og Sra Jon Olaffsson effter hann fyrir utann allann Agreining millum Sandfells og Suynafells og ei heirdu Menn Þrætu fyrir enn Sra Þorleifur kom til, og er þetta athugande.“

5 Skjal nr. 2 (18).

6 Skjal nr. 2 (21).

j Löndunum sem hans Formenn hafa atölulaust halleded fyrir hann. Enn bera hitt sáttsamlega vnder Lög og Dóm sem ecke hefur að Hefð Sandfelle fylgt enn hann þikist þó Lagaskiöl fyrir hafa. Enn uarast Hrifs og Gripdeilder Adtekter og Jllinde bæde j þessu og öllu odru. Jtem ber Jon Sigmundsson a Skafftafelle að Sandfellsmenn hafa brukad atölulaust medann Sra Eyrikur Sueinsson og Sra Jon Olafsson hielldu Sandfell Skog i Skafftafells Jördu fram að Gile þuj sem næst er Eijaheller og nordur að Klappargile sem fellur j Snidabrecku framannuerdre og það med kinner hann að Hefð og Halde Sandfelle fylgt hafa suo langt sem hann minde til og hefur nu sið Ár vm siötugt. Þuj skal Sra Þorleifur og hallda.¹

Í vísitásiubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1677 er þessi lýsing á landamerkjum Sandfells:

Hún [kirkjan] á Heimaland allt med Gögnum og Giædum til þeirra Vmmerkia sem enn nu eru atölu-
laus effter Prestsenz Sr. Gisla Finnbogasonar Medkenningu fra Stadnum jnn j Hrakdæl og Tiörn þar
fyrir ofann, item ä hun Ingólfs hófda að þrimur hlutum effter visitatiu bok Herra Gysla Jonssonar, en
allan Ingolffs hófda effter regesturs bladi Kyrkiunnar videatur visitatio anni 1641. ...Item heildur
Kirkiann skög j Skaptafells Jördu fram að Gilj þuj sem næst er Eya Heller og nordur að Klappar
Gile sem fellur j snida brecku framannverdrj. Þetta atöluust j 21 ár sem Sr. Gislj hefur stadenn halld-
ed og hann af veit.²

Í vísitásiubók Jóns Vídalíns biskups 1706 er að mestu farið eftir máldaga Gísla Jónssonar og jafnframt vikið að óvissu um staðsetningu örnefna og þeim ágreiningi sem var á milli Hofsmanna og Sandfellsmanna um fuglveiði í Fuglbergi.³ Lýsingin í vísitásiubók Ólafs Gíslasonar 1748 er hins vegar nær orðrétt uppskrift úr vísitásiubók Brynjólfs biskups 1641.⁴ Síðasta vísitásián sem hér er vitnað í er frá um 1800. Þar stendur m.a.:

Landamerki milli Sandfells og Svínafells er[u] halden þessi: eptir framburdi Beneficiarii og bónda á Svínafelli: Sjónhending úr Hrakdæluhólum í midjan Réttarfalljökul og so þaðan austan verdt við Svínafellsfjall.⁵

Landamerkjabréf Sandfells var undirritað 15. júlí 1922 og þinglesið 9. júlí 1923:

Jörðin Sandfell í Hofshreppi á lönd og landeignir sem hjer segir:

1. Heimaland alt með öllum gögnum og gæðum milli þessara marka:
 - a. Að innan: Úr miðjum Rauðakambi, sem er í skriðjöklinum milli Sandfells og Svínafells, í lægð í svonefndum Markhól, sem er ofan við veginn en austan við Virkisá innri, þaðan í lægðina milli Hrakdæluhóla; sama stefna ræður mörkum til enda.
 - b. Að austan: Úr miðju Rótarfjalli, sem er í skriðjöklinum milli Sandfells og Hofs, í innri enda Litlafjalls, sem er háls áfastur Goðafjalli, þaðan í hæstu þúfu í svonefndum Miðjökli; sama stefna ræður mörkum til enda.
2. Ingólfshöfða á jörðin allan að fráteknum tveim fimtu hlutum grasnytar, sem Hofi tilheyrir.
3. Skógarítak á jörðin í Skaftafellsheiði milli Kambulgils og Klappargils, sem öðru nafni nefnist Hlaupgil.

1 Skjal nr. 2 (19).

2 Skjal nr. 2 (22).

3 Skjal nr. 2 (24).

4 Skjal nr. 2 (21).

5 Skjal nr. 2 (15).

4. Annað skógarítak á jörðin í Innfjöllum í Skaftafelli milli Stóruskriðu og Rauðhelli.
5. Fjörur á jörðin þessar:
 - a. Staðarfjörü milli þessara marka: *Að vestan*: Austurendann á vestustu melabótinni sem er upp undan fjörunni skal bera í eystra gilið sem er framan í Dalaskeri upp af Mýrarvökinu. Úr þessum mörkum eru mælt frá flæði 3550 stikur í beina stefnu í drang þann sem er vestan við Ingólfshöfða framan undir Kongsvíkuröldu. *Að austan*: Markmel á að bera í vikuröldu, sem er upp af Kúadalsöldu. Úr þessum mörkum eru 1450 stikur mælt í áðurnefndan drang vestan við Ingólfshöfða.
 - b. Höfðavík frá Ingólfshöfða austur til þessara marka: Máfasker sem er austanvert við Borgarklett á að bera í tindinn sem er milli dýpstu skarðanna á Súlnatindum á Eystra fjalli.
 - c. Bakkafjörü milli þessara marka: *Að vestan*: Haus austantil í Kviármýri á að bera í stein framan í Kviármýrarkambi, þaðan í klett sem er milli Vatnafjalla og Staðarfjalls. *Að austan*: Varða, sem er á öldunum ofan við Þjóðveginn en vestan við veginn heim að Kvískerjum, á að bera í ljósan blett í Nónhamri.¹

Lýsing þessi var samþykkt að því er snerti landamerki milli Sandfells og Svínafells, Sandfells og Hofs, eignarrétt á Ingólfshöfða, vestri fjöromörk Staðarfjörü og eystri fjöromörk Höfðavíkur. Hún var einnig samþykkt að því er snerti skógarítök Sandfells í Skaftafellssýslu, eystri fjöromörk Staðarfjörü, vestri fjöromörk Bakkafjörü og eystri fjöromörk Bakkafjörü.

Sandfell var kirkjustaður til ársins 1914 en þá var síðasta kirkjan þar rifin. Jörðin fór í eyði 1947.² Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið á Sandfelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálalabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins og þar til jörðin fór í eyði var hún framseld með hefðbundnum hætti og veðsett. Ríkissjóður Íslands er nú þinglýstur eigandi Sandfells.³

6.5. Hof

Að Hofi var kirkja að fornu helguð dýrilingnum Klemensi. Hún átti heimaland hálf. Í elsta varðveitta máldaga kirkjunnar, sem talinn er frá 1343, segir orðrétt.

hofsmenn eigu oll orknadraap j lambeyaros oc til þess er graus ber næst j sulufell.

fylogja þessi oll somun giædi einn veg eignarhluta sem kirkiuhluta ad hofi.

hofsmenn eigu helming allra þeirra fiarna sem liggja til jökulfells.⁴

Í máldaga kirkjunnar frá 1387 er nokkuð nákvæm landamerkjalyking auk þess sem greint er frá hlunnindum jarðarinnar:

Clemens kirkia ad Hofi j Hieradi ä heimaland hälf med öllum gögnum og giædum inn ad Kotä sem fellur fyrer innan Kuabacka og sionhending upp j það gliufur vid nedanverdt fiallid. sem su sama ä fellur ur. og upp j midt Rotafiall ä mots vid sandfellsmenn.

Hof ä land austur ad gliufri því. sem gliufursä fellur ur og j Hamraenda og sidan oslitid land ut ad Ingolfshöfða.

1 Skjal nr. 2 (4).

2 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 73, 75.

3 Skjal nr. 5 (2), sbr. skjal nr. 4 (53). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 39-41.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 774.

Item Jngolfshöfda allan ad fräteknum tveim hlutum fuglbergs sem eignadar eru annar kirkiunni ad Eyrarhorni. þridie kirkiunne ad Raudalæk.

Hof ä reka allann fra sallthöfda fiöru. og ut ad Jngolfshöfda.

Item örknadráp öll j [mille] Lambeya og til þess gras ber næst j sulufell. xv hrossa beit ä Kviärmyri um sumar firir utan löghelgar. fra Krossholhti liggur kyrfodur til Hofs. og abyrgist ad öllu.

Item elldividartak og kolagiörd j Skaptafellsheidi.

Fylgia þessi öll saman giædi einn veg kirkiuhluta sem eignarluta ad Hofi.

Þessar ä kirkian jarder.

Fiall med ix^e. fiöru.

halft Skaptafell.

Suinanes halft. og helming allra þeirra fiarna sem liggia til Jokulfells.¹

Árið 1482 voru eignir kirkjunnar að Eyrarhorni lagðar til Hofskirkju. Kaupahluti Hofs komst í eigu Skálholtsbiskupa á 15. öld og árið 1525 seldi Ögmundur Pálsson biskup Ásgrimi nokkrum Ásgrímssyni þennan hluta jarðarinnar fyrir hlut í Stórahvoli og Miðhúsum ásamt því að kenna syni Ásgríms til prests.²

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er einungis tæpt á eignum kirkjunnar. Hún átti heimaland hálf og síðan er bætt við: „Reka og jtök og önnur jtök ad fornu fare.“³ Í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 15. september 1641 er þessum eignum kirkjunnar lýst nokkru nánar: „Reka og Jtök og önnur Jtök ad fornu Fari, er haldid fra Breiðármerkr fiöru austur ad Kui skeria fiöru köllud 9^e [hundruð] fyrer Fialls fit – med greindri Fialls fit og Fiallinu upp.“⁴ Jón biskup Vídalín vitnar árið 1706 athugasemdalaust í þessa vísitásiubók Brynjólfs.⁵

Hof var metið á 46 hundruð og 160 álnir árið 1686 en 14 hundruð árið 1697. Þessi mikli munur stafaði trúlega af því að árið 1686 var dýrleikinn reiknaður sem tvítugföld landskuld en hvergi í hreppnum greiddu ábúendur eins háa landskuld á þessum tíma og að Hofi. Konungur átti þá fjórðung í kaupahlutanum en $\frac{3}{4}$ voru í einkaeigu.⁶ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 kemur fram að öll jörðin sé 28 hundruð að dýrleika. Af helmingi jarðarinnar (þeim sem tíundaður var) var $10 \frac{1}{2}$ hundrað í bændaeign en $3 \frac{1}{2}$ hundrað í eigu konungs. Þar segir enn fremur:

Skógarítak til eldingar og kolgjörðar á jörðin í Skaftafellsheidi. Jörðunni er eignað Fjall og Fjallsfit í Breiðármerkurlandi. Rekafjöru á jörðin fyrir Breiðármerkurlandi, kölluð Fjallsfjara, níu hundruð. Rekafjöru á jörðin einnig fyrir sínu, Hofsnæs- og Hnappavallalöndum. Item Tangafjöru fyrir Sandfellslandi. Ingólfshöfði, sem liggur fyrir jarðarinnar landi, er allur jörðunni eignaður eftir gömlum máldög-

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 401. Þessar eignir kirkjunnar voru áréttaðar skömmu fyrir miðja 17. öld í bréfi Jóns Jónssonar í Oddgeirshólum til Vigfúsar Jónssonar á Hofi (sbr. skjal nr. 2 (40)). Bréf þetta er aðeins til í ungum afskriftum.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 274-275. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 638-639.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 701.

4 Skjal nr. 2 (17).

5 Skjal nr. 2 (23).

6 Björn Lárusson 1967, s. 333.

um, fráteknum tveim hlutum Fuglbergs, sem eignaðir eru annar kirkjunni að Rauðalæk, þriðji kirkjunni að Eyrarhorni, eftir bréfsins hljóðan. Síðan hefur Eyrarhornseign lögð verið til Hofs, en Rauðalækjar til Sandfells, og hafa hvöru tveggju, bæði Hof- og Sandfellsmenn, brúkað Fuglbergið, þó ágreiningur hafi um verið. Rekafjara er vestan undir höfðanum, sögð níu hundruð faðmar að lengd, kölluð Kóngsvík. Þessi fjara hefur fylgt Skaftafellssýslu, síðan fyrst menn til vita.¹

Hjáleiga, nefnd Litlahof, var á þeim tíma byggð úr heimalandi Hofs og var dýrleikinn sagður óviss.

Í vísitásiubók prófasts 1801 er greint frá því að upp hafi komið ágreiningur milli sóknarprestisins (í Sandfelli) og ábúenda Hofs um hagbeit „i so kallada Fialls-Lande er Prestur hefur effter Sandfellskirkiu Maldaga viliad hagnyta ser fyrer einhver[ar] faar Giæld Kyndur a Sumardag“.² Þessi ágreiningur kann að hafa stafað af því að presturinn í Sandfelli hafði þá fengið kóngspartinn í Hofi til afnota. Einnig minnst prófasturinn á óvissu um það hvort Fjallsfjara haldi sínum fyrri takmörkunum „vegna nyuppsettra Fioru Marka er Ábuandenn a Svinafial[le] Thorsteirn Sigurdsson hefur lated þar uppreysa“.³ Að öðru leyti var kirkjan sögð halda eignum sínum og ítökum óátöldum. Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er jörðinni eignaður upprekstur í Breiðamerkurfjalli og er það óbreytt í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916.⁴

Heimildir um landamerki Hofsjarðar eru til frá ýmsum tímum. Áður hefur verið vitnað í máldaga kirkjunnar frá 1387 og má ætla að hann hafi verið stofninn að þeirri landamerkjalyðingu sem er í vísitásiubók Jóns biskups Árnasonar 1727:

Landamerke mille Hofs og Sandfells seigia nálæger Menn ad nu sieu halldenn þesse. Jnn ad Kotá, sem fellur fyrer jnnann Kuabacka, og Siónehending upp i það Gliufur vid nedann verdt Fialled, sem su sama Á fellur úr, og upp i midt Rótafiáll, á mótz vid Sandfellsmenn. Ad austann verdu skal Hof eiga Land ad Holsgile. Þetta er mestannpart samhlióða þeirra copie af Transscriptar Brefe Hofs K[ir]kiu Maldaga, med eins Mans underskrifudu Nafne, enn Datum Transscriptar Brefsens er j greindre Copiu 1585.⁵

Í vísitásiu Ólafs Gíslasonar 1748 er lýsingin tekin nær orðrétt upp en í lok hennar út á jaðar hefur verið ritað: „NB Hóls Gile, Syslum[adur] Sigurdur Stephansson seiger það ege ad vera Gliufursá eda Gliufursárgil, annars verdu(r) Hofsnese ecke i Hofslande, e[f] Holsgil á ad [vera] Landamerke.“⁶

Á manntalsþingi 1745 var því lýst yfir að sá hluti Hofsjarðar sem konungur átti og presturinn hélt „i tillag og launaforbetrun“ hafi orðið fyrir skemmdum af fjallskriðu og hlaupi. Á þessu sama þingi óskaði sýslumaðurinn eftir því að nærverandi menn vitnuðu um það „hvört ad þeir vissu nockur Landamerki á austur Sijdu Hofs, millumm þeirrar Jardar og Hnappavalla, utann Gliufurs Aar Gliufur, Siónehending i Hamrarena edur hvort Hofsnese stæde ej jnnann Hofs Takmarka. Huar til Syslumadurenn fieck Suar, ad sannra umm Landamerke greindra Iarda i millumm vissu þeir ej. So og ad Hofsnese være innann Hofstakmarka ad vjjsu“.⁷

Í skjali þessu og fyrrnefndri vísitásiu Ólafs Gíslasonar 1748 er minnst á Hofsnese. Í vísitásiunni er Hofsnese sagt vera 6 hundruð að dýrleika og í heimalandi Hofs „effter ádur hjer innfærdum

1 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 435-436.

2 Skjal nr. 2 (38).

3 Skjal nr. 2 (38).

4 Skjöl nr. 2 (35, 37).

5 Skjal nr. 2 (26).

6 Skjal nr. 2 (20).

7 Skjal nr. 2 (27).

Landamerkið.“ Í vísitíðinni eru allar líkur taldar á því að Hofsnæs heyri til kirkjuhluta jarðarinnar. Ekki er kunnugt um hvenær búskapur hófst í Hofsnæsi en óljósar heimildir eru um að þar hafi verið búíð þegar um miðja 14. öld.¹ Elstu áreiðanlegu heimildirnar munu þó ekki vera eldri en frá síðari hluta 17. aldar. Í jarðabók 1686 er Hofsnæs sagt vera 20 hundruð að dýrleika en 6 hundruð árið 1697.² Jörðin er þar og í öðrum heimildum tíunduð eins og um fullgilt lögbylí sé að ræða en ekki hjáleiga. Sami dýrleiki er tilfærður á jörðinni í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 og eigendur hennar nafngreindir en hún var eftir sem áður innan landamerkja Hofss allt þar til gert var sérstakt landamerkjabréf fyrir Hofsnæs 1890.³ Það er á þessa leið:

Landamerkin milli Fagurhólsmýrar og Hofsnæs eru frá upptökum Gljúfursár; svo ræður gljúfrið að Gljúfursminni, þaðan í Hamarenda, þaðan í næstu fit austan við fastalandstaglið.

Að austan eru landamerkin milli Hofsnæs og Hofss: úr Hólsgili og í grjótvörðu, sem er á Kúadalsöldu; svo þaðan og út fyrir alla grasnyt í merki, sem upp er sett í hólma innan við Vatnamela. Þaðan beina línu í Markmel, sem er skamt fyrir ofan fjöru. Fjörumerkin að austan eru: Mýrarmelur á að bera í þúfu á Fátækramannahól. Að vestan eru fjörumerkin: Mýrarmelur á að bera í nefið á Blesakletti.

Líka á Hofsnæs Kongsvíkurfjöru.

Merkin að vestan milli Kongsvíkur og Staðarfjöru eru: Markmelur á að bera í Víkuröldu upp af Kúadalsöldu. Svo á jörðin fjöru allt austur að Ingólfshöfða.⁴

Undir bréf þetta rituðu (2. maí 1890) 12 ábúendur Hofss. Að því er snerti fjörumörkin milli Kóngsvíkur og Staðarfjöru undirritaði bréfið umráðamaður Sandfells og að því er snerti land- og fjörumörk milli Fagurhólsmýrar og Hofsnæs undirritaðu ábúendur Fagurhólsmýrar það.

Annað landamerkjabréf, frá 14. júlí 1922, víkur í fáeinum atriðum frá eldra bréfinu:

Landamörk milli Hofsnæs og Fagurhólsmýrar eru frá upptökum Gljúfurár vestan við Miðfellstanga, svo ræður gljúfrið að gljúfurminni, þaðan í vörðu á Hamarenda, þaðan í næstu fit austan við Nýalandið.

Landamörk milli Hofsnæs og Hofss eru þessi: Þaðan sem fremri brún Háaskers er hæst í Klett, sem er innan við Kúadalsöldu, þaðan í vörðu í vörðuna á Markhólma, þaðan í melabót þá sem vestust er af melum þeim sem eru uppundan Staðarfjöru, síðan ráða til sjávar fjörumörkin sem eru milli Staðarfjöru og Tangarfjöru.

Fjörumörkin að austan milli Stúfs og Mýrarfjöru eru: Mýrarmelur á að bera í þúfu á Fátækramannahól. Að vestan eru fjörumörkin Mýrarmelur á að bera í nefið á Blesakletti.

Fjörumörk milli Kongsvíkur og Staðarfjöru eru Markmelur sem á að bera í Víkuröldu upp af Kúadalsöldu. Þaðan á Hofsnæs fjöru austur að Ingólfshöfða.⁵

Undir bréfið rituðu ábúendur Hofsnæs. Það var staðfest að því er snerti landamörk milli Hofss

1 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 66.

2 Björn Lárusson 1967, s. 333.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 435. Landamerkjabréfið var undirritað í Hofsnæsi 2. maí 1890 (skjal nr. 2 (6)).

4 Skjal nr. 2 (6).

5 Skjal nr. 2 (7).

og Hofsness og fjörumörk milli Stúfs og Hofsfjöru og einnig að því er snerti fjörumörk milli Staðarfjöru og Kóngsvíkurfjöru.

Nákvæm landamerkjalyting Hofs er í lögfestu sem undirrituð var að Hofi 7. apríl 1851 og upplestin fyrir manntalsþingsrétti 7. maí á sama stað:

Við undirskrifaðir lögfestum hér í dag eignarjörð okkar Hof liggjandi í Hofshrepp og Austur-Skaftafells sisslu, að þeim hluta er við eigum af nefndri jörð, eða höfum eptir géfinni fullmagt, umráð um. Lögfestum við nefnda jörð með öllum ítökum og hlunnindum, akra og töður, eingjar og skóga vötn og veiðistaði, og allar þær landsnitjar, er því landi eigu að filgia til þessara ummerkja: að innan eður til móts við Sandfell, eru morkinn:

sjónhendíng úr Rótalfalli þar sem það ber hæðst í hólinn í Miðjökli og þaðann sömu stefnu að fjörumáli því er síðar verður tiltekið í skjali þessu; að austann ráða jöklar austureptir frá Rótalfalli að upptökum Gljúfursár enn síðann ræður hún mörkum framm í gljúfurskjapt enn úr gljúfurskjaptinum á nefndri á er stefnann á mörkonum við Hamarenda og þaðann sömu stefnu til sjáfar.

Að sunnann eður á þá hlið er að sjó veit, eru mörkinn: að austan útað Ingólfshöfða, að Borgarklett beri í Selaklett, sem standa upp af Höfðavík¹ fyrir austan Ingólfshöfða, en vestureptir eru mörkin frá Borgarklett að nefndann klett beri fremst í Fossnúp á Síðu, heldur þessari stefnu áfram til að afmarka landið á þá hlið er veit til sjáfar, þartil að stefnan á mörkonum milli Sandfells og Hofs kross skéra þessa stefnulínu frá Borgarklett í Fossnúp. Innann þessara ofanskrifaðra Hofs landamerkja liggur Hofsness land og eins Eirarhorni Kirkjuland sem lagðist til Hofs kirkju þegar Eirarhorn lagðist í eiði. Það af Leirum sem verður uppaf Hofs og Tángafjörum þá á báðum fjöru endum, hvörrar þeirra fyrir sig, er tekin frá sjó bein stefna í norður, uppáð landamerkjum þeim er ofar seigir að séu á Hofs landi á þá hlið er til sjáfar veit filgir fjörunum, hvörjar báðar fjörur að filgia Hofi. Tángafjara er Kirkju eign enn Hofs fjara filgir Hofslandi.

Enn fremur lögfestum við eptirskrifuð ítök sem Hofsjörðu eiga að filgia; first einn fjórðapart af grasnít í Ingólfshöfða; anað, eiðijörðin Fjall, sem liggur á Breiðamerkursandi austann Kvískerja land, lögfestum við nefnda jörð með öllum nitjum til fjalls og fjöru, er fjarann talinn 9° [hundruð] fyrir Fjallsfít, og loksins lögfestum við hálfá eiðijörðina Breiðumörk með tilheirandi fjöru veiðistöðum og öllum landsnitjum, liggur jörð þessi fyrir austann Fjallsland, austur að Fellslandi í Suðursveit, vestann Jökulsá á Breiðamerkursandi þar sem hún nú fellur úr Jökli.²

Í lok lögfestunnar var þeim öllum stefnt fyrir fimmtardóm sem vildu mótmæla þessari lögfestu: „Við leggjum einninn hérmeð fimtarstefnu, við þá er móti þessari lögfestu kinni vilja mæla, hér að Hofi, hvörja við látum hér í dag þinglesa, öllum viðkomendum til þóknanlegrar vitundar.“³ Þegar lögfestan var þinglesin mánuði síðar mælti enginn henni í mót, en 24. júlí svöruðu eigendur Fells með nýrri lögfestu þar sem þeir andmæltu „ínýtjum“ Hofsmanna innan tilgreindra ummerkja jarðarinnar Fells. Þessi deila var til lykta leidd með samkomulagi árið 1854 og er gerð nánari grein fyrir henni í kafla 6.10. um Breiðármörk.

Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleiki Hofs sagður vera 21 hundrað. Þá var Litlahof komið í eyði, og einnig eru nefndar eyðihjáleigurnar Fjall og Breiðumörk með tilvísun í jarðamatið 1805.⁴ Í

1 útaf hér næst á eftir yfirstrikað.

2 Skjal nr. 2 (16). Undirstrikanir í frumriti.

3 Skjal nr. 2 (16).

4 *Jarðatal* 1847, s. 5-6. Í jarðamatinu 1804-1805 eru nafngreindir sjö leiguliðar á jörðinni auk landeigandans (skjal nr. 2 (44)).

Nýrri jarðabók 1861 eru nefndar tvær hjáleigur, Litlahof og Hofskot, og eru þær ásamt heima-jörðinni Hofi metnar á 27,6 hundruð.¹

Landamerkjabréf Hofs var undirritað 15. júlí 1922 og þinglesið sama dag:

Hof í Hofshreppi á lönd og eignir sem hjer segir:

Að innan lína, sem dregin er úr miðju Rótarfjalli, sem er upp í jökli, og þaðan í innri enda Litlafjalls, þaðan og í hæðstu þúfu á svonefndum Miðjökli svo þaðan beina sjónhendingu út.

Að austan í línu, sem dregin er úr fremri brún á Háskeri þar sem hún er hæst í klett sem er innan við Kúaöldu, þaðan í vörðu sem hlaðin er í Markhólma þaðan í melabót þá sem er syðst af melum þeim sem eru uppundan Staðarfjörü síðan ráða fjörumörk sem eru milli Staðarfjörü og Tangafjörü.

Enn fremur á jörðin Breiðamerkurfjall alt og land á Breiðamerkursandi, að vestan eru mörkin sem hjer segir: Toppurinn á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli sem beri í skarðið á Eiðnatindi í sama fjalli.

Hof á tvo fimtu hluta af grasnyt í Ingólfshöfða. Fjörur á jörðin þessar: 1. Tangafjara fyrir vestan Ingólfshöfða milli þessara marka; Að vestan: Fremri menn í Hafrafelli eiga að bera í klettinn fyrir norðan dypsta skarðið í svonefndum Skörðum í Skaftafellsfjöllum. Að austan: Eystri endinn á vestustu melabótinni í Hofsmelum skal bera í eystra gilið framan í Dalaskeri sem er upp af Mýravíkinu þaðan eru (mælt frá flæði) 3550 metrar í beina stefnu á drang þann sem er vestan undir Ingólfshöfða fyrir framan Kóngsöldu.

2. Hofsfjara fyrir austan Ingólfshöfða milli þessara marka: Að vestan: Máfasker sem er fyrir austan Borgarklett á að bera í tindinn milli Skarðanna í Súlnatindum á Eystrafjalli. Að austan: Mýramelur á að bera í nefið á Blesakletti.

3. Fjallsfjara milli þessara marka: Að vestan: Toppurinn á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli skal bera í skarð í Eiðnatindi á nefndu fjalli. Að austan: Hærri þúfan á Máfabygðum skal bera austan í Múlahöfuðið sem er fremst austan á Breiðamerkurfjalli og landamörk þau sömu.²

Landamerkjabréf þetta var samþykkt í fyrsta lagi að því er snerti landamörk milli Hofs og Sandfells, ítak í Ingólfshöfða og eystri fjörumörk Tangafjörü og vestri fjörumörk Hofsfjörü; í öðru lagi að því er snerti landamörk milli Hofs og Hofsness og eystri fjörumörk Hofsfjörü; í þriðja lagi að því er snerti vestri fjörumörk Tangafjörü og loks í fjórða lagi að því er snerti eystri mörk milli Fjallslands og Breiðamerkurlands.

Á Hofi hefur lengi verið margbýli. Í byrjun 18 aldar voru fimm ábúendur á jörðinni og átta um einni öld síðar.³ Í því sambandi má geta þess að þrír austustu bæirnir nefndust á síðari tímum einu nafni Litlahof.⁴ Ekki er ljóst hvenær formleg skipti jarðarinnar fóru fram, en í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 eru þessar jarðir nefndar sem sjálfstæðar jarðir: Hof (Litla-Hof), eigandi og ábúandi Þorsteinn Gissursson; Hof (Litla-Hof), eigandi og ábúandi Páll Jónsson; Hof (Litla-Hof), eigandi og ábúandi Finnbogí Einarsson; Hof (Heimahof), eigandi og ábúandi Þorlákur Jónsson; Hof (Heimahof), eigandi og ábúandi Karl Magnússon; Hof (Heimahof), eigandi og ábúandi Oddur Sigurðsson; Hof (Kot), eigandi og ábúandi Arndís Halldórsdóttir.⁵ Samtals eru þetta sjö sjálfstæð

1 *Ný jarðabók 1861*, s. 6.

2 Skjal nr. 2 (5).

3 Skjöl nr. 4 (57) og 2 (44).

4 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu 3*, s. 71.

5 Skjal nr. 2 (37).

býli. Á Hofstorfunni eru nú þessi býli: Hof I (Austurbær), Hof I (Austurhús), Hof II (Lækjarhús), Hof III (Vesturhús), Hof IV (Hofskot) og Litlahof.¹

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið á Hofi frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.²

6.6. Fagurhólmsmýri

Fagurhólmsmýri var upphaflega hjáleiga, byggð úr heimalandi Hnappavalla, eftir því sem fram kemur í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709. Dýrleiki hjáleigunnar er þar sagður óviss en landskuldin var 80 álnir. Það gæti bent til að hún hafi verið rúmlega 13 hundruð að dýrleika.³ Um eldri heimildir er ekki vitað.⁴

Árið 1811 seldi Sigurður Þorsteinsson á Svínafelli Jóni Árnasyni hreppstjóra 6 hundruð og 60 álnir í Hnappavöllum en það reiknaðist hluti hjáleigunnar Fagurhólmsmýrar í jörðinni. Svo virðist sem Fagurhólmsmýri hafi við þetta orðið sjálfstæð jörð. Í Jarðatali Johnsens 1847 er hún þó enn nefnd hjáleiga án þess að tilgreina dýrleikann en í Nýrri jarðabók 1861 er Fagurhólmsmýri skráð sem sérstök jörð, 3 ¼ hundruð að gömlu mati en 8,9 hundruð samkvæmt nýju jarðamati.⁵ Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er þessi lýsing á jörðinni:

Túnið er heldur stórt, en þýft, fōðrar 2 kýr, eingiar eru eptir jarðar megni nógar, en votlendar miög og heyfall slæmt, hagar saman við Hnappvellinga óskiptir, en jörð þessi hefir verið hiáleiga frá Hnappavöllum og 30 álnum meira enn ¼ partur úr allri jörðinni. Fjara fylgir jörð þessari að þessari tiltölu sameiginleg með Hnappvellingum. Jörðin álitst að geta framfleytt 3 kúm og 80 fiár og er örðug vegna heyskæparins.⁶

Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849 er þess sérstaklega getið að Fagurhólmsmýri eigi „leiguliðagagn af „Salthöfðafjöru“.“⁷

Árið 1900 var hálf Fagurhólmsmýri, 5 hundruð að dýrleika, seld á leigu, og var landamerkjum jarðarinnar þá lýst með svofelldum hætti:

Landamerki jarðarinnar eru úr Gljúfurárkjafsti í vörðu á Hamarenda, þaðan í þúfu í fastalandstagli í Nýjalandi. Fjörumörk jarðarinnar eru að vestan: frá sjó í Mýrarmel beina leið í þúfuna á Fátækramannahól, en að austan: frá sjó í Hvalbein á Hnappavallahólmum, er beri í þúfu á Gyltu.⁸

Í byggingarbréfi frá 1915 er landamerkjalyfingin lítils háttar frábrugðin:

Landamerki jarðarinnar eru: Úr Gljúfursárkjafsti í vörðu á Hamarenda, þaðan í næstu fit við Nýjalands-tagl. Fjörumörk jarðarinnar eru að vestan: frá sjó í Mýrarmel, beina leið í þúfuna á Fátækramannshól en að austan frá sjó í hvalbein á Hnappavallahólmum, er beri í þúfu á Gyltu.⁹

1 Hof III var selt bændunum á Hofi I, Hofi IV og Litlahofi árið 1966 (sbr. skjal nr. 9 (9)).

2 Skjal nr. 4 (42-44). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 32-39.

3 *Jarðabók Arna og Páls* 13, s. 435.

4 Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* 3 (s. 63) er fullyrt að Fagurhólmsmýri muni að stofni til vera sama jörð og Salthöfðafjaran sé kennd við. Sá bær hafi farið í eyði 1362, en Salthöfðafjöru sé getið í máldaga frá 1343.

5 *Jarðatal* 1847, s. 5. *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

6 Skjal nr. 2 (35).

7 Skjal nr. 2 (36).

8 Skjal nr. 2 (33).

9 Skjal nr. 2 (34).

Landamerkjabréf Fagurhólsmýrar var undirritað 29. maí 1922 og þinglesið að Hofi 15. júlí sama ár:

Landamörk milli Fagurhólsmýrar og Hofsnæs eru: Frá upptökum Gljúfurár vestan Miðfellstanga, svo eftir gljúfrinu og fremst í gljúfurkjaft, þaðan í grjótvörðuna á Hamarsenda, þaðan beina línu í lítinn hólma eða smáfit næst vestan við Nýjalandið.

Fjörumörkin eru: Mýrarmelur beri í hæstu þúfunu á Fátækramannahól.

Landamörk milli Fagurhólsmýrar og Hnappavalla eru: Frá upptökum Yrpugils, og eftir gilinu, svo fram af miðjum Salthöfða, þó á Fagurhólsmýri allan grashöfðann. Fagurhólsmýri á¹ Mýrarfifhólma, sem eru skiftar engjar austan Salthöfða, og ítak í Kviármýri fyrir 50 fjár og 3 hross.

Aðalengjamörk milli nefndra jarða eru: Frá Salthöfðanefi eftir ál er rennur austur framan undir höfðanum og í vörðu í hólma ofan og austan við Mýrarlandið og svo fram leirur.

Hnappavallahjáleiga á engjaítak í Húsfít í Mýrarlandi.

Fjörumörkin eru: Hvalbein sett upp og hlaðið upp með því í hólma ofan við fjöruálinn, á það að bera í Gyltu – lítinn klett – á Hnappavallaveitum, þaðan í standberg vestast í Hafnakambi; það er alt bein lína.²

Bréf þetta var samþykkt að því er snerti mörkin milli Hofsnæs og Fagurhólsmýrar og Hnappavalla og Fagurhólsmýrar.

Í Fagurhólsmýri voru lengi tveir ábúendur, en tvíbýli varð jörðin ekki fyrir en 1857.³ Fagurhólsmýrartorfan skiptist nú í þrjú býli, Fagurhólsmýri I, II og III.

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið á Fagurhólsmýri frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁴

6.7. Hnappavellir

Í Landnámu er maður nefndur Þorgils Ásbjarnarson „er Hnappfellingar eru frá komnir“.⁵ Að öðru leyti koma Hnappavellir ekki fyrir í Landnámu.

Á Hnappavöllum (Knappafelli) var kirkja um 1200 þegar Páll Jónsson biskup lét gera skrá yfir kirkjur þær í Skálholtsbiskupsdæmi sem presta þurfti til að fá.⁶ Kirkjan á Hnappavöllum (Maríukirkja) átti fjórðung í heimalandi samkvæmt máldaga sem talinn er frá 1343. Hlunnindi hennar voru þessi:

hvn a xxx hesta hrishogg j breidarland.

j Hola land til xvijj rossa.

j kviskæria land skog j millvm kambskardz oc vattarar [Vattarár] slykur sem hann er.

j Hrvtafell xij vngneyta rekstur. ...

1 Hér á eftir virðist strikað yfir *allan*.

2 Skjal nr. 2 (8).

3 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 64.

4 Skjöl nr. 4 (37-38). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 21-24, 64-65.

5 *Landnámabók* 1986, s. 320.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 5.

skogartopt hia biorghum oc j hrutafelli. nattrækstur busmala fra skarde a hvolä.¹

Kirkjan mun hafa verið lögð af eftir Örafahlaupið 1362 því að í Vilkinsmáldaga um kirkjuna í Stafafelli 1397 er þess getið að þangað hafi verið lögð, að skipun biskups, sex kúgildi og kúgildishross, tvö hundruð ófrið (þ.e. annað fé en kvikfé) og tilgreindir kirkjugripir ásamt sknúða.² Hnappavellir áttu skóg í Skaftafellsheiði samkvæmt skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ á Síðu 1528.³

Hnappavellir eru skráðir sem bændaeign í jarðabók 1686 og taldir þá 23 hundruð og 80 álínir að dýrleika en 12 hundruð árið 1697.⁴ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 eru Hnappavellir einnig sagðir 12 hundruð að dýrleika. Jörðinni fylgdi þá skógarítak til eldingar (eldiviðar) í Skaftafells-skógi og er það í samræmi við fyrrnefnda ítakaskrá Kirkjubæjarklausturs frá 1528.⁵ Tvær hjáleigur voru byggðar úr heimalandinu þegar Jarðabók Ísleifs var gerð: Hnappavallahjáleiga og Fagrahólmsmýri (Fagurhólmsmýri) en dýrleiki þeirra beggja var óviss. Þær áttu báðar hlut í skógarítaki heima-jarðarinnar.⁶ Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleikinn óbreyttur, 12 hundruð, og einungis Fagurhólmsmýrar getið af hjáleigunum.⁷ Í Nýrri jarðabók 1861 er Fagurhólmsmýri orðin að sérstakri jörð (sbr. kafla 6.6. um Fagurhólmsmýri) en við það minnkaði dýrleiki Hnappavalla ásamt hjáleigunni (Hnappavallahjáleigu) niður í 8 ¼ hundruð að fornu mati en 19,9 eftir nýju mati.⁸

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 segir um jörðina:

Hnappavellir með Hnappavallahjáleigu bændaeign. Túnið er gott, fóðrar 5 kýr, eingjar víðlendar og vatnasamar, en heyfall að mestu leiti slæmt, hagar eru víðlendir eptir því sem hér er í sveit. Jörðin álitst að géta framleytt 7 kúm og 160 fiár. Fiara fylgir jörðin heldur rekasæl. Hagar eru undirorpnir vatna- og sandágangi og jörðin örðug, nema fiaran.⁹

Á manntalsþingi að Hofi 14. maí 1891 var upp lesinn samningur sem gerður var 15. júlí 1850:

Hnappavellir hafi tún og engjar eptir sömu ummerkjum, sem haldin hafa verið og um Fagurhólmsmýri. Hnappavöllum tilheyri beitiland allt austur frá Mýrardölum og svo nefndum Salthöfða-aur, ásamt Sandskarðsveitu, en Fagurhólmsmýri tilheyri beitiland allt frá nefndum ummerkjum að Gljúfursá. Þar að auk eigi Fagurhólmsmýrar ábúandi heimilt að reka 50u fjár og 2 trippi til sumargaungu í Kvíarmýri.¹⁰

Landamerkjabréf Hnappavalla var undirritað 3. maí 1890 og lesið á manntalsþingi að Hofi 14. maí 1891:

Landamerki milli Tvískerja og Hnappavalla er í mitt sunnið milli Kambsmýrar og Kvíarmýrar og beint til sjáfar. En á milli Hnappavalla og Fagurhólmsmýrar eru landamörk, frá upptökum Yrpugils að ofan og fram úr Yrpugili og fram af miðjum Salthöfða, þó skal allur grashöfðinn fylgja Fagurhólmsmýri. Aðalmörk á milli Hnappavalla og Fagurhólmsmýrar engja eru: Frá Salthöfðanefi eptir ál, sem rennur austur framan undir höfðanum og í vörðu, sem er í hólma ofan og austan við Mýrarlandið og svo fram í leirur. Fagurhólmsmýri á ítak á Kvíarmýri fyrir 50 fjár (og) 3 hross.

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 773-774.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 202.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 471.

4 Björn Lárusson 1967, s. 333.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 434.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 435.

7 *Jarðatal* 1847, s. 5.

8 *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

9 Skjal nr. 2 (35).

10 Skjal nr. 2 (11).

Fjörumörk eru að austan: Milli Hnappavalla fjöru og Bakkafjöru: Staur austan til á Kvíarmýri á að bera í stein framan í Kvíarmýrar kambi, þaðan í klett, sem er milli vatnafjalla og Staðarfjalls. – Að vestan eru fjörumörk: Hvalbein sem er sett niður fyrir ofan álinn á að bera í Giltu og beina sjónhending í standberg, sem er vestan til í Hrafnakambi.¹

Undir bréfið rituðu átta menn, allir ábúendur á Hnappavöllum (Hnappavöllum I-VI, auk Vesturhjáleigu og Austurhjáleigu).² Landamerkjalyðingu þessa samþykkti umráðamaður Sandfells að því er snerti mörkin milli Hnappavalla fjöru og Bakkafjöru. Í lok bréfsins bæta tveir eigendur og ábúendur Hnappavalla (þ.e. Vestur- og Austurhjáleigu) þessu við: „Þess ber að geta, að Hnappavalla-hjáleiga á engjaítak í svonefndri húsfít í Fagurhólsmýrarlandi.“

Á jörðinni hefur lengi verið margbýli. Árið 1703 voru þar tveir ábúendur og fjórir í byrjun 19. aldar að meðtöldum hjáleigubóndanum.³ Í Fasteignabók 1922 eru nefnd átta býli á Hnappavalla-torfunni, en þau eru sjö í Fasteignabók 1957.⁴ Hnappavallatorfan skiptist nú í Hnappavelli I (Vesturhjáleigu), Hnappavelli II (Austurhjáleigu), Hnappavelli III (Miðbæ eystri), Hnappavelli IV (Miðbæ vestri), Hnappavelli V (fylgja nú Hnappavöllum VII), Hnappavelli VI (fylgja Hnappavöllum I og II að jöfnu) og Hnappavelli VII (Vestur-Hnappavelli).⁵

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið á Hnappavöllum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.⁶

6.8. Kvísker

Kvísker koma fyrst fyrir í heimildum í máldaga Hnappavalla sem talinn er frá 1343. Þar segir að kirkjan eigi „j kvískæria land skog j millvm kambskardz oc vattarar [Vattarár] slykur sem hann er“.⁷ Kvísker voru ein þeirra jarða sem Teitur Þorleifsson lögmaður seldi Ögmundi biskupi Pálssyni 1525. Jörðin var þá 6 hundruð að dýrleika.⁸ Í jarðabók frá 1686 eru Kvísker skráð sem bændaeign og metin á 13 hundruð og 80 álnir en 6 hundruð árið 1697.⁹ Þegar Jarðabók Ísleifs Einarssonar var gerð 1709 voru Kvísker komin í eyði, en „kunna þó að byggjast“ eins og þar stendur.¹⁰ Tekið er fram að jörðin eigi rekafjöru „fyrir nokkrum parti lands síns“. Í Jarðatali Johnsens 1847 er jörðin sögð 6 hundruð að dýrleika en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var hún 6,1 hundrað.¹¹ Séra Páll M. Thorarensen, prestur í Sandfelli, segir um Kvísker árið 1839 að jörðin sé 4 hundruð að dýrleika. „Þessi jörð er sára heyskaparlítill, hrossaganga ónýt, en sauð[fé] má nokkuð hafa hér.“¹²

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er þessi umsögn um jörðina:

Tvísker bændaeign. Túnið er heldur stórt, en snögt, fôðrar 1 kú, eingjar eru miög litlar og erviðar, en hagar sérlega góðir að því sem þeir nema, en vetrarharðt og álitst jörðin að geta framfleytt 1 kú og 80 fiár. Fiara fylgir iörðinni töluverðt laung og heldur rekasæl; selveiði er í Breiðamerkur ós og fær jörðin

1 Skjal nr. 2 (9).

2 Nöfn þessara manna eru í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 17-23.

3 Skjöl nr. 4 (57) og 2 (44). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 61.

4 Skjöl nr. 4 (21 og 24). Sbr. skjal nr. 11 (14).

5 Sbr. skjal nr. 11.

6 Skjöl nr. 4 (45-52). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 15-21, 61.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 773.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 273. Í annarri heimild frá svipuðum tíma er jörðin sögð vera 3 hundruð (sama rit, s. 93).

9 Björn Lárusson 1967, s. 333.

10 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 434.

11 *Jarðatal* 1847, s. 5. *Ný jarðabók* 1861, s. 5. Þar er jörðin sögð hafa verið 4 hundruð að fornu mati. Í báðum þessum heimildum er jörðin nefnd Tvísker.

12 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 150-151.

landhlut þar af; silungsveiði er hér einnig lítil. Hagar allir eru undirorpnir vatnságangi og jörðin örðug yfirhöfuð, nema fiaran og sérflagi géta ei hestar orðið hafðir hér á sumrum né vetrum.¹

Í jarðabók yfirjarðamatsnefndar 1849 segir m.a. um jörðina Tvísker (Kvísker):

Eggjatekja lítilfjörleg er á Breiðamerkursandi, sem þó er lítil arður að eins og að Silungsveiðinni. – Fjallhagar gánga ekki af sér, og hagar á sandfitjunum álitast að vísu að geti spilst á einum stað, en ekki svo að þeir þó ekki grói jafnframt upp á öðrum stöðum. – Jörð þessi stendur langt frá allri byggð umkringgt vötnum og eyðisandi.²

Jörðin taldist varla byggileg í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916, og var því veitt fé úr lands-sjóði til að halda við byggð þar „til þæginda og öryggis þeim sem yfir sandinn verða að fara“. Hlunnindum og landgæðum er m.a. lýst þannig:

Beitilandið er nokkuð víðlent fjalllendi og sandar, allgott til sauðfjárbéitar, en stórgripahagar slæmir og liggja langt frá bæ. Mjög snjöpungt og stormasamt. Smalamennska fremur ervið. Jörðin hefir dálítið fjalllendi upp frá bæ, til uppreksturs. Skógarkjarr talsvert er í fjallinu, til eldsneytis og má tína saman á sandinum sprekk sem vötn flytja undan jöklinum.³

Hér eru hvergi nefnd þau fjöll sem rekið var á en Sigurður Björnsson á Kvískerjum hefur skýrt svo frá að aðalbeitiland jarðarinnar hafi verið fjalllendið, þar á meðal Ærfjallið, og hafi þótt hæfi-legt að hafa þar um 20 ær með lömbum.⁴

Landamerkjabréf Tvískerja (Kvískerja) var undirritað 28. apríl 1890 og lesið á manntalsþingi að Hofi 5. maí sama ár:

Að austan milli Fjalslands á Breiðumörk og Fjalsfjöru, og Tvískerjalands og Tvískerja fjöru eru í sömu línu landamerki og fjörumörk, nefnil., að hæsta nef á Miðaptanstindi í Breiðamerkurfjalli beri í mitt skarðið efst á Eiðnaskarðstindi í sama fjalli.

Að vestan milli Hnappavalla- og Tvískerja- lands eru landamerki í miðju sundinu milli Kambsmýrar og Kvíarmýrar beint til sjávar.

Fjörumörk milli Tvískerja fjöru að vestan og Bakkafjöru eru að lítil varða neðst á öldunni fyrir austan Eystri-Kvíá á að bera í aðra vörðu fyrir sunnan Stóralæk og svo í hvítan blett í Nónhamrahólsklettinum.

Jörðin á fjöru og allan reka fyrir sínu landi nema af Bakkafjöru. Aðrar jarðir eiga ekki ítök í landinu.⁵

Landamerkjalyking þessi var samþykkt að því er snerti mörk milli Tvískerja fjöru og Bakkafjöru, landamerki milli Tvískerja og Hnappavalla og mörk milli Tvískerja fjöru og Fjallsfjöru.

Kvískerja er getið í fasteignabókum á 20. öld og þá jafnan sem einbýlisjarðar.⁶

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið á Kvískerjum frá því

1 Skjal nr. 2 (35).

2 Skjal nr. 2 (36).

3 Skjal nr. 2 (37).

4 Skýrslutökur í máli nr. 1/2001, 28. 6. 2002.

5 Skjal nr. 2 (12).

6 Skjöl nr. 4 (21-24).

að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.¹

6.9. Fjall

Áður hefur komið fram að Fjall er talið hafa verið landnámsbær Þórðar illuga Eyvindarsonar (sbr. kafla 6.1.). Jörðin Fjall með 9 hundraða fjöru var orðin eign bændakirkjunnar að Hofi þegar máldagi hennar var gerður 1387 (sbr. kafla 6.5.). Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er þessi klausa um jörðina Fjall:

Fjall. Hofskirkjueign. Eyðijörð. Liggur í norðaustur² af Breiðármörk. Hefur fyrir 14 árum sést til túns og tófta, en er nú allt komið í jökul. Öll eign jarðar er sagt lagst hafi til Hofskirkju í Örafum, af hvörri eign nú er ei eftir nema eitt fjall umgirt af jökulum, þó lítt brúkandi til lambagöngu á sumar. Item Fjallsfit og Fjallsfjara.³

Eftir að jörðin Fjall var að stórum hluta komin undir jökul virðast mörkin milli hennar og Breiðármerkur hafa orðið óljós. Þannig er í þessari sömu heimild kirkjustaðnum Hofi eignað Fjall og Fjallsfit í „Breiðármerkurlandi“, og einnig átti Hof rekafjöru „fyrir Breiðármerkurlandi, kölluð Fjallsfjara“.⁴ Enda þótt jörðin Fjall væri komin í eyði var hún enn nýtanleg. Í jarðamati 1804-1805 er hún talin önnur af tveimur eyðijörðum í þingsókninni „som kan benyttes“. Hin eyðijörðin var Breiðármörk. Sumarheit á jörðinni Fjalli var metin á 5 álnir (4-5% úr kýrverði).⁵

Eins og fram kemur í kaflanum um jörðina Hof er í vísitásiubók prófastsins 1801 vikið að ágreiningi milli sóknarprestisins (í Sandfelli) og ábúenda Hofis um hagbeit „i so kallada Fjalls-Lande“ sem presturinn vildi hagnýta sér fyrir nokkrar kindur á sumardag. Þessi ágreiningur kann að hafa stafað af því að presturinn í Sandfelli hafði þá fengið kóngspartinn í Hofi til afnota. Einnig minnst prófasturinn á óvissu um það hvort Fjallsfjara haldi sínum fyrri takmörkunum „vegna nyuppsettra Fioru Marka er Ábuandenn a Svinafial[le] Thorsteinn Sigurdsson hefur lated þar uppreysa“.⁶

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er jörðin Fjall ekki nefnd að öðru leyti en því að vísað er til þess sem segir um eyðijörðina í jarðamatinu 1804-1805. Hoffellsmenn ítrekuðu síðan rétt sinn til Fjalls og annarra eigna og hlunninda með lögfestu sem undirrituð var að Hofi 7. apríl 1851 og upplestin fyrir manntalsþingi 7. maí sama ár. Þar segir m.a.:

Enn fremur lögfestum við eptirskrifuð ítök sem Hofsjörðu eiga að filgja; first einn fjórðapart af grasnít í Ingólfshöfða; annað, eiðijörðin Fjall, sem liggur á Breiðamerkursandi austann Kvískerja land, lögfestum við nefnda jörð með öllum nitjum til fjalls og fjöru, er fjarann talinn 9 [hundruð] firir Fjallsfit, og loksins lögfestum við hálfu eiðijörðina Breiðumörk með tilheirandi fjöru veiðistöðum og öllum landsnitjum, liggur jörð þessi firir austann Fjallsland, austur að Fellslandi í Suðursveit, vestann Jökulsá á Breiðamerkursandi þar sem hún nú fellur úr Jökli.⁷

Að öðru leyti skal hér vísað til kafla 6.5. um Hof og 6.10. um Breiðármörk.

1 Skjal nr. 4 (36). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 12-14.

2 *norðvestur* stendur í einu handriti.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 434.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 435.

5 Skjal nr. 2 (44).

6 Skjal nr. 38.

7 Skjal nr. 2 (16).

6.10. Breiðármörk

Í kafla 6.1. er vikið að þeirri tilgátu Sigurðar Björnssonar að Breiðá, síðar Breiðármörk, kunni að hafa verið landnámsjörð Þórðar illuga Eyvindarsonar fremur en Fell en um það verður ekkert full-yrst.

Elsti máldagi kirkjunnar að Breiðármörk (Breiðamörk) er, með nokkurri óvissu, talinn frá árinu 1343. Þar eru eignir hennar í föstu og lausu taldar upp:

Mariukirkia að Breiðaa. a heimaland alltt með fiorum oc skoghvm þeim sem þar hafa

ad fornv fylgtt. oc þeim somvm morkvm sem ad fornu hafva verid.

hvn a oc Holafiorv xij hvndrad ad sira fiolsvinnur gaf.

hvn a Helli hinn æystra. Holaland. ...

Pangat liggia vnder tuo bænhus oc takast sex avrar af hvarv.

kirkian a halfa vindaass fiorv. oc er oll samt hundrad fadma. ...

henni fylgir ix^c [9 hundruð] fiorv. er liggur firir sallthofda.¹

Kirkjan átti heimaland allt og var þannig staður undir forræði biskups. Þessar eignir kirkjunnar eru ítrekaðar í máldaga sem kenndur er við Michael Skálholtsbiskup (1383-1391).² Seint á 14. öld, sennilega eftir gosið úr Örfafjöklum 1362, var kirkjan að Breiðá lögð niður og eignir hennar lagðar til annarra kirkna.³ Eftir þetta virðist Skálholtsbiskup hafa talið sér heimilt að ráðstafa Breiðá eða Breiðármörk eins og um eignarjörð væri að ræða. Breiðármörk var ein þeirra jarða sem Ögmundur biskup Pálsson seldi Ásgrími Ásgrímssyni 1525 (sbr. kafla 6.5. um Hof). Þar segir m.a. í kaupbréfinu:

So og eigi sidur hofum vier feingit asgrime jordina kuisker med ollv þui henni til heyrer. hier med jord-ina breidarmork med .vj. alna triam og þar fyrir jnnan. Enn stærre haupp [höpp]. tre edur huali eignazt skalhollzkirkia sem adr hefur verit.⁴

Síðar á öldinni féllu dómur um gildi þessa bréfs. Tilefnið var ágreiningur milli séra Jóns Arnórssonar vegna dómkirkjunnar í Skálholti og Michils Ísleifssonar eiganda Breiðármerkur um rekann á Breiðármerkurfjöru „hver at kaullud er 18^c at leingd“.⁵ Taldi Michill að fyrrnefnt bréf væri „ónýtt og maktarlaust“ þar eð engin innsigli væru fyrir því og þess vegna bæri honum einum allur reki fyrir sínu landi. Árið 1587 skipaði Halldór Skúlason, umboðsmaður konungs í Skaptafells-sýslu, dóm til að „skoda og rannsaka og fullnaðardóm á að leggja“ um þennan ágreining. Niðurstaðan var sú að vísa málinu til næsta Öxarárþings. Þó kváðust dómsmenn þeirrar skoðunar að bréfið ætti að standa myndugt með þeim innsiglium sem þá hefðu fram komið. Sú niðurstaða var stað-

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 772-773.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 14.

3 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 202. Þar kemur fram í máldaga Stafafellskirkju 1397 að kirkjan hafi fengið tvær klukkur og kross frá Breiðá. Sbr. einnig Magnús Stefánsson 2000, s. 129, 150.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 274-275.

5 Ef hér er átt við 18 hundruð faðma (tólfræð) jafngildir það tæpum 4 km (1 faðmur=um 1,8 m, sbr. Jón Eyþórsson, 1952: „Þættir úr sögu Breiðár.“ *Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. S. 17, 19).

fest síðar sama ár í lögrétta á Þingvöllum.¹ Eftir þetta virðist það hafa haldist óátalið að Skálholtskirkja ætti allan stærri viðarreka en 6 álnir og að allur minni reki heyrði til eiganda Breiðármerkur, einnig eftir að sú jörð fór í eyði.²

Árið 1670 keypti Brynjólfur biskup Sveinsson af Bjarna Eiríkssyni lögréttumanni þriðjung í Kaldárholti í Holtum og hálfu annað hundrað í jörðinni Breiðármörk sem var fjórðungur allrar jarðarinnar. Með þessum fjórðungi fylgdi svo mikið „ur viðrekafioru, sem þeim fjórðungi má fylgia í vi alna triam og þaðann af minnum, effter þúi sem Biskupinn Ögmundur hafðe selldt Ásgrími Ásgrímssyni Anno 1525“.³

Í jarðabók frá 1686 er Breiðármörk talin 6 hundruð og 160 álnir að dýrleika. Jörðin var þá konungseign að hálfu, en hinn helmingurinn var í einkaeigu. Árið 1697 var jörðin metin á 6 hundruð.⁴ Litlu síðar fór hún í eyði.

Í skrá Ísleifs Einarssonar sýslumanns frá 1712 yfir eyðijarðir í Örafum er greint frá því að á Breiðármörk hafi verið búið fyrir 14 árum en nú sé hún af „fyrir jökli, vatni og grjóti“.⁵ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er tekið fram að Breiðármörk sé kóngseign að hálfu en hálf bóndaeign. Síðan er bætt við: „Skóg lítilfjörlegan á jörðin eður hefur átt í Breiðármerkurmúla, hvör nú er umgirtur af jöklum. Reka á jörðin fyrir sínu landi.“⁶

Eins og að framan greinir átti konungur helming Breiðármerkur árið 1686. Í Jarðabók 1760 er Breiðármörk talin hluti af svonefndu „Hengigóssi“. Nafnið var þannig til komið að árið 1646 dæmdu lögrétta helming af eignum Ásgríms Sigurðssonar á Hofi til konungs eftir að Ásgrímur hafði fundist hengdur heima á bæ sínum. Hinn helmingurinn féll til erfingja hans.⁷ Ásgrímur mun hafa átt Breiðármörk, en nú eignaðist konungur helming jarðarinnar. Hinn helmingurinn hefur þá verið áfram í eigu erfingja Ásgríms á Hofi. Auk Breiðármerkur voru í Hengigóssinu 3 ½ hundrað í Hofi (nefnt kóngspartur), sandflæmi vestan undir Ingólfshöfða sem nefndist Kóngsalda og Kóngsvík framan undir henni.⁸

Í jarðamati 1804-1805 er athugasemd á þá leið að af hinum mörgu eyðijörðum og hjáleigum í þingsókninni séu aðeins tvær sem nýtilegar geti talist. Önnur þeirra sé Fjall sem heyrir til Hofskirkju en hin Breiðármörk. Helmingur Breiðármerkur var þá sem fyrr í eigu konungs en hinn hlutinn var eign „selveyer“ Gísla Halldórssonar.⁹ Í þessari sömu heimild kemur einnig fram að eignarhluti konungs í Hofi var lagður til prestinum í Sandfelli og reyndar mun hann hafa fengið Hengigóssið allt ásamt Skaftafelli til búdrýginda. Árið 1806 gaf konungur út heimild til að selja Skaftafell eftir að presturinn í Sandfelli var fluttur brott.¹⁰ Hengigóssið var þó ekki selt fyrr en 1836, að undanskilinni Kóngsvíkurfjöru, og mun hálf Breiðármörk (eignarhluti konungs) þá einnig hafa verið seld.¹¹ Ekki liggur fyrir hver keypti þennan hluta Breiðármerkur enda varð jörðin og fjaran síðar á öldinni deiluefni milli Hofsmanna og Fellsmanna í Suðursveit. Hofsmenn reyndu að tryggja sér eignarréttinn að jörðinni í lögfestu 7. apríl 1851 en þar segir m.a.:

1 Skjöl nr. 2 (28) og 4 (63).

2 Sbr. skjal nr. 2 (30): Álit Vilhjálms Finsens, land- og bæjarfógeta, til séra Þorsteins Einarssonar, 6. september 1858.

3 Skjal nr. 3 (4).

4 Björn Lárusson 1967, s. 333.

5 Jón Þorkelsson 1918-1920, s. 49. Þar á einnig að hafa verið „Kárahella“, á leiði Kára Sölmundarsonar.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 434.

7 *Alþingisbækur Íslands*. 6. b. Reykjavík 1933-1940. S. 169-171. *Skrá um skjöl og bækur í Landskjalasafninu í Reykjavík*. 3. b. Reykjavík 1910. S. XXV.

8 Sbr. *Rentukammerskjöl OI. Jordebog over hans kongl. maj. jordegods i Island a 1760*, s. 336. Sigurður Björnsson 1979, s. 102. Flatey syðri í Mýrnakálki mun einnig hafa tilheyrt Hengigóssinu (sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 429).

9 Skjal nr. 2 (44).

10 Skjal nr. 4 (66).

11 Sbr. *Jarðatal* 1847, s. 435, 447. Ennfr. skjal nr. 4 (68): Úrskurður yfirvalda um sölu á reka á Kóngsvíkurfjöru, 1853 og 1854.

Enn fremur lögfestum við eptirskrifuð ítök sem Hofsjörðu eiga að filgja; first einn fjórðapart af grasnít í Ingólfshöfða; annað, eiðijörðin Fjall, sem liggur á Breiðamerkursandi austann Kvískerja land, lögfestum við nefnda jörð með öllum nitjum til fjalls og fjöru, er fjarann talinn 9^o [hundruð] fyrir Fjallsfít, og loksins lögfestum við hálfá eiðijörðina Breiðumörk með tilheirandi fjöru veiðistöðum og öllum landsnitjum, liggur jörð þessi fyrir austann Fjallsland, austur að Fellslandi í Suðursveit, vestann Jökulsá á Breiðamerkursandi þar sem hún nú fellur úr Jökli.¹

Í lok lögfestunnar var þeim öllum stefnt fyrir fimmtardóm sem vildu mótmæla þessari lögfestu: „Við leggjum einninn hérmeð fimtarstefnu, við þá er móti þessari lögfestu kinni vilja mæla, hér að Hofi, hvörja við látum hér í dag þinglesa, öllum viðkomendum til þóknanlegrar vitundar.“² Þegar lögfestan var þinglesin mánuði síðar mælti enginn henni í mót en 24. júlí svöruðu eigendur Fells með nýrri lögfestu:

Ar 1851 hinn 24a júlí var eptirfylgjandi lögfesta samin af eigendum jarðarinnar Fells í eystri Skaptafells sýslu séra Þorsteini Einarssyni á Kálfafellsstað og Gísla bónda Þorsteinssyni á Uppsölum.

Hérmeð gjörum vér heyrum kunnugt eignar og umráðamenn jarðarinnar Fells í Fellshverfi Kálfafellsstaðarsókn og austur Skaptafells sýslu að vér lögfestum nú í dag undir nefnda eigⁿar jörð vora allt innan þeirra um merkja og örnefna til lands og sjóar sem neðanskriðu tilgreinir: að austanverðu eða millum Fells og Reynivalla sjónhending af fjörunni í miðt Hrollaugshólaskarð og miðjan þann fremsta foss í Fellsá, sem ber þar í og blasir á móti nær ámyndst stefna er tekin af fjörunni, síðan ræður það austari gljúfur upp frá nefndum fossi og deilir löndum allt í jökul upp. Að ofanverðu takmarkar Breiðamerkur jökull land jarðarinnar allt að Breiðamerkur á og skiptir hún löndum milli Fellsins og Örfæa einsog hún beinast rennur og hefur runnið undan jökli og til marka á milli Breiðamerkur og Fjallsfjöru. Að framan takmarkar meiginhaf land jarðarinnar frá Reynivalla lands og fjöru mörkum allt til marka á millum Breiðamerkur og Fjallsfjöru og er³ öll sú fjara er liggur á milli nefndra landamerkja einasta Fellinu tilheirandi að fráteknri Breiðamerkur fjöru, hvor tekin er sem ítak af öðrum enda fjöru jarðarinnar Fells og liggur fyrir hennar heimalandi. Sömuleiðis lögfestum vér Hrollaugseyar, sem liggja í hafi út fyrir jarðarinnar landi með þeirri fyrirskipun, sem vor hin fyrri lögfesta þar um með sér ber (og sem afskrifuð finnst í kopíu bók sýslunnar), líka einn lögfestum vér þau ítök sem liggja undir þessa jörð, skóga ítak í Steina landi, kallað Fellsmýri fremri, annað skógarítak í Breiðabólstaðar fjalli, fyrir 5 hundruð í Breiðabólstaðnum, gjöf sýslumanns herra Ísleifs Einarssonar og hið þriðja skógar ítak í sama fjalli, kallað Fellsmýri ynnri.

Með þessari lögfestu fyrirbjóðum vér einum og sérhvörjum að hagnota sér hið minnsta af nefndrar jarðar inytjum hvörjum sem eru innan hér tilgreindra ummerkja lands eignar hennar og að taka án okkar leyfis og samþykkis, en gefum á skaðabætur og landnáms sök, ef í er ort að óleyfi, þettað hvað um sig að orðfullu og lögfullu.

Einnin viljum vér með þessari lögfestu ónýta og hindra (að okkar vitund) grundvallarlausa lögfestu Hofsbúenda í Örfæum auglýstri þar á manntalsþingi næst liðið vor, þar hún tekur inni okkar eignarjarðar Fellsins landareignir og tileinkar sér ekki alllítin part þaraf, sem enginn nú lifandi maður veit að í umtal fyrr komið hafi eða aðrir yrkt og brúkað enn Fellseigendur og ábúendur eptir sem þessi lögfesta vor tiltekur. Vér bjóðum okkur þá til andsvara móti nefndra bænda ábeitar frekju í landareign vorri á lögmætri tíð stað og réttarhaldi. Þessa lögfesta er grunduð á öldungis óátalinni brúkun og yrk-

1 Skjal nr. 2 (16).

2 Skjal nr. 2 (16).

3 Hér næst á eftir sýnist standa *ær* (?).

íngu Fellsins eigenda og ábúenda svo lengi elstu menn til muna og heyrt hafa. Ofan og framanskriafaða lögfestu staðfestum við undirskriafaðir.

Uppsölum sama ár og dag sem fyrr greinir
Gísli Þorsteinsson Th. Einarsson

Framan og ofanskriafaða lögfestu höfum við undirskriafaðir lögformlega birt við Kálfafellsstaðar kyrkju fyrir kyrkju söfnuðinum til staðfestu okkar nöfn

B Jonsson J. Bjarnason

Lesið fyrir manntalsþingheimi að Hofi í Öræfum 5 maí 1852 og var lögfestunni mótmælt af öllum hlutaðeigendum er þar voru til staðar.¹

Samkvæmt þessari lögfestu lá a.m.k. Breiðármerkurfjara innan landamerkja Fells, og hlaut því að koma til ágreinings við Hofsmenn sem vildu draga mörkin austar, við Jökulsá. Árið 1854 var komist að eftirfarandi samkomulagi:

ad öll grasnit initjar og virkilegur eignarréttur Skal hereptir einasta til heira Felli i Sudursveit, allt ad austur mörkum Fjallsfjöru, sem eru á millum Breidumerkurfjöru og Fjallsfjöru, og Skal þaðann af Fjörunni sjónhending tekinn beina Stefnu i Svörturák sem er á joklinum uppundann Breidá og undann hvorri hun rennur. Svo Skulu og Hofs eigendur og ábuendur njóta alls vestann meiginn vid nemda Breiðdá og til greindu stefnulínu Fjalls og fjöru á milli og so langt vestur sem treista ser land ad helga. Med þessum samningi er so öll þræta uti utaf nemdu þrætuþlássi, daud og maktarlaus firir alda og óborna, og malefnid þannig leitt til likta med óriufannlegum Dómskrapti.²

Ljóst er af heimildum að Skálholtsrekinn forni hefur ekki fylgt með við sölu á kóngshluta Breiðármerkur. Í bréfi sem Vilhjálmur Finsen land- og bæjarfógeti ritaði 7. mars 1857 tilkynnti hann að konungur hefði með bréfi til háyfirvaldanna á Íslandi 29. september 1848 heimilað eiganda Skálholtskirkju að selja öll ítök og reka kirkjunnar. Í samræmi við leyfi konungs lýsti Vilhjálmur nú yfir því fyrir sína hönd og vegna meðferfingja í dánarbúi biskupsekkjunnar, Valgerðar Jónsdóttur, að hann seldi séra Þorsteini Einarssyni á Kálfafellsstað og Gísla Þorsteinssyni hreppstjóra á Uppsölum „svokallada Breidamerkurfjöru á Breidamerkursandi í Austurskaptafells Sýslu, einsog innan þeirra ummerkja, sem þessi fjara, med reka af hval og sérhverjum vid, hingatil hefir verid notud af Skálholtskirkju eigendum og þeirra umbodsmönnum“.³

Sá reki sem hér var fjallað um, hinn forni Skálholtsreki, var hvalur og tré, stærri en 6 álnir. Hins vegar ríkti óvissa um hvað orðið hafði um minni rekann sem Ögmundur Pálsson biskup seldi undan Skálholtsdómkirkju 1525 (sbr. hér framar). Séra Þorsteinn Einarsson spurðist fyrir um það í bréfi til Vilhjálms Finsens 2. maí 1858 hvort minni rekinn hefði ef til vill komist í eigu samkaupanda síns, Gísla Þorsteinssonar á Uppsölum. Í svari við fyrirspurn séra Þorsteins vísaði Vilhjálmur Finsen til heimilda sem honum hefði tekist að afla um þetta mál. Nefndi hann m.a. umboðsbréf frá Steingrími Jónssyni biskupi, dags. 31. ágúst 1844, þar sem Gísli Þorsteinssyni var falið að líta eftir með reka Skálholtskirkju og afleggja árlega reikning til biskupsins. Síðan segir Vilhjálmur orðrétt:

Þetta umboðsbréf er stept öldungis í sama móti, sem umboðsbréfin frá kirkjunnar fyrrverandi eigendum, hvaraf afskriptir enn eru til frá Biskups Hannesar tíð, og í öllum bréfunum útþrykkilega tilgreint,

1 Skjal nr. 2 (51).

2 Skjal nr. 2 (32). Sbr. skjal nr. 2 (31).

3 Skjal nr. 2 (29). Torfhildur Hólm, dóttir séra Þorsteins á Kálfafellsstað, mun síðar hafa eignast hlut föður síns í fjörunni (Skálholtsrekann) því að hún seldi Fellsmönnum hálfu Breiðármerkurfjöru árið 1891.

að kirkjunnar rekaréttur einungis snerti hval og stærri við enn 6 álnir, þaræð hinn minni viðarreki var að álíta sem tilheyrandi jarðareiganda, samkvæmt áðurgreindum kaup- og makaskiptagjöfningi. En hvernig það síðar hafi gengið til með eigandaskipti á jörðunni Breiðármörk, eptir að hún var orðin bændaæign, bæði meðan jörðin héldst við sem byggt býli, einsog eptir að hún lagðist algjörlega í eyði, og hver að sé þessa eyðilands núverandi eigandi, þarum get eg ekki gefið þá allraminnstu upplýsingu. Sem einhverskonar bendingu í þessu efni, læt eg þó meðfylgia 3^o Afskript af einhverskonar Syslumanns þingsvitni frá árinu 1813, hvaraf sýnist að mega draga þá alyktun, að sá svokallaði leiguliða eða minni reki þá hafi verið undir forpagningu eða eptir hann goldið til þess manns, er þá muni hafa alítið sig að vera eiganda að Breiðarmerkur landinu og nefndur er í þingsvitninu.¹

Það reyndist ekki rétt sem séra Þorsteinn á Kálfafellsstað gat sér til um að Gísli Þorsteinsson hefði eignast minni rekann á Breiðármörk til viðbótar við sinn hlut í Skálholtsrekanum því að á þessum sama tíma var Gísli að falast eftir honum hjá afkomanda Gísla Halldórssonar sem fyrr er nefndur og hafði átt hálfa jörðina Breiðármörk ásamt sínum hluta smárekans.² Gísli Þorsteinsson féll frá kaupunum og ekki náðist samstaða meðal erfingja Gísla Halldórssonar síðar á öldinni um að selja ítakið. Í þess stað munu þeir hafa falið séra Þorsteini Einarssyni á Kálfafellsstað að hafa umsjón með rekanum (landið var þá „algjörlega eyðilagð af jökklum“) og annaðhvort leigja hann eða selja á opinberu uppboði eftir því sem hagstæðara yrði eigendunum.³ Að sögn Einars Gíslasonar, alþingismanns á Höskuldsstöðum, langafabarns Gísla Halldórssonar, var rekaitakið ekki mjög mikils virði þegar hér var komið sögu. Taldi hann því sanngjarnt að taka 1 kr. og 50 aura í borgun á ári þegar hann árið 1876 leigði Sigurði Ingimundarsyni, bónda á Kvískerjum (1864-1883), landsnytjar þær er fylgdu hálfri Breiðármörk til forna en voru þá ekki orðnar annað en „lítillfjörleg grasnyt og eggvarp, sem og reki 6 álna tré og minni...“⁴

Undir lok 19. aldar eignaðist Eyjólfur Runólfsson, hreppstjóri á Reynivöllum, „Skálholtsrekann“ þegar dóttir séra Þorsteins Einarssonar á Kálfafellsstað, Torfhildur Hólm, sem þá var búsett í Winnipeg, afsalaði Eyjólfri hálf Fell „með tilheyrandi fjöru, ásamt ½ Breiðamerkurfjöru“. Afsalið var undirritað 31. maí 1891.⁵ Ári fyrr hafði systir Eyjólfss, Guðný Runólfsdóttir á Mariúbakka í Kleifarhreppi, afsalað honum eftirtalda jarðeignarparta, sem börn hennar hlutu eftir ömmu sína, Guðrúnu Bjarnadóttur⁶: 3 hundruð og 40 álnir í jörðinni Reynivöllum, 48 álnir í Felli og 8 ²/₃ álnir í Breiðamerkurfjöru í Hofshreppi. Vafasamt er að hafa þennan álnafjölda (8 ²/₃) til marks um lengd eignarhlutans í fjörunni heldur fremur verðmæti hans. Fjaran öll er hér framar sögð hafa verið 18 hundruð að lengd en 900 faðmar í landamerkjabréfinu síðar í þessum kafla og er hvort tveggja yfir 2000 álnir. Afsalið var lesið á manntalsþingi að Kálfafelli 7. maí sama ár, en eftirfarandi athugasemd var gerð í afsals- og veðmálabók: „Það sjest eigi í afsals og veðbrjefabókum Skaftafellssýslu nje í tilheyrandi registrum, að börn seljanda hafi átt neitt í hinum seldu fasteignarpörtum.“⁷ Eyjólfur hreppstjóri lenti síðar í deilum við Hofsmenn, eigendur Fjallsfjöru, um vesturmörk Breiðarmerkurfjöru. Fullyrti Eyjólfur að vesturmörkin væru „næst austan við Hnappavalla fjöru í Örafum“ en þessu vísuðu eigendur Fjallsfjöru á bug.⁸

Afkomendur Eyjólfss hafa samkvæmt þinglýsingabókum í nokkrum tilvikum selt öðrum hluta í

1 Skjal nr. 2 (30).

2 Sbr. skjal nr. 14 (4). Þar greinir Einar Gíslason alþingismaður á Höskuldsstöðum frá því í bréfi 31. mars 1876 að Gísli Þorsteinsson hafi leitað til föður hans (Gísla Þorvarðssonar á Höskuldsstöðum) um kaup á rekanum.

3 Skjal nr. 2 (52).

4 Skjal nr. 7 (4). Sbr. skjal nr. 14 (4).

5 Skjal nr. 2 (10a).

6 Hér er trúlega átt við Guðrúnu Bjarnadóttur, eiginkonu Gísla Þorsteinssonar á Uppsölum, sem átti hinn helming Skálholtsrekans (sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 167-168).

7 Skjal nr. 2 (10b).

8 Skjöl nr. 2 (53, 54).

Breiðamerkurfjöru eða Breiðármörk. Þannig seldi Vilborg Eyjólfsdóttir Runólfssonar, Gísla Þórarinssyni árið 1933 jarðarpart sinn í eyðibýlinu Felli „ásamt hluta þeim, sem mér ber í Breiðamerkurfjöru, og öllu því sem nefndri fjöru fylgir, stóran og smáan reka, sem á fjöru kann að koma“.¹ Við þinglýsingu skjalsins er gerð athugasemd um að seljandi hafi eigi þinglýsta eignarheimild að Breiðamerkurfjöru.² Árið 1968 gaf framangreindur Gísli Þóru Stefánsdóttur jarðarpart sinn í eyðibýlinu Felli „ásamt hluta þeim, sem mér ber í Breiðamerkurfjöru, og öllu því sem nefndri fjöru fylgir, stóran og smáan reka, sem á fjöru kann að koma“. Einnig seldi Borgarhafnarhreppur Erni Eiríkssen árið 1960 „¹/₁₄ í eyðijörðinni Breiðármörk (Breiðamerkurfjara)“, eign Guðnýjar Runólfsdóttur.³

Jafnframt hefur hluti annarra afkomenda Eyjólfss þinglýst fjölda svokallaðra „skiptayfirlýsinga“ á árabílinu 1994-1997, þar sem vísað er til sammings Eyjólfss Runólfssonar og Torfhildar Hólm frá 1891 um hálfu jörðina Fell ásamt hálfri Breiðamerkurfjöru. Í yfirlýsingum þessum segir að við skipti eftir Eyjólf, 30. maí 1924, hafi láðst að tilgreina sérstaklega „hálfu Breiðamerkurfjöru, sem getur átt sínar eðlilegu skýringar“.⁴ Hið sama er sagt hafi gerst við skipti eftir tilgreinda erfingja Eyjólfss. Óskað er eftir þinglýsingu á viðkomandi yfirlýsingu sem eignarheimild tiltekins afkomanda Eyjólfss að tilgreindu hlutfalli í hálfri Breiðamerkurfjöru, sem í sumum yfirlýsinganna er lögð að jöfnu við hálfu „jörðina“, „lenduna“ eða „eignina“ Breiðármörk. Tveimur fyrstu yfirlýsingum, dags. 23. október 1994, er upphaflega þinglýst með athugasemdinni „Yfirlýsing þessi er einhliða og því hæpin eignarheimild“ en sú athugasemd er felld niður 16. nóvember 1994.⁵ Síðustu yfirlýsingunni, dags. 24. mars 1997, er þó þinglýst með athugasemdinni „Það athugist að þinglýsta eignarheimild skortir fyrir eignarhlutanum.“⁶ Öðrum þessara yfirlýsinga er þinglýst án þess að gerðar séu athugasemdir við eignarheimild að baki þeim.⁷

Landamerkjabréf Breiðármerkur er undirritað 13. maí 1922 og þinglesið 13. júlí sama ár að Borgarhöfn en 15. júlí að Hofi í Hofshreppi. Bréfið er hins vegar þeim annmörkum háð að það lýsir einvörðungu austurmörkum jarðarinnar, móts við Fell í Borgarhafnarhreppi:

Landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi.

Landa- og fjörumörkin eru: Varða hlaðin á graskoll á fjörunni, vestanhalt við hornið á Nýgræðunum, á að bera austast í Hálfðánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif í Máfabýgdum, og er það alt bein lína.

Þetta eru einnig mörk milli hreppanna: Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps.

Til skýringar skal þess getið – af því mörkin við sjó geta verið óglögg fyrir ókunnuga – að glögg og áreiðanleg fjallamörk eru milli Tvískerja og Fjallslands, sem er Miðaftanstindur – toppurinn, beri í sýlingu á Eiðnaskarðstindi og er það bæði landa og fjörumörk, glögg og alþekt örnefni. Fjallsfjara á að vera 9 hundruð faðma tólfræð á lengd, þaðan er 1080 faðma og mun vera átt við, að þrjár íslenskar álnir sjeu í hverjum faðmi.

Við Fjallsfjöru að austan tekur við Breiðamerkurfjara, sem á að vera jafnlöng: 900 faðma tólfræð, þá kemur Fellsfjara í Borgarhafnarhreppi.

1 Skjal nr. 4 (73).

2 Sbr. skjal nr. 4 (70).

3 Skjal nr. 4 (80).

4 Skjal nr. 4 (83).

5 Skjal nr. 4 (84).

6 Skjal nr. 4 (105).

7 Skjöl nr. 4 (82, 85, 86, 88-104), sbr. skjöl nr. 4 (73, 81 og 85).

Ef síðan kæmi ágreiningur um hreppamörkin, þá þarf ekki annað en lengd fjaranna: Fjalls- og Breiðamerkurfjöru í Hofshreppi, sem eiga til samans að vera tvenna níu hundruð faðma, tólfræð.¹

Undir bréf þetta rita Ari Hálfðánarson, hreppstjóri Hofshrepps og Stefán Jónsson, hreppstjóri Borgarhafnarhrepps.

Þetta bréf virðist hafa átt sér nokkurn aðdraganda. Árið 1922, 22. maí, ritaði Stefán Jónsson hreppstjóri á Kálfafelli, ónafngreindum frænda sínum bréfi, og verður af því ekki annað ályktað en að ráðgast hafi verið um landamerkin áður en þau voru skráð og þeim þinglýst. Í bréfi hreppstjórans segir m.a.

Eg var útá Sandi þann dag sem þú komst austur í sæluhús og var komin útá Grjótfjöru sem svo er kölluð klukkan eitt og beið þar til klukkan að ganga þrjú, og reisti upp 2 mörk dálítið vestar á fjörunni heldur enn við Björn á Tvískerjum reistum þau í fyrra en gat samt ekki áttað mig neitt á fjall markinu nefnilega Mávabyggðum vegna þoku, og veit ekki hvort þessi mörk sem ég reisti á ný sju hin réttu, eru máske of vestallega. ...

Þessi mörk sem við Björn á Tvískerjum hófum í fyrra eru að liggjindum nokkuð nærri sanni en mættu kannske vera svolítið vestar efað ætti að halda sig við Jökuls á þar sem hún rann til forna, þá mun hún hafa runnið vestan við Nýgræður og hafa það þá verið hreppa mörk samkvæmt því sem í landnámu segir að Hrollaugur nam land austan frá Horni til Kvíár en gaf svo land milli Jökuls ár og Kvíár öðrum, og síðan hefur það land talist með Hofshreppi nefnilega Breiðarmörk og er byggð 1587 til 1709 og er sögð hálf kóngseign en hálf bænda eign og virðist fjaran eiga að vera 1800 faðma tólfræð og getur það vel staðið heima uppá lengdina frá Hnappavalla fjöru, ef Bakka fjara er 600 faðma, Tvískerja fjara 600 f. og Fjalls fjara 600 f. alt tólfræð hundruð – eða Fjallsfjara 900 faðma. Enn hvað hreppa mörkum við kemur þá ættu að vera sömu mörk milli Fells lands og Breiðumerkur lands samhljóða hreppa mörkunum, og hygg ég að réttustu mörkin sju þar sem Jökuls á rann til forna.³ En ef þú álitur að Jökuls á hafi runnið um það bil sem við Björn reistum upp mörk í fyrra þá skrifa ég hikaust undir þína skrá og hef það þá einsog þú segir, læt þinglesa hana fyrst í mínum hreppi og sendi svo þér hana til þing lesturs, og verður það þá hreppa markaskrá. En hin skráin þarf að þinglesast líka til þess að gild sje.⁴

Árið 1937 seldi Björgvin Vigfússon, fyrrverandi sýslumaður á Efra-Hvoli, Birni Pálssyni á Kvískerjum hálfu Breiðumörk (Breiðarmörk) og hálfu Breiðumerkurfjöru með reka fyrir eitt hundruð krónur.⁵ Kvískerjamenn hafa síðan talið fram þennan hluta Breiðármerkur sem sína eign.⁶ Björgvin Vigfússon var sýslumaður í Skaftafellssýslu 1905-1908.⁷ Heimildir liggja ekki fyrir um það hvernig Björgvin eignaðist þennan hluta Breiðármerkur en þess má þó geta að hann var kvæntur Ragnheiði Ingibjörgu Einarsdóttur, alþingismanns Gíslasonar, sem áður er nefndur og var lang-

1 Skjal nr. 2 (1).

2 Sennilega Ara Hálfðánarsyni hreppstjóra á Fagurhólsmýri.

3 Kenningar eru uppi um að takmörk Örfabyggðar hafi í öndverðu verið á milli Jökulsár (Skeiðarár) og Kvíár og að annað byggðarlag hafi verið milli Kvíár og Jökulsár á Breiðamerkursandi. Nú eru mörkin milli Örfasveitar og Suðursveitar við vörðu á fjörunni vestan við hornið á Nýgræðum sem bera á í Hálfðánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif á Mávabyggðum (Lýður Björnsson, 1972: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. 1. b. Reykjavík. S. 115-116).

4 Skjal nr. 14 (3).

5 Skjal nr. 14 (1). Í skjali 7 (4) er að nokkru rakið hvernig þessi bóndahluti Breiðármerkur framseldist frá miðri 19. öld.

6 Sbr. skjöl nr. 14 (6-23).

7 Hann fékk veitingu fyrir Skaftafellssýslu 19. desember 1904 og var skipaður sýslumaður í Rangárvallasýslu 10. september 1907 frá 1. október sama ár en þjónaði Skaftafellssýslu til marsloka 1908 (Bogi Benediktsson, 1909-1915: *Sýslumannaefir*. Með skýringum og viðaukum eftir Hannes Þorsteinsson. 4. b. Reykjavík. S. 678).

afabarn Gísla Halldórssonar.¹ Vera kann að sýslumaðurinn hafi talið sig hafa eignast hálfu Breiðármörk ásamt smáreka með eiginkonu sinni eða að minnsta kosti talið sig hafa umráðarétt yfir eigninni. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á orðalagi í afsali sem gefið var út vegna sölnunnar:

Með því að jeg undirritaður fyrv. sýslumaður Björgvin Vigfússon á Efra-Hvoli, hefi síðan 1910, átölluast af öllum, hirt afgjald af landi hálftrar Breiðumerkur í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu, eins og það var til forna, svo og afgjald af hálfri Breiðumerkurfjöru, sem er níu hundruð faðma tölfræð að lengd – frá ábúandanum Birni Pálssyni bónda á Kvískerjum, þá hefur það á síðastliðnu ári orðið að samkomulagi milli mín og hans, að hann skyldi eignast land þetta, ásamt hálfri Breiðumerkurfjöru með reka, fyrir 100 – eitt hundrað – krónur...²

Afsalið var tekið til þinglýsingar 28. mars 1937.

Eins og að framan hefur verið rakið eru nokkur atriði óljós að því er varðar eignaframsöl Breiðármerkur, og eru þessi hin helstu: 1) Hvernig hálf Breiðármörk ásamt reka (smáreka) komst í eigu Gísla Halldórssonar; 2) hvernig Fellsmenn töldu sig hafa eignast Breiðármerkurfjöru og ef til vill einnig hluta Breiðármerkurlandsins eins og ráða má af lögfestu þeirra og síðan samkomulaginu 1854; 3) hvernig Björgvin Vigfússon sýslumaður taldi sig hafa eignast hálfu Breiðármörk ásamt reka; 4) hvað varð um eignarréttinn að hinum hluta Breiðármerkur. Á hinn bóginn virðist ljósara hvernig Skálholtsrekinn forni og fjaran sem honum tilheyrði hafa framselst fram á þennan dag.

6.11. Afréttarnot

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er hvergi vikið orði að sameiginlegum afréttum í Örafasveit. Jarðir virðast ekki hafa átt neina „afrétti“ sem svo eru nefndir nema með tveimur eða þremur undantekningum: Svínafelli var eignaður afréttur í Eystrafjalli (einnig nefnt Syðrafjall) fyrir sunnan Skeiðarársand en sá afréttur var „óbrúkandi vegna vegalengdar“. Afrétturinn í Eystrafjalli mun vera hinn sami og sagður er „í Skorum“ í máldaga Kálfafellskirkju 1343 (sjá kafla 6.3.).³ Skaftafell átti „upprekstur“ í Freysneslandi „þar sem heitir Hafrafell“ en þar var þá allt komið í jökul og Sandfelli var eignaður „upprekstur“ í Fjallslandi.⁴

Þá er þess að geta að Sigurður Stefánsson sýslumaður fullyrðir í sýslulýsingu sinni 1746 að Mávabyggðir (á norðanverðum Breiðamerkurjökli) hafi tilheyrt Örafum en heimildir eru fyrir því að um 1700 hafi villifé haldið sig í þessu fjalli.⁵ Sigurður Björnsson á Kvískerjum telur þó líklegra að sýslumaðurinn hafi átt við Esjufjöll sem séu miklu meiri fjöll en Mávabyggðir.⁶

Í lýsingu Sandfells- og Hofssókna 1839 er tekið skýrt fram að afréttir séu engir í héraðinu „nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur“.⁷

Í nóvember 1985 lagði sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu fyrir sýslunefndarmenn og oddvita að gera skrár yfir alla afrétti héraðsbúa með tilvísun í lög nr. 42/1969.⁸ Í bréfi oddvita Hofss-

1 Sbr. Bogi Benediktsson 1909-1915 (4), s. 521. Veffangið www.althingi.is (*Alþingi – Æviágrip*: Einar Gíslason).

2 Skjal nr. 14 (1). Sbr. einnig skjal nr. 4 (82).

3 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 437.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 436-437.

5 *Ferðabók Sveins Pálssonar* 1983 (1), s. 280. Einnig er að þessu vikið í kaflanum um Fell í máli 2/2001 (Suðursveit).

6 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 3, s. 53.

7 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 151.

8 Skjal nr. 4 (74).

hrepps, dags. 20. nóvember 1985, er birt eftirfarandi „[s]krá yfir afrétti í Hofshreppi Austur-Skaftafellssýslu“:

1. Breiðamerkursandur og Breiðamerkurfjall:

a. Fjallland, þ.e. Breiðamerkurfjall og sandurinn þar fram undan. Mörk eru þau sömu og á milli Kvískerjafjöru og Fjallsfjöru að vestan, en að austan á milli Fjallsfjöru og Breiðamerkurfjöru. Eigendur og notendur eru ábúendur á Hofi.

b. Breiðamörk milli Fjallslands og Fellslands. Mörk að vestan þau sömu og milli Fjallsfjöru og Breiðamerkurfjöru, og að austan milli Breiðamerkurfjöru og Fellsfjöru. Eigendur: erfingjar Björns Pálssonar á Kvískerjum að helmingi og nokkrir menn í Suðursveit að hinum helmingnum. Notandi: ábúandi Fagurhólsmýrar I.

c. Hluti Fellslands milli Breiðamerkur og Jökulsár. Eigendur að $\frac{1}{6}$ hluta úr Felli í Suðursveit eru eigendur Fagurhólsmýrar I og Hnappavalla III, og eru þeir notendur að þessum hluta.

2. Hafrafell milli Svínafellsjökuls og Skaftafellsjökuls upp frá láglendi að sunnan. Að mestu leiti eign þjóðgarðsins í Skaftafelli. Austasti hluti fellsins er þó austan landamerkja milli Svínafells og Skaftafells. Hafrafell hefur frá fornu fari og er enn nytjað frá Svínafelli til sumarþeirra fyrir sauðfé.

3. Skeiðarársandur milli Skeiðarár og Gígjukvíslar frá þjóðgarðsmörkum til sjávar. (Meðan ekki er girðing á þjóðgarðsmörkum, gengur fé allt að Skeiðarárjökli). Eigandi afréttarlands er Ragnar Stefáns-son Skaftafelli, en notendur ábúendur í Svínafelli.

Frá fornu fari hefur Svínafelli verið eignaður afréttur á Eysrafjalli vestan Skeiðarárjökuls, og var hann notaður frá Svínafelli á árunum milli 1920 og 1930. Þetta ítak var ekki tilkynnt, þegar lög voru seinast samin um ítök og mun því fallið úr gildi.¹

Á aukafundi sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu 7. desember sama ár var samþykkt ályktun í tilefni af fyrrnefndu bréfi sýslumanns:

Fyrir fundinum lágu greinagerðir frá öllum hreppum sýslunnar nema Hafnarhreppi, en glögglega kemur fram bæði í þeim greinagerðum svo og máli nefndarmanna að afréttir munu ekki til í sýslunni, heldur heimalönd. Eftirfarandi tillaga var samþykkt. Sýslunefnd A-Skaftafellssýslu ályktar eftirfarandi á aukafundi sínum 7. des. 1985.

Afréttarskrá er eigi til fyrir sýsluna og verður ekki samin, enda verður talið að afréttir séu eigi til í Austur-Skaftafellssýslu í hefðbundnum og venjulegum skilningi.²

Í *Göngum og réttum* segir svo: „Engin almenningsafrétt er í sýslunni. Allt fjalllendi heyrir viss-um jörðum til, utan þess að hjáleigur eiga óskipt fjalllendi með aðaljörðum.“³

Eins og lög kveða á um eru í gildi fjallskilareglugerðir í sýslunni. Elsta fjallskilareglugerð fyrir Austur-Skaftafellssýslu var samþykkt af sýslunefnd 1890. Þar segir í 1. gr.:

Að svo miklu leyti, sem heimaland er eigi nægilegt til beitar á sumrum, ber öllum, sem aftrjett eiga eða fengið geta hjá öðrum, að nota hann til uppreksturs fyrir fjallfje sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta

1 Skjal nr. 4 (75). Undirstrikanir í frumriti.

2 Skjal nr. 4 (77), sbr. nr. 4 (74, 75 og 76).

3 *Göngur og réttir*. 1. b. Önnur prentun aukin og endurbætt. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Akureyri 1983. S. 35. Enda þótt fullyrst sé að engir afréttaralmenningar séu í sýslunni, er í þessu sama riti rætt um „afréttarlönd“ Skaftafells í Örfum sem sögð eru víðlendust í Örfum (sbr. s. 49).

sje eigi vanrækt, og yfir höfuð gætir þess, að heimahögum sje eigi íþyngt um of á sumrum. Heimilt skal hreppsnefnd, að gjöra ítölu í aftrjett þar sem því verður við komið.¹

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar frá 1909 eru eftirfarandi fyrirmæli um upprekstur:

Allir þeir, er aftrjett eiga, eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til uppreksturs fyrir gjeldfje sitt, ef hagatollur fer eigi fram úr 5 aurum fyrir hverja sauðkind, og skal gjalddagi hagatolls vera fyrir lok októbermánaðar, ef öðruvísi er eigi um samið. Þar sem engan aftrjett er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar, en þess skal þó gætt, að heimahögum sje ekki íþyngt um of. Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í aftrjett, þar sem því verður komið við.²

Í reglugerðinni er kveðið á um lögsöfn að hausti og að til þeirra sé boðað með fjallskilaseðli eigi síðar en 10 dögum fyrir fyrsta lögsafn (4. og 6. gr.).

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar frá 1940 er komist svo að orði:

Allir þeir, er afrétt eiga eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til upprekstrar fyrir fé sitt. Þar, sem engan afrétt er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar.

Þar, sem tveir eða fleiri menn eiga eða hafa afgirt sameiginlegt beitiland, getur annar eða einn ekki tekið gripi til beitar af öðrum, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeiganda. Geti einhver í sameignarlandi afstaðið beit eða beitiland, er honum skylt að bjóða meðeigendum sínum fyrst afnot af beitolandinu, áður en hann gefur það falt við aðra.

Ef enginn af meðeigendum hans þarf landsins með, má hann taka gripi af öðrum að því leyti, sem hann hefir þá færri í beitolandinu en meðeigendur hans, samanborið við landstærð hvers þeirra. En þess skal þó gætt, að heimahögum sé ekki íþyngt um of.

Í ógirt samliggjandi beitolönd og afréttarlönd má ekki taka inn gripi, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda.

Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afréttarlönd, þar sem því verður við komið.³

Tilhögun fjallskila er nánar lýst í *Göngum og réttum*. Framan af 20. öld var fyrsta lögsafnið miðað við þann tíma sem stjórn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga ákvað hverri sveit til slátrunar en einnig réð veðráttan miklu um smölun og rekstra.⁴ Hreppsnefnd skipaði fyrir um göngur. Lét hún semja svokallað göngubréf sem gekk bæ frá bæ um alla sveitina. Þar voru safndagar ákveðnir, nafngreindir menn skipaðir í hvert gangnasvæði og til rétta og einnig gangnaforingjar og réttarstjórar.⁵ Við skýrslutökur á vegum óbyggðanefndar kom fram að hver landeigandi sér sjálfur um að smala eigið land.⁶

1 Skjal nr. 4 (25) (fjallskilareglugerð nr. 109/1891).

2 Skjal nr. 4 (67).

3 Skjal nr. 4 (55). Sbr. samhljóða texta í 3. gr. fjallskilareglugerðar frá 1951 (skjal nr. 4 (56)).

4 *Göngur og réttir* 1, s. 35.

5 *Göngur og réttir* 1, s. 36.

6 Skýrslutökur 28. 6. 2002.

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Málavextir

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi rakinn aðdragandi að setningu laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og í því sambandi vísað til ítarlegri umfjöllunar í greinargerð með frumvarpi til nefndra laga. Þá er tekið fram að það hafi lengi verið samdóma álit manna að ekki væri hægt að ákveða annað í lögum varðandi eignarhald á landi en að það land, sem enginn ætti beinan eignarrétt að, væri ríkisland. Eftir gildistöku framangreindra laga nefnist slíkt land þjóðlenda.

Um eignarréttarlega stöðu þjóðlendna sé það að segja að hér sé um að ræða sérstakt form á eignarhaldi að landi sem sé að mörgu leyti ólíkt beinum eignarrétti. Þjóðlendum verði þannig aldrei líkt við aðrar lendur ríkisins. Eignarréttur að þjóðlendum byggji ekki á námi heldur settum lögum. Íslenska ríkið hafi því engin eignarskjöl fyrir en fyrir liggja úrskurður óbyggðanefndar og eftir atvikum niðurstaða dómstóla.

Tekið er fram að ríkið eigi ekki öll réttindi í þjóðlendum heldur geti þau verið á hendi margra aðila vegna upphaflegrar afnotatöku eða venjuréttar. Eignarhald ríkisins sé eins konar forræði yfir tilteknum heimildum sem skapi aðild. Hlutverk ríkisins sé að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fari með stjórn auðlinda í hafinu innan ramma, sem settur er um þau málefni í lögum, fari ríkið með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt að.

Það liggja ágreiningslaust fyrir að Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunneignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendur. Áður hafi hins vegar ekki verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

7.2. Málsástæður og lagarök

Lögd er áhersla á það að kröfugerð íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Örafum sé að meginstefnu til byggð á því að mörk eignarlanda á kröfusvæðinu séu þau sömu og landnámsmörk. Utan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin voru til eignar en innan þjóðlendulínu sé þjóðlenda sem aðliggjandi jarðeigendur hafi í einhverjum mæli haft afnot af.

Landnám hafi verið grundvöllur frumstofnunar eignarréttar að landi hérlendis og eini gjörmingurinn sem leitt hafi af sér beinan eignarrétt. Um landnámið séu glöggar heimildir í íslenskum fornritum, aðallega Landnámu. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenskri lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur séreignarréttur.

Fyrir utan skriflegar heimildir um landnámið hérlendis hafi fornleifar og búsetusaga staðfest fyrir okkur nútímamönnum að byggð hafi í stórum dráttum haldist á þeim svæðum sem numin voru til eignar. Sums staðar hafi byggð dregist saman en í örfáum undantekningartilvikum hafi byggð sótt á eftir að eiginlegu landnámi lauk.

Jafnhliða náminu er byggt á því að annar háttur á réttindatöku yfir landi hafi verið viðurkenndur í öndverðu, en það var taka til afnota. Óbeinn eignarréttur eins og beitarréttur hafi grundvallast á töku í upphafi og síðan venjurétti. Byggt sé á því af hálfu fjármálaráðherra í þjóðlendumálum í Austur-Skaftafellssýslu að land utan numdra eignarlanda hafi verið tekið afnotatöku einstakra

jarðeigenda þar sem möguleiki var til beitarafrnota og sums staðar allt að jökulrönd. Byggist það á því að engar heimildir sé að finna um að almenningar hafi verið í sýslunni en þeir voru sameiginlegt afnotaland fjórðungsmanna og síðan þjóðarinnar. Jöklarnir hafi aldrei talist til eiginlegra almenninga þar sem þeir voru ekki nytjaland. Jöklarnir hafi hins vegar flokkast með öræfum og verið einskismanns land en eftir lögtöku þjóðlendulaga verði að gera kröfu til þess að þeir teljist þjóðlenda.

Um eignarréttarlegan mun á eignarlöndum, afréttum og almenningum er vísað til dómafordæma. Einkum er vísað til fyrra málsins um Landmannaafrétt, H 1955 108. Sá dómur styðji fullyrðinguna um að nám þurfi til frumstofnunar eignarréttar. Dómurinn leiði enn fremur af sér þá réttarreglu í formi dómafordæmis að notkun lands til sumarbeitar fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar leiði ekki til þess að afnotahafi eignist beinan eignarrétt að landinu. Í þessu sambandi eigi ekki að skipta máli hvort land sé almenningur, lögafréttur (afréttarland sem tilheyrir tveimur eða fleiri jörðum) eða bara annað land sem notað sé einungis til sumarbeitar án þess að hafa verið numið. Það eigi heldur ekki að skipta máli hvort slíkt land hafi sérstakt landamerkjabréf eða sé einhliða innlimað í landlýsingu jarðar með landamerkjabréfi. Ritun og þinglýsing landamerkjabréfs hafi aldrei að íslenskum lögum stofnað til beins eignarréttar að landi. Einungis námið sjálft hafi verið löglegt til loka landnámsaldar en þá hafi rétturinn til þess verið afnuminn með lögum.

Þá er vísað til fyrirkomulags hvað þetta varðar í Noregi og Norður-Ameríku. Þar sé land sem ekki er undirorpið beinum eignarrétti talið eign krúnunnar. Jafnframt er vísað til fyrirkomulags um hið sama á Grænlandi. Við endalok norrænnar byggðar þar í landi sé beinn eignarréttur að land talinn hafa fallið niður. Landstjórnin sé nú talin eigandi alls lands og úthluti einstaklingum og lögaðilum land til afnota.

Hér á landi hafi konungsvald ekki komið til fyrir en 1262 og eftir það hafi konungur eignast jarðir en ekki landið. Með Landmannaafréttardómi Hæstaréttar hinum síðari, H 1981 1584, hafi verið skorið úr um það að við stofnun allsherjarríkis 930 hafi ónumið land ekki orðið eign þess heldur haldið áfram að vera eigendalaust. Á einveldistíma hafi konungur Danmerkur og Íslands, á grundvelli nýbýlatilskipunar, haft vald til að ráðstafa eigendalausum landi og landi sem tilheyrði öðrum á grundvelli afnotaréttar. Vald þetta hafi grundvallast á löggjafarvaldinu en ekki verið litið svo á að konungur ætti land utan eignarlanda. Þetta vald kvað Hæstiréttur vera hjá Alþingi eftir að eignarréttartilkalli ríkisins til Landmannaafréttar var hafnað. Með þjóðlendulögunum hafi Alþingi svo nýtt þennan rétt til löggjafar.

Tekið er fram að örðugt sé að greina nákvæmlega mörkin á milli eignarlanda og þjóðlendna. Í upphafi virðist ekki hafa skipt máli að skilgreina þessi mörk. Megináherslan hafi þannig verið lögð á að greina mörk landnáma innbyrðis. Við það hafi glögg kennileiti, eins og stórar ár, verið notuð. Í nútímanum verði því að ráða í eyðurnar. Í megindráttum virðist landnám einungis hafa náð til láglendis en þó hafi ekki allt láglendi verið numið því almenningar voru bæði til hið efra og hið ytra. Mjög erfitt sé að gefa sér að hálendi eða fjöll hafi verið numin þar sem skráðar landnámsreglur beri með sér að slíkt hafi verið vandkvæðum bundið. Þó sé líklegt að helgun lands hafi náð svo langt að tekið væri með það land sem nýta mátti á heilsársgrundvelli og gat þannig verið hluti af jörð.

Þá er á því byggt að eignarréttur sé ekki eilífur þó til hans hafi stofnast. Talið sé að hann geti fallið niður ef hann verður að engu eða ef hann framselst ekki með löggerningum, erfðum eða hefðarhaldi. Þannig sé beinn eignarréttur að heimalandi jarðar talinn geta fallið niður með tímanum ef hann framselst ekki en eigendur aðliggjandi jarða taki að nýta þar beit fyrir búfé eingöngu. Með beitarnotunum eingöngu eru skilyrði hefðarréttar ekki uppfyllt. Um þetta sé Geitlandsdómur Hæstaréttar skólabókardæmi. Í þessu sambandi er jafnframt bent á ákvæði Nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 og 1. mgr. 55. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, sbr. 1. gr. laga um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952.

Næst er greint frá því að helstu skrifuðu heimildir um nám lands hérlendis séu í landnáma-bókum sem í heildarútgáfu nefnist Landnáma. Þá segir að benda megi á fjölmörg dómafordæmi Hæstaréttar þar sem stuðst sé við heimildir þaðan þegar skera þurfi úr um inntak eignarréttar.

Um landnámsmörk á því svæði sem til umfjöllunar er sé því vísað til Landnámu auk rits Einars Ó. Sveinssonar, „Landnám í Skaftafellssþingi“ frá árinu 1948.

Fullýrt er að glöggt komi fram í heimildum um landnám í Örafum að hálendi, fjöll, örfæfi og jöklar hafi ekki verið numin til eignar og að Hæstiréttur virðist gera ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðháttu, víðáttu og gróðurfars. Í því sambandi skipti hæðarlínur auðvitað miklu máli enda í rökréttu sambengi við ofangreint. Af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum og til þeirra því litið við kröfugerð íslenska ríkisins.

Þá sé það talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti, verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna, að nám, raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinnar jarðar eða önnur atriði, hafi tekið til stærra svæðis, en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Af dómum Hæstaréttar megi jafnframt ráða, að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Því eru eldri heimildir eins og vísitásiur bornar saman við nýrri landamerkjabréf. Nýrri heimildir um merki verði auðvitað að víkja fyrir eldri eða upprunalegum heimildum.

Íslenska ríkið telur glöggt koma fram í Hæstaréttardómum varðandi Kalmanstungu og Sandfellshaga í Öxarfirði (H 1975 55 og H 1999 2006), að innan landamerkjalyásingar jarðar geti verið tvenns konar land. Heimaland sem er í heilsársnotum og síðan afréttarland sem er í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjalljarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á því hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda nái til alls heimalandsins.

Með tilvísun í ofangreint er því haldið fram að kröfulínu um þjóðlendumörk í Örafum í samræmi við kröfulýsingu ríkisins skuli taka til greina þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tilteknar heimildir mörk heimalanda jarðanna við óbyggðir. Landamerkjabréf jarðanna hafi ekkert um þetta að segja enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk, jafnvel þótt þinglýst séu.

Þá er fullýrt að samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis aðila samningsins og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felast. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjalljarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882 og það var ekki fyrir en 116 árum síðar að slíkt var hægt eftir að íslenska ríkinu hafði með lögum verið fenginn eignarrétturinn að þjóðlendum.

Í framhaldi af þessu er vikið að hefð. Greint er frá því að talið hafi verið, að hefðarréttur hafi ekki verið til í okkar fornlögmum alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðaréttar stofnaðist til slíkra landsvæða.

Í þessu sambandi er jafnframt vísað til ákvæða Norsku laga frá árinu 1687 um hefð og hefðarlaga, nr. 46/1905, sem leystu ákvæði hinna fyrir nefndu af hólmi. Samkvæmt þeim sé hvorki unnt að vinna hefð á afréttum né almenningum. Þessu til stuðnings er vísað til síðari dóms Hæstaréttar um Landmannaafreitt. Þessi regla hafi nú verið lögfest, sbr. ákvæði 3. gr. þjóðlendulaga.

Þá er athygli vakin á því að skilyrði fyrir hefðarhaldi er óslitið eignarhald sem hefur verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Loks er á það bent að á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi sem nú gæti heitið Þjóðlenda.

7.3. Núpsstaður

Ein jörð af kröfufsvæði 3 hafi gerst aðili að þessu Þjóðlendumáli en það sé Núpsstaður. Í kröfulýsingu dags. 13. júlí 2001 sé gerð sú krafa f.h. eiganda Núpsstaðar að hafnað sé kröfu þeirri sem í raun sé fram komin um Þjóðlendu í landi Núpsstaðar á Skeiðarársandi og að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans að nefndu landi til þeirra merkja sem komi fram á kröfukorti.

Upphaf þessa ágreinings, sem hér sé uppi hafður, megi rekja til deilna um merki milli Núpsstaðar og Skaftafells, sem reis fyrst árið 1978, rúmu ári eftir að A- Skaftafellssýsla var gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi með lögum 56/1976.

Íslenska ríkið gerist ekki aðili að landamerkjaþrætu þessari en óhjákvæmilegt sé að reifa atriði sem skipt geti máli við ákvörðun um inntak eignarréttar að þessu þrætulandi. Verði því að fjalla um rök með og móti beinum eignarrétti Núpsstaðar á sandinum en áður en framangreind kröfulýsing hafi komið hafi ekki verið talin ástæða til að fjalla um land Núpsstaðar annars staðar en í svæði 3.

Í kröfulýsingu fyrir Fljótshverfi sé greint frá upplýsingum um landnám og annað sem tengist landrétti. Segi þar að Gnúpa Bárður hafi numið Fljótshverfi allt en með því orði sé væntanlega aðeins um að ræða byggðina milli Núpsvatna og Hverfisfljóts. Nafnið Núpsvötn eigi raunar aðeins við neðan Lómagnúps en Núpsá heiti áin þá er inn með núpnunum komi.

Haraldur Matthíasson hafi þá skoðun eins og sjáist í riti hans „Landið og Landnáma II“ að Fljótshverfi sjálfu ljúki við Núpsá en hann telji þó að landnám Bárðar hafi náð lengra austur. Fljótlega hafi vegna veiði, beitar og reka orðið að setja landamörk á Skeiðarársandi en þar hafi auðvitað verið sandflæmi frá landnámstíð. Hann geri ráð fyrir að í Skaftafellssþingi hafi landamerki einatt verið sett nálægt þeim farvegi sem árnar höfðu í öndverðu, þær sem í mörkum voru. Þannig hafi naumast verið landamerki á Lómagnúpsandi. Hann telji varla að þau hafi verið sett þar sem raun varð á af því að þá hafi runnið meginvatn Skeiðarár. Það þurfi föst og glögg kennileiti til landamerkja. Þau sé ekki að fá á jöklinum sjálfum og ekki heldur niðri á sandinum þar sem jökulhlaup og árflóð æði yfir. Gleggstu kennileitin hafi því verið því Súlutindar sem gnæfi við himin á austurbrún Eystrafrjalls og því hafi landamerki verið við þá miðuð.

Í kröfugerðinni fyrir Fljótshverfi hafi verið stuðst við framangreindar skoðanir Haraldar og talið að landnáminu hafi lokið austur á sýslumörkum. Óbyggðanefnd sé að sjálfsögðu ekki bundin af þessari kröfugerð. Eins gæti óbyggðanefnd komist að þeirri skoðun að landnám hafi ekki náð lengra en að Lómagnúp og það land, sem síðar fer innan merkja Núpsstaðar, hafi einungis gert það með afnotatöku á síðari öldum og þannig hafi afnotaréttinum ekki fylgt grunnréttur að landinu.

Um annað land Núpsstaðar austan Lómagnúps og Núpsstaðar verði ekki komist hjá því að benda á að réttur til þess sé ekki á allan hátt afdráttarlaus.

Núverandi landamerkjalyýsing geri ráð fyrir því að Núpsstað tilheyri allt fjalllendi inn að jökli frá Skeiðarárjökli í austri og í vestur að línu sem dregin sé upp Krossá svo langt sem hún nái, þaðan í Álftadalsbrýr og síðan beint í jökul. Þessi lýsing sé í þversögn við eldri heimildir eins og Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 en þar sé jörðinni Svínafelli í Örafum eignaður afréttur í Eystrafrjalli.

Aðrar ritaðar heimildir séu á sama veg. Samkvæmt máldögum 1343, 1397 og 1448 og vísitasíu fyrir Kálfafellskirkju 12. júní 1749 eigi kirkjan afrétt í Skorum að hálfu á móti Svínfellingum og kolskóg í vestrum Skorum en þessi svæði séu það sem nú er kallað Eystrafrjall og Vestrafrjall í skógum fyrir innan Súlu þar sem nú séu Núpsstaðarskógar. Ekki hafi fengist skýringu á því hvi

Þessi afnotalönd Kálfafellsstaðar séu nú innan landamerkjálýsingar Núpsstaðar. Kolaskógur í vestri Skorum geti hafa verið ítak Kálfafellsstaðar í eignarland Núpsstaðar. Sú skýring verði ekki notuð um Eystrafjall. Tvær jarðir eigi þar fyrrum saman afrétt eftir áreiðanlegum heimildum í mörg hundruð ár. Önnur jörðin sé Kálfafell í Fljótshverfi og hin Svínafell í Örafum. Réttur Núpsstaðar til landsins sé svo fyrst skráður í einhliða landamerkjabréfi rúmlega aldar gömlu.

Í þessu sambandi sé vert að hafa í huga að einu merkjalýsingarnar, sem eldri eru séu landamerkjabréfið, séu fjórar vísitásiur frá 1645, 1657, 1677 og 1707 þar sem fram komi að land Núpsstaðar sé heimaland og svo annað land sem sé milli Krossár og jökla að austan. Þessi merkjalýsing geti ekkert um norðurmörk og vitað sé að Krossá nái ekki að jökli.

Það sé rétt að líta á aðra jörð í nágrenninu í þessu sambandi, Kálfafellsstað. Elsta landamerkjálýsing jarðarinnar sé vísitasia 1641. Samkvæmt henni eigi kirkjan heimaland allt til ummerkja eftir hefðarhaldi. Að austan Djúpá allt hið efra á fjöll upp og að utan ræður Brúará hið efra á fjöll upp. Í yngri vísitasiu 1848 sé land kirkjunnar farið að stækka og nú ráði að austan Djúpá frá jökulum og kirkjan á Djúpárbakkaland sem sé í eyði. Að utan og vestan ráði Brúará að vestan á fjöll upp. Til samanburðar skuli bent á að samkvæmt gildandi landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1922 ráði Djúpá að austan frá jökli eins og komið hafi verið 1848 og jörðin hafi aukið land sitt með því að dregin sé ákveðin lína frá Laxá að vestan til jökuls.

Af framansögðu megi glöggst sjá að í Fljótshverfi sé verulegur munur á lýsingu landrýmis einstakra jarða allt frá landnámi og til núverandi landamerkjabréfa.

Í sambandi við þennan ágreining megi benda á að fyrir óbyggðanefnd gildi ekki málsforræðisreglan um að aðilar geti ráðstafað sakarefni heldur skuli nefndin í hverju tilfelli komast að niðurstöðu sem samrýmist viðurkenndum reglum íslensks eignarréttar. Það kunni að vera að í málinu um Fljótshverfi verði gengið lengra um þjóðlendumörk en kröfugerð ríkisins geri ráð fyrir. Hér í þessu máli séu ítrekaðar kröfur um að allt landið frá kröfulínu á Skeiðarársandi samkvæmt kröfukorti verði úrskurðuð þjóðlenda allt að þeirri línu sem marki upphaf svæðisins í vestri samkvæmt auglýsingu óbyggðanefndar.

7.4. Skaftafell

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að í landamerkjabréfi frá 5. maí 1890 vanti alveg lýsingu á óbyggðamörkum svo óljóst sé hvað bændur hafi þá talið tilheyra jörðinni af fjallendi.

Fyrsta hálandið að austan sé Hafrafellið og Hrútsfjallið. Heimildir um þau segi að snemma á öldum byggðar hafi Hafrafellið verið afréttur frá Freysnesi og Hnappavallakirkja eigi þar ítök samkvæmt máldaga frá 1343. Enn fremur hafi hún átt tólf unguneyta rekstur og skógartóft í Hrútfelli. Eftir að byggð hafi lagst af í Freysnesi og jörðin verið lögð til Skaftafells fylgdi með upprekstur í Hafrafell. Síðan hafi Svínfellingar farið að beita þar fé á öndverðri 19. öld svo haft fjallið á leigu og nýti það nú einir til beitar. Þá sé greint frá því í Byggðasögu Hofshrepps að Skaftafell eigi upprekstur í Freysnesland. Engar heimildir séu öndverðar við þetta á þann veg að Hafrafellið sé talið til eignarlanda. Sé því ekki ástæða til annars en hafa allt fjallið innan kröfulýsingar um þjóðlendumörk.

Næst við Hafrafellið liggja Skaftafellsjökull sem allur sé innan þjóðlendu og síðan komi hið upp-runalega land Skaftafellsjarðarinnar eins og það hafi verið fyrir Örafajökulsgos 1362. Heimaland jarðarinnar sé að sjálfsögðu eignarland en hversu langt það nái liggja ekki fyrir í gögnum.

Ýmsar heimildir séu um nýtingarrétt annarra jarða á Skaftafellsheiðinni sem sé upp af heimalandinu. Jarðirnar Hof, Sandfell og Svínafell hafi skógarítak í Heiðinni. Síðan segi í sveitarlýsingu frá 1700 og Jarðabók Ísleifs 1709 að Fagurhólsmýri eigi skóg í Hnappavallaítaki í Skaftafellsskógi. Þessi síðastnefndi skógur sé væntanlega í heimalandi.

Í greinargerð segir að alveg sé ljóst að beinn eignarréttur Skaftafellsjarðar hafi aldrei náð að jökli. Til þess skorti landnámslýsingar, landamerkjaskrár og svo vinni heimildir um staðhætti,

gróðurfar og hæð yfir sjó gegn slíkri niðurstöðu. Benda megi á hæð fjalla á Skaftafellsheiðinni, Skerhóll í 526 m, Kristínartindar í 979 m og 1126 m og síðan Skarðstindur í 1385 m. Handan hæðarinnar sem tilheyrir gamla landi Skaftafells séu Morsárjökull, Morsárdalur og fjalllendið austan hans, m.a. Skaftafellsfjöll, Jökulfell og Miðfell.

Fyrir gos í Örafajökli 1362 hafi verið bær undir Jökulfelli, nefndur eftir fjallinu. Líklegt þyki að Morsárdalur og fjalllendið hafi tilheyrt þeirri jörð en síðar hafi land þetta verið talið tilheyra Skaftafellsjörðinni án þess að til séu um það neinar heimildir.

Í Jökulfelli hafi verið byggð fram eftir öldum og hálfkirkja árið 1343. Sú kirkja muni þó hafa verið niðurlögð fyrir 1362 því í Lómagnúpsmáldaga frá 1397 segi, að Gyrðir biskup hafi lagt þang- að 12 ær og kú frá Jökulfelli, en Gyrðir hafi verið biskup 1350-1360. Ef til vill hafi Skeiðará eyðilagt Jökulfell en rústir af bænum hafi sést fram að árinu 1800.

Á liðnum öldum hafi ýmsar jarðir talið sig hafa nýtingarétt í landi Jökulfells. T.d. segi í Jarða- bók Ísleifs 1709 að „skattbændur allir frá Kolgrímu til Fells segjast eiga skóg í Jökulfelli í Örafum, þar sem kallaður er Bændaskógur. Hefur til forna verið brúkaður af allmörgum og enn nú af nokkrum“. Samkvæmt sömu heimild sé prestsetrinu Sandfelli eignað skógarítak í Jökulfelli.¹

Þessar heimildir gefi tilefni til tveggja ólíkra ályktana. Sú fyrri sé að eftir að heimaland Jökul- fells eyðilagðist hafi jörðin verið yfirgefin og enginn eignarréttur framselst en landið orðið almenn- ingur. Sama sé talið hafi gerst í Þjorsárdal er byggð þar lagðist af í eldgosi snemma byggðar. Tveir dómur hafi staðfest að svona geti farið um beinan eignarrétt og sé helst að vísa til Vilborgarkots- dóms Landsyfírréttar og Geitlandsdóms Hæstaréttar. Síðari ályktunin sé að jörðin sjálf hafi verið lögð til Skaftafells en ýmsir aðrir aðilar fengið hlunnindi og ítök úr jörðinni. Þessu til stuðnings sé vert að gefa því vægi að jörðin liggur að Skaftafelli og verði þannig eignarréttarlega séð í vörslum Skaftafellsbænda eins og Freysnes en sú jörð hafi verið keypt af konungi með gögnum og gæðum um miðja 19. öld og lögð undir Skaftafell.

Þyngri rök séu fyrir því að telja beina eignarréttinn hafa framselst Skaftafellsjörðinni en sá eignarréttur geti að sjálfsögðu ekki verið víðtækari en hjá fyrri eiganda. Samkvæmt heimildum um nám Þorgerðar hafi hún aldrei numið land lengra en að Jökulfelli og þannig geti landið þar fyrir vestan ekki verið beint eignarland á grundvelli náms. Líklegt sé að Skeiðarársandur hafi á land- námstíma verið óbrúkandi öræfi eins og nú sé og því verði að ákvarða þjóðlendumörk í Skeiðar- árjökli og niður í sjó eins og nánar greini um kröfulínu.

Vardandi Skaftafellsfjöllin er vísað til heimilda um afréttarmál í Örafum.² Skaftafellsfjöll hafi verið afréttir Skaftafellinga frá landnámsöld. Þegar fé gekk í fjöllunum hafi heimamenn skilið á milli einstakra svæða fjallendisins vardandi smölun og réttað frá þeim stöðum. Jökulfell og vestur- hlutinn hafi alla jafna verið nefnd Vesturfjallið. Einnig hafi verið talað um að smala hálsana og dal- ina en þá átt við austurhluta Skaftafellsfjalla. Tímafrekt hafi verið að smala fjöllin, einkum Færnes og Krossgilsdal. Fénu þaðan hafi venjulega verið smalað fram á Jökulfell og sameinað safninu þar. Réttáð hafi verið undir Jökulfelli en fé sem safnað var úr Miðfelli hafi verið réttað við gil eitt í mynni Kjósar. Rétt eins og í Skaftafellsfjöllum hafi þurft að smala í Miðfelli.

Þessar heimildir bendi ekki til annars en fjöllin ofan Morsárdals hafi verið venjulegt ónumið afnotaland, afréttur bænda.

Þannig snúi tiltækar heimildir að Morsárdal og Skaftafellsfjöllum. Þessi lönd hafi á einhvern óskilgreindan hátt komist undir Skaftafell og verið talin með öðru landi Skaftafells við gerð landa- merkjaskrárinnar 1890.

Íslenska ríkið byggir á því að gera þjóðlendu-kröfu til alls lands sem ekki hafi verið numið. Þeim ritum, sem fjalli um landnám á þrætusvæðinu, beri saman um hversu langt í vestur numið hafi

1 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 433.

2 Snævarr Guðmundsson, 1999: *Þar sem landið ris hæst. Örafajökull og Örafasveit*, Reykjavík.

verið. Í Sturlubók Landnámu segi að Þorgerður kona Ásbjörns, sonar Heyjangurs-Bjarnar úr Sogni, hafi numið allt Ingólfshöfðahverfi milli Kvíár og Jökulsár (Skeiðarár). Í Hauksbók segir hins vegar að í samræmi við gildandi landnámsreglur hafi Þorgerður leitt kvígu sína undan Tóftafelli, skammt frá Kvía suður og í Kiðjaklett hjá Jökulfelli fyrir vestan. Þorgerður hafi þannig numið land um allt Ingólfshöfðahverfi á milli Kvíár og Jökulsár. Þessar frásagnir segi skýrt að hið byggilega svæði hafi verið numið (Ingólfshöfðahverfi). Námið til vesturs hafi aldrei verið lengra en í Kiðjaklett hjá Jökulfelli fyrir vestan. Þar sem mörkin séu einnig nefnd við Skeiðará séu yfirgnæfandi líkur á að hún hafi runnið úr Vatnajökli við Jökulfell. Sé þannig kröfugerð ríkis réttilega miðuð við landnámsmörk. Hæstiréttur hafi fyrir löngu skapað þá dómvenju að byggja á frásögnum Landnámu þegar skera þurfi úr þrætu um beinan og óbeinan eignarrétt. Megi í því sambandi benda á eftirfarandi dóma: H 1960 726 (Skeljabrekka), H 1994 2227 (Geitland), H 1997 1162 og 1183 (Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar), H 1997 2420 (Hundadalsheiði), H 1999 111 (Jökuldalsheiði), H 1999 2006 (Öxarfjarðarheiði) og H 1999 368 (Víðihólar).

Eigendur Skaftafells II hafi ekki hrakið staðfræði þessara landnámsmarka en haldið því fram að Skeiðará hafi á liðnum öldum runnið vestar. Það breyti engu um það. Ingólfshöfðahverfi hafi ekki færst í vestur við það og ekki landnámsmörkin við Jökulfell. Engu máli skipti í þessu sambandi hvort eigendur Skaftafells hafi litið á Skeiðárársand sem eignarland sitt. Allur þorri almennings hafi ekki til að bera þekkingu til að greina í sundur þær lendur sem undirorpnar eru beinum eignarétti eða bara afnotarétti, eins og reka, beit og veiði.

Við aðalmeðferð málsins var því haldið fram af hálfu ríkisins að líkindi væru til þess að á þessum tíma hafi Skeiðaráin runnið niður við Jökulfellið á svipuðum slóðum og í dag. Nokkuð ljóst virðist eftir elstu heimildum að mörkin við Jökulfell hafi verið Skeiðará, síðan Kvía og loks Jökulsá á Breiðamerkursandi. Sá sem byggja vilji á því rétt að farvegir þessir hafi verið á öðrum stað á landnámsöld en nú verði að hafa um það sönnunarbyrði, svo glöggar séu lýsingar Landnámu.

Heimildir um afnot af Skeiðárársandi hafi snúist um reka, beit og veiði. Af skali 15-3 megj sjá að landeigendur hafi getað leigt sumarbeit á sandinum.

7.5. Svínafell

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að Svínafells sé ekki getið meðal landnámsjarða. Landshættir við Svínafell séu þannig að heimalandið sé fyrir neðan snarbratt Svínafellsfjall, sem sé vel gróíð upp frá undirlendinu. Síðan sé nokkur geil í fjalllendu í átt að Svínafellsjökli, en mikið fjalllendi sé umlukið þeim skriðjökli og síðan á hinn veginn Virkisjökli og inn á milli sé jökulbrún Örafajökuls. Fjöll séu þarna mjög há, Öskuhnúta 917 m og Skarðstindur 1061 m.

Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1890, þar sem merkjum til fjalla (óbyggðamörkum) sé ekki lýst, segi að þessari jörð tilheyri Svínafellsfjall og Hvanndalur. Þessi hálendi séu þarna ekki talin innan merkja heldur tilheyrandi jörðinni, eins og alltaf sé um afnotalönd. Þannig sé full ástæða til að halda þessum svæðum báðum innan þjóðlendu skv. kröfulýsingu og telja þau þannig utan eignarlanda. Þessu til frekari stuðnings séu auðvitað staðhættir, gróðurfar og hæð yfir sjó.

7.6. Sandfell

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að Sandfelli sé lýst í vísitási Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 og 1654. Ljóst sé af heimildum að Sandfell hafi skipst í heimaland og annað land sem í flestum tilvikum sé réttur til lands á fjalli. Landamerkjabréf frá 1922 gangi miklu lengra til jökuls en eldri heimildir og því verði að mestu að víkja því til hliðar.

Verði þannig þjóðlendulínan látin liggja í beinni stefnu milli neðstu hluta Kotárjökuls og neðsta hluta Falljökuls. Með þessu móti verði efsti hluti Sandfellsheiðar innan þjóðlendu. Ingólfshöfði sé hluti af jörðinni Sandfelli og sé viðurkenndur beinn eignaréttur að landi höfðans.

7.7. Hof

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að austurmörk Hofs séu í Kúadal en minnt á að Hofsnæs sé byggt úr Hofi samkvæmt heimildum úr vísitásiu. Samkvæmt vísitásiu Jóns biskups Árnasonar 1727 séu merki milli Hofs og Sandfells „í farvegi Kotár þar sem hún fellur fyrir innan Kúabakka og sjónhending upp í það gljúfur við neðanvert fjallið, sem sú sama á fellur úr og upp í mitt Rótafjall“. Ekkert sé getið um mörkin til fjalla (efri markalínu) en fjallendið upp af bænum sé frekar hrikalegt. Eystri mörk jarðarinnar séu samkvæmt sömu vísitásiu: „Að austanverðu skal Hof eiga land að Hólsgili, en bent er á að áður hafi það verið Gljúfurá eða Gljúfurárgil, áður en Hofsnæs var skilið frá.“

Hvorug þessara marka ná að jökli þótt merkin skv. landamerkjabréfinu frá 1922 nái í vestri upp í jökul. Virða verði frekar eldri heimildir, sem skemmra gangi en yngri, sem stangist á við eldri rétt. Mörk jarðarinnar geti ekki verið við jökulrönd Örafajökuls samkvæmt merkjalýsingu, þau hljóti að liggja neðar og væntanlega séu þjóðlendumörk enn neðar. Verði um þau að fara að álitum og taka mið af staðháttum, gróðurfari og hæð yfir sjó. Í þessu fjallendi séu há fjöll eins og Hrútsfjall 670 m, Goðafjall 651 m og Hofsfjall 744 m.

Valin sé sú leið af ríkinu að draga beina línu frá Stórhöfða, þvert yfir Hofsfjall og í punkt í Goðafjalli og svo áfram í neðsta hluta Kotárjökuls.

Elsta heimild um jörðina sé Hofsmáldagi frá 1343 og þá eigi kirkjan hálf heimaland. Ljóst sé af þessari heimild að land jarðarinnar á þessum tíma hafi skipst í heimaland og afrétt og ekki hafi það neinum breytingum tekið.

7.8. Fagurhólmýri

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að samkvæmt landamerkjabréfi eigi jörðin Fagurhólmýri hvorki austur né vesturmörk að jökli heldur aðeins talsvert upp í fjallendið. Um norðurmörkin sé ekkert skráð. Eystri mörk endi í Yrpugili og að vestan endi þau í gljúfri sem Gljúfursá fellur eftir. Lína á milli þessara staða myndi liggja í yfir 700 metra hæð. Sú lína sé talsvert fyrir ofan þau mörk sem líkleg séu á milli lands sem verið geti í heilsársnotum og lands sem einungis geti verið í sumarnotum.

7.9. Hnappavellir

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að austurmörk Hnappavalla í Kvía séu við jökul enda komi áin úr Kvíarjökli. Vesturmörk, við Fagurhólmýri, endi hins vegar í Yrpugili sem sé talsvert frá jökli. Ekkert sé getið um mörkin til fjalla í landamerkjabréfinu.

Glöggt megi ráða að Staðarfjall hafi ekki verið numið. Verði því að telja það allt innan þjóðlendu. Um annað fjallendi upp af jörðinni sé það að segja að fara verði að álitum um þjóðlendumörk eftir upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og hæð yfir sjó og ekki sé óraunhæft að láta þjóðlendulínu þarna enda í Yrpugili þar sem mörkin endi milli Hnappavalla og Fagurhólmýrar. Sá kostur sé þó ekki tekinn en í staðinn tekin bein lína frá neðsta hluta Hólárjökuls til Stórhöfða fyrir ofan Fagurhólmýri.

7.10. Kvísker

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að þegar komið sé inn í land jarðarinnar sé komið inn í eignarland en spurning sé hversu langt til fjalla beini eignarrétturinn nái. Eystri mörk jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi séu viðmiðunarlína sem þess vegna geti náð að jökli án þess það sé sagt berum orðum þar sem Fjallsjökull og Hrutajökull komi saman (að Miðaftanstindur í Breiðamerkurfjalli beri í skarð í Eyðnatindi). Milli Hnappavalla og Kvískerja séu mörkin um Kvía.

Austur- og vesturmörk jarðarinnar komi þannig í jökul. Ekki séu nein landamörk skráð til fjalla. Spurningin sé þá hvort jörðinni tilheyrir land að fjöllum, upp á fjöllin eða jafnvel efst á Örafajökul.

Einfalt hefði verið að orða það í landamerkjalyýsingu hafi það verið meiningin. Verði að ætla að landeigandi verði að bera halla af svona óvandaðri lýsingu enda hvíli sönnunarbyrði um eignarrétt á þeim sem haldi honum fram.

Ekki séu heimildir um nýtingu annarra á fjallendinu upp af landi jarðarinnar og bent sé á að land jarðarinnar sé innan landnáms og sé austasti hluti þess lands sem Þórður illugi hafi fengið frá Hrolllaugi Rögnvaldssyni landnámsmanni. Við kröfulýsingu um þjóðlendumörk verði þannig að miða við að innan eignarlands verði það land sem talist geti í heilsársnotum með tilliti til staðhátta, gróðurfars og hæðar yfir sjó.

Það land, sem þjóðlenduþrafa ríkisins taki til sé hálandi eins og Ærfjall, nærri umlukt af jökli. Þá sé þar mestur hluti Múla, Rótarfjall, Sveinshöfði og Vatnafjöll. Um það bil helmingur hálandisins upp af Kvískerjabæ sé þannig á þrætusvæði þar sem af hálfu landeigenda séu gerðar kröfur til viðurkenningar beins eignarréttar allt að jökli.

7.11. Fjall

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að skipta megi þessu landsvæði í Breiðármerkurfjall og undirlendi. Hluti af þessu undirlendi séu Breiðárlón og Fjallsárlón, síðan komi melarnir fyrir sunnan Breiðárlón og neðan vegar séu Breiðáraurar og Fjallsfjara. Land þetta sé enn ónýtt til landbúnaðar eins og það hafi verið frá því um 1400. Um helmingur af þessu svæði sé Breiðármerkurfjall. Verði fjallað um það svæði sérstaklega en nú tekið fyrir landið neðan fjallsins.

Pau atriði, sem máli skipti vegna kröfugerðar ríkisins, séu nokkur. Í fyrsta lagi megi benda á að ekkert landamerkjabréf sé til fyrir Fjall og á Fjalli hafi ekki verið rekinn búskapur í um 600 ár en búskapur einkenni eignarlönd. Þær merkjalýsingar, sem notaðar séu til að draga mörk þessa kröfuvæðis, séu fjörumörk. Fjörumörkin hafi verið einu mörkin sem skiptu máli þar sem í fjörunni hafi falist verðmæti sem voru rekaréttur.

Fjall sé landnámsjörð og beinn eignarréttur að heimalandi jarðarinnar grundvallist því á námi. Jörðin hafi eyðst og eyðilagst skömmu eftir árið 1400. Beinn eignarréttur hafi þá fallið niður, sbr. umfjöllun af hálfu ríkisins um Breiðármörk. Sú eign, sem eftir standi tilheyrandi landnámsjörðinni sé afrétturinn í Breiðármerkurfjalli, beit í Fjallsfit og rekinn á Fjallsfjöru. Önnur eign jarðar geti ekki hafa lagst til Hofskirkju því önnur eign hafi ekki verið til staðar.

Hvernig Hofskirkja eignaðist Fjall sé ekki vitað en orðalagið öll eign jarðar hafi lagst til Hofskirkju í jarðabók Ísleifs bendi ekki til afsalsgernings heldur eins konar innlimunar til afnota.

Sé ekki ólíklegt að þetta hafi gerst með sama hætti og þegar byggð lagðist af í Geitlandi í Borgarfirði og landsvæðið lagðist til Reykholtskirkju sem afréttur. Þessi niðurstaða sé í samræmi við vísitásiu Brynjólfs 1641 því samkvæmt orðalagi hennar séu réttindi hennar í Fjallslandi einungis reki og önnur ítök. Hefði verið átt við beinan eignarrétt hefði verið talað um heimland allt með fjöru. Í lögfestu Hofs 1851 sé sama orðalag og staðfesti það einnig skilning Hofsbænda á þeim rétti sem þeir töldu sig eiga. Segir í texta lögfestunnar, eftir að land Hofs hefur verið lögfest, að enn fremur sé lögfest eftirskrifuð ítök sem Hofsjörðu eigi að fylgja. Eitt af þeim sé eyðijörðin Fjall, sem liggja á Breiðármerkursandi austan Kvískerja lands, nefnd jörð sé lögfest með öllum nytjum til fjalls og fjöru, sé fjaran talin 9 (hundruð) fyrir Fjallsfit.

Engin ótvíræð eignarskjöl séu nú til um land Fjalls. Í landamerkjabréfi Hofs frá 15. júlí 1922 segi að jörðin eigi Breiðármerkurfjall allt og land á Breiðamerkursandi og svo sé vesturmörkunum lýst sem viðmiðunarlínu. Enn fremur að Hof eigi Fjallsfjöru innan tilgreindra fjörumarka. Þannig standi hvergi að Hof eigi jörðina Fjall eins og ráða megi af kröfulýsingu Hofsbænda. Standi þá eftir það sem fyrr var reifað að til Hofs hafi ekki fallið beinn eignarréttur að öllu landi Fjalls heldur einungis takmarkaðar nýtingarheimildir sem hafi verið einu verðmætin sem ekki eyddust.

Bent er á sönnunarbyrði þess sem heldur fram beinum eignarrétti á hægnum forsendum. Fjallið sé afréttur frá Hofi, sbr. umfjöllun í bókinni Göngur og réttir og Árbók Ferðafélags Íslands 1993. Hér sé einungis um að ræða óbein eignarréttindi í þjóðlendu.

Jörðin Sandfell sé í jarðabók Ísleifs 1709 sögð eiga upprekstur í Fjallslandi og sé þar væntanlega um sama rétt að ræða og áður tilheyrði Rauðalækjarkirkju samkvæmt máldaga frá 12. öld en eignir Rauðalækjarkirkju féllu til Sandfells eftir Örafajökulsgos hið fyrra. Enn fremur hafi Sandfell átt upprekstraritak fyrir 180 fjár í Breiðármerkurfjalli og í eldri heimildum segi að jörðin eigi geldfjárhöfn fyrir 140 í Fjallslandi. Vafalaust sé hér um eitt og hið sama að ræða því svo virðist sem Breiðármerkurfjall sé í Fjallslandi.

Af heimildum sé nærtækast að draga þá ályktun að beinn eignarréttur hafi fallið niður af landi Fjalls, en Hofskirkja hafi haldið eftir upprekstrarrétti í Breiðármerkurfjalli og rekarétti á ströndinni í samræmi við heimildir. Sömuleiðis hafi kirkjan í Sandfelli haldið eftir upprekstrarrétti sínum í Breiðármerkurfjalli.

7.12. Breiðármörk

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að Breiðár sé víða getið í fornsögum, m.a. í Njálu. Kári Sölmundarson hafi sest þar fyrst að með Hildigunni Starkaðardóttur, bróðurdóttur Flosa í Svínafelli. Til sé máldagi Mariukirkju á Breiðá í Örafum 1343. Þetta sé líklega sama jörð og þar segir að Mariukirkjan eigi heimaland allt með fjörum og skógum þeim sem þar hafa að fornu fylgt og þeim sömu mörkum sem að fornu hafa verið. Þegar jarðabók Ísleifs Einarssonar er rituð 1709 sé jörðin hálf konungseign en hálf bóndaeign, eyðijörð. Skóg lítilfjörlegan eigi jörðin eða hefur átt í Breiðármerkurmúla sem sé umgirtur af jöklum.

Breiðármerkirkja muni hafa lagst af um 1500 eða fyrr og hafi þá Breiðármörk fallið með fjöru undir dómkirkjuna í Skálholti en 3. ágúst 1525 hafi Ögmundur biskup selt Ásgrími Ásgrímssyni Breiðármörk en undanskilið Skálholtskirkja, alla stórreka og tré eru væru lengri en 6 álnir. Í seinni heimildum sé enn minnst á fjörueign Skálholts. Halldór sýslumaður Skúlason hafi látið ganga um greint kaup dóm 20. maí 1587 að Holtum í Hornafirði og staðfesti Alþingisdómur 1587 þann dóm og dæmdi kaupbréf dómkirkjunnar myndugt. Hafi þá búið á Breiðármörk Mikill Ísleifsson. Breiðá (Breiðármörk) hafi verið yfirgefin 1698.

Fyrsta heimildin um Breiðármörk sé úr Njálu. Hin næsta sé að Mariukirkjan á Breiðá átti samkvæmt máldaga árið 1343 heimaland allt með fjörum og skógum þeim sem þar hafa að fornu fylgt og þeim sömu mörkum sem að fornu höfðu verið. Breiðármerkirkja hafi lagst af nálægt árinu 1500 eða fyrr og jörðin þá fallið undir dómkirkjuna í Skálholti. Skálholt hafi svo selt einkaðíla jörðina 3. ágúst 1525 en undanskildi stórreka. Þann 29. nóvember 1670 hafi verið gert kaupbréf fyrir jörðinni Breiðármörk auk Kaldárholts í Holtum (3-4). Bjarni Eiríksson lögréttumaður hafi selt Brynjólfi biskupi Sveinssyni til fullkomlegrar eignar og frjáls forræðis hálf annað hundrað sem sé fjórðungur úr 6 hundruða jörðinni Breiðármörk austur í Örafum með svo miklu úr víðreka fjöru sem þeim fjórðungi mátti fylgja í 6 álna trjám og þaðan af minna eftir því sem biskupinn í Skálholti hafði selt Ásgrími Ásgrímssyni 1525. Á árinu 1698 sé jörðin yfirgefin en var þá óbrúkandi orðin vegna ágangs jökuls og vatna.

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar sé greint frá því að jörðin sé hálf konungseign og hálf bændaeign. Hinn 7. dag aprílmánaðar 1851 hafi Hofsbændur lögfest eignarjörð sína Hof með ákveðnum merkjum og enn fremur hafi þeir lögfesta sér nánar tilgreind ítök sem Hofsjörðu áttu að fylgja og meðal þess var hálf eyðijörðin Breiðármörk með tilheyrandi fjöru, veiðistöðum og öllum landsnytjum. Jörð þessi sé sögð fyrir austan Fjalls land, austur af Fellslandi í Suðursveit, vestan Jökulsár á Breiðármerkursandi þar sem hún falli úr jökli.

Árið 1853 hafi lengi verið búinn að vera uppi ágreiningur um fjörumörk á milli Fells í Suðursveit og Fjalls og Breiðármerkur í Örafum. Þann 23. apríl 1853 sendi Jón Sigurðsson og Pétur Jónsson á Hofi bréf til sýslumanns til að óska eftir að komið verði á fundi til að eyða ágreiningi um mörkin en þeir hafi talið sig eiga þarna hagsmuni. Talið var að auðveldasta leið til að mæla mörkin væri að mæla frá Kvískerjafjöru, Fjalls- og Breiðármerkurfjöru þar sem vissa væri til um lengd þeirra. Þann 8. júní 1854 hafi verið gerður samningur eigenda Fells og Hofsbænda um merki milli

Fells og lands Breiðármerkur á Breiðamerkursandi. Samið hafi verið þannig að allar grasnytjar og virkilegur eignarréttur skyldi þá eftir tilheyra Felli í Suðursveit allt að austurmörkum Fjallsfjöru sem hafi verið á milli Breiðumerkurfjöru og Fjallsfjöru og „skuli þaðan af fjörunni sjónhending tekin beina stefnu í Svörturák, sem er á jöklinum uppundir Breiðá og norðan hvar hún rennur. Svo skuli og Hofs eigendur og ábúendur njóta alls vestanmegin við nefnda Breiðá og til greindrar stefnu inn á fjall og fjöru á milli“.

Af hálfu íslenska ríkisins er á það bent að við heimildir, sem jarðeigendur hafa lagt fram, sé ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi hafi jörðin skipst í heimaland og annað land ef vitnað er til máldagans 1343. Ekki er vitað hvernig sú afmörkun hefur verið. Fram til 1525, er Ögmundur biskup seldi jörðina, hafi hún verið öll eign sama aðila og ítakalaus. Eftir 1525 hafi jörðin sjálf verið í einkaeign en stórviðarkeki á fjörunni eign Skálholts. Þessu ítaki Skálholts sé svo afsalað 7/3 1857 til Gísla Þorsteinssonar, Uppsölum. Árið 1670 kaupi Brynjólfur biskup Sveinsson fjórðung úr jörðinni en hún var þá talin 6 hundruð. Þetta sé fyrsta dæmið um skipt eignarhald og ekki er vitað hvað verður um þennan fjórðung Brynjólfs. Árið 1698 sé jörðin orðin óbrúkandi vegna ágangs jökuls og vatna og er hún þá yfirgefin. Í framhaldi af því sé á því byggt að beini eignarrétturinn sem var að heimalandinu hafi fallið niður með tímanum. Í þessu sambandi megi benda á ákvæði í Nýbýlatilskipuninni 1776 en þar segi þetta: „það álist eigi að vera nein sérleg eign, þó að þeir í kring búandi hafi verið vanir að reka sitt kvikfé á svoddan land, svo lengi sem, og vegna þess að það hefur legið í eyði, því það skal einasta álitast sem almenningur.“ Í Vilborgarkotsdómi Landsyfírréttar varð niðurstaða um þrætuland á þennan veg og einnig í Geitlandsdómi Hæstaréttar. Í sambandi við fasteignir, sem enginn getur sannað beinan eignarrétt að, hvort sem þær hafa áður verið háðar eignarrétti eða ekki, sé einnig rétt að benda á reglur um erfðafjárjód, sbr. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 8/1962, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1952, sem leiði til þess að eignir manns, sem enga erfingja á, renni í erfðafjárjód til ráðstöfunar ríkisins og þannig sé það íhugunarefni eins og segir í greinargerð með þjóðlendlögnum, hvort sams konar reglur gildi slíkar fasteignir.

Fyrstu heimildir um jörðina eftir eyðingu hennar sé í jarðabók Ísleifs 1709. Þar segi að jörðin sé hálf bændaeign og hálf konungseign. Hvernig þessi skipting varð skortir heimildir um og hvort í bændahlutum felist fjórðungur Brynjólfs sé ekki vitað. Í samræmi við kenninguna um brottfall beins eignarréttar sé ekki ólíklegt að með orðum jarðabókarinnar sé við það átt að konungseignin sé stórrekin sem tilheyrði Skálholti en bændaeignin sé annar reki og eftir atvikum beit ef annað hefur ekki verið eftir. Verði að ætla að Breiðármörk hafi verið jörð 1670 er Brynjólfur kaupir sinn fjórðung því biskupinn hafði mikið vit á jarðakaupum. Megi því reikna með að eyðilegging jarðarinnar hafi orðið með skjótum hætti 1698 er jörðin var yfirgefin. Konungur hafi tekið undir sig eignir Skálholts eftir siðskipti eins og kunnugt sé og glöggt komi fram í stólsjarðauppboðunum á Suðurlandi á 18. öld.

Ljóst sé af lögfestu Hofs frá 1851 að Hofsbændur telji Breiðármörk ná allt að Jökulsá og svo hitt að ekki sé lögfestur beinn eignarréttur að Breiðármörk heldur ítaks eða afnotaréttur. Þegar búið sé að lögfesta Hof eru lögfest ítök sem Hofsjörðu eigi að fylgja. Eitt þessara ítaka sé hálf eyðijörðin Breiðumörk með tilheyrandi fjöru, veiðistöðum og öllum landsnytjum.

Næstu heimildir um þetta þrætuland og reyndar land utan kröfusvæðis þessa máls allt að Jökulsá sé frá árunum 1853 og 1854. Þá séu eigendur Fells og Hofsbændur að deila og geri með sér samkomulag um land og fjörumörk. Aðild Hofsbænda að þessari þrætu byggist vafalaust á lögfestunni og ekki sé ólíklegt að lögfestan hafi verið gerð í tilefni af deilunni. Samkvæmt lögfestunni hafi Hofsbændur einungis átt hálfa eyðijörðina og geti þá ekki gert bindandi samninga fyrir alla jörðina. Enn fremur komi þeir ekki fram sem fulltrúar annars en óbeins eignarréttar og geti því ekki gert samning um framsal beins eignarréttar.

Í þessu sambandi sé rétt að benda á að hvergi sé á Hof minnst í neinum eignarskjölum nema í bréfi 31/3 1876 frá Einari Gíslasyni þar sem segi að Gísli sálugi í Njarðvík hafi átt ½ Breiðumörk

en hinn helmingurinn verið opinber eign og sé það að líkindum sá hluti sem liggja undir Hof. Þessi skrif bendi til þess að vafi geti verið á að í greinargerð ríkisins hafi verið dregnar réttar ályktanir af eignarheimildunum úr Jarðabókinni 1709 og með opinberri eign sé ekki átt við stórrekann sem síðan var afsalað 1876. Hvað sem rétt kann að vera í því efni megi þó benda á það að heimild Hofsbænda til að fara með opinbera eign verði að byggjast á löggæringi og sá löggæringur liggja ekki frammi. Lögfesta hefur ekkert gildi nema á bak við hana sé raunverulegur réttur.

Í bréfum, sem fyrr voru rakin í greinargerð ríkisins frá erfingjum Gísla Halldórssonar í Njarðvík á árunum 1861-1876 komi fram að hin eydda jörð sé farin að gróa að einhverju leyti þannig að hagbeitargagn sé orðin af landinu. Í bréfi Einars Gíslasonar 1876 sé hvergi talað um annað í sambandi við Breiðármörk en leiguliðagagn, ítak og landsnytjar að leiguliðagagninu. Hið eina, sem standi þar um afmörkun lands, sé að fjaran eigi að vera 900 faðmar tólfræð á lengd og liggja fyrir miðjum Breiðamerkursandi milli Fells og Fjalls fjöru.

Á árinu 1922 sé farið að huga að hreppamörkum milli Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps. Frá því ári séu til ritaðar vangveltur Stefáns Jónssonar, Kálfafelli. Hann velti upp þeirri hugmynd sinni að Jökulsá á Breiðármerkursandi hafi á landnámstíma runnið fyrir vestan Nýgræður og hafi það þá verið hreppamörk og svo skuli standa. Hafi þá landamörk milli Fells og Breiðármerkur verið á sama stað. Landamerkjaskráin 13. maí 1922 sé gerð í samræmi við þetta og hún samþykkt af hreppstjórum Hofshrepps og Borgarhafnarhrepps. Ekki séu neinir meintir eigendur Fells eða Breiðármerkur kallaðir til sem þó hafi verið lagaskylda samkvæmt landamerkjalogum svo landamerkjabréf hafi eitthvað samningsgildi en landamerkjabréf séu auðvitað ekkert annað en samningur. Um þetta svokallaða landamerkjabréf megi auðvitað einnig segja það að með því sé einungis ákveðin bein lína með því að miða við ákveðin kennileiti á fjöru, við jökul og svo viðmiðunarpunkt í Mávabyggðum. Alls ekki hafi verið að taka af skarið um það hvað langt til landsins land Breiðármerkur hafi náð, auk þess að mörk til norðurs og vesturs vanti.

Í greinargerð ríkisins segir að vesturmörkin samkvæmt kröfulýsingu jarðeigenda virðist fengin úr landamerkjaskrá Hofis þar sem segi að Hof eigi Breiðármerkurfjall allt og land á Breiðármerkursandi og eins og segir í bréfinu séu mörkin að vestan: „Toppurinn á Miðaftanstindi á Breiðármerkurfjalli sem beri í skarðið á Eyðnatindi í sama fjalli.“ Hér muni átt við mörkin milli Kvískerja og Fjalls og sé þannig hin skriflega kröfulýsing ekki í samræmi við landamerkjalinur á korti. Þessi lýsing sé auðvitað ekki landamerkjalinu með upphafpunkti og endapunti heldur sé hér um einhvers konar viðmiðunarlínu að ræða. Ekki verði betur séð en kröfulínan samkvæmt korti miðist við merki þau sem tileinkuð séu fjallsfjöru í landamerkjaskrá Hofis 15/7 1922. Í skrá þessari segi að Hof eigi Fjallsfjöru þar sem mörkin að austan séu sögð þessi: „Hærri þúfan á Mávabyggðum skal bera austan í Múlahöfuðið sem er fremst austan á Breiðármerkurfjalli og landamörk þau sömu.“ Það sé sammerkt með öllum þessum tilvitnuðu landamerkjalinum, sem dregnar hafa verið sem kröfulínur á kort, að verið sé að ákvarða fjörumörk eingöngu enda fjaran það eina sem talið hafi verið verðmæti á þessum tíma. Hvergi sé með skýrum hætti hægt að draga af lýsingum þessum þá ályktun að verið sé að lýsa mörkum umhverfis ákveðið land. Orðalag afsals Björgvins Vigfússonar bendi eindregið til þess að Björgvin hafi ekki verið viss um sinn eignarrétt en þar sem hann hafði átölulaust af öllum síðan 1910 hirt afgjald af landi hálftrar Breiðármerkur og hálftrar Breiðármerkurfjöru, þ.e. í 27 ár, þá hafi hann talið sig geta afsalað viðkomandi eignum. Hvað hins vegar hafi verið að afsala komi ekki fram. Ekkert sé sagt um landamerki, heldur sé talað um land hálftrar Breiðármerkur, eins og það hafi verið til forna. Þó sé getið um lengd fjörunnar. Ekki sé þess getið hvort um eignarland hafi verið að ræða, hvort þetta land hafi verið úrskipt eða í óskiptri sameign né hver hafi átt hinn helminginn á móti.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að það sé sama hvernig litið sé á heimildarskjöl um þetta þrætuland. Lítil líkindi séu til þess að einhver geti sannað beinan eignarrétt til alls þrætulandsins, hvað þá hluta af því. Hér sé um að ræða lítt gróna mela, aura Breiðár og Breiðarlón. Eina nytja-

landið sé sá hluti af Nýgræðunum sem taldar séu innan merkja og þannig í þessu kröfusvæði. Þar megi hafa einhver beitarafnot, enda nánast litið á það sem afrétt nú á dögum. Ítrekaðar séu þjóðlendukröfur til alls svæðisins og sérstaklega áréttað að leggja beri alla sönnunarbyrði á þann sem heldur fram beinum eignarétti til lands sem þessa.

8. SJÓNARMÍÐ GAGNAÐILA

8.1. Núpsstaður

Af hálfu jarðeiganda er því haldið fram að Núpsstaður í Fljótshverfi sé ein af landmestu jörðum landsins og land hennar m.a. á Skeiðarársandi sunnan og austan Súlnatinda á Eystra-Fjalli. Allt til síðastliðins hausts hafi verið rekinn þar sauðfjárbúskapur, auk þess sem margvísleg hlunnindi jarðarinnar hafi verið nytjuð fram til þessa dags. Jörðin megi teljast með landnámsjörðum þar sem þess sé getið að Hróar Tungu-goði hafi tekið Lómagnúpslönd af eigandanum Eyvindi Þorsteinssyni og hlotist af vígaferli (Landnáma 1968:327-29). Skálholtsdómkirkja hafi hins vegar eignast hluta jarðarinnar mjög snemma og á síðari öldum taldist jörðin Skálholtsstólsjörð.

Sama ætt hafi setið jörðina óslitið frá því um 1730 að undanteknum þeim árum sem jörðin lá í eyði um Skaftáreld. Árið 1839, þann 7. júní, hafi jörðin verið seld á uppboði, skv. skilmálum „með hvorum selia á Skálholts Biskupsstóls Jarðagóss“, dags 27. apríl 1785, en nú í 3. grein þeirra sé það svo orðað að „Serhver jörð verdr upphrópuð eins og hún nú, at húsum og Jarðargæðum er ásigkomin, ... , með þeim landamerkjum, gögnum og gæðum, eignum og ítökum til lands og vatns, sem jörðini með rettu fylgir að hefð og lögum ...“. Í yfirlýsingu uppboðshaldarans, sem lesin var upp fyrir Manntalsþingsrétti á Kleifum þann 9. júní 1841 en færð í veðmálabók Skaftafellssýslu sem no. 107, þann 24. október 1840, sé tekið fram að jörðin framseljst kaupandanum: „til allrar löglegrar eignar og umráða, með öllum hennar gögnum og gæðum, sem henni fylgt hafa og fylgja ber að fornu og nýju ...“. Kaupandi jarðarinnar á uppboðinu hafi verið ábúandinn Hannes Jónsson en hann eftirlátið hana syni sínum Dagbjarti og hún framseld honum. Kaupverðið hafi verið fjögur hundruð ríkisbankadalið reidusilfur er greiddist við afhendingu. Sölubréf konungs hafi ekki fundist en Jarðatal Johnsens segi það útg. 3. júní 1840.

Árið 1891, þann 7. maí, hafi verið gert landamerkjabréf fyrir Núpsstað skv. þágildandi landamerkjalögum, undirritað af ábúanda jarðarinnar. Árinu áður hafi samsvarandi bréf verið gert fyrir Skaftafell, upplesið á manntalsþingi að Hofi þann 5. maí 1890, undirritað af sömu mönnum f.h. Skaftafells og Núpsstaðar og rituðu síðan undir fyrrgreint bréf. Lýsingar bréfa séu ekki samhljóða, mörkin séu þau sömu sem lýst sé á milli jarðanna en bréfin hvort öðru til skýringar og fyllingar. Um þau landamerki, sem lýst hafi verið með bréfum þessum, var enginn ágreiningur í tæpa níu áratugi. Það megi raunar merkilegt heita þar eð sterk rök bendi til þess að það hafi fyrst verið 1890 sem tekið hafi verið að miða við þau mörk sem lýst sé í bréfunum en merki jarðanna hafi áður legið nokkru austar og skuli það rakið síðar.

Ágreiningur vegna merkja Núpsstaðar og Skaftafells hafi fyrst risið árið 1978, rúmu ári eftir að Austur-Skaftafellssýsla hafi verið gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi með lögum nr. 56/1976 sem gildi tóku 1. jan. 1977. Ágreiningur þessi hafi staðið síðan og sættir ekki takist þrátt fyrir að reyndar hafi verið með formlegum hætti a.m.k einu sinni en líklega tvisvar, sjá skjöl nr. 14-16.

Í hnotskurn sé deilt um túlkun ofangreindra landamerkjabréfa. Eigandi og ábúendur Núpsstaðar hafi ætíð talið að landamerkjalinu ofan til á sandinum (nærri vegi) ætti að draga austan Gígjukvíslar nærri fornum farvegi Sigurðarfitjaála (sjá Hannes Jónsson 1963, skal nr. 4). Þessum skilningi sínum hafi þeir haldið fram staðfastlega og aldrei ljáð máls á öðru. Þó hafi fast verið eftir því leitað af ýmsum umboðsmönnum ríkisvaldsins, m.a. sýslumanni og þjóðgarðsverði 1978. En þá fyrst hafi umræddir starfsmenn ríkisins komið á flot þeim skilningi að mörk jarðanna lægju vestan Gígjukvíslar en ekki austan eins og ævinlega hafi verið álitnið og haft fyrir rétt fram að því.

Ekki verði hjá því komist að lýsa yfir því álitu að þessari nýju skoðun um landamerki á Skeiðarársandi hafi verið haldið fram fremur af kappi en forsjá, allt frá upphafi. Í því heimildarskjali sem ríkið byggði á rétt sinn til lands á Skeiðarársandi vegna þjóðgarðsins í Skaftafelli (gerðardómur 25. nóv 1969 (um landskipti á jörðinni Skaftafelli milli þjóðgarðsins í Skaftafelli og lands sem tveir seljenda jarðarinnar héldu eftir) hér eftir bréfi Náttúruverndarráðs dags. 30. sept. 1996, skjöl nr. 14), segi (undirstrikun málsaðila) að jörðinni sé skipt þannig:

Landamerki Ragnars Þ. Stefánssonar og Jóns Stefánssonar á Skeiðarársandi ákveðast af tveimur línum frá föstum punkti, sem settur er ofan þjóðveggar, 15 metrum norður frá miðlínu vegarins og í 225 metra fjarlægð, mælt austur eftir veginum frá þeim stað, þar sem hann mætir heimreið neðan túngirðingar Skaftafells. Frá þeim fasta punkti eru norðurmörk fyrir landi Ragnars og Jóns Stefánssona ...

Frá hinum fasta punkti B á uppdrættinum, sem áður er nefndur ofan þjóðveggarins, liggja mörkin beina sjónhendingu til suð-vesturs að punkti C, þar sem hin beina lína sker landamerki Skaftafells og Núpsstaðar milli Sigurðarfitjaála og Sandgígjukvíslar. Að öðru leyti takmarkast land þeirra að vestan af þinglýstum landamerkjum Núpsstaðar og Skaftafells, sunnan hins síðastnefnda skurðpunktar. Að sunnan af sjó, að austan af þinglýsum mörkum Svínafells og Skaftafells ... Merkin eru innfærð á meðfylgjandi uppdrátt með brotnum línum í rauðum lit.

Náttúruverndarráð ták fram í bréfi sínu að því miður hafi það ekki undir höndum frumrit nefnds korts. Og megi til sanns vegar færa að það hafi verið miður ef kortið hafi verið gert í samræmi við orð gerðardómsins en um það verði ekki dæmt án athugunar á kortinu.

Þann 10. júní 1978 hafi verið settur niður gabbrósteinnur við vegkant þjóðveggarins nokkru vestan Gígjukvíslar á Skeiðarársandi með áletruninni „Austur-Skaftafellsýsla“, sbr. skjöl nr. 14. Bréf um gerning þennan beri með sér að um óformlega athöfn hafi verið að ræða þrátt fyrir að sýslumaður A-Skaftafellsýslu hafi staðið þar að verki. Ljóst megi vera af bréfinu að ágreiningur hafi verið kominn upp um merki jarða og jafnframt um mörk lögsagnarumdæma sýslumanna Skaftafellssýslna sem virðist hafa verið talin fylgja landamerkjum Skaftafells og Núpsstaðar eins og þau voru ákveðin 1890.

Ekki komi fram að gætt hafi verið ákvæði laga sem við áttu á þeim tíma. Skuli þar fyrst nefnd lög nr. 31/1877 en í 1. gr. þeirra segi m.a. að viðkomandi sýslu sé „skipt í tvö sveitarfélög; ... skilur ... Skeiðarársandur sýslufélög Skaftafellssýslu, eins og sýslur að fornu.“ Í annan stað beri að nefna lög um landamerki og fleira nr. 41/1919, gr. 8-15 í II. kafla laganna sem fjalli um meðferð landamerkjamála og hafi lagt valdsmanni brýnar skyldur á herðar jafnt sem valdsmanni og héraðsdómara. Ekki verði heldur séð að valdsmaður hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar við ólöglærða en hann hafi verið einn löglærðra á Skeiðarársandi umræddan dag. Hér megi geta þess að með lögtöku Járnsíðu 1272 og Jónsbókar 1281 hafi landinu verið skipt í 12 þinghár og 5 þeirra skiptust í tvennt þannig að þinghár hafi orðið 17 alls. Skaftafellssþing hafi orðið tvær þinghár, önnur vestan en hin austan Lómagnúpsands. Að öðru leyti vísist til skjala nr. 4, 5, 7, 8 og 13 um umdæmaskiptingu á Skeiðarársandi. En af þeim megi ráða að sandurinn hafi verið talinn ein þingmannaleið úr Núpshlíð og austur að Sandfelli, sbr. skjal nr. 7, og þar hafi verið ævafornt varða á miðjum sandi, nefnd „sýsluvarða“ eða „sýslumannsvarða“ á Hörðuskriðu, þeirri sem sópaðist burt í hlaupinu 1903. Því er haldið fram að þar hafi mörk sýslanna og landamerki jarðanna verið „að fornu“.

Næst gerðist það síðan í máli þessu að gefin hafi verið út reglugerð nr. 319/1984, um þjóðgarð í Skaftafelli. Þar bregði svo einkennilega við að ekki sé um mörk þjóðgarðsins að vestan, miðað við það sem í fyrrnefndum gerðadómi segi skýrum orðum að þau séu austan Gígjukvíslar („milli Sigurðarfitjarála og Sandgígjukvíslar“, sjá um legu vatna skjal nr. 11, heldur sé tekið að miða við „sýslustein“ þann sem settur hafi verið upp 1978. Í 4. gr. reglugerðarinnar segi svo, sbr. skjal nr. 10:

Mörk þjóðgarðarins eru þessi:

Að vestan ráða landamörk Núpsstaðar og Skaftafells, sem jafnfram eru sýslumörk V.- og A.-Skaftafellsýslu, frá Súlutindum og suður að „sýslusteini“. Frá „sýslusteini“ liggja mörkin í beina línu í merki við Gömlutún, en þaðan til austurs í fremstu nöf Hafráfells og áfram í beina línu í landamörk Svínafells og Skaftafells á Svínafellsjökli. Mörkin fylgja síðan síðastnefndum landamörkum til norðurs. Á jökli að austan og norðan ráða vatnaskil. Mörkin eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti.

Áður hafi gilt um þjóðgarðinn í Skaftafelli auglýsing nr. 229/1968 en þar hafi ekki verið kveðið á um mörk hans sem eðlilegt megi telja þar sem landi Skaftafells hafi ekki verið skipt. Fyrirnefnda reglugerðin sé um fleiri hluti athyglisverð en þann að land þjóðgarðarins sé með henni teygt vestur fyrir Gígjukvísl. Fyrst beri að nefna að um þjóðgarða hafi gilt ákvæði 25. gr. laga 47/1971, um náttúruvernd en í greininni segi m.a. að: „Sé landsvæði sérstakt um landslag, [o.fl.] ... , getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign.“ Nú verði ekki séð að ráðherra, reglugerðargjafinn, hafi haft vald til þess að lýsa jökulsvæðið eign ríkisins á sitt einsdæmi, að hann hafi gert svo, eða haft það í huga. Því hljóti að verða að gera ráð fyrir því að ríkisvaldið hafi talið sig komast að eignaráðum að umræddu jökulsvæði, Skeiðarárjökli, að mestu og mjög verulegum hluta af Vatnajökli að öðru leyti, með kaupum sínum á landi Skaftafells. Enn sé sérstaklega athyglisvert að í reglugerðinni sé ekki kveðið á um það einu orði hvernig mörk þjóðgarðarins að vestan á jöklinum séu ákveðin en látið við það sitja að sýna þau á uppdrætti. Hljóti það að gefa þeim grun byr undir vængi að ekki hafi verið endanlega um það fjallað hvernig þau mörk skuli ákvaða.

Næst hafi það gerst varðandi mörk Núpsstaðar og Skaftafells að efnt hafi verið til vettvangsferðar, með allmiklu föruneyti árið 1987 en um frekari aðgerðir liggja heimildir ekki á lausu og virðist málið hafa gúfað upp. Það sem um þetta sé vitað finnst í skjali nr. 14.

Enn hafi málið verið tekið upp haustið 1995 að frumkvæði Skaftárhrepps og nú til formlegrar sáttameðferðar á forræði sýslumanns í Vík eftir skipunarbréfi dómismálaráðherra og virðist þar undirskilið að leitað skuli sátta um landamerki og stjórnsýslumörk í einu lagi þar eð þau fari saman. Af gögnum málsins að dæma virðist hvorki hafa verið gætt fyrirnefnds ákvæðis laga nr. 31/1877 né þeirrar réttarvenju sem það vísar til. Ekki virðist heldur af gögnum að dæma að gætt hafi verið sérstaklega að gerðardóminum um landskipti í Skaftafelli 1969 né hann lagður fram við sáttameðferðina, sbr. skjöl nr. 15. Niðurstaða þessara sáttaumleitana hafi verið sú að sýslumaður hafi lagt fram sáttatillögu, dags. 18. okt. 1996, sem litlar sem engar undirtektir hafi fengið af landeigendum og enn aðra, samhljóða þeirri fyrri um ágreining á sandinum, dags. 10. des. 1996 (skjöl þessi hafi verið lögð fram af lögmanni fjármálaráðherra sem nr. 10 í þjóðlendumáli í Fljótshverfi), og því lýst yfir að við sáttatillögu þessa yrðu hlutaðeigandi landeigendur að una uns leitað yrði til dómstóla með ágreining hafi þó enginn landeigandi lagt jáyrði sitt á tillögu sýslumanns. Með úrskurði þessum eða sáttatillögu hafi margnefndum sýslusteini loks verið fundinn staður með formlegum hætti eftir 18 ára og 7 mánaða óformlega veru á sandinum en 12 og hálf ári hafi þá verið liðið síðan steinn þessi hafi orðið þeirrar upphefðar aðnjótandi að réttur að landslögum hafi verið á honum byggður. Hafi steininum nú verið hnikað til, að úrskurði sýslumanns, og hann færður nokkuð austur með vegi í átt að farvegi Gígjukvíslar en brú hafi þar enga verið að hafa, nokkra hrið þetta haust og vetur, eftir gos og Grímsvatnahlaup þann 5. nóvember.

Við afmörkun sína á svæði 2 (A-Skaft.) hafi óbyggðanefnd miðað við sáttalínu sýslumanns. Að formi til hafi fjármálaráðherra ekki gert kröfu til lands Núpsstaðar á Skeiðarársandi en afmörkun svæðisins valdi því að svo sé í raun. Svo gróflega sé gengið á rétt jarðarinnar með sáttatillögu þessari að henni sé ekki ætlað land til sjávar heldur skerist land hennar úr við punkt 5, alllangt upp á sandi, u.þ.b. 7,125 km frá flæðarmáli, ef mælt sé stystu leið til sjávar úr punkti 5. Ljóst megi vera að slík „sáttatillaga“ fái ekki staðist og ekki svara verð eftir það sem fram hafi komið við sáttameðferð þegar tillagan var sett fram. Af þessum ástæðum sé nauðsynlegt af hálfu Núpsstaðar að

gera kröfu til þess fyrir óbyggðanefnd að landamerki jarðarinnar á Skeiðarásandi séu virt með fullum eignarrétti og eðlilegast virðist að gera þá kröfu á svæði 2, eins og málum er háttað.

Geiri sá, sem nú sé deilt um, sé u.þ.b. 4,25 km að breidd, mælt í beina línu á milli þeirra punkta þar sem þjóðvegurinn skeri sáttalínu sýslumanns við steininn og á hina síðu þá línu sem ábuundur á Núpsstað hafi ævinlega talið rétta. Við sjó sé bil þetta um 9,5 km að breidd ef mælt sé beint milli skurðpunkta línanna tveggja við flæðarmál. Af þessum 9,5 km liggi tæpir 5,5 km., fyrir landi næstu jarða fyrir vestan Núpsstað í Fljótshverfi, að öllum líkindum Rauðabergs og jafnvel Kálfafellsjarða einnig. Skuli athygli óbyggðanefndar vakin sérstaklega á þessu þar eð að formi til sé ekki gerð krafa í land neinna þessara jarða á láglandi á Skeiðarásandi.

Af hálfu jarðeigenda er á því byggt að allt land á núverandi Skeiðarásandi hafi verið numið í öndverðu, það hafi að mestu verið gróið og landamerki legið um Jökulsá eins og í Landnámu greini. Fjörumerki Núpsstaðar í punkti 7 séu u.þ.b. þar sem hún hafi lengstum haft útfall sitt og þar hafi hún skipt löndum og hreppum. Jafnframt er á því byggt að við landnám hafi jökklar verið langtum mun minni en seinna varð. Skeiðarjökull hafi þá í mesta lagi legið fram á móts við Færnes og land verið gróið þangað inn úr. Um þessa málsástæðu vísist til rita náttúrusögufraeðinganna Sigurðar Björnssonar, Sigurðar Þórarinssonar og Hjörleifs Guttormssonar og Odds Sigurðssonar sem tilfærð séu í skjalaskrá. Sérstaklega sé hér byggt á ritgerð Sigurðar Björnssonar og vísað til hennar í heild sinni til rökstuðnings. Um nútímalandamerki sé jafnframt vísað sérstaklega til korts sem ljósritað sé með öðrum skjölum, einkum um það hvar mið eigi að taka í Súlnatinda en einnig um landamerki fram á sandi sem hann sýni austan Gígjukvíslar.

Varlegt virðist að álíta af framansögðu að landamerki Núpsstaðar hafi aldrei legið fyrir vestan línu sem dregin sé í suður frá Eystra-Svíahnúki fyrr en með landamerkjabréfunum frá 1890 og 91. Á þeim grundvelli m.a. sé krafist þess lands sem síðan hefur komið undan jökli og hugsanlega mun koma undan jökli eins og að framan greinir. Jafnframt sé á því byggt að landamerki hafi ekki verið ákveðin á jökli heldur aðeins að jökulbrún með bréfum þessum og í þeim sé ekki tekin afstaða til þess hvernig fara eigi um land sem undan jökli komi, hvorum megin hryggjar það skuli liggja en ljóst sé hins vegar að það falli til viðkomandi jarða. Lína sú, sem krafa sé gerð um að gildi í þessu sambandi, virðist miðað við aðstæður allar, eðlilega dregin, sem næst hornrétt á jökulbrúnina en þess jafnframt gætt að ganga ekki á fornan rétt nágrannajarðarinnar. Um réttarreglur um landamerki við jökulbrún vísist til greinarkafla eftir Tryggva Gunnarsson.

8.2. Skaftafell II

Við aðalmeðferð komu fram skýringar á breyttri kröfugerð. Andmæli við kröfum ríkisins séu til kominn af því að gagnkvæmur forkaupsréttur sé á milli jarðanna Skaftafells I og II. Ef ríkið vildi selja eða losa sig við hluta þessa lands þá ættu eigendur Skaftafells II forkaupsrétt þannig að öllum slíkum þjóðlendukröfum beri að hafna að því leyti. Þá sé gerð krafa um viðurkenningu á landinu í heild, þ.e.a.s. eignarlandi eigenda Skaftafells II enda þótt þó krafa ríkisins varði aðeins landið að hluta. Það sé til komið af því að nánast sé sótt að landinu úr öllum áttum og ekki hægt annað en að gera þá kröfu að fá viðurkenningu á þessu landi. Farið sé fram á að fá viðurkenningu á landinu eins og það sé eftir landskiptagerð 1969 og eftir að ríkið, Náttúruverndarráð, hafi gefið eftir hluta lands nokkru síðar.

Í greinargerð kemur fram að af hálfu jarðeigenda sé því haldið fram að Skaftafell sé vestasta jörðin í landnámi Þorgerðar, ekkju Ásbjörns, sonar Heyjangurs-Bjarnar hersis. Samkvæmt Landnámu hafi hún numið allt land milli Jökulsár og Kvíár.

Ragnar Stefánsson í Skaftafelli hafi talið að allt fram á miðaldir hafi vötn á Skeiðarásandi verið þrjú. Vestast var Lómagnúpsá sem seinna fékk nafnið Núpsvötn eftir að Súla féll í sama farveg en austar nálægt miðjum sandinum hafi verið Jökulsá á Sandi.¹ Sveinn Pálsson segir að hún hafi horf-

1 „Ragnar í Skaftafelli. Endurminningar og frásagnir“ eftir Helgu K. Einarsdóttur, útg. 1995.

ið með öllu í byrjun 18. aldar en um svipað leyti er farið að kvarta mjög yfir ágangi Skeiðarár sem þá lá í grennd við Skaftafell og kom úr jökli nálægt Jökulfelli. Hún hafi áður verið vætla. Það megi telja öruggt að á 18. öld hafi Jökulsá á Sandi flutt sig austur í Skeiðará og úr því orðið þessi Skeiðará sem er talin vera eitt af mestu vatnsföllum landsins.

Í bókinni „Leynardómar Vatnajökuls“ eftir Hjörleif Guttormsson og Odd Sigurðsson (útg. 1997) komi fram að jarðfræðilegar rannsóknir sýni að á hlýskeyði eftir ísöld hafi Skeiðarárjökull verið mun styttri og við landnám hafi hann vart náð suður fyrir Færnes. Þá hafi verið gróðursæll dalur milli Eystra fjalls og Jökulfells. Tekið er undir þær kenningar að á þjóðveldisöld hafi Skeiðará runnið þar sem nú er vestanverður Skeiðarársandur.

Í greinargerð jarðeigenda segir að land Skaftafells hafi verið háð einkaeignarrétti allt frá landnámi. Eigendur Skaftafells II byggji eignarrétt sinn á Skeiðarársandi aðallega á landnámi (töku), skráðum eignarheimildum og hefð.

Vísad er til umfjöllunar um Landnámu í almennum rökum óbyggðanefndar í úrskurðum á svæði 1. Þorgerður hafi numið allt land milli Jökulsár og Kvíár og stofnast þar eignarréttur á öllu landi milli þessara tveggja vatnsfalla. Engar heimildir séu um að hluti lands þessa hafi fallið úr einkaeign á liðnum öldum og orðið almenningur. Jarðeigendur hafi gert sennilegt að það sama eigi við um Skeiðarársand sem og aðrar eignir í Örafum. Eignarréttur hafi stofnast með töku og viðurkenndum aðferðum skv. norrænum rétti á þjóðveldisöld. Þótt við vitum ekki hvar Jökulsá hafi runnið nákvæmlega á þjóðveldisöld þá telji vísindamenn að farvegurinn hafi verið á vestanverðum Skeiðarársandi.

Eigendur Núpsstaðar og eigendur Skaftafells miði mörk jarðanna við línu um Súlutinda og sé sú lína nálægt rennsli Gígjukvíslar í dag. Jökulfell hafi verið innan landnámsins og þaðan hafi verið stutt í jökulinn. Þar sem bithagarnir hafi verið í fjalllendi milli jöklanna hafi ekkert verið sjálfsgaðara en þeir tilheyrðu landnámsjörðinni. Engin ástæða hafi verið til annars að ætla en að landnámið næði til sjávar og engin skynsamleg rök hníga til þess að ætla að landnámsmenn hafi ekki numið land allt til sjávar. Ef numið var land milli vatnsfalla hafi landnámið náð frá upptökum til ósa nema annað væri tekið fram.

Þrjú þinglesin skjöl hafi meginþýðingu við ákvörðun þess hvort eigendur Skaftafells II eigi einkaeignarrétt að Skeiðarársandi eða ekki. Það er landamerkjaskráin 5. maí 1890, afsal til Náttúruverndarráðs 13. maí 1966 og gerðardómurinn 25. nóvember 1969.

Lög um landamerki, nr. 5/1882, hafi lagt þær skyldur á eigendur og umráðamenn jarða að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skráning landamerkja í Austur-Skaftafellssýslu til samræmis lögunum hafi farið fram árið 1890. Í landamerkjaskrá Skaftafells frá 5. maí 1890 segi „Móti jörðinni Núpstað á Skaftafell land svo langt vestur að Súlnatindar beri hver í annan.“ Í landamerkjaskrá Núpsstaðar frá 7. maí 1891 segi: „Að austan: Að Súlnatindar beri hver í annan, skoðað frá sjó, en beina leið að norðan og að stórstraumsfjörumáli“ Eigendur Núpsstaðar hafi staðfest landamerkjaskrá Skaftafells og eigendur Skaftafells staðfest landamerkjaskrá Núpsstaðar. Ekki hafi verið ágreiningur um landamerkin fyrr en komið hafi verið fram á áttunda tug síðustu aldar að eigendur Núpsstaðar fóru að halda því fram landamerkin væru mun austar og fóru að rugla landamerkjunum við fjörumörk sem geta verið önnur en mörk eignarlands eins og mörg landamerkjabréf bera með sér. Þannig geti jarðir átt fjöruitök fyrir landi annarrar jarðar og fjaran jafnvel borið nafn þeirrar jarðar sem ítakið hefur en það hafi ekkert með landamerki að gera. Nokkrar fjörur í Austur-Skaftafellssýslu séu þessu marki brenndar.

Þinglýstir eigendur Skaftafells II telji ekki réttan vettvang fyrir landamerkjaprætu Núpsstaðar vera hjá óbyggðanefnd og ætli því ekki að fjölyrða um þann rökstuðning sem fram kemur í kröfugerð Núpsstaðar. Að sumu leyti sé hann illskiljanlegur enda byggður á misskilningi. Auk áðurgreinds misskilnings um fjörumörk sé annar misskilningur á ferðinni hjá Núpsstaðarmönnum vegna Sýslusteinsins sem sé við veginn vestan Gígjukvíslar. Núpsstaðarmenn telji að hann eigi að

vera fyrir austan Gígjukvísl vegna þess að í gerðardómi vegna landskipta á Skaftafellslandi 1969 segi að mörkin milli Þjóðgarðs og lendna bræðranna Jóns og Ragnars skuli vera „...úr punkti B... beina sjónhending til suðvesturs í punkt C, þar sem hin beina lína sker landamerki Skaftafells og Núpsstaðar milli Sigurðarfitjaála og Sandgígjukvíslar.“ Þetta geti vel farið saman þar sem Náttúruverndarráð hafi ekki farið eftir gerðardómnum eins og áður sé getið. Sýslusteininn sé í línunni „þar sem Súlnatinda ber hver í annan“ en nokkru sunnar við þann punkt slengdist (1969) Gígjukvísl nokkuð til vesturs áður en hún rann suður og því hafi punkturinn C verið austan í henni. Sigurðarfitjaálar séu nokkuð vestar en kort Sigurgeirs Skúlasonar í máli þessu gefi til kynna en Sigurðarfit séu rétt norðan við Þjóðveginn á sandinum eins og komi fram í framlagðri lýsingu Laufeyjar Lárusdóttur og á korti Sigurðar Þórarinssonar í ritinu „Vötnin stríð“ bls. 151. Vísað sé til greinargerðar lögmanns Þinglýstra eigenda Skaftafells II til Sýslumannsins í Vík, dags. 1. október 1996, hvað varði rökstuðning markalínu milli Skaftafells og Núpsstaða.

Landamerkjaskrá Svínafells frá 2. maí 1890 komi heim og saman við landamerkjaskrá Skaftafells en í báðum tilvikum séu merkin í Freysnesi úr stórum steini framan undir jöklinum (Svínafellsjökli) og í stein ofan við veginn og þaðan í vörðu framan í Nesinu. Landeigendur hafi skrifað undir skrárnar á víxl og enginn ágreiningur sé um merkin eins og kröfur landeigenda beri með sér. Í landamerkjaskrá Skaftafells frá 5. maí 1890 segi: „Jörðin á allt land milli fjalls og fjöru.“ Þessi orð eyði öllum hugsanlegum vangaveltum um það að merkin, sem var verið að skrásetja, hefðu aðeins þýðingu sem afmörkun heimalands, t.d. milli Svínafells og Skaftafells, eða afréttarlands, t.d. til fjalla eða úti á sandi. Hér sé um að ræða afráttarlausu yfirlýsingu um beinan eignarrétt að öllu landinu. Það hafi ekki farið milli mála hver rétturinn var.

Vísað er til umfjöllunar um landamerkjaskrár í almennum rökum óbyggðanefndar í úrskurðum á svæði 1.

Í landamerkjabréfum Skaftafells, Núpsstaðar og Svínafells hafi í öllum tilvikum verið að afmarka land jarða en ekki afréttarlands og skýrt sé tekið fram um eignarrétt alls landsins. Miðað við framangreint álit óbyggðanefndar á þýðingu landamerkjabréfa þá sé alveg ljóst að landamerkjabréf Skaftafells hafi heilmikla þýðingu við ákvörðun þess hvort um eignarland eða land með takmörkuðum eignarréttindum hafi verið að ræða. Þannig séu efri mörk jarðanna við jökul sem var ekki langt frá byggð og neðri mörk við sjó sem sé afar eðlilegt og skýrt endamark.

Öllum ofangreindum skjölum hafi verið þinglýst athugasemdalaust á hverjum tíma og í þeim falist fortakslausar yfirlýsingar um eignarrétt sem sætti engum athugasemdum utan frá. Þetta bendi til þess að efni skjalanna sé rétt. Snurðulausar skráningar landamerkjanna og staðfestingar á báða bóga bendi til þess að aðeins hafi verið að staðfesta eldri heimildir en ekki að skapa nýjan rétt, aðeins verið að skrásetja skv. lagafyrirmælum það sem landeigendur töldu réttast vera. Þetta hafi verið gert undir eftirliti sýslumanna og langt í frá að í gerningunum hafi falist sjálfataka bænda á landi. Landeigendur hafi yfirleitt verið að byggja lýsingar sínar á fornum merkjum jarðanna sem höfðu verið óumdeild um aldir en í einhverjum tilvikum var byggt á sáttum, dómum og landskiptum. Í tilviki Skaftafells og Núpsstaðar sé afar líklegt að landeigendur hafi orðið vegna breytilegra vatnsfalla að finna fasta punkta í fjöllum ofan sandsins og Súlutindar hafi orðið fyrir valinu. Það geti verið árhundruð síðan enda sé sýnilegt á gömlum kortum að sýslumörk séu miðuð við Núpsvötn sem eigi upptök skammt frá.

Í greinargerð kemur fram að undangengnu löngu samningaferli og miklum vangaveltum um það hvar Þjóðgarðurinn í Skaftafelli ætti að vera og hversu mikið land ríkissjóður ætti að kaupa af landeigendum hafi það verið niðurstaðan að þeir bræður Jón Stefánsson og Ragnar Stefánsson seldu jarðirnar Skaftafell II og III þann 13. maí 1966. Í afsalinu segi m.a.:¹

1 Skjal nr. 6 (9).

Landamerkjaskrá liggur fyrir í endurriti úr Landamerkjabók Skaftafellssýslu og eru landamerki við það miðuð við sölna.

Jarðirnar eru seldar með öllum gögnum og gæðum að undanskildum Skeiðarársandi og þeim hlunnindum sem honum og fjörunni fylgja fyrir framan línu, sem hugsast dregin frá Lómagnúpi á Nyrðri menn í Hafrafelli og þaðan í sömu línu í mörk Skaftafells og Svínafells, eins og nánar er lýst á viðfestri loftljósmynd af landinu.

Þá segir annars staðar í afsalinu: „Aðiljar áskilja sér gagnkvæman forkaupsrétt, verði jörð eða sandur seldur.“

Í ofanrituðum texta afsalsins, sem undirritað hafi verið af ráðherra í ríkisstjórn Íslands á þeim tíma, sé að finna svo fortakslaugar yfirlýsingar um beinan eignarrétt þeirra Jóns og Ragnars að Skeiðarársandi, þ.e.a.s. því landi sem síðar fékk heitið Skaftafell II, að hvaða lesandi sem er ætti ekki að velkjast í nokkrum vafa um hann. Þessu skjali hafi verið þinglýst.

Landskipti hafi farið fram á óskiptu sameignarlandi bræðranna Jóns og Ragnars Stefánssona og íslenska ríkisins samkvæmt sérstökum samningi þar um sem undirritaður hafi verið af menntamálaráðherra 4. júní 1969. Í gerðardómnum komi fram að hann leggi til grundvallar skiptingu lands landamerkjaskrána frá 5. maí 1890. Þá taki hann til skipta það land sem liggja sunnan línu þeirrar sem nefnd er í afsalinu hér að framan.

Í gerðardómnum segi m.a.:¹

Stærð hins óskipta lands er 435 hektarar með fyrirvara um nákvæmni, sem uppdrátturinn gefur tilefni til, þar sem mælikvarðinn er 1:50.000.

Að meginhluta er land þetta samfelldir sandar og farvegir jökulkvísla, sem geta verið breytilegir frá ári til árs.

Það er ágreiningslaust, að eignarhlutföll Skaftafells I og III á móti Skaftafelli I er 2:1, og samkvæmt þeim hlutföllum eru skiptin framkvæmd. Með tilliti til þess breytileika, sem land þetta er háð af náttúrunnar völdum, verður eigi við komið að gera á því notagildismast, sem stuðzt geti við viðhlitandi rök, en skiptamenn eru sammála um að neðsti hluti landsins allt upp í 30 metra hæðarlínu yfir sjó sé háður meira hvert sinn vexti jökulvatnanna heldur en það land, sem hærra liggur og er tekið tillit til þess við skiptin.

Jafnframt hefur og verið höfð hliðsjón af, hver svæði á sandinum séu þannig sett, að áhættulítið væri að umbæta landið með ræktunarmannvirkjum. Við ákvörðun landamerkjalinanna er og við það stuðzt, að markalínurnar liggja þannig að að hlutur hvors sé samfelldur og að verðmætishlutföll landsins verði eftir skiptin í samræmi við eignarhlutföllin.

Þá hafi gerðardómsmennirnir ekki talið fært að gera staðbundin skipti á hlunnindum jarðarinnar, selveiði og reka, sbr. 2. mgr. 3. gr. landskiptalaga nr. 46/1941.

Ofangreind lýsing gerðardómsmanna á grundvelli skipta og aðferðum við skipti beri augljóslega með sér að sandurinn hafi verið háður einkaeignarrétti fyrir landskiptin og alls ekki sé um af-rétt í þeim skilningi að bændur hafi einungis átt þar upprekstrarrétt eða beitirétt. Tekið sé beinlínis fram að það sé verið að skipta landi ekki afréttum og landinu fylgi hlunnindi. Því lýst að landið

1 Skjal nr. 6 (11).

neðst á sandinum sé verðminna en það efra og þar af leiði að stærra svæði kom í hlut bræðranna en nemur $\frac{2}{3}$ af því landi sem verið var að skipta. Mjög athyglisvert sé að getið sé ræktunarmöguleika á hluta landsins en Ragnar Stefánsson hafði í bréfum til Páls S. Pálssonar tekið fram að hann hefði ekkert á móti því að fá sandinn vegna mögulegrar ræktunar.

Ein frumskylda matsmanna áður en þeir byrji landskipti sé að rannsaka hvort land það, sem þeir eru að fara að skipta, sé með löglegum landamerkjum og aðgreint frá landi aðliggjandi jarða, sbr. 9. gr. landskiptalaga. Þetta hafi matsmennirnir gert og engar efasemdir verið um merkin á þessum tíma.

Eftir lýsingu gerðardómsmanna hafi þeir farið í einu og öllu eftir ákvæðum landskiptalaga við skiptin og þau aldrei verið vefngd eða beðið um upptöku þeirra. Fari svo að litið verði á Skeiðarársand sem þjóðlendu segi sig sjálft að eigendur Skaftafells hafi verið hlunnfarnir stórlega og yrðu að biðja um endurupptöku skipta. Allavega sé grundvöllur skiptanna þá brostinn og einnig grundvöllur jarðasögunnar 1966 þar sem aðilar hafi talið að töluverð verðmæti lægju í því landi sem eigendur Skaftafells II héldu eftir.

Gerðardóminum hafi verið þinglýst hjá sýslumanni og með honum fylgt kort með ádregnum landamerkjalinum. Frumuppdráttur hafi ekki fundist hjá Sýslumannsembættinu á Höfn en afrit í vörslu Náttúruverndar hafi verið lagt fram.

Öllum þessum skjölum hafi verið þinglýst án athugasemda og ekki hafi þau farið dult þar sem íslenska ríkið hafi getið þeirra í skjölum sínum og bréfum og lánastofnanir sem heyrir undir íslenska ríkið hafi tekið veð ásamt öðrum í hinni þinglýstu eign. Er hætt við að veðhafar sætti sig ekki við að ríkið slái eign sinni á meginland jarðarinnar.

Ef eignarréttur að Skeiðarársandi verður ekki viðurkenndur á grundvelli þinglýstra eignarheimilda telji jarðeigendur að þeir hafi öðlast eignarrétt að honum fyrir hefð og vísa til 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga um hefð, nr. 46/1905. Eignarhefð verði unnin á fasteign með 20 ára óslitnu eignarhaldi og hvernig sem íslenska ríkið ætli að snúa við hlutunum komist það ekki fram hjá þeirri staðreynd að jarðeigendur og fyrri eigendur hafa í góðri trú haft öll umráð Skeiðarársands a.m.k. frá árinu 1890. Ef íslenska ríkið sé tilbúið að efast um það megi benda á að íslenska ríkið viðurkenndi fullan og óskoraðan eignarrétt eigenda Skaftafells II að Skeiðarársandi með því að láta hann falla þeim í skaut í landskiptum árið 1969 þar sem gerðardómur hafi lýst eignarréttinum og markað á kort allt það land sem kom í hlut Skaftafells II. Íslenska ríkið og stofnanir þess hafi síðan greitt landeigendum fyrir malartekju og land undir raflínur og landeigendur hafi í öllu farið með umráð landsins í skjóli óumdeilds eignarréttar og m.a. leigt beitarafnot. Það séu komin næstum 33 ár óvefngjanlegra eignarumráða þannig að hefð sé fyrir löngu fullnuð.

Vísad er til umfjöllunar um hefð í almennum rökum óbyggðanefndar í úrskurðum á svæði 1.

Eigendur Skaftafells hafi nýtt Skeiðarársand eins og kostur hafi verið á hverjum tíma. Ytri aðstæður, svo sem gróðureyðing, eldgos og flóð, hafi getað breytt þessu. Breytt notkun lands hafi ekki þá afleiðingu í för með sér að ríkið eignist landið eða það verði einskismannsland nema enginn geri tilkall til þess.

Eigendur Skaftafells II hafi ætíð litið á Skeiðarársand sem eignarland sitt og ríkisstofnanir hafa greitt landeigendum bætur fyrir landafnot og malartekju á sandinum. Á undanförunum áratugum hafi Björgun hf. og Bergur Lárusson verið með tæki og mannskap til leitar að gullskipinu Het Wapen van Amsterdam og leitarmenn þurft að gera sérstaka samninga við landeigendur af því tilefni. Frá árinu 1957 hafi Svínafellsbændur leigt beitarland frá Skaftafelli á Skeiðarársandi, sbr. samning þeirra dags. 1. maí 1980. Í samningnum sé vísað til eldri samnings frá 1957. Leigi Svínfellingar af Skaftfellingum „... sumarbeit á eignarhluta þeirra úr Skeiðarársandi, vestan Skeiðarár ...“. Vegagerð ríkisins hafi greitt landeigendum fyrir malartekju bæði við gerð hringvegarins 1974 og vegna endurgerðar vegarins eftir flóðin miklu 1996, sbr. framlögð gögn. Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun hafi greitt landeigendum fyrir land undir rafmagnsstaura. Samráð hafi verið haft við

landeigendur í hvert sinn sem einhverjar framkvæmdir hafi verið á Skeiðarársandi, svo sem við uppsetningu skipsbrotsmannaskýlis.

Landsvæði það, sem fjármálaráðuneytið vilji færa undir þjóðlendur, sé meginhluti lands Skaftafells II og hafi engin tengsl við aðrar ætlaðar þjóðlendur og krafan styðjist hvorki við söguleg eða landfræðileg rök. Báðum megin landsins séu sandar sem íslenska ríkið geri ekki kröfur til að verði þjóðlendur. Fjármálaráðuneytið virðist taka mið af rennsli Skeiðarár nú og setja þar eystri kröfulínu sína en allt fram á níttjándu öld hafi áin runnið miklu vestar. Rennsli jökulánna geti breyst og þar sem áður hafi verið ófær sandur eða stórfljót geti nú verið gróðurvinjar og ófugt.

Því er haldið fram að í landi Skaftafells hafi aldrei verið afréttur í þeim skilningi að afnot af landinu væru takmörkuð við beitarafnot eða sameiginleg afnot með öðrum. Engin skil hafi verið milli úthaga og afrétta. Landið hafi jafnvel verið notað til vetrarþeirra áður fyrr og nágrannar fengu leyfi til þess að nýta landið að hluta til beitar. Þótt innansveitarmenn hafi á einhverjum tímum tekið þátt í smölun á Skaftafellsfjöllum sé það engin sönnun fyrir því að landið sé frekar almenningur eða aðeins háð afnotarétti. Lög um afréttarmál og fjallskil geri ráð fyrir skipulagðri smölun á heima-afréttum og eignarlöndum bænda.

Landnýting eigenda hafi takmarkast vegna eldgosa og flóða. Slíkar ytri aðstæður eigi ekki að valda því að talsmenn ríkisforsjár fái landið flokkað sem þjóðlendur á þeim grundvelli að það sé illnýtanlegt landeigendum. Þeirri röksemd megi þar að auki hafna með þeirri fullyrðingu að landið, eða hluta þess, megi rækta upp og muni Ragnar Stefánsson hafa haft þann möguleika í huga er hann gekkst inn á það við landskiptin 1969 að fá í sinn hlut sandinn í stað gróðursælla staða í jöklanna skjóli.

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins hafi valið í þessu þjóðlendumáli að gera kröfur inn í land íslenska ríkisins sem heyri undir umhverfisráðherra og svo komi fjármálaráðherra sem eigandi Skaftafells I og samþykki kröfur sínar. Það sé engu líkara en fjármálaráðherra hafi ekki vitað um þjóðgarðinn, jarðarsölu og landskipti er hann setti kröfur sínar á kort í þessu þjóðlendumáli.

Hafnað er rökstuðningi ríkisins um að Skeiðarársandur hafi aldrei verið numinn heldur einungis hið byggilega svæði og virðist þar átt við landræmu ofan sanda og neðan fjalla eins og landið er nú. Horfa verði til þeirra merkja sem tilgreind séu í Landnámu, þ.e. Jökulsár, og einnig til þeirrar gróðursældar sem var á landnámsöld.

Í greinargerð kemur fram að jarðeigendur telja verulega skorta á að íslenska ríkið geti fært fyrir því rök hvers vegna landamerkjaskrárnar frá 1890 skuli ekki gilda sem eignarheimildir. Þá sé engin umfjöllun í greinargerð ríkisins um þýðingu afsalsins 1966 og gerðardómsins 1969 sem feli í sér ásamt landamerkjaskrár beinar eignarheimildir Skaftafells II að Skeiðarársandi.

Ekki verði hjá því komist að gera sérstaklega að umtalsefni tómlæti íslenska ríkisins gagnvart því að Skeiðarársandur hafi verið hugsanlega almenningur eða einskis manns land. Slíkt tómlæti eigi að leiða til þess að ríkið glati rétti. Þvert á móti létu talsmenn ríkisins það gott heita að eigendur Skaftafells II fengu sandinn í skiptum fyrir betra land nær fjöllum.

Því er haldið fram að fjármálaráðherra virðist kominn langt frá tilgangi laga nr. 58/1998 með kröfum sínum í þessu máli. Höfuðtilgangurinn með lögunum hafi verið að eyða óvissu um eignarhald að miðhálandi landsins og þannig hafi málið verið lagt fyrir alþingismenn árið 1998. Engin óvissa hafi verið um eignarhald að landi Skaftafells II enda hafi það verið þinglýst eign eigendanna. Sé alveg óskiljanlegt hvers vegna ríkið sé að seilast inn á eignarlandið og ætla verði að dugað hefði að gera Vatnajökul að þjóðlendu eins og ljóst sé af myndum sem birtist í dreifibæklingum og ætlað sé að kynna sjónarmið ríkisins í þjóðlendumálum.

Við undirbúning þjóðlendulaga hafi komið fram að ekki ætti að telja þau landsvæði til þjóðlendna sem væru nú innan þinglýstra landamerkja jarða og sé engu líkara en kröfunefnd ríkisins hafi allt aðrar hugmyndir um þjóðlendur en þeir alþingismenn sem samþykktu frumvarpið að þjóðlendulögum.

Engu sé líkara en íslenska ríkið sé að fara í eignarnám á Skeiðarársandi með kröfum sínum en eignarnámsheimild í þjóðlendulögum sé ekki til.

Óvissa hefur engin verið um eignarréttinn á Skeiðarársandi. Hann sé í alfaraleið á milli blómlegra byggða og í engu hægt að jafna honum við sumarbeitolönd til fjalla.

Hvað varði sönnun er á það bent að fyrir óbyggðanefnd sé ríkið að sækja málið gegn landeigendum og hefur sömu stöðu og stefnandi máls. Á ríkinu hvíli því hin almenna sönnunarskylda að það verði að sanna þá fullyrðingu sem málatilbúnaðurinn byggist á. Það sé langt í frá að svo hafi ríkið gert. Þvert á móti hafi eigendur Skaftafells sannað með þinglýstum skjölum, sem séu jafnvel undirrituð af fulltrúum ríkisins, að þeir séu eigendur þess lands sem ríkið krefst að verði þjóðlendur.

Landeigendur vitna til 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttinda. Engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þurfi til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Hér vanti almenningsþörfina, einnig lagaheimildina og ekki geri ríkið ráð fyrir að greiða nokkuð fyrir landið þó svo að það hafi forkaupsrétt að því og jafnvel rætt um kaup þess á liðnum áratugum. Niðurstaðan sé því sú að atлага ríkisins gegn landeigendum í þessu máli sé andstæð stjórnarskrá. Einnig er vitnað til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, um rétt þinglýsts eiganda en þinglýsta eignarheimild hafi sá sem þinglýsingabók nefni eiganda á hverjum tíma. Skv. 26. gr. njóti sá sem hefur þinglýsta eignarheimild að eign einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar. Þá er vísað til 1. gr. laga um þjóðlendur o.fl., nr. 58/1998, að því er varðar skilgreiningu á eignarlöndum, 1. gr. laga um landamerki, nr. 41/1919, sbr. eldri lög um sama efni, 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga um hefð, nr. 46/1905. Einnig vísa landeigendur til venju, þ.e. að það land sem að fornu hafi verið notað eingöngu af landeigendum sé með vísan til venjuréttar talið eignarland þeirra án takmarkana enda hafi nýting þeirra gefið slíkt til kynna.

Jafnframt er bent á meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að það geti náð markmiðum sínum (eignarhald á sandinum) með öðru og vægara móti. Þá megi benda á jafnræðisregluna í 12. gr. og í því sambandi megi velta fyrir sér hvers vegna eignarhaldi á Skeiðarársandi ætti að vera öðruvísi háttáð hjá Skaftafelli en annars staðar í sýslunni. Nágrannajarðir eigi land í sjó fram og fái að vera í friði með eignir sínar og ekki dugi sú skýring að Skeiðarársandur sé svo stór.

Kröfulínur landeigenda séu alfarið byggðar á landamerkjaskránni frá 5. maí 1890, mörkum þjóðgarðs skv. 4. gr. reglugerðar nr. 319/1984 og ytri mörkum landspildu við þjónustumiðstöð skv. kaupsamningi, dags. 10. maí 1978.

Kröfulína Skaftafells teygi sig upp á sporð Svínafellsjökuls. Hér sé aðeins verið að fara eftir landskiptum og merkjalínum sem ákveðnar voru 1969 og lýsa hinu þinglýsta landi þótt að jafnaði sé farið eftir jökulbrún, sbr. umfjöllun Tryggva Gunnarssonar um landamerki fasteigna í afmæliseriti Gauks Jörundssonar. Tryggvi telji einnig hugsanlegt að landeigandi geti sýnt fram á að hluti jökuls teljist innan eignarlands ef það komi fram í landamerkjabréfum eða öðrum upplýsingum um landamerki en gerðardómurinn hafi einmitt að geyma slíkar upplýsingar.

8.3. Almenn atriði er varða jarðir í kafla 8.4.

Af hálfu eigenda jarðanna Svínafells, Hofs, Fagurhólsmýrar, Hnappavalla, Kvískerja, Fjalls og Breiðármerkur er í upphafi greinargerðar vikið stuttlega að málavöxtum og aðdragandi að setningu þjóðlendulaga, nr. 58/1998, reifaður. Þá er gerð grein fyrir gagnrýni sem kröfugerð fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins hafi sætt á opinberum vettvangi. Því næst er greint frá meðferð máls þessa í megindráttum.

8.3.1. Rökstuðningur og lagarök

Þá er vikið að rökstuðningi og lagarökum fyrir eignarréttarkröfum jarðeigenda. Vísað er til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur og því haldið fram að með kröfugerð ríkisins sé gerð alvarleg aðför að

eignarrétti og í því sambandi minnt á 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Mannréttindasáttmáli Evrópu hafi lagagildi hér á landi og veiti eignarréttinum hugsanlega enn ríkari vernd en stjórnarskráin þar sem dómur Mannréttindadómstólsins bendi til þess að réttmætar væntingar manna til eignarréttar sem byggist m.a. á því að ríkisvaldið hafi með einum eða öðrum hætti viðurkennt eignarréttinn, t.d. með því að þinglýsa eignayfirfærsluskjölum athugasemdalaust um áratugaskeið, séu verndaðar af mannréttindaákvæðunum. Þessu til stuðnings sé vísað til dóms Mannréttindadómstólsins frá 23. nóvember 2000 „Former King of Greece and others vs. Greece“.

8.3.2. Sönnunarreglur

Í geinargerðinni er þessu næst vikið að sönnunarreglum. Rétt sé að gæta að hinum almennu sönnunarreglum og því hvernig sönnunargögn séu metin en um það séu ákvæði í VI-XII. kafla einkamálagaga, nr. 91/1991.

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Landeigendur telji að þeir hafi sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðum sínum. Eldri heimildir mæli þeim ekki á mót. Ríkið hafi sönnunarbyrðina fyrir því að landamerki þessara jarða séu röng.

Landeigendur telji einnig ljóst að skv. úrskurðum óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 hafi ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að land sem tilheyrir jörðunum í Öræfum teljist til þjóðlendna.

Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

8.3.3. Land innan landamerkja sé eignarland

Byggt sé á því að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Við setningu landamerkjalaganna, nr. 5/1882, og síðan laga nr. 41/1919, hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdarvaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákvæðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum hverjum í sínu umdæmi borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Allt til ársins 1981 hafi verið gert ráð fyrir að sérstakur dómstóll, landamerkjadómstóll, skæri úr ágreiningi um landamerki. Löggjafavaldið hafi með þessu viljað tryggja að landamerki væru sem skýrust og að ekki þyrftu að vera deilur um þau. Landamerkjalögunum hafi verið ætlað að koma þessum málum í gott horf í eitt skipti fyrir öll og hafi fyrirmælum laganna verið fylgt og landamerkjalýsingar gerðar fyrir nær allar jarðir.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða hver landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem sú skoðun hafi verið óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt. Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Skylda landamerkjalaganna taki m.a. til merkja milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna krefjist sá sem land á að afrétta eða lendu þess.

Landamerkjalýsingar þær, sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjalaganna 1882, hafi víða

verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Svo sé einnig í Örafum, svo sem síðar verði rakið. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða eða eftir atvikum í sameign einhvers tiltekins fjölda jarða teljist eignarland.

Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland og í því sambandi vísað til úrskurða óbyggðanefndar í Árnessýslu.

8.3.4. Hefðarreglur leiði til þeirrar niðurstöðu að allt land í Örafum sé eignarland

Því er haldið fram að hefðarreglur leiði til þeirrar niðurstöðu að allt land í Örafum sé eignarland. Hefð megi rekja allt til rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Lengi hafi verið óvissa um hvort hefðarréttur gildi hér á landi. Í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746 hafi verið kveðið á um að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign. Víða sjái þess stað að út frá því hafi verið gengið að hefðarreglur Norsku eða Dönsku laga (1683 og 1687) hafi gilt hér á landi. Einnig sé vikið að hefðarreglum í nokkrum tilskipunum, sbr. konungsbréf frá 18. apríl 1761, nýbýlatilskipuninni frá 1776 og tilskipun frá 17. apríl 1833 viðvíkjandi óðalsrétt á Íslandi.

Landsyfírréttur hafi í dómi sínum þann 5 maí 1830 ótvírætt gengið út frá því að hefðarreglur Norsku laga giltu á Íslandi þó að rétturinn hafi síðar í dómi frá 19. desember 1887 hafnað hefðarreglum. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Ákvæði 1. gr. hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé ákvæðinu ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardóminum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. þjóðlendulaga *in fine*. Gaukur Jörundsson telji að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afréttur eða almenningur sé skilyrðum hefðar á annað borð fullnægt en telji að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla.

Því sé alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði í Örafum hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum heldur liggja fyrir að landið hafi verið numið. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðila.

Gaukur Jörundsson telji jafnframt að slaka beri á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmætið og allar aðstæður gefi minna tilefni til víðtækra umráða og fjölbreyttra nota. Í H 1997 2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Venjuréttur og hefð falli hér saman og eigi að leiða til þess að allar eignarheimildir landsins í Örafum tilheyri jörðunum sem það land hafi nýtt öldum saman. Hluti af þessu landi hafi verið í opinberri eigu og hafi landeigendur keypt það af ríkinu.

8.3.5. Landnámsmörk í Örafum

Í greinargerðinni er þessu næst vikið að landnámsmörkum í Örafum. Ríkið haldi því fram í greinargerð sinni að miða beri eignarlönd við landnámsmörk en sá sé munurinn að landeigendur telji að landsvæði það, sem deilt sé um í þessu máli, hafi allt verið numið í öndverðu. Vísað er í Landnámu,

„Landið og Landnámu“ eftir Harald Matthíasson og „Landnám í Skaftafellsþingi“ eftir Einar Ólaf Sveinsson. Ekkert í þessum heimildum bendi til annars en landið hafi verið numið allt til jökla og er hugleiðingum um annað mótmælt sérstaklega. Þannig hafi fræðimenn talið að mjög víða hafi land verið numið allt til jökla.

Landið sé nú allt innan landamerkja jarða og hafi svo verið samkvæmt elstu heimildum. Útilokað sé að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag, hins vegar verði að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kunni að vera um hvort landnámin náðu til jökla í Lóni.

8.3.6. Staðhættir og gróðurfar

Samkvæmt framlögðum skjölum í máli þessu nr. 18, 19, og 20 sé ljóst að umrætt landsvæði hafi verið mun grónara við landnám og jökullinn miklu minni. Atriði eins og staðhættir, víðátta og gróðurfar ráði því ekki úrslitum þegar eignarréttur á landi sé metinn á þessu svæði. Sé það í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar í sambærilegum málum í Árnessýslu. Athuga beri einnig að búseta hafi verið meiri á þessu svæði allt til jökla fyrir eldgosid 1362.

8.3.7. Notkun lands

Notkun lands geti auðvitað gefið vísbendingar um hvort land sé eignarland eða ekki en ekki megi alhæfa út frá því. Megi sem dæmi nefna að mjög stór hluti lands á láglendi sé ekki í neinum heilsársnotum af skiljanlegum ástæðum. Yfir vetrartímamann sé landið gegnfrosið og enginn skepna fari um það.

Um meinta aðgreiningu lands í heimalönd og afrétti sem lögmaður ríkisvaldsins nefni, þá telji landeigendur að innan jarðanna sé ekki um afrétti að ræða í þeirri merkingu að þar sé um landsvæði að ræða sem lúti stjórn hreppsfélagsins. Afréttir séu hvergi markaðir með sjálfstæðum landamerkjum þó heimildir tali um að jarðirnar eigi afrétt. Sú túlkun sem heimamenn leggja í orðið afréttur í þessu sambandi sé að það merki beitoland jarðarinnar. Slík lönd sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarlönd í víðustu merkingu þess orðs séu að mati landeigenda eignarlönd enda viðurkennt af fræðimönnum að svo geti verið.

8.3.8. Haustsmölun í Örafum

Snemma hafi orðið til reglur um beitarnýtingu á landi enda hafi sveitarfélögin snemma tekið við skipulagningu á fjallskilum og skipti þá engu í hvers eigu landið sem smala þarf sé, sbr. 4. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil, nr. 6/1986, sbr. 52. gr. sömu laga.

Engin afréttarmörk séu til á þessu svæði og enginn reki fé á annars land nema með leyfi landeigenda. Innan torfu hafi menn hins vegar upprekstrarrétt á grundvelli sameignar eða samnings.

Eitt af því sem bendir til fullkomins eignarréttar lands innan landamerkja jarðanna sé að á þau séu ekki gerð fullkomin fjallskil (tvær lögskipaðar leitir sbr. 37. gr. laga um afréttarmál og fjallskil, nr. 6/1986) af hálfu fjallskilastjórnar enda um einkaland jarða að ræða sem landeigendur smali sjálfir.

Þá hafi landeigendur séð um réttir á þessu svæði sjálfir en ekki fjallskilastjórn svo sem skylt sé að gera með afrétti, sbr. 49. gr., sbr. 51 gr. laga nr. 6/1986. Annað sem ráði miklu um aðgreininguna í heimalönd og afrétti sé að í heimaland sleppi menn fé sínu að vori og smali svo til rúnings og ekki síður ám að hausti eftir að lömb hafa verið tekin undan. Í almenningsafrétti reki menn fé í byrjun sumars og óheimilt sé að fara með fé í afrétt til haustbeitar.

Landeigendur telji að land jarðanna í Örafum hafi ekki sambærilega stöðu og Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Þar hafi vissulega verið afréttarlönd, sem allir jarðeigendur hreppsins höfðu aðgang að ræða og verið undir opinberri stjórn, en ekki heimalönd. Munurinn liggja m.a í þeim notum sem menn hafi og hafi haft af þessum heimalöndum, umfram afréttarlöndin, og þeim rétt-

indum og skyldum sem landeigendur hafi þar haft. Það sem mestu skipti sé þó að innan jarða, þó víðfeðmar séu, hafi landeigendur getað bannað öðrum not landsins, sbr. þá búsetu sem varð á þessu svæði með samþykki landeigenda. Hún hefði ekki orðið án samþykkis landeiganda sem sanni að hann hafi getað bannað not landsins.

Algerlega sé því mótmælt sjónarmiðum um að til séu einhvers konar almenningsafréttir innan jarðanna sem og kenningum um að land á þessu svæði hafi verið numið til afnota. Slíkar hugmyndir fari þvert gegn heimildum um landnám á þessu svæði og gegn þeim heimildarskjölum sem liggja til grundvallar eignarrétti viðkomandi jarðeigenda. Miklu líklegara sé að afnotaréttur af eigendalausum landi á miðhálandi Íslands hafi getað myndast fyrir venju. Slíkt eigi ekki við í Örafum og er því mótmælt sérstaklega að miðhálandi Íslands nái til lands í Örafum.

8.3.9. Umsvif og framkvæmdir á jörðunum sem ekki lúta að beit

Í greinargerðinni er því næst vikið að umsvifum og framkvæmdum sem ekki lúta að beit. Allt frá því að áhugi hafi skapast á annarri starfsemi en lýtur að beit búfjár á landsvæði þessu hafi verið litið á það sem sjálfsagðan hlut að landeigendur þyrftu að veita leyfi til þess, ef frumkvæði væri annarra, en tækju sjálfir upp slíka starfsemi þar án þess að bera það undir aðra. Enginn hafi gert athugasemd við þetta forræði. Bændur í Örafum hafi nú hafið stórfellda ferðapjónustu á jörðum sínum.

8.3.10. Skotveiðidómar

Af hálfu ríkisvaldsins séu raktir svonefndir skotveiðidómar. Geitlandsdómur er fallið hafi í Hæstarétti 3. nóvember 1994 sé einn þeirra. Um þann dóm hafi Karl Axelsson hrl, nú einn nefndarmanna, skrifað grein í Tímarit lögfræðinga 1995 og spurt sig þeirrar spurningar hvort dómurinn breytti réttarstöðunni. Niðurstaða hans hafi verið sú að líta yrði til þess að um opinbert mál væri að ræða og sönnunarbyrðin því alfarið lögð á ákærvaldið, um tilvist þess eignarhalds sem málareksturinn var byggður á. Jafnframt hafi hann bent á að eigendur landsins hefðu ekki verið aðilar að málinu og því ekki haft tækifæri á að reifa sjónarmið sín eða hugsanleg gögn sem þeir byggðu eignarréttartilkall sitt á. Niðurstaða Karls hafi því verið sú að dómurinn breytti ekki neinum grundvallarforsendum á þessu réttarsviði eða skapaði það fordæmi sem leysi almennt úr sambærilegum eignarréttarþrætum. Það sama megi segja um aðra skotveiðidóma.

8.4. Nánar um kröfugerð vegna einstakra jarða

8.4.1. Almenn

Þá er vikið sérstaklega að kröfugerð eigenda nokkurra jarða í Örafum. Á því sé byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja jarðanna, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram.

Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum jarðanna, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum jarðeigenda hafi verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. H 1961 629. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land jarðeigenda í Örafum sé ekki fullkomin eign þeirra.

Samkvæmt eignarheimildum þeim, sem lagðar hafi verið fram með kröfulýsingum í málinu, hafi umræddir eigendur jarða í Örafum óskoraðan eignarrétt fyrir þessum eignarjörðum sínum með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Þeir hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi hverrar jarðar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Landeigendur telji að almennt gildi um jarðir í Örafum að þær séu á landsvæði sem upprunalega hafi verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað hafi verið til nýbýla á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hafi verið að stunda þar búskap árið um kring. Eflaust sé að finna land innan hverrar jarðar sem ekki verði nýtt til landbúnaðar enda viðurkennt að setning merkja geti hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hafi verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hafi eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum á sama hátt og gildi um eignarland yfirleitt.

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr., landamerkjalaga, nr. 41/1919, laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga, jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, reglu stjórnarsýslulaga um álitsumleitan, laga um afréttarmál og fjallskil, nr. 6/1986, þjóðlendulaga, nr. 58/1998, einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr. og 17. gr., og mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka. Um málskostnaðarkröfu er byggt á 17. gr. l. 58/1998, sbr. laga nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr.

Kröfugerð ríkisins er af hálfu jarðeigenda mótmælt í heild sinni. Því sé haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í A-Skaftafellssýslu hafi frá landnámi verið undiropið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afreittir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land til jökla hafi verið nytjað allt frá landnámi og tilheyrt ákveðnum jörðum. Fjöllin hafi verið aðalbeitilandið og forsenda fyrir byggðinni, það sé því fráleitt að halda því fram að þau hafi ekki verið numin. Slíkar hugmyndir séu úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem einkum séu máldagar og vísitásiur en skv. þessum skjölum sé ljóst að allt land í Örafum hafi verið háð beinum eignarrétti.

Bændur í Örafum telji að landamerki til norðurs séu við jökulröndina. Það sé venja að líta svo á þó þess sé ekki getið í landamerkjabréfum. Ljóst sé hins vegar að jökull hafi sum staðar gengið yfir gróid land í Örafum og eytt bæjum. Sé eðlilegt að líta svo á að það sé áfram eignarland. Í því sambandi kom fram við aðalmeðferð að skírskotað sé til þess að tíðkast hafi að landamerki við sjó geti verið á hreyfingu. Náttúrulegar aðstæður séu þannig að slíkt sé eðlilegasta niðurstaðan hér. Menn geti ekki nytjað jökulinn en land sem komi undan jökli grói ótrúlega fljótt upp og sé nytjað um leið. Þá geri menn ekki kröfu til annars lands sem undan jökli komi en þess sem hugsanlega hafi verið numið enda hafi menn ekki numið jöklana þar sem þeir gátu ekki nýtt sér þá.

Í greinargerð er vikið að helstu heimildum um jarðirnar Svínafell, Hof, Fagurhólsmýri, Hmappavelli, Kvísker, Fjall og Breiðármörk jafnframt því sem staðháttum er nokkuð lýst. Hér fer á eftir útdráttur úr umfjöllun lögmanns eigenda þessara jarða um önnur þau atriði sem byggt er á af þeirra hálfu, í greinargerð og við munnlegan málflutning.

Samkvæmt tilvitnuðum gögnum hafi jarðeigendur óskoraðan eignarrétt fyrir eignarjörðum sínum með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

8.4.2. Svínafellstorfa

Í greinargerð jarðeigenda kemur fram að byggt sé á þinglýstum afsölum, dags. 10. október 1999 (Svínafell I), 5. feb. 1995 (Svínafell II), 7. október 1979 og 10. mars 1996 (Svínafell IV), og 20. ágúst 1981, 16. júní 1995, og 19. mars 1995 (Svínafell III), sem aftur byggist á eldri heimildum svo sem afsölum sbr. og jarðabækur og fasteignamöt. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Svínafell, dags. 2. maí 1890. Landamerki Svínafells séu mjög gömul sbr. vísitásiu Hofkirkju frá 1727 en jarðarinnar sé getið víða í fornum ritum.

8.4.3. Hofstorfa

Í greinargerð jarðeigenda kemur fram að byggt sé á þinglýstu afsali, dags. 10. júlí 1982, yfirlýsingu 14. mars 1971, vottorði 9. desember 1961, yfirlýsingu 15. nóvember 1983, kaupsamningi 1. desember 1995 og kaupsamningi 21. febrúar 2001 sem aftur byggist á eldri heimildum, svo sem vísitasíum og máldögum. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Hof, dags. 15. júlí 1922 og þinglýst sama dag. Landamerki Hofs séu mjög gömul, sbr. vísitasíu frá 1727, en jarðarinnar sé getið í fornum ritum.

8.4.4. Fagurhólmstyrartorfa

Í greinargerð jarðeigenda kemur fram að byggt sé á þinglýstum afsölum, dags. 20. júní 1995 og 31. júlí 1996, sem aftur byggist á eldri heimildum. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Fagurhólsmýri, dags. 29. maí 1922 og þinglýst 15. júlí 1922. Ljóst sé að landamerkjabréfið beri með sér að norðvesturmörk jarðarinnar séu í upptökum Gljúfursár en hún eigi upptök sín í Vatnajökli.

8.4.5. Hnappavallatorfa

Í greinargerð jarðeigenda kemur fram að byggt sé á þinglýstu afsali, dags. 23. september 1998, skiptayfirlýsingu 31. desember 1990 og 27. apríl 2000, vottorði hreppstjóra 30. september 1977, búsetuleyfi 5. desember 1990, kaupsamningi 6. september 1964, vottorði hreppstjóra 28. ágúst 1976, sem aftur byggist á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð.

Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Hnappavelli, dags. 3. maí 1890 og þingl. 14. maí 1891.

Landamerki Hnappavalla séu mjög gömul en jarðarinnar sé getið í Landnámu. Mótmælt er þeim fullyrðingum af hálfu ríkisins að Staðarfjall hafi ekki verið numið og stangist það á við heimildir um nýtingu á fjallinu. Það hafi verið nýtt til beitar, auk þess sem leigðar hafi verið lóðarspildur á þessum slóðum, sbr. lóð Pósts og síma á Háöxl, skv. lóðarleigusamningi frá 1977.

8.4.6. Kvísker

Í greinargerð jarðeigenda kemur fram að byggt sé á þinglýstum skiptayfirlýsingum, dags. 1. mars 1994 og 23. júní 2000, sem aftur byggjast á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Kvísker (Tvísker), dags. 28. apríl 1890, þingl. 5. maí 1890.

8.4.7. Fjall

Í greinargerð jarðeigenda kemur fram að byggt sé á þinglýstum afsölum, auk jarðabókar Ísleifs Einarrssonar 1709, máldaga Hofskirkju 1387, vísitasíu Gísla Jónssonar biskups, sbr. vísitasíu Brynjólfs Sveinssonar biskups 1641, vísitasíu 1727, sbr. og sáttargjörð Hofs og Fells um landamerki 1854 og sérstaklega til lögfestu Hofs 1851. Athuga beri að máldagarnir voru lögfestir af konungi og hafi því verið taldir áreiðanleg eignaskilríki. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Hof, dags. 15. júlí 1922.

Ljóst sé að land jarðarinnar hafi að verulegu leyti farið undir jökul. Landamerki Fjalls séu mjög gömul enda sé jörðin á landnámsmörkum en jarðarinnar sé getið í fornum ritum.

Hofsændur hafi nýtt Fjallsland til búskapar, beitar og reka, eins og mögulegt sé og hagkvæmt hafi verið á hverjum tíma, til jafns við annað land er tilheyri Hofi. Rekaréttur og beitarréttur hafi verið mikils virði. Máldagi Hofskirkju frá 1387 sé grunnheimildin og samkvæmt honum sé greinilegt að Hofsmenn eigi alla jörðina Fjall með gögnum og gæðum. Lögfestan frá 1851 jafngildi eignardómi í dag. Landamerkjabréf sé fyrir hendi, það sé hluti af landamerkjabréfi Hofs.

Ríkið verði að bera hallann af því að ekki sé sannað með hvaða hætti Hofskirkja hafi eignast

Fjall. Annaðhvort hafi hún fengið jörðina gefna eða keypt hana. Það skipti þó ekki máli þar sem gerningurinn hafi verið lögfestur í máldaganum 1387. Beinn eignarréttur hafi því ekki fallið niður enda hafi jörðin ekki verið til almenningsnota í neinn tíma. Hofsmenn hafi síðan fengið skilríki fyrir eignartilkalli sínu með lögfestunni. Þeir hafi því eignast jörðina með sama hætti og fyrri eigendur hafi átt hana, með öllum gögnum og gæðum.

Lögfestan sé greinilega um eignarland enda jörðin ætíð eignarland. Enginn hafi nýtt landið nema eigendur Hofs. Af þessu landi hafi verið greiddir skattar til jafns við annað land Hofs. Í landamerkjabréfinu felist að jörðin Fjall sé í raun hluti af jörðinni Hofi og því hafi átt sér stað aðilaskipti að þessu landi samhliða aðilaskiptum að Hofi þar sem þetta land hafi ekki verið skilið undan við sölu. Núverandi eigendur Hofs eigi því þessa jörð eins og Hof. Heimildir þeirra til jarðanna séu sambærilegar. Það sé augljóslega ríkisins að sanna að land þetta sé ekki undirorpið beinum eignarrétti þar sem þetta sé jörð með þinglýstum landamerkjum.

Ekki sé um ítaksréttindi að ræða. Jörðin Fjall sé eign Hofsmanna með öllum gögnum og gæðum eins og aðrar jarðir á þessu svæði. Þeir hafi einir farið með þetta land og enginn nýtt nema þeir og þeir sem hafa haft heimild þeirra til þess, í aldaraðir. Enginn eigi þar upprekstrarrétt. Beitarítak Sandfells sé fallið niður fyrir notkunarleysi og því hafi ekki heldur verið lýst þegar lög um lausn ítaka hafi komið fram. Enginn skipuleggi leit eða smali þetta land nema eigendur sjálfir, opinberir aðilar komi þar ekki nærri.

8.4.8. Breiðármörk

Í greinargerð kemur fram að vegna Kvískerjabræðra sé byggt á þinglýstu afsali til föður þeirra, dags. 26. febrúar 1937. Eignarhald Fellseigenda byggist á afsali til forföðurs þeirra Eyjólfs Runólfssonar, dags. 31. maí 1891 og 1. mars 1890, sem aftur byggist á eldri heimildum, svo sem máldögum og vísitásiúm. Sérstaklega sé vísað til lögfestu Hofs 1851. Samkvæmt þessum heimildum sé ljóst að allt land jarðarinnar er háð beinum eignarrétti.

Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Hof, dags. 15. júlí 1922, og þinglýst sama dag. Þá er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár milli jarðanna Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi, dags. 13. maí 1922, þinglesin 13. júlí 1922.

Land jarðarinnar Breiðumerkur sé greinilega allt innan landnáms, sbr. og máldaga Maríukirkju á Breiðá frá 1343, enda byggist krafa ríkisins á því að eignarrétturinn hafi fallið niður. Slíkt sé þó fráleitt í ljósi þeirra heimilda er við njóti enda sé hægt að rekja lögskiptin allt aftur til þess er biskupinn í Skálholti seldi jörðina til einkaaðila 3. ágúst 1525 að undanskildum stórreka.

Að halda því fram að land þetta hafi ekki verið numið að öllu leyti sé ekki rökstutt frekar en sagt að landnámið geti ekki hafa náð lengra en að upptökum Kvíár og Jökulsár án þess að reynt sé að rökstyðja hvar upptök þeirra hafi verið. Virðist hugmyndir ríkisins í þessu úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem einkum séu máldagar og vísitásiur en skv. þessum skjölum sé ljóst að allt land í Örafum hafi verið háð beinum eignarrétti.

Á því er byggt að bændur í Örafum telji að landamerki til norðurs séu almennt við jökulröndina. Það sé venja að líta svo á þó þess sé ekki getið í landamerkjabréfum. Varðandi jarðirnar Fell og Breiðármörk sé þó ljóst að land þeirra hafi að verulegu leyti farið undir jökul. Verði því að skoða það sérstaklega hvort ekki sé rétt að miða við landnámsmörk jökulsins.

Landamerki Breiðármerkur séu vafalaust mjög gömul enda jörðin á landnámsmörkum, sbr. og máldagann frá 1343, en jarðarinnar sé getið í fornum ritum.

Breiðamerkurfjara hafi verið nýtt af landeigendum einum eins og venja sé um fjörur á Íslandi.

8.5. Landsvirkjun

Af hálfu Landsvirkjunar er vísað til þess að fyrirtækið sé eigandi 132 kV háspennulínu, svonefndrar Suðurlínu, sbr. samning frá 11. ágúst 1982 milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkj-

anamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Vísað er sérstaklega til 10. og 11. gr. samningsins og 3. og 4. tölul. í fskj. 1 með samningnum. Á því svæði sem hér um ræði nefnist línan Prestbakkalína I og liggja á milli aðveitustöðva við Prestbakka í Vestur-Skaftafellssýslu og Hóla í Austur-Skaftafellssýslu.

Auk beins eignarréttar að línunum, staurum, undirstöðumannvirkjum og tengivirkjum háspennulínunnar hafi Landsvirkjun óheftan rétt til að láta mannvirkið standa ótímabundið og að komast að línunni til viðhalds og viðgerða hvenær sem er. Í því felist m.a. réttur til þess að leggja vegslóða með fram línunni og að undirstöðumannvirkjum. Þá er minnt á ákvæði reglugerðar um raforkuvirki sem setji skorður við ákveðnum framkvæmdum í næsta nágrenni við háspennulínur. Þess sé óskað að háttvirt óbyggðanefnd gæti framangreindra réttinda Landsvirkjunar við uppkvaðningu úrskurðar um mörk þjóðlendur í Austur-Skaftafellssýslu að því leyti sem háspennulínan liggja innan þjóðlendur, sbr. ákvæði laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sérstaklega 5. mgr. 10. gr. og ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, sérstaklega 10. gr.

Til frekari stuðnings er vísað til lóðarleigusamnings Rafmagnsveitna ríkisins við Þorleif Hjaltason, eiganda Hóla í Nesjahreppi, um lóð fyrir spennustöðvamanvirki í landi jarðarinnar, dags. 20.2.1981. Leiguupphæðin komi ekki fram en um eingreiðslu hafi verið að ræða. Hið leigða sé 2 ha. og leigutíminn 99 ár. Þá er vísað til lóðarleigusamnings milli annars vegar Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar, sem leigutaka og hins vegar Þorleifs Hjaltasonar, eiganda Hóla, um leigu á 3.600 fm lóð norðan við aðveitustöðina í landi Hóla. Leigugjald sé 8 kr. á fm á ári, tengt bv. miðað við 1.5.1990. Samningurinn sé til 1 árs í senn, uppsegjanlegur fullum þremur mánuðum fyrir 1.5. ár hvert. Loks er vísað til greinargerðar frá Rarik, dags. 19.12.1984, yfir uppgjör við bændur og landeigendur við Suðurlínu á svæðinu frá Geirlandi og Prestbakka í Vestur-Skaftafellssýslu að Hólum í Austur-Skaftafellssýslu. Til viðbótar þeim upplýsingum, sem þar komi fram, sé tekið fram að uppgjör hafi einnig farið fram við eigendur jarðarinnar Fells í Borgarhafnarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

9. VIÐAUKI VIÐ ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

9.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 í Árnessýslu er gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Í því sambandi er einnig litið til réttarreglna um fjallskil. Þá er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð er sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og visitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Um einstök atriði varðandi framangreint er vísað í almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 á svæði I sem lagðar hafa verið fram sem fylgiskjal I í málum nr. 1-5/2001 á svæði II, Austur-Skaftafellssýslu.

Í Austur-Skaftafellssýslu koma til skoðunar nokkur ný álitafni sem þýðingu kunna að hafa víðar á landinu, þ.e. eignarhald á landi undir jökklum og mörk við jökul eða á, merki sjávarjarða til hafsins og réttindi í fjöru og netlögum, m.a. rekæign, og ítök til lands og sjávar. Verður fjallað um athuganir og niðurstöður óbyggðanefndar í þeim efnum hér á eftir. Fyrst er þó ástæða til að auka nokkuð við fyrri umfjöllun um jarðir og afrétti, sbr. framangreinda úrskurði í Árnessýslu.

Þá verða loks dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin. Þeir kaflar, sem hér fara á eftir, eru þannig hluti af og í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 á svæði I.

9.2. Jarðir og afréttir

Í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 er grein gerð fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Þar kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Líkur eru á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð, sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir á þeim sem heldur öðru fram.

Í almennti umfjöllun um hugtakið jörð kemur m.a. fram að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnast allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verða þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Líkur eru á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur, sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heima-jörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Kröfur til sönnunar eignarréttar að slíkum afréttum eru í aðalatriðum sambærilegar sönnunarkröfum um eignarhald að samnotaafréttum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum, þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar, kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heima-jörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilafarmkvæmd. Eins og fram kemur í almennti umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

9.3. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar og kann því að hafa verið trúað

að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.¹ Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.²

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.³ Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málsþaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.⁴ Saxi lýsir þessu sem furðufregn og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.⁵ Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

Á sjánum liggja þeir hafisar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo óbræðiligir jöklar með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.⁶

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytlanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosið í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.⁷ Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.⁸ Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.⁹

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skriður undan eigin fargi.¹⁰ Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.¹¹ Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

1 Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272-273.

2 *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki ...“

3 Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1-2, 15.

4 Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14-15.

5 Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII-XXIII.

6 *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150.

7 *Landnáamabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

8 *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrySTALLINIS* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16-17).

9 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

10 Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, til óbyggðaneftndar, dags. 13.1.2003.

11 Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenski lögfræði. Jökklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýttjar af eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.¹

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum: „Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afrettur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jökklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.“² Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkjna að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenski réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálítaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afrettar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afrettarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afretta eða afrettar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.³ Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.⁴ Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunní síðan að koma upp ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 9.5.

1 Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afretta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jökulsvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérrettinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örylgsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðféfarið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jökklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

2 Þskj. 598. Alþtíð. 1997-1998, 122. lögþ. A: 2598.

3 Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

4 Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510-512.

Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.¹ Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.² Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírátt til þess að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land, sem kemur undan jökli, er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekktu jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, jökuljaðri við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.³ Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu þegar sett höfðu verið landamerkjálög og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars,

1 Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

2 Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignarréttur* II. Reykjavík. S. 136.

3 Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktur um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar jarðfræðings um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Timaritíð Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43-48.

sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900, er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land, sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalög eru sett 1882 og þar til Þjóðlendulög taka gildi 1998, var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpin en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnlgögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalytingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalinu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og Þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarsaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land, sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna, falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hupað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða, sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands, sem komið hefur undan jökli, kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands, sem kemur undan jökli eftir þann tíma, njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku Þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan Þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka Þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll., enda sé jökullinn í Þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum, þar sem eignarland liggur að jökli í Þjóðlendu, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist Þjóðlendulína við jaðar meginjökuls eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan Þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breyti-

leika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

9.4. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti réttthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.¹ Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.²

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afrétu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með vátum tveim eða fleirum.³

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.⁴ Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,⁵ og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.⁶ Elsta skjalllega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.⁷ Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Benda þær til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.⁸ Ítökum fjölgaði síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar

1 Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti I*. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur I*, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur I*, s. 13.

2 Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.

3 *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafla er í *Grágás* (1992, s. 290) án þess að orðið ítak sé þar notað.

4 Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147-148, 150.

5 *Grágás* 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

6 Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarfræðingvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

7 *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857. S. 178-180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67-76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246-248 (ítakaskrá Viðeyarklausturs [1284]), 248-251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.¹

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð, sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta, fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálavömmum í Þórisdal eða Laxárdal en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).² Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrísskóg og raptvidahögg í jörðunne til uppheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.³ Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.⁴

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafra náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparhátta og urðu því ekki annað en inntaklaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.⁵ Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka, sem á jörðum hvíldu, komu ítakshafnum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.⁶ Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna, sem ítök hvíldu á, var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðitaka í ám og vötnum heimilud með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956, um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum, en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðitaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.⁷ Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það, sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland.⁸ Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið

1 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hris/hrisrif/hristak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaitak, reki/rekaitak.

2 Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjalms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

3 *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

4 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur.

5 Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni ítak eða ískylda.

6 Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

7 Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að umræddum lögum, segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

8 Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 113/1952, er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlöðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafreitti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.¹ Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397² og Gíslamáldaga frá 1570.³ Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.⁴ Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafreittur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tímann verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

9.5. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflódmáls og stórstraumsfjörumáls.⁵ Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar.⁶ Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.⁷

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.⁸ Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lögum sé frá komit.“⁹ Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.¹⁰ Allan reka utan *rekamarka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.¹¹

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

5 Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57 (hdr.).

6 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

7 Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

8 Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.-2. gr.

9 *Jónsbók* 1904, s. 194.

10 *Grágás* 1992, s. 351-352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194-195.

11 *Grágás* 1992, s. 353-354. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals, sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.¹ Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.² Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.³ Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrir [fellur út] utast.⁴

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.⁵

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijngje af badum lögmönnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírantanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.⁶

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algenget var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður* en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

Ef maðr kaupir reka af landi manns at lögmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjörr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri álnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.⁷

Rekamaður átti einnig allan ómerkthan við og hval sem menn fluttu úr almenningi⁸, ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins

1 Grágás 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis út fyrir netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (Jónsbók 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

2 Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

3 Grágás 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. Grágás 1992, s. 353-354). Samkvæmt Jónsbók 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

4 Grágás 1992, s. 353-354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

5 Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7.b. Kaupmannahöfn. D. 169.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1-2.

7 Jónsbók 1904, s. 196-197.

8 Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (Jónsbók 1904, s. 197).

vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.¹ Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjöru- maður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.² Í heimild- um frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði held- ur tiltekið magn af víði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.³

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.⁴ Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skráum aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.⁵ Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig rekagrunnurinn enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.⁶ Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örafum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðitök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 9.4.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenn- inga við sjávarsiðuna eru allnokkrar.⁷ Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.⁸ Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.⁹

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í forn- lögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.¹⁰

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nýtjar í fjöru og netlögum.¹¹ Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

1 Grágás 1992, s. 354-355, 365. Jónsbók 1904, s. 196-197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga er hins vegar ekki í Jónsbók.

2 Grágás 1992, s. 354. Jónsbók 1904, s. 197, 201-203, 208-209.

3 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56-57.

4 Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

5 Kuhn, Hans, 1943-1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirð- ingar nota orðið sandur um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

6 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

7 Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið *almenningar*.

8 Grágás 1992, s. 369. Sbr. Jónsbók 1904, s. 193-194.

9 Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglend- ingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandasþik“). Sbr. Grágás 1992, s. 356, 365. Jónsbók 1904, s. 135.

10 Grágás 1992, s. 354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 196.

11 Jónsbók 1904, s. 197.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.¹ Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera almenningur.² Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.³ Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.⁴ Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.⁵ Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annaðhvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitafni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér enda fjalla Þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávarar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.⁶ Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.⁷

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

9.6. Niðurstöður

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku Þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð Þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan Þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

1 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

3 Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Timarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S. 33.

4 Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

5 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsvæði, nr. 76/1970.

6 Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II, s. 136.

7 Ekki verður ráðið af fyrirleggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu edli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. lög-gjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknnum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nýtjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í jarðir, afrétti og almenninga. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum eignarland og þjóðlenda.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámu, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður

getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýtt til beitar án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það, sem ítakið er á, sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óbyggjandi sé. Hafi einhvern tímann svo verið hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði, sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir, hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarreit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur, sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða, sem hefur verið lagt til afréttar, vísast til umfjöllunar um hugtakið jörð.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrir en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitadist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfírreftar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Enn fremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjagala 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum, þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrir en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands, sem hulið er jökli, fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendlaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í Þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

10. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

10.1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.¹ Að því loknu verður tekin afstaða til krafna Landsvirkjunar. Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar. Loks verður gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

10.2. Landnám

Svo sem fram kemur í kafla 6.1. eru þrír landnámsmenn í Örafum nafngreindir í Landnámabók, tveir karlar og ein kona. Hrollaugur Rögnvaldsson er sagður hafa numið land frá Horni til Kvíár. Við Tóftafell skammt frá Kvía tók við landnám Þorgerðar, konu Ásbjarnar Heyjangurs-Bjarnasonar, og náði það til Jökulfells og markaðist af Jökulsá í vestri. Þar fyrir vestan var landnám Bárðar Heyjangurs-Bjarnarsonar sem náði yfir Fljótshverfi.

Óbyggðanefnd telur að ekki verði dregin sú afdráttarlausa ályktun af lýsingum Landnámu á landnámi Fljótshverfis og Ingólfshöfðahverfis að á milli Njúpsvatna og Skeiðarár hafi ekki verið stofnað til eignarréttar með námi í öndverðu. Farvegur jökulvatna undan Skeiðarárjökli um landnám er ekki þekktur og auk þess óljóst hvort Skeiðará sé sama á og nefnd er Jökulsá í Landnámu. Í greinargerð Freysteins Sigurðssonar, jarðfræðings og sérfræðings í vatnafræðum, sem liggur frammi í málinu kemur fram að þáverandi Skeiðarárjökull hafi sennilega legið innan við þrengslið við Jökulfell eða jafnvel enn norðar.² Miðað við landslag á svæðinu sé líklegt að jökulvötn frá honum hafi frekar fallið niður miðjan dalinn milli Jökulfells og Súlutinda og þó jafnvel verið bægt til vesturs af skriðjökklum niður með Jökulfelli og aursvuntum frá þeim. Sé því líklegt að jökulvötn undan þáverandi Skeiðarárjökli hafi fallið tíðum niður miðjan sand eða jafnvel vestar þó vænta megi þess að þau hafi rásað eitthvað um að hætti slíkra vatna. Jökulsá sú, sem um geti í Landnámu, hafi því legið vestur á sandi en ekki verið sama á og nú heitir Skeiðará. Skeiðará hafi verið annað og miklu minna vatnsfall, byggðavatn neðan Jökulfells. Þegar Skeiðarárjökull hafi komist fram að Jökulfelli, líklega á 15.-17. öld, hafi Jökulsáin lagst í Skeiðarána og í kjölfarið týnt nafni sínu en meginvötnin fengið nafn Skeiðarár.

Þá bendir greinargerð Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um gróðurfar í Örafum, sbr. kafla 5.2., ekki til þess að Skeiðarársandur hafi á landnámsstíma verið „óbrúkandi öræfi“ svo sem haldið er fram af hálfu íslenska ríkisins. Þar kemur fram að ekki sé óvarlegt að draga þá ályktun að Skeiðarársandur hafi verið grónari um landnám en nú. Mikill hluti Skeiðarársands er ógróið eða lítt gróið land, einkum vestur- og austurhluti sandsins þar sem jökulhlaup hafa komið í veg fyrir uppgræðslu. Á miðjum sandinum neðanverðum, innan kröfusvæðis ríkisins, er hins vegar allvíðáttumikið, raklent gróðursvæði, með fjölskrúðugu gróðurfari. Melgresi hefur verið að breiðast út á

1 Umfjöllun um einstök örnefni byggist á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppláttaritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

2 Sbr. einnig skjal nr. 19 (1).

sandfokssvæðum norður eftir sandinum miðjum og mosanýgræðingur er einnig ofar á sandinum, allt norður undir jökulgarða Skeiðarárjökuls. Auk þessa eru líkur á því að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi Skeiðarársandur verið minni en síðar varð.

Norðurmörkum landnáms í Austur-Skaftafellssýslu er ekki lýst í Landnámabók en af frásögn Hauksbókar má ráða að menn hafi a.m.k. farið svo langt til fjalls sem beitiland náði. Land í Örfæfum er afmarkað af jökulum hið efra og sjó hið neðra. Upp við jökul ris fjalllendi og heiðarlönd en þar neðan við og allt niður að sjó er slétt undirlendi. Þaðan skerast fjölmargir dalir inn í fjalllendið, stórir og smáir. Hálendi og jöklar blasa við frá fjöru séð en fjarlægðir þar á milli eru u.þ.b. 3-38 km. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Örfæfum verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni, sbr. kafla 5.2. og 5.4.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður að telja fremur líklegt að land í Örfæfum hafi verið numið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

10.3. Skaftafell

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Skaftafells, ódags. en þingl. 5. maí 1890, án tillits til síðari skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Skaftafelli liggja jarðirnar Núpsstaður í Fljótshverfi, Vestur-Skaftafellssýslu, að vestan og Svínafell að austan. Skörp skil eru á milli undirlendis og fjallendis fyrir landi Skaftafells, svo sem víðast annars staðar í Örfæfum. Til suðurs kvíslast jökulárnar um hallalítinn Skeiðarársandinn, allt niður að sjávarmáli. Að norðan liggur Vatnajökull, nánar tiltekið Skeiðarárjökull, Örfafajökull og þrjár skriðjöklar hins síðastnefnda, Morsárjökull, Skaftafellsjökull og Svínafellsjökull. Inn á milli skriðjöklanna ris mikið hálendi og heiðarlönd. Alls munu um tuttugu tindar á þessu svæði vera yfir 1000 m háir og flestir meira eða minna tengdir saman með löngum fjallshryggjum. Á milli Skeiðarárjökuls og Skaftafellsjökuls liggur Morsárdalur. Fjarlægð frá sjó að jaðri Skaftafellsjökuls er um 26 km en 32 km inn í miðjan Morsárdal. Fjallendinu, sem umlykur dalinn, má í megindráttum skipta í þrjá klasa. Að vestanverðu eru Skaftafellsfjöll, að norðanverðu Miðfell og Skaftafellsheiði austanmegin. Inn af heiðinni eru Kristínartindar (sá nyrðri 1126 m) og Skarðatindur (1385 m) næst jökli. Austan við Skaftafellsheiði, í krikanum á milli Skaftafellsjökuls og Svínafellsjökuls, er Hafrafellið (1174 m) og þar efst, í jökulkróknum ofan við Svínafellsjökul, er Hrútsfjall (1875 m). Íslenska ríkið hefur í meginatriðum dregið kröfulínu sína frá sjávarmáli í upptök Skeiðarár, þaðan í Krossgilstind, yfir Jökulfell og Morsárdal í Syðri-Kristínartind, að jökulrönd Skaftafellsjökuls og með fram henni þar til kemur á móts við neðri hluta Svínafellsjökuls nyrst, þar er dregin lína yfir í Svínafellsjökul og jaðri þess jökuls síðan fylgt.

Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda á norðurhluta þess landsvæðis sem liggur á milli skriðjöklanna Skeiðarárjökuls, Skaftafellsjökuls og Svínafellsjökuls og á vestanverðum Skeiðarársandi, að vesturmörkum þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar í þessu máli. Þá hefur sami aðili einnig lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta Skaftafellsjarðarinnar sem er í eigu ríkissjóðs, þ.e. Skaftafelli I og III, og liggur utan framangreindrar þjóðlendukröfulínu, samkvæmt landamerkjalyðingu. Jafnframt er gerð krafa um yfirráðarétt til þess hluta landsins samkvæmt landamerkjabréfi sem er innan þjóðlendulínu og meðal annars alls lands þjóðgarðsins í Skaftafelli. Kröfum þessum er nánar lýst í köflum 3.1.1. og 3.1.2.

Eigendur Skaftafells II hafa hins vegar lýst kröfu um beinan eignarrétt yfir þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggi innan merkja Skaftafells II, sjá nánar í kafla 3.3. Jafnframt er þess krafist að hafnað verði öllum kröfum fjármálaráðuneytis sem feli í sér að land Skaftafellsjarða verði gert að þjóðlendu.

Þá hefur eigandi Núpsstaðar í Vestur-Skaftafellssýslu lýst kröfu um beinan eignarrétt yfir hluta vestanverðs Skeiðarársands, að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma, þó innan tiltekinnna marka. Ágreiningur er þannig milli eigenda Núpsstaðar og Skaftafells II um hluta sandsins. Sjá nánar í kafla 3.2.

Loks hafa þinglýstir eigendur Svínafellstorfu, þ.e. jarðanna Svínafells I-IV, lýst kröfu um beinan eignarrétt að Hrútsfjalli, sjá nánar í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er því haldið fram að beinn eignarréttur Skaftafells hafi aldrei náð að jökli og landnám til vesturs á þessu svæði einungis að Jökulfelli. Vísað er til heimilda um landnám, landamerkjabréfs frá 1890, þar sem óbyggðamörkum sé ekki lýst, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og hæðar yfir sjó.

Af hálfu þinglýstra eigenda Skaftafells II, sbr. kafla 8.2., er aðallega byggt á landnámi, skráðum eignarheimildum og hefð. Vísað er til landamerkjabréfs jarðarinnar sem aðliggjandi jarðir hafi samþykkt, afsals til Náttúruverndarráðs vegna ríkissjóðs 13. maí 1966 og gerðardóms um landskipti á óskiptu sameignarlandi ríkisins og Skaftafellsbænda frá 25. nóvember 1969. Jafnframt er m.a. byggt á athugasemdalausum þinglýsingum, nýtingu landsins, greiðslu ríkisstofnana fyrir landafnot og malartekju á Skeiðarársandi, auk tómlætis ríkisins. Einnig er vísað til 4. gr. reglugerðar nr. 319/1984, um þjóðgarð í Skaftafelli, og kaupsamnings um land í grennd við Þjónustumiðstöð, dags. 10. maí 1978.

Af hálfu þinglýsts eigenda Núpsstaðar, sbr. kafla 8.1., er vísað til landnáms, búsetu og nýtingar, sölu jarðarinnar á opinberu uppboði 1839 og landamerkjabréfs jarðarinnar frá 1987. Því er haldið fram að landamerkjalinu ofan til á sandinum (nærri vegi) eigi að draga austan Gígjukvíslar, nærri fornum farvegi Sigurðarfitjaála en ekki vestan Gígjukvíslar svo sem eigendur Skaftafells haldi fram. Einnig er vísað til gerðardóms frá 1969 um landskipti á jörðinni Skaftafelli, bréfs Náttúruverndarráðs frá 1996 o.fl.

Af hálfu þinglýstra eigenda Svínafellstorfu, sbr. kafla 8.3.-8.4., er byggt á því að sé landamerkjalinna Svínafells að vestanverðu, gagnvart Skaftafelli, framlengd frá efsta tilgreinda landamerkjapunkti, yfir Svínafellsjökul og í meginjökulinn, lendi Hrútsfjallið Svínafellsmegin við þá línu, sbr. einnig athugasemdalaus nýtingu Svínafellinga á Hrútsfjalli, venju og hefð.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Skaftafelli er rakin í kafla 6.2. Þar kemur fram að Skaftafells er getið í heimildum allt frá fyrri hluta 14. aldar en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til loka 10. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé, a.m.k. að langstærstum hluta, innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2. Að því leyti sem sérstakur vafi kann að leika á um landnámlýsingar vestast á Skeiðarársandi vísast til fyrri niðurstöðu óbyggðanefndar um heimildargildi Landnámu þar sem segir að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Skaftafells er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, ódags. en þingl. 5. maí 1890. Bréfið er áritað af hálfu bæði Núpsstaðar og Svínafells. Merki í vestur og austur eru tilgreind en norður- eða suðurmörkum ekki lýst sérstaklega. Þó segir í bréfinu að jörðin eigi „land allt milli fjalls og fjöru“. Mörkum til vesturs, gagnvart Núpsstað í Fljótshverfi, er lýst þannig að jörðin eigi „land svo langt vestur að Súlnatindar beri hver í annan“. Í landamerkjabréfi Núpsstaðar, dags. 17. maí 1891 og þingl. 19. maí 1892, er sömu mörkum lýst með þeim hætti að Súlnatindar beri hver í annan, skoðað frá sjó, svo beina leið að norðan og að stórstraumsfjörumáli. Súlnatindar eru skörðóttur fjallshryggur austast í Eystraþingfelli við vesturjaðar Skeiðarárjökuls, norður af þeim hluta hans sem nefnist Súlujökull. Fyrirsvarsmenn Núpsstaðar árita bréf Skaftafells

og öfugt. Núverandi eigendur Núpsstaðar og Skaftafells greinir þó á um við hvaða tinda í fjallgarðinum skuli miðað og hvað teljist til Súlnatinda. Eldri heimildir um austurmerki Núpsstaðar, vísitásiubækur biskupa frá 1657 og síðar, kveða einungis á um að jöklar deili að austan.¹

Nyrsti punktur til austurs, gagnvart Svínafelli, er „á Freysnesi úr stórum steini framan undir jöklinum“. Mun þar vísað til Svínafellsjökuls. Syðsti punktur til austurs er í „vörðu fram í Nesinu“, ekki langt undan sama jökli. Þessum merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Svínafells, dags. 2. maí 1890 og þingl. 5. maí sama ár. Fyrirsvarsmenn Skaftafells árita bréf Svínafells og öfugt. Ekki eru til eldri gögn um landamerki Svínafells að þessu leyti.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins þarfnast frekari athugunar. Verður þar fyrst litið til norðurmarka jarðarinnar, gagnvart Vatnajökli.

Af hálfu eigenda Skaftafells II er gerð krafa um fremsta hluta Svínafellsjökuls án tillits til breytinga á jökulröndinni. Kröfu þessari til stuðnings er vísað til gerðardóms frá 25. nóvember 1969 um landskipti á óskiptu sameignarlandi ríkisins og bræðranna Ragnars og Jóns Stefánssona, þáverandi bænda í Skaftafelli. Þar eru mörk dregin beina sjónhendingu „á hliðarrótum Hafrafells á mótum fjalls og sandsins og sama sjónhending, þar til línan sker landamerki Skaftafells og Svínafells“. Samkvæmt uppdrætti sem lagður hefur verið fram í málinu og óumdeilt er að stafi frá landskiptunum felst í þessu að suðvesturhorn Svínafellsjökuls tilheyrir Skaftafelli II. Jafnframt er byggt á 4. gr. reglugerðar um þjóðgarð í Skaftafelli, nr. 319/1984, þar sem mörk þjóðgarðsins eru m.a. miðuð við „landamörk Svínafells og Skaftafells á Svínafellsjökli“. Því næst segir svo „Mörkin fylgja síðan síðastnefndum landamörkum til norðurs“.

Óbyggðanefnd telur að staðsetning landamerkjapunkts skammt undan jökulsporðinum að austanverðu 1890 bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að Svínafellsjökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Hvað varðar vesturmerkin telur óbyggðanefnd að orðalag í landamerkjálýsingu Skaftafells og Núpsstaðar bendi fremur til þess að þar sé tekin stefna af Súlnatindum og merki Skaftafells nái þar einnig að jökulrönd fremur en að þau liggja yfir jökulinn og að Súlnatindum. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Hér ber einnig að líta til ákvæðis landamerkjabréfsins um land „milli fjalls og fjöru“. Það ber því að skilja þannig að fjallendið sé innan merkja jarðarinnar, alla leið að jökulrönd. Til samanburðar má benda á þau orð Íslendingabókar að landið hafi verið „viði vaxið milli fjalls og fjöru“, en vitað er að skógarmörk lágu þá í nokkurri hæð, sbr. kaflann „Gróðurfar við landnám og síðari breytingar“ í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Krafa eigenda Skaftafells II um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur nái til hluta Svínafellsjökuls verður því ekki talin geta stuðst við lýsingu landamerkjabréfs en um önnur þau atriði sem kröfu þessa varða er fjallað síðar.

Lýsing á merkjum Skaftafells til suðurs þarfnast einnig nánari umfjöllunar. Athygli vekur að lýsingar á mörkum Skaftafells og Svínafells enda í punkti skammt suðvestan við Svínafellsjökul, rétt ofan við Skeiðarársand og langt norðan við sjávarmál. Kröfugerð og meðfylgjandi kort miða við að framlengja landamerki jarðanna alla leið til sjávar, í sömu átt og þau liggja milli tveggja síðustu punkta upp undir Svínafellsjökli. Lýsing landamerkjabréfsins að þessu leyti virðist í ósamræmi við framangreint ákvæði bréfsins um „allt land milli fjalls og fjöru“. Merkjálýsingar aðliggjandi jarða, þ.e. annars vegar milli Skaftafells og Núpsstaðar og hins vegar milli Svínafells og Sandfells, styðja hið síðarnefnda þar sem þær verður að skilja svo að miðað sé við sjávarmál. Sama máli gegnir um merki Sandfells og Hofa. Hlaupsvæði vatnanna á Skeiðarársandi liggur fyrst og fremst fyrir landi þriggja jarða, þ.e. Skaftafells, Svínafells og Sandfells. Merki Svínafells og Sand-

1 Skjöl nr. 2 (47, 48, 49).

fills virðast ná rétt vestur fyrir ós Skeiðarár. Sé merkjalína Skaftafells og Svínafells framlengd til sjávar svo sem kröfugerð gerir ráð fyrir, í sömu átt og hún liggur milli tveggja síðustu punkta upp undir Svínafellsjökli, liggur hún yfir hlaupsvæði vatnanna á Skeiðarársandi og umtalsvert inn á Skeiðarársand. Líklegt má telja að umfjöllun um merki jarðanna á aurum Skeiðarár og Svínár hafi þótt tilgangslítill, þar sem farvegir voru breytilegir og óljósir, auk þess sem lítil not voru af landinu sem vatnið flæmdist um. Jafnframt hafa kennileiti á sandinum verið vandfundin. Með hliðsjón af þessum staðháttum verður ekki talið að annað gildi um Skaftafell en Svínafell og Sandfell.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Skaftafell. Lýsing landamerkja er þar um margt óljós en fyrirliggjandi gögn um merki jarða á þessu svæði styðja þó það sem þar kemur fram. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra.

Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda. Landamerkjabréf Núpsstaða og Svínafells eru á sama hátt árituð og þinglesin. Eigendur Skaftafells og Núpsstaðar eru einnig sammála um að miða skuli við lýsingar bréfanna en ósammála um túlkun þeirra. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Skaftafells hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja jarðarinnar Skaftafells hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar er lýst hér að framan. Á sunnanverðu því svæði sem samkvæmt framangreindu telst innan landamerkja Skaftafells er Skeiðarársandur. Gróðurlendi hefur lengi verið meðfram fjörunni, teygst sig upp miðjan sandinn og í norðaustur, sbr. kafla 5.3. Svo sem fram kemur í kafla 5.2. er talið víst að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi víða verið gróið land þar sem nú er sandauðn, og Lómagnúpsandur, sem áður var nefndur svo, til muna minni en núverandi Skeiðarársandur. Nýting á þessum hluta Skeiðarársands á 20. öld, fyrst og fremst beit og efnistaka, hefur verið frá Skaftafelli eða með leyfi þaðan.

Fjöromörk Skaftafells eru sérstaklega tilgreind í landamerkjabréfi jarðarinnar og þau fara ekki saman við lýsingu landamerkja, en sá háttur er algengur í Örfum. Skaftafellsfjara liggur á milli Núpsstaðarfjörü og Svínafellsfjörü, fyrir landi Skaftafells, Svínafells, Sandfells og alla leið austur að Hofi. Í máli þessu hefur verið upplýst um þann almenna skilning jarðeigenda í Örfum að í fjörueign fyrir landi annarrar jarðar felist einungis óbeinn eignarréttur, þ.e.a.s. ítaksréttur, svo sem til reka og selveiði. Engar vísbendingar eru um að fyrir landi Skaftafells sé að finna svokallaða almenningsfjörü, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heidarlönd sem að framan er lýst. Í Morsárdal eru nú stærstu skógarsvæðin í Örfum, m.a. Bæjarstaðaskógur. Í fjalllendi Örfæva teygir mosagróðurinn sig oft upp í 500-600 m hæð, þar sem ekki er of mikill halli eða lausar skriður. Við bestu gróður-skilyrði í fjallendinu, s.s. í daldrögum og í snjóðældum, er gróður fjölbreyttari og gróskumeiri. Gróður Skaftafellsheidar teygir sig norður undir Kristínartinda en breytist á þeirri leið úr gróskumiklum gróðurlendum heidarinnar, skóglendi og mýrum, yfir í mosagróður. Talsverður mosa- og lynggróður er í suður- og vesturhlíðum Hafrafells. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Örfum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Vitað er um jarðir sem þarna voru til forna, Jökulfell í Morsárdal og Freysnes undan Skaftafellsjökli, en merki þeirra, þ. á m. gagnvart Skaftafelli, eru ekki þekkt. Hafrafell mun þó vera þar sem forðum var Freysnesland. Heimildir greina frá upprekstri bæði Skaftafells og Svínafells á Hafrafell, auk fornra réttinda Hnappavallakirkju í Hrótfelli, inn af Hafrafelli. Líklegt er að sá upprekstraréttur Skaftafellinga í Hafrafell sem greint er frá í Jarðabók Ísleifs 1709 hafi átt rætur að

rekja til þess tíma er Skaftafell og Freysnes voru aðskildar. Nýtingar Svínfellinga á Hafrafelli er hins vegar ekki getið fyrr en í sóknarlýsingu frá 1839. Sá upprekstur virðist því síðar til kominn. Fellið var umkringgt jökli í þrjár aldir uns slitnaði í sundur framan við það árið 1936. Hafrafells er hvorki getið í landamerkjabréfi Skaftafells né Svínafells frá 1890 en í hinu síðarnefnda er þó sérstaklega getið um rétt Svínfellinga til Svínafellsfjalls og Hvannadals.

Jökulfell á að hafa verið í Morsárdal en óljóst hvort eða að hvaða leyti Skaftafellsfjöll eða Skaftafellsheiði hafa heyrt þar undir. Á þessum svæðum hafa ýmsar jarðir átt skógaritök, þ. á m. áttu skattbændur í Suðursveit skóg í Jökulfelli sem er eitt Skaftafellsfjalla og liggur að Skeiðarar-jökli.

Um fjöllun um Freysnes og Jökulfell í Jarðabók Ísleifs 1709 og skrá þess sama um eyðijarðir frá 1712 bendir til þess að annaðhvort hafi verið búið að sameina þessar jarðir og Skaftafell eða að þær hafi verið leigðar til Skaftafells. Eignarréttur að Jökulfelli og Freysnesi, u.þ.b. 350 árum eftir að Jökulfell fór í eyði, var því fyrir hendi og ráðstafanir gerðar á grundvelli hans. Rétt er að hafa í huga að allar þrjár jarðirnar virðast hafa verið í konungseign. Óbyggðanefnd telur því gögn málsins benda til þess að eignarréttur að landi jarðanna Freysness og Jökulfells hafi ekki fallið niður heldur hafi þær verið sameinaðar Skaftafelli.

EKKI eru heimildir um annað en að jörðin Skaftafell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparhátt-um og aðstæðum á hverjum tíma þar til stofnaður var þar þjóðgarður að hluta, árið 1967, í kjölfar samninga íslenska ríkisins og eigenda Skaftafells. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfi 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul og Skeiðarársandur hafa ekki verið þar undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekkert bendir til þess að aðrir en Skaftfellingar eða þeir sem leitt hafa leitt ítaks- eða leigurétt frá Skaftafelli, Jökulfelli eða Freysnesi hafi nýtt land innan framangreindra merkja.

Þá telur óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka í fjallendinu styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

EKKI verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda að undanskilinni deilu um landamerki gagnvart Núpsstað. Land innan marka Skaftafells verður ekki talið hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu og staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar hafa ekki úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Skaftafells gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Þetta á m.a. við um svæðið framan við Hafrafell sem umkringgt var jökli í þrjár aldir. Sá jökuljaðar sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi, þ.m.t. land sem áður kann að hafa tilheyrt Freysnesi og Jökulfelli. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Samkvæmt framangreindu verður að telja Hafrafellið innan merkja Skaftafells.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Skaftafells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Þá ber þess að geta að óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að fjármálaráðherra

sé ekki unnt að leggja til þjóðlendu land sem undirorpið er beinum eignarrétti íslenska ríkisins, sbr. t.d. úrskurð í máli nr. 1/2000, kafla 11.5.

Afmörkun óbyggðanefndar á svæði nr. 2 miðast við „vesturmörk jarðarinnar Skaftafells í Öræfum“, sbr. m.a. auglýsingu nefndarinnar í Lögbirtingablaðinu 3. janúar 2001. Í því sambandi er byggt á sáttatillögu sýslumannsins í Vík um merki milli Núpsstaðar og Skaftafells, dags. 22. október 1996, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um landamerki, nr. 41/1919. Þrátt fyrir þetta er ljóst að eigandi Núpsstaðar gerir í máli þessu ágreining um þau mörk sem þarna eru dregin. Óbyggðanefnd hefur í máli þessu komist að þeirri niðurstöðu að land innan landamerkja jarðarinnar Skaftafells, svo sem þeim hefur verið lýst hér að framan, sé eignarland. Ljóst er að eigendur Skaftafells og Núpsstaðar greinin á um túlkun merkjalýsinga jarðanna, þ.e. nákvæm vesturmörk Skaftafells. Úrlausn þess álitaefnis fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef vesturmörk Skaftafells liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarland verður að útkljá ágreininginn eftir öðrum leiðum. Vestur-Skaftafellssýsla, þ.m.t. Núpsstaður, hefur verið tekin til meðferðar hjá óbyggðanefnd en þeirri málsmeðferð er ekki lokið. Óljóst er því hvort á þessu svæði er um að ræða eignarland eða þjóðlendu.

Óbyggðanefnd telur því óhjákvæmilegt að landsvæði það á Skeiðarársandi og Skeiðarárjökli sem ágreiningur eigenda Núpsstaðar og Skaftafells stendur um verði skilið frá því máli sem hér er til úrlausnar og um það fjallað í sama máli og jörðin Núpsstaður í Vestur-Skaftafellssýslu. Eðlilegt er að sama máli gegni um landskika þann syðst og vestast á Skeiðarársandi sem undanskilinn er í kröfugerð eiganda Núpsstaðar. Kröfur eigenda Skaftafells II og Núpsstaðar til þessa umdeilda landsvæðis koma því ekki til skoðunar í máli þessu. Austurmörk hins umdeilda landsvæðis og þar með vesturmörk þess lands sem hér er til meðferðar eru svo sem hér segir: Dregin er lína á milli punkta 4, 8, 3, 2 og 1, eins og þeim er lýst í kröfugerð eiganda Núpsstaðar, sbr. kafla 3.2. og merktir inn á kort, sbr. fylgiskjal VI. Að öðru leyti, þ.e. ofan við framangreindan punkt nr. 4, er afmörkun svæðisins óbreytt, sbr. kafla 2.3., en þá er komið inn á svæði sem til umfjöllunar er í kafla 10.12.

Verður þá tekin afstaða til kröfu eigenda Skaftafells II um beinan eignarrétt að hluta Svínafellsjökuls sem samkvæmt framangreindu er ekki innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Skaftafells.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að útiloka að umræddur hluti Svínafellsjökuls sé innan upphaflegs landnáms í Öræfum eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Lýsingar á landamerkjum Skaftafells og Svínafells í gerðardómi 1969 og reglugerð 1984 geta ekki gengið framur lýsingum á sömu merkjum í landamerkjabréfum Skaftafells og Svínafells frá 1890. Ljóst er að gerðardómurinn gat ekki tekið til annars en lands jarðarinnar Skaftafells enda hlutverk hans og valdsvið einungis að skipta óskiptu sameignarlandi eigenda hennar. Ákvæði reglugerðarinnar mæla fyrir um mörk þjóðgarðs í Skaftafelli en ekki Skaftafellsjarðarinnar, sbr. einnig bréf Náttúruverndarráðs, dags. 2. nóvember 1987.

Jafnframt telur óbyggðanefnd að svo óljósar yfirlýsingar einstakra handhafa framkvæmdarvalds hafi ekki stofnað til réttinda Skaftafellsbænda yfir hluta Svínafellsjökuls, sbr. þá meginreglu eignarréttar að seljandi getur ekki framselt meira en hann á. Eins og notkun svæðisins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Af hálfu eigenda Skaftafells II hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það undir jökli, utan landamerkja Skaftafells, sem af þeirra hálfu er gerð krafa um að talið verið til eignarlands jarðarinnar, þ.e. fremsti hluti Svínafellsjökuls, sé eignarland, hvorki fyrir nám, hefð, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé þjóðlenda. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Skaftafells að öðru leyti sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 10.12.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Skaftafells, svo sem því er að framan

lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Ekki er tekin afstaða til þess landsvæðis á Skeiðarársandi sem gerð hefur verið krafa til af hálfu bæði eigenda Núpsstaðar og Skaftafells.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði fremst á Svínafellsjökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Sá hluti Svínafellsjökuls sem afmarkast af línu sem dregin er úr punkti 5 í punkt 6 og línu sem dregin er úr punkti 6 um punkt 7 í punkt 8 í kröfugerð eigenda Skaftafells II. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.

10.4. Svínafell

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Svínafells, dags. 2. maí 1890 og þingl. 5. maí sama ár, án tillits til síðari skiptingar lands innan þeirra merkja en jörðin skiptist nú í Svínafell I-IV. Um kröfur íslenska ríkisins og eigenda Svínafells I-IV til Hrútsfjalls, inn af Hafrafelli og vestan við Svínafellsjökul, er fjallað í kafla 10.3.

Að Svínafelli liggja jarðirnar Skaftafell að vestan og Sandfell að austan. Skörp skil eru á milli undirlendis og fjallendis fyrir landi Svínafells svo sem víðast annars staðar í Örafum. Til suðurs kvíslast jökulárnar um hallalítinn Skeiðarársandinn, allt niður að sjávarmáli. Að norðan liggur Vatnajökull, nánar tiltekið Örafajökull ásamt skriðjöklum sínum Svínafellsjökli og Virkisjökli. Inn á milli skriðjöklanna rís fjallendi og heiðarlönd. Upp og austur af bæjum er Svínafellsfjall. Fjarlægð frá sjó og upp undir fjallið er um 22 km. Inn með fjallinu, að Virkisáraurum, er Hálsasker. Handan við Svínafellsfjall er Hvannadalur, í 500-600 m hæð. Inn af dalnum, næst jökli eru Hvannadalskambur (1210 m), Hvannadalshryggur með Dyrhamri (1911 m) og Skarðatindur (1081 m). Á milli Virkisjökuls og Falljökuls er fjallsrani sem heitir Rauðikambur en neðan við kambinn ná jöklarnir saman undir aurkápu.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína með fram sunnanverðum jaðri Svínafellsjökuls og þar til kemur að þeim stað við jaðar jökulsins þar sem lína, dregin á milli Hafrafells og Öskuhnútu, sker jökulinn. Frá þessum stað við jökuljaðarinn er dregin lína í Öskuhnútu og síðan neðst í Falljökul, fyrir landi Sandfells. Samkvæmt þessari kröfugerð er Þjóðlenda á norðausturhluta þess landsvæðis sem liggur á milli skriðjöklanna Svínafellsjökuls og Virkisjökuls, auk Rauðakamb austan við Virkisjökul. Að auki er í kröfugerð íslenska ríkisins dregin bein lína frá upptökum Skeiðarár við Skeiðarárjökul og til sjávar. Samkvæmt þessar kröfugerð er Þjóðlenda á landskika syðst á vestanverðum Skeiðarársandi. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1.

Á móti hafa eigendur Svínafellstorfu, þ.e. jarðanna Svínafells I-IV, lýst kröfu um beinan eignarrétt yfir sömu landsvæðum, að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma að því er varðar hið fyrra og til Rauðakamb að hluta. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er á því byggt að mörkum Svínafells til fjalla sé ekki lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar. Samkvæmt því orðalagi bréfsins að jörðinni „tilheyri“ Svínafellsfjall og Hvannadalur, sé þetta hálendi ekki talið innan merkja jarðarinnar heldur tilheyrandi henni eins og alltaf sé um afnotalönd. Enn fremur er vísað til staðháttá, gróðurfars og hæðar yfir sjó.

Þinglýstir eigendur Svínafellstorfu, sbr. kafla 8.3.-8.4., vísa til afsala núverandi eigenda sem aftur byggja á eldri heimildum, þ. á m. afsölum, jarðabókum og fasteignamötum. Enn fremur er vísað til atriða eins og landamerkjabréfs jarðarinnar, landnáms, hefðar, umráða og nýtingar, greiðslu lögboðinna gjalda, athugasemdalausra þinglýsinga og fyrirkomulags smölunar. Þá er vísað til landamerkjabréfs Sandfells vegna tilkalls til lands inn á Rauðakamb.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Svínafelli er rakin í kafla 6.3. Þar

kemur fram að Svínafells er getið í heimildum allt frá 13. öld en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til 10. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé, a.m.k. að langstærstum hluta, innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2. Að því leyti sem sérstakur vafi kann að leika á um landnámslýsingar vestast á Skeiðarársandi vísast til fyrri niðurstöðu óbyggðanefndar um heimildargildi Landnámu þar sem segir að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Svínafells er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 2. maí 1890 og þingl. 5. maí sama ár. Bréfið er áritað af hálfu bæði Skaftafells og Sandfells. Merki Svínafells í vestur og austur eru tilgreind en norður- og suðurmörkum ekki lýst sérstaklega. Þó segir í bréfinu að jörðinni „tilheyri allt Svínafellsfjall og Hvannadalurinn.“

Nyrsti punktur til vesturs, gagnvart Skaftafelli, er „úr stórum steini framan undir jöklinum“. Mun þar vísað til Svínafellsjökuls. Syðsti punktur til vesturs er í „vörðu fram í Nesinu“, ekki langt undan sama jökli. Þessum merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Skaftafells, ódags. en þingl. 5. maí 1890 en þó tekið fram um norðvesturmörkin að þau séu „á Freysnesi“. Fyrirsvarsmenn Svínafells árita bréf Skaftafells og öfugt. Ekki eru heldur til eldri gögn um landamerki Skaftafells að þessu leyti, sbr. kafla 10.3.

Nyrsti punktur til austurs, gagnvart Sandfelli, er „lækjarfarvegur úr miðjum Markhól“. Í landamerkjabréfi Sandfells, dags. 15. júlí 1922 og þingl. 9. júlí 1923, er farið nokkru norðar, þ.e. úr „miðjum Rauðakambi“, og þaðan í fyrrnefndan Markhól. Fyrirsvarsmenn Svínafells árita bréf Sandfells og öfugt. Núverandi eigendur Svínafells vísa til landamerkjabréfs Sandfells kröfum sínum til stuðnings. Eldri heimildir um vesturmerki Sandfells eru ekki samhljóða þessu. Samkvæmt þeim hafa mörk Sandfells og Svínafells færst úr Svínafellsfjalli árið 1641, austanvert við Svínafellsfjall 1800 og í miðjan Rauðakamb 1922, sjá nánar í kafla 10.5. Svínafellsfjall liggur vestan við Virkisjökul, á móts við Rauðakamb og Markhóll er þar nokkru sunnar.

Austurmörkum Svínafells er lýst í átt til sjávar með stefnu „vestan við Eyrartagl“, sbr. orðalag í landamerkjabréfi Sandfells þar sem segir „sama stefna ræður mörkum til enda.“ Eyrartagl mun hafa verið austast á graslendi neðan við Virkisáráur, vestan Virkisár, ofar landavötnum. Það mun nú undir sandi. Gögn um merki Sandfells frá 1654, 1677 og 1800 miða hins vegar við Hrakdælu eða Hrakdæluhóla. Hrakdæla var mýri en er nú aftekin. Hún lá á milli Hrakdeildarhóla (Hrakdæluhóla) sem nú eru einnig horfnir, tveggja lágra hóla á aurunum nokkuð fyrir neðan Rasshóla en hinir síðarnefndu liggja við brúna á Virkisá. Þessar eldri lýsingar á merkjum Sandfells ná þannig ekki eins langt suður og landamerkjabréfin.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins þarfnast nánari athugunar. Verður þá fyrst litið til norðurmarka jarðarinnar, gagnvart Vatnajökli.

Í framangreindri færslu á merkjum Svínafells og Sandfells til austurs, sennilega með tilliti til breytinga á jökuljaðrinum, felst ekki að merki jarðanna nái lengra norður en samkvæmt elstu heimildum. Þá verður nákvæm staðsetning austurmarka Svínafells gagnvart Sandfelli ekki talin hafa þýðingu hér enda hafa eigendur jarðanna getað samið um breytt merki sín á milli.

Óbyggðanefnd telur að umfjöllun um Svínafellsfjall og Hvannadal í landamerkjabréfi Svínafells og staðsetning landamerkjapunkta skammt undan jökulsporðinum að vestan og austan bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Landamerkjabréf Sandfells frá 1922 miðar hins vegar við miðjan Rauðakamb sem er innan jökuljaðars. Eldri heimildir um þessi merki, þ. á

m. landamerkjabréf Svínafells 1890 gera þó ekki ráð fyrir að land Svínafells og Sandfells nái þar inn fyrir, sbr. einnig kafla 10.5. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Krafa eigenda Svínafells um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur nái inn á Rauðakamb verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um merki jarðarinnar en um önnur þau atriði, sem hana varða, er fjallað hér síðar.

Verður þá næst hugað nánar að suðurmörkum Svínafells, gagnvart Skeiðarársandi og til sjávar. Lýsingu á austurmörkum verður að skýra svo að þar sé tekin stefna til sjávar, sbr. einnig orðalagið „allt til enda“ í landamerkjabréfi Sandfells. Lýsingar eldri heimilda um merki Sandfells mæla landamerkjabréfinu ekki í mót enda er suðurmerkjum ekki lýst að öðru leyti en því að tiltekin eru kennileiti til austurs og vesturs á eða við aura ánnu á Skeiðarársandi.

Athygli vekur að lýsingar á mörkum Svínafells og Skaftafells enda í punkti skammt suðvestan við Svínafellsjökul, rétt ofan við Skeiðarársand og langt norðan við sjávarmál. Kröfugerð og meðfylgjandi kort miða við að framlengja landamerki jarðanna alla leið til sjávar, í sömu átt og þau liggja milli tveggja síðustu punkta upp undir Svínafellsjökli. Lýsingar landamerkjabréfanna að þessu leyti virðast í ósamræmi við ákvæði bréfs Skaftafells um „allt land milli fjalls og fjöru“. Merkjalysingar gagnvart öðrum aðliggjandi jörðum, þ.e. annars vegar milli Skaftafells og Núpsstaðar og hins vegar milli Svínafells og Sandfells, verður einnig að skilja svo að miðað sé við sjávarmál. Sama máli gegnir um merki Sandfells og Hofs. Hlaupsvæði vatnanna á Skeiðarársandi liggur fyrst og fremst fyrir landi þriggja jarða, þ.e. Skaftafells, Svínafells og Sandfells. Merki Svínafells og Sandfells virðast ná rétt vestur fyrir núverandi ós Skeiðarár. Sé merkjalína Skaftafells og Svínafells framlengd til sjávar svo sem kröfugerð gerir ráð fyrir, í sömu átt og hún liggur milli tveggja síðustu punkta upp undir Svínafellsjökli, liggur hún yfir hlaupsvæði vatnanna á Skeiðarársandi og umtalsvert inn á Skeiðarársand. Með hliðsjón af þessum staðháttum má líklegt telja að umfjöllun um merki jarðanna á aurum Skeiðarár og Svínár hafi þótt tilgangslítill þar sem farvegir voru breytilegir og óljósir, auk þess sem engin not urðu höfð af landinu sem vatnið flæmdist um. Jafnframt hafa kennileiti á sandinum verið vandfundin.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Svínafell. Lýsing landamerkja þar er um margt óljós en fyrirbyggjandi gögn um merki jarða á þessu svæði styðja þó flest sem þar kemur fram en mæla öðru ekki í mót. Öbygðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra.

Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Skaftafells og Sandfells eru einnig árituð og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Svínafells hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja jarðarinnar Svínafells hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á því landsvæði, sem hér er til umfjöllunar, er lýst hér að framan. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum.

Á sunnanverðu því svæði sem samkvæmt framangreindu telst innan landamerkja Svínafells er Skeiðarársandur. Nær óslitið gróðurlendi teygir sig nú frá Svínanesi í vestri austur að Vestari-Kvíá. Syðst á þessu gróðurbelti, næst sjó, eru stakir hólmar vaxnir melgresi og öðrum grastegundum. Ofar verður gróðurlendið samfelldara og þar sem er nægur jarðraki hefur myndast vatnagróður, flóar, mýrar og hálfdeigjur. Á þurrlendi, þar sem jarðvegur hefur myndast ofan á árframburðinum, er oftast graslendi en ofar á söndunum, þar sem yfirborðið er gróft og þurrt og jarðvegur lítill, er landið ógróið eða þakið mosagróðri.

Svo sem fram kemur í kafla 5.2. er talið víst að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi víða verið

gróið land þar sem nú er sandauðn og Lómagnúpsandur, sem áður var nefndur svo, til muna minni en núverandi Skeiðarársandur.

Fjörumörk Svínafells eru sérstaklega tilgreind í landamerkjabréfi jarðarinnar og þau fara ekki saman við lýsingu landamerkja en sá háttur er algengur í Örafum. Svínafellsfjara liggur fyrir landi Hofa, á milli Skaftafellsfjörú og Tangafjörú, sem tilheyrir Hofi. Þetta er töluvert fyrir austan merki Svínafells til þeirrar áttar. Í máli þessu hefur verið upplýst um þann almenna skilning jarðeigenda í Örafum að í fjörueign fyrir landi annarrar jarðar felist einungis óbeinn eignarréttur, þ.e.a.s. ítaksréttur, svo sem til reka og selveiði. Skaftafellsfjara er fyrir landi Svínafells en önnur ítök virðast ekki hafa verið í landi jarðarinnar. Engar vísbendingar eru um að fyrir landi Svínafells sé að finna svokallaða almenningsfjörú, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heidarlönd sem að framan er lýst. Í fjalllendi Örafá teygir mosagróður sig nú oft upp í 500-600 m hæð þar sem ekki er of mikill halli eða lausar skriður. Við bestu gróðurskilyrði í fjalllendinu, s.s. í daldrögum og í snjóðældum, er gróður fjölbreyttari og gróskumeiri. Í Svínafellsheiði, ofan skógarhliðanna í Svínafelli, er þannig dreifður mosa- og snjóðældagróður inn undir Skarðatinda og miðjan Hvannadal. Þar fyrir ofan er land ógróið. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Örafum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Svínafell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru í landamerkjabréfi 1890 og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið, utan jökuljaðars, og Skeiðarársandur hafa ekki verið þar undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Færsla í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 um að jörðinni fylgi „ekkert sérstakt upprekstrarland, en fjallhagi nokkur er upp frá bæ, Svínafellsfjall“ bendir ekki til þess lítið hafi verið svo á að réttur Svínafellinga til hálandis ofan bæjar væri annar en til láglandis neðan hans. Þá telur óbyggðanefnd að tilvist fjöruítaks á sandinum styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um fjörur og ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Svínafells gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Þetta kann m.a. að eiga við um svæðið framan við Rauðakamb þar sem jöklar ná nú saman en engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðl. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Svínafells sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 10.12.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Svínafells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Af hálfu eigenda Svínafells hefur ekki verið sýnt fram á að Rauðikambur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki

heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að Rauðikambur sé þjóðlenda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Svínafells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.3., að Rauðikambur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Landsvæði það á milli Virkisjökuls og Falljökuls sem kallast Rauðikambur, svo sem hann er afmarkaður af jökli, og vestan við línu sem dregin er á milli punkta 8, 8a og í jökuljaðar.

10.5. Sandfell

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Sandfells, dags. 15. júlí 1922 og þingl. 9. júlí 1923.

Að Sandfelli liggja jarðirnar Svínafell að vestan og Hof að austan. Skörp skil eru á milli undirlendis og fjallendis fyrir landi Svínafells svo sem víðast annars staðar í Örafum. Til suðurs kvíslast jökulárnar um hallalítinn Skeiðarársandinn, allt niður að sjávarmáli. Að norðan liggur Vatnajökull, nánar tiltekið Örfajökull ásamt skriðjökklum sínum Falljökli og Kotárjökli. Að vestanverðu, handan við Falljökul, er fjallsrani sem heitir Rauðikambur en neðan við kambinn ná Virkisjökull og Falljökull saman undir aurkápu. Að austanverðu, handan við Kotárjökul, er Rótarfjall en Rótarfjallsjökull hinum megin við fjallið. Jöklarnir ná ekki saman fyrir framan Rótarfjall nú en kunna að hafa gert það á fyrri tíð. Á milli Falljökuls og Kotárjökuls er nokkurt fjallendi og heidarland. Nyrst og næst Falljökli er Grænafjall og sunnan þess er djúpt gljúfur, Grænafjalls-gljúfur. Ofan bæjarstæðisins er Sandfellsfjall en neðsti hluti þess heitir Sandfellsheiði. Fjarlægð frá sjó og upp undir Sandfellsheiði er um 18 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Öskuhnútu og neðst í Falljökul, þaðan yfir Sandfellsheiði, neðst í Kotárjökul og loks í Goðafjall. Að auki er nokkru vestar dregin bein lína frá upptökum Skeiðarár við Skeiðarjökul og til sjávar. Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda á milli skriðjökla Falljökuls og Kotárjökuls, auk Rauðakambs vestan við Falljökul og Rótarfjalls austan við Kotárjökul. Jafnframt er þá ráðgerð þjóðlenda á landskíka syðst á vestanverðum Skeiðarársandi. Jörðin Sandfell er í eigu ríkissjóðs og íslenska ríkið lýsir einnig kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta Sandfells, samkvæmt landamerkjalýsingu, sem liggur sunnan við framangreinda kröfulínu en um afréttarrétt jarðarinnar innan þjóðlendu að öðru leyti að jöklurönd. Kröfum þessum er nánar lýst í köflum 3.1.1. og 3.1.3.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er á því byggt að ljóst sé af heimildum að Sandfell hafi skipst í heimaland og annað land sem í flestum tilvikum sé réttur til lands á fjalli. Landamerkjabréfið frá 1922 gangi miklu lengra til jökuls en eldri heimildir og því verði að mestu að víkja því til hliðar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Sandfelli er rakin í kafla 6.4. Þar kemur fram að Sandfells er getið í heimildum allt frá 13. öld en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til 9. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Til eru lýsingar frá ýmsum tímum á merkjum Sandfells í vestur og austur en norður- og suðurmörkum er hvergi lýst sérstaklega. Fyrstu lýsinguna á vesturmörkum Sandfells er að finna í vísitölu Brynjólfs Sveinssonar frá 1641, þar sem miðað er við Smjörstein, Landavötn og Fjallið.

Smjörsteinn er stór steinn í grashvammi framan undir hól í Langafellsjökli sem eru urðarhólar með fram Virkisá að vestan. Fjallið ofan við Smjörstein er Svínafellsfjall. Í vísitásiu Brynjólfs Sveinssonar frá 1654 og Þórðar Þorlákssonar 1677 er getið um Hrakdælu og Tjörn þar fyrir ofan. Hrakdæla var mýri en er nú aftekin. Hún lá á milli Hrakdeildarhóla [Hrakdæluhóla] sem nú eru einnig horfnir, tveggja lágra hóla á aurnum nokkuð fyrir neðan Rashedóla en hinir síðarnefndu liggja við brúna á Virkisá. Vesturmörkum Sandfells er næst lýst í vísitásiu frá 1800 þar sem miðað er við Hrakdæluhóla og miðjan Réttarfalljökul, þaðan austanvert við Svínafellsfjall. Réttarfalljökull er annað nafn á Markhól samkvæmt því sem greinir í landamerkjabréfi Svínafells 1890.

Í landamerkjabréfi Sandfells, dags. 15. júlí 1922 og þingl. 9. júlí 1923, eru merki til vesturs dregin úr Rauðakambi í lægð í Markhól, þaðan í lægðina milli Hrakdæluhóla og loks ræður sama stefna mörkum „til enda“. Í landamerkjabréfi Svínafells 1890 er efsti tilgreindi punktur til austurs „lækjarfarvegur í miðjum Markhól“. Austurmörkum Svínafells er lýst til sjávar með stefnu „vestan við Eyrartagl“. Eyrartagl mun hafa verið austast á graslendi neðan við Virkisáráur, vestan Virkisár, ofar landavötnum. Það mun nú undir sandi. Engar eldri heimildir eru fyrir hendi um landamerki Svínafells að þessu leyti, sbr. kafla 10.4. Landamerkjabréf Sandfells er áritað af hálfu Svínafells og öfugt.

Fyrstu lýsingu fyrirvarsmanna Sandfells á austurmerkjum jarðarinnar, gagnvart Hofi, er að finna í áðurnefndri vísitásiu Brynjólfs Sveinssonar frá 1641 þar sem nefnd eru Lágey og Steinhillingar. Lágey heitir sunnan og suðaustan við Steiney sem er austan við Kotá, austur undir aurnum. Steinhillingar hafa ekki fundist á örnefnaskrá eða kortum. Í landamerkjabréfi Sandfells 1922 eru merki til austurs, gagnvart Hofi, dregin úr miðju Rótarfjalli í innri enda Litlafjalls, sem er háls áfastur Goðafjalli, í hæstu þúfu í Miðjökli og síðan ræður sama stefna mörkum „til enda“. Í landamerkjabréfi Hofs, dags. 15. júlí 1922 og þingl. sama dag, er mörkum lýst með sama hætti úr Rótarfjalli í Miðjökul „svo þaðan beina sjónhendingu út“. Fyrirvarsmenn Sandfells og Hofs árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Lýsingar bréfanna eru í samræmi við máldaga Hofskirkju frá 1387 þar sem kemur fram að Sandfellsmenn eigi land á móti Hofskirkju, „upp í mitt Rótafjall“, sbr. einnig fleiri heimildir um merki Hofs, sjá kafla 10.6. Með hliðsjón af þeim heimildum, sem hér hafa verið tilgreindar, verður ekki talið að umfjöllun í vísitásium 1641 1654 og 1677 lýsi norðurmerkjum jarðarinnar enda var sérstakt tilefni til þeirrar umfjöllunar ágreiningsmál við eigendur Hofs um landsvæði að sunnanverðu.

Samkvæmt framangreindu er nyrsti merkjapunktur milli Sandfells og Svínafells árið 1641 í Svínafellsfjalli, austanvert við Svínafellsfjall 1800 og í miðjum Rauðakambi 1922. Nyrsti merkjapunktur milli Sandfells og Hofs er mitt Rótarfjall 1387 og 1922. Syðsti merkjapunktur milli Sandfells og Svínafells árið 1641 er Smjörsteinn, Hrakdæla 1677, Hrakdæluhólar 1800 og Hrakdæluhólar ásamt stefnu „til enda“ 1922. Syðstu merkjapunktar milli Sandfells og Hofs eru Lágey og Steinhillingar 1641 og loks er stefna tekin „til enda“ 1922.

Óljóst orðalag landamerkjabréfsins þarfnast nánari athugunar. Verður þá fyrst litið til norðurmarka jarðarinnar, gagnvart Vatnajökli.

Í framangreindri færslu á merkjum Sandfells og Svínafells til austurs, sennilega með tilliti til breytinga á jökuljaðrinum, felst ekki að merki jarðanna nái lengra norður en samkvæmt elstu heimildum. Þá verður nákvæm staðsetning vesturmarka Sandfells, gagnvart Svínafelli, ekki talin hafa þýðingu hér enda hafa eigendur jarðanna getað samið um breytt merki sín á milli.

Þá telur óbyggðanefnd að staðsetning landamerkjapunkta skammt undan jökulsporðinum, samkvæmt flestum heimildum, bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Landamerkjabréf Sandfells frá 1922 miðar hins vegar við miðjan Rauðakamb sem er innan jökuljaðars. Eldri heimildir um þessi merki, þ. á m. landamerkjabréf Svínafells 1890, gera ekki ráð fyrir að land

Sandfells og Svínafells nái þar inn fyrir, sbr. einnig kafla 10.4. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti.

Verður þá næst hugað að suðurmörkum. Athygli vekur að merkjum er ekki lýst alla leið til sjávar fyrir en í landamerkjabréfi 1922 með orðalaginu „allt til enda“. Lýsingar eldri heimilda mæla landamerkjabréfinu þó ekki í mót, enda er suðurmerkjum ekki lýst að öðru leyti en því að tiltekin eru kennileiti til austurs og vesturs, á eða við aura ána á Skeiðarársandi. Auk þess er merkjum lýst með allt til sjávar í lögfestu Hofs 1851 og landamerkjabréfi Svínafells 1890. Hlaupsvæði vatnanna á Skeiðarársandi liggur fyrst og fremst fyrir landi þriggja jarða, þ.e. Skaftafells, Svínafells og Sandfells. Merki Svínafells og Sandfells liggja þar yfir og virðast ná rétt vestur fyrir núverandi ós Skeiðarár. Með hliðsjón af þessum staðháttum má líklegt telja að umfjöllun um merki jarðanna á aurum Skeiðarár og Svínár hafi þótt tilgangslítill þar sem farvegir voru breytilegir og óljósir, auk þess sem engin not urðu höfð af landinu sem vatnið flæmdist um. Jafnframt hafa kennileiti á sandinum verið vandfundin.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Sandfell. Lýsing landamerkja þar er um margt óljós en fyrirbyggjandi gögn um merki jarða á þessu svæði styðja þó flest sem þar kemur fram en mæla öðru ekki í mót. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökklum hið efra og sjó hið neðra.

Landamerkjabréf Sandfells er áritað, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Hofs og Svínafells eru einnig árituð og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja jarðarinnar Sandfells hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á því landsvæði, sem hér er til umfjöllunar, er lýst hér að framan. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Á sunnanverðu því svæði sem samkvæmt framangreindu telst innan landamerkja Sandfells er Skeiðarársandur. Nær óslitið gróðurlendi teygir sig nú frá Svínanesi í vestri austur að Vestari-Kvíá. Syðst á þessu gróðurbelti, næst sjó, eru stakir hólmar vaxnir melgresi og öðrum grastegundum. Ofar verður gróðurlendið samfelldara og þar sem er nægur jarðraki hefur myndast vatnagróður, flóar, mýrar og hálfdeigjur. Á þurrlendi, þar sem jarðvegur hefur myndast ofan á áframburðinum, er oftast graslendi en ofar á söndunum, þar sem yfirborðið er gróft og þurrt og jarðvegur lítill, er landið ógróið eða þakið mosagróðri.

Svo sem fram kemur í kafla 5.2. er talið víst að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi víða verið gróið land þar sem nú er sandauðn og Lómagnúppssandur, sem áður var nefndur svo, minni en núverandi Skeiðarársandur.

Fjörur tilheyrandi Sandfelli eru sérstaklega tilgreindar í landamerkjabréfi jarðarinnar og þær fara ekki saman við lýsingu landamerkja, en sá háttur er algengur í Örafum. Jörðinni tilheyra Staðarfjara, Höfðavík og Bakkafjara sem allar eru fyrir landi annarra jarða í Örafum, austan við merki Sandfells til þeirrar áttar. Í máli þessu hefur verið upplýst um þann almenna skilning jarðeigenda í Örafum að í fjörueign fyrir landi annarrar jarðar felist einungis óbæinn eignarréttur, þ.e.a.s. ítaksréttur, svo sem til reka og selveiði. Skaftafellsfjara er fyrir landi Sandfells en önnur ítök virðast ekki hafa verið í landi jarðarinnar. Engar vísbendingar eru um að fyrir landi Sandfells sé að finna svokallaða almenningsfjör, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Í fjalllendi Örafá teygir mosagróðurinn sig nú oft upp í 500-600 m hæð þar sem ekki er of mikill halli eða lausar skriður. Við bestu gróðurskilyrði í fjallendinu, s.s. í daldrögum og í snjó-dældum, er gróður fjölbreyttari og gróskumeiri. Skógur er í vesturhlíð Sandfellsheiðar og neðanverð Sandfellsheiðin er sæmilega gróin. Sandfell er hins vegar ógróið. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Örafum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Sandfell hafi verið byggð til miðrar síðustu aldar og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfi 1922 og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hefur eigandi jarðarinnar farið með umráð hennar og hagnýtingu og ráðstafanir verið gerðar með löggæringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul og Skeiðarársandur hafa ekki verið þar undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Þá telur óbyggðanefnd að tilvist fjöruítaks á sandinum styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um fjörur og ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem fyrirsvarsmenn jarðarinnar Sandfells gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul, síðast 1922, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Þetta kann m.a. að eiga við um svæðið framan við Rauðakamb þar sem jöklar ná nú saman en engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Sandfells sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 10.12.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Sandfells sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Tekið skal fram að um eignarréttarlega stöðu landsvæðis á Rauðakambi, innan jaðars Vatnajökuls, er fjallað í kafla 10.12. og vísast þangað.

Þá ber þess að geta að óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að fjármálaráðherra sé ekki unnt að leggja til Þjóðlendu land sem undirorpið er beinum eignarrétti íslenska ríkisins, sbr. t.d. úrskurð í máli nr. 1/2000, kafla 11.5.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Sandfells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.6. Hof

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hofis, dags. 15. júlí 1922 og þingl. samdægurs, sbr. einnig tvö landamerkjabréf Hofisness, hið fyrra dags. 2. maí 1890 og þingl. 5. maí 1890, og hið síðara dags. 14. júlí 1922 og þingl. 15. júlí 1922. Við þá umfjöllun verður ekki tekið tillit til síðari skiptingar lands innan þessara merkja en jörðin skiptist nú í Hof I, II, III, IV og Litla-Hof.

Að Hofi liggur jörðin Sandfell að vestan en að austan Hofisnes og Fagurhólsmýri þar norðan við. Jörðin Hofisnes var hluti Hofis þar til 1890 að gerð var fyrir hana sérstök landamerkjalyking. Skörp skil eru á milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Hofis svo sem víðast annars staðar í Örafum. Til suðurs kvíslast jökulárnar um hallalítinn Skeiðarársandinn, allt niður að sjávarmáli. Neðst á sandinum, sunnan undir Hofi og Fagurhólsmýri, eru Leirur, víðáttumikið svæði undir vatni ofan við fjörur. Að norðan er fjallendi upp að Örafajökli. Byggðin stendur undir Hofsfjalli (744 m) en vest-

ar eru Goðafjall (651 m), Hrútsfjall (670 m) og loks Rótarfjall, upp við Kotárjökul. Austan þess heitir Rótarfjallsjökull. Jöklarnir ná ekki saman fyrir framan Rótarfjall nú en kunna að hafa gert það á fyrri tíð. Fjarlægð frá Svinafellsfjöru og upp undir Hofsfjall er að meðaltali 15-16 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því neðst í Kotárjökli í Goðafjall, þaðan beina línu yfir Hofsfjall og í Stórhöfða. Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda á nokkru landsvæði næst jökli, þ.m.t. Rótarfjalli. Á móti hafa eigendur Hofstorfu, þ.e. Hofs I, II, IV og Litla-Hofs, lýst kröfu um beinan eignarrétt yfir sama landsvæði, að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma en þó til Rótarfjalls einungis að hluta. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.5.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er á því byggt að heimildir bendi til þess að jörðin nái ekki að jökli enda þótt vesturmörkum sé lýst í jökul í landamerkjabréfi jarðarinnar 1922. Virða eigi fremur eldri heimildir sem skemmra gangi en yngri sem stangist á við eldri rétt. Mörk jarðarinnar geti ekki verið við jökulrönd Örafajökuls, þau hljóti að liggja neðar og þjóðlendumörk væntanlega enn neðar. Um þau verði að fara að álitum og taka mið af staðháttum, gróðurfari og hæð yfir sjó. Í þessu fjalllendi séu Hrútsfjall, Goðafjall og Hofsfjall, 670, 651 og 744 m há.

Þinglýstir eigendur Hofstorfu, sbr. kafla 8.3.-8.4., vísa til afsala og annarra eignarheimilda núverandi eigenda sem aftur byggist á eldri heimildum, þ. á m. vísitásium og máldögum. Enn fremur er vísað til atriða eins og landamerkjabréfs jarðarinnar, landnáms, hefðar, umráða og nýtingar, greiðslu lögboðinna gjalda, athugasemdalausra þinglýsinga og fyrirkomulags smölunar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Hofi er rakin í kafla 6.5. Þar kemur fram að Hofs er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Til eru lýsingar frá ýmsum tímum á merkjum Hofs í vestur og austur og jafnvel norðurmörkum er lýst 1851. Suðurmörkum er hins vegar hvergi lýst sérstaklega frekar en hjá öðrum jörðum í héraðinu. Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Hofs er að finna í máldaga Hofskirkju frá 1387. Þar kemur fram að til vesturs, gagnvart Sandfelli, eigi Hofskirkja land inn að Kotá og sjónhending upp í það gljúfur við neðanvert fjallið sem áin fellur úr og loks upp í mitt Rótarfjall, á móts við Sandfellsmenn. Kotáin rennur út á Skeiðarársand og til sjávar. Þessum merkjum er eins lýst í vísitásium Jóns Árnasonar 1727 og Ólafs Gíslasonar 1748. Í lögfestu Hofs frá 1851 eru mörkin sögð vera sjónhending úr Rótarfjalli þar sem það ber hæst í hólinn í Miðjökli og þaðan sömu stefnu að fjörumáli sem tiltekið er nánar. Miðjökull er grasi vaxin hæð. Að austan „ráða jöklar austureptir“ frá Rótarfjalli að upptökum Gljúfursár. Landamerkjabréf Hofs, dags. 15. júlí 1922 og þingl. samdægurs, er í samræmi við þetta, dregin er lína úr miðju Rótarfjalli í innri enda Litlafjalls, hæstu þúfu á Miðjökli og þaðan „beina sjónhendingu út“. Hið síðastnefnda verður að skýra svo að þar sé tekin stefna til sjávar, sbr. einnig lögfestu Hofs 1851. Landamerkjabréf Sandfells, dags. 15. júlí 1922 og þingl. 8. júlí 1923, er efnislega samhljóða bréfi Hofs. Fyrirsvarsmenn beggja jarða árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Eldri gögn um merki Sandfells verða ekki talin mæla þeim í mót, sbr. kafla 10.5.

Austurmörkum Hofs, gagnvart Fagurhólsmýri, er einnig fyrst lýst í máldaga Hofskirkju 1387. Þar segir að Hof eigi land austur að gljúfri því sem Gljúfursá fellur úr og í Hamraenda og síðan „óslitið land út að Ingólfshöfða“. Gljúfursárgil er nú nokkuð undan jökuljaðri en þegar Gljúfursárjökull var hvað stærstur, fyrir rúmlega einni öld, mun hann hafa umlukt Miðfell og gengið niður í efsta part Glúfursárgils. Miðfell slapp ekki úr greipum jökulsins fyrr en um 1930. Í vísitásiu Jóns Árnasonar frá 1727 segir að Hof eigi „land að Hólsgili“. Hólsgil (eða Hólgil) dregur nafn sitt af Fátækramannahól og liggur við þjóðveginn neðan bæði Gljúfurárgljúfurs og Háaskers. Í vísitásiu

Ólafs Gíslasonar 1748 er aftur miðað við Hólsgil en athugasemd gerð um að Gljúfursá eða Gljúfursárgil kunnir að vera réttara, annars yrði Hofsnæs „ekki í Hofslandi“. Á manntalsþingi 1745 var sérstaklega um þetta fjallað og ekki annað að sjá en að niðurstaðan hafi verið sú að miða við Gljúfursárgilgljúfur. Þær heimildir, sem miða efri mörk Hofsnæs við Hólsgil, virðast því gera ráð fyrir að Hofsnæs eigi land ofan Hofsnæs. Í vísitási Hofsnæs 1851 er austurmörkum lýst frá upptökum Gljúfursár, eftir ánni fram í gljúfurskjaft. Úr gljúfurskjaftinum er stefnan á mörkunum við Hamarendu og þaðan sömu stefnu til sjávar. Lýsing landamerkjabréfs Hofsnæs frá 1922 nær hins vegar mun skemur eða að Háskeri, í stað Gljúfursárgils. Merki til suðurs eru þar miðuð við fjöllumörk milli Staðarfjöru og Tangarfjöru.

Sú breyting, sem verður á merkjalýsingu Hofsnæs til austurs með landamerkjabréfi jarðarinnar 1922, þarfnast nánari athugunar. Sama máli gegnir um merki jarðarinnar til norðurs. Heimildir eru hins vegar samhljóða um að miða við mitt Rótarfjall að vestanverðu og sjávarmál hið neðra.

Verður þá fyrst litið til austurs. Í landamerkjabréfi Hofsnæs, dags. 2. maí 1890 og þingl. 5. maí 1890, eru mörk við Hof miðuð við Hólsgil og í síðara landamerkjabréfi Hofsnæs, dags. 14. júlí 1922 og þingl. 15. júlí 1922, er miðað við fremri brún Háaskers. Bréf Hofsnæs og Hofsnæs eru árituð gagnkvæmt. Í bréfum Hofsnæs er mörkum við Fagurhólsmýri lýst frá upptökum Gljúfursár í gljúfrinu að Gljúfursármynni og þaðan í Hamarendu. Hamarendi er vestasti hluti Hamranna sem eru samfelld hamrabelti frá Gljúfursá austur að Hnappavöllum. Þessi lýsing var staðfest af hálfu fyrirsvarsmanna Fagurhólsmýrar. Landamerkjabréf þeirrar jarðar, dags. 29. maí 1922 og þingl. 15. júlí 1922, er áritað af hálfu Hofsnæs. Þar er miðað við upptök Gljúfursár hið efra og lítinn hólma vestan við Nýjalandið hið neðra. Nýjaland er rétt ofan við Leirur. Eldri heimildir um merki Fagurhólsmýrar fá ágætlega samrýmst þessu, sbr. kafla 10.7.

Samkvæmt framangreindum gögnum um merki jarðanna Hofsnæs, Hofsnæs og Fagurhólsmýrar frá 1890 og 1922 eiga Hofsnæs og Fagurhólsmýri merki saman ofan við Hof. Núverandi fyrirsvarsmenn Hofsnæs og Hofsnæs telja hins vegar að Hofsnæs eigi einungis land upp í Hásker og Hof þar fyrir ofan. Í landamerkjabréfum Hofsnæs sé merkjum lýst of langt til norður. Sú lýsing eigi við um jörðina Hof og hefði með réttu átt að vera í landamerkjabréfi hennar. Eigendur Hofsnæs hafa ekki sett fram kröfur í máli þessu þar sem þeir telja að jörðin liggja sunnan kröfulínu ríkisins á svæðinu. Hofsnesi var skipt út úr Hofi og landamerki þeirrar fyrrnefndu, a.m.k. nú á tímum, eru ekki talin ná upp fyrir Hásker. Skipting lands innan gömlu Hofsjarðarinnar og hugsanlegur ruglingur milli merkjalýsinga Hofsnæs og Hofsnæs verður ekki talinn hafa þýðingu hér.

Óbyggðanefnd telur að staðsetning landamerkjapunkta skammt undan jökulsporðinum að vestan og austan bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er skýrlega lýst í lögfestu frá 1851 þar sem segir að jöklar ráði frá Rótarfjalli að upptökum Gljúfursár. Umræddum merkjum er ekki lýst í öðrum heimildum, þ. á m. landamerkjabréfi jarðarinnar. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var þá talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalög taka gildi 1919 eru gerð landamerkjabréf fyrir jarðirnar Hof og Hofsnæs. Fyrirliggjandi gögn benda til að landamerkjum gömlu Hofsjarðarinnar sé þar rétt lýst svo langt sem þær lýsingar ná. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra.

Landamerkjabréf jarðanna eru árituð, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki Hofsnæs/Hofsnæs án þess að séð verði að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf Sandfells og Fagurhólsmýrar eru einnig árituð og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda enda verður skipting lands innan gömlu Hofsjarðarinnar og hugsanlegur ruglingur milli merkjalýsinga Hofsnæs og Hofsnæs ekki talinn hafa þýðingu hér. Jafnframt er ljóst að eigendur

Hofs/Hofsness hafa um langa hrið haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja jarðarinnar Hofs hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á því landsvæði, sem hér er til umfjöllunar, er lýst hér að framan. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Á sunnanverðu því svæði, sem samkvæmt framangreindu telst innan landamerkja Hofs, er Skeiðarársandur. Nær óslitið gróðurlendi teygir sig nú frá Svínanesi í vestri austur að Vestari-Kvíá. Syðst á þessu gróðurbelti, næst sjó, eru stakir hólmar vaxnir melgresi og öðrum grastegundum. Ofar verður gróðurlendið samfelldara og þar sem er nægur jarðraki hefur myndast vatnagróður, flóar, mýrar og hálfdeigjur. Á þúrlendi, þar sem jarðvegur hefur myndast ofan á árframburðinum, er ofast graslendi en ofar á söndunum þar sem yfirborðið er gróft og þurr og jarðvegur litill, er landið ógróið eða þakið mosagróðri. Svo sem fram kemur í kafla 5.2. er talið víst að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi víða verið gróið land þar sem nú er sandauðn og Lómagnúpsandur, sem áður var nefndur svo, til muna minni en núverandi Skeiðarársandur.

Fjörur tilheyrandi Hofi eru sérstaklega tilgreindar í landamerkjabréfi jarðarinnar og þær fara ekki að fullu saman við lýsingu landamerkja en sá háttur er algengur í Örafum. Jörðinni tilheyrta Tangafjara, sem er fyrir landi Hofs ásamt fleiri fjörum, Hofsfjara og Fjallsfjara sem báðar eru fyrir landi annarra jarða í Örafum, austan við merki Hofs til þeirrar áttar. Í máli þessu hefur verið upplýst um þann almenna skilning jarðeigenda í Örafum að í fjörueign fyrir landi annarrar jarðar felist einungis óbeinn eignarréttur, þ.e.a.s. ítaksréttur, svo sem til reka og selveiði. Fyrir landi Hofs eru fjörur Skaftafells og Svínafells en önnur ítök virðast ekki hafa verið í landi jarðarinnar. Engar vísbendingar eru um að fyrir landi Hofs sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem að framan er lýst. Í fjalllendi Örafá teygir mosagróðurinn sig nú oft upp í 500-600 m hæð þar sem ekki er of mikill halli eða lausar skriður. Við bestu gróðurskilyrði í fjallendinu, s.s. í daldrögum og í snjóældum, er gróður fjölbreyttari og gróskumeiri. Fjalllendið ofan við Hof er nær alveg ógróið niður að undirhlíðum þess en í þeim er strjáll mosagróður. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Örafum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hof hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1922 og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul og Skeiðarársandur hafa ekki verið þar undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Óbyggðanefnd telur að tilvist fjöruíta á sandinum styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök og fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfur eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigendur jarðarinnar Hofs gætu hafa horft til, þegar þeir lýstu merkjum í jökul, síðast 1922, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildis-

töku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Hofa, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 10.12.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjara jarðarinnar Hofa sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Hofa, svo sem því er að framan lýst, að jökuljagri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.7. Fagurhólmýri

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Fagurhólmýrar, dags. 29. maí 1922 og þingl. 15. júlí 1922, án tillits til síðari skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Fagurhólmýri liggja jarðirnar Hof og Hofsnæs að vestan og Hnappavellir að austan. Skil á milli undirlendis og fjalllendis eru ekki jafnskörp fyrir landi Fagurhólmýrar svo sem víðast annars staðar í Örafum. Að norðan er fjalllendi upp að Örafajökli, aðliðandi upp Skerin en brattara ofar, þ. á m. Stórhöfði (784 m) og Litlihöfði (470 m). Til suðurs kvíslast jökulárnar um suðausturhorn Skeiðarársands, allt niður að sjávarmáli. Neðst á sandinum, sunnan undir Hofi og Fagurhólmýri, eru Leirur, víðáttumikið svæði undir vatni ofan við fjörur. Þar austan við er Ingólfshöfði. Þaðan og upp undir jökulrætur eru um 15 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Goðafjalli beina línu í Stórhöfða og neðst í Hólárjökul. Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda á nokkru landsvæði næst jökli. Á móti hafa eigendur Fagurhólmýrartorfu, þ.e. Fagurhólmýrar I, II og III, lýst kröfu um beinan eignarrétt yfir sama landsvæði, að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er á því byggt að jörðin Fagurhólmýri eigi samkvæmt landamerkjabréfi hvorki austur- né vesturmörk að jökli heldur aðeins talsvert upp í fjallendið. Eystri mörk endi í Yrpuvíli og að vestan endi þau í gljúfri sem Gljúfursá fellur eftir. Lína á milli þessara staða myndi liggja í yfir 700 metra hæð. Sú lína sé talsvert ofan við þau mörk sem líkleg séu á milli lands sem verið getur í heilsársnotum og lands sem einungis geti verið í sumarnotum.

Þinglýstir eigendur Fagurhólmýrartorfu, sbr. kafla 8.3.-8.4., vísa til afsala núverandi eigenda sem aftur byggja á eldri heimildum. Enn fremur er vísað til atriða eins og landamerkjabréfs jarðarinnar, landnáms, hefðar, umráða og nýtingar, greiðslu lögboðinna gjalda af jörðinni, athugasemdalaustra þinglýsinga og fyrirkomulags smölunar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Fagurhólmýri er rakin í kafla 6.6. Þar kemur fram að Fagurhólmýrar er fyrst getið í heimildum frá 18. öld enda virðist jörðin upphaflega hafa verið hjáleiga frá Hnappavöllum, sjá nánar í kafla 6.7. Af heimildum verður ráðið að eftir 1811 hefur verið um sjálfstæða jörð að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Til eru lýsingar á merkjum Fagurhólmýrar í vestur og austur frá því um og eftir 1900 en norður- og suðurmörkum er ekki lýst sérstaklega. Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Fagurhólmýrar er að finna í leigusamningi frá 1900. Þar kemur fram að til vesturs, gagnvart Hofi/Hofsnesi, séu landamerki úr Gljúfursárkjafsti í vörðu á Hamarenda og þaðan í þúfu í fastalandstagli í Nýjalandi. Álíka lýsing er í byggingarbréfi jarðarinnar frá 1915. Gljúfursárgil er nú nokkuð undan jökuljagri en þegar Gljúfursárjökull var hvað stærstur, fyrir rúmlega einni öld, mun hann hafa umlukið Miðfell og gengið niður í efsta part gilsins. Nýjaland er rétt ofan við Leirur. Lýsing landa-

merkjabréfs Fagurhólsmýrar, dags. 29. maí 1922 og þingl. 15. júlí 1922, miðar merki við upptök Gljúfursár, eftir gljúfrinu og fremst í kjaft þess, þaðan í Hamarsenda og loks í hólma vestan við Nýjalandið. Í landamerkjabréfum Hofsness, hið fyrra dags. 2. maí 1890 og þingl. 5. maí sama ár, og hið síðara dags. 14. júlí 1922 og þingl. næsta dag, er þessum merkjum lýst eins hið efra en ekki sunnar en í Hamarsenda. Fyrirsvarsmenn beggja jarða árita hvor um sig landamerkjabréf hins. Landamerkjabréf þeirrar jarðar, dags. 29. maí 1922 og þingl. 15. júlí 1922, er áritað af hálfu Hofsness. Þar er miðað við upptök Gljúfursár hið efra og lítinn hólma vestan við Nýjalandið hið neðra. Eldri heimildir um merki Hofsness fá ágætlega samrýmst því. Þá ber þess að geta að samningur milli Fagurhólsmýrar og Hnappavalla frá 1891 kveður á um að Fagurhólsmýri tilheyri beitiland að Gljúfursá.

Austurmörkum Fagurhólsmýrar, gagnvart Hnappavöllum, er ekki lýst fyrir en í landamerkjabréfi jarðarinnar 1922. Þar segir að mörk jarðarinnar nái frá upptökum Yrpugils, eftir gilinu og fram af miðjum Salthöfða. Fyrir rúmri öld náði Gljúfursárjökull ekki alveg niður í Yrpugil. Bréfið er áritað af hálfu Hnappavalla. Þessum merkjum er lýst alveg eins í landamerkjabréfi Hnappavalla, dags. 3. maí 1890 og þingl. 14. maí næsta ár, enda þótt það sé ekki áritað af hálfu Fagurhólsmýrar. Eldri lýsingar á merkjum Hnappavalla eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 10.8., en samningur milli Fagurhólsmýrar og Hnappavalla frá 1891 kveður þó á um að Hnappavöllum tilheyri beitiland allt austur frá Mýrardölum. Fagurhólsmýri er einnig nefnd Mýri og má ætla að hér sé átt við fjallendi jarðarinnar.

Norðurmörk jarðarinnar koma þannig ekki skýrt fram í landamerkjabréfinu. Óbyggðanefnd telur að staðsetning landamerkjapunkta skammt undan jökulsporðinum að vestan og austan bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Því til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti með svo augljós-um hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Fagurhólsmýri. Fyrirliggjandi gögn benda til að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra.

Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Hofsness og Hnappavalla eru einnig þinglesin, bréf Hofsness áritað vegna Fagurhólsmýrar og lýsingar í bréfi Hnappavalla og Fagurhólsmýrar samhljóða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Fagurhólsmýrar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja jarðarinnar Fagurhólsmýrar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðháttum á því landsvæði, sem hér er til umfjöllunar, er lýst hér að framan. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Á sunnanverðu því svæði, sem samkvæmt framangreindu telst innan landamerkja Hofsness, er austasti hluti Skeiðarársands. Nær óslitið gróðurlendi teygir sig nú frá Svínanesi í vestri austur að Vestari-Kvíá. Syðst á þessu gróðurbelti, næst sjó, eru stakir hólmar vaxnir melgresi og öðrum grastegundum. Ofar verður gróðurlendið samfelldara, og þar sem er nægur jarðraki hefur myndast vatnagróður, flóar, mýrar og hálfdeigjur. Á þurrlendi, þar sem jarðvegur hefur myndast ofan á árframburðinum, er oftast graslendi en ofar á söndunum þar sem yfirborðið er gróft og þurrt og jarðvegur lítill, er landið ógróið eða þakið mosagróðri. Svo sem fram kemur í kafla 5.2. er talið víst að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi víða verið gróið land þar sem nú er sandauðn og Lómagnúpsandur, sem áður var nefndur svo, til muna minni en núverandi Skeiðarársandur.

Fjara tilheyrandi Fagurhólsmýri er sérstakleg tilgreind í landamerkjabréfi jarðarinnar og fer hún ekki saman við lýsingu landamerkja en sá háttur er algengur í Örfæfum. Fyrir landi Fagurhólsmýrar eru, auk fjöru jarðarinnar sjálfrar, fjörur frá Sandfelli (Höfðavík), Hofi og Hofsnesi (Stúfur). Þá hefur Hnappavallahjáleiga átt engjaitak í Húsfit, sjávarmegin við Landálinn. Í máli þessu hefur verið upplýst um þann almenna skilning jarðeigenda í Örfæfum að í fjörueign fyrir landi annarrar jarðar felist einungis óbeinn eignarréttur, þ.e.a.s. ítaksréttur, svo sem til reka og selveiði. Engar vísendingar eru um að fyrir landi Fagurhólsmýrar sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Á norðurhluta svæðisins er hálendi það og heiðarlönd sem að framan er lýst. Í fjalllendi Örfæfa teygir mosagróðurinn sig nú oft upp í 500-600 m hæð þar sem ekki er of mikill halli eða lausar skriður. Við bestu gróðurskilyrði í fjalllendinu, s.s. í daldrögum og í snjóældum, er gróður fjölbreyttari og gróskumeiri. Fjalllendið ofan við Fagurhólsmýri er nær alveg ógróið niður að undirhlíðum þess. Í undirhlíðunum er strjáll mosagróður og unnið að uppgræðslu. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Örfæfum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að viðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Fagurhólsmýri hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru í landamerkjabréfi 1922, og að því marki, sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul og Skeiðarársandur hafa ekki verið þar undanskilin enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka á þessu svæði styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Fagurhólsmýrar gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul, síðast 1922, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi, beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Fagurhólsmýrar sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 10.12.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Fagurhólsmýrar sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Fagurhólsmýri, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.8. Hnappavellir

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hnappavalla, dags. 3. maí 1890 og þingl. 14. maí 1891. Við þá umfjöllun verður ekki tekið tillit til síðari skiptingar lands innan þeirra merkja en jörðin skiptist nú í Hnappavelli I-VIII.

Að Hnappavöllum liggja jarðirnar Fagurhólmsmýri að vestan og Kvísker að austan. Til suðurs er hafið og að norðan liggur Örafajökull ásamt skriðjöklum sínum, Kvíárjökli, Hólárjökli og Stigárjökli. Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðanverðu. Að vestanverðu, undir Stigárjökli, rís landið hægt upp í Sléttubjörg, sem ná 1250 m hæð við jökulröndina. Að austanverðu eru hins vegar skörp landfræðileg skil milli undirlendis og fjallendis og þar rís hálendið bratt með lausum skriðum og hömrum. Fjallsbrúnir Bleikafjalls eru um 600 m háar miðsvæðis er það um 800 m og uppi við jökul 1020 m. Fjallsbrúnir Eyjafjalls eru um 500 m háar, en uppi við Hólárjökul er fjallið hæst 697 m. Fjallsbrúnir Staðarfjalls vestan Kvíárjökuls eru um 600 m háar en efst uppi við jökulrætur er fjallið 1207 m hátt. Inn í þetta fjalllendi ganga brött gil og gljúfur. Frá ströndinni til jökuljaðarsins ofan Bleikafjalls eru um 10 km en milli strandar og suðurenda Kvíárjökuls eru tæpir 3 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Stórhöfða, neðst í Hólárjökul, yfir Staðarfjall, að jökulrönd Kvíárjökuls og með fram henni. Á móti hafa eigendur Hnappavallatorfu, þ.e. Hnappavalla I-VIII, lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.7.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er því haldið fram að vesturmörk endi í Yrpugili, talsvert frá jökli. Í landamerkjabréfinu sé ekkert getið um mörk til fjalla. Glöggt megi sjá að Staðarfjall hafi ekki verið numið. Verði því að telja það allt innan þjóðlendu. Um annað fjalllendi upp af jörðinni sé það að segja að fara verði að álitum um þjóðlendumörk eftir upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og hæð yfir sjó.

Þinglýstir eigendur Hnappavallatorfu, sbr. kafla 8.3.-8.4., vísa til afsala og annarra eignarheimilda núverandi eigenda sem aftur byggi á eldri heimildum. Landamerki jarðarinnar séu mjög gömul en hennar sé getið í Landnámu. Staðarfjall hafi verið numið og nýtt til beitara og lóðir leigðar á Háöxl. Enn fremur er vísað til atriða eins og landamerkjabréfs jarðarinnar, landnáms, hefðar, umráða og nýtingar, greiðslu lögboðinna gjalda af jörðinni, athugasemdalausra þinglýsinga og fyrirkomulags smölunar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Hnappavöllum er rakin í kafla 6.7. Þar kemur fram að Hnappavalla er getið í heimildum allt frá 13. öld en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til 9. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2. Ekki verður talið að þar gegni sérstöku máli um Staðarfjall, en af hálfu íslenska ríkisins hefur því verið haldið fram að glöggt megi ráða að Staðarfjall hafi ekki verið numið.

Fyrstu vísbendinguna um landamerki Hnappavalla er að finna í samningi við umráðamenn Fagurhólmsmýrar frá 1891 en sú jörð virðist áður hafa verið hjáleiga frá Hnappavöllum. Þar kemur fram að Hnappavöllum tilheyri beutiland allt austur frá Mýrardölum. Fagurhólmsmýri hefur einnig verið nefnd Mýri og má ætla að hér sé átt við fjallendið að norðanverðu. Vesturmörkum Hnappavalla, gagnvart Fagurhólmsmýri, er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 3. maí 1890 og þingl. 14. maí 1891, og er þar miðað við upptök Yrpugils, eftir gilinu og fram af miðjum Salthöfða. Fyrir rúmri öld náði Gljúfursárjökull ekki alveg niður í Yrpugil. Bréfið er ekki áritað af hálfu Fagurhólmsmýrar. Hins vegar er landamerkjabréf Fagurhólmsmýrar, dags. 29. maí 1922 og þingl. 15. júlí sama ár, áritað af hálfu Hnappavalla og mörkum lýst með sama hætti. Eldri gögn um merki Fagurhólmsmýrar að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 10.7.

Austurmörkum Hnappavalla, gagnvart Kvískerjum, er einnig fyrst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar 1922. Þar er miðað við mittundi milli Kambsmýrar og Kvíarmýrar og beint til sjávar. Hér mun um að ræða svæðið fram undan Kvíárjökli. Bréfið er ekki áritað af hálfu Kvískerja en landamerkjabréf þeirrar jarðar, dags. 28. apríl 1890 og þingl. 5. maí sama ár, er áritað af hálfu

Hnappavalla og mörkum lýst eins. Eldri gögn um landamerki Kvískerja eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 10.9.

Norðurmörk jarðarinnar koma þannig ekki skýrt fram í landamerkjabréfinu. Óbyggðanefnd telur að staðsetning landamerkjapunkta skammt undan jökulsporðinum bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Því til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hnappavelli. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar til sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra.

Landamerkjabréf Hnappavalla er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Fagurhólsmýrar og Kvískerja eru einnig þinglesin og þau eru árituð af hálfu Hnappavalla. Lýsingum þeirra ber saman við Hnappavallabréfið. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hnappavalla hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja jarðarinnar Hnappavalla hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á því landsvæði, sem hér er til umfjöllunar, er lýst hér að framan. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Í fjalllendi Örefa teygir mosagróðurinn sig nú oft upp í 500-600 m hæð þar sem ekki er of mikill halli eða lausar skriður. Við bestu gróðurskilyrði í fjallendinu, s.s. í daldrögum og í snjóældum, er gróður fjölbreyttari og gróskumeiri. Fjalllendið ofan við Hnappavelli er nær alveg ógróið niður að undirhlíðum þess. Í undirhlíðunum er strjáll mosagróður. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Örefum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Fjara tilheyrandi Hnappavöllum er sérstakleg tilgreind í landamerkjabréfi jarðarinnar og fer hún ekki saman við lýsingu landamerkja en sá háttur er algengur í Örefum. Í máli þessu hefur verið upplýst um þann almenna skilning jarðeigenda í Örefum að í fjörueign fyrir landi annarrar jarðar felist einungis óbeinn eignarréttur, þ.e.a.s. ítaksréttur, svo sem til reka og selveiði. Engar vísendingar eru um að fyrir landi Hnappavalla sé að finna svokallaða almenningsfjör, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hnappavellir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890 og að því marki, sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfær eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Hnappavalla gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1891, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar sem líkur eru á að landnám hafi miðast við hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að

þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Hnappavalla, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 10.12.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Hnappavalla sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Hnappavalla, svo sem því er að framán lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.9. Kvísker

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Kvískerja, dags. 28. apríl 1890 og þingl. 5. maí sama ár.

Að Kvískerjum liggja jarðirnar Hnappavellir að vestan og Fjall að austan. Að sunnanverðu er hafið og að norðan liggur Örafajökull ásamt skriðjöklum sínum, Fjallsjökli, Hrutárjökli og Kvíárjökli. Skörp skil eru á milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Kvískerja eins og víðast annars staðar í Örafum. Undirlendið er marflatt en fjallendið að jafnaði 600-700 m hæð. Rætur fjalllendisins eru í um 4 km fjarlægð frá sjó. Við jökulröndina hækkar landið, vestast eru Vatnafjöll (955 m) en austar Rótarfjallshnúkur (1026 m), Múlahyrna (1039 m) og Ærfjall (hæsti tindur 1093 m), innikróað á milli Fjallsjökuls og Hrutárjökuls. Minnsta fjarlægð frá sjó til jökulrandar er um 3 km en mesta fjarlægð um 8 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína með fram jaðri Kvíárjökuls þar til framarlega við Vatnafjöll að dregin er lína frá jökuljaðrinum yfir í Múla, fyrir norðan Múlagljúfur, að rönd Hrutárjökuls, með fram henni og Fjallsjökuls. Á móti hafa eigendur jarðarinnar Kvískerja lýst kröfu um beinan eignarrétt yfir sama landsvæði, að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma. Krafa þessi tekur einnig til Ærfjalls. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.8.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er því haldið fram að austur- og vesturmörk jarðarinnar komi í jökul en engin landamörk séu skráð til fjalla. Spurning sé hins vegar hvort jörðinni tilheyrir land að fjöllum, upp á fjöll eða jafnvel efst á Örafajökul. Landeigandi beri hallann af svo óvandaðri lýsingu enda hvíli sönnunarbyrðin á þeim sem haldi fram eignarrétti. Við kröfulýsingu um þjóðlendumörk verði þannig að miða við að innan eignarlands verði það land sem talist geti í heilsársnotum með tilliti til staðháttá, gróðurfars og hæðar yfir sjó.

Þinglýstir eigendur Kvískerja, sbr. kafla 8.3.-8.4., byggja á skiptayfirlýsingu, dags. 1. mars 1994 og 23. júní 2000, sem aftur byggist á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Enn fremur er vísað til atvika eins og landamerkjabréfs jarðarinnar, landnáms, hefðar, umráða og nýtingar, greiðslu lögboðinna gjalda af jörðinni, athugasemdalausra þinglýsinga og fyrirkomulags smölunar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Kvískerjum er rakin í kafla 6.8. Þar kemur fram að Kvískerja er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Kvískerja er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 28. apríl 1890 og þingl. 5. maí sama ár. Þar kemur fram að vesturmörk hennar, gagnvart Hnappavöll-

um, séu í miðju sundinu milli Kambsmýrar og Kvíarmýrar og beint til sjávar. Fyrirsvarsmenn Hnappavalla árita landamerkjabréf Kvískerja. Þessum merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Hnappavalla, dags. 3. maí 1890 og þingl. 14. maí 1891, enda þótt bréfið sé ekki áritað af hálfu Kvískerja. Eldri gögn um austurmerki Hnappavalla eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 10.8.

Austurmörkum Kvískerja, gagnvart Fjalli, er lýst í sömu línu og fjörumörkum þannig að hæsta nef á Miðaftanstindi í Breiðamerkurfjalli beri í mitt skarðið efst á Eiðnaskarðstindi í sama fjalli. Miðaftanstindur liggur við jaðar Fjallsjökuls. Fyrirsvarsmenn Hofs árita bréfið „að því er snertir fjörumörk milli Tvískerjafjöru og Fjallsjöru ...“ Landamerkjum og fjörumörkum milli Fjalls og Kvískerja er lýst með sama hætti í landamerkjabréfi Hofs sem inniheldur m.a. lýsingu jarðarinnar Fjalls, dags. 15. júlí 1922 og þingl. sama dag. Fyrirsvarsmenn Kvískerja árita bréf Hofs vegna fjöru- og landamerkja milli Kvískerja og Fjallslands. Þá ber þess að geta að sama lýsing á merkjum Kvískerja og Fjallslands er tekin upp í landamerkjaskrá Breiðármerkur, dags. 13.5.1922 og þingl. 13. og 15. júlí 1922. Eldri gögn um vesturmerki Fjalls eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 10.10.

Norðurmörkum jarðarinnar er þannig ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Óbyggðanefnd telur að af því megi ráða að tekin sé stefna af Miðaftanstindi og framangreind landamerki Kvískerja nái að jökulrönd að austanverðu, fremur en að þau liggja yfir Fjallsjökul. Jafnframt bendi orðalag merkjalýsingar að vestanverðu ótvírætt til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar þar næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Af hálfu eiganda Kvískerja er gerð krafa til þess að Ærfjall sé undirorpið beinum eignarétti. Fjall þetta er um 4 km á lengd og liggur á milli Fjallsjökuls og Hrutárjökuls sem ná saman framan við fjallið. Fjallið er ekki nefnt í landamerkjabréfi Kvískerja. Ærfjall stóð upp úr jökli við gerð umræddra landamerkjabréfa og fyllsta ástæða til að láta um það getið ef menn töldu þar til réttinda. Krafa eiganda Kvískerja um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur nái til Ærfjalls verður því ekki talin geta stuðst við lýsingu landamerkjabréfsins en um önnur þau atriði sem hana varða er fjallað hér síðar.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Kvísker. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra og sjó hið neðra.

Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf Hnappavalla og Hofs, vegna jarðarinnar Fjalls, eru einnig þinglesin. Bréf Hofs er einnig áritað og merkjum er eins lýst í bréfi Hnappavalla og Kvískerja enda þótt hið fyrrnefnda sé ekki áritað af hálfu Kvískerja. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Kvískerja hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja jarðarinnar Kvískerja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjallendi það og heiðarlönd sem að framan er lýst. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Í fjallendi Örefa teygir mosagróðurinn sig nú oft upp í 500-600 m hæð þar sem ekki er of mikill halli eða lausar skriður. Við bestu gróðurskilyrði í fjallendinu, s.s. í daldrögum og í snjóðældum, er gróður fjölbreyttari og gróskumeiri. Milli Kvíárjökuls og Hrutárjökuls er fjallendi allvel gróið nema efsti þess uppi undir jökli. Ærfjall mun nálægt því að vera hálfgróið af mosa og lyngi. Allmikið skóglendi er í Kvískerjum. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Örefum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýni fram á að Ærfjall sé undirorpið afréttarrétti eigenda Kvískerja.

Samkvæmt landamerkjabréfinu á Kvísker fjöru og reka fyrir sínu landi nema af Bakkafjöru en um önnur ítök í landinu er ekki að ræða. Í máli þessu hefur verið upplýst um þann almenna skilning jarðeigenda í Örafum að í fjörueign fyrir landi annarrar jarðar felist einungis óbeinn eignarréttur, þ.e.a.s. ítaksréttur, svo sem til reka og selveiði. Engar visbendingar eru um að fyrir landi Kvískerja sé að finna svokallaða almenningfjöru, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Kvísker hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1890 og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið utan jökuljaðars hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Þá telur óbyggðanefnd að tilvist fjöruítaks á sandinum styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um fjörur og ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Kvískerja gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1890, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Þetta kann meðal annars að eiga við um svæðið framan við Ærfjall þar sem jöklar ná nú saman en engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendlulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Kvískerja sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 10.12.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Kvískerja sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Af hálfu eiganda Kvískerja hefur ekki verið sýnt fram á að Ærfjall sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að Ærfjall sé Þjóðlenda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Kvískerja, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendlulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.3., að Ærfjall, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Landsvæði það á milli Hrutárjökuls og Fjallsjökuls sem nefnt er Ærfjall, svo sem það er afmarkað af jökli við gildistöku Þjóðlendlulaga.

10.10. Fjall

Hér verður fjallað um land innan merkja eyðijarðarinnar Fjalls svo sem þau verða ráðin af heimildum.

Að Fjalli liggja Kvísker að suðvestan og Breiðármörk að norðaustan. Suðaustan við Fjall er hafið og að vestan- og norðanverðu eru Örafajökull, Fjallsjökull og Breiðamerkurjökull. Á milli tveggja síðastnefndu jöklanna er Breiðamerkurfjall og við jökuljaðrana eru annars vegar Breiðárlón og hins vegar Fjallsárlón. Breiðamerkurfjalli er skipt í Framfjall og Múla, með Jökuldal fyrir miðju. Á Framfjalli eru m.a. Miðaftanstindur (618 m) og Eyðnatindur (788 m) en í Múlanum eru m.a. Múlaegg (928 m) og Breiðamerkurmúli (734 m). Neðan við Breiðamerkurfjall er flatt undirlendi, Breiðamerkursandur. Minnsta fjarlægð frá sjó til jökulrandar er um 8 km en mesta fjarlægð 13 km.

Líkur eru á að við landnám hafi Örafajökull og skriðjöklar hans, sérstaklega Breiðamerkurjökull, legið norðar en nú er, sbr. kafla 5.4. Talið er að skömmu eftir 1700 hafi Breiðamerkurjökull og Fjallsjökull náð saman við Breiðamerkurfjall og fjallið því orðið umlukið jökli. Á tímabilinu 1890-1900 lá Breiðamerkurjökull sunnar en nokkru sinni fyrir eftir að ísöld lauk. Breiðamerkurjökull og Fjallsjökull munu ekki hafa skilist að fyrir en 1946. Ástæða er þannig til að ætla að land á núverandi Breiðármerkursandi hafi horfið undir Breiðamerkurjökul uns ekkert var eftir annað en Breiðamerkurfjall og mjó landræma á sandinum.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína í Örafum frá jökulrönd Fjallsjökuls og þangað sem hæsta nef á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli ber í mitt skarðið efst á Eiðnaskarðstindi í sama fjalli þar sem landamerki Kvískerja byrja við ströndina að austanverðu. Kröfugerðin gerir ráð fyrir að land austan við þessa línu og allt að endimörkum þess landsvæðis, sem til umfjöllunar er í þessu máli, sé þjóðlenda. Á móti hafa þinglýstir eigendur jarðarinnar Hofs, vegna Fjalls, lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem samkvæmt landamerkjabréfi Hofs frá 15. júlí 1922 falli innan landamerkja Fjalls, að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.9.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er því haldið fram að ekkert landamerkjabréf sé til fyrir jörðina Fjall og að þar hafi ekki verið rekinn búskapur í um 600 ár. Þær merkjalýsingar, sem til grundvallar séu lagðar, séu fjörumörk enda hafi það verið einu mörkin sem skiptu máli þar sem í fjörunni fólust einu verðmætin, rekaréttur. Fjall sé landnámsjörð og beinn eignarréttur að heimalandi jarðarinnar grundvallist því á námi. Líklegt sé að jörðin hafi eyðilagst og lagst í eyði milli 1343 og 1387 en til séu máldagar fyrir Hof frá þeim árum. Í þeim fyrri sé Hof ekki tengt Fjalli en í þeim síðari sé Fjall komið undir Hof. Í millitíðinni, 1362, hafi gosið, jörðin eyðilagst og beinn eignarréttur þá fallið niður. Sú eign, sem eftir hafi staðið og verið innlimuð til afnota Hofsmanna, sé upprekstrarréttur í Breiðamerkurfjalli, beit í Fjalls fit og reki á Fjallsfjöru. Orðalag í heimildum styðji þennan skilning. Engin ótvíræð eignarskjöl séu nú til um land Fjalls.

Af hálfu þinglýstra eigenda Hofs vegna Fjalls, sbr. kafla 8.3.-8.4., er byggt á afsöllum og eldri heimildum, þ. á m. máldaga Hofskirkju frá 1387 og lögfestu frá 1851. Landamerki jarðarinnar séu mjög gömul en hennar sé getið í Landnámu. Land Fjalls hafi verið nýtt af Hofsbændum eins og mögulegt og hagkvæmt hafi verið. Hofskirkja hafi eignast jörðina og beinn eignarréttur hafi ekki fallið niður. Landamerkjabréf jarðarinnar sé hluti af landamerkjabréfi Hofs. Í því felist að jörðin Fjall sé í raun hluti af jörðinni Hofi. Fjall sé eign Hofsmanna með öllum gögnum og gæðum. Enn fremur er vísað til atríða eins og landnáms, hefðar, umráða og nýtingar, greiðslu lögboðinna gjalda af jörðinni, athugasemdalausra þinglýsinga og fyrirkomulags smölnar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Fjalli er rakin í kafla 6.9. Þar kemur fram að Fjalls er getið í heimildum allt frá 13. öld en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til 9. aldar. Af heimildum verður ráðið að upphaflega hefur verið um sjálfstæða jörð að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Fjall er örugglega komið í eyði í lok 17. aldar en trúlega hefur það gerst fyrr. Framskrið Breiðamerkurjökuls og ágangur vatna, svo sem að framan er lýst, hefur valdið því að næstu tvær jarðir í austurátt hafa einnig farið í eyði, Breiðármörk í lok 17. aldar og Fell í Suðursveit í lok 19. aldar.

Elstu heimildir um Fjall lýsa ekki merkjum en af þeim má þó ráða að hún liggi á milli Kvískerja og Breiðármerkur og að þar megi finna Fjallsfit og Breiðármerkurfjall. Eftir að Fjall og Breiðármörk fóru í eyði virðist það sem eftir stóð hafa verið nytjað annars staðar frá en mörk jarðanna orðið óljós ekki síðar en á 17. öld. Þannig eru Fjall og Fjallsfit t.d. sögð upp af Breiðamerkurfjöru í vísitásum Brynjólfs Sveinssonar og Jóns Vídalín 1641 og 1706. Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 eru Fjall og Fjallsfit sögð í Breiðamerkurlandi en fjara fyrir landinu nefnd Fjallsfjara. Sökum framskriðs jökuls og ágangs vatna var lítið orðið eftir af þessum jörðum og helst að not mætti hafa af fjörunni, auk beitar.

Næstu vísbendingu um merki Fjalls má ráða af lögfestum Hofs- og Fellsmanna 1851 og samningi sömu aðila 1854. Vorið 1851 lögfestu Hofsmenn þannig rétt sinn til Fjalls og hálftrar jarðarinnar Breiðumerkur. Merkjum Fjalls var ekki lýst. Þá um sumarið brugðust Fellsmenn við með því að lögfesta rétt sinn til landsvæðis sem samkvæmt lögfestu Hofsmanna var innan merkja Breiðármerkur. Árið 1854 gera eigendur jarðanna Hofs og Fells með sér samning um merki milli Breiðármerkur og Fells. Í samningum er miðað við að mörk Fjallsfjöru og Breiðamerkurfjöru séu beina stefnu úr fjörunni og í Svörturák á jöklinum, upp undan Breiðá og undan hvorri hún rennur. Á þessu svæði eru aurrákir í jöklinum og má telja líklegt að Svartarák sé ein þeirra. Eigendur og ábúendur Hofs „njóti alls“ vestan megin við Breiðá og framangreindrar stefnulínu, „Fjalls og fjöru á milli“ og svo langt vestur sem „treysti sér land að helga“. Ekki kemur fram hvaða hluti landsins vestan Breiðár sé talinn tilheyrandi Breiðármörk og hvað Fjalli. Af samningnum er hins vegar ljóst að Fjallsfjara er talin ná alla leið að Breiðá og því fyrir landi Breiðármerkur en óljóst hversu langt til vesturs.

Hér ber þess að geta að Breiðá rann 6-7 km vestan við Jökulsá, áður en hún braut sér leið í Fjallsá 1954 og færðist þannig vestar, eins og nú er.

Fyrsta eiginlega lýsingin á merkjum Fjalls og Breiðármerkur er í landamerkjabréfi Hofs, dags. 15. júlí 1922 og þingl. samdægur. Þar er jörðin Fjall þó ekki nefnd á nafn heldur segir að Hof eigi „Breiðamerkurfjall alt og land á Breiðamerkursandi“. Fjörumörk „Fjallsfjöru“ og landamerki gagnvart Breiðármörk eru sögð þau sömu: „Hærri þúfan á Máfabygðum skal bera austan í Múlahöfuðið sem er fremst austan á Breiðamerkurfjalli ...“ Múlahöfuðið liggur við jaðar Breiðamerkurjökuls. Samkvæmt þessu eru Fjallsfit og Breiðamerkurfjall Fjallsmegin við merkin. Bréf Hofs er áritað af Ara Hálfðánarsyni vegna merkja „Fjallslands og Breiðármerkurlands“. Ekki kemur fram í hvaða umboði Ari Hálfðánarson áritar bréfið að þessu leyti en hann var hreppstjóri Hofshrepps og ábúandi á Fagurhólsmýri. Jafnframt mun hann hafa verið meðal eigenda Kvískerja og skrifar upp á þetta sama bréf vegna fjöru- og landamerkja Kvískerja og Fjallslands sem slíkur ásamt tveimur meðeigendum sínum. Í „landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi“, dags. 13. maí 1922 og þingl. 13. og 15. júlí sama ár, er engin lýsing á mörkum Breiðármerkur við Fjall. Bréfið er þó áritað af framangreindum Ara Hálfðánarsyni, í embættisnafni sem hreppstjóra Hofshrepps.

Landamerkjum þess sem í landamerkjabréfi Hofs heitir „Breiðamerkurfjall alt og land á Breiðamerkursandi“ til vesturs, þ.e. gagnvart Kvískerjum, er þannig lýst í landamerkjabréfi Hofs 1922: „Toppurinn á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli sem beri í skarðið á Eiðnatindi í sama fjalli.“ Miðaftanstindur liggur við jaðar Fjallsjökuls. Fjörumörkum Fjallsfjöru til vesturs er lýst á sama hátt. Fyrirsvarsmenn Kvískerja árita bréf Hofs um samþykki sitt að því er varðar „fjöru og landamörk milli Tvískerja og Fjallslands“. Landamerkjum og fjörumörkum milli Fjalls og Kvískerja er lýst með sama hætti í landamerkjabréfi Kvískerja, dags. 28. apríl 1890 og þingl. 5. maí 1890, sem fyrirsvarsmenn Hofs árita „að því er snertir fjörumörk milli Tvískerjafjöru og Fjallsfjöru...“ Eldri lýsingar á austurmörkum Kvískerja eru ekki fyrir hendi. Þá ber þess að geta að sama lýsing á merkj-

um Kvískerja og Fjallslands er tekin upp í „landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi“, dags. 13. maí 1922 og þingl. 13. og 15. júlí sama ár.

Samkvæmt framangreindu voru fjörumörk á milli Fjallsfjörü og Breiðarmerkurfjörü í Breiðár 1854 og Fjallsfjara þannig fyrir landi Breiðarmerkur en óljóst hversu langt til vesturs. Fjörumörk á þessu svæði verða deiluefni milli eigenda Hofs og Eyjólfssonar, eiganda Fells og Skálhóltsrekans á Breiðamerkurfjörü að meira eða minna leyti á árunum 1915-1916. Eyjólfur hélt því fram að Breiðamerkurfjara næði að Hnappavalla fjörü en því mótmæltu Hofsmenn vegna Fjallsfjörü. Ýmis dæmi eru þess í Örafum að fjörumörk fari ekki saman við lýsingu landamerkja. Árið 1922 er gerð breyting á fjörumörkum og nú er Fjallsfjara fyrir landi Fjalls og Breiðarmerkurfjara fyrir landi Breiðarmerkur í stað þess að vera fyrir landi Fells áður. Landamerkjum Fjalls er ekki lýst fyrir en 1922 og þá lögð að jöfnu við fjörumörk.

Norðurmerki Fjalls, gagnvart Vatnajökli, þarfnast sérstakrar athugunar. Í kröfugerð eigenda Hofs vegna Fjalls er gert ráð fyrir að merki jarðarinnar að vestan- og austanverðu nái inn á Vatnajökul. Að vestanverðu liggja merkin yfir austanverðan Fjallsjökul, í stefnu á Miðaftanstind og Eyðnatind. Að austanverðu liggja merkin frá sjó, yfir vestanverðan Breiðamerkurjökul og í Múlahöfuðið, í stefnu á Mávabyggðir. Þannig séu hlutar Fjallsjökuls og Breiðamerkurjökuls innan merkja jarðarinnar.

Óbyggðanefnd telur að af landamerkjabréfi Hofs (Fjalls) megi ráða að tekin sé stefna af Miðaftanstindi og Múlahöfði og framangreind landamerki Fjalls nái að jökulrönd fremur en að þau liggja yfir Fjallsjökul og Breiðamerkurjökul. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Krafa eigenda Hofs vegna Fjalls um að merki Fjalls og beinn eignarréttur nái inn á Vatnajökul, þ.e. til hluta Fjallsjökuls og Breiðamerkurjökuls, verður því ekki talin geta stuðst við lýsingu landamerkja en um önnur þau atriði sem kröfu þessa varða er fjallað síðar.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hof og um leið Fjallsland. Eldri heimildir um merki jarðarinnar Fjalls eru bæði litlar og óljósar en mæla þó ekki gegn lýsingu landamerkjabréfsins. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra.

Landamerkjabréf Hofs (Fjalls) er áritað af hreppstjóra Hofshrepps vegna merkja „Fjallslands og Breiðarmerkurlands“ án þess þó að það embætti sé tilgreint og fyrirsvarsmenn Kvískerja árita bréf Hofs um samþykki sitt að því er varðar „fjörü og landamörk milli Tvískerja og Fjallslands“. Landamerkjabréf Kvískerja er áritað af hálfu fyrirsvarsmanna Hofs „að því er snertir fjörumörk milli Tvískerjafjörü og Fjallsfjörü...“ Fyrirnefnda bréfið er frá 1922 en hið síðarnefnda frá 1890. Landamerkjabréf Hofs (Fjalls) er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Fjallslands án þess að séð verði að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hofs vegna Fjalls hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Af framangreindum landamerkjabréfum Breiðarmerkur (og Fells), Hofs (Fjalls) og Kvískerja verður ekki séð að árið 1922 hafi nokkur komið fram sem eigandi Fjalls eða handhafi réttinda á því svæði, gagnvart hreppi eða þinglýsingaryfirvöldum.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hér er að framan rakið hvernig land á Breiðarmerkursandi hefur horfið undir Breiðamerkurjökul uns ekkert var eftir annað en Breiðamerkurfjall og mjó landræma á Breiðamerkursandi. Ástæða til að gera einnig nokkra grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Breiðamerkurfjall er allvel gróið og þar er gróður fjölbreyttari en í öðru fjallendi Örafanna; mosapembu-, snjóðælda-

og sefgróður, graslendi og stinnastararmóar, og blómlendi. Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Öraefum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Óbyggðanefnd telur að leggja verði til grundvallar að jörðin Fjall hafi komist í eigu Hofskirkju einhvern tímann fyrir 1387 þegar hennar er getið í máldaga kirkjunnar. Síðari umfjöllun um réttindi Hofs til Fjalls bendir einnig til þess að Hofsmenn hafi þar átt meira en einungis takmörkuð eignarréttindi, beit og reka. Hofi eru þar eignaðir þeir hlutar Fjalls, sem ekki voru komnir undir jökul á fremur almennan hátt, sbr. vísitásiur 1641, 1706 og jarðabók Ísleifs 1709. Þá er eðlilegt að túlka orðalag lögfestu Hofsmanna 1851, samning Hofs- og Fellsmanna 1854 og landamerkjabréf Hofs 1922 þannig að gert sé ráð fyrir eignarrétti Hofsmanna að eyðijörðinni Fjalli með öllu tilheyrandi, í samræmi við máldagann frá 1387. Sama máli gegnir um Jarðatal Johnsen 1847. Umfjöllun í máldaga Gísla Jónssonar 1570 og gerðabók fasteignamatnefndar 1849 og 1916 ber að skoða með hliðsjón af framangreindum heimildum og í ljósi þess að jörðin var ekki orðin nýtileg til annars en beitar og reka.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Fjall hafi verið nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, fyrir og eftir að byggð lagðist þar af. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1922, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar, og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur Hofs farið með umráð og hagnýtingu Fjallslands á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka Fjalls hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölnunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur eyðijarðarinnar Fjalls gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1922, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli eða umkringgt, er því jökullaust nú. Þetta á m.a. við um svæðið framan við Breiðamerkurfjall sem umkringgt var jökli frá því um 1700 og til 1946. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið mjög fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust við landnám. Þetta á m.a. við um svæðið á Breiðamerkursandi. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis umhverfis Fjall, sem til meðferðar er í máli þessu og ekki er til úrlausnar hér, vísast til kafla 10.12.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja eyðijarðarinnar Fjalls sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að svæðið innan jaðra Fjallsjökuls og Breiðamerkurjökuls sé innan upphaflegs landnáms í Suðursveit eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu eigenda Hofs vegna Fjalls hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það utan landamerkja Fjalls sem af þeirra hálfu er gerð krafa um að talið verið til eignarlands jarðarinnar, þ.e. austurhluti Fjallsjökuls og vesturhluti Breiðamerkurjökuls, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda, sjá einnig kafla 9.6.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði innan jaðra Fjallsjökuls og Breiða-

merkurjökuls, svo sem það er afmarkað hér á eftir, liggi utan merkja eyðijarðarinnar Fjalls og teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Sá hluti Fjallsjökuls sem er austan við línu sem dregin er á milli punkta 24 og 25 í kröfugerð vegna Fjalls og sá hluti Breiðamerkurjökuls sem er vestan við línu sem dregin er á milli punkta 27 og 28 í sömu kröfugerð. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að land eyðijarðarinnar Fjalls, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.11. Breiðármörk

Hér verður fjallað um land innan merkja eyðijarðarinnar Breiðármerkur svo sem þau verða ráðin af heimildum.

Að Breiðármörk liggja jarðirnar Fjall í Örafum að suðvestan og Fell í Suðursveit að norðaustan. Breiðamerkurjökull rís að norðvestan, Breiðarlón liggur við jökulsporðinn og Breiðamerkursandur nær niður að sjávarmáli. Á neðanverðum sandinum er nokkur gróður, m.a. graslendið Nýgræður, en efri hluti sandsins er ógróinn.

Líkur eru á að við landnám hafi Örafajökull og skriðjöklar hans, sérstaklega Breiðamerkurjökull, legið norðar en nú er, sbr. kafla 5.4. Talið er að skömmu eftir 1700 hafi Breiðamerkurjökull og Fjallsjökull náð saman við Breiðamerkurfjall og fjallið því orðið umlukid jökli. Á tímabilinu 1890-1900 lá Breiðamerkurjökull sunnar en nokkru sinni fyrir, eftir að ísöld lauk. Breiðamerkurjökull og Fjallsjökull munu ekki hafa skilist að fyrir en 1946. Ástæða er þannig til að ætla að land á núverandi Breiðármerkursandi hafi horfið undir Breiðamerkurjökul uns ekkert var eftir annað en Breiðamerkurfjall og mjó landræma á sandinum. Minnsta fjarlægð frá sjó til núverandi jökulrandar er um 2 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína í Örafum þaðan sem Kvískerjaland byrjar við ströndina, þ.e. þar sem hæsta nef á Miðaftanstindi á Breiðamerkurfjalli ber í mitt skarðið efst á Eiðna-skarðstindi í sama fjalli og norður að jökulrönd Fjallsjökuls. Kröfugerðin gerir ráð fyrir að land austan við þessa línu og allt að endimörkum þess landsvæðis, sem til umfjöllunar er í þessu máli, sé þjóðlenda.

Þinglýstir eigendur jarðanna Kvískerja og Fells, vegna Breiðármerkur, hafa hins vegar lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að falli innan landamerkja Breiðármerkur, samkvæmt landmerkjabréfum Hofis frá 15. júlí 1922, Breiðármerkur frá 13. maí 1922 og Fells frá 1. maí 1922, að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.10.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er því haldið fram að árið 1698 hafi jörðin verið orðin óbrúkandi vegna ágangs jökuls og vatna og hún þá yfirgefin. Beini eignarrétturinn, sem verið hafi að landi jarðarinnar, hafi fallið niður með tímanum. Hvernig sem litið sé á heimildarskjöl séu lítil líkindi til þess að einhver geti sannað beinan eignarrétt að jörðinni. Hver sem haldi fram beinum eignarrétti beri sönnunarbyrðina fyrir því. Um sé að ræða lítt gróna mela, aur Breiðár og Breiðarlóns. Engar heimildir séu til um landamerki jarðarinnar á meðan hún var jörð. Þær merkjalínur, sem heimildir greini frá, hafi ákvarðað fjörmörk eingöngu. Engir meintir eigendur Fells eða Breiðármerkur hafi verið kallaðir til þegar landamerkjaskrá var gerð 1922.

Af hálfu „þinglýstra eigenda Breiðármerkur“, sbr. kafla 8.3.-8.4., er því haldið fram að allt land jarðanna innan þinglýstra landamerkja sé undirorpið beinum eignarrétti. Vísað er til afsals fyrir jörðinni sem byggist á eldri heimildum s.s. máldögum og vísitásiúm. Einnig sé vísað til þinglýsts

landamerkjabréfs jarðarinnar og landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Eignarréttur Kvískerjabræðra byggist á þinglýstu afsali til föður þeirra frá Björgvini Vigfússon sýslumanni á Efra-Hvoli. Eignar-tilkall Björgvins hafi byggst á hefð, auk þess sem hann hafi fengið þessa jörð með konu sinni. Kvískerjamenn hafi verið með hálfra Breiðumörk undir frá 1876, fyrst á leigu en samkvæmt afsali frá 1937. Í sáttargerð Hofsb- og Fellsmanna 1854 hafi falist að Fellsmenn eigi helming Breiðár-merkur. Hreppstjórar hafi haft fullt umboð til að ganga frá landamerkjabréfum, þeim hafi verið þinglýst og þau ágreiningslaus í 80 ár, bæði sem hreppamörk og landamerki. Enn fremur er vísað til landnáms, skipulags smölunar og venjuréttar.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarétti og nýtingar að Breiðármörk er rakin í kafla 6.10. Þar kemur fram að Breiðármerkur er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þessum heimildum verður ráðið að upphaflega hefur verið um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtak- ið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Framskrið Breiðamerkurjökuls og ágangur vatna, svo sem að framan er lýst, hefur valdið því að þrjár jarðir undan jöklinum hafa farið í eyði, Breiðármörk fyrir lok 17. aldar, Fjall örugglega í lok 17. aldar en trúlega fyrir og Fell í Suðursveit í lok 19. aldar.

Elstu heimildir um Breiðármörk lýsa ekki merkjum en af heimildum um jörðina Fjall, næstu jörð austan Breiðármerkur, má ráða að Fjallsfit og Breiðármerkurfjall hafi talist til hinnar síðar- nefndu. Eftir að þessar tvær jarðir fóru í eyði virðist land þeirra hafa verið nytjað annars staðar frá en mörk jarðanna orðið óljós ekki síðar en á 17. öld. Þannig eru Fjall og Fjallsfit t.d. sögð upp af Breiðamerkurfjöru í vísitásum Brynjólfs Sveinssonar og Jóns Vídalíns 1641 og 1706. Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 eru Fjall og Fjallsfit sögð í Breiðármerkurlandi en fjara fyrir landinu nefnd Fjallsfjara. Sökum framskriðs jökuls og ágangs vatna var lítið orðið eftir af þessum jörðum svo sem áður greindi og helst að not mætti hafa af fjörunni auk beitar.

Fyrstu lýsingar á merkjum Breiðármerkur er að finna í lögfestum Hofsb- og Fellsmanna frá 1851 og samningi sömu aðila 1854. Vorið 1851 lögfestu Hofsmenn þannig rétt sinn til jarðarinnar Fjalls og hálftrar jarðarinnar Breiðumerkur, sem þeir sögðu liggja austur að Fellslandi, vestan Jökulsár, með tilheyrandi fjöru o.s.frv. Eðlilegt er að skilja lögfestu Hofsmanna þannig að þeir hafi talið land og fjöru jarðarinnar Breiðármerkur ná austur að Jökulsá þar sem land Fells hafi tekið við og að Hofsmenn hafi talið sig eiga helming jarðarinnar Breiðármerkur, í óskiptu. Þá um sumarið brugðust Fellsmenn við með því að lögfesta rétt sinn til landsvæðisins á milli Jökulsár og vestur að Breiðá. Jörðin Breiðármörk er ekki nefnd á nafn en gert ráð fyrir að land Fells nái vestur að „Breiðamerkur á“. Sama áin skyldi skilja á milli Fjallsfjöru, að vestanverðu, og Breiðamerkurfjöru að austanverðu, jafnframt því að skipta löndum milli „Fellsins og Örefa“.

Samkvæmt því sem að framan er rakið greindi Hofsmenn og Fellsmenn á um landamerki Fells og Breiðármerkur og fjörumörk sömu jarða. Samkvæmt lögfestu Hofsmanna skyldu landamerki Fells og Breiðármerkur vera í Jökulsá en samkvæmt lögfestu Fellsmanna skyldu þau vera vestar, þ.e.a.s. í Breiðá. Samsvarandi ágreiningur var um fjörumerki jarðanna. Samkvæmt lögfestu Hofsmanna var Breiðamerkurfjara fyrir landi Breiðármerkur, austurmerki fjörunnar í Jökulsá en vestur- merki ótilgreind. Samkvæmt lögfestu Fellsmanna var Breiðármerkurfjara hins vegar ítak fyrir landi Fells og vesturmerki hennar í Breiðá en ekki kemur fram hvort Fellsmenn töldu austurmerki fjör- unnar í Jökulsá eða annars staðar.

Ágreiningi þessum lyktar með því að árið 1854 semja eigendur jarðanna Fells og Hofsb um að Felli í Suðursveit skuli tilheyra „öll grasnit initjar og virkilegur eignarréttur“ austan við mörk Fjallsfjöru og Breiðamerkurfjöru, beina stefnu úr fjörunni og í Svörturák á jöklinum, upp undan Breiðá og undan hvorri hún rennur. Á þessu svæði eru aurrákir í jöklinum og má telja líklegt að Svartarák sé ein þeirra. Samkvæmt sáttargerðinni var Breiðármerkurfjara þannig fyrir landi Fells

en ekki fjallað sérstaklega um réttindi til fjörunnar eða austurmerki hennar. Notkun hugtaksins „initjar“ bendir þó fremur til þess að fjaran hafi verið talin tilheyrja Felli. Eigendur og ábúendur Hofs „njóti alls“ vestan megin við Breiðá og framangreindrar stefnulínu, „Fjalls og fjöru á milli“ og svo langt vestur sem „treysti sér land að helga“.

Hér ber þess að geta að Breiðá rann 6-7 km vestan við Jökulsá, áður en hún braut sér leið í Fjallsá 1954 og færðist þannig vestar eins og nú er. Óljóst er hvar Jökulsá hefur runnið að fornu en um 1900 er hún á svipuðum slóðum og nú er enda þótt Jökulsárlón hafi stækkað.

Merkjum Fjalls og Breiðármerkur er ekki lýst fyrir en í umfjöllun um Fjall í landamerkjabréfi Hofs, dags. 15. júlí 1922 og þingl. samdægurs. Landamerkjum og fjörumörkum er þar lýst með eftirfarandi hætti: „Hærrí þúfan á Máfabyggðum skal bera austan í Múlahöfuðið sem er fremst austan á Breiðamerkurfjalli ...“ Múlahöfuðið liggur við jaðar Breiðamerkurjökuls. Samkvæmt þessu eru Fjallsfit og Breiðármerkurfjall Fjallsmegin við merkin. Bréf Hofs er áritað af Ara Hálfðánarsyni vegna merkja „Fjallslands og Breiðármerkurlands“. Ekki kemur fram í hvaða umboði Ari Hálfðánarson áritar bréfið að þessu leyti en hann var hreppstjóri Hofshrepps og ábúandi á Fagurhólsmýri. Jafnframt mun hann hafa verið meðal eigenda Kvískerja og skrifar upp á þetta sama bréf vegna fjöru- og landamerkja Kvískerja og Fjallslands sem slíkur ásamt tveimur meðeigendum sínum. Í „landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi“, dags. 13. maí 1922 og þingl. 13. og 15. júlí sama ár, er engin lýsing á mörkum Breiðármerkur við Fjall. Bréfið er þó áritað af framangreindum Ara Hálfðánarsyni, í embættisnafni sem hreppstjóra Hofshrepps.

Merkjum Breiðármerkur og Fells er lýst í „landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi“, dags. 13. maí 1922 og þingl. 13. og 15. júlí sama ár. Þar er land- og fjörumörkum lýst þannig að vörðu á graskolli á fjörunni, vestanhalt við hornið á Nýgræðunum, eigi að bera austast í Hálfðánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif í Máfabyggðum og sé það allt bein lína. Þetta eru einnig sögð mörk milli Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps og það eru hreppstjórar þeirra sem árita skrána, Ari Hálfðánarson og Stefán Jónsson, í embættisnafni. Ekki er ritað undir skrána í nafni Breiðármerkur eða Fells. Þessi merki virðast á svipuðum slóðum og farvegur Breiðár fram til 1954.

Í landamerkjaskrá fyrir Fellslandi, dags. 1. maí 1922 og þingl. 13. júlí 1922, er „Landa- og fjörumörkum að vestan milli Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps“ lýst með sama hætti og sé það „bein lína á milli Fells og Breiðmerkurlanda og fjörumörk“. Undir það bréf rita Þorsteinn Arason, eigandi að ⁷/₁₂ hluta Reynivalla og Sigurður Sigurðarson, báðir ábúendur á Reynivöllum sem eru næsta jörð við Fell til austurs og að auki Gísli og Jón Bjarnasynir, að líkindum eigendur Uppsala og Fells. Samkvæmt framangreindu er ekki að sjá að ritað sé undir skrána í nafni Breiðármerkur. Jafnframt verður ekki ráðið af bréfinu að land Breiðármerkur sé með einhverjum hætti talið tilheyrandi Felli. Eldri lýsingar á vesturmörkum jarðarinnar Fells eru ekki fyrir hendi.

Samkvæmt framangreindu skipti Breiðá landi milli Breiðármerkur og Fells 1854, hvernig sem því var farið áður. Fjörumerkjum milli Fjallsfjöru og Breiðármerkurfjöru er sérstaklega lýst en þau virðast á mjög svipuðum slóðum. Fjallsfjara skyldi þannig vera fyrir landi Breiðármerkur og Breiðármerkurfjara fyrir landi Fells. Þessi merki verða þó deiluefni milli eigenda Hofs og Eyjólfssonar, eiganda Fells og Skálholtsrekans á Breiðamerkurfjöru að meira eða minna leyti, á árunum 1915-1916. Eyjólfur hélt því fram að Breiðamerkurfjara næði að Hnappavalla fjöru en því mótmæltu Hofsmenn vegna Fjallsfjöru. Í sáttargerðinni 1854 er ekki fjallað um austurmerki Breiðármerkurfjöru, gagnvart Fellsfjöru. Ýmis dæmi eru þess í Örafum að fjörumörk fari ekki saman við lýsingu landamerkja. Árið 1922 er aftur miðað við að Breiðá skipti löndum og fjörum milli Breiðármerkur og Fells en gagnvart Fjalli er dregin lína á milli Mávabyggða og Múlahöfuðs. Breyting virðist hins vegar gerð á fjörumörkum og nú er Breiðármerkurfjara fyrir landi Breiðármerkur en Fjallsfjara og Fellsfjara sín hvorum megin við hana, fyrir löndum Fjalls og Fells.

Lýsing landamerkjabréfanna á norðurmörkum þarfnast nánari athugunar. Óbyggðanefnd telur

að af bréfi Hofa (Fjalls) megi ráða að tekin sé stefna af Miðaftanstindi og Múlahöfði og framan- greind landamerki Breiðármerkur og Fjalls nái að jökulrönd, fremur en að þau liggja yfir Fjallsjökul og Breiðamerkurjökul. Á sama hátt má ráða af bréfi Breiðármerkur og Fells að tekin sé stefna af Hálfðánaröldu og Kaplaklifi í Máfabyggðum fremur en að merkin nái alla leið upp í Mávabyggðir, lengst uppi í jökli. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 eru gerð landamerkjabréf þar sem lýst er merkjum eyðijarðanna Fjalls, Breiðármerkur og Fells. Eldri heimildir um merki þessara jarða eru bæði litlar og óljósar en mæla þó ekki gegn lýsingu landamerkjabréfanna á merkjum Breiðár- merkur. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra.

Landamerkjabréf Breiðármerkur (ásamt Felli) er áritað af hreppstjórum Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps í embættisnafni, landamerkjabréf Hofa (Fjalls) er áritað af hreppstjóra Hofshrepps vegna merkja „Fjallslands og Breiðármerkurlands“, án þess þó að það embætti sé tilgreint, og ekki verður séð að landamerkjabréf Fells sé áritað vegna annarra en eigenda Fells og næstu jarðar til austurs, þ.e. Reynivalla í Suðursveit, og er þar á meðal áður nefndur Eyjólfur Runólfsson. Í landa- merkjabréfum Breiðármerkur (ásamt Felli) og Fells er sérstaklega tekið fram að umrædd merki séu einnig mörk milli Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps. Öll þrjú bréfin eru frá árinu 1922. Þau eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki Breiðármerkur, án þess að séð verði að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að þeir sem hafa talið sig eigendur Breiðármerkur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja Breiðár- merkur. Hér er að framan rakið hvernig land á Breiðármerkursandi hefur horfið undir Breiðamerk- urjökul uns ekkert var eftir annað en Breiðamerkurfjall og mjó landræma á Breiðamerkursandi. Ástæða er til að gera einnig nokkra grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Á Nýgræðum á Breiðamerkursandi var snemma á 20. öldinni áningastaður og þar var eini umtalsverði gróðurblett- urinn á leiðinni yfir sandinn. Sandurinn hefur óðum verið að gróa upp og þar sem kvíslar jökulanna flæmdust um fyrir nokkrum áratugum er nú víða gróið land. Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Örafum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Þeir aðilar sem í máli þessu hafa uppi kröfur um réttindi til Breiðármerkur og Breiðármerkur- fjöru leiða rétt sinn annars vegar frá Eyjólf Runólfssyni og hins vegar Björgvini Vigfússyni. Þing- lýsingabækur eða önnur gögn málsins veita ekki upplýsingar um aðra sem þar kunna að eiga rétt- inda að gæta.

Óbyggðanefnd telur að leggja verði til grundvallar að greint hafi verið á milli lands Breiðár- merkur og réttinda til fjörunnar 1525 þegar svokallaður minni reki er seldur frá Skálholti ásamt landi jarðarinnar en stóra rekanum haldið eftir. Heimildir benda til þess að stóri rekinn hafi verið í eigu Skálholts til 1848 að hann er seldur Þorsteini Einarssyni og Gísla Þorsteinssyni og hluti Þorsteins hafnar hjá Eyjólf Runólfssyni á Reynivöllum 1891. Óljóst er hvað varð um hinn helm- ing stóra rekans en árið 1890 keypti framangreindur Eyjólfur tiltekinn álnafjöldi í Breiðamerkur- fjöru, að líkindum eignarhluta a.m.k. sumra erfingja Gísla Þorsteinssonar í hálfum Skálholtsrekan- um. Við þinglýsingu afsalsins var gerð athugasemd á þá lund að þinglýsta eignarheimild seljanda væri ekki að sjá í afsals- og veðmálabók. Í málinu liggur fyrir yfirlýsing Eyjólf frá 1915 um að hann hafi keypt stórreka Skálholtskirkju af erfingjum Þorsteins Einarssonar og Gísla Þorsteins- sonar. Samkvæmt þeim heimildum um afmörkun Breiðamerkurfjöru á tímabilinu 1854-1922 sem

áður var gerð grein fyrir hafa þessi réttindi verið á landsvæði sem nefnt var Breiðamerkurfjara 1854 en er kallað Fellsfjara í landamerkjabréfi þeirrar jarðar 1922 og þannig innan núverandi merkja jarðarinnar Fells, sbr. mál nr. 2/2001 hjá óbyggðanefnd, Suðursveit.

Heimildir benda til þess að jörðin Breiðármörk og svokallaður litli reki hafi um 1800 að hálfu verið í eigu konungs og að hálfu í eigu Gísla nokkurs Halldórssonar. Erfingjar hans virðast telja þar til eignar fram til 1876 en óljóst með hvaða rétti eða hvað varð eftir þann tíma. Hluti konungs er seldur 1836 og á sama hátt óljóst hvað um hann varð.

Með hliðsjón af umfjöllun um Jökulsá í lögfestu Hofsmanna, meintri helmingsseign Hofsmanna í Breiðármörk og vísbendingum um að hreppamörk hafi verið í Jökulsá er hugsanlegt að í samningnum 1854 hafi falist skipting Breiðármerkur á milli Hofs og Fells. Í lögfestu Hofsmanna 1851 er þannig tekið fram að réttur þeirra nái til hálftrar jarðarinnar en 1854 verður ekki annað séð en að réttur þeirra nái til alls þess landsvæðis sem þá er talið til Breiðármerkur. Land Breiðármerkur á milli Breiðár og Jökulsár kann þannig að hafa verið sameinað Felli og merki þessara jarða færð úr Jökulsá og í Breiðá. Fellsmenn hafi þannig fengið hluta Breiðármerkur skipt út. Um það verður þó ekkert fullyrt og hugsanlegt er að samkomulagið hafi fjallað um merki Fells og Breiðármerkur allrar. Réttur Hofsmanna til slíkrar ráðstöfunar hefði þá grundvallast á helmingsseign þeirra í jörðinni, skiptri eða óskiptri. Tekið skal fram að svæðið á milli Breiðár og Jökulsár er til meðferðar í máli nr. 2/2001, Suðursveit. Heimildir Hofs- og Fellsmanna verða hvorki raktar til konungs né Gísla Halldórssonar og um sama leyti og síðar gera erfingjar Gísla ráðstafanir til að tryggja meinta hagsmunum sína. Þá bendir lögfesta Fellsmanna frá 1851 ekki til þess að þeir hafi getað fært fram heimildir fyrir tilkalli sínu, aðrar en „óátalda brúkun og yrkingu“. Jafnframt er óljóst um afdrif meintrar eignarhlutdeildar Hofsmanna. Af hálfu eigenda Kvískerja og Fells hefur þeim skilningi verið lýst að í samningi Hofsmanna og Fellsmanna 1854 hafi falist að Hofsmenn hafi selt Fellsmönnum eignarhluta sinn, þ.e.a.s. konungshlutann. Hinn helmingur jarðarinnar, þ.e. bóndahlutinn, hafi hins vegar áfram verið í eigu Halldórs Gíslasonar.

Af framangreindum landamerkjabréfum Breiðármerkur og Fells, Hofs (Fjalls) og Fells verður ekki séð að árið 1922 hafi nokkur komið fram sem eigandi Breiðármerkur eða handhafi réttinda á því svæði, gagnvart hreppi eða þinglýsingaryfirvöldum.

Eignartilkall eigenda Kvískerja grundvallast á því að árið 1937 selur Björgvin Vigfússon, Birni Pálssyni á Kvískerjum hálfu Breiðármörk og hálfu fjöruna með reka, á þeim grundvelli að hann hafi „... síðan 1910, átölulaust af öllum, hirt afgjald af landi hálftrar Breiðumerkur í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu, eins og það var til forna, svo og afgjald af hálfri Breiðamerkurfjöru, sem er níuhundrað faðma tólfræð að lengd - frá ábúandanum Birni Pálssyni bónda á Kvískerjum ...“ Jafnframt lýsir Björgvin kaupandann, Björn Pálsson, réttan eiganda að hálfri Breiðumörk ásamt hálfri Breiðumerkurfjöru með reka „átölulaust af mér og mínum erfingjum“, eins og það er orðað í afsalinu. Afsali þessu var þinglýst án athugasemda. Ekkert liggur fyrir um heimild Björgvins Vigfússonar til þessa framsals en eiginkona hans mun hafa verið dóttir framangreinds Einars Gíslasonar, eins af afkomendum Gísla Halldórssonar.

Heimildir eru um að bóndinn á Kvískerjum hafi greitt afkomendum Gísla Halldórssonar leigu fyrir öll afnot og brúkun af hálfri Breiðármörk, sbr. yfirlýsingu Einars Gíslasonar um það efni frá 1876 fyrir sína hönd og samerfingja enda væri eigi kunnugt um að Gísli hefði „nokkurn tíma selt eða gefið frá sér eða sínum erfingjum“. Tekið er fram að þar muni nú eigi vera orðið annað en „lítillfjörleg grasnyt og eggvarp, sem og reki 6 álna tré og minni er reki á Breiðamerkurfjöru“. Auk eignartilkalls, sem byggist á athugasemdalausum afsali frá 1937, telur óbyggðanefnd ljóst af gögnum málsins, þ. á m. fram komnum skattframtölum allt frá 1937, að eigendur jarðarinnar Kvískerja hafa frá árinu 1937 talið hálfu jörðina Breiðármörk, eins og hún er afmörkuð í máli þessu, sína eign, nýtt hana í samræmi við eignarhlutdeild sína, að svo miklu leyti sem hún var nýtanleg, og greitt af henni skatta og gjöld. Hvað sem öllu framangreindu líður telur óbyggðanefnd því að eignartilkall þeirra til 50% eignarhluta í jörðinni styðjist jafnframt við fullnaða hefð, sbr. 2. gr. hefðarlaga, nr. 46/1905.

Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1922 svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur Kvískerja farið með umráð og hagnýtingu Breiðármerkur á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Svo sem að framan greinir er hugsanlegt að samningur Hof- og Fellsmanna 1854 hafi ekki falið það í sér að sameina hluta Breiðármerkur við Fell og að eigendur Fells á síðari tíma geti leitt rétt frá Hofsmönnum, Gísla Halldórssyni eða á annan hátt, sbr. þinglýstar yfirlýsingar þar að lútandi og kröfugerð í máli þessu. Með hliðsjón af því sem að framan greinir um eignarréttindi Kvískerjamanna telst hins vegar nægjanlega sýnt fram á tilvist beins eignarréttar til eyðijarðarinnar Breiðármerkur. Skiptir þá ekki máli hvernig eignarhaldi og eignarhlutföllum kann að vera háttað að öðru leyti. Þess gerist því ekki þörf að rannsaka frekar grundvöll fyrir eignartilkalli annarra enda er þá komið út fyrir hlutverk óbyggðanefndar, sbr. 7. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Engar heimildir eru um að land innan marka Breiðármerkur hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Sá jökuljaðar, sem blasað hefur við þegar merkjum var lýst í jökul 1922, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Þetta á m.a. við um svæðið framan við Breiðármerkurfjall sem umkringt var jökli frá því um 1700 og til 1946. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið mjög fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Þetta á m.a. við um svæðið austan við Kárahygg. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Breiðármerkur, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 10.12.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja eyðijarðarinnar Breiðármerkur sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land eyðijarðarinnar Breiðármerkur, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.12. Vatnajökull og önnur landsvæði í Örafum

Við verkið voru notaðar þrjár myndir frá Landsat 7 gervitunglinu, tvær frá 1999 (28. júlí og 4. ágúst) og ein frá árinu 2000 (23. sept.). Ástæða þess að ekki voru notaðar myndir frá árinu 1998 er einfaldlega sú að ekki eru til neinar nothæfar gervitunglamyndir af þessu svæði frá þeim tíma. Þar sem jökullinn hreyfist mjög hægt á milli ára, nema ef til vill í einstaka jökulsporðum, er hægt að ganga út frá því að hann hafi verið eins árin 1998 og 1999 (innan óvissumarka sem eru aðeins nokkrir metrar). Um hreyfingar skriðjökla gildir e.t.v. annað á örfáum stöðum en um íshreyfingar á jöultungunum hafa menn sérstakar upplýsingar, s.s. vettvangsathuganir og loftmyndir.

Landsat myndirnar eru með 15 m myndpunktsstærð eða greiniehæfni en sú nákvæmni, sem hægt er að ná í kortlagningu með gervitunglamyndum, er af sömu stærðargráðu og myndpunktsstærðin. Þannig er hægt að draga línuleg atriði upp úr þeim með u.þ.b. 10 m staðsetningarnákvæmni að því gefnu að þessi atriði séu skýr og afmörkuð á myndinni. Þetta á hins vegar ekki alls staðar við um jökuljaðra sem eru sums staðar huldur snjó í fjöllum eða þá aur og grjóti á láglandi. Eðlislæg óvissa í legu jökuljaðarins getur verið nokkrir tugir metra.

Landsatmyndirnar þrjár voru réttar upp með því að varpa þeim ofan á stafrænt hæðarlíkan af landinu (DTED: Digital Terrain Elevation Data) jafnframt því að notaðir voru mælipunktur með vel þekktri staðsetningu (GPS-mæld vegamót sem þekkjast á myndunum) við hnitsetningu þeirra. Með þessu móti er rúmfræðileg bjögun í myndunum leiðrétt þannig að staðsetningarskekkjur eru um eða innan við ein myndeining. Eftir uppréttingu liggja myndirnar fyrir í hnitakerfi á hornsannri keiluvörpun Lamberts (Lambert Conformal Conic Projection) með viðmiðunina ISN-93.

Síðan er jökuljaðarinn teiknaður (hnotaður) upp úr hnitsettum og rúmfræðilega leiðréttum myndunum beint af tölvuskjá. Talið er að hnitúð útlína víki ekki meira en 60 m frá réttu lagi.

2. Nothæfi gervitunglamynda - helstu atriði

Til eru margvíslegar gervitunglamyndir af yfirborði jarðar; þær ná yfir misjafnlega stór svæði, eru teknar á mismunandi tíðniböndum eða rásum og hafa mismikla greiniehæfni. Munurinn á einstökum myndum fer eftir því hver tilgangurinn með notkun þeirra er.

Greiniehæfni eða myndpunktsstærð segir til um stærð þess svæðis á jörðu niðri sem svarar til sérhvers myndpunkts og er um leið mælikvarði á stærð þeirra atriða sem hægt er að greina á gervitunglamyndum. Myndpunktsstærð í gervitunglamyndum er mjög mismunandi; allt frá tæpum metra upp í marga kílómetra.

Annað atriði, sem skiptir máli, er framboð á myndunum. Sum gervitungl taka myndir reglulega í hverju yfirflugi en oft þarf að panta sérstaklega myndatöku frá öðrum tunglum. Það er því hugsanlegt að þótt fjarkönnunartungl með ákjósanlega greiniehæfni séu á braut umhverfis jörðu, þá séu ekki til myndir frá þeim sem teknar eru á þeim stað og tíma sem menn þurfa á að halda fyrir ákveðin verkefni. Í sambandi við þetta verkefni skiptir árstíminn, sem myndir eru teknar á, meginmáli. Þar

sem snjór hylur oft jökuljaðarinn eru eingöngu þær myndir nothæfar sem teknar eru að haustlagi fyrir fyrstu snjóa og eftir að snjó síðasta vetrar hefur tekið upp í fjöllum.

Þriðja atriðið sem ræður úrslitum um það hvort myndefni frá gervitunglum er nothæft eða ekki er skýjaþekjan á myndunum. Ský gleypa í sig sýnilega og nærinrauða geislun og þess vegna eru þær myndir, sem teknar eru á þessum tíðniböndum, aðeins nothæfar þar sem þær eru skýjalausar.

3. Geómetría gervitunglamynda og nauðsynlegar leiðrétting

Eingöngu slétt land er rúmfræðilega rétt á gervitunglamynd. Ef land er mishæðótt kemur fram bjöggun í myndinni (miðað við kort af sama svæði) vegna þess að myndin er tekin frá ákveðinni línu (braut gervitunglsins) og eru mismunandi staðir á myndinni því myndaðir undir misstöru horni eftir því hversu langt frá miðlínu hennar þeir eru. Þessi bjöggun er leiðrétt með því að rétta myndirnar upp (e: orthorectify). Eftir uppréttingu er myndin orðin eins og nokkurs konar kort; þá er eins og horft sé lóðrétt ofan á myndina í hverjum punkti.

Gervitunglamyndir eru réttar upp með því að varpa þeim ofan á stafræn landhæðarlíkön og með því að notfæra sér þekkt staðsetningu á ákveðnum punktum, t.d. GPS-mældum vegamótum, sem þekkjast vel á myndinni. Notast var við DTED-level 1 hæðarlíkan (DTED: Digital Terrain Elevation Data) frá Kortastofnun Bandaríkjahers (DMA: Defence Mapping Agency) en það er nákvæmasta hæðarlíkan sem til er af landinu öllu. DTED-gögnin gefa hæðarupplýsingar í neti með 90 m möskvastærð en hæðarnákvæmni er talin vera 30 m. Vegakerfið hefur nýlega verið mælt með GPS-tækni og er mælinákvæmni þeirra mælinga 5 m.

Með samnýtingu þessara gagna eru gerðar nauðsynlegar rúmfræðilegar leiðréttingar á Landsat myndunum þannig að staðsetningarskekkjur í þeim verða um eða innan við ein myndeyning. Eftir uppréttingu liggja myndirnar fyrir hnitsettar á hornsannri keiluvörpun Lamberts (Lambert Conformal Conic Projection) með viðmiðunina ISN-93. Þegar þessu er lokið er hægt að teikna upp úr myndunum þau atriði sem á þeim sjást og áhugi er á að kortleggja með hnitun beint af tölvuskjá.

4. Jökuljaðrar og nákvæmni í kortlagningu þeirra

Ekki er gerlegt að kortleggja jökuljaðra með þeirri nákvæmni sem nútímatækni býður upp á (örfáir sentímetrar). Þótt jaðar jökulsins sé sums staðar greinilegur og vel afmarkaður getur hann annars staðar, t.d. á skriðjökklum, verið hulinn aur og grjóti þannig að engin leið er að ákvarða hann nákvæmlega, jafnvel þótt menn standi ofan á honum. Í fjalllendi getur snjór hulið útlínu jökulsins þannig að einnig þar er ómögulegt að sjá hvar hún liggur. Af þessum sökum er ákvörðun á jökuljaðri alltaf háð ákveðinni óvissu jafnvel þótt menn hafi bestu gögn (vettvangsathuganir og loftmyndir) að fara eftir. Þessi óvissa er talin vera nokkrir tugir metra þar sem verst lætur.

Sú nákvæmni sem hægt er að ná í kortlagningu með gervitunglamyndum er af sömu stærðargráðu og greinihæfni myndanna. Þannig er hægt að draga línuleg atriði upp af gervitunglamynd með 10-20 m staðsetningarnákvæmni ef myndpunktsstærðin er 20 m að því gefnu að þessi atriði séu skýr og afmörkuð á myndinni (t.d. skurðir eða vegir). Þetta á hins vegar ekki alls staðar við um jökuljaðra eins og áður sagði. Þess vegna má með réttu halda fram að vegna þeirrar eðlislegru óvissu sem ríkir um legu jökuljaðra sé ekki þörf fyrir nákvæmari gögn en myndir með 10-20 m greinihæfni til þess að kortleggja þá.

5. Fjarkönnunargervitungl

Nokkur gervitungl taka myndir með 20 m eða betri greinihæfni. Þessi tungl eru Landsat 7, SPOT, IRS, EROS, IKONOS og QuickBird. Þrjú síðastnefndu tunglin taka myndir með u.þ.b. 1 m greinihæfni en myndir þeirra eru tiltölulega litlar (um 12x12 ferkm) og dýrar þannig að jafnvel þótt þær hefðu verið til af S- og SA-hluta Vatnajökuls (sem þær voru reyndar ekki) hefði notkun þeirra verið útilokuð af fjárhagsástæðum. Auk þess er eins og áður segir ekki þörf fyrir myndir með svo mikilli greinihæfni fyrir það verk sem hér um ræðir.

Gervitunglamyndir með 10-30 m greinihæfni, aðrar en Landsat-myndir, eru oftast ekki teknar nema eftir pöntun og er því alger tilviljun ef slíkar myndir eru til af ákveðnu svæði og frá ákveðnum tíma ef slík gögn hafa ekki beinlínis verið pöntuð sérstaklega.

Leit á heimasíðum og fyrirspurnir til söluaðila sumarið 2003 leiddu í ljós að einu gervitunglamyndirnar, sem til greina komu fyrir þetta verkefni voru myndir frá Landsat 7 gervitunglinu. Þó voru engar Landsat-myndir til frá árinu 1998, en aftur á móti höfðu góðar myndir verið teknar 1999 og 2000.

6. Myndir frá Landsat 7

Gervitunglinu Landsat 7 var komið á braut umhverfis jörðu í apríl 1999. Myndatökubúnaðurinn um borð (Enhanced Thematic Mapper Plus: ETM+) tekur fjölrása myndir með 30 m greinihæfni í einstökum litböndum en með helmingi meiri greinihæfni eða 15 m í einu bandi (panchromatic band). Þetta gerir að verkum að hægt er að kortleggja fyrirbrigði á yfirborði jarðar með 10-15 m nákvæmni. Fyrir þennan tíma höfðu Landsat-gervitunglin (Landsat 1-6) 30m greinihæfni í öllum böndum og þarafleiðandi er kortunarnákvæmni þeirra helmingi minni.

Landsat 7-myndir eru fjölrása, þ.e. þær eru teknar samtímis á nokkrum aðgreindum bylgjulengdaböndum eða rásum í sýnilegu og innrauðu ljósi. Með því að setja ákveðin bönd saman í eina mynd má búa til litmyndir með mismunandi upplýsingum. Algengustu litframsetningar Landsat-mynda eru búnar til úr böndum 2, 3 og 4 sem tekin eru í grænu, rauðu og nærinrauðu ljósi. Á slíkum myndum kemur gróður fram í rauðum litum. Í tölvuvinnslu myndanna er einnig hægt að reikna bandið með mestri greinihæfninni (pankrómátíska bandið) inn í hin mæliböndin og skerpa þau sem því nemur (auka greinihæfni þeirra úr 30 m í 15 m).

Fyrir þetta verkefni var aflað þriggja mynda frá Landsat 7-gervitunglinu, tvær frá 1999 (28. júlí og 4. ágúst) og ein frá árinu 2000 (23. sept.). Ástæða þess að ekki voru notaðar myndir frá árinu 1998 er einfaldlega sú að ekki eru til neinar nothæfar gervitunglamyndir af Vatnajökli frá þeim tíma.

Allar þessar myndir verða að teljast afar góðar. Þær eru teknar að haustlagi eða síðla sumars og þær eru meira eða minna skýjalausar á jökuljaðrinum. Með því að nota þessar myndir saman fæst skýjalaus mynd af öllum jaðri Vatnajökuls í A-Skaftafellssýslu sem hægt er að draga upp útlínu jökulsins eftir.


7. Vinnuferli við úrvinnslu Landsat 7-myndanna

7. 1. Upprétting og vinnsla á Landsat-mynd: 171216015_01519990728

Mynd 171216015_01519990728 var tekin 28. júlí 1999 og er mynd nr. 15 af braut 216. Hún er nánast skýjalaus yfir landi en nær ekki nema vestur á miðjan Skeiðarárjökul. Hinar tvær myndirnar, sem notaðar voru í þessu verkefni, voru teknar af braut 217 og ná yfir allan jökuljaðarinn í A-Skaftafellssýslu.

7. 1. 1. Vinnuferli:

1. Bönd 2, 3, og 4 (grænt, rautt og nær-innrautt) eru sameinuð í eina mynd.
2. Myndskráin úr 1. sameinuð Pan-bandinu og greinihæfnin þar með tvöfölduð.
3. Niðurstöðunni úr 1. og 2. varpað úr UTM Zone 28 með WGS 84 viðmiðun í Lambert Conformal Conic með viðmiðunina ISN93.
4. Landsat myndin rétt upp DTED-landhæðarlíkani og viðmiðunarpunktum úr vegakerfinu. Auk þess var notuð upprétt og hnitasett SPOT 5-mynd norðan Vatnajökuls til þess að auka nákvæmnina.
5. Hlutmynd sem nær yfir Vatnajökul klippt út úr heildarmyndinni (sjá mynd 2).



Mynd 1. Landsat myndin 171216015_01519990728 sem tekin var 28. júlí 1999 ásamt vegakerfi (svartar línur), viðmiðunarpunktum úr vegakerfinu (krossar) og SPOT 5-mynd (norðan Vatnajökuls) sem notað var ásamt DTED-landhæðarlíkani til að rétta Landsat-myndina upp og hnitsetja.



Mynd 2. Hlutmynd úr Landsat-myndinni 171216015_01519990728 sem nær yfir Vatnajökul í A-Skafta-fellssýslu.

7. 1. 2. Niðurstöður uppréttingar á Landsat myndinni I71216015_01519990728:

Control Point Error: [X] 5.8014 [Y] 5.4802 [Total] 7.9805


Taflan sýnir muninn á meðalfráviki láréttra hnita (x, y) á viðmiðunarpunktum úr vegakerfinu frá reiknaðri staðsetningu sömu punkta í Landsat-myndinni eftir uppréttingu. Eins og sjá má er skekkjan ekki nema rúmlega 5 m eða um $\frac{1}{3}$ af myndeiningu Landsat-myndarinnar. Svona lítil skekkja verður að teljast mjög viðunandi.

7. 2. Upprétting og vinnsla á Landsat-mynd: I71217015_01520000923

Mynd I71217015_01520000923 var tekin 23. september árið 2000 og er mynd nr. 15 af braut 217. Þetta verður að teljast afar heppileg mynd þar sem hún er nánast skýjalaus á því svæði sem áhugi er á að kortleggja og hún er tekin á hárréttum árstíma, rétt fyrir fyrstu snjóá. Jökuljaðarinn er skýjalaus nema rétt sunnan í Örafajökli.

7. 2. 1. Vinnuferli:

1. Bönd 2, 3, og 4 (grænt, rautt og nær-innrætt) eru sameinuð í eina mynd.
2. Myndskráin úr 1. sameinuð Pan-bandinu og greiniehæfnin þar með tvöfölduð.
3. Niðurstöðunni úr 1. og 2. varpað úr UTM Zone 28 með WGS 84 viðmiðun í Lambert Conformal Conic með viðmiðunina ISN93.
4. Landsat-myndin rétt upp DTED-landhæðarlíkani og viðmiðunarpunktum úr vegakerfinu. Auk þess var notað upprétt og hnitasett SPOT 5-mynd norðan Vatnajökuls til þess að auka nákvæmnina.
5. Hlutmynd sem nær yfir Vatnajökul klippt út úr heildarmyndinni (sjá mynd 4).



Mynd 3. Landsat-myndin I71217015_01520000923 sem var tekin 23. september árið 2000, ásamt vegakerfi (svartar línur), viðmiðunarpunktum úr vegakerfinu (krossar) og SPOT-5 mynd (norðan Vatnajökuls) sem notað var ásamt DTED-landhæðarlíkani til að rétta Landsat-myndina upp og hnitsetja.



Mynd 4. Hlutmynd úr Landsat-myndinni I71217015_01520000923 sem nær yfir Vatnajökul í A-Skaftafells-sýslu.

7. 2. 2. Niðurstöður uppréttingar á Landsat-myndinni I71217015_01520000923:

Control Point Error (X) 9.0429 (Y) 7.4928 (Total) 11.7438

Taflan sýnir muninn á meðalfráviki láréttra hnita (x, y) á viðmiðunarpunktum úr vegakerfinu frá reiknaðri staðsetningu sömu punkta í Landsat-myndinni eftir uppréttingu. Skekkjan er örlítið meiri en við uppréttingu á mynd I71216015_01519990728 (sjá 7. 1. 2.) en samt ekki nema 8-9 m eða rúmlega hálf myndeining Landsat-myndarinnar.

7. 3. Upprétting og vinnsla á Landsat-mynd: I71217015_01519990804

Mynd I71217015_01519990804 var tekin 4. ágúst 1999 og er mynd nr. 15 af braut 217 Landsat-gervitunglsins. Á henni er enginn nýsnjór og skýin eða þokuslæðan nær ekki nema rétt inn á lengstu jökulsporða en þeir virðast jafnvel sjást í gegn um hana. Aftur á móti hylja skýin vegakerfið að mestu eða öllu leyti. Þess vegna voru viðmiðunarpunktar úr annarri hinna Landsat-myndanna notaðir við rúmfræðilegar leiðréttingar á þessari mynd.

7. 3. 1. Vinnuferli:

1. Bönd 2, 3, og 4 (grænt, rautt og nær-innrætt) eru sameinuð í eina mynd.
2. Myndskráin úr 1. sameinuð Pan-bandinu og greinihæfnin þar með tvöfölduð.
3. Niðurstöðunni úr 1. og 2. varpað úr UTM Zone 28 með WGS 84 viðmiðun í Lambert Conformal Conic með viðmiðunina ISN93.
4. Þar sem engir vegir sjást á myndinni (vegna skýjamóðu) er hún rétt upp með viðmiðunarpunktum frá Landsat-myndinni frá 23. sept. 2000I71217015_01520000923. Polynomial rectification 1st. order.
5. Hlutmynd sem nær yfir Vatnajökul klippt út úr heildarmyndinni (sjá mynd 6).



Mynd 5. Landsat-myndin 171217015_01519990804, sem var tekin 4. ágúst 1999, ásamt viðmiðunarpunktum úr mynd 2000171217015_01520000923 (sjá einnig mynd 7).




Mynd 6. Hlutmynd úr Landsat-myndinni 171217015_01519990804 sem nær yfir Vatnajökul í A-Skafta-fellssýslu.

7. 3. 2. Niðurstöður uppréttingar á Landsat-myndinni I71217015_01519990804:

Control Point Error: (X) 6.9197 (Y) 5.2976 (Total) 8.7147

Taflan sýnir muninn á meðalfráviki láréttra hnita (x, y) á viðmiðunarpunktum frá reiknaðri staðsetningu sömu punkta í Landsat-myndinni eftir uppréttingu. Eins og sjá má er skekkjan ekki nema 5-7 m eða innan við hálf myndeining Landsat-myndarinnar.



Mynd 7. Landsat-mynd I71217015_01520000923 ásamt þeim viðmiðunarpunktum sem notaðir voru til þess að rétta upp mynd I71217015_01519990804 (sjá einnig mynd 5).

8. Viðhengi – Hnitun á útlínu Vatnajökuls

Oddur Sigurðsson jarðfræðingur.

Greinargerð til óbyggðanefndar. 10. júní 2003.

Útlínur jökla í Austur-Skaftafellssýslu raktar

Að beiðni óbyggðanefndar tókust Landmælingar Íslands og Vatnamælingar Orkustofnunar á hendur að skrá eftir tiltækum gögnum útlínur jökla í Austur-Skaftafellssýslu eins og þær voru sem næst 1. júlí árið 1998 er þjóðlendulögin tóku gildi. Fyrir valinu urðu myndir með 15 m myndeiningum (pixel) úr gervihnettinum Landsat 7 en þær voru teknar 28. júlí 1999, 4. ágúst 1999 og 23. september árið 2000. Fyrsttalda myndin hentaði best til starfsins og voru útlínurnar að mestu leyti teknar upp af henni en hinar hafðar til hliðsjónar. Myndirnar voru „réttar upp“ (hlutföll leiðrétt í myndinni og hún felld í þekkt hnitakerfi) á Landmælingum Íslands undir umsjón Kolbeins Árnasonar. Um mánaðamótin maí/júní gerði Oddur Sigurðsson af Vatnamælingum sér ferð 3 daga á Landmælingar til að rekja útlínur jökulsins af „uppréttu“ myndunum.

Eins og að ofan getur var mynd frá 28. júlí 1999 notuð til að skrá útlínur jökla á svæðinu að

mestu. Hún er af braut Landsat 7 nr. 216 og nær því ekki vestasta hluta Skeiðarárjökuls. Það sem á vantaði var því tekið af mynd frá 4. ágúst 1999 (braut nr. 217). Á aðalmyndinni (28. júlí 1999) voru nánast engin ský sem trufluðu. Þar sem greining var vafa undirorpin á gervihnattarmyndunum voru notaðar ljósmyndir Odds Sigurðssonar, sem teknar voru 28. september 2002, til að skera úr um vafann. Einnig byggist skráning jökuljaðarsins á reynslu í greiningu hvors tveggja fjarkönnun-argagna (ljósmyndum og stafrænum gervihnattarmyndum) og jökuljöðrum á jörðu niðri. Varla er unnt að skilgreina jökuljaðar á skjá með nákvæmni myndanna sem er 15 m. Í lágsveitum er sporðurinn sumstaðar hulinn aurlagi og á háfjöllum liggur snjór víða yfir jaðrinum. Einmitt við þær aðstæður breytist jaðar jökulsins lítið frá ári til árs þar sem snjór eða aur hlífir fyrir bráðnun. Það er hins vegar hægt í flestum eða öllum tilvikum að greina útlínurnar svo ekki skakki meira en 3-4 myndeiningum og má því segja að skráðar útlínur víki ekki meira en 60 m frá réttu lagi.

ÚRSKURÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 2/2001
Suðursveit
í sveitarfélaginu Hornafirði



21. mars 2002

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	217
2. MÁLSMEÐFERÐ	217
2.1. Sveitarfélagið Hornafjörður tekið til meðferðar	218
2.2. Lýstar kröfur og kynning	218
2.3. Afmörkun máls nr. 2/2001	219
2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð	219
3. KRÖFUGERÐ	220
3.1. Kröfur íslenska ríkisins	220
3.1.1. Þjóðlenda	220
3.1.2. Brunnar, Brunnaveilir, Jaðar og Leiti í Kálfafellsstaðartorfu	221
3.1.3. Borgarhöfn IV (Krókur) og Borgarhöfn V (Gamli Garður) í Borgarhafnartorfu	222
3.2. Kröfur eigenda jarðarinnar Fells	223
3.3. Kröfur eigenda jarðanna Reynivalla I og III	223
3.4. Kröfur eigenda jarða í Breiðabólstaðartorfu	223
3.5. Kröfur eigenda jarðanna Kálfafells I-III	223
3.6. Kröfur umráðamanna jarða í Kálfafellsstaðartorfu	224
3.7. Kröfur eigenda og umráðamanna jarða í Borgarhafnartorfu	224
3.8. Kröfur eigenda jarðanna Skálafells I-II	224
3.9. Kröfur Landsvirkjunar	225
4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN	225
4.1. Almennt	225
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	225
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru	226
4.4. Vettvangsferð	229
4.5. Skýrslutökur	229
5. STAÐHÆTTIR OG NÁTTÚRUFAR	230
5.1. Staðhættir í Suðursveit	230
5.2. Gróðurfar um landnám og síðari breytingar	231
5.3. Gróðurfar síðustu áratugi	232
5.3.1. Undirlendi	232
5.3.2. Fjalllendi	232
5.3.3. Ástand jarðvegs	233
5.4. Jöklar og jöklabreytingar	233
5.4.1. Jöklar upp af Suðursveit	233
5.4.2. Jöklabreytingar á sögulegum tíma	234
5.4.3. Vítesskja um jökuljaðra á liðnum öldum	234
5.5. Náttúruminjar og friðland	235
6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA	235
6.1. Landnám	235
6.2. Fell	237
6.3. Reynivellir	241

6.4.	Breiðabólstaður	243
6.5.	Kálfafell	246
6.6.	Kálfafellsstaður	248
6.7.	Borgarhöfn	253
6.8.	Skálafell	257
6.9.	Afréttarnot	258
7.	SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS	260
7.1.	Málavextir	260
7.2.	Málsástæður og lagarök	260
7.3.	Fell	263
7.4.	Reynivellir	265
7.5.	Breiðabólstaður	266
7.6.	Kálfafell	267
7.7.	Kálfafellsstaður	267
7.8.	Borgarhöfn	268
7.9.	Skálafell	269
8.	SJÓNARMÍÐ GAGNADILA	270
8.1.	Fell	270
8.2.	Reynivellir, Breiðabólstaður, Kálfafell, Kálfafellsstaður, Borgarhöfn og Skálafell	273
	8.2.1. Almenn atriði	273
	8.2.2. Einstakar jarðir	278
8.3.	Landsvirkjun	279
9.	VIÐAUKI VIÐ ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	280
10.	NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU	280
10.1.	Inngangur	280
10.2.	Landnám	280
10.3.	Fell	280
10.4.	Reynivellir	286
10.5.	Breiðabólstaður	289
10.6.	Kálfafell	293
10.7.	Kálfafellsstaður	296
10.8.	Borgarhöfn	300
10.9.	Skálafell	303
10.10.	Vatnajökull og önnur landsvæði í Suðursveit	307
10.11.	Landsvirkjun	308
10.12.	Um málskostnað	309
10.13.	Um tæknileg atriði	309
11.	ÚRSKURÐARORD	309
VIÐAUKI		311
FYLGISKJÖL		329
I.	Kort	
II.	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar	
III.	Skjalaskrá	
IV.	Aðilaskrá	
V.	Tækniskýrsla unnin fyrir óbyggðanefnd	

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2003, föstudaginn 14. nóvember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

**nr. 2/2001, Suðursveit í sveitarfélaginu Hornafirði,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,**

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Ragnheiður Bragadóttir.

Aðilar málsins eru:¹

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins vegna þjóðlendna og vegna ríkisjarða í Kálfafellsstaðartorfu (Brunna, Brunnavalla, Jaðars og Leitis) og Borgarhafnartorfu (Borgarhafnar IV (Króks) og Borgarhafnar V (Gamlagarðs)), samkvæmt 11. gr. laga nr. 58/1998.

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

Eigendur Reynivalla I og III, jarða í Breiðabólstaðartorfu (Breiðabólstaðar I, Gerðis (Breiðabólstaðar II) og Hala (Breiðabólstaðar III-IV)), Kálfafells I-III, jarða í Borgarhafnartorfu (Borgarhafnar I (Vagnstaða), Borgarhafnar II-III (Neðribæjar), Borgarhafnar VI (Lækjarhúsa) og Borgarhafnar VIII (Suðurhúsa)) og Skálafells I-II og umráðamenn jarða í Kálfafellsstaðartorfu (Kálfafellsstaðar, Brunna, Brunnavalla og Jaðars) og Borgarhafnar V (Gamlagarðs) í Borgarhafnartorfu.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Eigendur jarðarinnar Fells.

(Reynir Karlsson hrl.)

Landsvirkjun.

(Þórður Bogason hdl.)

2. MÁLSMEDFERÐ

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

¹ Sjá nánar í fylgiskjali nr. IV (Aðilaskrá).

- a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

2.1. Sveitarfélagið Hornafjörður tekið til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 13. júlí 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar sveitarfélagið Hornafjörð, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæðið var nánar tiltekið afmarkað með vesturmörkum jarðarinnar Skaftafells í Örafasveit og austurmörkum jarðanna Hvalsness, Víkur, Svínhóla, Reyðarár, Bæjar, Hlíðar og Stafafells. Til suðurs afmarkast svæðið með hafinu og til norðurs, á Vatnajökli, með línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína og sýnd var á meðfylgjandi uppdrætti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 15. nóvember til að lýsa hugsanlegum kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélagsins Hornafjarðar og Bændasamtaka Íslands var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur um einn mánuð, þ.e. til 15. desember 2000, samkvæmt rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.2. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins um þjóðlendur í Lóni, Nesjum, Mýrum, Suðursveit og Örafum í sveitarfélaginu Hornafirði bárust 13. desember 2000. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 3. janúar 2001, Morgunblaðinu 7. janúar og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan fjögurra mánaða, þ.e. til og með 3. maí 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabók sýslumannsins á Höfn, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumannsins á Höfn og sveitarfélagsins Hornafjarðar, auk heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarsmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. júní og síðar til 2. júlí.

Alls bárust 36 kröfulýsingar sem tóku til 108 tilgreindra jarða, jarðaparta eða annarra landsvæða, auk línustæða Landsvirkjunar. Þá lögðu ábúendur ríkisjarða í nokkrum tilfellum fram kröfur, auk fjármálaráðherra. Síðasta kröfulýsing barst 13. júlí 2001.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Höfn, dagana 16. júlí – 31. ágúst 2001, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. september 2001. Vakinn var athygli á kynningunni með auglýsingum í fjölmiðlum. Jafnframt fékk hlutaðeigandi sveitarstjórn yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum. Jafnframt barst ein kröfulýsing í ágúst 2002. Þá hefur óbyggðanefnd vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í máltilbúnaði og gefið færi á lagfæringum.

2.3. Afmörkun máls nr. 2/2001

Í júlí 2001 var aðilum tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi fimm málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2001, Örnefi.

Mál nr. 2/2001, Suðursveit.

Mál nr. 3/2001, Mýrar.

Mál nr. 4/2001, Nes.

Mál nr. 5/2001, Lón.

Jafnframt var gerð grein fyrir því hvaða nefndarmenn færu með hvert mál. Óskað var eftir athugasemdum við fyrirhugaða skiptingu svæðisins í mál og hæfi einstakra nefndarmanna innan tiltekins frests. Engar athugasemdir bárust.

Það svæði, sem til meðferðar er í máli nr. 2/2001, Suðursveit í sveitarfélaginu Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu, afmarkast til vesturs af Örnefum þar sem áður voru hreppamörk og til austurs af Mýrum þar sem einnig voru hreppamörk áður. Framangreind viðmiðun til vesturs endar við jaðar Breiðamerkurjökuls (sbr. punkt 30 í kröfugerð vegna Breiðármerkur í máli nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd, Örnefi). Þaðan er dregin lína í Mávabyggðir (punktur 2) og síðan áfram í norður, hornrétt á línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til norðurs. Sú lína liggur á milli Sviahnúks eystri og miðrar Breiðubungu. Framangreind viðmiðun til austurs endar í Snjófjalli vestanverðu (punktur 36) og þaðan er dregin lína í miðja Breiðubungu. Afmörkun þessi byggist á kröfugerð vegna Fells og Skálafells, markalínu þeirri á Vatnajökli sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína og kröfugerð vegna Heinabergs í máli nr. 3/2001 hjá óbyggðanefnd, Mýrar, og vegna Breiðármerkur í máli nr. 1/2001, Örnefi. Til suðurs afmarkast svæðið með hafinu.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins um þjóðlendu innan tilgreindra marka og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um eignarland innan tilgreindra hluta þess landsvæðis sem íslenska ríkið gerir kröfu um að teljist þjóðlenda. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar ein-skorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 2/2001 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 14. ágúst 2001. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá. Upplýst var að aðilum málsins yrðu gefnir riflegir frestir til að skila greinargerð þar sem meðferð óbyggðanefndar á svæði nr. 1 væri ekki lokið. Þá var íslenska ríkinu veittur tveggja mánaða frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 12. október 2001 var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur riflega tveggja mánaða frestur til að skila greinargerðum. Sá frestur var síðar framlengdur í þeim tilgangi að veita lögmönnum færi á að kynna sér fyrstu

úrskurði óbyggðanefndar sem kveðnir voru upp 21. mars 2002. Umræddar greinargerðir voru því lagðar fram við fyrirtöku málsins 15. apríl.

Lögmaður Landsvirkjunar ritaði óbyggðanefnd bréf, dags. 15. apríl 2002, þar sem fram kemur að í ljósi aðstæðna í máli þessu væri ekki rétt að hann sækti fundi óbyggðanefndar í máli þessu eða tæki þátt í vettvangsferðum eða málflutningi, m.a. með vísan 1. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 nema óbyggðanefnd gerði athugasemd við þá afstöðu eða óskaði sérstaklega eftir þátttöku Landsvirkjunar. Hins vegar væri áfram óskað eftir upplýsingum og gögnum um málin og að lögmaðurinn væri reiðubúinn að svara öllum fyrirsprungnum óbyggðanefndar er sneru að réttindum Landsvirkjunar og hagsmunagæslu fyrirtækisins gagnvart óbyggðanefnd.

Af þessu tilefni var gerð svohljóðandi bókun við fyrirtöku málsins 14. maí 2002: „Óbyggðanefnd lítur svo á að lögmenn aðila hljóti að meta með hvaða hætti þeir gæti hagsmuna umbjóðenda sinna við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd. Fjarvera aðila við fyrirtökur og aðalmeðferð er á ábyrgð þeirra sjálfra. Tekið skal fram að þess er vænst að aðilar aðstoði óbyggðanefnd við að upplýsa öll þau atriði er kunna að skipta máli við úrlausn málsins. Óbyggðanefnd mun sem fyrr senda þeim aðilum, sem ekki mæta á fundi, gögn sem þar hafa verið lögð fram.“

Á sama fundi, 14. maí, voru einnig lögð fram ýmiss gögn. Þá var málið tekið fyrir á fundi 10. júní. Lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Aðalmeðferð stóð dagana 26.-27. og 29. júní 2002 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflutning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í sal Hótel Skaftafells. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 14. nóvember 2003 var málið endurupptekið og lögð fram ný gögn. Gögn þessi höfðu áður verið kynnt lögmönnum málsaðila og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna ríkisjarða í Kálfafellssstaðartorfu (Brunna, Brunnavalla, Jaðars og Leitis) og Borgarhafnartorfu (Borgarhafnar IV (Króks) og Borgarhafnar V (Gamla Garðs)).

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins er þess krafist að eftirfarandi lína verði viðurkennd sem þjóðlendumörk í Suðursveit:

Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í Suðursveit er sá sami og síðasti punktur á Mýrum og er hann kallaður A. Hann er þar sem landamerkjalinu Skálafells að austan sker Skálafellsjökul neðst (í landamerkjabréfi er þessari línu lýst, sem línu, sem liggur úr Hánypu og í Snjófjall vestast). Frá punkti A er dregin lína meðfram jökulröndinni og í skurðpunkt (punktur B), en hann er í jökulröndinni að vestanverðu, þar sem lína dregin úr punkti A beint í Kálfafellstind (663) (punktur C) sker jökulinn. Þessi lína frá jöklinum liggur yfir Skálafellshnútu, Borgarhafnarfjall og Staðardal.

Frá hornpunkti C er farið í punkt D, sem er í Kálfafellsfjöllum fyrir vestan Kaldárgil og verður það hornpunktur.

¹ Sjá einnig fylgiskjöl nr. IV (Aðilaskrá) og I (Kort).

Frá hornpunkti D er dregin bein lína yfir Kálfafellsdal í Staðarfjallstind (928 m) í Staðarfjalli, sem verður punktur E. Frá punkti E er dregin bein lína í Breiðamerkurjökul við Þröng vestan Fellsfjalls. Verður það punktur F og hornpunktur.

Frá þessum hornpunkti er dregin lína niður í sjó og verður punkturinn við ströndina punktur G. Hann ákvarðast, sem framhald af línu, sem dregin er beint frá Prestfelli gegnum punkt E og verður punktur G þannig framhald af þeirri línu. Í punkti G lýkur kröfulínu fjármálaráðherra um Þjóðlendumörk í Suðursveit.

Viðurkenndur er afréttarréttur jarðarinnar Fells í Veðurárdal og rekaréttur sömu jarðar frá fjörmörkum Breiðármerkurfjöru og svo langt austur sem vinnst í samræmi við visitasíu Jóns biskups Vídalín frá 1706.

3.1.2. Brunnar, Brunnaveilir, Jaðar og Leiti í Kálfafellsstaðartorfu

Af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðanna Brunna, Brunnavalla, Jaðars og Leitis sem er utan Þjóðlendulínunnar. Þá er gerð krafa um afréttarrétt hverrar jarðar fyrir sig til landsins innan Þjóðlendulínu, hlutfallslegan á við aðrar jarðir í Kálfafellstaðarhverfinu.

Landamerkjaskrá fyrir Kálfafellstaðaland hljóðar svo: „Á milli Kálfafellsstaðar og Kálfafells: Grásteinn beri í þúfunu í Kálfagróf, þaðan ræður bein lína suður í miðjan Merkirima – þar er varða – allt til sjávar. Þar við sjóinn eru fjörmörk milli Kálfafellstaðar og Kálfafells. Landamerki að austan: Á milli Kálfafellsstaðar og Borgarhafnar deilir Staðará, sem sprettur upp milli Hálsatinds og Þormóðarhnútu og ræður hún þar til hún kemur að fjörunni móti vesturenda Eystra Þrándarholts. Fjörmörk milli Kálfafellsstaðar og Borgarhafnar eru, að þúfan á Bjarnarhrauni beri miðja vegu á Hrafnegil nær sjónhending er tekin af fjörunni. – Þannig samkvæmt dómi Bjarna sýslumanns Nikalaussonar af 1720. Kálfafellsstaður á Vindásbotn framan og neðan undir Vindási og Vindás þar til sjór hverfur. Hann á og allan skóg í Breiðabólsstaðarfjalli er við rísa brekkur frá Merkiskonu að vestan inn í Steinbogagil innra, því skógarnir í hliðinni í Breiðabólsstaðarfjalli mega heita gjöreyddir. Í sameiningu við Breiðabólsstað á Kálfafellsstaður skóginn í Bruna (?) fyrir innan Steinbogagil, sá skógur er alveg gjöreyddur af skriðum og aurrennsli. Þar hefur víst afar lengi aldrei verið skógað. Kálfafellsstaður á hálfu Vindástjörn móti Breiðabólsstað. Fjörmörk Vindástjörn talin að vestan: Varðan við götuna á Kleifatanga beri í 3ja foss í Rauða að neðan talið. Að austan: Varðan í Markhólum beri í ...tind. Beitarítak búsmala Kálfafells einn mánuð á sumri í landi Kálfafellsstaðar er niður fallið og afmáð. Kálfafellsstaður á allan skóg og hris í Staðarhálsunum. Skógarítak Kálfafellsstaðar í Innri Raufartungum í Kálfafellslandi er niðurfallið samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi jarðareigenda og tilheyrir Kálfafelli. Ítakið er mjög fjarlæggt og úr sér gengið af skriðum og uppblæstri, lítið ummáls. Þar hefir sjaldan sem aldrei verið skógað í fjölda ára.“

Þjóðlendukröfulínan liggur svona fyrir landi Kálfafellsstaðarhverfis og næsta nágrennis: Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um Þjóðlendumörk í Suðursveit er kallaður A. Hann er þar sem landamerkjalinu Skálafells að austan sker Skálafellsjökul neðst. Frá punkti A er dregin lína meðfram jökulröndinni og í skurðpunkt (punktur B), en hann er í jökulröndinni að vestanverðu, þar sem lína dregin úr punkti A beint í Kálfafellstind (663) (punktur C) sker jökulinn. Þessi lína frá jöklinum liggur yfir Skálafellshnútu, Borgarhafnarfjall og Staðardal. Frá hornpunkti C er farið í punkt D, sem er í Kálfafellsfjöllum fyrir vestan Kaldárgil og verður það hornpunktur. Frá hornpunkti D er dregin bein lína yfir Kálfafellsdal í Staðarfjallstind (928 m) í Staðarfjalli, sem verður punktur E.“

Við aðalmeðferð komu fram mótmæli íslenska ríkisins við aðild umráðamanna ríkisjarða í Kálfafellsstaðartorfu. Enn fremur var gerð sérstök athugasemd við aðild séra Einars Jónssonar, ábúanda Kálfafellsstaðar, og sett fram sú skoðun að eðlilegt væri að prestsetrasjóður lýsti kröfu vegna þeirrar jarðar.

3.1.3. Borgarhöfn IV (Krókur) og Borgarhöfn V (Gamli Garður) í Borgarhafnartorfu

Af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðanna Borgarhafnar IV, Króks, og Borgarhafnar V, Gamla Garðs, sem er utan þjóðlendulínunnar, eins og landinu er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar. Þá er gerð krafa um afréttarrétt hvorrar jarðar fyrir sig til landsins innan þjóðlendulínu, hlutfallslegan á við aðrar jarðir í Borgarhafnarhverfinu.

Landamerkjaskrá fyrir Borgarhafnarlandi hljóðar svo: „Að austan rennur lækur sá úr jöklinum austan við Botnafjallshnútu og rennur í Skógamannafoss deilir á milli Botnafjallshnútu og Miðbotnafjalls, síðan er marklína úr miðjum Skógamannafossi í hlaðna grjótvörðu við Svinavatn, þaðan í vörðuna á Markhól við Bleikuhnútu, þaðan í klofinn klett í þriðju torfu frá Kambtúnslæk, og þaðan í Hestgerðiskambsenda, þaðan beina línu fram í Lónið. Landamörk að vestan. Staðará deilir á milli Borgarhafnar og Kálfafellsstaðar þar hún nú rennur úr jökli austan við Hálsatind annars vegar og Þormóðshnútu hins vegar, síðan ræður áin þar hún nú rennur suður að fjörusöndum mitt á milli Þrándarholta að undanskilinni Krikatorfu er áin hefur fallið vestur fyrir. Rekafjara Borgarhafnarjarðarinnar nær frá Skálafellstjörn að Kálfafellsstaðarfjörü að undanskildu því, sem Hestgerði tilheyrir, sem er Hestgerðisvík vestast í Hálsaklettum og eittundrað faðmar fyrir vestan Hálsakletta, að vörðu sem er á fjörunni er ber frá flæðarmáli í toppmyndaðan svartan stein vestan við Kúahjalla. Fjörumörk hin eystri er þrjátíu faðmar fyrir austan Hafnargarðakletta. Fjörumörk hin vestri er háþúfa í Bjarnarhrauni tekin sjónhending úr flæðarmáli miðja vega í Hrafnagil. Hlunnindi sem jörðinni fylgja, selveiði í Hálsós þá hann rennur í jarðarinnar landi og silungsveiði fram með sinni fjöru. Silungsveiði á jörðin í Staðará að hálfu móti Kálfafellsstað. Upprekstur sauðfjár í Staðarhálsum fellur niður frá Borgarhöfn og tíu uxa beit frá Kálfafellsstað á Borgarhafnarheiði fellur sömuleiðis niður samþykkt af báðum málsaðilum. Skóg á jörðin í Staðarhálsum að austan vestar að háutorfu og markvörðum er greinir á milli skóganna. Skógarítak á jörðin í Breiðabólstaðalandi þar sem heitir Borgarhafnarnes og Fiskikelda.“

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við kröfugerð sé nauðsynlegt að taka tillit til þess að landskipti hafi að hluta til farið fram á Borgarhafnartorfunni. Í kjölfar landskipta árið 1982 hafi eftirfarandi land komið í hlut Borgarhafnar IV, Króks: „Landsvæði ofan þjóðveggar frá Dumlastykkjum 6,6 ha í austur afmarkað af núverandi þjóðvegi og fjallsbrekkurótum. Stykki neðan þjóðveggar að austan afmarkað af kletti milli Einbúa og Björnsborgar, að sunnan 60 m frá Syðra-Torfhrauni í lækjarmörkin í vestrienda Skörðu. Að vestan bein lína úr nefndum lækjarmörkum þvert á núverandi þjóðveg. Síðan ræður þjóðvegur að fyrrgreindum kletti milli Einbúa og Björnsborgar.“ Þá hafi eftirfarandi land komið í hlut Borgarhafnar V, Gamla Garðs: „...land ofan þjóðveggar frá Hestgerðismörkum 13,2 ha í vestur, að norðan afmarkað af fjallsbrekkurótum, en af núverandi þjóðvegi að neðan. Landsvæði það sem hér um ræðir er alls 19,8 ha og $\frac{1}{3}$ hluti þess lendir í hlut Króks. Land neðan þjóðveggar afmarkast af eftirtöldum kennileitum: Að austan afmarkað af Eystra-Skarðahrauni, sunnanverðu í Bunka austanverðan, þaðan í sambeitarhorn, að sunnan af utanverðri sambeit í Staðará, að vestan ræður Staðará. Að norðan ræður lína framan undir Skarðahraunum í sunnanvert Eystra-Skarðahraun.“

Loks kemur eftirfarandi fram: „Þjóðlendukröfulínan liggur svona fyrir landi Borgarhafnarhverfis og næsta nágrennis: Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra um þjóðlendumörk í Suðursveit er kallaður A. Hann er þar sem landamerkjalinna Skálafells að austan sker Skálafellsjökul neðst. Frá punkti A er dregin lína meðfram jökulröndinni og í skurðpunkt (punktur B), en hann er í jökulröndinni að vestanverðu, þar sem lína dregin úr punkti A beint í Kálfafellstind (663) (punktur C) sker jökulinn. Þessi lína frá jöklinum liggur yfir Skálafellshnútu, Borgarhafnarfjall og Staðardal. Frá hornpunkti C er farið í punkt D, sem er í Kálfafellsfjöllum fyrir vestan Kaldárgil og verður það hornpunktur. Frá hornpunkti D er dregin bein lína yfir Kálfafellsdal í Staðarfjallstind (928 m) í Staðarfjalli, sem verður punktur E.“

Við aðalmeðferð komu fram mótmæli íslenska ríkisins við aðild umráðamanns Borgarhafnar V (Gamlagarðs).

3.2. Kröfur eigenda jarðarinnar Fells

Fyrir hönd Sameigendafélags Fells og Einars Björns Einarssonar er þess krafist „að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar eigi fullkominn og beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar. Verði hins vegar talið að einhver svæði innan jarðarinnar teljist þjóðlenda, er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að þeim svæðum.“

Þess er jafnframt krafist „að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar verði þau sem hér er lýst: Varða hlaðin í fjörunni vestan við hornið á Nýgræðunum (P1) og þaðan í Kaplaklif í Máva-byggðum (P2), þaðan í Tjaldmýri í Esjufjöllum (P3), þaðan í urðarrana austast í Esjufjöllum (P4), þaðan í Snæfell (P5), þaðan efst í Þverártindsegg í 1554 metra hæð (P6), eftir Þverártindsegg í punkt 1 í 1115 metra hæð (P7), þaðan efst í Fellsárgljúfur (P8) og eftir því í Fellsfoss (P9) og þaðan beint í fjöru (P10), en lína þessi markast af því er Fellsárfoss ber í mitt skarðið á Hrollaugshólum séð úr fjöru. Við fjöruborð ráði hafið.“

Loks er þess krafist „að gagnaðili verði úrskurðaður til að greiða jarðeigendum málskostnað samkv. framlögðum málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram undir rekstri málsins og/eða að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði samkv. 17. gr. laga nr. 58/1998 með síðari breytingum samkv. framlögðum málskostnaðarreikningi.“

3.3. Kröfur eigenda jarðanna Reynivalla I og III

Fyrir hönd Ingunnar Runólfsdóttur o.fl. vegna Reynivalla I og Arnar Eriksen vegna Reynivalla III er gerð krafa um að land sunnan kröfulínu teljist fullkomið eignarland þeirra. Byggist það á þinglýstri landamerkjaskrá frá 8. apríl 1888. Eftirfarandi er tekið fram: „Jarðirnar eiga sameiginlegt fjalllendi. Merki til norðurs er lína dregin meðfram jökulröndinni frá Þverártindsegg (punkti 41) að punkti 42 í sporði Fellsárjökuls.“

Við það er miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna ná.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

3.4. Kröfur eigenda jarða í Breiðabólstaðartorfu

Fyrir hönd Fjölnis Torfasonar o.fl. vegna Breiðabólstaðar I og Hala (Breiðabólstaðar III-IV) og Þorbergs Ö. Bjarnasonar vegna Gerðis (Breiðabólstaðar II) er gerð krafa um að land sunnan kröfulínu teljist fullkomið eignarland þeirra. Byggist það á þinglýstri landamerkjaskrá frá 4. maí 1886. Eftirfarandi er tekið fram: „Breiðabólstaður á óskipt fjalllendi með jörðunum Gerði og Hala og merki til landsins því sameiginleg. Merki til landsins er lína sem dregin er frá punkti 38 í sporði Brókarjökuls meðfram jökulröndinni að Karli og kerlingu (punkti 39). Þaðan er dregin bein lína í Snæfell (punkt 40) og síðan eftir eggjum samkvæmt landamerkjaskrá í Þverártindsegg (punkt 41).“

Að því leyti, sem ekki er gerð krafa til jökulsvæðis, er við það miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna ná.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

3.5. Kröfur eigenda jarðanna Kálfafells I-III

Fyrir hönd Bjarna Steinþórssonar o.fl. vegna Kálfafells I og II og Helga R. Hilmarssonar vegna Kálfafells III er gerð krafa um að land sunnan kröfulínu teljist fullkomið eignarland þeirra. Byggist það á þinglýstri landamerkjaskrá frá apríl 1890. Eftirfarandi er tekið fram: „Merki til norðurs er lína sem dregin er með jökulröndinni frá punkti 37B við Birnutinda allt til punkts 38 í sporði Brókarjökuls.“

Við það er miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna nái.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

3.6. Kröfur umráðamanna jarða í Kálfafellsstaðartorfu

Fyrir hönd séra Einars Guðna Jónssonar vegna Kálfafellsstaðar, Gísla Jóhannssonar vegna Brunna, Jóns Sigfússonar vegna Brunnavalla og Ingimars Bjarnasonar vegna Jaðars er gerð krafa um að land sunnan kröfulínu teljist fullkomið eignarland. Byggist það á þinglýstri landamerkjaskrá frá maí og júní 1923. Eftirfarandi er tekið fram: „Fjallendi jarðanna er sameiginlegt. Merki til norðurs er lína sem dregin er austan frá merkjum við Borgarhöfn við jökulröndina (37A) vestur að merkjum jarðarinnar við Kálfafell í jökulröndinni við Birnudalstind (punktur 37B).“

Við það er miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna nái.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

Um aðild íslenska ríkisins er gerð sú athugasemd að sami aðili geti undir engum kringumstæðum verið bæði sóknar- og varnaraðili í sama máli. Þess er því krafist að litið verði með öllu fram hjá kröfum og rökstuðningi íslenska ríkisins sem jarðareiganda í málinu enda lítur íslenska ríkið svo á að það hafi meiri hagsmuni af því að telja land til þjóðlendna en til eignarlanda.

3.7. Kröfur eigenda og umráðamanna jarða í Borgarhafnartorfu

Fyrir hönd Bjarna Skarphéðins G. Bjarnasonar vegna Vagnstaða (Borgarhafnar I), Gunnars Stefánssonar ofl. vegna Neðribæjar (Borgarhafnar II-III), Ragnars Sigurssonar vegna Gamlagarðs (Borgarhafnar V), Guðlaugs J. Þorsteinssonar o.fl. vegna Lækjarhúsa (Borgarhafnar VI) og Ingu L. Þorsteinsdóttur o.fl. vegna Suðurhúsa (Borgarhafnar VIII) er gerð krafa um að land sunnan kröfulínu teljist fullkomið eignarland í óskiptri sameign Borgarhafnarjarðanna. Byggist það á þinglýstri landamerkjaskrá frá 19. júní 1886. Eftirfarandi er tekið fram: „Merkin til norðurs er lína sem dregin er austan frá merkjum við Skálafell (37) eftir jökulröndinni vestur að merkjum jarðarinnar við Kálfafellsstað (37A).“

Við það er miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna nái.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

Um aðild íslenska ríkisins er gerð sú athugasemd að sami aðili geti undir engum kringumstæðum verið bæði sóknar- og varnaraðili í sama máli. Þess er því krafist að litið verði með öllu fram hjá kröfum og rökstuðningi íslenska ríkisins sem jarðareiganda í málinu enda lítur íslenska ríkið svo á að það hafi meiri hagsmuni af því að telja land til þjóðlendna en til eignarlanda.

3.8. Kröfur eigenda jarðanna Skálafells I-II

Fyrir hönd Þorsteins Sigfússonar o.fl. vegna Skálafells I og Eypórs Ragnarssonar o.fl. vegna Skálafells II er gerð krafa um að land sunnan kröfulínu teljist fullkomið eignarland þeirra. Byggist það á þinglýstri landamerkjaskrá frá 1. maí 1921. Eftirfarandi er tekið fram: „Að austan er upphafspunktur (35) í austursporði Skálafellsjökuls og þaðan í línu sem dregin er beint úr Hánypu í Snjófjall vestanvert (36) og síðan þaðan beint í læk austan Botnafjallshnútu, þar sem eru merki milli Skálafells og Borgarhafnar (37).“

Til vara er þess krafist „að Hafrafellið allt frá gömlu hreppamörkunum milli Mýra og Suðursveitar og að línu sem dregin er með jökulrönd ...“.

Að því leyti, sem ekki er gerð krafa til jökulsvæðis, er við það miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna nái.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

3.9. Kröfur Landsvirkjunar

Af hálfu Landsvirkjunar er gerð eftirfarandi krafa um bein og óbein eignarréttindi á því svæði sem til meðferðar er:

„Um er að ræða bein og óbein eignarréttindi sem tengjast 132 KV háspennulínu, svonefndri suðurlínu. Á því svæði, sem hér um ræðir, nefnist línan Prestbakkalína I og liggur á milli Prestbakka í Vestur-Skaftafellssýslu og Hóla í Austur-Skaftafellssýslu, eins og nánar er tilgreint á meðfylgjandi kortum. Jafnframt er leið línunnar frá Hólum að Teigarhorni í Berufirði sýnd á meðfylgjandi kortum.

Auk beins eignarréttar að línunum, staurum, undirstöðumannvirkjum og tengivirkjum háspennulínunnar á umbjóðandi minn óheftan rétt til að komast að línunni til viðhalds og viðgerða hvenær sem er. Er þess óskað að háttvirt óbyggðanefnd gæti framangreindra réttinda umbjóðanda míns við uppkvaðningu úrskurðar um mörk þjóðlendu í Austur-Skaftafellssýslu, að svo miklu leyti sem línan kann að liggja innan þessara marka.“

Með bréfi, dags. 15.4.2002, kom fram sú viðbót við framangreint að einungis væri óskað eftir því að óbyggðanefnd gætti að umræddum réttindum Landsvirkjunar að því leyti sem háspennulínan lægi innan þjóðlendu, sbr. ákvæði laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sérstaklega 5. mgr. 10. gr. og ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, sérstaklega 10. gr.

Málskostnaðar var ekki krafist.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almennt

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-22 ásamt undirskjölum eða samtals 336 skjöl, sjá nánar í fylgiskjali nr. III.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Þjóðll. Lögmenntum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. I, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Landamerkjabók Skaftafellssýslu er á Þjóðskjalasafni og var yfirfarin af sérfræðingum safnsins, sjá nánar lið A í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

2. Jarðabréf (á Þjóðskjalasafni)

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni athuguðu jarðabréf í vörslu safnsins, sjá nánar lið J í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Sjá að öðru leyti lið D-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni leituðu heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu (1801-1929), sjá nánar lið B í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni síðari afsals- og veðmálabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

4. Landskiptabækur

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni landskiptabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Fasteigna- og jarðamöt

Lögð voru fram ljósrít af jarðamati 1804, 1849-1850 og 1916-1918, í vörslu Þjóðskjalasafns, sjá nánar lið L í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Um prentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið D-2.

6. Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur (dómsmálabækur, aukadómsbækur o.fl.) og sáttabækur, sjá nánar liði H og I, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Ekki var hins vegar talin

ástæða til að leita í bréfasöfnum sýslumanna (eða dómsskjölum) eða bréfabókum sýslumanna nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sama máli gegnir um hreppsþætur og bréfabækur hreppstjóra og sveitarstjórna. Um prentaða dóma er vísað í lið D-3.

7. **Kirknaskjöl**

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirknaskjöl, vísitásiubækur prófesta í Austur-Skaftafellssprófastdæmi, brauðamöt og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra 1839, sjá nánar liði C, M og P í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

8. **Vísitásiubækur biskupa**

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu fyrstu vísitásiubækur sex Skálholtsbiskupa og aðrar vísitásiur þegar tilefni var til, sjá nánar lið D í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

9. **Skjalasöfn presta og prófesta**

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirkjustóla og skjalabækur kirkna þegar sérstök ástæða var til, sjá nánar lið E í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

10. **Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga**

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu skjöl í þessum flokki þegar sérstök ástæða var til. Þannig voru athuguð skjöl varðandi kirkjujarðasölu í skjalasafni Stjórnarráðs Íslands, skjöl í skjalasafni landshöfðingja sem varða kirkjujarðasölu, bréf varðandi byggingu þjóðjarða í skjalasafni landshöfðingja og skjöl í skjalasafni landfógeta. Ekki var hins vegar talin ástæða til að leita í bréfabókum stiftamtmanns og amtmanns, bréfum til stiftamtmanns, amtmanns og stiftsyfirvalda eða bréfasafni landshöfðingja, nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sjá nánar liði F, G, Q og S, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Um prentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja er vísað í lið D-6.

11. **Bréfasöfn og bréfabækur biskupa**

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns litu lauslega á bréf til biskups úr Austur-Skaftafellssprófastdæmi og bréfabækur biskups, sjá nánar lið O og lokaorð í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns athugaði bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt, sbr. skjal nr. 3. Um prentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið D-8.

12. **Klausturumboð**

Nær engin slík skjöl tengjast Austur-Skaftafellssýslu, sbr. lokaorð í greinargerð Þjóðskjalasafns um gagnaöflun, skjal nr. 2. Það litla sem er var lauslega athugað.

13. **Fornleifaskráning (yfirlit)**

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu, sjá nánar lið A-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

14. **Örnefnaskráning**

Óbyggðanefnd lagði fram nokkrar örnefnaskrár frá Örnefnastofnun Íslands þegar sérstök ástæða var talin til, sjá nánar lið A-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

15. **Önnur óprentuð frumgögn**

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu af sérstöku tilefni skjöl frá jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins um sölu kirkjujarða í Austur-Skaftafellssýslu og skjöl í II. skrifstofu Stjórnar-

ráðs Íslands (atvinnu- og samgöngumál) varðandi þjóðjarðir í Austur-Skaftafellssýslu, sjá nánar liði K og R í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað nokkurra annarra óprentaðra frumgagna frá héraðsskjala-safni og víðar, sjá nánar lið A-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

B. Prentuð frumgögn:

1. Jarðabréf

Af hálfu óbyggðanefnd var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.), sjá nánar lið B-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð jarðabréf er vísað í lið C-2.

2. Fasteigna- og jarðamöt

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað ljósrita úr eftirtöldum fasteigna- og jarðamötum: Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847), Ný jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1942-1943, Fasteignabók 1956-1957. Sjá nánar lið B-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið C-5.

3. Dómar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir útgefna dóma Hæstaréttar og Landsyfírréttar og leitað að tilteknum efnisorðum, sjá nánar lið B-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaða dóma- og þingabækur er vísað í lið C-6.

4. Fjallskilareglugerðir

Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrít af þeim fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði (birtar í Stjórnartíðindum), sjá nánar lið B-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Máldagar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), sjá nánar lið B-5 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island, sjá nánar lið B-6 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja er vísað í lið C-10.

7. Landnáma

Óbyggðanefnd lagði fram ljósrít úr Landnámabók, í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði, sbr. lið B-7 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

8. Bréfabækur biskupa

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir bréfabók Guðbrands Þorlákssonar, skv. nafnaskrá. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur enda allar frá Hóla-biskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega, sjá nánar lið B-8 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið C-11.

9. Alþingisbækur Íslands

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Alþingisbækur Íslands, skv. nafnaskrá Alþingisbóka, sjá nánar lið B-9 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Lögð var fram umfjöllun um Fellshverfi í 13. bindi Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem birt er Jarðabók Ísleifs Einarssonar (útdráttur úr glataðri umfjöllun Árna og Páls), sjá nánar lið B-10 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um 13. bindi Jarðabókar er vísað í lið D-1.

11. Önnur prentuð frumgögn

Af hálfu óbyggðanefndar voru m.a. lögð fram gögn frá héraðsskjalasafni Austur-Skaftafellssýslu og upp úr manntali á Íslandi, sjá nánar lið B-11 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

Loks ber þess að geta að óbyggðanefnd aflaði greinargerða Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, Odds Sigurðssonar jarðfræðings og dr. Páls Imslands jarðfræðings um gróðurfar og staðhætti, jökla og strandbreytingar á svæðinu. Einnig var lagður fram nokkur fjöldi annarra skjala um sama eða tengt efni. Loks var að auki litið til almennra uppsláttarrita og ítarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, sjá fylgiskjal I.

4.4. Vettvangsferð

Farið var á vettvang fimmtdaginn 27. júní. Haldið var af stað síðdegis, að lokinni vettvangsferð um Öräfi. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila, voru þeir Sigurður Bjarnason, Hofnesi og Sigurður Björnsson, Kvískerjum með í för. Ekið var í austurátt eftir þjóðvegi nr. 1 og fyrst staðnæmst við mörk Breiðármerkur í Öräfum og Fells í Suðursveit eins og þau eru ákveðin annars vegar í landamerkjaskrá fyrir Fellslandi og hins vegar í landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi. Skyggni var gott og bæði Mávabyggðir og Esjufjöll sáust vel.

Ekið var áfram austur eftir þjóðvegi nr. 1 undir leiðsögn Sigurðar Bjarnasonar. Staðnæmst var við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi og ferðamannaáðstaðan þar skoðuð. Þar slóst Fjöltnir Torfason, Hala í förina. Þá var ekið áfram og næst staðnæmst þar sem lega Fellsárgljúfurs sást vel sem og Þverártindsegg. Þar slóst Örn Eriksen, Reynivöllum í hópinn og lýsti staðháttum. Þá lýsti Ólafur Sigurgeirsson hrl. legu kröfulínu ríkisins sem vel sást frá sama stað.

Að svo búnu var ekið áfram. Staðnæmst var við mörk Fells og Reynivalla og skoðað hvar Fellsárfoss ber í mitt Hrollaugshólaskarð. Því næst var stöðvað við mörk Reynivalla og Breiðabólstaðar og skoðað hvar Markhólma ber í hæstu þúfu á austasta Borgarhrauni. Þá var horft til fjalls og skoðað hvar mörkin liggja í Hvammsskriðu eystri. Að þessu loknu kvaddi Örn Eriksen.

Haldið var af stað á ný undir leiðsögn Fjöltnis Torfasonar. Næst var stöðvað við hin gömlu mörk Steina/Sléttaleitis og Breiðabólstaðar. Að sögn Fjöltnis Torfasonar keyptu eigendur Breiðabólstaðar þá jörð árið 1952 og lögðu hana undir Breiðabólstað. Þau mörk, sem samkvæmt landamerkjabréfi kallist mörk Kálfafells og Steina/Sléttaleitis, séu því nú mörk Kálfafells og Breiðabólstaðar.

Ekið var áfram í austurátt og staðnæmst við fyrrnefnd mörk Kálfafells og Breiðabólstaðar. Þar var Lúputindur skoðaður og horft inn Steinadal og á Þverártindsegg frá því sjónarhorni. Þá var skoðað hvar vörðu í Markhólma ber í Fiskikeldu. Varðan stendur nokkuð neðan við þjóðveg nr. 1 en Fiskikelda nokkuð ofan við hann. Loks var lína úr Fiskikeldu í miðjan Brókarjökul skoðuð.

Fjöltnir Torfason tók fram að það hafi ávallt verið hans skilningur á landamerkjaskrá Kálfafells að leiðir 1 og 2 í skránni vísuðu til fjörumarka en ekki landamerkja.

Haldið var áfram sem leið liggur eftir þjóðvegi nr. 1. Næst var stöðvað við mörk Kálfafellsstaðar og Borgarhafnar. Upplýst var að upptök Staðarár væru í Sultartungnajökli. Fjöltnir Torfason greindi frá því að Borgarhöfn væri eitt stærsta byggðaporpið í sýslunni og staði undir Túnklettum í kvos milli Borgarhafnarfells og Borgarhafnarfjalls. Næst var staðnæmst við upplýsingaskilti Vegagerðarinnar við Borgarhafnarhálsa. Austurmörk Borgarhafnar voru þar skoðuð, einkum lína sú sem liggur úr klofnum kletti í þriðju torfu frá Kambtúnslæk í Hestgerðiskambsenda og þaðan beina línu fram í lónið. Fjöltnir Torfason lýsti staðhættum og sagði frá útræði frá Hálsahöfn á fyrri öldum.

Haldið var áfram í austurátt. Fjöltnir Torfason lýsti breytingum á landslagi og gróðri, m.a. sagði hann frá vexti villtra jarðarberja í hliðinni fyrir ofan Stórahvamm. Ekið var fram hjá Sunnuhlíð og Uppsólum og beygt af þjóðveginum hjá Smyrlabjargavirkjun og stefnt upp á Borgarhafnarheiði. Staðnæmst var við Svínavatn og Skálafellsjökull skoðaður. Niður úr honum gengur Sultartungnajökull. Á sama stað var manngerður foss skoðaður.

Ekið var áfram upp heiðina. Fjöltnir Torfason greindi á leiðinni frá dýralífi á svæðinu. Hann kvað stóra hreindýrahjörð vera vestan Kolgrímu. Jafnframt greindi hann frá vexti birkitrjáa í Kálfafellsdal. Numið var staðar og horft yfir. Í förina slógust þeir Þorsteinn og Torfi Sigfússynir frá Skálafelli. Horft var suður yfir Innstavatn og á Kálfafellstind og suður yfir Miðvatn. Þá var horft norður á Þormóðshnútu og Snjófjall. Loks var litið til vesturs á Miðfellseggi, Birnudalstind og Birnudal.

Haldið var af stað á ný, stöðvað við Sultartungnagil og gengið að því. Um gilið rennur Staðará. Upptök hennar í Sultartungnajökli skoðuð. Til vesturs sá á tind Kálfafells.

Þá var haldið niður heiðina. Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur lýsti á leiðinni gróðurfari í Suðursveit og breytingum á því síðustu þrjátíu ár. Staðnæmst var og horft í átt að Skógarmannafossi. Þar sást Skálafellshnúta einnig vel sem og Hafrafell. Fjöltnir Torfason greindi frá því að jökullinn hefði áður náð niður að fossi. Hann sagði að jökullinn hefði byrjað að hopa um 1890 en skriðið aftur fram um 1920. Hann hefði náð lengst fram um 1930. Hann kvað jökullinn einnig hafa lækkað mjög mikið síðustu árin.

Loks var haldið til baka. Á leiðinni var staðnæmst við landamerki Kálfafellsstaðar og Kálfafells og þau skoðuð. Komið var í Freysnes þar sem vettvangsferð lauk að kvöldi.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af (Þorláki) Erni Eriksen, Reynivöllum III, Þorsteini Sigfússyni, Skálafelli I, og Fjölni Torfasyni, Hala. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í köflum um sögu viðkomandi jarða og niðurstöðum eftir því sem tilefni er til en skýrslur þessar eru meðal skjala málsins.

5. STAÐHÆTTIR OG NÁTTÚRUFAR

5.1. Staðhættir í Suðursveit¹

Í Suðursveit, eins og víðast hvar í Austur-Skaftafellssýslu, eru skörp landfræðileg og gróðurfarsleg skil milli fjalllendis og undirlendis. Fjalllendið er víða hátt og mikilfenglegt og endar víða í snarbröttum hömrum og lausum skriðum. Hæstu fjöll eru um og yfir 1000 m að hæð. Ofan fjalllendisins liggja undirhlíðar Vatnajökuls.

¹ Kaflar 5.1.-5.3. eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 14.

Þrír megindalir, Hvannadalur, Kálfafellsdalur og Staðardalur, auk fjölmargra annarra smærri dala, ganga inn í hálendið. Þeir eru eins konar framlenging láglendisins og enda margir þeirra í miklum bratta í 100-200 m hæð. Í dölunum eru veðurfarslega bestu gróðurskilyrði fjallendisins. Víða er skammt milli fjalls og fjöru í Suðursveit og fjöll ganga þar sums staðar næstum í sjó fram. Undirlendi er því víða lítið og sums staðar spillt af skriðum og grófum framburði. Víðlendir, gróðurlitlir aurar Steinavatna og fleiri áa eru til vitnis um það. Finefni framburðarins, jökulleir og finsandur, hafa hins vegar myndað frjósaman jarðveg sveitarinnar.

Undirlendið er myndað úr setlögum frá nútíma og hafa jökulárnar lagt efni til uppbyggingarinnar. Þær eru enn að verki en í langtum minna mæli en áður.

Strandlengjan einkennist af miklum söndum og hafnleysum og víða eru miklir vatnaflákar, lón, upp af sandfjörunum.

Á láglendi Suðursveitar er tiltölulega milt loftslag. Meðalsumarhiti er þar nær alls staðar hærri en 9°C og júlíhiti hærri en 11°C. Vetur eru tiltölulega mildir og er meðalhiti janúar hærri en -1°C. Ársúrkoma á láglendi Suðursveitar er 2000-3000 mm (meðaltöl árin 1971-1980).¹

5.2. Gróðurfar um landnám og síðari breytingar

Um gróðurfar í Suðursveit við upphaf landnáms verður aðeins ráðið af líkum sem sagnir, staða- og landfræðiheiti, þekking á loftslagi, jarðfræði og öðrum náttúrufræðilegum þáttum, svo og núverandi gróðurfar, renna stöðum undir. Á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands verið gert kort sem sýnir hugmyndir að gróðurfari á Íslandi um landnám.²

Loftslag var mun hlýrra um landnám en síðar varð og jöklar minni en nú. Gróður hafði þá verið að þróast í landinu í nærfellt 10.000 ár frá lokum síðasta ísaldarskeiðs. Má gera ráð fyrir því að mikið af því landi sem þá var íslaut hafi verið meira og minna gróið allt upp að 600-800 m hæð nema klettabelti og brattar, lausar skriður. Birkiskógur og kjarr með gróskumiklum undirgróðri óx þá inn eftir dölum og upp í a.m.k. 300-400 m hæð í hlíðum fjalla eða upp undir klettabelti þeirra. Þurrasti hluti undirlendisins hefur verið skógi vaxinn en vel grónar mýrar og flóar hafa einkennt hinn raklenda, neðri hluta undirlendisins, líkt og nú.

Nú er talið að um 1/5 hluti lands í Suðursveit sé vel gróinn en að um 4/5 hlutar séu fjöll og auðnir.³ Varlega má áætla að frá landnámi hafi a.m.k. helmingur af flatarmáli gróðurs á núverandi landi tapast, auk þess gróðurs sem fór undir ís við stækkun jökla eftir að veðurfar tók að kólna skömmu eftir landnám. Auk þessa beina taps á grónu landi rýrnaði gróska og gæði landsins mjög við það að trjágróður eyddist og við aðrar gróðurfræðilegar breytingar sem fylgdu í kjölfarið. Ætla má að blautustu mýrar og flóar hafi breyst minnst gróðurfræðilega.

Í Suðursveit hefur þannig orðið mikil rýrnun gróðurs, jarðvegs og þar með landgæða, eins og í flestum öðrum byggðum landsins. Orsakirnar eru samverkandi áhrif versnandi loftslags, náttúruhamfara og búsetu í liðlega 1100 ár. Vatnajökull hefur verið mikill örlagavaldur með eldgosum, framhlaupi skriðjökla og jökulhlaupum sem bæði hafa byggt upp og mótað land og spillt því.

Litlar upplýsingar eru um útbreiðslu, ástand og nýtingu skóglenda á jörðum í Suðursveit frá fyrri tíð. Þær er þó að finna í Ágripi af Jarðabók Ísleifs Einarssonar, sýslumanns á Felli, sem hann tók saman á árunum 1708-1709 að beiðni Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.⁴ Í þessu ágripi eru upplýsingar um skóglendi hverrar jarðar miklu knappari en yfirleitt gerist í Jarðabókinni. Þær er lítið getið um ástand skóglenda nema helst ef þau höfðu spillst eða eyðst af framgangi jökla.

Mikið var um skógarítök í Austur-Skaftafellssýslu á þessum tíma. Í nokkrum tilvikum voru ítök

1 *Skógræktarbókin*, 1990. Ritstj. Haukur Ragnarsson, Skógræktarfélag Íslands.

2 Eypór Einarsson og Einar Gíslason, 2000. Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands (1:500 000). Hugmynd um gróðurfar á Íslandi við landnám.

3 Ólafur Arnalds, o.fl., 1997: *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

4 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 417-438.

jarða ekki innan viðkomandi sveitar heldur sótt um lengri veg. Af þessu má ráða að í byrjun 18. aldar hafi skóglendi víða verið orðin lítilfjörleg eða eydd sakir versnandi veðurfars og mikillar ániðslu af völdum skógarhöggs og beitar.

Ítarleg skógarkönnun sem gerð var í Austur-Skaftafellssýslu á árunum 1988 og 1991 leiddi í ljós að í Suðursveit eru nú skóglendi á um 540 hekturum lands.¹ Þessi skóglendi eru nú yfirleitt í framför, birkið í góðu ástandi og er að breiðast út af eigin rammleik.

Gróður í hreppnum hefur verið að aukast og batna, fyrst og fremst vegna hlýnandi veðurfars, beislunar vatnsfallanna, stórfelldra ræktunarframkvæmda sem hafa leitt til bættra búskaparháttanna og í kjölfarið til aukinnar sjálfræðslu gróðurs. Vegna hagstæðra veðurskilyrða og víða frjósams jarðvegs er sjálfræðsla og árangur uppgræðsluágerða oft meiri og hraðari í Austur-Skaftafellssýslu en annars staðar á landinu. Á 6. og 7. áratug síðustu aldar hófst þar mikil bylting í ræktun sanda sem síðan hefur verið fram haldið.

Í heild hefur því ferli rýrnunar gróðurs og jarðvegs í Suðursveit, sem staðið hafði yfir öldum saman, verið snúið við á undanförunum áratugum. Þannig hafa landgæði verið að aukast á ný í Suðursveit fyrir tilstilli manns og náttúru.

5.3. Gróðurfar síðustu áratugi

5.3.1. Undirlendi

Gróðurfar í Suðursveit var kortlagt af starfsmönnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins árið 1971 og eru eftirfarandi upplýsingar um gróðurfar á síðustu áratugum að mestu leyti byggðar á niðurstöðum þeirra rannsókna.²

Á undirlendinu skal fyrst nefnt algróið land sem einkum er graslendi, mosa- og lynggróður og mýrar og flóar. Þá er hálfgróið land með mosa- og lynggróðri á landi sem er að gróa upp þar sem árnar flæmast ekki lengur yfir. Loks er nánast ógróið land eins og áreyrar og framburður á Breiðamerkursandi, Steinasandi, milli Kolgrímu og Heinabergsvatna og víðar, og lítt gróinn fjörusandurinn og lónin innan þeirra.

Á mörkum fjallendis og undirlendis, neðan til í fjallshlíðum, eru víða grasi grónar urðir og vallendi neðan þeirra.

Síðast en ekki síst er að geta ræktaðs lands – túnanna og víðáttumikils heyskaparlands á Breiðamerkursandi og Steinasandi.

Votlendisgróður, þ.e. flóar, mýrar og hálfdeigjur, setur mestan svip á hið náttúrulega gróðurfar undirlendis Suðursveitar. Að jafnaði er votlendið, að skóglendi og ræktuðu landi undanskildu, uppskerumesta gróðurlendi hreppsins og framtíðarræktunarland.

Í Suðursveit eru nú ellefu dreifð skógarsvæði á um 540 hekturum lands. Tvö lítil svæði eru ofarlega í Staðardal, nánar tiltekið í austurhlíðum Hálstinds og í vesturhlíðum Eyvindstungna og Bröttutungna. Austan Miðvatna eru nokkur dreifð skógarsvæði í hlíðum Kálfafellsdals en vestan Miðvatna eru skógarsvæði í austurhlíðum Staðarfjalls, á Steinasandi og í norðurhlíðum Steinafjalls. Þá eru þrjú lítil skógarsvæði í Hvannadal.

5.3.2. Fjallendi

Fjallendi Suðursveitar er afar misvel gróið og ræður þar mestu hæð landsins hversu áveðra það er, halli og skriður og fyrra beitarálag. Ofan 500-600 m hæðar er óvíða gróður nema þá mjög slitróttur og víðast hvar liggja mörk samfellds gróðurs mun neðar í fjallendinu, jafnvel niðri í brekkurótum. Gróður er, eins og áður var getið, samfelldastur, fjölskrúðugastur og gróskumestur neðan til í hlíðum dalanna sem skerast inn í hálendið. Einkum er þar um að ræða graslendi, lyngmóa, snjó-dældir og jafnvel sums staðar skóglendi eða kjarr. Dalirnir hafa vafalítið alltaf verið besta og mikil-

1 Snorri Sigurðsson og Ingi Þorsteinsson, 2001. Birkikönnun á Íslandi. (Óbirt handrit.)

2 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1971. Gróðurkort af Austur-Skaftafellssýslu í mælikv. 1:40 000. Óútg.

vægasta beitiland fjallendisins. Ofar í hlíðum verða veðurþolnar mosapembur ríkjandi í gróðurfari, en þær einkennast af tegundafæð, lítilli uppskeru og lágu beitargildi.

Vesturhluti fjallendisins ofan Sunnansandsbæjanna, þ.e. Veðurárdalsfjöll, Veðurárdalsegg og ofanvert Fellsfjall, er nánast gróðurlaus og það sama gildir um fjallendið næst jökli, allt norður undir efstu mörk Kálfafellsdals. Þaðan, austur að Hvannadal, tekur við fjallendi með allvel grónum daldrögum og hlíðum.

Hvannadalur er tiltölulega vel gróinn lyng- og mosagróðri. Staðarfjall, þar austur af, er að hluta allvel gróið upp í 400-600 m hæð. Fjallendið norður af því, svo og Kálfafellsfjöllin, er afar lítið gróið vegna hæðar og halla.

Í botni Kálfafellsdals ofanverðs eru ógrónar áreyrar en hlíðar í neðanverðum dalnum, bæði vestan og austan ár, eru neðan til vel grónar fjölbreyttum gróðri, þ. á m. birki. Ofar í dalnum gengur gróðurfar yfir í rýrar mosapembur.

Fjallendið ofan Miðþorpsins, milli Kálfafellsdals og Staðardals, einkennist af háum, snarbröttum og gróðursnaudum Kálfafellsfjöllunum. Suðvestur undir fjöllunum er vel gróinn Staðardalurinn, þar sem m.a. er skóglendi og votlendið Selmýri.

Austan Staðardals, ofan Borgarhafnarhverfis allt austur að Skálafellsjökli, breytist landslagið, lækkar og verður jafnlandara. Mestur hluti Borgarhafnarheiðar og Borgarhafnarfjalls er í 300-400 m hæð og aðeins Þormóðshnúta og Skálafellshnúta standa upp úr þeirri hæð. Þarna eru góð skilyrði fyrir gróður, miðað við annað fjallendi hreppsins og sýslunnar í heild. Borgarhafnarheiði er því tiltölulega vel gróin þurrlendis- og votlendisgróðri og gróður er þar fjölbreyttur.

Í Skálafellshnútu, sem er fjallendi ofan Skálafells í austasta byggðahverfinu, Mörk, er allmikill dreifður lyng- og mosagróður og hefur þar verið talið sæmilegt beitiland.

Í Hafrafelli, milli Heinabergsjökuls og Skálafellsjökuls, er talsverður lynggróður í austurhlíðum og einnig á strjálíngi í vesturhlíðum.

5.3.3. Ástand jarðvegs

Samkvæmt ritinu Jarðvegsrof á Íslandi telst vera mikið jarðvegsrof á um fjórðungi lands í Suðursveit sem er rakið til brattrar urðarhlíða og sanda. Rof, sem tengist eyðingu samfellds gróðurlendis á undirlendi, er hins vegar talið vera á um 10% lands.¹

5.4. Jöklar og jöklabreytingar²

5.4.1. Jöklar upp af Suðursveit

Vestast í Suðursveit er Breiðamerkurjökull upp af Breiðamerkursandi og hefur hann veitt sveitinni þungar búsifjar. Munaði minnstu að hann gengi út í sjó síðast á 19. öld. Síðan hefur jökullinn hopað eina 4 km og skilur hann eftir sig Jökulsárlón sem er eitt dýpsta stöðuvatn landsins. Þar var ekkert stöðuvatn fyrr á sögulegum tíma. Austasti hluti Breiðamerkurjökuls er kallaður Fellsjökull.

Þar sem Breiðamerkurjökull stendur nær sjó en aðrir jöklar á Íslandi (að Kvíarjökli undanskildum) er Breiðamerkursandur aðeins mjó landræma. Langt uppi í jökli eru veglegustu jökulsker á Íslandi en það eru Esjufjöll. Frá Esjufjöllum og öðrum jökulskerjum (Máfabýggðum og Fjölsvinns-

1 Ólafur Arnalds, o.fl., 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

2 Kafli 5.4. er byggður á greinargerð Odds Sigurðssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði jöklafræði, skjal nr. 15 (8), sbr. einnig skjöl nr. 15 (2) og 15 (4). Heimildir: Flosi Björnsson 1998. Samtíningur um jökla milli Fells og Staðarfjalls. *Jökull* 46. árg., 49-61. Guðmundur G. Bárðarson 1934. Islands Gletscher. Beiträge zur Kenntnis der Gletscherbewegungen und Schwankungen auf Grund alter Quellenschriften und neuester Forschung. Reykjavík, *Visindafélag Íslendinga*, XVI. Helgi H. Eiríksson 1932. Observations and measurements of some glaciers in Austur-Skaftafellssýsla in the summer 1930. Reykjavík, *Visindafélag Íslendinga*, XII. Oddur Sigurðsson. Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate (i prentun). Sigurður Björnsson 1996. Breiðamerkursandur. *Jökull* 44. árg., 57-59. Sigurdur Thorarinnsson 1943. Vatnajökull. The scientific results of the Swedish-Icelandic investigations 1936-37-38. Chapter XI. Oscillations of the Icelandic glaciers in the last 250 years. *Geografiska Annaler*, 25 (1-2), 1-56.

fjöllum) liggja miklar aurrendur svo sem Esjufjallarönd, Máfabyggðarönd og Breiðárrönd sem skipta jöklinum í fjóra ísstrauma.

Sá vestasti af ísstraumum Breiðamerkurjökuls er afsprengi Örafajökuls. Hann kelfir út í Breiðárlón sem myndaðist á 20. öld eins og önnur jökullón á sandinum. Breiðárlón nær austur undir Máfabyggðarönd. Sá hluti jökulsins, sem er upp af austurhluta lónsins, er kominn að mestu frá ísbreiðum Vatnajökuls vestan Esjufjalla en að litlu leyti af Örafajökli. Milli Máfabyggðarandar og Esjufjallarandar fellur ekkert meginvatnsfall frá jöklinum nú um stundir.

Fjöllin milli Breiðamerkurjökuls og Kálfafellsdals eru allhá og hafa safnað á sig smájöklum. Einn þeirra gengur til suðurs og undan honum rennur Fellsá og heitir jökullinn því Fellsárjökull. Fleiri jöklar eru umhverfis Þverártindsegg, sjá teikningu á skjali nr. 15(6). Þeir eru smáir og hafa ekki hlotið staðfest nöfn. Sá stærsti þeirra rennur úr Svöludal að Breiðamerkurjökli og myndar þar á mótunum mikla rönd sem er kölluð Veðurárdalsrönd á kortum og er þessi jökull þannig samtengdur Vatnajökli. Sama á við um þann sem nyrst liggur. Aðrir þessara smájökla ná ekki saman við Vatnajökul nema ef til vill á bláþráðum og er því skilgreiningaratriði hvort þeir teljist hluti af honum. Þannig er vel hægt að finna samtengingu milli jökulsins í Svöludal, Fellsárjökuls og þess sem gengur ofan í botn Veðurárdals innri.

Ofan í enda Kálfafellsdals gengur Brókarjökull frá meginjöklinum og annar lítill og nafnlaus litlu austar. Austan Kálfafellsdals er mikill skriðjökull, sem gengur niður undir Skálafell, sem er nú austasti bær í Suðursveit. Jökullinn hefur því verið nefndur Skálafellsjökull. Út úr honum til suðurs í átt að Staðardal hafa gengið smá jökultotur kallaðar Birnudalsjökull og Eyvindstungnajökull (stundum nefndur Sultartungnajökull). Heimamönnum þykir ófært að kenna þennan hluta jökulsins við Skálafell enda aðrir bæir miklu nær. Birnudalsjökull er nú nær alveg slitinn frá meginjöklinum og er á mörkum þess að geta kallast jökull en Eyvindstungnajökull er greinileg jökultunga.

Áður fyrr náðu Skálafellsjökull og Heinabergsjökull saman fyrir framan Hafrafell og voru þá gjarnan nefndir einu nafni Heinabergsjökull (stundum nefndur Mýrajökull). Jöklarnir skildust að á 4. áratug 20. aldar. Heinabergsjökull er í miklu dýpri dal en Skálafellsjökull.

5.4.2. Jöklabreytingar á sögulegum tíma

Um alla jökla á Íslandi gildir að þeir voru miklu minni um landnám en þeir eru á okkar dögum nema ef til vill Sólheimajökull. Breiðamerkurjökull kann að hafa verið 10 km styttri eða meira. Talið er að jöklar upp af Suðursveit hafi náð hámarki á sögulegum tíma um 1890 eins og víðast annars staðar á landinu. Nú er umfang jöklanna svipað og það var um eða eftir 1600. Allir jöklar landsins hoga nú sem ódast og er því spáð að svo haldi fram alla nýbyrjaða öld. Þó má búast við að Breiðamerkurjökull hofi hraðast því að hann mynnir í djúpt, sjávarheitt lón og mun verða svo í fyrirsjáanlegri framtíð. Á síðari hluta 20. aldar hefur lónið tekið alda birgðir af ís frá jöklinum. Lón er einnig fyrir Heinabergsjökli sem kann að flýta fyrir hofi hans um tíma. Líkur eru á að þar verði stöðuvatn eða lón til frambúðar.

Þá hefur Helgi Björnsson ritað um framskrið Breiðamerkurjökuls.¹ Þar kemur m.a. fram að framskrið austurjökulsins, þar sem nú er Jökulsá, hafi alls verið 9 km á tímabilinu frá 1732-1890 og 45 km² lands hafi horfið undir ís. Lengst hafi jökuljaðarinn náð fram 1894 eða 256 m frá sjó. Eftir það hafi hann tekið að hoga, hægt í fyrstu en hratt eftir 1930. Árin 1934-1935 hafi Jökulsárlón farið að koma fram við jökulsporðinn og Jökulsá að grafa sér fastan farveg til sjávar. Lónið hafi stækkað og 1991 hafi jökulsporðurinn legið 3 km frá sjó.

5.4.3. Vitneskja um jökuljaðra á liðnum öldum

Mjög ördugt er að segja til með vissu um legu jökuljaðars í Skaftafellssýslum á landnámsöld.

1 Helgi Björnsson, Frá Breiðumörk til jökulsands: mótun lands í þúsund ár, grein birt í *Kvískerjabók*. Skjöl nr. 11 (26)-11 (30).

Óvissan er allt frá fáeinum kílómetrum fyrir Skálafellsjökul og Heinabergsjökul upp í marga kílómetra (jafnvel meira en 10 km) fyrir Breiðamerkurjökul. Ýmis gögn má tína til um breytingar á jöklunum síðustu 3-4 aldir sem sýna að þeir hafa færst í aukana allan þann tíma þó með smá hléum og jafnvel hopi skamman tíma í senn (Sigurður Þórarinnsson 1943, Flosi Björnsson 1998 og Oddur Sigurðsson í prentun).

Árin 1903-1904 lét herforingjaráð Dana mæla fyrir kortum í Austur-Skaftafellssýslu og má treysta þeim mælingum á jökuljöðrum svo víða skakkar ekki meiru en 100 m. Jón Eyþórsson veðurfræðingur hélt úti árlegum mælingum á jökulsporðum víða um land frá 1930 og er þessum mælingum nú haldið áfram í umsjá Jöklarannsóknafélags Íslands og er hægt að afla upplýsinga úr gögnum félagsins um breytingar á sporðum á Breiðamerkurjökli, Fellsárjökli, Brókarjökli, Skálafellsjökli og Heinabergsjökli. Af þessum mælingum má í mörgum tilvikum sjá breytingar á jökulsporðunum um fáeina metra. Helgi H. Eiríksson (1932) mældi stöðu Hoffells-, Svínafells-, Fláa-, Heinabergs-, Skálafells- og Eyvindstungnajökuls. Guðmundur G. Bárðarson (1934) tók saman ýmislegt um breytingasögu íslenskra jökla, þar á meðal jökla í Suðursveit. Yfirlit um sögu þessara jökla eftir Sigurð Þórarinnsson birtist 1943.

Sumrin 1945 og 1946 voru teknar loftmyndir af öllu landinu á vegum hers Bandaríkja Norður-Ameríku (AMS) og síðar gerð eftir þeim kort allnákvæm þótt mistök komi fram í þeim í nokkrum landshlutum. Á þeim ætti lega jökuljaðars við sunnanverðan Vatnajökul ekki að skakka meiru en um 100 m að jafnaði. Á Orkustofnun var gert kort af útlínunum Vatnajökuls eftir gervihnattamyndum frá 1991 og 1992. Á þeim kortum ætti stöðu jökuljaðars í Suðursveit ekki að skakka miklu meira en 50 m að jafnaði. Slík kort má gera eftir eldri og nýrri gervihnattamyndum og fá þannig stöðu og breytingar jökla eftir hentugleikum.

Í máli þessu hafa verið lögð fram gögn sem sýna útlínur jökla í Suðursveit skv. kortum 1903-1904 (herforingjaráðskort), loftljósmyndum 1945-1946 (AMS), og Landsat-gervihnattamyndum 1991-1992, auk ystu jökulgarða skv. kortlagningu 1903-1904.¹

5.5. Náttúruminjar og friðland

Eftirtaldir hlutar þess svæðis, sem hér er til umfjöllunar, eru á náttúruminjaskrá, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Breiðamerkursandur, Jökulsárlón, jökulöldur við Kvíárjökul og Eystrihvammur“, „Steinadalur og Staðarfjall“, og „Skálafellsjökull og fjallendi í Suðursveit“. Þessi landsvæði er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þá voru Esjufjöll í Breiðamerkurjökli lýst friðland með auglýsingu nr. 188/1978.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu.

6.1. Landnám

Suðursveit er suðurhlutinn í upphaflegu landnámi Hrollaugs Rögnvaldssonar Mærajarls.²

1 Sbr. skjöl nr. 15 (6) og 15 (7).

2 Hrollaugur var samfeðra Göngu-Hrólfí „er vann Norðmandi; frá honum eru Rúðujarlar komnir ok Englakonungar“ (*Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 314). Sonardóttir Hrollaugs, Þórdís, var móðir Síðu-Halls Þorsteinssonar sem lét „snimhendis“ skírast af Þangbrandi biskupi og kemur mikið við sögu kristnitökunnar í landinu (sbr. *Íslendingabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 14, 16).

Að sögn Sturlubókar og Hauksbókar Landnámu fór Hrollaugur til Íslands með ráði Haralds konungs hárfagra Hálfðanarsonar og hafði með sér konu sína og syni:

Hann kom austr at Horni ok skaut þar fyrir borð ǫndvegissúlum sínum, ok bar þær á land í Hornafirði, en hann rak undan ok vestr fyrir land; fekk hann þá útivist harða ok vatnfátt. Þeir tóku land vestr í Leiruvági á Nesjum; var hann þar enn fyrsta vetr. Þá frá hann til ǫndugissúlna sinna ok fór austr þannveg; var hann annan vetr undir Ingólfsfelli. Síðan fór hann austr í Hornafjörð ok nam land austan frá Horni til Kvíar ok bjó fyrst undir Skarðsbrekku í Hornafirði, en síðan á Breiðabólstað í Fellshverfi. Þá hafði «hann» lógat þeim löndum, er norðr váru frá Borgarhöfn, en hann átti til dauðadags þau lönd, er suðr váru frá Heggsgerðismúla.¹

Einar Ólafur Sveinsson taldi engan vafa leika á um takmörk landnámsins:

Kvíá er alkunn á austan til í Örfum og heitir sama nafni enn í dag. Hún rennur nú² í tveim kvíslum, og er talið, að takmörk landnámsins hafi verið við Vestari-Kvíá. Að austan takmarkast landnámið af fjallgarðinum milli Lóns og Hornafjarðar, og hafa mörkin til hafs án efa verið þar sem nú eru landamerki Horns og Fjarðar syðra (og þar með hreppamörk): til hafs út frá Brunnhorni.³

Haraldur Matthíasson kvað landnám Hrollaugs hafa verið um 80 km á lengd, „austan frá Vestra-Horni og út að Kvíá, sem er austarlega í Örfum“.⁴

Í Landnámu er tekið fram að Hrollaugur hafi lógað þeim löndum er voru norður frá Borgarhöfn. Einn þeirra manna, sem keyptu land af Hrollaugi, var Úlfur hinn vorski: „Úlfr enn vorski keypti land at Hrollaugi suðr frá Heinabergsá til Heggsgerðismúla ok bjó at Skálafelli.“⁵ Hér mun að drjúgum hluta átt við það landsvæði sem síðar hefur gengið undir heitinu Suðursveit. Um vesturmörk landnámsins sagði Einar Ólafur Sveinsson þetta:

Hin vestari [mörk] má ætla að séu á svipuðum stað og landamerki Heggsgerðis og Borgarhafnar. (Markhóll við Bleikuhnútu, „þaðan í klofinn klett í þriðju torfu frá Kambtúnslæk og þaðan í Hestgerðiskambsenda, þaðan beina línu fram í Lónið“).⁶

Hann gerði jafnframt ráð fyrir að Heggsgerði hefði heyrt til landnámi Úlfs og verið byggt þaðan. Í Landnámu er því ekki lýst nákvæmlega hversu langt inn til fjalla landnámið náði. Í Hauksbók, og reyndar fleiri gerðum Landnámu, standa þessi orð:

Austfirðir byggðusk fyrst á Íslandi, en á millim Hornafjarðar ok Reykjaness varð seinst albyggt; þar réð veðr ok brim landtöku manna fyrir hafnleysis sakir ok øræfis. Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikfæit fýstisk frá sjónum til fjallanna.⁷

Talið er vafalaust að við landnám hafi gróðurþekja í Suðursveit verið mun meiri að víðáttu og

1 *Landnámabók* 1986, s. 317 (Sturlubók og Hauksbók). *Heggsgerðismúla* stendur í Þórðabók en *Hreggs-* í Sturlubók og Skarðsbók Landnámu. Það munu vera pennaglöp. Nú er nafnið venjulega borið fram *Hestsgerði* (*Landnámabók* 1986, s. 316-317 (7. nmgr.)).

2 Þ.e. árið 1948.

3 Einar Ól. Sveinsson, 1948: *Landnám í Skaftafellspingi*. (Skaftfellinga rit. 2. b.) Reykjavík. S. 70.

4 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 375.

5 *Landnámabók* 1986, s. 319.

6 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 79. Lýsingin í sviga er augljóslega sótt í landamerkjabréf Borgarhafnar 1922 (sbr. kafla 6.7.).

7 *Landnámabók* 1986, s. 337.

grósku en nú er og jökla minni. Um gróðurfar við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan er fjallað í kafla 5.2. og um jöklabreytingar á sögulegum tíma er fjallað í kafla 5.4.

6.2. Fell

Fell kemur fyrst við sögu í kaupbréfi 19. júní 1513 þegar ábúandi jarðarinnar Runólfur Jónsson, seldi Stefáni Jónssyni biskupi í Skálholti jörðina Skeggjastaði á Ströndum.¹ Um 1522 átti Teitur Þorleifsson lögmaður 20 hundruð í Felli, sem var helmingur jarðarinnar, en seldi Ögmundi Pálssyni biskupi þennan eignarhlut sinn árið 1525.² Árið 1555 keypti Páll Vigfússon, sýslumaður og síðar lögmaður á Hlíðarenda í Fljótshlíð, 30 hundruð í Felli en ári fyrir hafði fallið dómur um sölu á 10 hundruðum úr jörðinni.³ Samkvæmt skiptabréfi 19. maí 1570, að Páli lögmanni látnum, kom Fell, 40 hundruð að dýrleika, í hlut systur hans, Önnu Vigfúsdóttur (Önnu á Stóruborg).⁴

Í máldagabroti úr safni Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er fullyrt að hálfkirkja sé að Felli, og er þetta haft úr einu handriti.⁵

Í vísitasku Jóns biskups Vídalíns 1706 er skýrt svo frá að Ísleifur Einarsson sýslumaður hafi gefið kirkjunni að Felli „Reka a Fellssfiöru, fra Breidamerkur eystra Fiöromarke, v^c [hundrud] Fadma tolfraed, so langt austur epter Sande sem tilvinst“.⁶ Um miðja 18. öld var kirkjan komin í eyði.⁷

Fell var metið á 60 hundruð í jarðamati 1686 en 40 hundruð árið 1697 og var þá farið eftir fornu mati.⁸ Jörðin er ekki metin til dýrleika í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 en tvær hjáleigur frá Felli eru þar nefndar: Bakki og Borgarhóll. Í heimild frá 1760 hefur hjáleigan Brennhólar bæst við en þær voru allar þrjár komnar í eyði í byrjun 19. aldar.⁹ Um eignir og ítök jarðarinnar er þetta tilgreint:

Afrétt á jörðin í Veðurárdal¹⁰ og selveiði á Hrollaugseyjum.

Reka á jörðin fyrir sínu landi allan, nema 5^c faðma, sem kirkjunni er gefinn (hvör eð var á Felli, þá þessi jarðabók tekin var og sýslumaðurinn, sál. Ísleifur Einarsson, lét þar setja að yfirvaldanna leyfi, en nú er sú kirkja orðin í eyði).

Skógarítak á jörðin í Steinalandi á Steinadal, kallað Fellsmýri fremri.

Annað í Breiðabólstaðarfjalli, kallað Fellsmýri innri.

Item skógarítak í Breiðabólstaðarfjalli, sem fylgt hefur fyrir v^c úr Breiðabólstað að gjöf sýslumannsins Ísleifs Einarssonar.¹¹

1 *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 458.

2 *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 93 og 273.

3 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn*. 12. b. Reykjavík 1923-1932. S. 710-177. *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 82-83.

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 15. b. Reykjavík 1949. S. 408.

5 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 701.

6 Skjal nr. 2 (15).

7 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 433. Ísleifur Einarsson varð sýslumaður í Austur-Skaftafellssýslu 1683 og fór þá að búa á Felli (*Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 2. b. (Kristján Benediktsson: Mýrar. Þorsteinn Guðmundsson: Suðursveit). Reykjavík 1972. S. 260).

8 Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 333.

9 Sbr. *Jarðatal á Íslandi með brauðahýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 5 (10. nmgr.). Fjórða hjáleigan, Antasel, var komin í eyði fyrir 1700 (*Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 261).

10 *Veðurárdal* stendur í tveimur handritum.

11 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 433.

Skógarítök þessi eru ítrekuð í jarðamati 1849 en hlutur kirkjunnar í rekanum hefur þá trúlega verið talinn til eigna jarðarinnar.¹

Í jarðamati 1804-1805 var dýrleiki jarðarinnar kominn niður í 20 hundruð en þá voru hjáleigurnar komnar í eyði.² Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleikinn hinn sami, 20 hundruð, en haft er eftir sýslumanni að Fell sé aðeins 6 hundruð að dýrleika.³ Í Nýrri jarðabók 1861 er Fell hins vegar metið á 10,7 hundruð.⁴

Árið 1850, 8. apríl, var gerður makaskiptasamningur milli séra Þorsteins Einarssonar á Kálfafellsstað og Jóns Þorsteinssonar á Skálafelli og er Fell þar talið 6 hundruð að dýrleika. Efni samningsins var á þá leið að séra Þorsteinn afhenti undan sér og sínum erfingjum 5 hundruð og 80 álnir í jörðinni Borgarhöfn en fékk í staðinn 3 hundruð í Felli sem var helmingur þeirrar jarðar. Síðan segir orðrétt í samningnum:

Þessi jörð öll er nú metin 6^c, eru því þessi þrjú hundruð er eg hér með afsala mér og mínum erfingjum til síra Þorsteins og hans erfingja, helfingur nefndrar jarðar, Fellsins, sem skal héðan í frá vera hans sannarleg eign með öllum gögnum og gæðum til lands og sjóar til þeirrar jarðar ytrustu ummerkja; á þessum mér nú afsöluðu 3^c í Fellinu býr bóndinn Magnús Sigurðsson og geldur eftir þaug 53 merkur.⁵

Á manntalsþingi að Hofi í Örafum 7. maí 1851 var lesin upp lögfesta fyrir eignum og ítökum þeirrar jarðar. Hofi var þá m.a. eignuð eyðijörðin Fjall og hálf eyðijörðin Breiðamörk en um austurmörk hennar varð ágreiningur við eigendur Fells. Í lögfestu Hofsmanna segir m.a.:

Enn fremur lögfestum við eptirskrifuð ítök sem Hofsjörðu eiga að filgja; first einn fjórðapart af grasnít í Ingólfshöfða; an<n>að, eiðijörðin Fjall, sem liggur á Breiðamerkursandi austann Kvískerja land, lögfestum við nefnda jörð með öllum nitjum til fjalls og fjöru, er fjarann talinn 9 [hundruð] firir Fjallsfít, og loksins lögfestum við hálfá eiðijörðina Breiðumörk með tilheirandi fjöru veiðistöðum og öllum landsnitjum, liggur jörð þessi firir austann Fjallsland, austur að Fellslandi í Suðursveit, vestann Jökulsá á Breiðamerkursandi þar sem hún nú fellur úr Jökli.⁶

Þessari lögfestu Hofsmanna svöruðu eigendur Fells með nýrri lögfestu 24. júlí sama ár:

Ar 1851 hinn 24a júlí var eptirfylgjandi lögfesta samin af eigendum jarðarinnar Fells í eystri Skaptafells sýslu séra Þorsteini Einarssyni á Kálfafellsstað og Gísla bónda Þorsteinssyni á Uppsölum.

Hérmeð gjörum vér heyrum kunnugt eignar og umráðamenn jarðarinnar Fells í Fellshverfi Kálfafellsstaðarsókn og austur Skaptafells sýslu að vér lögfestum nú í dag undir nefnda eig(n)ar jörð vora allt innan þeirra um merkja og örnefna til lands og sjóar sem neðanskriafað tilgreinir: að austanverðu eða millum Fells og Reynivalla sjónhending af fjörunni í miðt Hrollaugshólaskarð og miðjan þann fremsta foss í Fellsá, sem ber þar í og blasir á móti nær ámynnst stefna er tekin af fjörunni, síðan ræður það austari gljúfur upp frá nefndum fossi og deilir löndum allt í jökul upp. Að ofanverðu takmarkar Breiðamerkur jökull land jarðarinnar allt að Breiðamerkur á og skiptir hún löndum milli Fellsins og Örafá einsog hún beinast rennur og hefur runnið undan jökli og til marka á milli Breiðamerkur og

1 Skjal nr. 2 (29).

2 Skjal nr. 2 (38).

3 *Jarðatal* 1847, s. 5.

4 *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprilmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 5.

5 Skjal nr. 2 (8).

6 Skjal nr. 11 (21).

Fjalls fjöru. Að framan takmarkar meiginhaf land jarðarinnar frá Reynivalla lands og fjöru mörkum allt til marka á millum Breiðamerkur og Fjallsfjöru og er öll sú fjara er liggur á milli nefndra landamerkja einasta Fellinu tilheyrandi að frátekni Breiðamerkur fjöru, hvor tekin er sem ítak af öðrum enda fjöru jarðarinnar Fells og liggur fyrir hennar landi. Sömuleiðis lögfestum vér Hrollaugseyar, sem liggja í hafi út fyrir jarðarinnar landi með þeirri fyrirskipun, sem vor hin fyrri lögfesta þar um með sér ber (og sem afskrifuð finnst í kopíu bók sýslunnar), líka eirnin lögfestum vér þau ítök sem liggja undir þessa jörð, skóga ítak í Steina landi, kallað Fellsmyri fremri, annað skógarítak í Breiðabólstaðar fjalli, fyrir 5 hundruð í Breiðabólstaðnum, gjöf sýslumanns herra Ísleifs Einarssonar og hið þriðja skógar ítak í sama fjalli, kallað Fellsmyri ynnri.

Með þessari lögfestu fyrir bjóðum vér einum og sérhvörjum að hagnota sér hið minnsta af nefndra jarða nýttjum hvörjum sem eru innan hér tilgreindra ummerkja lands eignar hennar og að taka án okkar leyfis og samþykkis, en gefum á skaðabætur og landnáms sök, ef í er ort að óleyfi, þettað hvað um sig að orðfullu og lögfullu.

Eirnin viljum vér með þessari lögfestu ónýta og hindra (að okkar vitund) grundvallarlausu lögfestu Hofis ábúenda í Öræfum auglýstri þar á manntalsþingi næst liðið vor, þar hún tekur inni okkar eignarjarðar Fellsins landareignir og tileinkar sér ekki alllittin part þaraf, sem enginn nú lifandi maður veit að í umtal fyrr komið hafi eða aðrir yrkt og brúkað enn Fellseigendur og ábúendur eptir sem þessi lögfesta vor tiltekur. Vér bjóðum okkur þá til andsvara móti nefndra bænda ábeitar frekju í landareign vorri á lögmætri tíð stað og réttarhaldi. Þessa lögfesta er grunduð á öldungis óátalinni brúkun og yrkingu Fellsins eigenda og ábúenda svo lengi elstu menn til muna og heyrta hafa. Ofan og framanskriafaða lögfestu staðfestum við undirskriafaðir.

Uppsölum sama ár og dag sem fyrr greinir
Gísli Þorsteinsson Th. Einarsson

Framan og ofanskriafaða lögfestu höfum við undirskriafaðir lögformlega birt við Kálfafells staðar kyrkju fyrir kyrkju söfnuðinum til staðfestu okkar nöfn

B Jonsson J. Bjarnason

Lesið fyrir manntalsþingheimi að Hofi í Öræfum 5 maí 1852 og var lögfestunni mótmælt af öllum hlutaðeigendum er þar voru til staðar.¹

Árið 1854 var leyst úr þessum ágreiningi milli eigenda jarðanna Hofis og Fells en hann snerist ekki sist um grasnytjar austan megin Breiðár. Niðurstaðan var sem hér segir:

ad öll grasnit initjar og virkilegur eignarréttur Skal hereptir einasta til heira Felli i Sudursveit, allt ad austur mörkum Fjallsfjöru, sem eru á millum Breiðumerkurfjöru og Fjallsfjöru, og Skal þaðann af Fjörunni sjónhending tekinn beina Stefnu i Svörturák sem er á joklinum uppundann Breiðá og undann hvorri hun rennur. Svo Skulu og Hofis eigendur og ábuendur njóta alls vestann meiginn vid nemda Breiðá og til greindu stefnulínu Fjalls og fjöru á milli og so langt vestur sem treista ser land ad helga. Med þessum samningi er so öll þræta uti utaf nemdu þrætuplássi, daud og maktarlaus firir alda og óborna, og malefnid þannig leitt til likta med óriufannlegum Dómskrapti.²

Hér virðast mörkin dregin við Breiðá og er það nokkru vestar en talið er að hin fornu hreppa-

¹ Skjal nr. 2 (43).

² Skjal nr. 2 (27). Sbr. skjal nr. 2 (26).

mörk hafi legið, þ.e. við Jökulsá á Breiðamerkursandi.¹ Hin umsömdu mörk eru hins vegar í samræmi við það sem stendur um Fell í gerðabók fasteignamatsefnar 1916 að Jökulsá „[falli] um land jarðarinnar“.² Af heimildum má þó ráða að mörkin milli Fells og Breiðármerkur voru engan veginn ljós á þessum tíma.³

Heimildir eru fyrir því að jörðin Fell hafi gengið kaupum og solum á 19. öld. Áður hefur verið greint frá því að árið 1850 fékk séra Þorsteinn Einarsson á Kálfafellsstað 3 hundruð í Felli í skiptum fyrir 5 hundruð og 80 álnir í Borgarhöfn.⁴

Í september 1868 varð hlaup í Veðurá svo að flytja varð bæjarstæði Fells í svokölluð Stekkjartún, austar með fjallinu. Þar var búið til ársins 1873 þegar jörðin fór endanlega í eyði.⁵ Árið 1890 afsalaði Guðný Runólfsdóttir, búandi á Mariubakka í Kleifarhreppi, bróður sínum, Eyjólf Runólfssyni á Reynivöllum (hreppstjóra) eftirtalda jarðeignarparta, sem börn hennar hlutu eftir ömmu sína, Guðrúnu Bjarnadóttur⁶: 3 hundruð og 40 álnir í jörðinni Reynivöllum, 48 álnir í Felli og 8 ²/₃ álnir í Breiðamerkurfjöru í Hofshreppi. Ekki kemur fram hversu stór hluti fjörunnar þessar álnir voru. Afsalið var lesið á manntalsþingi að Kálfafelli 7. maí sama ár en eftirfarandi athugasemd var gerð í afsals- og veðmálábók: „Það sjest eigi í afsals og veðbrjefabókum Skaftafellssýslu nje í tilheyrandi registrum, að börn seljanda hafi átt neitt í hinum seldu fasteignarpörtum.“⁷ Í lok aldarinnar, 31. maí 1891, var hálf Fell „með tilheyrandi fjöru, ásamt ¹/₂ Breiðamerkurfjöru“, afsalað til Eyjólf Runólfssonar, hreppstjóra á Reynivöllum en áður hafði Torfhildur Hólm í Winnipeg átt þennan hluta jarðarinnar.⁸

Fellsland var talið gott til upprekstrar eftir því sem greint er frá í gerðabók fasteignamatsefnar 1916. Beitarland eyðijarðarinnar í Fellsfjöllum og á Breiðármerkursandi er þar sagt stórt, grýtt en gott til sauðfjarbeitar, sumar og vetur. Eyjólfur Runólfsson var þá enn aðaleigandi jarðarinnar, átti 7,52 hundruð af 10,7 hundruðum, og nytjaði hana til búskapar á jörð sinni en aðrir eigendur voru bændurnir á Fagurhólsmýri, Hnappavöllum, Skálafelli og Uppsölum.⁹ Jörðin hefur síðan að mestu verið í eigu afkomenda Eyjólf og skyldmenna og hafa þeir m.a. leigt land við Jökulsárlón undir umfangsmikla ferðapjónustu.¹⁰

Landamerkjabréf jarðarinnar Fells var undirritað að Reynivöllum 1. maí 1922 og þinglesið á manntalsþingi að Borgarhöfn 13. júlí sama ár:

1. Að austan milli Fells og Reynivalla er að Fellsárfoss ber í miðt Hrollaugshólaskarð, og er sú beina lína í sjó sem þá verða fjörumörk.
2. Landa og fjörumörk að vestan milli Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps er varða hlaðin á fjörunni vestan við hornið á nýgræðunum sem á að bera í Hálfðánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif í Máfabygðum og er það bein lína á milli Fells og Breiðamerkurlanda og fjörumörk. Þetta eru einnig mörk milli hreppanna Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps.¹¹

1 Sbr. Lýður Björnsson, 1972: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. Fyrra bindi. Reykjavík. S. 115-116. Þar segir höfundur að vesturmörk Suðursveitar hafi á líkindum náð „vestur að Jökulsá á Breiðamerkursandi og Kvía“ (s. 115). Nú ná mörkin vestur fyrir Nýgræður, „alllangt fyrir vestan Jökulsá á Breiðamerkursandi“ (*Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 131).

2 Skjal nr. 2 (31).

3 Sbr. skjal nr. 1 (8).

4 Sbr. einnig dánarbú eftir Ingunni Guðmundsdóttur frá 1834 en þar kemur fram að hún hafði átt 6 hundruð í Felli (skjal nr. 2 (52)).

5 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 258-259.

6 Hér er trúlega átt við Guðrúnu Bjarnadóttur, eiginkonu Gísla Þorsteinssonar, sem fluttist frá Felli til Uppsala sennilega um 1850 (sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 167-168).

7 Afsalið er dagsett 1. mars (skjal nr. 2 (44)).

8 Skjal nr. 2 (10). Faðir Torhildar, séra Þorsteinn Einarsson, hafði eignast hálf Fell með makaskiptum 1850, sbr. hér fram- ar.

9 Skjal nr. 2 (30).

10 Skjal nr. 11.

11 Skjal nr. 2 (1).

Undir bréf þetta rita Eyjólfur R. Sverrisson, „eigandi og ábúandi“ (Reynivalla), Þorsteinn Arason, eigandi að ⁷/₁₂ hluta Reynivalla, og Sigurður Sigurðarson, báðir ábúendur á Reynivöllum, og tveir menn að auki en ekki er getið hvar þeir bjuggu. Þeir voru Jón Bjarnason og Gísli Bjarnason. Á þeim tíma bjuggu bræður tveir með þessum nöfnum á Uppsölum og var annar þeirra, Jón, kvæntur Guðnýju Eyjólfsdóttur frá Reynivöllum.¹ Þess má einnig geta að Sigurður Sigurðsson á Reynivöllum var tengdasonur áður nefnds Eyjólfss hreppstjóra Runólfssonar sem hafði eignast hálf Fell ásamt Breiðamerkurfjöru að hluta á árunum 1890-1891.²

Í landamerkjabréfinu er minnst á Mávabyggðir í Vatnajökli en um þær voru til sagnir sem tengdu fjalllendið við jörðina Fell. Sagan segir að á dögum Ísleifs Einarssonar sýslumanns á Felli, nálægt aldamótunum 1700, hafi bóndinn á Kvískerjum fundið nokkrar kindur í Esjuþjóllum (eða Mávabyggðum) og slátrað þeim. Þegar bóndinn hafði nýlokið slátruninni bar þar að konu utan úr sveitinni og veitti því eftirtekt að mark sýslumannsins var á elstu ánni og hlaut bóndinn sekt fyrir tiltækið.³ Hið rétta er að nokkrir bændur munu hafa hætt sér yfir jökulinn upp í Mávabyggðir og náð þar í allmargt ómerkingsfé án þess að láta sýslumanninn vita eins og skylt var um ómarkað fé. Fyrir þetta dæmdi sýslumaðurinn þá fyrir þjófnad.⁴ Að öðru leyti komu Mávabyggðir ekki við sögu Fells.

Heimildir benda ekki til annars en að nokkuð samfelld búseta hafi verið að Felli frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og þar til hún fór í eyði. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti.⁵

6.3. Reynivellir

Á Reynivöllum var hálfkirkja sem lá til Kálfafellsstaðar samkvæmt máldaga sem talinn er frá 1343.⁶ Í máldagasafni Vilkins biskups frá 1397 er sérstakur máldagi um kirkjuna á Reynivöllum. Eignir hennar voru þá sex ær og ein kýr auk fátæklegs messuskrúða og kirkjumuna.⁷ Samkvæmt máldaga, sem virðist úr tíð Ögmundar biskups Pálssonar (1523?), hefur kirkjan á Reynivöllum eignast 10 hundruð í heimalandi.⁸ Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er hins vegar ekkert minnst á eignarhlut kirkjunnar í heimalandi en jörðin sjálf sögð 30 hundruð að dýrleika.⁹

Í jarðabók frá 1686 eru Reynivellir taldir 50 hundruð að dýrleika og var þá miðað við tvitugfalda landskuld, en í jarðabók 1697 er jörðin skráð 30 hundruð í samræmi við hið forna mat.¹⁰ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er dýrleikinn óbreyttur. Jörðin er þar sögð bóndaeign en hálfkirkjan var þá niður fallin. Um eignir jarðarinnar segir m.a.:

Reka á jörðin fyrir sínu landi, sem heitir Reynivallaþjara.
Item rekaitak fyrir Breiðabólstaðarlandi.
Engjaitak í Breiðabólstaðarlandi, kallað Reynivallateigur.
Skógarítak í Breiðabólstaðarfjalli, kallað Koltungur innri.
Annað í sama fjalli, kallað Fagriskógur.
Skógarítak í Steinalandi, kallað Barnaskógur.

1 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 168-169.

2 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 252-253. Eyjólfur Runólfsson sýnist hafa ritað nafn sitt Eyjólfur R. Sverresen (eða Sverrisson) á seinni hluta ævi sinnar.

3 Sigurður Björnsson, 1979: „Öræfasveit.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 121.

4 Sveinn Pálsson, 1983: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. 1. b. Reykjavík. S. 280.

5 Sbr. skjöl nr. 2 (44, 45, 54) og 4 (84).

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 771. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 244 (máldagi 1367?).

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 235, sbr. s. 200.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 188.

9 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 701.

10 Björn Lárusson 1967, s. 333.

Item annað skógarítak í sama landi, kallað Reynivallakinn.¹

Þegar manntal var gert 1703 virðist hafa verið þrívíli á Reynivöllum og svo var einnig samkvæmt því sem ráða má af jarðamati 1804-1805. Þá bjuggu þar jarðeigandinn og tveir leiguliðar.² Í Jarðatali Johnsens 1847 er haft eftir presti að býlin á jörðinni séu tvö og nefndi sýslumaður þau „Reynivelli“ og „Efri Reynivelli“. Jörðin var þá enn 30 hundruð að dýrleika.³ Í Nýrri jarðabók 1861 er jörðin hins vegar metin á 13,8 hundruð.⁴

Landamerkjabréf Reynivalla er undirritað 8. apríl 1888 og lesið á manntalsþingi að Kálfafelli 19. apríl 1892:

- 1° Mark að austan er þegar Markhólmi þar sem hann er hæstur ber í hæstu þúfu á austasta Borgarhrauni og ræður sú lína norður að jökli.
- 2° Mark að vestan er þegar fossinn neðst í Fellsárgljúfri ber í miðt skarðið á Hrollaugshólum, frá fossinum ræður Fellsárgljúfur mörkum að jökli.
- 3° Jörðin á fjöru fyrir öllu sínu landi.
- 4° Ítök á jörðin í annara löndum.
 1. Engjar í Breiðabólsstaðarteigum, Borgarhvammm.
 2. Skógarhögg í Breiðabólsstaðarfjalli, sem heitir Fagriskógur og annað, sem Koltungur innri heitir í sama fjalli.
 3. Skógarhögg í Steinadal, Barmaskóg⁵ og Kinn.
- 5° Ítak á jörðin Breiðabólsstaður innan ofangreindra landamerkja jarðarinnar, það er hálfsmánaðar-beit fyrir allan búsmala í Hrollaugshólalandi.⁶

Undir bréf þetta rita ábúendur Reynivalla og Breiðabólsstaðar og þeirra býla sem þar voru, en ekki er tekið nákvæmlega fram hvar hver þeirra bjó: Eyjólfur Runólfsson (Reynivöllum/Miðbæ), Steinunn Þórðardóttir (Reynivöllum), Oddný Sveinsdóttir (Gerði), Steinn Þórðarson (Breiðabólsstað), Benedikt Þorleifsson (Hala) og Margrét Brynjúlfsdóttir (Breiðabólsstað).⁷ Séra Sveinn Eiríksson á Kálfafellsstað undirritaði bréfið 6. mars 1890. Í lok bréfsins standa þessi orð:

Þessi landamerkjaskrá er samin og undirrituð af ábúendum jarðanna Reynivalla og Breiðabólsstaðar 1888 en dagsett og sínd til birtingar 1888⁸, undirrituð af viðkomandi presti 1890 og afrituð sama ár. Vitnar Eyjólfur Runólfsson.

Samkvæmt gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 voru, eins og um miðja 19. öld, tvö býli á Reynivöllum. Nefndust þau Neðribær og Efribær, hvort með sinn eigandann.⁹ Í Fasteignabók 1938 er tekið fram að tvívíli hafi verið á Reynivöllum II (Efribæ).¹⁰ Þriðja býlið, Reynivellir III, var síðan stofnað út frá Reynivöllum I og var nafntökuleyfi gefið út 3. desember 1953.¹¹

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Reynivöllum frá því

1 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 432.

2 Skjöl nr. 4 (63) og 2 (38). Við manntalið 1801 var búið á Reynivöllum efri og neðri en á Reynivöllum neðri var tvívíli.

3 *Jarðatal* 1847, s. 5.

4 *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

5 *Barna-* í Jarðabók Ísleifs Einarssonar hér framar og í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 (skjal nr. 2 (31)).

6 Skjal nr. 2 (2).

7 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 233-234, 235-236, 237-238, 252-253.

8 Þannig í handriti.

9 Skjal nr. 2 (31). Sbr. skjal nr. 4 (21) (Fasteignabók 1922), skjal nr. 4 (22) (Fasteignabók 1932).

10 Skjal nr. 2 (23). Þar eru Efribær og Neðribær ekki lengur sérnöfn (ritað „efri bær“ og „neðri bær“).

11 Skjal nr. 4 (49).

að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin verið framseld með hefðbundnum hætti og veðsett.¹

6.4. Breiðabólstaður

Eins og áður hefur komið fram settist landnámsmaðurinn Hrollaugur Rögnvaldsson að á Breiðabólstað í Fellshverfi eftir að hafa búið um hríð undir Skarðsbrekku í Hornafirði. Hálfkirkja (þ.e. kirkja með hálfri messuskyldu), helguð Blasíusi biskupi², var á Breiðabólstað samkvæmt máldaga frá fyrri hluta 14. aldar (1343 að talið er). Hún lá til kirkjunnar að Kálfafelli (Kálfafellsstað) í Fellshverfi og voru greidd þaðan árlega til sóknarkirkjunnar hundrað álnir (um eitt kýrverð) fyrir prestsþjónustu.³ Sérstakur máldagi hálfkirkjunnar á Breiðabólstað er í máldagasafni Vilkins Skálholtsbiskups 1397. Þar eru ekki skráðar aðrar eignir kirkjunnar en tvö kúgildi, einn hestur, Mariúlíneski og fáeinir kirkjumunir að auki.⁴ Um 1500 hafði Kálfafellskirkja eignast skóg allan í Breiðabólstaðarfjalli „er uid risa breckur“.⁵ Að öðru leyti var allt óbreytt um hálfkirkjuna á Breiðabólstað. Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er skýrt frá því að hálfkirkjan á Breiðabólstað eigi Hólafjörú, sem metin var á 12 hundrað, Helli hinn eystra, Hólaland og hálfá Vindásfjörú, samanlagt hundrað faðma. Jörðin sjálf var metin á 30 hundrað.⁶

Í jarðabók 1686 var dýrleiki Breiðabólstaðar reiknaður 50 hundrað, þ.e. tvítugföld landskuld, en 30 hundrað árið 1697 og var þá miðað við fornt mat.⁷ Þegar Jarðabók Ísleifs Einarssonar var gerð í byrjun 18. aldar var hálfkirkjan fyrir löngu niður lögð. Jörðin var þá bóndaeign, 30 hundrað að dýrleika, og eignir hennar sem hér segir:

Afrétt á jörðin í Breiðabólstaðarfjalli.
Item skóg og grasatekju á Hvanndal í Breiðabólstaðarfjalli.
Reka á jörðin fyrir nokkrum parti landsins.
Selstöðu á jörðin í Breiðabólstaðarfjalli.⁸
Rekaítak á jörðin á hálfri Vindásfjörú í mót Kálfafellsstað.
Skógarítak í Vindásbotnum í Steinalandi.
Beit xvij nautum um sumar á Borgarhafnarheiði.
Beit xvij hrossum í Sævarhólalandi.
Hálfsmánaðar beit öllum búsmala í bæði mál í Hólalandi.⁹

Á sama tíma áttu nokkrar jarðir ítök í Breiðabólstaðarfjalli og víðar á þessu svæði: Sævarhólar áttu ótiltekið skógarítak í fjallinu, Reynivellir áttu skógarítak í fjallinu „kallað Koltungur innri“ og annað í sama fjalli „kallað Fagriskógur“ og einnig Fell í „Fellsmýri innri“ auk skógarítaks sem fylgt hafði gjöf Ísleifs sýslumanns Einarssonar. Kálfafellsstaður átti ótiltekið skógarítak í Breiðabólstaðarlandi en Borgarhöfn „þar sem heitir Borgarhafnarnes og Fiskakelda“. Loks er að nefna að Reynivellir áttu engjaítak í Breiðabólstaðarlandi, „kallað Reynivallateigur“.¹⁰

Þrátt fyrir öll þessi ítök annarra jarða hélt Breiðabólstaður enn eftir mikilvægum landsnyttjum

1 Sbr. skjöl nr. 4 (49, 50). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 250-253.

2 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 188.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 771. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 244 (máldagi Kálfafellskirkju frá 1367?).

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 200.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 452.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 701.

7 Björn Lárusson 1967, s. 332.

8 Það sem segir um rekann og selstöðuna er ekki í einu handriti textans (Lbs.).

9 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 432.

10 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 429-433.

í Staðarfjalli eins og fram kemur í Jarðabók Ísleifs og áréttað er í síðari tíma heimildum, m.a. í jarðamötum og landamerkjabréfi jarðarinnar frá lokum 19. aldar.

Auk þeirra jarða, sem hér hafa verið nefndar, gerðu ábúendur Kálfafells einnig kröfu um ítak í landi Breiðabólstaðar. Um það varð ágreiningur og kærðu Breiðbælingar Kálffellinga fyrir að hafa „notad sér til Hagbeitar Staðarfjall er Breiðabólstað tilheyrir, án Leifis Breiðbælinga, og nú loksins téð Landspláts kallad sína Eign sem brúkad og sókt Heidargrös í Breiðabólstaðar Lan[d]eign Breiðabólstaðar Ábúendum að þackarlausu og án Betalings offtast nær“.¹ Í máli ábúenda Kálfafells kom fram „að þeir og Formenn þeirra á Kálfafelli brúkad hafi Staðarfjall að undanfögnu átölulaust til Hagbeitar, geti þess vegna eck[i]... að so stöddu fastsett nockra Forlíkun í því að útbetala Giald fyrir Sambeit í Staðarfjalli, fyrrenn gefid hafi Landsdrottni sínum tilkynna að ecki meigi nióta þess med Fridi, sem hann og hans hafi brúkad frá gamallri Tíð“.² Eftir nokkrar samningaviðræður var kveðinn upp svólátandi sáttargerð 11. apríl 1818:

ad Kálffellingar afseigia sér allann, sovel Eignar sem Sambeitar Rétt í Staðarfjalli héreftrir, sem þeir nú medkenna, að þeir ecki heldur átt hafi þar að undanfögnu. Uppgefa einnig Breiðbælingar Kálffellingum fyrir Hagbeit í nefndu Fjalli, sem og fyrir Grasatekiu í þeirra Landareign allt til þessa.³

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar, sem fyrr er nefnd, er ekki minnst á býlið Gerði og ekki heldur í jarðamati 1804-1805. Það er hins vegar nefnt í manntölum 1703 og 1801. Í manntalinu 1801 er einnig komið til sögunnar býlið Hali.⁴ Það bendir til að Gerði og Hali hafi einungis verið hjáleigur á þessum tíma og byggð þar sennilega stopul.

Árið 1810 lögfesti Eiríkur Benediktsson, eigandi hálftrar jarðarinnar Breiðabólstaðar, eign sína, og er sú lögfesta varðveitt í afriti sem notarius publicus í Reykjavík staðfesti 1. nóvember 1889. Lögfestan er svohljóðandi:

Sem eigandi halfrar Jarðarinnar Breiðabolstaðar 15^o ad dýrleika liggjandi í austur Skaftafellssýslu, og Kálfafells kirkjusókn lögfesti eg hennar tún og Engiar, skóga holt og haga Reka vötn og veidistade, samt allar landsnitjar, er því landi eiga ad fylgia og fylgt hafa til Fjals og Fiöru til um merkia þeirra, er adrir menn eiga á móti. Hiermed lögfesti eg allt Breiðabolstaðar undir Breiðabolstað, ad helmingi móti hinum Jarðarinnar medeigendum, gras og land nordur undir Jökul, Hvanndal allann fyrir austann Kaldá, eirnenn fyrir vestann uppá Eggjar framm ad Klifa á, ad medfylgjandi grasmóa Sléttlendum frammundann fjallinu so langt sudur, sem Klifatánginn fyrir ynnann Steina ber í steininn í Stórudock fyrir innan Kalfafell; So og Lögfesti eg undir Breiðabolstað skóg í Breiðabolstaðarfjalli nefnilega Bruna Hólmkvarda móa og Midfell, Inn undir Jökul fyrir austann grenishvamma og ad Kaldá, ad fráteknu því er Reinivöllum filgir, sem er Koltungur Innre og Fagreskógur, eirnenn Fellsmýri, sem Fell á So og Stadarskóginn, sem er milli gjá og Steinbogagils. Sömuleidis lögfesti eg eftir Gísla Biskups Jónssonar máldaga Hólafiöru 12^o í Helle hinn eistra, Hólaland og hálfá Vindásfiöru, eirninn lögfesti eg til Breiðabolstaðar skóg í Steina sem heita Vindásbotnar, hvört skógar Ítak liggur á Innri sýdu ad fossinum, sem er fyrir framan Dalbotna gren, so og beit 18 nautum umm sumar á Borgarhafnarheidi, samt beit 18 hestum í Sæfarhólalandi; Fyrirbiódandi sier hvörum manni í ad vinna sér ad nitia eður notka, nema mitt sé lof edur leifi fyrir, þann helming greindrar Jarðar sem eg á med, leggjandi þarvid hinar frekustu sektir, sem eg má ad lögum.⁵

1 Skjal nr. 2 (23).

2 Skjal nr. 2 (23).

3 Skjal nr. 2 (23).

4 Sbr. skjöl nr. 4 (63) og 2 (38). *Manntal á Íslandi 1801*. Suðuramt. Reykjavík 1978. S. 19.

5 Skjal nr. 2 (25). Eiríkur Benediktsson undirritar þessa lögfestu í Ármanesi, 28. apríl 1810.

Annar eigandi Breiðabólstaðar og ábúandi þar, Guðmundur Þórarinnsson, sem átti 7 hundrað í jörðinni, lögfesti á sama skjali land hennar, skóg og reka „eftir öllum í framanskrafadri Lögfestu Innfærdum atridum“.

Í Jarðatali Johnsens 1847 er Breiðabólstaður sem fyrr skráður 30 hundrað en í athugasemd er haft eftir sýslumanni að jörðin sé einungis 15 hundrað að dýrleika.¹ Þar er tekið fram að Gerði og Hali finnist ekki í jarðabókum en vísað er í orð sýslumanns og prests um að hvort býli um sig sé 7½ hundrað að dýrleika. Í Nýrri jarðabók 1861 er Breiðabólstaður metinn á 19,9 hundrað með hjáleigunni Gerði en Hala er þar ekki getið.²

Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849 er vitnað til þess sem segir í Jarðabók Ísleifs Einarssonar um skógarítak jarðarinnar í Vindásbotni í Steinalandi og grastekju á Hvannadal og síðan er bætt við að Reynivellir og Kálfafellsstaður eigi skógarítak í Breiðabólstaðarfjalli.³ Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 er komist svo að orði að jörðin eigi „upprekstrarland Staðarfjall (Breiðabólstaðarfjall) og er þar talsverður skógur er tilheyrir jörðinni“. Ítök Breiðabólstaðar í löndum annarra jarða virðast lítið hafa breyst frá því sem var á dögum Ísleifs Einarssonar:

Ítök sem jörðin á í aðrar jarðir, er 12 nauta beit í Borgarhafnarland, og nautaganga í Sævarhólaland, sömuleiðis mánaðarbeit fyrir allan búsmala í Hrollaugshólum í Reynivallalandi, og hálfan reka af Vindásfjöru, og skóg á Vindás á Steinadal. Þessar jarðir eiga skógarítak í land jarðarinnar: Kálfafellsstaður, Sævarhólar, Borgarhöfn, Fell og Reynivellir. Ennfremur eiga Reynivellir engjaitak í Breiðabólstaðar teigum.⁴

Í þessari sömu gerðabók frá 1916 er einnig nákvæm lýsing á „jörðum“ sem nefndar eru „Breiðabólstaður Gerði“ og „Breiðabólstaður Hali“. Hvor jörðin var metin á 5 hundrað og virðast þær báðar þá hafa verið sjálfstæðar eignarjarðir.⁵ Að undanskildum tünnum munu flest landgæði hafa verið sameiginleg Breiðabólstaðartorfunni. Í gerðabókinni er komist svo að orði að öll ítök, kvaðir og sameiginlegar landsnyttjar Breiðabólstaðar skiptist „að tiltölu réttir á alla hluta jarðarinnar eftir jarðamatinu frá 1861“.⁶

Landamerkjabréf Breiðabólstaðar var upphaflega ritað 4. maí 1886 en er einungis varðveitt í staðfestu eftirriti frá 10. febrúar 1893 og þinglesið á manntalsþingi að Kálfafelli 12. maí 1893:

A.

1. Milli Reynivalla og Breiðabólstaðar liggur merkjalínan af fjörinni að sjá – í Markhólma og hæstu þúfu á Borgarhrauni austasta og þaðan í Hvammskriðu eystri.
2. Milli Sljettaleitis- og Breiðabólstaðar – af fjörinni að sjá – ber auðkendan stein á Markaleiti í hnjúk á miðri Markargilsegg.
3. Breiðabólstaður á skógarhögg allt og beit og grasatekju í Breiðabólstaðarfjalli, að meðtöldu grasmíra-sljettlendinu fyrir framan fjallið allt suður að Kaldá, svo langt suður, að Klifatangi fyrir innan Steina ber í stóra steininn í Stóradokk fyrir innan Kálfafell; austan við fjallið liggur bein lína úr miðjum jöklinum og suður um Markhólma (í Kaldár(þ)unguni) vestanverðan, allt til sjós – og ræður sú lína merkjum milli Kálfafells- og Breiðabólstaðar. Breiðabólstaður á allan Hvannadal austanmegin Dalsár og vestanmegin alt suðrað Klifaá.

1 *Jarðatal* 1847, s. 5.

2 *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

3 Skjal nr. 2 (30).

4 Skjal nr. 2 (31).

5 Skjal nr. 2 (31). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 234-239.

6 Skjal nr. 2 (31).

B.

Breiðabólsstaðr á þessi ítök í öðrum jörðum.

1. Allan reka hálfan af Vindásfjöru.
2. Beit 18 nautum um sumar í Borgarhafnarheiði.
3. Beit 18 hrossum um sumar í Sæfarhólalandi.
4. Hálfsmánaðar beit öllum búsmala í bæði mál í Hólalandi.
5. Skógarítak í Steinalandi, nefnt Vindásbotnar. Takmörk þess ítaks – á innri síðu að fossinum, sem er fyrir framan Dalbotnagreni, en að framan þegar sjór hverfur sjón norðan á Vindás.¹

Undir bréf þetta eru rituð nöfn nokkurra einstaklinga án þess að geta um leið þeirra jarða sem hver og einn var fulltrúi fyrir en ráða má af öðrum heimildum hvar þeir bjuggu: Oddný Sveinsdóttir (Gerði), Steinn Þórðarson (Breiðabólsstað), Benedikt Þorleifsson (Hala), Margrét Brynjúlfsdóttir (Breiðabólsstað/Suðurrúsum), Sigurður Sigurðsson (Kálfafelli), Sigr(íður) Sigurðardóttir (Kálfafelli), Sv(einn) M. Einarsson (Kálfafelli?) og J.K. Benediktsson (séra Jóhann Knútur Benediktsson, Kálfafellsstað).²

Vitað er að tvíbýli var á Breiðabólsstað árið 1703 og einnig í byrjun 19. aldar þegar jarðamat fór fram í sýslunni.³ Árið 1857 fékk Gísli Þórarinsson part úr jörð föður síns, Þórarins Jónssonar, og bjó í Suðurrúsum.⁴ Í Fasteignabók 1922 eru tilgreind þrjú býli á Breiðabólsstað: Breiðabólsstaður I, II (Gerði) og III (Hali).⁵ Í Fasteignabók 1938 hefur bæst við nýbýlið Lundur (Breiðabólsstaður III) en Hali var þá Breiðabólsstaður IV.⁶ Jörðin Sléttaleiti var lögð undir Breiðabólsstað eftir að síðustu ábúendurnir fóru þaðan 1952.⁷ Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Breiðabólsstað frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmála-bókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin verið framseld með hefðbundnum hætti og veðsett.⁸

6.5. Kálfafell

Kálfafell og Kálfafellsstaður voru í öndverðu sama jörðin og nefndist þá einu nafni Kálfafell. Talið er að sú jörð, sem nú nefnist Kálfafell, hafi komið til sögunnar eftir lok staðamála 1397 þegar kirkjujörðin Kálfafell komst undir forræði biskups og varð staður. Bóndinn á jörðinni á þá að hafa fengið hluta hennar til eignar sem nefndist eftir það Kálfafell eða Kálfafell innra (ytra) til aðgreiningar frá Kálfafellsstað.⁹ Elstu ótvíræðu heimildirnar um þessa jörð eru þó varla eldri en frá 17. öld. Þó má benda á að í máldaga Kálfafellsstaðar frá um 1500 eru nefndar Laufatungur hinar innri sem standi „í kalfafells landi hinu ytra“.¹⁰ Frá árinu 1633 er til lýsing á landamerkjum milli Kálfafellsstaðar og Kálfafells „ytra“, og virðist tilefni hennar hafa verið ágreiningur um slægjuland milli Kálfagrófar og Merkirima (sbr. kafla 6.6.).

Kálfafell var bóndaeign og talið 50 hundruð að dýrleika í jarðabók 1686. Þá var miðað við tví-

1 Skjal nr. 2 (3).

2 Í sambandi við jarðanöfnin er hér stuðst við *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 206, 222, 233, 235-236 og 237.

3 Skjöl nr. 4 (63) og 2 (38). Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 232.

4 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 233.

5 Skjal nr. 4 (21), sbr. skjal nr. 4(22) (Fasteignabók 1931).

6 Skjal nr. 4 (23), sbr. skjal nr. 4 (24) (Fasteignabók 1957). Hér mun vera um sjálfstæðar jarðir að ræða. Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* 2 (s. 237) er Lundur talinn nýbýli úr jörðinni Hala.

7 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 244.

8 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 232-234. Skjal nr. 4 (60-62).

9 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 193. Hjörleifur Guttormsson, 1993: „Við rætur Vatnajökuls. Byggðir, fjöll og skriðjökklar.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 136. Jörðin er í heimildum ýmist nefnd Kálfafell innra eða ytra (sbr. *Jarðabók* 13, s. 431, 10. nmgr.).

10 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 452.

tugfalda landskuld. Samkvæmt jarðabók 1697 var jörðin 30 hundruð að dýrleika og var þar farið eftir fornu mati.¹ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er greint frá því að Kálfafell eigi reka fyrir landi sínu og einnig „beit um mánuð á sumar öllum búsmala í Kálfafellsstaðarlandi. Beit um vetur 12 hrossum í Hestgerðislandi“.² Á sama tíma átti Hestgerði skógarítak á Kálfafellsdal sem kallaðist Hestgerðisskógur, og Kálfafellsstaður átti skógarítak í Laufatungum innri, einnig á Kálfafellsdal.³ Í Jarðatali Johnsens 1847 er jörðin metin á 30 hundruð en 26,1 hundruð í Nýrri jarðabók 1861.⁴

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er m.a. þessi lýsing á jörðinni:

Túnin eru góð, fódra 6 kýr, engiar eru í meðallagi, en hagar litlir. Jörðin álitst að geta framfleytt 9 kúm og 150 fiár. Fjöru á jörðin fyrir sínu landi og skóg í sínu landi, svo og litla silungsveiði.⁵

Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar frá sama ári er áréttað það sem stendur í Jarðabók Ísleifs Einarssonar að Kálfafell eigi „mánaðarheit fyrir allan fénað í Kálfafellsstaðarlandi“.⁶ Loks er að geta þess að í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 eru ítök Kálfafells og ítök annarra í þeirri jörð hin sömu og greint er frá í fyrrnefndri Jarðabók Ísleifs Einarssonar.

Landamerkjabréf Kálfafells var undirritað í apríl 1890 og lesið á manntalsþingi að Kálfafelli 7. maí 1890:

1. að austan milli Kálfafells og Kálfafellsstaðar: Grásteinn beri í þúfu): Kálfsleiði í Kálfagróf og beina línu í sjó, er verða þá um leið fjörumörk milli Kálfafellsfjöru og Staðarfjöru.
2. að vestan milli Kálfafells og Steina: Varða í Markhólma beri í Lúputind og verður sú beina lína einnig fjörumark milli Kálfafellsfjöru og Vindásfjöru.
3. milli Kálfafells og Breiðabólstaðar: Varðan í Markhólma beri í Fiskikeldu, úr Fiskikeldu í miðjan Brókarjökul.
4. Reka á jörðin fyrir sínu landi): Kálfafellsfjöru, sömuleiðis beit um mánuð á sumar öllum búsmala í Kálfafellsstaðarlandi og beit um vetur fyrir 12 hross í Hestgerðislandi.

Þvermark er bein lína úr Klifatanga í stein á Stórudokk.⁷

Auk eigenda og ábúenda á Kálfafelli rita fjórir aðrir undir landamerkjabréfið til samþykktar en ráða verður af öðrum heimildum hvar þeir bjuggu á þeim tíma. Menn þessir voru Steinn Þórðarson (Breiðabólstað), Benedikt Þorleifsson (Hala), Þórarinn Steinsson (Gerði) og Brynjólfur Jónsson (Breiðabólstað/Suðurhúsum).⁸ Einnig ritaði undir bréf séra Sveinn Eiríksson sem fékk Kálfafellsstað 1887.⁹

Athygli vekur síðasta setningin í landamerkjabréfinu. Þar virðist dregin sjónlína í þekkt kennileiti sem miðað var við þegar skipt var landi eða hlunnindum (sbr. landamerkjabréf Breiðabólstaðar í kafla 6.4.).

1 Björn Lárusson 1967, s. 332.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 431-432.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 430-431.

4 *Jarðatal* 1847, s. 5. *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

5 Skjal nr. 2 (29).

6 Skjal nr. 2 (30).

7 Skjal nr. 2 (4).

8 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 233-234, 235, 238.

9 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 206.

Á Kálfafelli hefur lengstum verið margbýli. Þrjú býli voru þar 1703 og fjögur árið 1801 þegar manntal fór fram í sýslunni.¹ Í fasteignabók 1916 eru þrjú býli nefnd á Kálfafelli, Austurhús, Miðhús og Upphús, hvert með sínum eiganda.²

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Kálfafelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin verið framseld með hefðbundnum hætti og veðsett.³

6.6. Kálfafellsstaður

Eins og greint er frá í kafla 6.5. voru Kálfafell og Kálfafellsstaður í öndverðu sama jörðin og nefndist þá Kálfafell. Talið er að sú jörð, sem nú nefnist Kálfafell, hafi komið til sögunnar eftir lok staðamála 1397 þegar kirkjujörðin Kálfafell komst undir forræði biskups og varð *staður*. Bóndinn á jörðinni á þá að hafa fengið hluta hennar til eignar sem nefndist eftir það Kálfafell eða Kálfafell innra (ytra) til aðgreiningar frá Kálfafellsstað.⁴ Í þessum kafla verða raktar helstu heimildir um Kálfafellsstað og þau býli sem reist hafa verið á jörðinni.

Kálfafellstaðar er getið í Njálssögu en þar á að hafa búið Kolur Þorsteinsson sem tók kristna trú af Þangbrandi presti og hjú hans öll.

Í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200 er minnst á kirkju að Kálfafelli⁵ en elsti varðveitti máldagi kirkjunnar er talinn vera frá 1343. Í máldaganum er greint frá því að Ólafskirkja að Kálfafelli í Fellshverfi eigi „heima land allt með gögnum oc giædum. skoga og fiður slijkar sem eru. vidarhogg j Hola land a xxx. hesta“.⁶ Í máldaga kirkjunnar síðar á öldinni (1367?) hefur nokkuð bæst við eignir hennar og ítök:

Olafs kirkia a kalfafelli j fellshuerfi a heimaland allt med gögnum oc giædum skogum oc rekum. hun a xviii^c fiðru. er ligger fyrer stadnum. hun a fiðru er liggur fyrer steinajörðu. oc eru reiknut fiðru mörkin fyrer austan ad bera skilldi tindinn yfer kalldardal j midtt skardid j riupnadal. enn fyrer vestan stadar fiðruna oc steina fiðru. rædur austan verd[r]e naust topt þeirri(!) er stendr j steina jörðu. oc j vörðu þa er stendur j flesinne firir austan steina götu er jnn er ridid a dalinn. hun a x. vxa beit a borgar hafnar heidi vm sumar vidarhogg j hola land a .xxx. hesta. viij kyr og fimmtiju asaudar. gielldfiar hundrad. hált fimmta hundrad j hrossum. vj hundrud j metfie. oc hundrad vadmala.⁷

Athyglisvert er að í máldaga Vilkins biskups 1397 eru þessar eignir ekki taldar upp og líkist hann að því leyti máldaganum sem ársettur er 1343.⁸ Í máldaga kirkjunnar, sem talinn er frá um 1500, eru taldar upp eignir kirkjunnar í samræmi við það sem stendur í máldaganum 1367(?) en til viðbótar eru þessar eignir:

Item gaf hinrich Arnason⁹ j Testamentisgiöf fiöru er att hafa vppsaler er liggur uid Smijrlabiargarfjöru sancti Olafi og kalfafells stad er liggur j fellshuerfi. er það fiordungur ur öllum rekum.

1 Skjal nr. 4 (63). *Manntal* 1801 (1978), s. 17-18.

2 Skjal nr. 2 (31). Sbr. skjal nr. 4 (21) (Fasteignabók 1922), skjal nr. 4 (22) (Fasteignabók 1931). Í Fasteignabókum 1938 og 1957 eru talin upp býlin Kálfafell I (Miðhús), II (Upphús) og III (Sólvangur) (skjöl nr. 4 (23 og 24)).

3 Sbr. skjöl nr. 2 (11, 53) og 4 (53-56). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 218-224.

4 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 193. Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 136. Jörðin er í heimildum ýmist nefnd Kálfafell innra eða ytra (sbr. *Jarðabók* 13, s. 431, 10. nmgr.).

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 5.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 771.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 243.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 200.

9 Í skýringum við bréfið í *Íslensku fornbréfasafni* (7, s. 452) er upplýst að maður þessi komi við bréf í Hornafirði 1480 og sýnist þá hafa verið gamall maður.

hun äa skög allann j breidabolstadarfialli er uid risa breckur. hun äa skog allann j þui fialli er fyrir innan gia er og alltt ad steinbogagili sem kallad er. äarhalsa skog fyrir innan birnnäa. hun äa laufatungur hinar innri sem standa i kalfafells landi hinu ytra.¹

Í máldaganum er minnst á Kálfafellsland hið ytra og gæti þar verið átt við bóndaeignina sem talið er að hafi orðið sérstök jörð eftir lok staðamála 1397.

Loks er að nefna máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 en þar eru ekki nefndar aðrar fasteignir og hlunnindi en í máldaganum frá 1343.² Af þessu má sjá að mjög er misjafnt hversu ítarlega greint er frá eignum kirkjunnar í máldögum hennar en þá ber að hafa í huga að erfitt hefur reynst að tímasetja þá nákvæmlega.

Árið 1633 bað presturinn á Kálfafellsstað Árna Oddsson lögmann um að skoða „með góðum mönnum“ landamerki milli Kálfafellsstaðar og Kálfafells ytra en um þau voru misvísandi vitnisburðir. Presturinn kvaðst ekki vita mikið um landamerkin „utan um þá Kálfafróf, sem landamerki hafa verið haldin úr þeirri þúfu. En hvað sjónhending ætti þaðan að taka, var hann ekki viss um, en í Merkirima sagði hann haldinn hefði verið fjörumörk, en hvort utarlega eða austarlega í hann halda skyldi, þóttist hann ekki vera viss um“.³ Einkum var óljóst hversu langt „austur yfir borgina“ á Ytra Kálfafelli landamerkin náðu. Lögmaðurinn skipaði tíu menn til að fara yfir landamerkin en engin ótvíræð niðurstaða fékkst af þeirri athugun:

Riðu vér fyrst á þá þúfu, sem er í Kálfafróf og svo suður að borginni og létum stíga frá henni 30 faðma austur í mýrina þaðan og að Merkirima, kallaður er. En vegna þess dimmt var orðið, kunnu vér ekki rétta sjónhending að seila og riðu þess vegna í burtu frá oss sonur Jóns heitins Pálssonar [á Ytra Kálfafelli], Koðran, og hans sonarsonur, Bjarni Pálsson. Varð hér ekki á önnur ályktan en sú, að lögmaðurinn fyrirbauð þeim eignarmönnum Ytra Kálfafells lengra að halda austur á mýrina en 30 faðma frá borginni, því að þeir mundi ekki mega erfá það, sem þeirra forfeður höfðu sér ekki eignað. En um fjörumerkin á rímanum, hvar [þau] byrjaðist að vestan, mætti þeir láta sverja tvo ærlega gaml[a, skyn]sama menn, svo framt sem þeir vildu ekki halda það, sem vér héldum upptök rímans. En ágrein[in]garlaus er þúfan í Kálfafróf. En finnist nokkur áreið Páls Fúsasonar lögmanns, sem löglega verður bevisað, þá stendur ... þessari vorri umskoðun.⁴ En þangað til, þá haldi þeir frá Kálfafelli Ytra ei lengra en 30 faðma austur frá borgarveggnum. En um fjörumerkin standi svo sem Jón heitinn Pálsson eptir sínu bréfi í utanverðann rímann meðkennir sig haldið hafa.⁵

Í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 er máldögum kirkjunnar fylgt eftir, eins langt og þeir náðu, en ýmsu bætt við og landamerkjalyýsingin er mun nákvæmari enda lá þá fyrir úrskurður lögmannsins:

Olafz Kijrkia ad Kalfafelle j Fellzhuerfe á Heimaland allt med Gognum og Giædum Skogum og Rekum thil Vm merkia epter Hefdar halde og Tilsogn Sra Halldors Ketelzonar, á mille Kalfafellanna vr Þufunne j Kalfagrof epter Áreið og Vrskurde Logmansinz Arna Oddz sonar og Sion hending epter B[re]fum j midjann Merkerima og Fioru mork þar riett sudur vndann, ad austan deiler Stadará millum Kalfafelz og Borgarhafnar ofann ad Saudbeit. Sjðdan rædur sa gamle Farvegur vr huerium hun er hlaupinn sudur á Land Stadarinz. Fiorumork þar, ad Þufann a Biarnarhraune bere midiavega á Hrafnagil, nær Sionhending er tekinn af Fiorune. En Fiaran f[ijrer] Stadnum epter Maaldaga Kyrkiunnar

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 452.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 700-701.

3 Skjal nr. 4 (64).

4 Hér vantar í texta frumrits.

5 Skjal nr. 4 (64).

xvii^c [hundrað]. Hun á Fioru er liggur fjirer Steina Jordu, og eru Fiorumorkin f[ijrer] austann, ad bera skyllde Tindin ijfer Kalldárdal j mitt Skardid j Riupnadal, enn f[ijrer] vestann Stadar Fioruna og Steinafioru rædur vr vestannverdre Naust Toptt þ[eir]re er stendur j Steina¹ Jordu, og j Vordu þar stendur a Flesjune fjirer austann Steina gotu, er jnn er ridin á Dalinn. Hun á x Vxa Beit á Borgar hafnar heidi á Sumar, Vidar hogg j Hóla land á xxx Hesta. Synest á Spatiune². Maaldaga Bre>sinsz þessi epter fijlgjande Ord, gaf Henrik Arnason j Testamentum Gíof Fioru er att hafa Vppsaler og liggur vid Smillabiargar Fioru Sancte Olafe á Kalfafellz stad, er liggur j Fellz huerfe er þad Fiordungur vr ollum Reka. Jtem hun á Skog allan j Breida bol stadar fialle er vidrijsa breckur. Hun á Skog allan j þui Fialle er fyrer jnnan Gia og allt ad Steinboga gile sem kallad er a Halska sko^g f[ijrer] jnnan j Bruna, er nu halldid mille Giagilz og Steinboga gilz. Jtem hun á Laufatungur hinar jnnre sem standa j Kalfafellz lande hinu jtra. Hun á Steina xij^c [hundrað]. Oskar B[ysku]pinn Skyrslu á þ[eir]rar Jardar Landamerki- um, og senda vppskrifada og handskrifada Vitnisburdi vppa Hefðar haldid og senda til Skalholtz hid sydasta ad næstkomandi Alþynge 1642.³

Í vísitasiu Jóns biskups Vídalíns að Kálfafelli 1706 er að mestu farið eftir því sem stendur í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar en þó með fáeinum frávikum. Biskup og staðarhaldari vildu nú eigna staðnum Vindásfjöru sem áður hafði verið eign kirkjunnar að Breiðabólstað:

Rekamörk og Landa Merke Stadarins eru enn nu eins og þau hafa vered i Visitationem Mag[i]st[ers] Brinjólfs Anni 1641 innfærd, fyrer utan Helming þeirrar Fiöru, er nu kallast Vindássfiara hvern Eigendur Breidabólstadar hafa ad sier teked án Dóms og Laga þad Menn vita fyrer fáum Árum, og hafa nytt sier þad sem þar hefur uppboored ad Lysingu Prestsins, enn epter hans Sögn hefur bæde hann og hanns Formadur hallded þessum Reka átölulaust og eingin hafe þar ummtalad fyrr enn nu fyrer faum Árum. Ad sönnu stendur i Visitatiubók Hr. Gisla Jónssonar, ad Hálfkirkian ad Breidabólstað eige halfa Vindassfiöru, sem öll saman sie hundrad Fadmar, enn su Kirkia er nu aflögd, og virdes B[isku]pinumm ad vel kunne ad skie, ad Reke þesse hafe komed under Kalfafells Kirkiu sidan Maldagen var giör, hvad ed stadfester átölulaus Hefð 20 Árum leingur, ef hun sann bevisud verdur, og sökum þess ad Doms og Laga er hver verdur fyrer sinu, sem Lög votta, þá tilseigir Biskupin Stadarhalldaranum Sr. Jacob Biarnasýne ad hann hallde under Kirkiuna ad Kalfafelle öllum Vindassreka ef hann treister sier til ad bevisa Hefðina ef vidþurfa kann, enn fyrerbídur sins Embættis og Kirkiunnar vegna, under þær Sekter sem mest má ad Lögum, bæde Breidabolstadar Eigöndum Ábuendum og öllum útifrá, ad taka nockurn Reka hveriu Nafne sem heiter/: nema Kongsinsz part af Vogrekum/: á greindrj Vindassfiöru allre, allt þar til hun undan Kirkiunne geingur með Lögum og Dóme nema þeim er helldur Kálfafellsstad eða þeim hann leifer.⁴

Ísleifur Einarsson sýslumaður tók undir það í jarðabók sinni frá 1709 að Vindásfjara heyrði til Kálfafellsstað: „Item rekaítak fyrir Steinalandi, kallað Vindásfjara.“⁵

Í annan stað gerðu nokkrir menn sem rituðu nöfn sín undir vísitasiu Jóns Vídalíns eftirfarandi athugasemd um það hvar nákvæmlega skógur kirkjunnar í Breiðabólstaðarfjalli væri:

... ad sökum þess, ad þau Takmörk sem Visitation ummgetur eru i Breidabolstadar Fialle, enn Skogurin er þó fyrer utan þau, hins og annars ad margar adrar iarder eiga Itök i Skógj þeim sem i Fiallinu er, þá eige ecke Kirkian Skóg i öllu Fiallinu, helldur á milli þessara Takmarka, Giagils og

1 *fioru* yfírstrikað.

2 Þ.e. spássíunni.

3 Skjal nr. 2 (12).

4 Skjal nr. 2 (14).

5 *Jarðabók Arna og Páls* 13, s. 431.

Steinbogagils, og með því að nalæger Menn iáta að Skogur hafe brukadur vered frá Kalfafellsstad framan í Breidabolstadar Fialle á millum þessara Takmarka, fra Gilinu fyrer ofan Beriaskridu framan under fremsta Botne og allt að Merkeskoru, og eg Jsleifur Einarsson hefe því samþyckst fyrer mitt Leitj á meðan eg átte nockurn Part þeirrar Iardar, þá synest badum ockur¹ riett og liklegt, að sa sem Kalfafellsstad heldur bruke þar Skog að Ósekiu, enn kunne Presturinn eda nockur annar Kirkiunnar vegna að bevisa að Kirkian eige frekarj Skóg í Breidabolstadar Fialli enn hier að ofan er ummgeted, þá sie það under Lögum og Dóme.²

Jón Árnason biskup (1727) tekur upp landamerkjalyýsingu úr fyrrgreindri vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar en vísar jafnframt í nýlegan dóm sýslumanns til staðfestingar því að þau séu rétt:

... að austan deiler Stadará millum Kalfafells og Borgarhafnar ofan að Saudbeit; sydan rædur sá gamle farvegur, úr huörum hún hefur hlaupid: Fiöru mörk þar; að Þúfan á Biarnahraune bere nedan verdt á midt Hrafnagil, þar það synist opnast af fiörunne. Þetta effter dóme sýslumannsins Biarna Nicolassonar af dato 1720.³

Í vísitásiubók Ólafs Gíslasonar 1748 er lýsing á Kalfafellsstað óbreytt frá fyrri vísitásium en um Vindásfjöru, sem deilt var um og vikið er að í vísitásiubók Jóns Vídalíns, hefur hann þetta að segja: „Stadarhalldarenn ehruverdugur Kennemadurenn Sr. Brynjolfur Guðmundsson, sem hallded hefur þenna Stad í 20 Ár lyser þui nu, að hann hafe hallded Vindássfiöru og Vindássbotnum átölu-laust umm sina Tid.“⁴ Þetta er enn ítrekað í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849: „Fjörur sjálfar Stadarins eru 18⁶ faðmar auk Vindásfjöru fyrir Steina eða Sléttaleyti landi.“⁵

Að síðustu skal þess getið að í brauðamati frá miðri 19. öld er að mestu tekið undir það sem sagt er um eignir og ítök kirkjunnar í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Í brauðamati 1854 er þó tekið fram að tíu axa beit um sumar í Borgarhafnarheiði sé „óbrukud af prestinum vegna ördug-leika, enn þó aungum leigd“.⁶ Sama hafði þá gerst um 30 hesta viðarhögg í Hólalandi.

Kalfafellsstaður var metinn á 22 hundruð í jarðabók 1697.⁷ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar sýslumanns frá 1709 er dýrleikinn ekki tilgreindur enda staðurinn beneficium (kirkjulén) sem ekki var tíundað til skatts. Tvær hjáleigur jarðarinnar eru nefndar í jarðabókinni, Brunnar og Leiti, og einnig í manntalinu 1703. Leiti var komið í eyði 1783 en í jarðamati Austur-Skaftafellssýslu 1804-1805 er þar skráður ábúandi, Jón Steinsson.⁸ Í skýrslu yfir Kalfafellsstað frá 1839 eru Brunnar nefndir sem ein af fjórum hjáleigum staðarins (hinar voru Butra, Hellar og Sléttaleiti og að auki 30 hundruð í Borgarhöfn).⁹

Í Jarðatali Johnsens 1847 er dýrleika Kalfafellsstaðar skipt niður að fyrrisögn sýslumannsins. Kalfafellsstaður var þá metinn á 10 hundruð en hvert eftirtalinna býla um sig á 3 hundruð: Brunnar, Hellar, Leiti og Butra.¹⁰ Samtals 22 hundruð. Leiti mun hafa farið í eyði skömmu síðar því að það

1 Þ.e. Ísleifi og Jóni biskupi Vídalín.

2 Skjal nr. 2 (14). Í vísitásiu Ólafs Gíslasonar 1748 er þetta orðað þannig: „Hún á Skóg allann í því Fialle, er fyrer innann Giá, og allt að Steinbogagile, sem kallad er á Hálsa Skóg, fyrer innann Bruna er nu hallded, mille Giágils og Steinbogagils“ (skjal nr. 2 (13)).

3 Skjal nr. 2 (16).

4 Skjal nr. 2 (13).

5 Skjal nr. 2 (30).

6 Skjal nr. 2 (33), sbr. skjal nr. 2 (34).

7 Björn Lárusson 1967, s. 332.

8 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 213. Skjal nr. 2 (38).

9 Skjal nr. 2 (32). Sléttaleiti er skráð sem sérstök jörð í eigu Kalfafellsstaðar í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 (sbr. skjal nr. 2 (29)).

10 *Jarðatal* 1847, s. 5.

kemur ekki fyrir í gerðabók jarðamatsnefndar 1849.¹ Hjáleigurnar eru því einni færri í Nýrri jarðabók 1861 en á móti kemur að 3 hundruð bætast við dýrleika höfuðjarðarinnar sem verður þá 13 hundruð.² Leiti mun aftur hafa komist í byggð árið 1907.³

Landamerkjabréf Kálfafellsstaðar er undirritað í maí og júní 1923 og lesið á manntalsþingi fyrir Borgarhafnarhrepp 7. júlí sama ár:

Landamerki að vestan:

Á milli Kálfafellsstaðar og Kálfafells: Grásteinn beri í þúfunu í Kálfagróf, þaðan ræður bein lína suður í miðjan Merkirima – þar er varða – alt til sjávar. Þar við sjóinn eru fjörumörk milli Kálfafellsstaðar og Kálfafells.

Landamerki að austan:

Á milli Kálfafellsstaðar og Borgarhafnar deilir Staðará sem sprettur upp milli Hálsatinds og Þormóðarhnútu og ræður hún þar til hún kemur að fjörunni móti vesturenda Eystra Práandarholts.

Fjörumörk milli Kálfafellsstaðar og Borgarhafnar eru, að þúfan á Bjarnhrauni beri miðja vegu á Hrafnagil nær sjónhending er tekin af fjörunni. – Þannig samkvæmt dómi Bjarna sýslumanns Nikol-aussonar af 1720.⁴

Kálfafellsstaður á Vindásbotn framan og neðan undir Vindási, og Vindás þar til sjór hverfur.

Hann á og allan skóg í Breiðabólstaðarfjalli er við rísa brekkur frá Merkiskoru að vestan inn í Steinbogagil innra, því skógarnir hið innra í Breiðabólstaðarfjalli mega heita gjöreyyddir.

Í sameiningu við Breiðabólstað á Kálfafellsstaður skóginn í Bruna fyrir innan Steinbogagil, sá skógur er alveg gjöreyyddur af skriðum og aurrenslu. Þar hefir víst afarlengi aldrei verið skógað.

Kálfafellsstaður á hálfu Vindásfjöru móti Breiðabólstað. Fjörumörk Vindásfjöru talin að vestan: Varðan við götuna á Kleifatanga beri í 3ia foss í Rauða að neðan talið. Að austan: Varðan í Markhólma beri í Lúputind.

Beitarítak búsmala Kálfafells einn mánuð á sumri í landi Kálfafellsstaðar er niðurfallið og afmáð.

Kálfafellsstaður á allan skóg og hris í Staðarhálsu.

Skógarítak Kálfafellsstaðar í Innri Laufatungum í Kálfafellslandi er niðurfallið samkvæmt samkomu-lagi hlutaðeigandi jarðaráðenda og tilheyrir Kálfafelli. Ítakið er mjög fjarlægt og úr sjer gengið af skriðum og uppblæstri, lítið ummáls. Þar hefir sjaldan sem aldrei verið skógað í fjölda ára.⁵

Undir bréf þetta hafa allmargir ritað nöfn sín til staðfestingar en ekki er þess alltaf getið hvar þeir voru ábúendur og verður að ráða það af öðrum heimildum. Fyrstir undirrita bréfið Pétur Jónsson (prestur á Kálfafellsstað), Þórður Jónsson (Kálfafelli/Upphúsajörð), Stefán Jónsson (Kálfa-

1 Sbr. skjal nr. 2 (29). *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

2 *Ný jarðabók* 1861, s. 5. Býlin Brunnar, Butra (Fljótsbakki) og Hellar eru hér nefnd hjáleigur.

3 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 213.

4 Þessa dóms er getið í vísitásiubók Jóns Árnasonar hér framar.

5 Skjal nr. 2 (5).

feldi), Stefán Þorsteinsson Hnappavöllum og Þorsteinn Jónsson (Sléttaleiti).¹ Aðrir sem samþykkja landamerkjalyfinguna eru: Þórarinn Gíslason, Jón Sigurðsson og Sigjón Jónsson, Sigurbjörn Björnsson og Sigurður Gíslason, allir í Borgarhöfn, Gísli Sigurðsson á Vagnsstöðum, Steinþór Þórðarson (Hala), Þórður Steinsson (Hala), Þórhallur Bjarnason (Breiðabólstað), Hans Hansson Víum (Gerði), Þórarinn Steinsson (Breiðabólstað) og Þórey Þorláksdóttir.²

Í landamerkjabréfinu er Kálfafellsstað eignaður skógur í Staðarhálsunum en í öðrum heimildum er Borgarhöfn einnig talin eiga þar skóg eða beitarítak eins og greint er frá í kafla 6.7. Ekki er þó kunnugt um að ágreiningur hafi komið upp á milli þessara jarða um landnýtingu á þessu svæði.

Ekkert landamerkjabréf er til um Brunna enda tekið fram í gerðabók fasteignamatsefnar 1916 að landamerki hjáleigunnar séu sameiginleg með Kálfafellsstað og enn fremur beutiland, afréttur og skógarítak.³ Svipuð lýsing er við höfð um Leiti sem sagt er vera „afbyli frá Kálfafellsstað“. Í Fasteignabók 1922 eru Brunnar metnir á 12 hundruð krónur en heima-jörðin sjálf, Kálfafellsstaður, á 58 hundruð krónur. Í heimildum kemur ekki fram hvenær farið var að líta á Brunna sem sjálfstæða jörð. Árið 1950 gaf prófasturinn í Austur-Skaftafellssýslu Sigfúsi Jónssyni heimild til að stofna nýbyli á hálfri „jörðinni“ Brunnum, og í lok ársins gaf menntamálaráðuneytið út nafntökuleyfi. Eftir það nefndist nýbylið Brunnavellir.⁴ Kirkjujarðasjóður er nú skráður eigandi Brunnavalla samkvæmt þinglýsingarvottorði en ríkissjóður eigandi Brunna.⁵

Ríkissjóður er nú skráður þinglýstur eigandi Kálfafellsstaðar.⁶ Árið 1953 var tekinn af heima-jörð Kálfafellsstaðar fjórðungur lands undir nýbylið Jaðar og var nafntökuleyfi gefið út af menntamálaráðuneytinu 26. október 1953.⁷ Jaðar telst einnig vera ríkisjörð.⁸

Heimildir benda ekki til annars en að búíð hafi verið á jörðinni Kálfafellsstað nær samfelld frá því að hennar er fyrst getið í heimildum.

6.7. Borgarhöfn

Borgarhafnar er getið í Landnámu en þar bjó Þorgrímur Þorsteinsson, faðir Steinunnar, eiginkonu Gissurar Ísleifssonar biskups í Skálholti.⁹

Í Borgarhöfn var hálfkirkja samkvæmt elsta varðveitta máldaga kirkjunnar sem talinn er frá árinu 1343 og lá til hennar bænhús „j hegsgardi“. Við hálfkirkju var ekki messuskylda nema annan hvern helgan dag. Í máldaganum er kirkjunni eignað svo mikið í landi (þ.e. heimalandi) sem prestsskyld heyrði til.¹⁰ Eignarhlutur kirkjunnar átti því að nægja til að greiða presti þjónustulaun. Af máldaga Kálfafellskirkju í Fellshverfi frá svipuðum tíma má álykta að presturinn þar hafi þjónað kirkjunni í Borgarhöfn.¹¹ Í máldaga Vilkins biskups frá 1397 kemur glögg fram að fyrir þjónustu við kirkjuna fékk prestur 120 álnir í laun, um eitt kýrverð, en það bendir aftur til þess að kirkjan hafi átt um 10 hundruð í heimalandinu eða fastar arðgreiðslur af þeirri upphæð.¹² Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er eignarhlutur kirkjunnar í heimalandi óbreyttur. Aðrar eignir kirkjunnar voru mjög rýrar („ein messuklæde og klucka litel“) en biskupsgisting var þar frá fornu fari.¹³

1 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu 2*, s. 206-207, 222-224, 243.

2 Um búsetu þessara manna sjá *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu 2*, s. 233, 237-238.

3 Skjal nr. 2 (31).

4 Skjal nr. 4 (42).

5 Skjöl nr. 6 (2) og 7 (2).

6 Skjal nr. 12 (15).

7 Skjal nr. 4 (51). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu 2*, s. 199.

8 Skjal nr. 12 (19): þinglýsingarvottorð. Skjal nr. 4 (40).

9 *Landnámabók* 1986, s. 310.

10 *Íslenskt fornbréfasafn 2*, s. 770.

11 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn 2*, s. 771.

12 *Íslenskt fornbréfasafn 4*, s. 234-235.

13 *Íslenskt fornbréfasafn 15*, s. 700.

Borgarhöfn var þannig að stærstum hluta bænda eign og gekk kaupum og sölum eins og heimildir sýna allt frá síðari hluta 15. aldar.¹ Í bréfi, dagsettu 2. október 1481, er t.d. greint frá því að Benedikt Sæmundsson hafi selt séra Ögmundi Andræssyni 15 hundruð í Borgarhöfn fyrir 20 hundruð í lausafé.² Um aldarfjórðungi síðar, 4. júlí 1504, seldi sonur séra Ögmundar, Ásgautur Ögmundsson, Narfa Jónssyni, prior á Skriðuklaustri, 20 hundruð í Borgarhöfn „til yztv vmmerkia við adra menn“ með öllum gögnum og gæðum og jafnframt málnytukúgildi og ófrítt hundrað sem fylgdi þessum jarðarparti. Að auki seldi Ásgautur 18 hundraða fjöru, er lá í Örafum milli Kvíár og Hamraenda, hálfu við Sandfellinga. Fyrir þetta fékk Ásgautur Sumarliðabæ í Holtum með sex málnytukúgildum og vilyrði fyrir því að priorinn tæki að sér pilt sem Ásgauti heyrði til og kenndi honum les og söng, skrif, rím og annað sem til þurfti svo að hann mætti vígjast til prests.³ Klaustrið á Skriðu virðist hafa eignast til viðbótar samtals 40 hundruð í Borgarhöfn á árunum 1520-1523.⁴ Þá hafa verið eftir 20 hundruð í jörðinni og seldi Loftur bóndi Eyjólfsson Skálholtsbiskupi, Ögmundi Pálssyni, þann hluta jarðarinnar, sennilega árið 1526. Í staðinn fékk Loftur „sialfa hofuteyna papey er liggur fyrir altafirde j austfiordum“.⁵ Hlut dómkirkjunnar í Borgarhöfn lét biskupinn síðar afhendi fyrir hálfu Horn í Nesjum.⁶

Eftir siðaskiptin eignaðist konungur allar klausturjarðir, þar á meðal eignarhlut Skriðuklausturs í Borgarhöfn. Í jarðabókum 1686 og 1697 er Borgarhöfn talin 80 hundruð að dýrleika, $\frac{3}{4}$ í konungseign en $\frac{1}{4}$ í bænda eign.⁷ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 er kóngspartur Borgarhafnar sagður 60 hundruð en bænda 20 hundruð. Aðrar eignir jarðarinnar voru þessar:

Reka á jörðin fyrir sínu landi, Hálsa[landi?] og Hestgerðis[landi?], að fráeknu því, sem Hestgerði tilheyir.⁸

Selveiði á jörðin í Hálsaós.

Item sjálfa Hálsa með Hálsatorfu.

Silungsveiði á jörðin í Staðará, að hálfu í móti staðnum.

Beit á jörðin í Staðarhálsu og skóg á Merkikambi.

Skógaritak á jörðin í Breiðabólstaðarlandi, þar sem heitir Borgarhafnarnes og Fiskakelda.

Útræði á jörðin við Hálsahöfn. Vermannaskálar voru þar að fornu, 10 eður 12.⁹

Á sama tíma átti Kálfafellsstaður beit 10 uxum um sumar á Borgarhafnarheiði.¹⁰

Árið 1743 urðu þær breytingar á eignarhaldi Borgarhafnar að konungur gaf kirkjunum í Einholti og Kálfafelli þau 60 hundruð sem hann átti í Borgarhöfn, hvorri kirkju sinn helming.¹¹ Dýrleiki jarðarinnar breyttist þó ekki og er enn talinn 80 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847 en í Nýrri jarðabók 1861 er matið fært niður í 40,5 hundruð.¹²

1 Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 304-305 (tylftardómur 1480 um að Páll Pálsson í Hoffelli megi að sér taka jörðina Borgarhöfn samkvæmt skiptisbréfi sem hann hafði undir höndum).

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 409-410, 567-568, 709-710, sbr. s. 424-425. *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 61.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 714-715.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 8, s. 747-748. *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 122-123.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 390.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 471.

7 Björn Lárusson 1967, s. 332.

8 Um þennan reka, viðarreka á einn hest, virðist síðar hafa verið ágreiningur við ábúendur Hestgerðis (sbr. skjal nr. 2 (38): jarðamat 1804-1805, s. 27).

9 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 430-431.

10 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 431.

11 *Jarðatal* 1847, s. 4 (4. nmgr.).

12 *Jarðatal* 1847, s. 4. *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

Séra Þorsteinn Einarsson á Kálfafellsstað lýsir Borgarhöfn með þessum orðum árið 1855:

Borgarhöfn er 80 hndr. að dýrleika. Stendur hún í hlið undir fjallinu. Landrík er hún mikið og sauðjörð góð, ef dugandismenn ættu þar setu, töðujörð góð og útslægjur sæmilegar. Ekki vita menn jörð sú til muna hafi af sér gengið frá fyrri tímum, nema hvað skóga hennar áhrærir, sem mun meir mönnum að kenna en náttúrunni.¹

Í þessari sömu lýsingu eignar presturinn Borgarhöfn „alla heiðina og fjallið [þ.e. Borgarhafnarfjall] fram á brýr“.² Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er jörðin sögð eiga skógarítak „í svo nefndu Staðarfjalli“, og er það áréttað í fasteignamatinu 1916: „Jörðin á skógarítak austan í Staðarfjalli í Borgarhafnarinesi, fyrir innan Gjágil.“³ Síðar í fasteignamatinu 1916 er þessi athugasemd:

Ennfremur er þess getið í flestum lýsingum af jarðarpörtum Borgarhafnar, að Borgarhöfn eigi skógarítak (eða beitarítak) í Staðarhálsnum á Staðardal, en Kálfafellsstaðarprestur vill eigi viðurkenna það. Aftur á móti skýrir hann svo frá, að samkvæmt brauðamati frá 1854 eigi staðurinn 10 uxa beit um sumar í Borgarhafnarheiði.⁴

Árið 1850 fóru fram makaskipti milli séra Þorsteins Einarssonar á Kálfafellsstað og Jóns Þorsteinssonar á Skálafelli á þá leið að séra Þorsteinn afhenti undan sér og sínum erfingjum 5 hundruð og 80 álnir í jörðinni Borgarhöfn en fékk í staðinn 3 hundruð í Felli sem var helmingur þeirrar jarðar.⁵ Landamerkja Borgarhafnar er þar ekki getið en allt frá byrjun aldarinnar og jafnvel lengur hafði verið ágreiningur um mörkin móti Hestgerði (Heggsgerði).⁶ Í fasteignamatinu 1916 er gerð svofelld grein fyrir þessu:

Landamerki eru ekki ágreiningslaus, milli Borgarhafnar annarsvegar og Merkurbæja og Hestgerðis hinsvegar. En að vestan milli Borgarhafnar og Kálfafellsstaðar, ræður Staðará mörkum frá jökli út að Sandbeit, síðan ræður sá gamli farvegur úr hverjum hún er hlaupin suður á land Staðarins. Fjörumörk þau, að þúfan á Bjarnarhrauni beri í mitt Hrafnagil, þar það sýnist opnast af fjörunni.⁷

Landamerkjabréf Borgarhafnar er undirritað af eigendum og ábúendum jarðarinnar 19. júní 1922:

Að austan rennur lækur sá úr jöklinum austan við Botnafjallshnútu og rennur í Skógamannafoss deilir á milli Botnafjallshnútu og Miðbotnafjalls, síðan er marklína úr miðjum Skógamannafossi í hlaðna grjótvörðu við Svínavatn, þaðan í vörðuna á Markhól við Bleikuhnútu, þaðan í klofinn klett í þriðju torfu frá Kambtúnslæk, og þaðan í Hestgerðiskambsenda, þaðan beina línu fram í Lónið.

Landamörk að vestan. Staðará deilir á milli Borgarhafnar og Kálfafellsstaðar þar hún nú rennur úr jökli austan við Hálsatind annarsvegar, og Pormóðarhnútu hinsvegar, síðan ræður áin þar hún nú rennur suður að fjörusöndum mitt á milli Þrándarholta að undanskildri Krikatorfu er áin hefir fallið vestur fyrir.

1 *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík. S. 135.

2 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 134.

3 Skjal nr. 2 (31), sbr. skjal nr. 2 (29).

4 Skjal nr. 2 (31). Um uxabeit Kálfafellsstaðar í Borgarhafnarheiði, sjá skjal nr. 2 (33) og einnig kaflann um Kálfafellsstað.

5 Skjal nr. 2 (8).

6 Sbr. *Jarðatal* 1847, s. 4 (4. nmgr.).

7 Skjal nr. 2 (31).

Rekafjara Borgarhafnarjarðarinnar nær frá Skálafellsfjöru að Kálfafellsstaðarfjöru að undanskildu því, sem Hestgerði tilheyrir, sem er Hestgerðisvík vestast í Hálsaklettum og eitt hundrað faðmar fyrir vestan Hálsakletta, að vörðu sem er á fjörinni er ber frá flæðarmáli í toppmyndaðan svartan stein vestan við Kúahjalla.¹

Fjörumörk hin eystri er þrjátíu faðmar fyrir austan Hafnargarðakletta. Fjörumörk hin vestri er háþúfa á Bjarnarhrauni tekin sjónhending úr flæðarmáli miðjavega í Hrafnagil.

Hlunnindi sem þjóðinni [jörðinni?] fylgja selveiði í Hálsós þá hann rennur í jarðarinnar landi og silungsveiði fram með sinni fjöru. Silungsveiði á jörðin í Staðará að hálfu móti Kálfafellsstað.

Upprekstur sauðfjár í Staðarhálsnum fellur niður frá Borgarhöfn og tíu uxar beit frá Kálfafellsstað á Borgarhafnarheiði fellur sömuleiðis niður samþykkt af báðum málsaðilum.

Skóg á jörðin í Staðarhálsnum að austan vestur að háutorfu og markvörðum er greina á milli skóganna.

Skógarítak á jörðin í Breiðabólstaðarlandi þar sem heitir Borgarhafnarnes og Fiskikelda.²

Landamerkjabréf Borgarhafnar er samþykkt vegna þessara jarða: Hestgerðis, Stóruhágar, Smyrlabjarga, Uppsala og Kálfafellsstaðar. Í lok bréfsins staðfestir hreppstjóri Borgarhafnarhrepps að allir aðilar hafi skrifað undir bréfið. Landamerkjabréfið var þinglesið að Borgarhöfn 13. júlí 1922.

Í Borgarhöfn hefur jafnan verið margbýli, einkum þegar kom fram yfir 1840, og var landamerkjalyásinginn „jafngyldandi fyrir alla parta hennar“.³ Árið 1916 voru t.d. þessi býli á jörðinni: Vagnstaðir sem þá var nýtt býli, Neðribær og Girðing, Gamligarður eystri, Gamligarður vestri, Miðhús, Lækjarhús og Suðurhús.⁴ Í Fasteignabókinni 1938 eru níu býli skráð í Borgarhöfn: Borgarhöfn I (Vagns(s)taðir, tvíbýli), II (neðri bær, tvíbýli), III (neðri bær), IV (Krókur), V (Gamligarður), VI (Lækjarhús), VII (Ekra), VIII (Suðurhús) og IX (Suðurhús). Af þessum býlum átti ríkið („þ“, þ.e. þjóðin) þrjú: Krók, Gamlagarð og Ekru.⁵ Nú eru einungis Borgarhöfn IV (Krókur) og V (Gamligarður) í eigu ríkisins.⁶

Árið 1982 var tekið til skipta allt áður óskipt land innan línu sem dregin var um láglandi Borgarhafnarlands. Landsvæðinu var skipt á milli jarðanna Neðribæjar, Suðurhúsa, Lækjarhúsa, Gamlagarðs, Króks og Vagnsstaða.⁷

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Borgarhöfn frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin verið framseld með hefðbundnum hætti og veðsett.⁸

1 Í úttektum sem gerðar voru 1919 og 1920 í tilefni af sölu hluta kirkjujarðarinnar Borgarhafnar kemur fram að Borgarhafnarfjara var sameiginleg fyrir alla hluta jarðarinnar að tiltölu (skjal nr. 2 (39)).

2 Skjal nr. 2 (6).

3 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 181, 184. Tilv. í skjali nr. 2 (39): Úttekt á jörðinni Borgarhöfn, dags. 3. apríl 1920.

4 Skjal nr. 2 (31). Sbr. skjal nr. 4 (21) (Fasteignabók 1922).

5 Skjal nr. 4 (23). Sbr. skjal nr. 4 (24) (Fasteignabók 1957).

6 Sbr. skjöl nr. 9 (4), 10 (4).

7 Skjal nr. 4 (5).

8 Sbr. skjöl nr. 4 (43-48). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 183-189.

6.8. Skálafell

Skálafell er austasti bærinn í Suðursveit. Það er nefnt í Sturlubók og Hauksbók Landnámu þegar sagt er frá Úlfi hinum vorska landnámsmanni: „Úlfr enn vörski keypti land at Hrollaugi suðr frá Heinabergsá til Heggsgærðismúla ok bjó at Skálafelli.“¹ Skálafell kemur lítið við sögu næstu aldir, en árið 1467 seldi Teitur ríki Gunnlaugsson lögmaður hálf Skálafell og hálf Sævarhóla í Fellshverfi fyrir jörðina Þórólfsdal í Lóni. Hálf Skálafell var þá metið á 15 hundruð.²

Í jarðabók 1686 er Skálafell metið á 20 hundruð, miðað við landskuld sem var 1 hundruð en árið 1697 var dýrleiki allrar jarðarinnar 30 hundruð eins og verið hafði að fornu mati. Tveir þriðjungar jarðarinnar voru þá kirkjueign en þriðjungur einkaeign.³

Um 1700 virðist hafa verið þrjú býli á Skálafelli en nafnið eitt og hið sama og var þetta óbreytt þegar jarðamat fór fram í sveitinni einni öld síðar.⁴ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er þetta eitt tilfært um eignir jarðarinnar: „Rekafjöru á jörðin frá Borgarhafnarfjöru til Smyrlabjarga.“⁵

Í Jarðatali Johnsens 1847 eru eignahlutföllin hin sömu og áður og jörðin 30 hundruð að dýrleika en 13,8 hundruð samkvæmt Nýrri jarðabók 1861.⁶

Árið 1909 fluttist að Skálafelli Páll Sigurðsson úr Örafum og nokkru síðar fór hann þess á leit við Stjórnarráð Íslands að hann fengi að kaupa ábylissjörð sína með vísan til laga um sölu kirkjujarða.⁷ Í framhaldi af því var kirkjuhluti jarðarinnar metinn til peningaverðs (865 kr.) og hún síðan seld Páli 1911.⁸

Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 kemur fram að tvíbýli var á Skálafelli (austurbær og vesturbær), hvort tveggja bændaeygn. Þar er landamerkjum jarðarinnar fyrst lýst:

Landamerki að austan milli Sævarhóla, Odda og Heinabergs öðru megin og Skálafells hinu megin: Úr Austur-nýpu í Fuglaklett, þaðan í Hánypu. Þaðan liggja mörkin í jökul og í mitt Hafrafell. En á milli Skálafells og Smirlabjarga eru landamerkin ekki ágreiningslaus, og sér matsnefndin því ekki ástæðu til að skrásetja þau hér.⁹

Hafrafell, sem hér er nefnt, var á þessum tíma umlukið Heinabergsjökli og er ekki að sjá af úttekt jarðarinnar í fyrrnefndri gerðabók eða eldri heimildum að það hafi verið til nokkurs nytjað. Í lýsingu Guðmundar J. Hoffells, sem mun rituð 1946, kemur þó fram að fé hafi verið rekið í fjallið og þótt hæfilegt að hafa þar 7-10 kindur yfir sumarið.¹⁰ Það munu einkum hafa verið ábúendur Skálafells og Flateyjar á Mýrum sem ráku fé í Hafrafell en eftir að því var hætt leitar fé þangað af sjálfsdáðum.¹¹ Ekki hefur tekist að finna aðrar heimildir um nytjar af Hafrafelli.

Landamerki Skálafells voru endanlega samþykkt 1. maí 1921 og þinglesin á manntalsþingi að Borgarhöfn 13. júlí 1922:

Landamörk á milli Skálafells og þeirra jarða, sem land eiga að því landi, höfum við ábúendur og eig-

1 Þessi setning er talin úr Frum-Landnámu (*Landnámaabók* 1986, s. 319 og 9. nmgr.).

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 5, s. 510-511.

3 Björn Lárusson 1967, s. 332. Kirkjan að Stafafelli í Lóni átti kirkjuhluta jarðarinnar (sbr. *Jarðatal* 1847, s. 4 og skjal nr. 2 (38): jarðamat 1804-1805).

4 Skjöl nr. 4 (63) og 2 (38).

5 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 429.

6 *Jarðatal* 1847, s. 4. *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

7 Skjal nr. 2 (17). *Bygðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 157-158.

8 Skjöl nr. 2 (18-21).

9 Skjal nr. 2 (31).

10 *Göngur og réttir*. 1. b. Önnur prentun aukin og endurbætt. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Akureyri 1983. S. 46, sbr. s. 37.

11 Þorsteinn Sigfússon, Skálafelli I, við skýrslutöku 28.6.2002.

endur jarðanna komið okkur saman um, að gilda skuli eins og hjer verður skýrt frá, fyrir okkur og okkar eftirkomendur, nema öðruvísi verði umsamið á löglegan hátt.

Á milli Skálafells og Smyrlabjarga hinumegin: Úr Skógarmannafossi, beint í grjótvörðu á fjallsbrún (milli Hvíldar og Nautastígs) þaðan beint í Smirlabjargará, eftir það ræður áin mörkum, meðan hún fellur í föstum farveg, þaðan sem hann endar liggja mörkin beint í Austurnýpu.

Á milli Skálafells og Sævarhóla úr Austurnýpu í Fuglaklett þaðan í Hánýpu.

Á milli Skálafells og Heinabergs úr Hánýpu og beint í Snjófjall vestast.

Skálafell á stórreka-fjöru, þar sem heitir Skálafellsfjara.¹

Undir bréf þetta rita áðurnefndur Páll Sigurðsson, ábúandi og eigandi að $\frac{2}{3}$ hluta Skálafells, og Sigurður Vigfússon, ábúandi og eigandi að $\frac{1}{6}$ hluta úr Sævarhólum og ábúandi þriðja hluta jarðarinnar Skálafells. Enn fremur rita undir bréfið þessir menn: Jón Jónsson, ábúandi og eigandi að $\frac{1}{3}$ úr Smyrlabjörgum og $\frac{1}{4}$ úr Sævarhólum; Einar Einarsson og Benedikt Jónsson, í sameiningu ábúendur og eigendur að helmingi Smyrlabjarga, $\frac{1}{4}$ úr Sævarhólum og $\frac{1}{4}$ úr Skálafelli; Gísli F. Jónsson, ábúandi og eigandi að $\frac{1}{6}$ úr Smyrlabjörgum og eigandi að $\frac{1}{15}$ úr Skálafelli; Þóra Jónsdóttir, eigandi að $\frac{1}{3}$ úr Sævarhólum; Jón Hálfðánarson, eigandi að einu hundraði í Heinabergi og Eyjólfur Daniélsson, ábúandi Heinabergs og eigandi að $\frac{8}{9}$ hluta.

Eins og fram kemur í landamerkjabréfinu átti Skálafell land að Sævarhólum að sunnan. Skálafell var þannig landlukt jörð. En eftir að Sævarhólar fóru í eyði 1892 keyptu eigendur Smyrlabjarga, Uppsala og Skálafells jörðina og lögðu hana undir jarðir sínar til slæгна og beitar.²

Um 1930 fór Páll Sigurðsson fram á það að öllu áður óskiptu landi yrði skipt og fékk hann þá m.a. allt Austurlandið. Skálafell mun vera eina fleirbýlisjörðin í Suðursveit þar sem hvert ábýli hefur allt beitiland skipt bæði í fjalli og á láglandi.³

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Skálafelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin verið framseld með hefðbundnum hætti og veðsett.⁴

6.9. Afréttarnot

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar er þess ekki getið að bændur í Suðursveit (Fellshverfi) hafi átt sameiginlegan afrétt, en afréttir eru þar eignaðir einstökum jörðum. Þannig segir um Borgarhöfn að hún hafi átt „beit“ í Staðarhálsnum og skóg á Merkikambi. Kálfafellsstaður átti „afrétt“ á Staðardal fyrir innan Birná (Birnaá), „afréttur“ Breiðabólstaðar var í Breiðabólstaðarfjalli og „afréttur“ Fells í Veðurárdal (Veðrárdal). Þá er rétt að geta þess að í Jarðabók Ísleifs var haft eftir skattbændum frá Kolgrímu til Fells að þeir ættu skóg í Jökulfelli í Örfum sem kallaður væri Bændaskógur.⁵ Séra Þorsteinn Einarsson kveður svo að orði í lýsingu sinni 1855 að engir afréttir séu í Kálfafellssókn (sem náði um það bil yfir Suðursveit) „utan Breiðabólstaðarfjall, brúkað af þeirrar jarðar ábúendum“.⁶

1 Skjal nr. 2 (7).

2 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 164-165.

3 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 152-153. Sbr. skjal nr. 4 (38).

4 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 153-158. Skjal nr. 4 (38).

5 *Jarðabók Arna og Páls* 13, s. 433, sbr. s. 429-433.

6 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 137.

Í nóvember 1985 lagði sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu fyrir sýslunefndarmenn og oddvita að gera skrár yfir alla afrétti héraðsbúa með tilvísun í lög nr. 42/1969.¹ Í svarbréfi oddvita Borgarhafnarhrepps, dags. 26. nóvember 1985, segir orðrét: „Við undirritaðir teljum að í þessu hreppsfélagi sé eigi um afrétti að ræða, heldur einungis heimalönd.“² Málið var einnig tekið fyrir á aukafundi sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu 7. desember og samþykkt eftirfarandi ályktun:

Fyrir fundinum lágu greinagerðir frá öllum hreppum sýslunnar nema Hafnarhreppi, en glögglega kemur fram bæði í þeim greinagerðum svo og máli nefndarmanna að afréttir munu ekki til í sýslunni, heldur heimalönd. Eftirfarandi tillaga var samþykkt. Sýslunefnd A-Skaftafellssýslu ályktar eftirfarandi á aukafundi sínum 7. des. 1985.

Afréttarskrá er eigi til fyrir sýsluna og verður ekki samin, enda verður talið að afréttir séu eigi til í Austur-Skaftafellssýslu í hefðbundnum og venjulegum skilningi.³

Þessi skoðun kom einnig fram við skýrslutökur á vegum óbyggðanefndar.⁴ Einnig má benda á það sem fullyrt er í *Göngum og réttum*: „Engin almenningsafrétt er í sýslunni. Allt fjalllendi heyrir vissum jörðum til, utan þess að hjáleigur eiga óskipt fjalllendi með aðaljörðum.“⁵

Eins og lög gera ráð fyrir hafa lengi verið í gildi fjallskilareglugerðir í Suðursveit. Elsta fjallskilareglugerðin, sem sett var samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 1872, er frá árinu 1891. Í 1. gr. segir orðrét:

Að svo miklu leyti, sem heimaland er eigi nægilegt til beitar á sumrum, ber öllum, sem afjett eiga eða fengið geta hjá öðrum, að nota hann til uppreksturs fyrir fjallfje sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje eigi vanrækt, og yfir höfðuð gætir þess, að heimahögum sje eigi íþyngt um of á sumrum. Heimilt skal hreppsnefnd, að gjöra ítölu í afjett þar sem því verður við komið.⁶

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar frá 1940 er komist svo að orði:

Allir þeir, er afrétt eiga eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til upprekstrar fyrir fê sitt. Þar, sem engan afrétt er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar.

Þar, sem tveir eða fleiri menn eiga eða hafa afgirt sameiginlegt beitoland, getur annar eða einn ekki tekið gripi til beitar af öðrum, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeiganda. Geti einhver í sameignarlandi afstaðið beit eða beitoland, er honum skylt að bjóða meðeigendum sínum fyrst afnot af beitolandinu, áður en hann gefur það falt við aðra.

Ef enginn af meðeigendum hans þarf landsins með, má hann taka gripi af öðrum að því leyti, sem hann hefir þá færri í beitolandinu en meðeigendur hans, samanborið við landstærð hvers þeirra. En þess skal þó gætt, að heimahögum sé ekki íþyngt um of.

Í ógirt samliggjandi beitolönd og afréttarlönd má ekki taka inn gripi, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda.

1 Skjal nr. 4 (95).

2 Skjal nr. 4 (96).

3 Skjal nr. 4 (98).

4 Örn Eriksen, Reynivöllum III, Þorsteinn Sigfússon, Skálafelli I, og Fjölnir Torfason, Hala, við skýrslutökur 28.6. 2002.

5 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 35.

6 Skjal nr. 4 (25).

Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afréttarlönd, þar sem því verður við komið.¹

Tilhögun fjallskila er nánar lýst í *Göngum og réttum*. Framan af 20. öld var fyrsta lögsafnið miðað við þann tíma sem stjórn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga ákvað hverri sveit til slátrunar en einnig réð veðráttan miklu um smölnun og rekstra.² Hreppsnefnd skipaði fyrir um göngur. Lét hún semja svokallað göngubríf sem gekk bæ frá bæ um alla sveitina. Þar voru safndagar ákveðnir, nafngreindir menn skipaðir í hvert gangnasvæði og til rétta og einnig gangnaforingjar og réttarstjórar.³ Að sögn bænda í Suðursveit er reyndin sú að þeir ákveða sjálfir tíma og tilhögun smölnunar á jörðum sínum án afskipta sveitarfélagsins.⁴

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Málavextir

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi rakinn aðdragandi að setningu laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og í því sambandi vísað til ítarlegri umfjöllunar í greinargerð með frumvarpi til nefndra laga. Þá er tekið fram að það hafi lengi verið samdóma álit manna að ekki væri hægt að ákveða annað í lögum varðandi eignarhald á landi en að það land, sem enginn ætti beinan eignarrétt að, væri ríkisland. Eftir gildistöku framangreindra laga nefnist slíkt land þjóðlenda.

Um eignarréttarlega stöðu þjóðlendna sé það að segja að hér sé um að ræða sérstakt form á eignarhaldi að landi sem sé að mörgu leyti ólíkt beinum eignarrétti. Þjóðlendur verði þannig aldrei líkt við aðrar lendur ríkisins. Eignarréttur að þjóðlendur byggist ekki á námi heldur settum lögum. Íslenska ríkið hafi því engin eignarskjöl fyrr en fyrir liggja úrskurður óbyggðanefndar og eftir atvikum niðurstaða dómstóla.

Tekið er fram að ríkið eigi ekki öll réttindi í þjóðlendur heldur geti þau verið á hendi margra aðila vegna upphaflegrar afnotatöku eða venjuréttar. Eignarhald ríkisins sé eins konar forræði yfir tilteknum heimildum sem skapi aðild. Hlutverk ríkisins sé að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fari með stjórn auðlinda í hafinu innan ramma, sem settur er um þau málefni í lögum, fari ríkið með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt að.

Það liggja ágreiningslaust fyrir að Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunneignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendur. Áður hafi hins vegar ekki verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

7.2. Málsástæður og lagarök

Lögð er áhersla á það að kröfugerð íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Suðursveit sé að meginstefnu til byggð á því að mörk eignarlanda á kröfusvæðinu séu þau sömu og landnámsmörk. Utan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin voru til eignar en innan þjóðlendulínu sé þjóðlenda sem aðliggjandi jarðeigendur hafi í einhverjum mæli haft afnot af.

Landnám hafi verið grundvöllur frumstofnunar eignarréttar að landi hérlendis og eini gjörning-

1 Skjal nr. 4 (58). Sbr. samhljóða texta í 3. gr. fjallskilareglugerðar frá 1951 (skjal nr. 4 (59)).

2 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 35.

3 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 36.

4 Örn Eriksen, Reynivöllum III, Þorsteinn Sigfússon, Skálafelli I og Fjölfnir Torfason, Hala, við skýrslutökur 28.6. 2002.

urinn sem leitt hafi af sér beinan eignarrétt. Um landnámið séu glöggar heimildir í íslenskum fornritum, aðallega Landnámu. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenskri lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur séreignarréttur.

Fyrir utan skriflegar heimildir um landnámið hérlendis hafi fornleifar og búsetusaga staðfest fyrir okkur nútímamönnum að byggð hafi í stórum dráttum haldist á þeim svæðum sem numin voru til eignar. Sums staðar hafi byggð dregist saman en í örfáum untantekningartilvikum hafi byggð sótt á eftir að eiginlegu landnámi lauk.

Jafnhliða náminu er byggt á því að annar háttur á réttindatöku yfir landi hafi verið viðurkenndur í öndverðu en það var taka til afnota. Óbeinn eignarréttur eins og beitarréttur hafi grundvallast á töku í upphafi og síðan venjurétti. Byggt sé á því af hálfu fjármálaráðherra í þjóðlendumálum í Austur-Skaftafellssýslu að land utan numdra eignarlanda hafi verið tekið afnotatöku einstakra jarðeigenda þar sem möguleiki var til beitarafnota og sums staðar allt að jökulrönd. Byggist það á því að engar heimildir sé að finna um að almenningar hafi verið í sýslunni en þeir voru sameiginlegt afnotaland fjórðungsmanna og síðan þjóðarinnar. Jöklarnir hafi aldrei talist til eiginlegra almenninga þar sem þeir voru ekki nytjaland. Jöklarnir hafi hins vegar flokkast með öræfum og verið einskismanns land en eftir lögtöku þjóðlendulaga verði að gera kröfu til þess að þeir teljist þjóðlenda.

Um eignarréttarlegan mun á eignarlöndum, afréttum og almenningum er vísað til dómafordæma. Einkum er vísað til fyrra málsins um Landmannaafrétt, H 1955, 108. Sá dómur styðji fullyrðinguna um að nám þurfi til frumstofnunar eignarréttar. Dómurinn leiði enn fremur af sér þá réttarreglu í formi dómafordæmis, að notkun lands til sumarþeir fyrir búþening og annarrar takmarkaðrar notkunar leiði ekki til þess að afnotahafi eignist beinan eignarrétt að landinu. Í þessu sambandi eigi ekki að skipta máli hvort land sé almenningur, lögafréttur (afréttarland sem tilheyrir tveimur eða fleiri jörðum) eða bara annað land sem notað sé einungis til sumarþeir án þess að hafa verið numið. Það eigi heldur ekki að skipta máli hvort slíkt land hafi sérstakt landamerkjabréf eða sé einhliða innlimað í landlýsingu jarðar með landamerkjabréfi. Ritun og þinglýsing landamerkjabréfs hafi aldrei að íslenskum lögum stofnað til beins eignarréttar að landi. Einungis námið sjálft hafi verið löglegt til loka landnámsaldar en þá hafi rétturinn til þess verið afdnuminn með lögum.

Þá er vísað til fyrirkomulags hvað þetta varðar í Noregi og Norður-Ameríku. Þar sé land, sem ekki er undirorpið beinum eignarrétti, talið eign krúnunnar. Jafnframt er vísað til fyrirkomulags um hið sama á Grænlandi. Við endalok norrænnar byggðar þar í landi sé beinn eignarréttur að land talinn hafa fallið niður. Landstjórnin sé nú talin eigandi alls lands og úthluti einstaklingum og lögaðilum land til afnota.

Hér á landi hafi konungsvald ekki komið til fyrr en 1262 og eftir það hafi konungur eignast jarðir en ekki landið. Með Landmannaafréttardómi Hæstaréttar hinum síðari, H 1981, 1584, hafi verið skorið úr um það að við stofnun allsherjarríkis 930 hafi ónumið land ekki orðið eign þess heldur haldið áfram að vera eigendalaust. Á einveldistíma hafi konungur Danmerkur og Íslands, á grundvelli nýbýlatilskipunar, haft vald til að ráðstafa eigendalausum landi og landi sem tilheyrði öðrum á grundvelli afnotaréttar. Vald þetta hafi grundvallast á löggjafarvaldinu en ekki verið litið svo á að konungur ætti land utan eignarlanda. Þetta vald kvað Hæstiréttur vera hjá Alþingi eftir að eignarréttartilkalli ríkisins til Landmannaafréttar var hafnað. Með þjóðlendulögunum hafi Alþingi svo nýtt þennan rétt til löggjafar.

Tekið er fram að örðugt sé að greina nákvæmlega mörkin á milli eignarlanda og þjóðlendna. Í upphafi virðist ekki hafa skipt máli að skilgreina þessi mörk. Megináherslan hafi þannig verið lögð á að greina mörk landnáma innbyrðis. Við það hafi glögg kennileiti, eins og stórar ár, verið notuð.

Í nútímanum verði því að ráða í eyðurnar. Í megindráttum virðist landnám einungis hafa náð til láglandis en þó hafi ekki allt láglandi verið numið því almenningar voru bæði til hið efra og hið ytra. Mjög erfitt sé að gefa sér að hálendi eða fjöll hafi verið numin þar sem skráðar landnámsreglur beri með sér að slíkt hafi verið vandkvæðum bundið. Þó sé líklegt að helgun lands hafi náð svo langt að tekið væri með það land sem nýta mátti á heilsársgrundvelli og gat þannig verið hluti af jörð.

Þá er á því byggt að eignarréttur sé ekki eilífur þó til hans hafi stofnast. Talið sé að hann geti fallið niður ef hann verður að engu eða ef hann framselst ekki með lögerningum, erfðum eða hefðarhaldi. Þannig sé beinn eignarréttur að heimalandi jarðar talinn geta fallið niður með tímanum, ef hann framselst ekki en eigendur aðliggjandi jarða taki að nýta þar beit fyrir búfé eingöngu. Með beitarnotunum eingöngu eru skilyrði hefðarréttar ekki uppfyllt. Um þetta sé Geitlandsdómur Hæstaréttar skólabókardæmi. Í þessu sambandi er jafnframt bent á ákvæði Nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 og 1. mgr. 55. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, sbr. 1. gr. laga um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952.

Næst er greint frá því að helstu skrifuðu heimildir um nám lands hérlendis séu í landnámabókum sem í heildarútgáfu nefnist Landnáma. Þá segir að benda megi á fjölmörg dómafordæmi Hæstaréttar þar sem stuðst sé við heimildir þaðan þegar skera þurfi úr um inntak eignarréttar.

Um landnámsmörk á því svæði, sem til umfjöllunar, er sé því vísað til Landnámu auk rits Einars Ól. Sveinssonar, „Landnám í Skaftafellsþingi“ frá árinu 1948.

Fullyrt er að glöggð komi fram í heimildum um landnám í Suðursveit að hálendi, fjöll, öræfi og jöklar hafi ekki verið numin til eignar og að Hæstiréttur virðist gera ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðháttu, víðáttu og gróðurfars. Í því sambandi skipti hæðarlínur auðvitað miklu máli enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum og til þeirra því litið við kröfugerð íslenska ríkisins.

Þá sé það talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna að nám, raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinnar jarðar eða önnur atriði, hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Af dómum Hæstaréttar megi jafnframt ráða að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Því eru eldri heimildir eins og vísitásiur bornar saman við nýrri landamerkjabréf. Nýrri heimildir um merki verði auðvitað að víkja fyrir eldri eða upprunalegum heimildum.

Íslenska ríkið telur glöggð koma fram í Hæstaréttardómum varðandi Kalmanstungu og Sandfellshaga í Öxarfirði (H 1975, 55 og H 1999, 2006), að innan landamerkjalyásingar jarðar geti verið tvenns konar land. Heimaland sem er í heilsársnotum og síðan afréttarland sem er í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjalljarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á því hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám, blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda nái til alls heimalandsins.

Með tilvísun í ofangreint er því haldið fram að kröfulínu um þjóðlendumörk í Suðursveit í samræmi við kröfulýsingu ríkisins skuli taka til greina þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tiltekna heimildir, mörk heimalanda jarðanna við óbyggðir. Landamerkjabréf jarðanna hafi ekkert um þetta að segja enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk, jafnvel þótt þinglýst séu.

Þá er fullyrt að samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis aðila samningsins og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felast. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjalljarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggða-

mörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund, frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882 og það var ekki fyrr en 116 árum síðar að slíkt var hægt eftir að íslenska ríkinu hafði með lögum verið fenginn eignarétturinn að þjóðlendum.

Í málf lutningi var í þessu sambandi enn fremur lögð áhersla á það að við framsetningu kröfulínu íslenska ríkisins hafi verið litið til ákvæða landamerkjálaga um að finna beri glögg kennileiti í landslagi og láta sjónhendingalínur þar á milli ráða. Þessi glöggu kennileiti muni að líkindum standa um ókomna tíð og séu því heppileg viðmiðun fyrir mörk eignarlanda og þjóðlendu. Landamerkjábréf jarða á þessu svæði uppfylli hins vegar ekki framangreinda kröfu landamerkjálaga og sé því í mörgum tilvikum lítt á þeim byggjandi. Þannig sé fráleitt að miða mörk eignarlanda og þjóðlendu við jökulbrún sem sé stöðugt á hreyfingu.

Í framhaldi af þessu er vikið að hefð. Greint er frá því, að talið hafi verið, að hefðarréttur hafi ekki verið til í okkar fornlögum, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðaréttar stofnaðist til slíkra landsvæða.

Í þessu sambandi er jafnframt vísað til ákvæða Norsku laga frá árinu 1687 um hefð og hefðarlaga nr. 46/1905 sem leystu ákvæði hinna fyrr nefndu af hólmi. Samkvæmt þeim sé hvorki unnt að vinna hefð á afréttum né almenningum. Þessu til stuðnings er vísað til síðari dóms Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þessi regla hafi nú verið lögfest, sbr. ákvæði 3. gr. þjóðlendulaga.

Þá er athygli vakin á því að skilyrði fyrir hefðarhaldi er óslitið eignarhald sem hefur verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignaréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Loks er á það bent að á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi sem nú gæti heitið þjóðlenda.

7.3. Fell

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi greint frá heimildum um Esjufjöll og Mávabyggðir. Fram kemur að í Ferðabók Sveins Pálssonar sé fjallað um villt útigöngufé í Esjufjöllum um aldamótin 1700. Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu sé greint frá því að mestur hluti Mávabyggða og öll Esjufjöll hafi talist til Fellslands áður fyrr. Þess vegna hafi Ísleifur Einarsson sýslumaður talið villifé í Esjufjöllum sína eign og dæmt bændur þá í sekt er þangað fóru til að ná sér í sláturfé.

Til annars bendi sýslulýsing frá árinu 1746 en þar segi að Mávabyggðir tilheyri Örafum. Líklegt megi þó telja að þar sé átt við Esjufjöll sem annars séu þar ekki nefnd en séu miklu meiri fjöll og þangað hljóti Hornfirðingar, Suðursveitungar, sem Sveinn Pálsson segir að Ísleifur Einarsson sýslumaður hafi dæmt fyrir að taka ómarkaðar kindur úr Mávabyggðum, að hafa sótt þær. Sýslumaður mun að mati Sigurðar ekki hafa dæmt þá fyrir að taka þessar kindur frá Örafingum, heldur fyrir að hagnýta sér ómarkað fé í stað þess að láta bjóða það upp eins og lög munu hafi gert ráð fyrir.

Næst er fjallað ítarlega um sögu Fells og greint frá þeim heimildum sem liggja frammi í málinu. Í lok þeirrar umfjöllunar bendir íslenska ríkið á að árið 1998 hafi dómur fallið í Hæstarétti í máli milli sameignarfélagss Fells og tveggja sameigenda. Í Hæstarétti var höfð uppi ný málsástæða sem laut að því að Jökulsárlón og svæðið umhverfis það tilheyri ekki jörðinni Felli og hefði aldrei gert. Þetta svæði hafi áður legið undir jökli og þá verið almenningur. Það hafi ekki verið fyrr en 1930, að jökullinn hafi hopað og lónið farið að koma undan jökli. Landamerkjaskrá Fells 1922 hafi þannig verið gerð meðan jökull lá enn yfir þessu svæði. Þá voru lagðar fram fornar heimildir um að umrætt land við Jökulsárlón tilheyri jörðinni Breiðabólstað. Bent var á að það væri hlutverk óbyggðanefndar í samræmi við þjóðlendulög, 58/1998, að skera úr um hverjum eignaréttur að Jök-

ulsárlóni og landinu umhverfis tilheyrði. Þessari málsástæðu var mótmælt sem of seint fram kominni og tók Hæstiréttur hana því ekki til umfjöllunar og kom hún þannig ekki til álitu í málinu.

Þá er fjallað ítarlega um sögu Breiðármerkur í Örafum. Tilefni þeirrar umfjöllunar kveður íslenska ríkið vera samning milli eigenda Fells og Hofs frá árinu 1854 annars vegar og ákvörðun hreppstjóra Hofhrepps og hreppstjóra Borgarhafnarhrepps frá árinu 1922 hins vegar. Í báðum heimildum séu merki Fells talin ná talsvert vestur fyrir Jökulsá og þannig inn í landnám Þórðar illuga.

Því næst er tekið fram að á það megi fallast að jörðin Fell hafi verið innan landnáms Hrollaugs Rögnvaldssonar sem nam land milli Horns og Kvíár. Spurningin sé bara hversu mikill hluti af landnáminu hafi fallið undir jörðina þar sem engar heimildir séu til frá fyrri öldum um landamörk hennar. Vestasti hluti landnámsins hafi verið framseldur Þórði illuga, þ.e. land milli Jökulsár og Kvíár, en hann bjó á Fjalli. Engar heimildir séu til um að Jökulsá hafi runnið annars staðar en nú á landnámsöld og því verði þar landnámsmörk. Sættargerðin 1854 milli Hofsbænda og Felleigenda, þar sem landi vestan Jökulsár er ráðstafað til Fells, er að engu hafandi þar sem þar er ekki byggt á eldra rétti og umboð Hofsbænda er í meira lagi vafasamt. Þá standi eftir þræta um undirlendið frá Jökulsá og austur að Þjóðlendulínu einnig er því hafnað að jökull og hálendi upp af Þjóðlendulínu hafi verið numið. Jörðin Fell hafi ekki verið landnámsjörð og því var landi ekki afsalað til annarra jarða úr henni. Þannig sé ekki hægt að álykta sem svo að það af numdu landi, sem aðrir eigi ekki, tilheyrði Felli. Landnámsjörð Hrollaugs var Breiðabólsstaður og eftir að Þórður Illugi hafði fengið úr landnáminu land frá Jökulsá að Kvíá, þá átti landnámsbýlið Breiðabólsstaður land austan megin við Jökulsá. Ekki er vitað hvenær landi var afsalað til jarðarinnar Fells og ekki hvort það var úr Breiðabólsstaðalandi eða skipt úr annarri jörð sem leiddi landrétt sinn frá Breiðabólsstað.

Fram kemur að fyrstu heimildirnar um Fell séu frá 16. öld. Þá séu tæp 700 ár liðin frá landnámi. Af ýmsum fornum heimildum megi ráða að byggð hafi orðið mikil á Breiðármerkursandi þar sem nú er að stórum hluta land þakið jökli. Í þessu sambandi sé vert að hafa í huga að fyrir 1362 hafi tugir bæja verið í Ingólfshöfðahverfi en margir lagst af og ekki byggst síðan. Þess er getið í heimildum að á tíma landnáms hafi 20 km verið íslausir frá strönd að Vatnajökli. Árið 1894 hafi bilið svo aðeins verið 256 metrar. Frá um 1300 til 1900 hafi mikil kólnum átt sér stað, einkum eftir 1600. Þannig hafi óhemjumikið land orðið ónýtt og margar jarðir heyrt sögunni til þegar fyrstu heimildir greini frá jörðinni Felli. Jörðin Brennihólar hafi staðið á þessu þrætulandi en farið undir is 1753. Þannig megi segja að Breiðármerkurjökull hafi verið mikill áhrifavaldur á lönd, jarðir og jafnvel heil byggðahverfi. Þannig eyddust landamerki og fólk varð að yfirgefa eignir sínar til að halda lífi og oft á tíðum án þess að geta nýtt það sem eftir stóð af jörðum. Það sé fráleitt að halda því fram að sú jörð, sem síðust fer í eyði vegna eyðileggingar, eigi kröfu á því landi sem aðrir áttu, hvort sem það er komið undan jökli eða ekki. Ef þetta ætti að gilda ætti eignarréttur að öllum jörðunum í Þjórsárdal sem eyðilögðust á fyrri hluta byggðar að hafa fallið til síðustu jarðarinnar.

Niðurstaðan verði hér sú að það skipti engu máli fyrir landrétt jarðarinnar Fells hversu vítt til vesturs Hrollaugur Rögnvaldsson nam land. Það skipti einungis máli hversu mikið af numdu landi hafi framselst í upphafi eða síðar og sé þá komið að helsta vandamálinu varðandi sönnunarfærslu landeigenda í þessu ágreiningsmáli. Það lúti að þeirri staðreynd að jörðin fer í eyði fyrir lögtöku landamerkjálaga 1882 og engra heimilda njóti við um hvert land taldist til býlisins á blómatíma þess og raunar er ekkert gilt landamerkjabréf til fyrir jörðina. Austurmörk jarðarinnar séu einungis merki þau sem Reynivallabóndi hafi ákveðið með gerð sinnar landamerkjálýsingar og vesturmörkin raunar bara samningur tveggja hreppstjóra um merki milli hreppa sem jafnframt eigi að vera landamerki milli eyðibýlisins Fells og eyðibýlisins Breiðármerkur. Hvorugt geti skoðast sem landamerkjálina. Einungis sé um að ræða sjónhendingarlínu sem ráði fjörumörkum.

Í vísitáslu Jóns Vídalíns segi að Ísleifur Einarsson sýslumaður hafi gefið kirkjunni að Felli reka á Fellsfjöru frá Breiðármerkur eystra fjörumarki 5 hundruð fadma tólfræð svo langt austur eftir sandi sem til vinnist. Ítök séu óbein eignarréttindi, nánar tiltekið takmörkuð afnotaréttindi eða arð-

semisréttindi, sem tiltekinn aðili eigi í landi sem í annars eigu, sbr. 1. gr. laga nr. 113/1952. Þá hafi Grágás að geyma ákvæði um tilteknar tegundir ítaka, eins og t.d. rekaítök. Þar sé berum orðum gert ráð fyrir því að rekaréttur geti verið skilinn frá jörð. Svipuð ákvæði séu í Jónsbók. Þannig bendi flest til þess að Ísleifur Einarsson hafi ekki átt meira en rekaítakið er hann gaf það kirkjunni. Þannig verði ekkert af rekaítakinu ráðið um landamörk Fells nema að eftir gjöfina eigi jörðin eða kirkjan fjörumörk í samræmi við gjöfina. Því til stuðnings er greint frá því að á Felli hafi verið bændakirkja í eigu bóndans þar, Ísleifs Einarssonar. Hefði fjaran verið hluti af jörðinni Felli og undirorpin beinum eignarrétti jarðeiganda hefði hún verið hluti af heimalandi jarðarinnar. Heimalönd jarða voru gefin kirkjum að öllu eða að hluta. Frá hvaða jörð þetta rekaítak er komið og hvernig Ísleifur eignast það sé ekki vitað en til sé það að menn teldu sig eiga rekaítak í almenningsfjörum eða einskis manns landi. Í þessu sambandi er vísað til skrifna Páls Sigurðssonar, prófessors „Kirknaitök“ í Úlfhljóti, 1. t.bl. 1986.

Næst er vikið að samningnum frá 1854 milli Hofsbænda og eiganda Fells um fjörumörk milli Fells annars vegar og Fjallsfjöru og Breiðamerkurfjöru hins vegar. Hofsbændur hafi ekki haft umboð til að semja um fjörumörk fyrir eyðijarðirnar Fjall og Breiða og á þessum tíma var auðvitað ekki verið að semja um meira land en þá var jökullaust sem vart hafi náð nema ca 300 metra til landsins. Jafnframt þessu megi ítreka það að hvorki Hofsbændur né afkomendur Gísla Halldórssonar virðist telja sig eiga annað en afnotarétt að landi Breiðármerkur.

Þá kveður íslenska ríkið það sérstaklega erfitt varðandi jörðina Fell að sjá hvort og þá hvernig land Fells hafi verið framselt til hinna ýmsu aðila. Þar sé um að ræða nokkra löggerninga sem tiltaki bara hluta eða hundruði lands en ekki hvort þessir hlutar séu úr úrskiptu landi og þá við hvaða heildarland sé miðað því núverandi vesturmörk séu ákvörðun hreppstjóranna frá 1922 og austurmörk ákvörðun eiganda Reynivalla eftir að Fell er ónýtt orðin, komin í aur og yfirgefin. Þá njóti alls ekki við neinna heimilda um norðurmörk jarðarinnar þótt hér fyrr hafi verið minnst á getgátur um að jörðin hefði í fyrmdinni átt land allt upp í Esjufjöll. Heimildir séu hins vegar misvísandi um það til hvaða hreppa fjöllin tilheyrðu auk þess sem ólíklegt þykir að þau hafi verið innan landamerkjanna einhverrar jarðar. Einnig heimildirnar um villiféð vitni gegn því að beinn eignaréttur hafi verið til fjallanna. Allt frá Jónsbókartíma hafi landeigandi verið skyldur til að smala sitt heimaland og brot á þessari skyldu varðaði auðvitað ákveðnum viðurlögum.

Íslenska ríkið segir skýringuna á því hvernig landamerki Fells eru færð inn á kröfulínukort vera þá að báðar heimildirnar um merki Fells séu ákvörðun um fjörumörk og ekki annað. Um austurmörk segi að Fellsárfoss skuli bera í mitt Hrollaugshólaskarð og sé það sú beina lína í sjó sem þá verði fjörumark. Þarna séu tveir puntar þegar þá ber saman af fjörunni látnir ráða fjörumörkunum. Berum orðum segi ekki annað og sé þá fráleitt að telja landamerkjalinu ná frá fjörumörkunum í Fellsárfoss og þaðan í mitt Hrollaugshólaskarð. Sama gildi um vesturhliðina samkvæmt ákvörðun hreppstjóranna frá 1922. Þar sé verið að ákveða fjörumörk og um leið hreppamörk á landi sem náði nokkur hundruð metra frá ströndu. Fyrir nákvæmnissakir séu notaðir þrír punktar til að bera saman. Þannig eigi varða hlaðin á graskoll í fjörunni að bera austast í Hálfánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif í Mávabyggðum, allt bein lína.

Að lokum er tekið fram að íslenska ríkið viðurkenni afréttarrétt Fells í Veðurárdal en heimildir um þann rétt sé að finna í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709. Ekki þyki ástæða til að vefengja þennan rétt. Landrými það sem viðurkennt sé fyrir Fell sé miklu stærra en lönd bæja austur í Suðursveit þar sem á mörgum stöðum sé fleirbýlt. Á því landsvæði væri hægt að reka stórbú ef landgæði væru svipuð og voru fyrir eyðingu jarðarinnar.

7.4. Reynivellir

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi fjallað um sögu Reynivalla.

Þá er tekið fram að fjalllendi Reynivalla sé ekki stórt en það sé talið austan frá Fosstorfutindi og

vestur að Fellsárgljúfri. Það muni láta nærri að fjórir til fimm menn geti smalað allt Reynivallafjallendi á fjórum til fimm tímum. Fjallendið greinist í tvennt, Reynivallafjall og Þverárfjall.

Því næst er greint frá því að landamerkjabréf Reynivalla sé frá 6. mars 1890. Þar sé mörkum til austurs svo lýst: „Mark að austan er þegar Markhólma þar sem hann er hæstur ber í hæstu þúfu á austasta Borgarhrauni og ræður sú lína norður að jökli.“ Mörkum til vesturs sé svo lýst: „Mark að vestan er þegar fossinn neðst í Fellsárgljúfri ber í mitt skarðið á Hrollaugshólum, frá fossinum ræður Fellsárgljúfur mörkum að jökli.“

Ekki njóti við eldri heimilda um landamerki Reynivalla en talið sé að þessi einhliða lýsing á merkjum samkvæmt landamerkjabréfinu sé ekki í samræmi við landnámsmörk. Kunni merki þessi því að taka með afréttarland að hluta. Á fjallendið hafi verið beitt sauðfé á sumrum og verði að skilja upplýsingar um smöln þess á þann veg að fjallendið hafi ekki verið í heilsársnotum. Hæð yfir sjó og önnur atriði mæli einnig gegn beinum eignarrétti.

7.5. Breiðabólsstaður

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi vísað til þess að heimaland jarðarinnar sé fremur lítið. Til vesturs sé stutt til landamarka við Reynivelli sem sé svo lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 10. febrúar 1893: „liggur merkjalínan af fjörunni að sjá í Markhólma og hæstu þúfu í Borgarhrauni austasta og þaðan í Hvammskriðu eystri“. Austurmörkin milli Breiðabólsstaðar og Sléttaleitis séu eftirfarandi: „af fjörunni að sjá ber auðkenndan stein í Markleiti í hnjúk í miðri markargilseggi“. Í þessu landamerkjabréfi segi enn fremur að Breiðabólsstaður eigi skógarhögg, beit og grastekju í Breiðabólsstaðarfjalli, að meðtöldu graslendinu á sléttlendinu fyrir framan fjallið áleiðis suður að Kaldá, svo langt suður að Klifatangi fyrir innan Steina beri í stóra steininn í Stórudokk fyrir innan Kálfafell, austan við fjallið liggi bein lína úr miðjum jöklinum og suður um Markhólma vestanverðan til sjós og ráði sú lína landamerkjum milli Kálfafells og Breiðabólsstaðar. Breiðabólsstaður eigi allan Hvannadal austanmegin Dalsár og vestanmegin og allt suður að Klifaá.

Þá er bent á eldri heimild um landamerki Breiðabólsstaðar, lögfestu gerða 28. apríl 1810. Þar sé lögfest af öðrum eiganda jarðarinnar Breiðabólsstaðar að helmingi á móti hinum: „gras og land norður undir jökul, Hvannadal allan fyrir austan Kaldá, einnig fyrir vestan upp á eggjar fram að Klifaá að meðfylgjandi grasmóa. Sléttlendinu framundan fjallinu svo langt suður sem Klifatungan fyrir innan Steina beri í steininn í Stórudock fyrir innan Kálfafell. Svo og lögfesti ég undir Breiðabólsstað skóg í Breiðabólsstaðarfjalli, nefnilega Brunna, Hólmkvarða, móa og Miðfell inn undir jökul fyrir austan grenishvamma og að Kaldá, að fráteknu því sem Reynivöllum fylgir.“ Nú sé aflögð byggð á Sléttaleiti og hafi það land verið lagt undir Breiðabólsstað.

Því er haldið fram að landamerkjabréfinu og lögfestunni beri ekki saman. Svo virðist sem lögfestan, sem samin er einungis af öðrum af tveimur eigendum jarðarinnar, helgi jörðinni land að jökli að austan og vestan en landamerkjabréfið eingöngu að austan. Að vestan nái merkjalýsing að Hvammskriðu eystri. Erfitt sé að átta sig á hvers vegna Hvannadalur sé lögfestur ef verið sé að lögfesta allt land að jökli. Kannski sé það vegna þess að einhver annar aðili hafi talið sig eiga þar einhvern landrétt en vitað sé að þarna var afréttur.

Greint er frá því að Breiðabólsstaðarfjall, Hvannadalur, Staðarfjall og Steinadalur séu afréttarlönd Breiðabólsstaðar. Lengsti afréttardalurinn í Suðursveit sé þó Kálfafellsdalur. Meðan fráfarur hafi tíðkast hafi lömbin verið vöktuð í Staðarfjalli í 3 daga. Bæirnir fyrir vestan Steinasand hafi verið í félagi um þetta og lagt til einn mann hver. Búið hafi verið í tjaldi og matur hafður að heiman. Á fjórða degi hafi lömbin verið rekin í Hvannadal til sumargöngu. Mörg býli í hreppnum hafi átt skógaritök í framangreindum afréttarlöndum, svo sem Sævarhólar, Borgarhöfn, Kálfafellsstaður, Reynivellir og Fell. Það gefi til kynna að um almenningsland hafi verið að ræða sem sveitarmenn gátu nýtt sér.

Í þessu sambandi var í málflutningi enn fremur vísað til þess að í Sáttabók Suðursveitar frá 1806

kæmi fram að ábúendur Innra-Kálfafells, Jón Steinsson og Þórður Steinsson, hefðu verið ákærðir og þeim er gefið að sök að hafa notað sér hagabeit í Staðarfjalli er Breiðabólstað tilheyrði, án leyfis Breiðbælinga. Þar sé því lýst hvernig Kálfafellsmenn hafi um langt skeið brúkað Staðarfjall átölulaust. Niðurstaðan hafi verið sú að gerð var sátt um að þeir hættu þessum afnotum. Þannig sé það ljóst að þetta landsvæði hafi verið í notum ýmissa aðila sem hafi litið svo á að þeir gætu sótt þangað ýmis réttindi.

Með því að draga kröfulínu um þjóðlendumörk, eins og gert er á kröfukorti, sé af hálfu ríkisins viðurkenndur beinn eignarréttur að hluta af öllum þessum afréttarlöndum. Verði þannig ekki talið annað en að kröfugerðinni sé í hóf stillt þar sem hluti af Hvannadal og Kálfafellsdal séu utan þjóðlendu. Meginrökin á bak við kröfugerðina hér verði þannig þau að land norðan kröfulínu hafi ekki verið numið í öndverðu. Landið hafi ekki verið nýtt til annars en að hirða af því jarðargróður í formi beitar og skógarnytja. Gegn þessum rökum og heimildun hljóti einhliða lögfesta og landamerkjabréf að vera léttvæg við mat á beinum eignarrétti þótt þau geti verið sönnun fyrir óbeinum eignarréttindum.

Að lokum er í stuttu máli greint frá Steinum, Sléttaleiti, Hala og Gerði.

7.6. Kálfafell

Í upphafi er vísað til landamerkjabréfs Kálfafells frá því í apríl 1890. Þar sé mörkum að austan við Kálfafellsstað lýst í Grástein og efst í Kálfagróf og í miðjan Merkirima niður við sjó. Tún jarðanna liggja þannig saman. Að vestan milli Kálfafells og Steina skuli varða í Markhólma bera í Lúputind og verði sú beina lína einnig fjörumark milli Kálfafellsfjöru og Vindásfjöru. Vesturmörkum gagnvart Breiðabólstað sé hins vegar lýst allt til jökuls, þannig skuli varða í Markhólma bera í Fiskikeldu og úr Fiskikeldu í miðjan Brókarjökul.

Því er haldið fram að af þessu megi glöggt ráða að fjalllendi sé sameiginlegt fyrir Kálfafell og Kálfafellsstað sem og önnur býli í torfunni. Hér sé þannig um afréttarland að ræða sem hafi óviss mörk til fjalla. Bæði þar sem endapunktur í austri og vestri séu óvissir og ekki ákvörðuð nein mörk þar á milli. Heimalandi sé hins vegar skipt og sé það í anda landskiptalaga sem heimili einungis skiptingu heimalanda en ekki afréttarlanda. Þá megi benda á að eldri heimildir um landrými eins og vísitásiur Brynjólfs og Ólafs telji jörðinni tilheyra mikið minna land til fjalla en landamerkjabréfið geri ráð fyrir. Þetta veiki gildi landamerkjabréfsins. Um þetta vísist einnig til umfjöllunar um Kálfafellsstað.

7.7. Kálfafellsstaður

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi fjallað um sögu jarðarinnar.

Þá er vitnað til heimilda um landamerki Kálfafellsstaðar. Greint er frá lýsingu merkja í vísitásíu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá árinu 1641, vísitásíu Jóns biskups Vídalíns frá árinu 1706, vísitásíu Ólafs Gíslasonar frá árinu 1748 og loks landamerkjabréfi jarðarinnar frá árinu 1923.

Því er haldið fram að Brynjólfur biskup Sveinsson sé af mörgum talinn seilast lengra við lýsingu landamerkja í sínum vísitásíum en góðu hófi gegni. Það væri því í anda hans að ganga lengra en ráða megi af eldri heimildum.

Að austan segi Brynjólfur að Staðará deili milli Kálfafells og Borgarhafnar ofan að sauðbeit. Þetta sé skilið þannig að merkin á milli sé áin niður í sauðbeit. Nú sé óljóst hversu langt Staðará nái í átt að jökli því í botni Staðardals verði hún til af mörgum lækjum og kvíslum. Landamerkjabréfið frá 1923 hafi sömu lýsingu nema bætt sé við þeirri skýringu að Staðará spretti upp milli Hálsatinds og Þormóðsstaðahnútu. Við skoðun þessara örnefna á kröfukorti megi glöggt sjá að þessi upptakpunktur eru langt frá jökli og þannig óskiljanlegt hvers vegna punktur í jökulröndinni sé talinn hornpunktur fyrir jörðina.

Merki til vesturs samkvæmt vísitásíu Brynjólfs séu óljós, einungis segi að þau liggja „á milli

Kálfafellanna úr þúfunni í Kálfagróf og sjónhending í miðjan Merkirima og fjörumörk þar rétt suður undan“. Þessi lýsing segi manni, sem ekki njóti þess að vera staðkunnugur, ekkert. Á kröfulínukorti sé hvergi að finna tvö Kálfafell, einungis Kálfafellsfjöll og sé það örnefni í miðju því landsvæði sem teiknað sé á kröfulínukort fyrir jörðina. Þúfan í Kálfagróf og Merkirimi séu í heimalandi og komi þannig ekki til álita við skoðun fjallmarka.

Þá sé ljóst að með því að setja merkin í landamerkjabréfi Kálfafells frá 1890 úr Fskikeldu í miðjan Brókarjökul sé verið að seilast lengra með merki en meira að segja Brynjólfur biskup hafi vogað sér. Yngri landréttur verði að vera í samræmi við eldri eða upprunalegan rétt nema hægt sé að sanna rétt til landauka með löggerningum.

Þessi umfjöllun um vesturmörk eigi frekar við um Kálfafellsjörðina því hún njóti þessara vesturmerkja gagnvart Breiðabólstað. Milli Kálfafellsstaðar og fyrrum hjáleigubýla annars vegar og Kálfafells hins vegar séu engin mörk önnur en mörk í byggð samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1923 og þannig hljóti allt fjalllendi að vera í óskiptri sameign. Hér sé um að ræða sumarbeitiland sem auðvitað sé ekkert annað en afréttur sex jarða.

Næst er á það bent að Staðardalurinn, sem sé afréttarland jarðarinnar, sé ekki stór og eins og annað fjalllendi á þessum slóðum gróðurlitill, einkum hið efra. Framar á dalnum sé graslendi nokkuð, einkum í Hálsu og svo á Selmyri, sem er allstórt svæði framan til í dalnum.

Kröfulínan um þjóðlendumörk sé í fjöllum ofan við undirlendi bæjanna og lendi efri hluti Staðardals því innan þjóðlendu. Byggt sé á því að lengra til óbyggða hafi nám ekki náð. Skriflegar heimildir um að Staðardalurinn sé afréttardalur styðji þessa niðurstöðu þar sem afréttir hafi sjaldnast verið í heimalandi þótt slíkt geti verið.

Að lokum er bent á að kröfulýsing vegna Kálfafellsstaðar sé gerð af umráðamanni, séra Einari Jónssyni. Ríkið telji hins vegar réttara að aðild sé hjá prestseturssjóði. Jafnframt þessu geri umráðamenn ríkisjarðanna Brunna, Brunnavalla og Jaðars kröfur til eignarréttinda gagnvart þjóðlendukröfum. Ríkið mótmælir aðild þessara umráðamanna og telur sig hafa alla aðild fyrir jarðirnar og hafa sent inn kröfulýsingar sem séu í samræmi við kröfur ríkisins um þjóðlendumörk. Sama eigi við um jörðina Leiti. Þessar jarðir eigi allar í sameign það fjalllendi sem geti verið innan merkja samkvæmt gildum lýsingum og hluti af því sé ofan þjóðlendulínu.

7.8. Borgarhöfn

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi greint frá staðhátum í landi Borgarhafnar. Tekið er fram að land jarðarinnar skiptist nánast til helminga í láglandi og fjalllendi. Mikil hagaganga hafi áður fyrr verið á Borgarhafnarheiði. Einnig hafi hellutak gott verið í Helluhól í Borgarhafnarfjalli.

Því næst er fjallað um sögu jarðarinnar.

Þá er greint frá því að landamerkjaskrá Borgarhafnarlands sé frá 19. júní 1922. Þessi skrá skeri sig úr öðrum að því leyti að austur- og vesturmörkum er lýst upp í jökul, hvar sem hann hafi verið á þessum tíma. Þessum fjallmörkum sé lýst að austan þannig að austan renni lækur sá úr jöklinum austan við Botnafjallshnútu og renni í Skógarmannafoss. Skógarmannafoss sé einmitt endapunktur vesturmarka Skálafells. Austan þessarar línu sé þannig land sem enginn geri tilkall til samkvæmt landamerkjabréfi. Vesturmörkum Borgarhafnar sé lýst þannig að Staðará deili á milli Borgarhafnar og Kálfafellsstaðar þar hún nú renni úr jökli austan við Hálsatind annars vegar og Þormódsstaðahnútu hins vegar. Ekki komi fram í skránni hvernig óbyggðamörkin liggi, hvort þau séu bein lína á milli efstu punkta í austri og vestri eða liggi uppi á jökli.

Næst er tekið fram að kröfum sé lýst fyrir Borgarhöfn ásamt Lækjarhúsum, Gamlagarði og Vagnstöðum. Samkvæmt þeirri kröfulýsingu sé lýst merkjum til norðurs, sem línu frá merkjum Skálafells í punkti 37 á kröfulínukorti og í vestur að mörkum við Kálfafellsstað í punkti 37a á kröfulínukorti. Íslenska ríkið mótmæli kröfum fyrir Gamlagarð þar sem sú jörð sé ríkisjörð ásamt Króki og gerðar séu sérstakar kröfulýsingar fyrir þær jarðir sem séu í samræmi við kröfur ríkisins

um þjóðlendumörk. Þá sé einnig mótmælt því að punktur 37 á kröfulínukorti sé á mörkum við Skálafell, þar sem það styðjist ekki við nein heimildarskjöl.

Þá er tekið fram að land norðan við kröfulínu ríkisins sé mikið hálendi allt upp í aðstöðu ferðajónustunnar á Skálafellsjökli. Þarna sé meðal annars Borgarhafnarheiði og eystri hlið efri hluta Staðardals. Kröfulína ríkisins gangi í gegnum miðjan Staðardal en heimildir segi Staðardal m.a. afrétt frá Kálafellsstað. Þá greini heimildir frá hellutaki í Helluhól í Borgarhafnarfjalli, sem menn hafi víða að sótt, án gjaldtöku. Helluhóll sé talsvert fyrir sunnan kröfulínu. Heimildir greini jafnframt frá beitarafnotum ýmissa jarða á Borgarhafnarheiði. Ýmsar jarðir hafi þannig nýtt þrætusvæðið. Þannig séu heimildir um nýtingu fleiri jarða á þrætusvæðinu auk þess sem hægt sé að útiloka nám lands á þessu hálendi. Þá sé hæð yfir sjó, fjarlægð frá byggð, gróðurfar og annað til þess fallið að skerpa á sönnunarkröfum um beinan eignarrétt.

Loks er tekið fram að samkvæmt máldaga frá 1570 eigi kirkjan í heimalandi. Heimild um að jörðin skiptist í heimaland og annað land liggja því fyrir. Eins og byggt sé á af hálfu ríkisins í þjóðlendumálum fylgi beinn eignarréttur eingöngu heimalandinu.

7.9. Skálafell

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi greint frá staðhættum í landi Skálafells. Tekið er fram að um aldarmótin 1900 hafi Hafrafell verið umlukið jökli. Þar hafi svo orðið jökullaust um 1930.

Því næst er fjallað um sögu jarðarinnar.

Þá er greint frá því að landamerkjabréf jarðarinnar sé frá 1. maí 1921. Þar sé eystri mörkum við Heinaberg með lýst úr Hánypu og beint í Snjófjall vestast. Ekki verði beint ráðið af þessu hvort hér sé um sjónhendingarlinu að ræða eða orðin merki að jörðin eigi land allt upp í Snjófjall. Vestari mörkum sé hins vegar aðeins lýst á mótí Smyrlabjörgum upp í Skógarmannafoss og ekki lengra. Sú jörð eigi ekki land lengra til fjalla. Benda megi á það að Borgarhöfn eigi hornpunkt í Skógarmannafoss og Skálafell eigi ekki land á mótí Borgarhöfn, hvorki samkvæmt landamerkjabréfi Skálafells né Borgarhafnar.

Tekið er fram að landamerkjabréf Borgarhafnar lýsi mörkum sínum að jökli þannig að austan renni lækur sá úr jöklinum austan við Botnafjallshnútu og renni í Skógarmannafoss deili á milli Botnafjallshnútu og Miðbotnafjalls. Mörkum Skálafells til vesturs sé hins vegar lýst úr Skógarmannafossi beint í grjótvörðu á fjallsbrún (milli Hvíldar og Nautastapa) og þaðan beint í Smyrlabjargaá. Samkvæmt þessu nái land Skálafells ekki hærra til fjalls en að Skógarmannafossi og samkvæmt bréfinu eigi jörðin engin landamerki mót Borgarhöfn og síðast en ekki síst sé engin landamerkjalinu dregin milli efstu austur- og vesturpunkta og þannig eigi jörðin engin þinglýst mörk til fjalla.

Þá er því haldið fram að erfitt sé að átta sig á hvernig landamerkjabréfið geti verið sönnun fyrir beinum eignarétti að öllu því landsvæði sem samkvæmt kröfulínukorti falli innan merkja jarðarinnar þegar augljóst sé af texta bréfsins að merkjalýsing að vestan endi við Skógarmannafoss. Skógarmannafoss sé skammt sunnan við kröfulínu ríkisins um þjóðlendumörk og verði þannig til sneið sunnan kröfulínu sem enginn geti gert tilkall til samkvæmt landamerkjabréfi. Enginn möguleiki sé þannig á að vefengja réttmæti kröfulínu íslenska ríkisins á þessu svæði.

Loks er tekið fram að krafa um þjóðlendu í Hafrafelli sé einkum byggð á heimildum úr Byggðasögu A-Skaftafellssýslu. Þar segi að talið sé að Skálafell eigi upprekstur í hálfu Hafrafell á mótí Flatey í Mýrarhreppi. Að eiga upprekstur sé sama og eiga afrétt eða afréttareign. Hafrafellið sé þannig lögafrétt samkvæmt Grágás og Jónsbók en svo hafi afréttir verið kallaðir sem tveir eða fleiri áttu saman. Vegna samnotanna hafi verið talið eðlilegt að hafa lögbundnar nýtingarreglur. Annað sem skipti máli varðandi Hafrafellið séu hæð þess yfir sjó, fjarlægð frá byggð og önnur atriði, sem geri það að hreinum öræfum. Síðast en ekki síst verði ekki séð að Hafrafell sé innan lýstra landamerkja.

8. SJÓNARMÍÐ GAGNADILA

8.1. Fell

Af hálfu þinglýstra eigenda Fells er í upphafi fjallað um sögu jarðarinnar og vísað til viðeigandi heimilda í því sambandi. Þar kemur m.a. fram að á fyrstu öldunum eftir landnám sé talið að landslagið hafi verið öðruvísi en nú er. Talið sé að Breiðamörk hafi þá verið gróið sléttlendi sem gæti hafa náð langt norður frá núverandi jökulsporði. Þar sem áður var gróin mörk hafi jökullinn í gegnum aldirnar grafið landið hundruð metra niður fyrir sjávarmál.

Þá er tekið fram að jörðin Fell hafi verið numin þegar á landnámsöld. Jarðeigendur byggja á því að við landnám hafi stofnast beinn og fullkominn eignarréttur að jörðinni. Þessu til stuðnings vísa jarðeigendur til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000.

Enn fremur taki jarðeigendur undir það með óbyggðanefnd að skýrar lýsingar Landnámu hafi sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Lýsingar hennar geti þó aldrei ráðið einar sér þar sem þær séu ekki nógu nákvæmar. Síðari þróun, samningar milli einstakra jarðeigenda, gerð landamerkjaskráa, hefðartími og fleira hljóti að skipta sköpum um umfang landsvæða innan einstakra jarða.

Þá byggja jarðeigendur á því að engir afréttir séu í Austur- Skaftafellssýslu heldur sé allt land þar eignarrétti háð og tilheyri einstökum jörðum þar með talið Felli. Hafi svo verið allt frá landnámi. Láglandi sé enda almennt lítið og stutt til fjalla. Þetta sé almennt skoðun fræðimanna.

Jafnframt hafi landslag verið allt annað við landnám en nú er. Breiðamörkin hafi þá verið grasi gróið láglandi sem tilheyrt hafi Felli eða jörðum sem tilheyra henni í dag og verið nytjuð af bændum. Rannsóknir renni ótvírætt stoðum undir þetta. Sama geri fornar sagnir um að Mávabyggðir og Esjufjöll hafi tilheyrt Felli. Sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni.

Þessu til stuðnings var í munnlegum málflutningi vísað til greinargerðar Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um náttúrufar í Suðursveit, greinargerðar Odds Sigurðssonar jarðfræðings um útbreiðslu jökla á Íslandi á sögulegum tíma, greinar Helga Björnssonar „Frá Breiðumörk til jökulsands: móttun lands í þúsund ár“ og mælinga Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands á Breiðamerkurjökli og nágrenni og áætlaðri legu Breiðumerkurjökuls á fyrstu öldunum eftir landnám. Framan­greind gögn staðfesti að við landnám hafi Breiðamörk verið gróið sléttlendi í um 100 m h.y.s.

Jarðeigendur byggja og á því að breytingar á jökklafari valdi því ekki að landamerki færist úr stað. Það að Breiðamerkurjökull hafi skriðið verulega fram frá því sem var á fyrstu öldum byggðar í landinu valdi því ekki sjálfkrafa að landamerkin færist fram. Jökullinn sé á stöðugri hreyfingu og nú um tíma t.d. hafi hann. Málið snúist eingöngu um sönnunarleg atriði. Eins og sýnt hafi verið fram á hefur Breiðamörkin verið verðmætt láglandi og fráleitt að slíkt svæði hafi ekki verið nýtt af bændum. Jöklar séu einungis vatn í föstu formi og um þá gildi sömu reglur og um myndun og breytingar á vatnsfari á eignarlöndum, sbr. t.d. 2. mgr. 3. gr. og 7. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Í þessum efnum sé eðlilegra að miða við landnámsmörk og á því byggist kröfugerð eigenda Fells.

Varðandi landamerki jarðarinnar er m.a. byggt á þeim landamerkjaskrá sem til staðar eru, þ.e. „landamerkjaskrá jarðarinnar Reynivalla í Borgarhafnarhreppi“ frá 8. apríl 1888, „landamerkjaskrá fyrir Fellslandi“ frá 1. maí 1922 og „landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi“ frá 13. maí 1922. Tvær hinar síðastnefndu hafi verið gerðar með stoð í landamerkjalogum, nr. 41/1919, sem þá höfðu nýlega tekið gildi. Landamerkjaskrá Reynivalla frá 1888 sé undirrituð og samin af ábúendum jarðanna Reynivalla og Breiðabólsstaðar 1885 en dagsett og send til birtingar 1888, undirrituð af viðkomandi presti 1890 og afrituð sama ár. Fell hafi farið í eyði 1873 en að mestu eftir það verið í eigu ábúandans á Reynivöllum, Eyjólfssonar og afkomenda hans. Það sé því ekkert óeðlilegt við það þótt landamerkjaskráin sé eingöngu undirrituð

af ábúendum Reynivalla og Breiðabólstaðar en ríkið hafi reynt að gera lítið úr gildi landamerkjaskrárinnar vegna þess að aðrir hafi ekki undirritað hana. Landamerkin, eins og þeim sé lýst, fari algerlega saman við landamerkin í landamerkjaskránni frá 1. maí 1922 og miði eigendur bæði Fells og Reynivalla við sömu landamörk enn þann dag í dag. Landamerkjaskráin frá 13. maí 1922 fari síðan saman eftir því sem við á við landamerkjaskrána frá 1. maí 1922 sem undirrituð sé af eigendum og ábúendum Reynivalla sem einnig hafi átt Fellið a.m.k. að stórum hluta. Að því er varði landamerkjaskrána frá 13. maí 1922 sé á því byggt að hreppstjórar Hofshrepps og Borgarhafnarhrepps hafi haft fullt umboð jarðeigenda til þess að undirrita landamerkjaskrána enda sé ekki vitað til þess að neinn sérstakur ágreiningur hafi verið um hana.

Einnig er vísað til „sattargjörðar“ frá 8. júní 1854 milli eigenda jarðanna Fells og Hofs í Örafum. Sáttargerðin, sem undirrituð sé af jarðeigendum, styðji við landamerkjaskrána enda aðeins 68 ár á milli þess sem sáttargjörðin hafi undirrituð 8. júní 1854 og landamerkjaskráin 13. maí 1922. Við landamerkjaskrána skuli þó miða enda sé hún síðasti löggerningurinn sem varði landamerkin og um hana hafi ríkt sátt frá upphafi.

Í munnlegum málflutningi var í þessu sambandi einnig vísað til lögfestu Hofsbænda frá 1851. Hún styðji kröfu um landamerki Fells vestan Jökulsár sérstaklega sem og framangreindar landamerkjaskrár að öðru leyti.

Allar framangreindar landamerkjaskrár hafi verið þinglesnar á manntalsþingum og innfærðar í landamerkjabók Skaftafellssýslu og hafi síðan verið á þeim byggt varðandi landamerki hinna tilgreindu jarða án ágreinings við nágranna eða sveitarfélög. Virðist það eindregið benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Þá er lögð áhersla á það að jarðeigendur telji með vísan til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000 að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún sé afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Sama gildi um land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð. Sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni.

Að því er varðar norðurlandamerkin, sem snúa inn að landinu, byggja jarðeigendur á því að mælingar bendi til þess að Breiðamörkin, sem sé langstærsti hluti jarðarinnar, hafi verið gróið verðmætt láglandi og jökullinn þá aðeins náð niður að Skálalbjörgum í Esjufjöllum. Á því er byggt að þetta svæði hafi verið nýtt af bændum. Þetta svæði sé innan landamerkja jarðarinnar eins og þau séu í dag og hafi verið um árhundraða skeið. Að því er varði framhald eystri landamerkja jarðarinnar til norðurs frá Fellsfossi og upp með Fellsgljúfri, eftir Þverártindsegg í Snæfell, þá styðjist þau við frásagnir bænda aðliggjandi jarða, s.s. Reynivalla. Þessi landamerki séu kunn meðal bænda í sveitinni þótt ekki komi skýrt fram í landamerkjabréfinu hversu langt þau gangi til norðurs eða inn til landsins, frekar en í mörgum öðrum landamerkjabréfum. Þá sé um glögg merki frá náttúrunnar hendi að ræða. Lega landamerkjanna til norðurs sé hins vegar í fullu samræmi við legu Breiðumerkurinnar eins og hún hafi lítið út á fyrstu öldum eftir landnám þegar hún teygði sig allt til Esjufjalla, svo sem áður hafi verið gerð grein fyrir.

Þá verði, varðandi umfang og stærð jarðarinnar, að líta til þess að meðan jörðin var í byggð, hafi hún verið bústaður stórbænda og höfðingja og talin eitt af mestu höfuðbólum sýslunnar og landmesta jörðin.

Næst er tekið fram að verði lítið svo á að landeigendur hafi ekki átt beinan eignarrétt að jörðinni miðað við landamerki hennar eins og þau eru í dag, þá hafi þeir að minnsta kosti eignast slíkan rétt fyrir hefð sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Byggi landeigendur á því að þeir og forfedur þeirra hafi haft svo víðtæk umráð eignarinnar um árabíl að það hljóti eitt og sér að vera vísbending um eignarhald á jörðinni. Megi í þessu sambandi vísa til H 1997:2792 og H 1939:28. Þrátt fyrir að jörðin hafi farið í eyði í lok 19. aldar hafi jarðeigendur nýtt hana, slegið tún o.s.frv. Þá hafi þeir, einkum síðustu áratuginna, haft umsjón og eftirlit með því að umgangur ferðamanna og starfsmanna fyrirtækja einkum í kvikmyndaiðnaði við Jökulsárlón sé þannig að ekki verði unnin þar náttúru-

spjöll. Hafi landeigendur m.a. gert leigusamning við rekstraraðila ferðaþjónustu við lónið og fjölda innlendra og erlendra kvikmyndafyrirtækja. Heimild jarðeigenda til þess að heimta leigu af rekstraraðila við lónið hafi verið staðfest með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 167/1998.

Því næst er greint frá því að um áratuga eða árhundruða skeið hafi land innan Fellsjarðarinnar verið eins og það er enn þann dag í dag. Ríkið hafi látið þetta algerlega afskiptalaust allt fram til þess tíma þegar það hafi lagt fram kröfugerð sína fyrir óbyggðanefnd. Ekki þýði að koma nú löngu seinna til þeirrar kynslóðar sem nú eigi jörðina og hafi í flestum tilfellum erfð hana frá forfeðrum sínum og mæðrum og halda því fram að ríkið eigi þar betri rétt. Hafi ríkið átt slíkan rétt sé hann nú niður fallinn fyrir tómlæti.

Þá vísa jarðeigendur til traustfangsreglna. Landamerkjaskrár jarðarinnar hafi verið þinglesnar á manntalsþingum og færðar í landamerkjaskrár. Jarðeigendur séu einnig þinglýstir eigendur jarðarinnar.

Enn fremur byggja jarðeigendur á því að land innan landamerkja jarðarinnar njóti verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þeir verði því aðeins skyldaðir til þess að láta það af hendi með lögum þegar almenningsþörf krefji og komi þá fullt verð fyrir.

Varðandi eignarheimildir sínar benda jarðeigendur á að þeir séu þinglýstir eigendur jarðarinnar sbr. veðbókarvottorð dags. 27. júní 2001. Ekkert hafi verið gert til þess að hnekkja því eignarhaldi. Þeir hafi því þinglýsta eignarheimild að jörðinni eins og hún sé afmörkuð í dag.

Þá mótmæla jarðeigendur kröfum íslenska ríkisins. Telja þeir kröfurnar vera í ósamræmi við fyrirliggjandi gögn og heimildir auk þess sem þær séu ekki í samræmi við vilja löggjafans. Það sýni svo ekki verður um villst ummæli og yfirlýsingar ráðherra og fjölda alþingismanna.

Í kröfugerð ríkisins sé fallist á það að „landnám sé grundvöllur frumstofnunar eignarréttar“. Landnámið hafi einkum náð til láglendisins en „líklegt að helgunin hafi náð svo langt, að tekið væri með það land, sem nýta mátti á heilsársgrundvelli og gat þannig verið hluti af jörð“. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu og reyndar þvert ofan í hana taki ríkið ekkert tillit til landamerkja eða hvernig landslag var á fyrstu öldum eftir landnám þar sem ákveðið hafi verið að ríkið setji kröfulínu sína inn í miðja jörðina. Þá nái kröfulínan út í sjó og í raun „klipptur af“ stærstur hluti jarðarinnar sem sagnir séu um að hafi verið höfuðból og landmesta jörðin í sýslunni. Þannig sé jörðin í raun gerð að koti með kröfulýsingu ríkisins. Þetta sé í ósamræmi við þau gögn sem ríkið sjálft hafi lagt fram.

Jarðeigendur mótmæla jafnframt þeirri málsástæðu að það hafi haft einhver áhrif á eignarréttinn að jörðinni þótt not af henni hafi breyst vegna ágangs jökla og vatna. Þá mótmæla jarðeigendur því að landnám hafi einungis tekið til þess lands sem byggð reis á en ekki t.d. til fjalla, öræfa eða jökla.

Jarðeigendur mótmæla því að sönnunarbyrðin hvíli á þeim enda sé kröfulína ríkisins hvorki í samræmi við landamerkjaskrár né önnur fyrirliggjandi gögn. Þeir byggja þvert á móti á því að þar sem landamerki hafi staðið ágreiningslaus um langa hríð, þá hljóti sönnunarbyrðin að snúast við og ríkið að sanna að landamerkin eigi að vera með einhverjum öðrum hætti en verið hefur um langt skeið. Löglíkur séu á því að sá sem hafi haft umráð jarðar um langt árabíl sé eigandi hennar.

Þá er mótmælt þeirri ályktun ríkisins að einungis sé heimilt að hefða fasteignir sem undirorpnar séu beinum eignarrétti en ekki aðrar eignir eins og t.d. grunnréttinn af afréttum og almenningum. Um þetta vísist til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000.

Næst er sérstaklega mótmælt þeim ályktunum ríkisins að Fellsjörðin hafi ekki náð vestur fyrir Jökulsá eins og hún er í dag. Þótt fallast megi á að áin hafi á árum áður verið erfiður farartálmi sé til fjöldi gamalla sagna um það að fólk hafi verið ferjað yfir ána eða gengið á jökul „fyrir“ hana. Landnám Hrollaugs samkvæmt Landnámu hafi náð allt vestur að Kvía (vestan Jökulsár) sem þekkt sé enn þann dag í dag. Landamerkin hafi bændurnir síðan ákveðið með sér og hafi þau verið ágreiningslaus um langa tíð svo sem áður hafi verið vikið að. Vangaveltur ríkisins breyti þar engu um. Á því er byggt að ríkið hafi sönnunarbyrðina fyrir því að landamerkin eigi að vera annars staðar en þau eru samkvæmt fyrirliggjandi landamerkjaskrá.

Loks er greint frá því að íslenska ríkið haldi því fram í greinargerð sinni að Fell hafi ekki verið landnámsjörð og því hafi landi ekki verið afsalað til annarra jarða úr henni. Því sé ekki hægt að álykta sem svo að það af numdu landi, sem aðrir eigi ekki, tilheyri Felli. Jarðeigendur telji að hér sé verið að flækja hlutina. Það sem máli skipti sé að eignarréttur að landinu, þ.m.t. Felli, hafi fengist fyrir nám í öndverðu svo sem ríkið viðurkenni. Síðan hafi einstakar jarðir vafalítið tekið einhverjum breytingum s.s. með samningum manna í milli. Rétt sé að víða séu eyður varðandi yfirfærslur og breytingar á eignaheimildum allt frá landnámi. Það breyti hins vegar ekki því að sagnir séu til um jörðina a.m.k. frá 14. öld og að núverandi landamerki hafi staðið óbreytt og ágreiningslaus um áratuga og árhundraða skeið. Því verði ekki breytt nú löngu seinna nema eitthvað mikið komi til og sérstök rök standi til þess. Ríkið hafi ekki lagt fram slík rök. Engu breyti þó einhvern tíma á miðöldum eða upp úr þeim tíma hafi verið til jarðir sem kunni að hluta eða öllu leyti að hafa átt land innan þeirra landamerkja sem Fell miðast við í dag. Enda sé ekkert sem bendi til þess að land hafi komist undir jörðina með ólögætum hætti. Því verði að una við núverandi landamerki.

8.2. Reynivellir, Breiðabólstaður, Kálfafell, Kálfafellsstaður, Borgarhöfn og Skálafell

8.2.1. Almenn atriði

Af hálfu jarðeigenda er í upphafi vísað til þess að í Suðursveit hafi frá öndverðu einkum verið stundaður sauðfjárbúskapur. Vegna náttúrulegra aðstæðna í Suðursveit sé allt land sem nýtt sé með einhverjum hætti frá jörðunum háð einkaeignarrétti jarðeigenda og skiptist eignarlandið í heimalönd og fjalllendi. Það sé almenn skoðun fræðimanna að í sveitum þessum fyrirfinnst ekki land þar sem bændur hafi einungis stofnað til afnotaréttar til sumararbeitar fyrir sauðfé. Hafi þessu verði svo háttáð allt frá landnáms tíð. Hverri jörð fyrir sig fylgi fjallendi og í sumum tilvikum eigi tvær eða þrjár jarðir sameiginlega fjallendi og stafi það einkum af því að nýjum jörðum hefur verið skipt úr eldri og stærri jörðum og þá um það samið að hafa fjallendið sameiginlegt. Af þessum ástæðum geri hvorki hreppar né upprekstrarfélög kröfur um viðurkenningu á afréttum á þessu landsvæði þar sem ekki fyrirfinnst þar afréttir í merkingunni sameiginlegur afnotaréttur margra jarða til sumararbeitar fyrir sauðfé einungis. Hin náttúrulega skýring á þessu fyrirkomulagi sé sú að jarðirnar eru umluktar fjallgördum og jökulum og ganga dalir inn á milli fjallanna og jöklanna. Dalir þessir séu eðlilegt framhald einstakra jarða og eðlilegt framhald heimalanda jarðanna. Þær aðstæður, sem annars staðar kröfðust sameiginlegra sumarbeitilanda fyrir sauðfé á heidum uppi fjarri heimalandinu, eigi ekki við í sveitunum undir Vatnajökli. Stutt sé frá bæjunum til fjalla þeirra og jökla sem séu ytri landamerki jarðanna til hálandis landsins. Í landamerkjaskrárám sé yfirleitt látið nægja að lýsa austur- og vesturmörkum fjallendis þannig að merki séu „að jökli“, „í jökul“ eða „inni jökul“ og því óþarft að lýsa merkjum til jökuls frekar enda jökulröndin víða náttúruleg mörk jarðanna. Í sumum tilvikum nái fjallendi jarðar einnig til jökulsvæða. Þá séu dæmi þess að í fjallendi séu dalir sem nýttir hafi verið frá tiltekinni jörð um aldir og landið háð einkaeignarrétti eigna tiltekinnna jarða enda þótt slík landsvæði séu ekki í beinu framhaldi af heimalandi og fjallendi viðkomandi jarðar.

Þannig séu það að meginsteftnu jöklar norðan bæja sem ákvarði merki jarðanna til landsins með eðlilegum hætti. Jökulröndin hafi breyst í aldanna rás og muni halda áfram að breytast. Stundum hörfi jöklar og þá ávinnist jörðunum land og stundum skriði jöklar fram og leggi undir sig landið. Svo muni enn verða. Hér sé við það miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðeigendanna nær. Þá sé m.a. höfð hliðsjón af því hvornig sjórin breyti löndum; ýmist brjóti land eða auki við land.

Frá því er greint að landamerkjalyásingar viðkomandi jarða sé að finna í landamerkjabók Skafta-fellssýslu og séu þær frá árunum 1886, 1888, 1890, 1921, 1922 og 1923. Allar séu þær lesnar á viðeigandi manntalsþingum og innfærðar í landamerkjabók á árunum 1890-1893 og 1922-1923.

Þá er vikið að löggjöf um landamerki. Allt til 1. janúar 1920 hafi landamerkjalög, nr. 5/1882

verið í gildi en þá hafi lög nr. 41/1919, um landamerki, leyst þau af hólmi. Mikilvægi löggjafar þessarar frá 1882 og 1919 sé ekki sist að opinberum valdsmönnum er falið að sjá til þess að landamerkjalýsingar séu réttar að efni og formi og auki það óhjákvæmilega sönnunargildi þeirra, bæði gangvart hinu opinbera valdi og einkaaðilum. Landamerkjalýsingar gerðar samkvæmt greindum lögum eru því prima facie sönnun um landamerki jarða og sá sem vefengi þær hafi sönnunarbyrðina.

Í tilviki þjóðlendulaga hafi ætlunin ekki verið að haggja við sönnunarreglum íslensks réttar og því verði ríkið að sanna með ótvíræðum og óyggjandi hætti að landamerkjalýsingar séu rangar ef það geri eignartilkall til landa innan landamerkja jarða. Landamerkjalýsingar séu jafnframt sönnun þess að allt land innan landamerkja sé einkaeignarland og sá sem haldi öðru fram hafi um það jafnríka sönnunarbyrði og áður greini. Um sönnun að þessu leyti sé enga stoð að hafa í dómum Hæstaréttar í sakamálum þar sem rjúpnaskyttur hafa verið sýknaðar af refsikröfum ákærvalds vegna veiða án leyfis landeigenda þar sem ákærvaldinu hefur ekki tekist sönnun um eignarrétt að landi. Sönnunarreglur í sakamálum séu með sérstökum hætti og dómarnir hafi því ekkert gildi sem forðæmi um sönnun í einkamálum.

Þá er rík áhersla lögð á að það sé regla íslensks réttar að þinglesinni eignarheimild verði ekki hnekk't nema fyrir liggja ótvíræð sönnun um að hún sé röng. Í tilvikum allra þeirra jarða, sem hér sé um fjallað, njóti við þinglesinna merkjaskráa sem voru gerðar fyrir u.þ.b. 80-110 árum. Á því tímabili hafi þær ekki verið vefengdar, hvorki af handhöfum opinbers valds eða einkaaðilum, svo máli skipti fyrir málefni það sem hér sé til úrlausnar. Eigendur og umráðamenn eða fyrirsvarsmenn jarðanna hafi ekki haft tilefni til að halda til haga eldri sönnunargögnum en merkjaskráum um að merkin væru rétt. Skv. almennum sönnunarreglum íslensks réttar verði það land sem er innan marka eignarlands skv. landamerkjaskrá ekki skert nema sá sem tilkall geri sýni fram á ótvíræðan eignarrétt sinn, landamerkjaskráin sé röng og jafnframt að landeigandi samkvæmt landamerkjaskrá hafi ekki unnið eignarhefð á landinu og sé þá átt við þau tilvik þar sem landamerkjaskrá sé eldri en nemi lögbundnum hefðartíma, í þessu tilviki 20 ára óslitið eignarhald á landi. Vakin sé athygli á því að mun auðveldara sé að sýna fram á hefð á landi sem sé þinglesin eign hefðandans og enginn annar geri tilkall til.

Næst er vikið að því að af greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaga megi ráða að ríkið hafi litið svo á að skilja beri síðari dóm Hæstaréttar um Landmannafrétt þannig að löggjafarvaldið geti slegið fullkomnum eignarrétti ríkisins á svonefndar þjóðlendur með almennum lögum. Því sé hér haldið fram að svo sé ekki. Hæstiréttur geti aðeins um að handahafar ríkisvalds geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæða eins og Landmannafréttar. Almenni löggjafinn geti sett reglur um meðferð og nýtingu hvers kyns landsvæða og hafi reyndar gert það m.a. með almennri löggjöf um skipulag, umhverfismál o.fl. Almenni löggjafinn geti hins vegar ekki slegið eign ríkisins á land það sem nefnt sé þjóðlendur í þjóðlendulögum. Til þess þurfi að breyta stjórnarskrá lýðveldisins. Ríkið geti hins vegar tekið landsvæði, sem háð séu einkaeignarrétti, eignarnámi að uppfylltum skilyrðum stjórnarskrár um almannapörf og fullar bætur.

Því næst er greint frá því að markmið laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sé að ríkið slái eign sinni á hvers konar landsréttindi og hlunnindi í þjóðlendum sem ekki séu háð einkaeignarrétti, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Hvað sem líði stjórnskipulegu gildi laganna, sem hér sé gerður fyrirvari um, sé óumdeilt að í lögum sé viðurkennt að ríkið leiti eftir viðurkenningu á eignarrétti sínum á landsvæðum utan eignarlanda þó að einstaklingar og lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Jafnframt sé viðurkennt í lögum að eignartilkall ríkisins til lands í þjóðlendum sé háð þeim skilyrðum að ekki sé fyrir eigandi sem fari með öll venjuleg eignarráð innan marka lands síns. Samkvæmt almennum sönnunarreglum íslensks réttar hafi ríkið sönnunarbyrðina um ótvíræðan og betri rétt sinn en greini um rétt eiganda í jarðamerkjaskráum eða öðrum heimildarskjölum.

Þá sé það almenn regla íslensks réttar þegar gert sé tilkall til eignarréttar yfir landi að tilkallsmaður verði að sýna fram á inntak réttar síns og hvar séu merki landsvæðis hans. Hann verði jafnframt að sýna fram á, þegar réttindum slái saman, að réttindi hans gangi fram. Þegar krafa tilkallsmanns rekist á eignarréttindi annarra yfir landi, sem eignarréttarkrafa sé gerð um, verði tilkallsmaður að sanna að réttindi hans gangi fram. Ekki þurfi annað en að sá sem fyrir sé geti sýnt fram á einhvers konar heimildir sínar yfir landinu til að sönnunarbyrðin hvíli alfarið á tilkallsmanni. Sé eignarheimild þess sem fyrir er þinglesin samkvæmt lögum hvers tíma er sönnunarbyrðin svo rík á tilkallsmanni að nánast verður fullýrt að honum sé ókleif sönnunin, sbr. H 1961 629 (Bergþórugata), H 1988 422 (Oddhóll) og H 1997 2792 (Laugavellir í Jökuldalshreppi).

Íslenska ríkið haldi því hins vegar fram að landeigendur verði hver um sig að sanna eignarheimildir sínar. Í þessari afstöðu felist að því er virðist að ekki skipti máli að óumdeilt sé og hafi verið um langa hríð hver sé eigandi lands og hver sé lega þess og stærð. Ekki skipti heldur máli að áliti ríkisins að merki jarðarinnar hafi verið skráð opinberri skráningu í meira en eitt hundrað ár án athugasemda af hálfu ríkisins. Virðist á því byggt að með setningu þjóðlendulaga hafi ríkið opnað fyrir eignartilkall nánast að eigin vild til bújarða og því sé heimilt að „nema“ stóra hluta jarða landsmanna án bóta og án almenningsþarfar. Ríkið telji að því sé heimilt að vikja til hliðar lögum um skráningu merkja fasteigna og þinglýsingu eignarheimilda næstum takmarkalaust. Ríkið telji að hagsmunir þeirra sem eiga takmörkuð réttindi yfir jörðunum, svo sem eins og veðhafar, leigutakar og aðrir afnotafar skipti hér engu máli og ekki gefið þessum aðilum kost á að gæta réttar síns. Ákvörðun nefndarinnar muni því ekki binda þessa rétthafa og í þeim tilvikum þar sem jarðir verði skertar skv. þjóðlenduþinglögum ríkisins verði að skilgreina jörð með tvennum hætti, hina veðsettu jörð sem yrði seld eins og þinglesin merki ákvarða á uppboði og þá jörð sem nefndin hafi ákveðið að eigandinn megi halda eftir að kröfur ríkisins hafi náð fram að ganga að öllu eða einhverju leyti. Kaupandi á uppboði muni því eignast samkvæmt þessu meira land en eigandinn eigi. Sá eignarréttur myndi síðan haldast óbreyttur. Þá skuli þess getið að komi til þess að núverandi eigandi hafi eignast jörðina á grundvelli landamerkaþrefts sem gert sé samkvæmt lögum frá 1890 á síðustu áratugum þá eigi hann ekki aðeins kröfur á hendur heimildarmanni sínum heldur og íslenska ríkinu fyrir skerðingu lands, sem hann hefur keypt og greitt fyrir að fullu. Þá þýði lítið fyrir ríkið að bera fyrir sig að kaupandinn geti ekki sýnt fram á eignarheimild sína í Landnámu!

Það sé rangt hjá ríkinu að þinglesin landamerkaþreft lögum samkvæmt séu samningar sem ekki bindi ríkið. Bréfin séu gerð samkvæmt lagaskyldu og séu jafnt í þágu ríkisins eins og sveitarfélags, eigenda og náganna, auk eigenda takmarkaðra réttinda. Á grundvelli þeirra hafi skattar verið ákveðnir, svo dæmi sé nefnt. Þeir sem átt hafi eldri heimildarbréf fyrir jörðum sínum er þeir gerðu landamerkaþreft fyrir einni öld hafi ekki haft ástæðu til að varðveita þær heimildir lengur þar sem nýjar hafi verið komnar í stað gamalla.

Næst er vikið að athugasemdum jarðeigenda við kröfugerð íslenska ríkisins. Þannig sé af hálfu ríkisins á því byggt að er heimildir geti ítaka jarða utan jarðanna þá hljóti það land, sem ítakið er í, að vera afréttur sem ekki sé háður einkaeignarrétti og skipti þá ekki máli um hvers konar ítak er að ræða. Tekið er fram að þessu sé hafnað og á það lögð áhersla að ítök í Austur-Skaftafellssýslu séu ætíð í annars manns landi, þ.e. landi sem háð sé einkaeignarrétti.

Þá sé skýring þess hvers vegna landamerkaþreft lögum láti nægja að lýsa merkjum austan og vestan að jökli eða inn á jökul augljós en hún sé sú að jökulröndin sé jafnglög merki og ströndin til sjávar.

Af hálfu jarðeigenda er því jafnframt með öllu hafnað að ritið Landnáma geti ráðið einhverju um landamerki eða eignarréttarlega stöðu jarða í Suðursveit. Landnáma hafi verið færð í letur hundruðum ára eftir að landnámi lauk sé miðað við tímabilið 874-930 sem landnámstímabilið. Hún sé ekki byggð á rituðum samtímaheimildum heldur munnlegri geymd sem sé afar ótraust. Tilgangur með ritun Landnámu hafi ekki verið sá að lýsa landamerkjum heldur allt annar. Þá séu til margar

gerðir Landnámu og beri ekki öllum saman. Þá virðist ekkert tillit tekið til þess að landnám Íslands sé almennt talið hafa farið fram áður en til ríkisstofnunar kom hér á landi sem talið sé hafa verið árið 930. Fram að þeim tíma hið skemmsta hafi engin ein lög verið í gildi í landinu og jafnvel engar bindandi reglur. Landnám í ónumdu landi geti ekki verið háð réttarreglum eða eftir hvaða reglum skyldi fyrsti landnámsmaðurinn hafa farið? Víst sé að ekki hafi þeir sem hér numdu land flutt með sér reglur um landnám frá öðrum löndum og fjarstæðukennt sé að þeir sem taldir séu hafa flúið konungsvaldið í Noregi hafi leitað til konungs um fyrirkomulag landnáms hér á landi eða hlýtt hans ráðum.

Enn fremur er með öllu hafnað þeirri kenningu ríkisins að í upphafi hafi land einungis verið numið með tvennum hætti, annars vegar sem fullkomið eignarland og hins vegar sem afréttur og hann hafi einungis verið háður takmörkuðum eignarrétti eða afnotarétti.

Þessu til stuðnings var í munnlegum málflutningi vísað til þess að á slíkt fyrirkomulag væri hvorki minnst í Landnámu né öðrum sögulegum heimildum. Afréttarhugtakið væri síðar til komið. Þannig hljóti landnámsmenn að hafa litið svo á þegar þeir námu hér land og komu upp hjörðum sauðfjár að það land sem þeir tóku og þurftu til búrekstursins væri þeirra land. Þá var vísað til þess að til væru margar kenningar um stofnun eignarréttar, t.d. að sá sem yrki land eignist það. Væri stuðst við þá kenningu hér á landi yrði það að beita sauðfé sinu á land lagt að jöfnu við að yrkja það.

Því næst er vikið að því að hugtakið afréttur sé íðulega notað um landsvæði sem sé m.a. notað þannig að sauðfé sé rekið þangað á beit, einkum á sumrin en einnig sé talað um vetrarheit á afréttum. Landsvæði sé lýst eftir aðalnotum þess en það hafi ekkert með eignarhald að gera. Ríkið hafi leyft sér að skilja hugtakið afréttur þannig að það merki einungis takmörkuð eignarréttindi og þar af leiðandi talið alla afrétti í umræddum héruðum til þjóðlenda á þeim forsendum að afréttirnir gætu ekki verið háðir einkaeignarrétti.

Þá er greint frá því að íslenska ríkið vitni til rits Braga Sigurjónssonar, *Göngur og réttir I*, og telji það vera helsta heimildarrit um afréttarlönd Austur-Skaftafellssýslu. Þar segi að engin almenningsafrétt sé í sýslunni og að allt fjalllendi tilheyrir vissum jörðum utan þess að hjáleigur eigi óskipt fjalllendi með aðaljörðum. Ekki leiki neinn efi á merkingu hugtaksins almenningsafrétt en það merki afrétt sem ekki sé hluti af einstakri jörð a.m.k. í upphafi heldur einhvers konar sameiginlegur afnotaréttur eða sameign héraðsmanna. Enda þótt ríkið viðurkenni heimildargildi rits Braga og reki staðhæfingar hans um eignarrétt að fjalllendinu í héruðunum hafni ríkið þessari heimild eins og reyndar flestum öðrum sem það vitni þó til án þess að sýna fram á vankanta þeirra sem heimilda. Á þessum heimildum verði þó að byggja þar til sannað hafi verið að þær fái ekki staðist. Sá sem leggi fram sönnunargögn, sem hann telur efnislega röng, verði að sanna að svo sé.

Þá grípi ríkið til þess að vísa til staðhátta, víðáttu og öræfalandslags og draga tilbúna markalínu milli eignarlanda og þjóðlenda sem eigi sér enga stoð í neins konar heimildum, hvorki sögulegum eða lögfræðilegum. Línur þær, sem ríkið miði kröfur sínar við eigi sér enga stoð í neinum þeim heimildum sem óbyggðanefnd sé heimilt að styðjast við. Línurnar séu dregnar eftir tilfinningu um hvað sé að áliti ríkisins eðlilegur nýtingarréttur jarða með tilliti til gróðurfars, hæðalína, nálægðar við öræfin og fleiri atriða. Þó sé viðurkennt að landamerkjalinur hafi „visst sönnunargildi jafnvel þó þær séu einhliða“. Í Suðursveit njóti við landamerkjalýsinga sem ekki séu einhliða heldur samþykktar af öllum sem hagsmuna hafa að gæta, þar á meðal sýslumönnum sem umboðsmönnum almannavaldsins. Úr því ríkið telji að viðurkenna verði „visst sönnunargildi“ einhliða merkjalýsinga hljóti það að verða að leggja samþykktar og staðfestar merkjalýsingar, sem þinglesnar hafa verið, til grundvallar þjóðlendukröfum sínum.

Tekið er fram að hugsanlegt væri að landeigendur og ríkið gætu komið sér saman um að miða merki eignarlands við gróðurfars, hæðarlínur, nálægð við öræfi og fleiri atriði ef sú aðstaða gæti komið upp að ákveða þyrfti þetta í tómarúmi, þ.e. ef ekki nyti við neinnar sögu eða eignarheimilda

við aðstæður handan eins konar hulu fáfræði. Væri svo um samið sé þó augljóst að ekki yrði sam-mælst um markalínur dregnar með þeim hætti sem gert sé í kröfulýsingu ríkisins. Jökla- r í þessum héruðum séu svo nálægt bæjarstæðunum að þeir séu náttúruleg mörk, ekki síst með hliðsjón af þörf þessa landrýmis fyrir sauðfé jarðanna og til annarra nota. Fjalllendið hafi verið nýtt með ýmsum öðrum hætti en til beitara fyrir sauðfé á sumrum. Þá hefði að sjálfsögðu ekki náðst samkomulag um að draga markalínur yfir láglandisdali þvera eins og ríkið geri í kröfulýsingu. Á þessu sé vakin athygli í því skyni að sýna fram á að ríkið lýsi aðferðafræði til ákvörðunar merkja en fari síðan ekki eftir henni. Vakinn sé athygli á því að ríkið lýsi því á stundum yfir að tiltekið landsvæði sé eign tiltekinnar jarðar en taki landið síðan af jörðinni í kröfulýsingu sinni. Aðferðafræðinni sé hafnað þegar af þeirri ástæðu að hún eigi sér ekki stoð í lögum og rétti.

Þá sé hafnað þeirri málsástæðu ríkisins að markalínur í landamerkjaskráum séu stundum þannig að ekki sé með lýsingunum verið að lýsa landamerkjum heldur að land jarða sé innan þeirra lína, sem getið er. Í öllum tilvikum sé verið að lýsa landamerkjunum sjálfum í landamerkjalyýsingunum. Ekki sé heldur fallist á að í sumum tilvikum sé í merkjalýsingu verið „að taka tiltekið mið“ frekar en að lýsa landamerkjum. Ætíð sé verið að lýsa merkjunum sjálfum.

Næst er vísað til þess að ef rétt sé að landið hafi að mestu verið numið á tímabilinu 874 til 930 þá beri að hafa í huga að veðurfari og gróðri var háttað með öðrum hætti þá en nú. Rannsóknir síðari tíma staðfesti að landið hafi verið „við vaxið milli fjalls og fjöru“. Það sem nú sé örfoka land var þá gróið land hentugt til afnota fyrir sauðfé og annan búsmala meðal annars í seli, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Þeir sem námu land inn til landsins hafi að sjálfsögðu gert sér grein fyrir þýðingu beitolandsins fyrir búsmalann og gætt þess að landnám þeirra næði ekki aðeins til bæjar- stæðis, engja og beitolands fyrir kýrnar heldur og alls þess lands sem nauðsynlegt var til búskapar- ins þar á meðal sumarbeitolands fyrir sauðfé. Það sé eitt af einkennum landnáms Evrópumanna í öðrum löndum að tryggja sér nægilega stórt landrými til athafna og það langt fram yfir þarfir í upphafi. Tilgangur þess að taka sig upp til að setjast að í öðru landi hafi ekki síst verið sá að tryggja sér nægilegt landrými. Íslenskir bændur hafi þegar gert sér grein fyrir því að sauðfé þeirra leitaði til fjalla til sumarbeitar og án þess að eiga slíkt land hlytu þeir að búa við fátækt. Hvers vegna skyldu þeir þá hafa takmarkað landnám sitt þannig að þeir eignuðust ekki einnig beitarlandið sérstaklega þar sem það var í beinu framhaldi af heimalandinu? Þeim hafi mátt vera augljóst að ef þeir ekki næmu einnig það land myndu aðrir gera það og þeir því missa sumarbeitna fyrri sauðféð. Minnt sé á að landið varð snemma fullbyggt miðað við búskaparhætti sem þá tíðkuðust og stafi það m.a. af því að land allt hafi verið numið, einnig til fjalla vegna sumarbeitar. Hefði landið utan heimalanda ekki verið numið hefði landnámsmönnum fjölgað og landið fljótlega orðið ofsetið.

Því næst er vikið að því að hugtakið afréttur hafi margvíslega merkingu. Ein þeirra sé merkingin land sem einkum er notað til sumarbeitar. Merking orðsins lúti að afnotunum en ekki eignarhald- inu. Þegar orðið sé notað á því svæði, sem hér er um rætt, sé ætíð átt við afnotin enda allt land til jökla háð einkaeignarrétti. Síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti engu þar um og sé sú fram- kvæmd og reglur, sem um hana gildi, ekki heimild um eignarrétt. Því næst er tekið fram að þegar fjallað sé um réttindi eins og eignarrétt að sumarbeitolandi, afréttum, úthaga, engjum og heimlandi jarða verði að hafa í huga að aðstæður séu ekki eins hvarvetna á landi hér. Þær lausnir, sem hafi átt vel við á einu landsvæði, hafi alls ekki átt við á öðru landsvæði. Vera kunni að á sumum landsvæð- um hafi þótt henta m.a. af landfræðilegum ástæðum að bændur ættu sameiginlegt beitarland fyrir sauðfé og hross og til að hafa gripa í seli. Annars staðar hafi sumarbeitolandið verið í beinu fram- haldi af heimalandinu og því hluti af hverri jörð. Síðan hafi einstakir bændur, sem ekki áttu nægi- legt beitoland, fengið ítök eða önnur afnot af annarra manna beitolandi sem var háð einkaeignarrétti. Slíkir samningar hafi verið heimilir og engu breytt um upphaflegan einkaeignarrétt.

Þá er bent á það að þegar stofnað var til löggjafara um landamerki og skrásetningu þeirra 1882 hafi ætlunin verið að með þeim reglum væri verið að tryggja eignarréttindi landeigenda auka

öryggi í viðskiptum manna á milli og tryggja skattstofn vegna sameiginlegra þarfa. Eftir þá skráningu hafi verið auðveldara að átta sig á því andlagi sem um var að ræða við veðsetningu og eigendaskipti. Viðsemjendur landeiganda hafi mátt treysta því að það land, sem var innan þinglýstra merkja jarðar, væri háð einkaeignarrétti hins skráða eiganda. Eigandinn hafi ekki þurft að sanna að hann notaði allt landið allt árið til að landið tilheyrði honum. Við skráningu eignarréttindanna hafi þeir sem áttu land að landi jarðareiganda þurft að samþykka merkin. Umboðsmenn almannavaldsins hafi gætt hagsmuna þess og gætt þess að farið væri að lögum. Þær staðhæfingar íslenska ríkisins að engir hafi verið til að gæta þeirra hagsmuna, sem nú felast í þjóðlenduforsvari, séu rangar. Ef rétt væri að gríðarstórt landsvæði milli eignarlanda og jökla hafi ekki verið háð einkaeignarrétti, þá hefðu þeir sem þar áttu hagsmuna að gæta haft uppi mótmæli gegn merkjalýsingunum enda hefðu þeir verið sviptir mikilvægum hagsmunum. Engin dæmi séu um slík mótmæli á svæðinu.

Loks er vísa jarðeigendur til ýmissa lagaákvæða. Þ. á m. er vísað til laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, þar sem segi að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu „sameign íslensku þjóðarinnar“. Í lögunum komi fram sú löggjafarstefna að almannahagsmuna sé best gætt með því að einkaaðilar fái leyfi til að veiða í atvinnuskyni og aflaheimildum skuli úthluta til einstakra skipa. Í þessari löggjöf um eina af helstu náttúruauðlindum landsins sé á því byggt að úthlutun til einkaaðila á veiðiheimildum eftir veiðireynslu fiskiskipa þeirra leiði til bestu meðferðar á náttúruauðlindinni. Sé almannahag best borgið með þessum hætti. Fram til þess að upp var tekin löggjafarstefna þessi hafi aðgangur að fiskveiðum í sjó verið frjáls hérlendum borgurum. Landið sé einnig ein af helstu náttúruauðlindum Íslands. Það hafi að mestu verið háð einkaeignarrétti frá landnáms tíð að miðhálandinu undanskildu. Kröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins um skerðingu þeirra landareigna, sem um aldir hafa heyrt undir jarðir, gefi til kynna þann skilning framkvæmdavaldsins að í þjóðlendulögnum felist annars konar löggjafarstefna en um fiskveiðar gildi og hún sé sú að þrátt fyrir þúsund ára eignarhald sé málum nú best þannig komið að sem minnst af landi verði í einkaeign en sem mest undir forræði ríkisins. Þrátt fyrir víðtækar kröfur framkvæmdavaldsins í málinu er því haldið fram að kröfugerðin styðjist hvorki við löggjafarstefnu sem mótuð sé í þjóðlendulögnum né við einstök ákvæði laganna. Því sé hér haldið fram að tilgangur og stefna þjóðlendulaganna sé að tryggja almenna viðurkenningu á víðtækum einkaeignarrétti bænda á jörðum sínum með öllu því landi sem heimildir bendi til að tilheyrir jörðunum. Það land, sem þar sé utan við og ágreiningslaust sé að hafi aldrei tilheyrst einstökum jörðum, upprekstrarfélögum og sveitarstjórnnum, skuli hins vegar falla undir svonefndar þjóðlendur. Ekkert hafi komið fram sem bendi til að Alþingi hafi ekki verið þeirrar skoðunar við samþykkt þjóðlendulaganna að landi væri almennt best komið í höndum bænda og annarra sem landið nota og að einungis annað land, sem með engu móti gæti talist til eignarlands, skyldi teljast ríkisland eða þjóðlenda. Af þessu leiði að við túlkun þjóðlendulaga, er til úrskurðar komi um kröfur ríkisins, beri að hafa í huga og taka mið af þessari löggjafarstefnu eigendum landsins í hag.

8.2.2. Einstakar jarðir

Tekið er fram að kröfur einstakra jarða séu fyrst og fremst og einkum byggðar á þinglesnum merkjalýsingum. Að mörgum jarðanna hafi orðið aðilaskipti frá því að landmerkjalýsingar voru gerðar og vitnað til þeirra í afsölum án athugasemda frá einkaaðilum eða almannavaldinu. Landamerkin hafi því verið athugasemdalaus og átölulaus í tíð margra kynslóða og land innan merkjanna verði ekki tekið af eigendum þess nema með eignarnámi og gegn bótum.

Þá er vísað til ýmissa heimilda kröfum jarðeigenda til stuðnings. Vegna Reynivalla er vísað til ummæla í sýslu- og sóknarlýsingu Skaftafellssýslu, útgefni af Sögufélaginu 1997. Þar segi að Fellsá sé lítil bergvatnsskipt sem renni á takmörkum Reynivalla og Fells í gljúfrum nokkrum frá fjöllum ofan.

Vegna Breiðabólstaðar er vísað til Jarðabókar Ísleifs Einarssonar 1708-1709. Þar segi að afrétt eigi jörðin í Breiðabólstaðarfjalli.

Vegna Kálfafells er í upphafi vísað til þess að þegar fjallað sé um Kálfafellsdal í greinargerð íslenska ríkisins segi að austanverður dalurinn og austurhlíðar hans tilheyri Kálfafelli. Þá er greint frá því að í gerðarbók fasteignamatsnefndar frá 1916 segi að Kálfafell eigi upprekstrarland í Kálfafellsdal og sé þar dálitill skógur.

Vegna Kálfafellsstaðar er einnig vísað til gerðabókar fasteignamatsnefndar frá 1916. Þar segi að afréttarland hafi jörðin í sínu eigin landi.

Vegna Borgarhafnar er í upphafi vísað til ummæla í sýslu- og sóknarlýsingu Skaftafellssýslu, útgefinni af Sögufélaginu 1997. Þar segi að Smyrlabjargará renni úr jökli á heiðum uppi og skilji lönd hið efra millum Skálafells og Borgarhafnar. Þá er greint frá því að í áður nefndri gerðarbók fasteignamatsnefndar frá 1916 segi að milli Borgarhafnar og Kálfafellsstaðar ráði Staðará frá jökli út að Sandbeit.

Vegna Skálafells er í upphafi greint frá því að jörðinni hafi verið skipt í Skálafell I og II. Þá hafi fjalllendinu einnig verið skipt til jökuls, sbr. yfirlýsingu eigenda jarðarinnar dags. 24. apríl 1930. Þá er vísað til umfjöllunar um jörðina í umræddri gerðarbók fasteignamatsnefndar frá 1916. Þar segi að landamerki að austan milli Sævarhóla, Odda og Heinabergs öðrum megin og Skálafells hinum megin liggja úr Austur-nýpu í Fuglaklett og þaðan í Hánypu. Þaðan liggja mörkin svo í jökul og í mitt Hafrafell.

8.3. Landsvirkjun

Af hálfu Landsvirkjunar er vísað til þess að fyrirtækið sé eigandi 132 kV háspennulínu, svonefndrar *Suðurlínu*, sbr. samning frá 11. ágúst 1982 milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Vísað er sérstaklega til 10. og 11. gr. samningsins og 3. og 4. tölul. í fskj. 1 með samningnum. Á því svæði sem hér um ræði nefnist línan Prestbakkalína I og liggja á milli aðveitustöðva við Prestbakka í Vestur-Skaftafellssýslu og Hóla í Austur-Skaftafellssýslu.

Auk beins eignarréttar að línunum, staurum, undirstöðumannvirkjum og tengivirkjum háspennulínunnar hafi Landsvirkjun óheftan rétt til að láta mannvirkið standa ótímabundið og að komast að línunni til viðhalds og viðgerða hvenær sem er. Í því felist m.a. réttur til þess að leggja vegslóða með fram línunni og að undirstöðumannvirkjum. Þá er minnt á ákvæði reglugerðar um raforkuvirki sem setji skorður við ákveðnum framkvæmdum í næsta nágrenni við háspennulínur. Þess sé óskað að háttvirt óbyggðanefnd gæti framangreindra réttinda Landsvirkjunar við uppkvaðningu úrskurðar um mörk þjóðlendu í Austur-Skaftafellssýslu að því leyti sem háspennulínan liggja innan þjóðlendu, sbr. ákvæði laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttar, sérstaklega 5. mgr. 10. gr. og ákvæði stjórnssýslulaga, nr. 37/1993, sérstaklega 10. gr.

Til frekari stuðnings er vísað til lóðarleigusamnings Rafmagnsveitna ríkisins við Þorleif Hjaltason, eiganda Hóla í Nesjahreppi, um lóð fyrir spennustöðvamannvirki í landi jarðarinnar, dags. 20.2.1981. Leiguupphæðin komi ekki fram en um eingreiðslu hafi verið að ræða. Hið leigða sé 2 ha og leigutíminn 99 ár. Þá er vísað til lóðarleigusamnings milli annars vegar Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar sem leigutaka og hins vegar Þorleifs Hjaltasonar, eiganda Hóla, um leigu á 3.600 fm lóð norðan við aðveitustöðina í landi hóla. Leigugjald sé 8 kr. á fm á ári, tengt bv. miðað við 1.5.1990. Samningurinn sé til 1 árs í senn, uppsegjanlegur fullum þremur mánuðum fyrir 1.5. ár hvert. Loks er vísað til greinargerðar frá Rarik, dags. 19.12.1984, yfir uppgjör við bændur og landeigendur við Suðurlínu á svæðinu frá Geirlandi og Prestbakka í Vestur-Skaftafellssýslu að Hólum í Austur-Skaftafellssýslu. Til viðbótar þeim upplýsingum, sem þar komi fram sé tekið fram, að uppgjör hafi einnig farið fram við eigendur jarðarinnar Fells í Borgarhafnarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

9. VIÐAUKI VIÐ ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá bls. 105.

10. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

10.1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar. Þá verður gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Við þá umfjöllum verður fylgt staðfræðilegri röð einstakra jarða, frá vestri til austurs.¹ Því næst verður tekin afstaða til krafna Landsvirkjunar. Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar. Loks verður gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

10.2. Landnám

Í kafla 6.1. er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi á því svæði sem síðar var nefnt Suðursveit. Þar er nefndur einn höfuðlandnámsmaður, Hrollaugur Rögnvaldsson. Hann á að hafa numið land frá Horni til Kvíár en selt síðan Úlfari hinum vorska land milli Heinabergsár og Heggsgerðismúla. Úlfar er sagður hafa búið að Skálafelli. Landnámsmörkin í Suðursveit eru þannig nokkuð glögg til austurs og vesturs. Norðurmörkum landnáms í Austur-Skaftafellssýslu er ekki lýst í Landnámabók en af Hauksbók má þó ráða að sumir þeir sem fyrstir komu hafi reist sér bú við fjallsrætur („byggðu næstir fjöllum“) til að nýta þar landkosti, einkum til beitar.

Land í Suðursveit er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra. Upp við jökul rís fjallendi og heiðarlönd en þar neðan við og allt niður að sjó er slétt undirlendi. Þaðan skerast fjölmargir dalir inn í fjallendið, stórir og smáir. Hálendi og jöklar blasa við frá fjöru séð enda eru fjarlægðir þar á milli litlar eða í loftlinu u.þ.b. 3,5 km þar sem skemmst er og u.þ.b. 18 km þar sem lengst er. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Suðursveit verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni, sbr. kafla 5.2. og 5.3.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður að telja fremur líklegt að land í Suðursveit hafi verið numið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

10.3. Fell

Hér verður fjallað um það landsvæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi Fells, dags. 1. maí 1922 og þingl. 13. júlí s.á. ásamt þeim hluta Breiðamerkurjökuls og því jökulsvæði vestan við Þverár-tindsegg og Snæfell sem kröfugerð eigenda Fells tekur til.

Að Felli liggja Breiðármörk í Örafum að vestan og Reynivellir að austan. Til suðurs er hafið og að norðan liggur Vatnajökull, þ.m.t. Breiðamerkurjökull. Eldgos, framskrið Breiðamerkurjökuls og ágangur vatns hafa orðið til þess að bæði Breiðármörk og Fell hafa farið í eyði, Breiðármörk um 1700 og Fell árið 1873. Skörp skil eru á milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Fells, svo sem annars staðar í Suðursveit. Undirlendið er nánast allt á Breiðamerkursandi beggja vegna Jökulsár-

¹ Umfjöllun um einstök örnefni grundvallast á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

lóns og Jökulsár. Bærinn stóð vestur undir Fellsfjalli. Vestur með fjallinu eru háir hamrar og ber þar hæst Daðahnútu (u.þ.b. 800 m). Norðvestur af Daðahnútu er Hellrafjall. Þá tekur við Veðurárdalur. Í dalkvosinni er gamalt lónstæði. Dalkvosin skiptist um Miðfell en Miðfellsár renna hvor sínu megin við það og skila þær sér í Veðurá undir jökli. Norðvestan við dalinn er Útigönguháls. Sunnan við Miðfell gengur Hvítingsdalur inn í fjallendið í 300-400 m hæð yfir sjávarmáli. Vestan við Miðfell er Veðurárdalsegg (u.þ.b. 1000 m) og norðaustan við það er Þverártindsegg (1554 m) umkringd jökultotum sem ganga fram úr Vatnajökli og smájöklum sem skilist hafa frá jökulbreiðunni. Norðan við Veðurárdalsegg er Innri-Veðurárdalur. Í botni hans er stórt jökullón. Fyrir dalbotninum er Veðurárdalskambur (1203 m) en vestan við dalinn rís Prestfell (1006 m) beint á móti fjallinu Fauska (944 m) sem er sunnan við dalsmynnið. Í framhaldi af Prestfelli til norðurs eru Innri-Veðurárdalsfjöll og ná þau að Svöludal. Sunnan í Veðurárdalsfjöllum er Mávatorfa og við hana austanverða gengur Draugagil til norðurs. Á þeim tíma sem jöklar voru stærstir náðu Breiðamerkurjökull og jökullinn á og umhverfis Þverártindsegg saman í Innri-Veðurárdal. Prestfell, Veðurárdalsfjöll, Mávatorfa og Draugagil voru því um skeið umkringd jökli. Á norðvestanverðum Breiðamerkurjökli eru jökulskerin Mávabyggðir og Esjufjöll (u.þ.b. 1650 m þar sem hæst er). Loftlína frá sjó að jökli er u.þ.b. 3,5 km þar sem skemmst er og u.þ.b. 18,5 km þar sem lengst er.

Íslenska ríkið hefur í meginatriðum dregið kröfulínu sína frá punkti niðri við sjó, í beina stefnu á Prestfell, í Þröng í jaðri Breiðamerkurjökuls. Þaðan liggur línan beint í Fellsárgljúfur, u.þ.b. miðja vegu milli Fellsárfoss og jaðars Fellsárjökuls. Viðurkenndur er réttur Fells til hefðbundinna afréttarnota í Veðurárdal. Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda á austanverðum Breiðarmerkursandi, m.a. eru Jökulsárlón og hluti Stemmulóns innan þjóðlendu, og á því landsvæði sem liggur á milli Breiðamerkurjökuls og Þverártindseggjar. Þannig er m.a. gerð krafa um að Hvítingsdalur, Veðurárdalur og Veðurárdalsfjöll séu innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Fells lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem samkvæmt þeirra túlkun á landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1. maí 1922 fellur innan merkja. Samkvæmt þeirri kröfugerð eru m.a. stór hluti Breiðamerkurjökuls og jökulsvæði vestan við Þverártindsegg og Snæfell innan merkja Fells. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er að meginstefnu byggt á því að mörk eignarlanda og þjóðlendu séu hin sömu og landnámsmörk. Þá er því haldið fram að landamerkjabréf Fells sé ómarktækt. Það sé gert löngu eftir að jörðin lagðist í eyði. Að vestan sé um samning tveggja hreppstjóra að ræða og að austan séu tekin upp þau mörk sem fram koma í landamerkjabréfi Reynivalla. Jafnframt sé ljóst að um lýsingu á fjörumörkum sé að ræða, ekki landamerkjum. Fallist er á að það landsvæði, sem krafa er gerð til, sé innan landnámsmarka. Því er aftur á móti mótmælt að það sé í eigu Fells. Fell sé einfaldlega síðasta jörðin á Breiðumörk til að fara í eyði. Það þýði ekki að hún eignist land sem áður heyrði öðrum jörðum til. Loks er því haldið fram að heimildir um að Mávabyggðir og Esjufjöll hafi tilheyrð Felli séu misvísandi og geti allt eins bent til gagnstæðrar niðurstöðu.

Af hálfu eigenda Fells, sbr. kafla 8.1., er vísað til þinglýstra landamerkjabréfa Fells og aðliggjandi jarða. Byggt er á því að jörðin hafi verið numin í öndverðu og beinn eignarréttur stofnast. Breiðamörkin hafi þá verið grasi gróið láglendi sem tilheyrð hafi Felli og verið nytjað af bændum. Rannsóknir renni ótvírætt stöðum undir þetta. Sama geri fornar sagnir um að Mávabyggðir og Esjufjöll hafi tilheyrð Felli. Þá er byggt á því að breytingar á jöklaferi valdi því ekki að landamerki færist úr stað. Jöklar séu einungis vatn í föstu formi og um þá gildi sömu reglur og um myndun og breytingar á vatnsfari á eignarlöndum.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Felli er rakin í kafla 6.2. Þar kemur fram að Fells er getið í heimildum allt frá fyrri hluta 16. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan

upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Fells er að finna í lögfestu eigenda jarðarinnar, dags. 24. júlí 1851. Þar er mörkum jarðarinnar til vesturs, norðurs, austurs og suðurs lýst en aðrar heimildir um merki jarðarinnar lýsa einungis vestur- og austurmörkum.

Í framangreindri lögfestu kemur fram að vesturmörk jarðarinnar séu í „Breiðamerkur á“ frá jökli og til marka Breiðármerkur- og Fjallsfjöru. Lögfesta þessi er gerð í tilefni af lögfestu eigenda jarðarinnar Hofs í Örafum, dags. 7. maí s.á. Þar er Hofi eignuð hálf eyðijörðin Breiðármörk austur að Fellslandi í Suðursveit, vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi þar sem hún falli úr jökli. Eðlilegt er að skilja lögfestu Hofsmanna þannig að þeir hafi talið land jarðarinnar Breiðármerkur ná austur að Jökulsá þar sem land Fells hafi tekið við og að Hofsmenn hafi talið sig eiga helming jarðarinnar Breiðármerkur, í óskiptu. Við þessu brugðust Fellsmenn með því að lögfesta rétt sinn til landsvæðisins á milli Jökulsár og vestur að Breiðá. Jörðin Breiðármörk er ekki nefnd á nafn en gert ráð fyrir að land Fells nái vestur að „Breiðamerkur á“. Þá skyldi sama áin skilja á milli Fjallsfjöru að vestanverðu og Breiðamerkurfjöru að austanverðu.

Samkvæmt því sem að framan er rakið greindi Fellsmenn og Hofsmenn á um landamerki Fells og Breiðármerkur og fjörumörk sömu jarða. Samkvæmt lögfestu Hofsmanna skyldu landamerki Fells og Breiðármerkur vera í Jökulsá en samkvæmt lögfestu Fellsmanna skyldu þau vera vestar eða í Breiðá. Samsvarandi ágreiningur var um fjörumerki jarðanna. Samkvæmt lögfestu Hofsmanna var Breiðamerkurfjara fyrir landi Breiðármerkur og austurmerki hennar í Jökulsá. Samkvæmt lögfestu Fellsmanna var Breiðamerkurfjara hins vegar ítak fyrir landi Fells og vesturmerki hennar í Breiðá en ekki kemur fram hvort Fellsmenn töldu austurmerki fjörunnar í Jökulsá eða annars staðar.

Úr þessum ágreiningi var leyst með sáttargerð milli eigenda jarðanna Hofs og Fells um mörkin milli Breiðumerkur og Fells, dags. 8. júní 1854. Þar semja eigendur framangreindra jarða um að Felli í Suðursveit skuli tilheyra „öll grasnit initjar og virkilegur eignarréttur“ austan við mörk Fjallsfjöru og Breiðamerkurfjöru, beina stefnu úr fjörunni og í Svörturák á jöklinum, upp undan Breiðá og undan hvorri hún rennur. Samkvæmt sáttargerðinni var Breiðármerkurfjara þannig fyrir landi Fells en ekki fjallað sérstaklega um réttindi til fjörunnar. Á þessu svæði eru aurrákir í jöklinum og má telja líklegt að Svartarák sé ein þeirra. Eigendur og ábúendur Hofs „njóti alls“ vestan megin við Breiðá og framangreindrar stefnulínu, „Fjalls og fjöru á milli“ og svo langt vestur sem „treysti sér land að helga“. Með hliðsjón af umfjöllun um Jökulsá í lögfestu Hofsmanna, meintri helmingseign Hofsmanna í Breiðármörk og elstu heimildum um hreppamörk á þessu svæði er hugsanlegt að í þessum samningi hafi falist skipting Breiðármerkur á milli Hofs og Fells og þannig ný vesturmerki Fells, í Breiðá. Um það verður þó ekkert fullyrt. Það er allt eins víst að vesturmörk Fells hafi ávallt verið í Breiðá.

Vesturmörkum Fells er næst lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 1. maí 1922 og þingl. 13. júlí s.á. Þar er mörkum lýst í sömu línu og fjörumörkum þannig að varða hlaðin á fjörunni vestan við hornið á Nýgræðunum skuli bera í Hálfðánaröldu uppi undir jökli og í Kaplaklif í Máfabyggðum og sé það bein lína á milli Fells og Breiðamerkurlanda og fjörumörk. Bréfið er ekki áritað vegna Breiðármerkur og óljóst hver var eigandi Breiðármerkur á þeim tíma sem bréfið var gert. Eldri heimildir mæla lýsingu bréfsins ekki í mót en Breiðá rann áður 6-7 km vestan við Jökulsá áður en hún braut sér leið í Fjallsá 1954 og færðist þannig vestar eins og nú er. Þessi merki virðast því á svipuðum slóðum og hinn eldri farvegur Breiðár þó ekki verði fullyrt um nákvæma legu hans. Galli eins og skortur á áritun telst því ekki hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi. Þá er mörkum lýst með sama hætti í „landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi“, dags. 13. maí 1922 og þingl. 13. júlí s.á. Tekið er fram að jafnframt sé um mörk milli Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps að ræða og það eru hreppstjórar þeirra hreppa sem árita skrána

í embættisnafni. Hún er hvorki árituð af fyrirsvarsmönnum Breiðármerkur né Fells. Ekki eru til eldri gögn um landamerki Breiðármerkur að þessu leyti.

Norðurmörkum Fells er sem að framan greinir lýst í lögfestu jarðarinnar frá 1851. Þar segir að Breiðamerkurjökull takmarki land jarðarinnar að ofanverðu allt að Breiðamerkurá. Yngri heimildir geta ekki sérstaklega um norðurmörk en lýsa merkjum til austurs og vesturs í sumum tilvikum í jökul.

Austurmörkum Fells, gagnvart Reynivöllum, er fyrst lýst í framangreindri lögfestu eigenda jarðarinnar. Þar segir að sjónhending skuli tekin frá fjörunni í mitt Hrollaugshólaskarð og miðjan þann fremsta foss í Fellsá sem beri þar í og blasi á móti þegar umrædd stefna sé tekin af fjörunni, síðan ráði austara gljúfrið upp frá fossinum og deili löndum allt í jökul upp. Í landamerkjabréfi jarðarinnar er mörkum lýst í sömu línu og fjörumörkum þannig að þau séu þar sem Fellsárfoss ber í mitt Hrollaugshólaskarð. Bréfið er áritað af hálfu Reynivallabænda sem jafnframt voru eigendur Fells að stærstum hluta. Landamerkjabréfið lýsir mörkum því skemur en lögfestan. Landamerkjabréf Reynivalla, dags. 8. apríl 1888 og þingl. 6. mars 1890, lýsir mörkum hins vegar með sambærilegum hætti og lögfestan þannig að frá fossinum ráði Fellsárgljúfur mörkum að jökli. Bréfið er ekki sérstaklega áritað vegna Fells en Fell var sem að framan greinir að stærstum hluta í eigu Reynivallabænda. Engar eldri heimildir eru um landamerki Reynivalla að þessu leyti.

Kröfugerð jarðeigenda er ekki í fullkomnu samræmi við framangreindar heimildir að þessu leyti. Þannig er gerð krafa um að ofan marka við Reynivelli eigi Fell austurmörk við Breiðabólstað sem fylgi Þverártindsegg í Snæfell. Kröfugerð eigenda Breiðabólstaðar annars vegar og Reynivalla hins vegar gerir ráð fyrir því að eftir því sem jökullinn á og umhverfis Þverártindsegg hopaði hafi land Reynivalla verið talið ná upp á eggina en bæði það land, sem undan jökli kom og þær jökultotur og þeir smájökklar sem liggja umhverfis eggina, talist tilheyra Felli vestan megin við hana en Breiðabólstað austan megin og eggin látin ráða mörkum á milli jarðanna enda um glögg merki frá náttúrunnar hendi að ræða, sbr. kafla 10.4. og 10.5. Kröfugerð eigenda Fells gerir aftur á móti ráð fyrir því að breytingar á jöklafari valdi því ekki að landamerki færist úr stað. Hana verður því að skilja á þann hátt að merki hafi ávallt verið með þessum hætti.

Suðurmörkum jarðarinnar er lýst í lögfestunni frá 1851. Þar segir að meginhaf takmarki land jarðarinnar að framan frá land- og fjörumörkum við Reynivelli allt til marka milli Breiðamerkur- og Fjallsfjöru og tilheyri öll sú fjara, sem liggja á milli nefndra landamerkja Felli að frátekinni Breiðamerkurfjöru, sem tekin sé sem ítak af öðrum enda fjöru jarðarinnar Fells og liggja fyrir hennar landi. Yngri heimildir geta ekki sérstaklega um suðurmörk en lýsa merkjum til vesturs og austurs frá fjörunni.

Hér að framan hafa verið raktar heimildir um merki Fells og aðliggjandi svæða til vesturs og austurs. Norðurmörkum Fells er hins vegar ekki sérstaklega lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar og þarfnast þau því sérstakrar skoðunar.

Af hálfu eigenda Fells er gerð krafa um að norðurmörk jarðarinnar liggja úr Kaplaklif í Mávabyggðum, talsvert inni á Breiðamerkurjökli, í Tjaldamýri í Esjufjöllum, þaðan í urðarrana austast í Esjufjöllum og úr honum í Snæfell. Samkvæmt þessari kröfugerð er stór hluti Breiðamerkurjökuls innan merkja jarðarinnar og háður beinum eignarrétti.

Til stuðnings þessari kröfugerð er vísað til landamerkjabréfs jarðarinnar, dags. 1. maí 1922 og landamerkjaskrár milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi, dags. 13. s.m., sem báðar lýsi merkjum í Kaplaklif í Mávabyggðum. Þá er vísað til þess að við landnám hafi Breiðamörkin verið gróið láglendi sem tilheyrt hafi Felli og verið nytjað af bændum. Breytingar á jöklafari valdi því ekki að landamerki færist úr stað. Loks er vísað til fornra sagna um að Mávabyggðir og Esjufjöll hafi tilheyrt Felli.

Óbyggðanefnd telur lýsingu landamerkja að vestan og austan í fyrirliggjandi landamerkjabréfum benda til þess að um norðurmörk hafi verið miðað við rönd jökulsins. Þannig er austurmörkum

beinlínis lýst í jökul í landamerkjabréfi jarðarinnar og það orðalag sem notað er við lýsingu á vesturmörkum jarðarinnar þykir fremur benda til þess að þar sé tekin stefna af Kaplaklif í Mávabyggðum og merki Fells nái þar einnig að jökulrönd heldur en að þau liggi yfir jökullinn og að Mávabyggðum. Sú niðurstaða er og í samræmi við lögfestu Fells frá 1851 þar sem fram kemur að land jarðarinnar takmarkist af Breiðamerkurjökli að ofanverðu. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti í landamerkjabréfinu. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við á sama hátt og hafið til suðurs. Hvorki lýsing landamerkjabréfsins né aðrar fyrirliggjandi heimildir þykja þannig bera vott um að Breiðamerkurjökull hafi talist hluti af landi jarðarinnar.

Þá þarfnast krafa eigenda Fells um að ofan marka við Reynivelli eigi jörðin austurmörk við Breiðabólstað um Þverártindsegg í Snæfell sérstakrar skoðunar.

Á þeim tíma er landamerkjabréf Fells var gert voru Þverártindsegg og svæðið umhverfis hana hulin jökli. Síðan þá hefur jökullinn hopað og Þverártindsegg er nú snjólaus að mestu en umhverfis hana eru jökultotur sem ganga fram úr Vatnajökli og smájökklar, sbr. kafla 5.4. Þverártindsegg er því enn að hluta innan jökulrandar en merkjum að austanverðu sem að framan greinir lýst í jökul. Krafa eigenda Fells um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur nái til jökulsvæðisins vestan við Þverártindsegg verður því ekki talinn geta stuðst við landamerkjabréf jarðarinnar eða lögfestuna frá 1851.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Fell. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Öbygðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jökulum hið efra og sjó hið neðra. Landamerkjabréf Fells er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þá eru landamerkjaskrá milli Fells í Borgarhafnarhreppi og Breiðumerkur í Hofshreppi og landamerkjabréf Reynivalla einnig þinglesin án athugasemda. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Fells hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan merkja Fells hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Að því loknu verður tekin afstaða til kröfu eigenda Fells um beinan eignarrétt að þeim landsvæðum sem samkvæmt framangreindu eru utan merkja jarðarinnar, þ.e. hluta Breiðamerkurjökuls og jökulsvæðisins vestan við Þverártindsegg og Snæfell.

Á sunnanverðu því svæði, sem samkvæmt framangreindu telst innan landamerkja Fells, er hluti Breiðamerkursands, þ.m.t. Jökulsárlón og Stemmulón. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Suðursveit, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er. Þannig hafi víða verið gróið land þar sem nú er sandauð. Rannsóknir jarðvísindamanna benda til þess að Breiðamerkurjökull hafi á þeim tíma legið mun norðar en nú er. Á tímabilinu 1890-1900 lá Breiðamerkurjökull hins vegar sunnar en nokkru sinni fyrr eftir að ísöld lauk. Eins og greint er frá í kafla 5.4. er talið að framskrið austurjökulsins, þar sem nú er Jökulsá, hafi alls verið 9 km á tímabilinu frá 1732-1890 og 45 km² lands hafi á því tímabili horfið undir ís. Lengst hafi jökuljadarinn náð fram 1894, eða 256 m frá sjó. Eftir það hafi hann tekið að hopa, hægt í fyrstu en hratt eftir 1930. Árin 1934-1935 hafi Jökulsárlón farið að koma fram við jökulsporðinn og Jökulsá að grafa sér fastan farveg til sjávar. Lónið hafi stækkað og 1991 hafi jökulsporðurinn legið 3 km frá sjó. Ljóst er þannig að land Fells hefur að stórum hluta horfið undir Breiðamerkurjökul uns lítið var eftir annað en mjó landræma á Breiðamerkursandi. Við það að Breiðamerkurjökull hopaði leituðu árnar á Breiðamerkursandi í fasta farvegi. Sandurinn grær nú óðum upp. Þar eru nú bithagar og votlendi hefur víða myndast upp af sjávarlönnum og fjörukambi.

Á norðanverðu því svæði, sem samkvæmt framangreindu telst innan landamerkja Fells, er há-

lendi það og heiðarlönd sem áður er lýst. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Í fjalllendi Suðursveitar er gróður nú fjölskrúðugastur og gróskumestur neðan til í hlíðum dalanna sem ganga inn í hálendið, sbr. kafla 5.3. Ofan við 500-600 m hæð er sjaldan gróður og víða liggja mörk samfellds gróðurs neðar. Fellsfjall er þó að hluta allvel gróið. Fjalllendið norður af því er hins vegar lítið gróið vegna hæðar og halla.

Þjóðlendukröfu sinni til stuðnings hefur íslenska ríkið vísað til þess að mikil byggð hafi á öldum áður verið á Breiðumörk og að Fell sé einfaldlega síðasta jörðin þar til að fara í eyði. Þetta þýði ekki að Fell eignist land sem áður heyrði öðrum jörðum til. Í þessu sambandi nefnir íslenska ríkið Brennholá sem farið hafi undir ís 1753. Í tilefni af þessu telur óbyggðanefnd rétt er að taka fram að Brennholar voru hjáleiga frá Felli, sbr. kafla 6.2. Þá hafa ekki fundist heimildir um aðra byggð á því svæði sem samkvæmt framangreindu telst innan landamerkja Fells en ýmsar hjáleigur frá Felli.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Fell hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þannig hafa eigendur jarðarinnar frá því hún lagðist í eyði m.a. nýtt hana til beitar auk þess sem þeir hafa um skeið leigt land við Jökulsárlón undir ferðaþjónustu. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1922 og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar því farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hvorki land á Breiðamerkursandi né fjalllendið hefur verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð.

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er greint frá því í upptalningu á réttindum jarðarinnar að hún eigi afrétt í Veðurárdal sem samkvæmt framangreindu er innan merkja jarðarinnar. Þessi tilgreining er ekki áréttuð í síðari tíma heimildum. Þegar lítið er heildstætt á upptalningu á réttindum jarðarinnar í framangreindri heimild og tilgreining á því að jörðin eigi afrétt í Veðurárdal skoðuð í samhengi við aðra umfjöllun í umræddri heimild, m.a. um óbein eignarréttindi Fells innan merkja annarra jarða, verður þetta atriði ekki talið leiða til þess að viðkomandi landsvæði sé einungis undirorpið óbeinum eignarrétti. Óbyggðanefnd telur þvert á móti líkur til þess að um sé að ræða áréttingu á því að jörðin viðurkenni ekki óbein eignarréttindi annarra á viðkomandi hluta jarðarinnar. Þá kann einnig að hafa verið um verðmætustu réttindi jarðarinnar að ræða og því þótt rétt að áréttu þau sérstaklega.

Ekki verður annað séð en að eignarhald Fells hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem þýðingu hafi. Samkvæmt framangreindu benda heimildir ekki til þess að land innan marka Fells hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Loks verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Fells hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1922, hefur gengið til baka. Land sem þá var hulið jökli er því jökullaust nú. Þetta á m.a. við um Innri-Veðurárdal en svæðið norðan hans var um skeið umkringgt jökli. Sá jökuljaðar, sem landnám kann að hafa miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Ekki eru hins vegar efni til að land undir smájöklum og heilsársfönnum, sem skilist hafa frá jökulbreiðunni, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað það land sem utan jökulrandar er.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Fells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Verður þá tekin afstaða til kröfu eigenda Fells um beinan eignarrétt að hluta Breiðamerkurjökuls og jökulsvæði því sem liggur vestan við Þverártindsegg og Snæfell.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að það jökulsvæði, sem eigendur Fells gera kröfu til, sé innan upphaflegs landnáms í Suðursveit eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Staðhættir undir jökli og fornar sagnir um villifé í Mávabyggðum og Esjuþjóllum geta ekki verið grundvöllur beins eignarréttar að landsvæðum sem augljóslega eru utan landamerkja en fyrirbyggjandi heimildir um landamerki Fells miða sem áður segir við að norðurmörk hennar fylgi jökli. Enn fremur er útilokað að eigendur Fells og Breiðabólstaðar geti með samkomulagi sín á milli slegið eign sinni á landsvæði sem augljóslega eru utan landamerkja, þ.e. undir jökli. Verður því ekki fallist á að Fell eigi austurmörk við Breiðabólstað um Þverártindsegg í Snæfell. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Af hálfu eigenda Fells hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það undir jökli, utan landamerkja jarðarinnar, sem af þeirra hálfu er gerð krafa um að verði talið til eignarlands jarðarinnar, þ.e. stór hluti Breiðamerkurjökuls og jökulsvæði vestan við Þverártindsegg og Snæfell, sé eignarland, hvorki fyrir nám, hefð, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé þjóðlenda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Fells, svo sem því er að framan lýst, að jaðri Vatnajökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Það er einnig niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti Breiðamerkurjökuls, sem hér er til meðferðar, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá þeim stað við jaðar Breiðamerkurjökuls þar sem lína, dregin á milli punkta 1 (punktur 29 í kröfugerð vegna Breiðármerkur í máli nr. 1/2001 hjá óbyggðanefnd, Öræfi) og 2 í kröfugerð eigenda Fell sker jökuljaðarinn. Frá þeim skurðpunkti er dregin lína í Kaplaklif í Mávabyggðum (punktur 2), þaðan í Tjaldamýri í Esjuþjóllum (punktur 3), þaðan í urðarrana austast í Esjuþjóllum (punktur 4) og þaðan til austurs í jaðar Breiðamerkurjökuls við Veðurárrönd þar sem lína dregin úr framangreindum urðarrana í Snæfell (punktur 5) sker jökuljaðarinn. Þaðan fylgin línar jaðri Breiðamerkurjökuls í upphafspunktinn. Að því leyti sem jökuljaðri er fylgt í lýsingu þessari er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Loks er það niðurstaða óbyggðanefndar að það jökulsvæði vestan við Þverártindsegg og Snæfell sem hér er til meðferðar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Jökulsvæði það, vestan við línu sem dregin er á milli punkta 5-8 í kröfugerð eigenda Fells, sbr. punkta 40-42 í kröfugerð eigenda Breiðabólstaðar, austan við Veðurárdalsfjöll og Veðurárdalsegg og norðan við Vestra- og Eystra-Miðfell og Fellsárgljúfur, sem var undir jökulbreiðu Vatnajökuls við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Hluti þess landsvæðis, sem hér hefur verið lýst þjóðlenda, er friðlýst, þ.e. „Esjuþjöll í Breiðamerkurjökli“, sbr. auglýsingu nr. 188/1978. Það er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

10.4. Reynivellir

Reynivellir skiptast nú í Reynivelli I-III. Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í

landamerkjabréfi Reynivalla, dags. 8. apríl 1888 og þingl. 19. apríl 1892, án þess að tekið sé tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Reynivöllum liggja jarðirnar Fell að vestan og Breiðabólstaður að austan. Norðan Reynivalla liggur Þverártindsegg (1554 m) umkringd jökultotum sem ganga fram úr Vatnajökli og smájökulum. Til suðurs er hafið. Skörp skil eru á milli undirlendis og fjallendis fyrir landi Reynivalla, svo sem annars staðar í Suðursveit. Hið neðra er víðáttumikið sléttlendi. Upp af því rís hátt og bratt fjallendi. Fjallendið greinist í tvennt, Reynivallaafjall og Þverárfjall. Þverárfjall er norðar og rennur Þverá á milli fjallanna suðvestur í Fellsárgljúfur. Um gljúfrið rennur Fellsá en hún kemur undan Fellsárjökli. Loftlína frá sjó að jökli er u.þ.b. 10 km þar sem lengst er.

Íslenska ríkið hefur í meginatriðum dregið kröfulinu sína frá Fellsárgljúfri, u.þ.b. miðja vegu milli Fellsárfoss og jaðars Fellsárjökuls, beint í jaðar Þverárfjalls. Samkvæmt þessari kröfugerð eru norðurhluti Fellsárgljúfurs, Reynivallaafjalls og Þverárfjalls, auk Þverártindseggjar, innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Reynivalla I og III lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama landsvæði, upp á Þverártindsegg. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum jarðeigenda í kafla 3.3.

Kröfu var ekki lýst vegna Reynivalla II. Með bréfi, dags. 11. nóvember 2002, var athygli eiganda Reynivalla II, H.f. Eimskipafélags Íslands, vakin á þessu og jafnframt óskað eftir því að félagið upplýsti nefndina um hvort það teldi kröfugerð íslenska ríkisins ganga gegn eignarrétti þess. Með svarbréfi, dags. 4. desember 2002, lét lögmaður félagsins í ljós þá afstöðu að hagsmuna Reynivalla-torfu hefði verið gætt í málinu af lögmanni Reynivalla I og III. Umbjóðandi hans tæki undir þær kröfur og sjónarmið um viðurkenningu á sameiginlegum eignarrétti Reynivalla I-III að óskiptu fjallendi torfunnar sem komið hefðu fram við meðferð málsins hjá óbyggðanefnd.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er að meginstefnu byggt á því að mörk eignarlanda og þjóðlendu séu hin sömu og landnámsmörk. Þá er því haldið fram að landamerkjabréf Reynivalla sé óglöggt, m.a. sé norðurmörkum ekki lýst. Lýsingin sé jafnframt einhliða og styðjist ekki við landnámsmörk. Þá hafi fjallendið upp af jörðinni einungis verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Loks mæli hæð yfir sjávarmáli og ýmis önnur atriði gegn beinum eignarrétti.

Af hálfu eigenda Reynivalla I og III, sbr. kafla 8.2., er því haldið fram að í Suðursveit séu engir afréttir í merkingunni sameiginlegt upprekstrarland. Allt land sé háð einkaeignarrétti jarðeigenda. Bændur þarfnist alls lands að jökulrótum og hafi ætíð farið með það sem einkaeignarland. Jökulröndin á hverjum tíma hafi verið talin náttúruleg mörk jarðanna og óþarft að lýsa merkjum til jökuls frekar, sbr. m.a. hvernig sjórinn ýmist brjóti land eða auki við það. Hugtakið afréttur sé notað til að tákna afnot en ekki eignarhald. Nýting lands ráði ekki eignarhaldi og síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti þar engu um. Þessu til stuðnings er einkum vísað til þinglýstra landamerkjalyýsinga og ákvæða landamerkjalyýsinga sem hafi m.a. haft þann tilgang að tryggja eignarrétt landeigenda. Jafnframt er byggt á sönnunargildi ómótmæltra þinglýsinga og hefð. Heimildargildi Landnámu er mótmælt en talið að menn hafi gætt þess að nema það land sem nauðsynlegt var til búskaparins, þ. á m. sumarþeitoland fyrir sauðfé, auk þess sem veðurfar og gróður hafi verið með öðrum hætti á landnámsöld en nú.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Reynivöllum er rakin í kafla 6.3. Þar kemur fram að Reynivalla er getið í heimildum allt frá miðri 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum Reynivalla er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 8. apríl 1888 og þingl. 19. apríl 1892. Merki í vestur og austur eru tilgreind en hvorki norður- né suðurmörkum lýst sérstaklega.

Vesturmörk, gagnvart Felli, eru sögð vera þar sem fossinn neðst í Fellsárgljúfri beri í mitt skarðið á Hrollaugshólum, frá fossinum ráði Fellsárgljúfur svo mörkum „að jökli“. Bréfið er ekki áritað af hálfu Fells. Hins vegar er landamerkjabréf Fells, dags. 1. maí 1922 og þingl. 13. júlí sama ár, áritað af hálfu Reynivalla og mörkum þar lýst með sambærilegum hætti. Í landamerkjabréfi Fells kemur einnig fram að fjörumörk liggja um sömu línu. Þá er merkjum lýst með sama hætti í lögfestu Fells frá 1851, sbr. kafla 10.3.

Austurmörkum Reynivalla, gagnvart Breiðabólsstað, er þannig lýst í landamerkjabréfinu að Markhólmi, þar sem hann er hæstur, beri í hæstu þúfu á austasta Borgarhrauni og ráði sú lína „norður að jökli“. Bréfið er áritað af hálfu Breiðabólsstaðar. Í landamerkjabréfi Breiðabólsstaðar, dags. 4. maí 1886 og þingl. 12. maí 1893, segir að milli Reynivalla og Breiðabólsstaðar liggja merkjalínan af fjörunni að sjá í Markhólma og hæstu þúfu á Borgarhrauni austasta og þaðan í Hvammskriðu eystri. Sú lýsing nær því ekki jafnlangt til norðurs. Að öðru leyti ber bréfunum tveimur saman. Landamerkjabréf Breiðabólsstaðar er ekki áritað af hálfu Reynivalla. Hér ber að líta til þess að lögfesta Breiðabólsstaðar frá 1810 veitir vísbendingu um að land jarðarinnar hafi náð að jökli, sbr. kafla 10.5., auk þess sem landamerkjabréf Reynivalla er uppáskrifað vegna Breiðabólsstaðar.

Samkvæmt kröfugerð eigenda Reynivalla fylgja austurmörk jarðarinnar, gagnvart Breiðabólsstað, landfræðilegum skilum fremur en framangreindri sjónhendingarlínu milli Borgarhrauns og Markhólma, samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. einnig kröfugerð vegna Breiðabólsstaðar. Einnig er gert ráð fyrir að merki jarðarinnar til norðurs hafi breyst nokkuð samhliða breytingum á legu jökulsins. Á þeim tíma er landamerkjabréf Reynivalla var gert voru Þverártindsegg og svæðið umhverfis hana hulin jökli. Síðan þá hefur jökullinn hopað og Þverártindsegg er nú snjólaus að mestu en umhverfis hana eru jökultotur sem ganga fram úr Vatnajökli auk fjölda smájökla, sbr. kafla 5.4. Í kröfulýsingu er miðað við að vesturmörk Reynivalla fylgi jaðri Fellsárjökuls upp á Þverártindsegg og austurmörk jarðarinnar liggja yfir Þverártind og upp á Þverártindsegg. Þannig liggja nyrstu punktar til vesturs og austurs saman uppi á egginni.

Í framangreindum mismun á landamerkjalyýsingu Reynivalla og kröfugerð vegna jarðarinnar í máli þessu felst ekki að merki jarðarinnar nái lengra norður en samkvæmt landamerkjabréfi, að teknu tilliti til þess að jökull hefur hopað. Þá verður nákvæm staðsetning austurmarka Reynivalla, gagnvart Breiðabólsstað, ekki talin hafa þýðingu hér enda hafa eigendur jarðanna getað samið um breytt merki sín á milli, sbr. einnig kafla 10.5.

Óbyggðanefnd telur landamerkjalyýsingu Reynivalla sýna að litið hafi verið svo á að land jarðarinnar næði að jökli. Því til stuðnings má vísa til þess að merkjum til vesturs og austurs er beinlínis lýst að jökli en norðurmörkum ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við, á sama hátt og hafið til suðurs.

Í kjölfar þess að landamerkjalyýsing taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Reynivelli. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar hafi þar verið rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklium hið efra og sjó hið neðra.

Bréfið er áritað af hálfu Breiðabólsstaðar, þinglesið og fært í landamerkjabók og á því byggt síðar um merki jarðarinnar í meginatriðum, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf Fells og Breiðabólsstaðar eru einnig þinglesin og ber þeim í flestu saman við Reynivallabréfið. Þá er landamerkjabréf Fells áritað af hálfu Reynivalla. Sá formgalli, sem á landamerkjabréfi Reynivalla er að því leyti að áritun vantar vegna Fells, verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Reynivalla hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Reynivellir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru í landamerkjabréfi jarðarinnar 1888 og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar Reynivalla hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og valda staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki sérstökum vafa í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar sem eigendur jarðarinnar Reynivalla hafa horft til, þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1888, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem landnám kann að hafa miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll. Um réttarstöðu þess samfellda jökulsvæðis ofan Reynivalla sem til meðferðar er í máli þessu vísast til kafla 10.10.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Reynivalla sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Engin afstaða er þannig tekin til þess hver séu mörk milli Reynivalla og Breiðabólstaðar.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Reynivalla, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendlaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.5. Breiðabólstaður

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Breiðabólstaðar, dags. 4. maí 1886 og þingl. 19. apríl 1892, og jökulsvæði það austan við Þverártindsegg og Snæfell sem kröfugerð eigenda Breiðabólstaðar tekur til. Við þá umfjöllun verður ekki tekið tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja í Breiðabólstað I, Gerði (Breiðabólstað II) og Hala (Breiðabólstað III-IV).

Að Breiðabólstað liggja Reynivellir að vestan og Kálfafell að austan. Til suðurs er hafið og að norðan liggur Vatnajökull. Skörp skil eru á milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Breiðabólstaðar, svo sem annars staðar í Suðursveit. Til suðurs eru bæjarstæði og tún auk Steina- og Sléttaleitislands sem lagt var undir Breiðabólstað þegar byggð lagðist þar af. Þar fyrir norðan eru Steinafjall (729 m) og Steinasandur. Vestur af Steinasandi er Steinadalur en norður af Steinasandi ris Staðarfjall (Breiðabólstaðarfjall) og er þar hæstur Staðarfjallstindur (928 m). Inn af Klukkugili, sem skilur að Steinadal og Staðarfjall, er Hvannadalur. Inn frá Steinasandi vestanverðum gengur Kálfafellsdalur, u.þ.b. 13 km langur, norðvestur að Vatnajökli, nánar tiltekið Brókarjökli. Frá Þverártindi á vesturmörkum Breiðabólstaðar teygir Þverártindsegg (1554 m) sig norður í Snæfell. Austan við eggina eru jökultotur sem ganga fram úr Vatnajökli auk fjölda smájökla, sbr. kafla 5.4. Loflína frá sjó að jökli er u.þ.b. 9 km þar sem skemmst er en 17 km þar sem lengst er.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá jaðri Þverárfjalls yfir Hvannadal, yfir Saudadalstind og í Staðarfjallstind. Þaðan liggur línan yfir Miðbotnsgil í framanverðan Kálfafellsdal. Samkvæmt þessari kröfugerð eru m.a. hluti Hvannadals, Miðfell og Staðarfjall (Breiðabólstaðarfjall) innan Þjóðlendu. Á móti hafa eigendur Breiðabólstaðartorfu, þ.e. Breiðabólstaðar I, Gerðis (Breiðabólstaðar II) og Hala (Breiðabólstaðar III), lýst kröfu um beinan eignarrétt að sama

landsvæði eftir Þverártindsegg í Snæfell en að öðru leyti að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum jarðeigenda í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er að meginstefnu byggt á því að mörk eignarlanda og þjóðlendu séu hin sömu og landnámsmörk. Þá er því haldið fram að hvorki landamerkjabréf Breiðabólstaðar né eldri heimildir um landamerki lýsi ytri mörkum eignarlands. Einungis komi þar fram hvaða not jörðin hafi haft af fjalllendi norðan við heimaland. Þá sé ljóst að land norðan við kröfulínu ríkisins hafi ekki verið numið í öndverðu.

Það svæði, sem til meðferðar er í máli nr. 3/2001, Mýrar í sveitarfélaginu Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu, afmarkast til vesturs af Suðursveit þar sem áður voru hreppamörk og til austurs af Nesjum þar sem einnig voru hreppamörk áður. Framangreind viðmiðun til vesturs endar í Snjófjalli vestanverðu (sbr. punkt 36 í kröfugerð vegna Skálafells í máli nr. 2/2001 hjá óbyggðanefnd, Suðursveit) og þaðan er dregin lína í miðja Breiðubungu. Framangreind viðmiðun til austurs endar við jaðar Svinafellsjökuls (punktur 22). Þaðan er jökuljaðrinum fylgt norður fyrir Gæsaheiði (punktur 20), að teknu tilliti til kröfugerðar um að merki fylgi jökuljaðri eins og hann er á hverjum tíma. Frá jökuljaðrinum norður af Gæsaheiði (punktur 20) er dregin lína í punkt 19 í kröfugerð eigenda Hoffellstorfu í máli nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes, og þaðan til norðvesturs í stefnu á punkt 18 í sömu kröfugerð (punktur 18 er ákvarðaður þannig að lína milli punkta 21 og 19 er framlengd), til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til norðurs. Sú lína liggur frá miðri Breiðubungu, í stefnu yfir Goðahnúka á nafnlausan hnjúk sunnan Grendils (punktur 45 í kröfugerð vegna Stafafells í máli nr. 5/2001, Lón). Þar sem þessar tvær línur skerast er hornmark. Afmörkun þessi byggist á kröfugerð vegna Heinabergs og Viðborðs/Viðborðssels, markalínu þeirri á Vatnajökli sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína og kröfugerð eigenda Hoffellstorfu í máli nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes, og eigenda Skálafells í máli nr. 2/2001, Suðursveit. Til suðurs afmarkast svæðið með hafinu.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins um þjóðlendu innan tilgreindra marka og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um eignarland innan tilgreindra hluta þess landsvæðis sem íslenska ríkið gerir kröfu um að teljist þjóðlenda. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar ein-skorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

2.4. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 3/2001 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 14. ágúst 2001. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá. Upplýst var að aðilum málsins yrðu gefnir ríflegir frestir til að skila greinargerð þar sem meðferð óbyggðanefndar á svæði nr. 1 væri ekki lokið. Þá var íslenska ríkinu veittur tveggja mánaða frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 12. október var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur ríflega tveggja mánaða frestur til að skila greinargerðum. Sá frestur var síðar framlengdur í þeim tilgangi að veita lögmönnum færi á að kynna sér fyrstu úrskurði óbyggðanefndar sem kveðnir voru upp 21. mars 2002. Umræddar greinargerðir voru því lagðar fram við fyrirtöku málsins 15. apríl.

Á fundi þann 27. maí voru lögð fram gögn. Málið var einnig tekið fyrir á fundi 16. ágúst. Voru þá lögð voru fram gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti, auk þess sem kannaðir voru möguleikar á sáttum.

Aðalmeðferð stóð dagana 14.-15. september 2002 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflytning. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar. Fundað var í sal á vegum Hótel Hafnar, Hornafirði. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 14. nóvember 2003 var málið enduruptekið og lögð fram ný gögn. Gögn þessi höfðu áður verið kynnt lögmönnum málsaðila og tækfæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna jarðanna Flateyjar I, II og III og Heinabergs. Þinglýstur eigandi þessara jarða, að undanskildum hluta Flateyjar, er Landnám ríkisins.

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins er gerð sú krafa að viðurkennt verði að þjóðlendumörk á Mýrum séu svo sem hér segir: „Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra á Mýrum er sá sami og síðasti punktur í Nesjum og er hann kallaður A hér. Hann er þar sem Suðurfliótin í Viðborðsdal skera beina línu sem dregin er frá punkti neðst í Hoffellsjökli og beint í punkt á Sandmerkisheiði (909 m), sem verður þá punktur B. Frá þeim punkti er dregin bein lína í punkt neðst í Fláajökli austanverðum, sem verður punktur C. Síðan er fylgt jökulrótum vestur fyrir Fláajökul, allt þar til hægt er að draga beina línu fyrir utan jökulinn í Hálsatind (863 m). Punkturinn við jökulinn verður þá merktur D, en Hálsatindur E. Hálsatindur verður hornmark.

Frá Hálsatindi er dregin bein lína yfir Heinabergsdal, fyrir neðan Heinabergsjökul og í punkt F, sem er neðst í Skálafellsjökli og er þar sem gömlu sveitarfélagamörkin og jafnframt landamerkjalína Skálafells skera jökulröndina og er það lokapunktur á Mýrum.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að með jökulrönd sé átt við núverandi jökulrönd.

3.1.2. Flatey I, II og III og Heinaberg

Um er að ræða Flatey I að undanskildum 31,1 ha ræktaðs lands sem er í eigu einkaaðila. Þá er lýst kröfum fyrir 26,5 ha í Flatey II og III. Heinaberg, sem fór í eyði 1934, var lagt undir Flatey.

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til þess lands jarðarinnar Flateyjar, sem er utan þjóðlendulínunnar. Þá er gerð krafa um aftréttarrétt til þess hluta landsins samkvæmt landamerkjabréfi, sem er innan þjóðlendulínu ...

Landamerkjabréf jarðarinnar er svohljóðandi: Af fjörunni austan í svonefndan Hreiðurshól og svo sjónhendingu austan í Flateyjarstöðulinn og í syðsta klettinn í Heinabergshöfðum. Þessi landamörk eru að austan: milli Flateyjar og Sævarhóla: úr syðstu melþúfunni sem er austan Sævarhólaklettsins á fjörunni og svo sjónhendingu í vörðu uppi á aurnum, sem á að bera austan í Hánypu, sem er austast í Skálafellslandi. Jörðin á fjöru fyrir sínu landi og eru hin sömu fjörumörk og landamörk. Jörðin á beit inn að jökli. Ítaksskóg á jörðin í Heinabergsdal, aftur á Heinaberg þriggja hrossa beit í Flateyjarlandi.

Landamerkjabréf Heinabergs er frá 1884 og er mörkum þar svo lýst: ... úr kletti þar sem höfðarnir ná lengst vestur með jöklinum, þaðan sjónhending út þangað sem Hestgerðishnútan fremst ber í nyrsta hólinn í Gerfisholti og í bleika skriðu í Setbergsheiðinni.

Eystri mörkin eru úr vörðu í eystra sandskeri, sjónhending í vörðu sem stenst á við áðurnefnd þvermörk.

Við aðalmeðferð komu fram mótmæli íslenska ríkisins við aðild Óla Þ. Óskarssonar vegna Heinabergs.

1 Sjá einnig fylgiskjöl nr. IV (Aðilaskrá) og I (Kort).

3.2. Kröfur eigenda jarðanna Viðborðs, Viðborðssels, Rauðabergs I-II og Haukafells

Af hálfu Gísla og Árna Sigurbergssona vegna Viðborðs I og II, Bergs Bjarnasonar og Ingunnar Ívarsdóttur vegna Viðborðssels, Reynis Sigursteinssonar vegna Rauðabergs I, Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga vegna Rauðabergs II, Reynis Sigursteinssonar vegna Haukafells er gerð eftirfarandi krafa: „Fjalllendi jarðanna Viðborðs og Viðborðssels er sameiginlegt og fjalllendi Rauðabergs I og II þar fyrir vestan er einnig sameiginlegt. Land Haukafells tekur síðan við þar fyrir vestan. Heppilegt þykir að draga mörk jarðanna gagnvart þjóðlendu sameiginlega. Merki jarðanna inn til landsins eru þessi talið frá austurmörkum: Lína dregin frá punkti á merkjum milli jarða þessara og Svínafells við rönd Svínafellsjökuls (punktur 22). Þaðan er dregin lína með rönd Svínafellsjökuls í punkt 20 og þaðan meðfram jökulrönd í Tunguheiði (punktur 24) og þaðan yfir Viðborðsjökul í punkt 25. Þaðan bein lína í Vegghamra (punktur 26). Þaðan meðfram norðanverðri jökulrönd Fláajökuls í Sinuhjalla (punkt 27).“ Til skýringar er tekið fram að jökull, sem sýndur er á korti milli Sandmerkisheiðar og Vegghamra á korti með kröfulínu ríkisins, er að mestu horfinn og þar eru aðallega fannir. Land sunnan, eða sjávarmegin, þessarar kröfulínu verði talið fullkomið eignarland.

Við það er miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna ná.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

3.3. Kröfur umráðamanns Heinabergs

Af hálfu Óla Þ. Óskarssonar, eiganda úrskipts lands úr Flatey og umráðamanns annarra hluta sem leigjandi, er gerð eftirfarandi krafa: „Austurmörk jarðarinnar til landsins eru sameiginleg merki hennar og jarðarinnar Hólms í rótum Fláajökuls í Jökulfelli vestanverðu. Þaðan fylgja merki jarðarinnar jökulröndinni í punkt 29 milli Miðháls og Miðfells. Úr þeim punkti eru merkin dregin meðfram jökulrönd Fláajökuls í Ófærumúla (punktur 30) og þaðan er dregin bein lína í Vatnsdalsbotn (punktur 30A). Þaðan bein lína í Rótarfjall (punktur 31) og þaðan beint í Snjófjall. Úr Snjófjalli er dregin bein lína í Hafrafellshnútu (punktur 33) og þaðan beint í Hánypu (punktur 34).“ Land sunnan, eða sjávarmegin, þessarar kröfulínu verði talið fullkomið eignarland.

Við aðalmeðferð máls nr. 2/2001, Suðursveit, 26. júní 2002, kom fram hjá Ragnari Aðalsteinssyni hrl. að ekki væri ágreiningur um mörk á milli Skálafells í Suðursveit og Flateyjar, með Heinabergi. Sú lína sem á kröfulínukorti er dregin úr Snjófjalli um Hafrafellshnútu í Hánypu falli því niður. Í staðinn sé dregin lína beint á milli Snjófjalls og Hánypu.

Við það er miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna ná.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

Um aðild íslenska ríkisins er gerð sú athugasemd að sami aðili geti undir engum kringumstæðum verið bæði sóknar- og varnaraðili í sama máli. Þess er því krafist að litið verði með öllu fram hjá kröfum og rökstuðningi íslenska ríkisins sem jarðareiganda í málinu enda lítur íslenska ríkið svo á að það hafi meiri hagsmuni af því að telja land til þjóðlendna en til eignarlanda.

Við aðalmeðferð málsins var gerð sú breyting á framangreindu að einungis væru gerðar sérstakar kröfur fyrir Heinaberg. Við nánari athugun hefði komið í ljós að Flatey og Eskey teldu ekki til þeirra réttinda sem til umfjöllunar væru. Jörðin Heinaberg hefði ekki verið lögð til Flateyjar eða öfugt. Flatey og Eskey væru sunnan kröfulínu ríkisins en Heinaberg þar fyrir norðan.

Jafnframt kom fram sú varakrafa við aðalmeðferð að í staðinn fyrir þær beinu línur, sem aðal- krafa miðast við (milli punkta 30 og 32), verði norðurmörk Heinabergs talin fylgja jökli í Snjófjall en þaðan beina línu í Hánypu. Einnig var þá sett fram sú varakrafa að vesturmerki Heinaberg verði dregin með jökulrönd Heinabergsjökuls sem þá falli utan kröfusvæðis og línu sem dregin er yfir jökullaust svæði úr Hánypu í Snjófjall.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-12 ásamt undirskjölum eða samtals 168 skjöl, sjá nánar í fylgiskjali nr. III.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Pau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Landamerkjabók Skaftafellssýslu er á Þjóðskjalasafni og var yfirfarin af sérfræðingum safnsins, sjá nánar lið A í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

2. Jarðabréf (á Þjóðskjalasafni)

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni athuguðu jarðabréf í vörslu safnsins, sjá nánar lið J í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Sjá að öðru leyti lið D-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni leituðu heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu (1801-1929), sjá nánar lið B í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni síðari afsals- og veðmálabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

4. Landskiptabækur

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni landskiptabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Fasteigna- og jarðamöt

Lögð voru fram ljósrit af jarðamati 1804, 1849-1850 og 1916-1918, í vörslu Þjóðskjalasafns, sjá nánar lið L í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Um prentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið D-2.

6. Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur (dómsmálabækur, aukadómsbækur o.fl.) og sáttabækur, sjá nánar liði H og I, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Ekki var hins vegar talin ástæða til að leita í bréfasöfnum sýslumanna (eða dómsskjölum) eða bréfabókum sýslumanna nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sama máli gegnir um hreppsækur og bréfabækur hreppstjóra og sveitarstjórna. Um prentaða dóma er vísað í lið D-3.

7. Kirknaskjöl

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirknaskjöl, vísitásiubækur prófafa í Austur-Skaftafellsprófastdæmi, brauðamöt og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra 1839, sjá nánar liði C, M og P í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

8. Vísitásiubækur biskupa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu fyrstu vísitásiubækur sex Skálholtsbiskupa og aðrar vísitásiur þegar tilefni var til, sjá nánar lið D í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

9. Skjalasöfn presta og prófafa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirkjustóla og skjalabækur kirkna þegar sérstök ástæða var til, sjá nánar lið E í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

10. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu skjöl í þessum flokki þegar sérstök ástæða var til. Þannig voru athuguð skjöl varðandi kirkjujarðasölu í skjalasafni Stjórnarráðs Íslands, skjöl í skjalasafni landshöfðingja sem varða kirkjujarðasölu, bréf varðandi byggingu þjóðjarða í skjalasafni landshöfðingja og skjöl í skjalasafni landfógeta. Ekki var hins vegar talin ástæða til að leita í bréfabókum stiftamtmanns og amtmanns, bréfum til stiftamtmanns, amtmanns og stiftsyfirvalda eða bréfasafni landshöfðingja nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sjá nánar liði F, G, Q og S, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Um prentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga er vísað í lið D-6.

11. Bréfasöfn og bréfabækur biskupa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns litu lauslega á bréf til biskups úr Austur-Skaftafellssprófastdæmi og bréfabækur biskups, sjá nánar lið O og lokaorð í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns athugaði bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, sem þar er varðveitt, sbr. skjal nr. 3. Um prentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið D-8.

12. Klausturumboð

Nær engin slík skjöl tengjast Austur-Skaftafellssýslu, sbr. lokaorð í greinargerð Þjóðskjalasafns um gagnaöflun, skjal nr. 2. Það litla sem er var lauslega athugað.

13. Fornleifaskráning (yfirlit)

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu, sjá nánar lið A-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

14. Örnefnaskráning

Óbyggðanefnd lagði fram nokkrar örnefnaskrár frá Örnefnastofnun Íslands þegar sérstök ástæða var talin til, sjá nánar lið A-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

15. Önnur óprentuð frumgögn

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu af sérstöku tilefni skjöl frá jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins um sölu kirkjujarða í Austur-Skaftafellssýslu og skjöl í II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands (atvinnu- og samgöngumál) varðandi þjóðjarðir í Austur-Skaftafellssýslu, sjá nánar liði K, N og R í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað nokkurra annarra óprentaðra frumgagna frá héraðsskjalasafni og víðar, sjá nánar lið A-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

B. Prentuð frumgögn:**1. Jarðabréf**

Af hálfu óbyggðanefnd var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.), sjá nánar lið B-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð jarðabréf er vísað í lið C-2.

2. Fasteigna- og jarðamöt

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað ljósrita úr eftirtöldum fasteigna- og jarðamötum: Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847), Ný jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932,

Fasteignabók 1942-1943, Fasteignabók 1956-1957. Sjá nánar lið B-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið C-5.

3. Dómar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir útgefna dóma Hæstaréttar og Landsyfírréttar og leitað að tilteknum efnisorðum, sjá nánar lið B-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaða dóma- og þingabækur er vísað í lið C-6.

4. Fjallskilareglugerðir

Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af þeim fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði (birtar í Stjórnartíðindum), sjá nánar lið B-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Máldagar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), sjá nánar lið B-5 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island, sjá nánar lið B-6 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga er vísað í lið C-10.

7. Landnáma

Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði, sbr. lið B-7 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

8. Bréfabækur biskupa

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir bréfabók Guðbrands Þorlákssonar, skv. nafnaskrá. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefna bréfabækur enda allar frá Hóla-biskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega, sjá nánar lið B-8 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið C-11.

9. Alþingisbækur Íslands

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Alþingisbækur Íslands, skv. nafnaskrá Alþingisbóka, sjá nánar lið B-9 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Lögð var fram umfjöllun um Mýrnakálf í 13. bindi Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem birt er Jarðabók Ísleifs Einarssonar (útdráttur úr glataðri umfjöllun Árna og Páls), sjá nánar lið B-10 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um 13. bindi Jarðabókar er vísað í lið D-1.

11. Önnur prentuð frumgögn

Af hálfu óbyggðanefndar voru m.a. lögð fram gögn frá héraðsskjalasafni Austur-Skaftafells-sýslu og upp úr manntali á Íslandi, sjá nánar lið B-11 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

Loks ber þess að geta að óbyggðanefnd aflaði greinargerða Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, Odds Sigurðssonar jarðfræðings og dr. Páls Imslands jarðfræðings um gróðurfar og staðhætti, jökla og strandbreytingar á svæðinu. Einnig var lagður fram nokkur fjöldi annarra skjala um sama eða tengt efni. Loks var að auki litið til almennra uppláttarrita og ítarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, sjá fylgiskjal II.

4.4. Vettvangsferð

Vettvangsferð hófst að morgni laugardagsins 14. september frá Hótel Höfn, eftir að forflutningi lauk, í þökkalegu skyggni. Auk óbyggðanefndar, starfsmanns nefndarinnar og lögmanna málsaðila voru eftirtaldir með í för: Gísli Sigurbergsson, kt. 190534-4059, ábúandi og eigandi Svínafells og eigandi Viðborðs I. Bergur Bjarnason, kt. 040436-7319, ábúandi og eigandi Viðborðssels. Reynir Sigursteinsson, kt. 300950-3109, býr á Rauðabergi, eigandi Rauðabergs og Haukafells. Óli Þorleifur Óskarsson, kt. 280352-3579, ábúandi á Flatey og eigandi að hluta. Árni Sigurbergsson, kt. 050932-3899, eigandi Viðborðs II.

Haldið var eftir þjóðvegi 1 að mörkum Svínafells og Viðborðs, farið inn undir Arnarbæli og staðnæmst þar. Gísli Sigurbergsson sagði til örnefna: Arnarbælisvarða, Landamótshella, Þjófasker, í beina stefnu við Skúmsker, sé viðmið sem komi í stað „Steinboga í Djúpárfarvegi“ og „Þúfu á Grænkuldubakkanum“ sem menn þekki ekki lengur. „Þúfan á Merkikeldubakkanum“ sé hins vegar þekkt en þangað verði ekki komist nú. Haldið var nokkru lengra eða að Tarfshól sem er þar rétt ofan við veginn. Þar var staðnæmst og sagði nú Reynir Sigurbergsson til örnefna. Lítið eitt lengra er Berggangur, áður Brúngangur. Hellusker hafi týnst í árfamburði. Rauðabergssker séu e.k. þúfur (Tjarnarhraun milli Berggangs og Rauðabergsskers). Í Sinuhjalla séu merki á milli Rauðabergs og Haukafells og liggja í vörðu á Sörkushólnum, framan í Hellusker (týnt). Merkin liggja úr Rauðabergsskeri í Sörkushóla. Horft var að Haukafelli og Grænafellshnúkum. Ekið var áfram þjóðveginn, m.a. fram hjá Holtajörðum og staðnæmst rétt vestan við Hólum. Óli Þ. Óskarsson sagði til vegar. Frá veginum sást að Gervisholti. Beygt var inn afleggjarann að Flatey og haldið þar inn eftir. Á Heinabergssandi var staðnæmst og horft að Hánípu, Heimabergsfjalli og Hafrafelli. Ekið var að lóni við Heinabergsjökul og blasti þá Geitakinn við ásamt Hafrafellinu. Gengið var nokkurn spöl upp með lóninu, áleiðis upp á Sátu þar sem sást inn dalinn. Að svo búnu var haldið til baka sömu leið.

Þá ber þess að geta að 12. september 2002 var farið á vettvang vegna máls nr. 4/2001, Nes, og tóku þátt í þeirri vettvangsferð lögmenn allra málsaðila í Mýramáli, nefndarmenn óbyggðanefndar í því máli, að undanskildum Allan V. Magnússyni, og Gísli Sigurbergsson, eigandi Viðborðs I. Við þetta tækifæri var m.a. farið upp á Gæsaheiði, á Mýrum, sjá nánar í fundargerð aðalmeðferðar máls nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Gísla Sigurbergssyni, eiganda Viðborðs I, Bergi Bjarnasyni, ábúanda og annars eiganda Viðborðssels, Reyni Sigursteinssyni, ábúanda og eiganda Rauðabergs I og eiganda Haukafells og Óla Þorleifi Óskarssyni, ábúanda á Flatey (með Heinabergi og Eskey) og eiganda að hluta. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í köflum um sögu viðkomandi jarða og niðurstöðum, eftir því sem tilefni er til, en skýrslur þessar eru meðal skjala málsins.

5. STAÐHÆTTIR OG NÁTTÚRUFAR

5.1. Staðhættir á Mýrum¹

Skörp landfræðileg og náttúrufarsleg skil eru milli fjallendis og undirlendis á Mýrum. Fjalllendið er stórbrotið, sundurskorið, bratt og víða erfitt yfirferðar. Hæstu fjöll eru um 1000-1200 m há en að baki þeirra eru undirhlíðar Vatnajökuls.

Nokkrir megingdalir ganga inn í hálendið langleiðina inn að jöklum sem framlenging á undirlendinu: Heinabergsdalur, Kolgrafardalur, Hálsdalur og Viðborðsdalur. Auk þeirra eru ótalmargir smærri dalir og daldrog. Í dölunum eru víða hagstæð veðurskilyrði og þar eru því yfirleitt bestu gróðurskilyrði fjalllendisins.

Samanborið við aðra hreppa A-Skaftafellssýslu er mikið undirlendi á Mýrum. Þar skiptast á sandrif með ströndinni, ógrónar, lítt og hálfgrónar áreyrar, og algróið land. Upp úr flatlendinu rísa lág klapparholt sem verða meira áberandi eftir því sem nær dregur fjöllum. Undirlendið er myndað af framburði jökulanna Kolgrímu, Heinabergsvatna, Hólmsár, Djúpár og Hornafjarðarfjóljóts og fjölmargra smærri áa sem borið hafa fram efni til uppbyggingarinnar. Jökulleir framburðarins hefur myndað frjósaman jarðveg á undirlendinu. Virkni vatnsfallanna sem, auk þess að byggja upp og móta landið, ollu oft miklum gróðurspjöllum er nú langtum minni en áður eftir að jöklar tóku að dragast saman og rennsli ána var beislað.

Veðurfar á láglandi Mýra er hagstætt gróðri, rakt og tiltölulega hlýtt, miðað við það sem gerist hér á landi. Meðalsumarhiti er yfir 9°C og júlíhiti yfir 11°C. Meðalársúrkoma er nálægt 2000 mm (meðaltal 1971-1980).²

5.2. Gróðurfur um landnám og síðari breytingar

Gróðurfur á Mýrum um landnám verður að sjálfsögðu aðeins áætlað af líkum sem sagnir, staða- og landfræðiheiti, þekking á veðurfari, jarðfræði og öðrum náttúrufarslegum þáttum, svo og núverandi gróðurfur, renna stöðum undir. Þá hefur á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands verið unnið kort sem sýnir hugmyndir að gróðurfari landsins um landnám.³

Loftslag var mun hlýrra um landnám en síðar varð og jöklar minni en nú, sbr. kafla. 5.4. Gróður hafði þá verið að þróast í landinu í nærfellt 10 000 ár frá lokum síðasta ísaldarskeiðs. Ætla má að mikið af því landi, sem var íslaut um landnám, hafi verið gróið upp í 600-800 m hæð þar sem klettabelti og brattar, lausar skriður hafa ekki komið í veg fyrir að gróður næði svo hátt. Skóg- og kjarrlendi birkis og víðis er þá talið hafa þakið þurrlandi og þurrasta votlendi undirlendis og dala allt inn undir jökla og upp í a.m.k. 300-400 m hæð þar sem aðrar landfræðilegar aðstæður komu ekki í veg fyrir það. Mesta votlendi hreppsins hefur verið skóglaut.

Samkvæmt könnun á jarðvegsrofi á Íslandi eru um 70% lands í Mýra- og Nesjahreppum nú auðnir, þ.e. ógrónar áreyrar og sandar og lítt gróin fjöll en langmestur hluti þess lands, sem telst vel gróið, er á undirlendinu.⁴ Samkvæmt hugmyndum um gróðurfur í hreppnum um landnám má varlega áætla að tapast hafi a.m.k. helmingur af flatarmáli gróðurs á núverandi landi, auk gróðurs á því landi sem fór undir ís við stækkun jökla eftir að loftslag tók að kólna eftir landnám. Skógur og kjarr eyddist og annar gróður og jarðvegur hans í kjölfarið.

Orsakir þessarar rýrnunar í flatarmáli og grósku gróðurlendisins, sem einnig varð í öðrum landslutum, má rekja til samspils kólnandi loftslags, náttúruhamfara og búsetunnar. Á Mýrum, sem og

1 Kaflar 5.1.-5.3. eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 7.

2 Skógræktarbókin, 1990. Ritsstj. Haukur Ragnarsson. Skógræktarfélag Íslands.

3 Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, 2000. Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands (1:500 000). Hugmynd um gróðurfur á Íslandi við landnám.

4 Ólafur Arnalds, o.fl., 1997. Jarðvegsrof á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

í öðrum hreppum A-Skaftafellssýslu, hefur Vatnajökull haft gríðarleg áhrif á mótun lands með framburði jökulánna en einnig með niðurrifi lands og eyðingu gróðurs í jökulhlaupum og með auknu afrennsli ána þegar jöklarnir tóku að stækka.

Litlar upplýsingar eru fyrir hendi um útbreiðslu, ástand og nýtingu skóglenda á jörðum á Mýrum og í sýslunni í heild frá fyrri tíð. Þær er þó að finna í Ágripi af Jarðabók Ísleifs Einarssonar, sýslumanns á Felli, sem hann tók saman á árunum 1708-1709 að beiðni Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.¹ Í þessu ágripi eru upplýsingar um skóglendi hverrar jarðar miklu knappari en yfirleitt gerist í Jarðabókinni. Þar er lítið getið um ástand skóglenda nema helst ef þau höfðu spillst eða eyðst af framgangi jökla. Mikið var um skógarítök í sýslunni á þessum tíma. Í nokkrum tilvikum voru ítök jarða ekki innan viðkomandi sveitar heldur sótt um lengri veg. Af þessu má ráða að í byrjun 18. aldar hafi skóglendi víða verið orðin lítilfjörleg eða eydd sakir versnandi veðurfars og mikill-ar ániðslu.

Gerð var ítarleg úttekt á útbreiðslu skóg- og kjarrlendis sýslunnar og gróðurfarslegu ástandi þess á vegum Skógræktar ríkisins árin 1988 og 1991.² Könnunin leiddi í ljós að á Mýrum eru nú birkiskóglendi á 655 hekturum lands. Birkið var ýmist staðnað í vexti eða í nokkurri framför og víða var það að breiðast út af eigin rammleik.

Gróðurfar í hreppnum hefur verið í framför á síðustu áratugum, fyrst og fremst vegna hlýnandi loftslags, beislunar vatnsfallanna og stórfelldra ræktunarframkvæmda sem hafa leitt til breyttra og betri búskaparháttar og aukinnar sjálfgræðslu lands. Á 6. og 7. áratug síðustu aldar hófst í A-Skaftafellssýslu mikil bylting í ræktun sanda sem síðan hefur verið fram haldið.

Í heild má fullyrða að því ferli rýmnunar gróðurs og jarðvegs í hreppnum, sem staðið hafði yfir í aldir, hafi nú verið snúið við og landgæði verið að aukast á ný fyrir tilstilli manns og náttúru.

5.3. Gróðurfar síðustu áratugi

5.3.1. Undirlendi

Gróðurfar í öllum hreppum A-Skaftafellssýslu var kortlagt af starfsmönnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins árið 1971 og eru eftirfarandi upplýsingar um gróðurfar á síðustu áratugum að mestu leyti byggðar á niðurstöðum þeirra rannsókna.³

Votlendisgróðurlendi – mýrar, flóar og hálfdeigjur – eru ríkjandi á grónu landi á undirlendi Mýra. Gróðurfar þeirra er fjölbreytt en yfirleitt eru starartegundir ríkjandi í þeim. Þessi gróðurlendi eru, að skóglendi og ræktuðu landi undanskildu, gróskumesta land hreppsins. Uppskerumagn votlendis er minna háð sveiflum í veðurfari en uppskera þurrlendis og það hefur því löngum verið undirstaða úthagaheyskpar og vetrararbeitar. Mikið af votlendi á Mýrum hefur verið breytt í ræktað land.

Þurrlendisgróður – graslendi, mosabembur og sefgróður ýmiss konar – er ríkjandi á þurrasta hluta undirlendisins. Á hálfgrónum áreyrum er mosi og lyng, einkum krækilyng, frumgróðurinn og þekur víðáttumikil svæði á Mýrum.

Áreyrar meginfljótanna – Hornafjarðarfljóts (Suðurfljóta), Djúpár, Hólmsár, Heinabergsvatna og Kolgrímu og ýmissa minni vatnsfalla – eru víða ógrónar eða lítt grónar. Sá hluti þeirra sem ekki verður lengur fyrir ágangi vatns er víða að gróa upp.

Skóglendi er á sex svæðum í hreppnum og er það samfelldast í austanverðum hreppnum. Það er svo til óslitið í austanverðu Viðborðsfjalli inn að Grænafeili. Í Kolgrafardal er skóglendi austan ár og nær það frá Haukafelli inn undir Sandmerkisheiði. Þá er nær samfelld skóglendi í Heinabergsdal, þ.e. í vesturhlíðum Heinabergsfjalla og í austanverðri Geitakinn.

1 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík 1990. S. 417-438.

2 Snorri Sigurðsson og Ingi Þorsteinsson, 2001. Birkikönnun á Íslandi. (Óbirt handrit)

3 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1971. Gróðurkort af Austur-Skaftafellssýslu í mælikv. 1:40 000. Óútg.

5.3.2. Fjalllendi

Fjalllendi Mýrahrepps verður í heild að teljast illa gróið og ræður mikil hæð, halli og skriður þar miklu um. Í stórum dráttum má segja að ofan 500-600 m hæðar sé aðeins strjálingsgróður en víðast liggja mörk sæmilega samfellds gróðurs, þar sem hann er yfirleitt fyrir hendi, mun neðar í fjalllendum. Vegna hagstæðra gróðurskilyrða er gróður samfelldastur, fjölbreyttastur og gróskumestur neðst í hlíðum dalanna sem ganga inn í hálendið. Á Mýrum er þar víða um að ræða skóg og kjarr eins og að framan greinir en einnig graslendi, lyng- og snjóðældagróður. Dalirnir hafa vafalítið alltaf verið kjarninn í beitolendum fjalllendisins á Mýrum eins og annars staðar í hálendi A-Skaftafellssýslu. Mosapembur verða ríkjandi í gróðurfari er ofar dregur en þær einkennast af mikilli tegundafæð, lítilli uppskeru og lágu beitargildi. Enn ofar tekur gróðurleysið við.

Í bókinni *Göngur og réttir I* segir að Mýrar skiptist um Hólmsá í Austur- og Suður-Mýrar.¹ Fjallgangnasvæði Suður-Mýramanna er vestan Fláajökuls en Austur-Mýramanna austan hans. Gróðurkort Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem að framan er getið, veita í grófum dráttum eftirfarandi vitneskju um fjallgangnasvæði Suður-Mýramanna: Hafrafell, sem er vestasti hlutinn af fjalllendi hreppsins, er að austanverðu þakið talsverðum lyng- og mosagróðri. Í suðvesturhlíðunum, sem tilheyra Suðursveit, er svipaður gróður en mun gisnari. Geitakinn er nánast ógróin, að frátöldu fyrrgreindu skóglendi. Í neðanverðum hlíðum Heinabergsdals, bæði vestan- og austanverðum, er skóglendi en ofar er lyng- og mosagróður. Neðanverðar suður- og suðausturhlíðar Heinabergsfjalla eru hálfgrónar af lyng-, mosapembu- og snjóðældagróðri. Að öðru leyti eru fjöllin nánast ógróin.

Um fjallgangnasvæði Austur-Mýramanna veita gróðurkortin í grófum dráttum eftirfarandi vitneskju: Allmikill lynggróður er í vesturhlíðum Fláafjalls en að öðru leyti er fjallið nánast ógróið. Kolgrafardalur er vel gróinn. Þar er skóglendi, svo sem áður greinir, graslendi og lynggróður, en dreifðar mosapembur með lynggróðri er ofar dregur. Mikill gróður er í Hálsdal, í austurhlíðum Haukafellsheiðar og allt austur í Viðborðsdal. Snarbrattar hlíðar Sandmerkisheiðarinnar eru ógrónar.

Viðborðsfjall og Grænafell eru landfræðilega aðskilin frá öðru fjalllendi Austur-Mýramanna. Bröttustu skriður þeirra eru ógrónar en undirhlíðar þar fyrir neðan eru vel grónar gras-, lyng- og mosagróðri. Áður hefur verið getið skóglendisins austan í Viðborðsfjalli og Grænafalli. Að ofan eru þessi fjöll allvel þakin fjölbreytilegum mosapembugróðri.

5.5.3. Ástand jarðvegs

Áður er getið hins mikla rofs sem tengist ógrónu landi í fjalllendi og á söndum og áreyrum á undirlendi í hreppnum. Auk þess er talið að alvarlegt rof, sem beinlínis veldur eyðingu gróðurlendis, sé að jafnaði á um 20% gróins lands í Mýra- og Nesjahreppum.

5.4. Jöklar og jöklabreytingar²

5.4.1. Jöklar upp af Mýrum

Samheiti allra jökla frá Kálfafellsdal austur í Nes var á fyrri öldum Hornafjarðarjökla. Jöklarnir, sem liggja að Mýrum, voru á sama hátt kallaðir Mýrajökla. Heinabergsjökull var á vesturmörkum Mýra er Heinabergsvötn skiptu sveitum. Um aldar skeið eða meira náði sporður hans saman við

1 Bragi Sigurjónsson, 1983. *Göngur og réttir I*. S. 45.

2 Kafli 5.4. er byggður á greinargerð Odds Sigurðssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði jöklafræði, skjal nr. 8(5), sbr. einnig skjal nr. 8(2). Heimildir: Guðmundur G. Bárðarson 1934. Islands Gletscher. Beiträge zur Kenntnis der Gletscherbewegungen und Schwankungen auf Grund alter Quellenschriften und neuester Forschung. Reykjavík, *Visindafélag Íslendinga*, XVI. Helgi H. Eiríksson 1932. Observations and measurements of some glaciers in Austur-Skaftafellssýsla in the summer 1930. Reykjavík, *Visindafélag Íslendinga*, XII. Oddur Sigurðsson 1998. Glacier variations in Iceland 1930-1995 – From the database of the Iceland Glaciological Society. *Jökull*, 45, 3-25. Oddur Sigurðsson. Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate (í prentun). Sigurdur Thorarínsson 1943. Vatnajökull. The scientific results of the Swedish-Icelandic investigations 1936-37-38. Chapter XI. Oscillations of the Icelandic glaciers in the last 250 years. *Geografiska Annaler*, 25 (1-2), 1-56.

Skálafellsjökul fyrir framan Hafrafell sem þá var jökulsker. Voru þá þessir jöklar gjarnan nefndir einu nafni Heinabergsjökull. Ofar í jöklinum eru jökulskerin Litlafell og Snjófjall. Úr Snjófjalli liggur miðrönd eftir endilöngum jöklinum niður á sporð. Nú um stundir mynnir jökullinn út í lón og eru líkur til að svo verði enn um alllangan tíma.

Fyrir austan Heinabergsjökul liggja smájöklar sunnan í hlíðum fyrir botni Vatnsdals og eru þeir nafnlausir. Nokkru austar er Fláajökull (áður Hólmsár- eða Hólsárjökull) og hefur hann gengið allnærri byggðinni á undanförunum öldum. Hann klofnar að nokkru leyti um fjallskoll sem kallast Jökulfell, eitt af mörgum á landinu. Talsverð stöðuvötn hafa myndast framan við Fláajökul á 20. öld, einkum austurhlutann, og halda þau áfram að stækka eftir því sem jökullinn hopar.

Uppi í efstu drögum Kolgrafardals eru jökulleifar sem áður voru umtalsverður jökull. Þær standa rétt undir því nafni núorðið en kunna að hverfa á fáeinum áratugum. Ekki er lengur stöðugur jökullitur á Kolgrafardalsá. Litlu austar er Viðborðsjökull hátt uppi á Viðborðsdal og leikur enginn vafi á að hann ber jökulsnafnið með rentu. Fram á Gæsaheiði liggur jökulröndin næsta bein og útúrdúralítill milli Viðborðsjökuls og Hoffellsjökuls.

Hoffellsjökull hefur um langt skeið legið klofinn um Öldutanga og Svínafellsgölt og heitir vestari totan Svínafellsjökull. Hafa fáir jöklar á landinu hopað jafnmikið á tuttugustu öld og Svínafellsjökull en Hoffellsjökull austan Öldutanga hefur sáralítið hopað. Þegar Svínafellsjökul þrýtur aðrennsli íss tekur Hoffellsjökull að hopa ört og myndast þá á fáum árum stöðuvatn sem skiptir kílómetrum að lengd.

5.4.2. Jöklabreytingar á sögulegum tíma

Um nær alla jökla á Íslandi gildir að þeir voru miklu minni um landnám en þeir eru á okkar dögum nema ef til vill Sólheimajökull. Talið er að jöklar upp af Mýrum hafi náð hámarki á sögulegum tíma um 1890 eins og víðast annars staðar á landinu. Nú er umfang jöklanna svipað og það var um eða eftir 1600. Allir jöklar landsins hopa nú sem óðast og er því spáð að því haldi fram alla nýbyrjaða öld.

Skálafellsjökull og Heinabergsjökull eru ólíkir að því að sá fyrrnefndi fellur bratt niður á láglandi en hinn síðarnefndi rennur fram djúpan dal. Eins og að ofan segir náðu sporðar þeirra saman fyrir framan Hafrafell sem þá var jökulsker. Slitnaði milli jökulsporðanna fyrir miðja 20. öld. Djúpt lón er fyrir Heinabergsjökli veldur því að sporður jökulsins styttist ekki mikið þótt hann þynnist. Þegar jökullinn styttist svo að hann nær ekki floti á innri enda vatnsins styttist hann ótt og hverfur af vatninu á skömmum tíma. Líkur eru á að þar verði stöðuvatn eða lón til frambúðar.

Fláajökull gekk mjög nærri byggðum bóllum á 19. öld og eru sagnir af því að hann hafi skriðið yfir algróið land á 9. áratug 19. aldar. Hefur hann ekki verið stærri á sögulegum tíma. Síðan hefur jökullinn hopað allört nema hvað hann gekk fram upp úr hafísárunum fyrir aldarþriðjungi. Þar eins og víða annars staðar skilur jökullinn eftir myndarlegt stöðuvatn þegar hann hopar.

Svínafellsjökull hefur hopað á fjórða kílómetra síðan hann náði hámarki undir aldamótin 1900. Er það með því mesta sem þekkist á landinu. Hann hefur skilið eftir sig stórt stöðuvatn sem er kallað Svínafellsvatn. Litlum sögu fer af breytingum á öðrum jöklum á svæðinu en þeim sem hér hafa verið nefndir enda eru þeir fjarri byggð.

Heinabergsvötn skildu að Suðursveit og Mýrar. Þau skiptu um farveg fyrir miðja 20. öld rétt í þann mund sem lokið var brúarsmíði yfir þau og falla nú með Kolgrímu til sjávar. Hafa miklar búsisfjar hlotist af flakki jökulvatna í sveitinni svo sem nafnið Hleypilækur ber með sér. Menn hafa lagt mikið í að halda Hólmsá í sínum farvegi en hætt er við að það kosti um of til frambúðar ef Fláajökull heldur áfram að hopa. Hlaup úr Vatnsdal voru árviss og jafnvel nokkur á ári nær alla 20. öld en eru nú orðin meinlaus. Þau eru í seinni tíð kennd við Kolgrímu.

5.4.3. Vitneskja um jökuljaðra á liðnum öldum

Mjög ördugt er að segja til með vissu um legu jökuljaðars í Skaftafellssýslum á landnámsöld.

Óvissan er a.m.k. fáeinir kílómetrar fyrir helstu jökulsporða en mun minna skakkar á jökuljaðri sem liggur hátt í landinu. Ýmis gögn má tína til um breytingar á jöklunum síðustu 3-4 aldir sem sýna að þeir hafa færst í aukana fram undir aldamótin 1900 þó með smá hléum og jafnvel hopi skamman tíma í senn (Sigurður Þórarinnsson 1943 og Oddur Sigurðsson, grein í prentun, sbr. 2. nmgr., bls. 361).

Árin 1903-1904 lét herforingjaráð Dana mæla fyrir kortum í Austur-Skaftafellssýslu og má treysta þeim mælingum á jökulsporðum svo víða skakkar ekki meiru en 100 m.

Jón Eypórsson veðurfræðingur hélt úti árlegum mælingum á jökulsporðum víða um land frá 1930 og er þessum mælingum nú haldið áfram í umsjá Jöklarannsóknafélags Íslands. Hægt er að afla upplýsinga úr gögnum félagsins um breytingar á sporðum á Skálafellsjökli, Heinabergsjökli, Fláajökli og Svínafellsjökli (Oddur Sigurðsson 1998). Af þessum mælingum má í mörgum tilvikum sjá breytingar á jökulsporðunum upp á fáeina metra. Helgi H. Eiríksson (1932) mældi stöðu Hoffells-, Svínafells-, Fláa-, Heinabergs- og Skálafellsjökuls árið 1930. Guðmundur G. Bárðarson (1934) tók saman ýmislegt um breytingasögu íslenskra jökla, þar á meðal jökla á Mýrum. Yfirlit um sögu þessara jökla eftir Sigurð Þórarinnsson birtist 1943.

Sumrin 1945 og 1946 voru teknar loftmyndir af öllu landinu á vegum hers Bandaríkja Norður-Ameríku (AMS) og síðar gerð eftir þeim allnákvæm kort þótt mistök komi fram í þeim í nokkrum landshlutum. Á þeim ætti lega jökulsporða á Mýrum ekki að skakka meiru en um 100 m að jafnaði. Á Orkustofnun var gert kort af útlínunum Vatnajökuls eftir gervihnattamyndum frá 1991. Á þeim kortum ætti stöðu jökuljaðars á Mýrum ekki að skakka miklu meira en 50 m að jafnaði. Slík kort má gera eftir eldri og nýrri gervihnattamyndum og fá þannig stöðu og breytingar jökla eftir hentugleikum.

Í máli þessu hafa verið lögð fram gögn sem sýna útlínur jökla á Mýrum skv. kortum 1903-1904 (herforingjaráðskort), loftljósmyndum 1945-1946 (AMS), og Landsat-gervihnattamyndum 1991-1992, auk ystu jökulgarða skv. kortlagningu 1903-1904.¹

5.5. Náttúruminjar

Eftirtaldir hlutar þess svæðis, sem hér er til umfjöllunar, eru á náttúruminjasrá, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Baulutjörn“, „Umhverfi Hoffellsjökuls“ og „Heinabergsfjöll“. Þessi landsvæði er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu afréttarnota frá öndverðu til þessa dags.

6.1. Landnám

Mýrarnar voru hluti af landnámi Hrollaugs Rögnvaldssonar (Mærajarls Eysteinnssonar). Að sögn Sturlubókar og Hauksbókar Landnámu fór Hrollaugur til Íslands með ráði Haralds konungs hárfagra Hálfðanarsonar og hafði með sér konu sína og syni:

Hann kom austr at Horni ok skaut þar fyrir borð ǫndvegissúlum sínum, ok bar þær á land í Hornafirði, en hann rak undan ok vestr fyrir land; fekk hann þá útivist harða ok vatnfátt. Þeir tóku land vestr í Leiruvági á Nesjum; var hann þar enn fyrsta vetr. Þá frá hann til ǫndugissúlna sinna ok fór austr þannveg; var hann annan vetr undir Ingólfsfelli. Síðan fór hann austr í Hornafjörð ok nam land austan frá

¹ Sbr. skjal nr. 8 (7).

Horni til Kvíar ok bjó fyrst undir Skarðsbrekku¹ í Hornafirði, en síðan á Breiðabólstað í Fellshverfi. Þá hafði <hann> lógað þeim löndum, er norður váru frá Borgarhöfn, en hann átti til dauðadags þau lönd, er suður váru frá Heggsgerðismúla.²

Einar Ólafur Sveinsson taldi ekki leika nokkurn vafa á um takmörk landnámsins:

Kvíá er alkunn á austan til í Öräfum og heitir sama nafni enn í dag. Hún rennur nú³ í tveim kvíslum, og er talið, að takmörk landnámsins hafi verið við Vestari-Kvíá. Að austan takmarkast landnámið af fjallgarðinum milli Lóns og Hornafjarðar, og hafa mörkin til hafs án efa verið þar sem nú eru landamerki Horns og Fjarðar syðra (og þar með hreppamörk): til hafs út frá Brunnhorni.⁴

Haraldur Matthíasson kveður landnám Hrollaugs hafa verið um 80 km á lengd, „austan frá Vestra-Horni og út að Kvíá, sem er austarlega í Öräfum“.⁵

Í Landnámu er tekið fram að Hrollaugur hafi lógað þeim löndum er voru norður frá Borgarhöfn. Einn þeirra manna sem keyptu land af Hrollaugi hét Þorsteinn skjálgi:

Þorsteinn enn skjálgi keypti land at Hrollaugi allt frá Viðborði suður um Mýrar ok til Heinabergsár. Hans son var Vestmarr⁶, er Mýramenn eru frá komnir.⁷

Mörk þess lands sem Þorsteinn skjálgi keypti af Hrollaugi virðast nokkuð skýr. Einar Ólafur Sveinsson sagði það hafa náð frá Viðborði⁸ „og að því meðtöldu“ til Heinabergsár (Heinabergsvatna) í vestri. Hann bætir því við að mörkin verði þó ekki lengur miðuð við vötnin sem byltist til og frá heldur föst kennileiti.⁹

Í Landnámu er því ekki lýst nákvæmlega hversu langt inn til fjalla landnámið náði. Í Hauksbók, og reyndar fleiri gerðum Landnámu, standa þessi orð:

Austfirðir byggðusk fyrst á Íslandi, en á millim Hornafjarðar ok Reykjaness varð seinst albyggt; þar réð veðr ok brim landtöku manna fyrir hafnleysis sakir ok øræfis. Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikfæit fýstisk frá sjónum til fjallanna.¹⁰

Talið er vafalaust að við landnám hafi gróðurþekja á Mýrum verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jökla minni. Um gróðurfar við landnám og þær breytingar, sem á því hafa orðið síðan, er fjallað í kafla 5.2. og um jöklabreytingar á sögulegum tíma er fjallað í kafla 5.4.

6.2. Heinaberg

Ekki er vitað hvenær fyrst var farið að búa í Heinabergi en jörðin er nefnd í jarðabókum frá lokum

1 *Skarðsbrekku* stendur í Þórðarbók Landnámu (17. öld) (sbr. *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 316, 6. nmgr.).

2 *Landnámabók* 1986, s. 317 (Sturlubók og Hauksbók). Heggsgerðismúla stendur í Þórðabók en Hreggs- í Sturlubók og Skarðsbók Landnámu. Það munu vera pennaglöp. Nú er nafnið venjulega borið fram Hestsgerði (*Landnámabók* 1986, s. 316-317 (7. nmgr.)).

3 Þ.e. árið 1948.

4 Einar Ól. Sveinsson, 1948: *Landnám í Skaftafellspingi*. (Skaftafellingarit. 2. b.) Reykjavík. S. 70.

5 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 375.

6 Svo í Hauksbók Landnámu. Í Sturlubók stendur *Vestmaðr* og *Vestmann* í Þórðarbók.

7 *Landnámabók* 1986, s. 319.

8 Einar Ól. Sveinsson (1948, s. 76) taldi Viðborð hér ekki tákna bæinn „heldur hina víði vöxnu hlið austan í Viðborðsfjalli“.

9 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 78.

10 *Landnámabók* 1986, s. 337.

17. aldar. Hún var þá bændaeign og nefndist Heiðnaberg. Árið 1686 var jörðin metin á 13 hundruð og 80 álnir (tvítugföld landskuld sem var 80 álnir) en árið 1697 var hún talin 6 hundruð að dýrleika í samræmi við hið forna jarðamat.¹ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er dýrleikinn óbreyttur, 6 hundruð, og var jörðin sögð eiga skóg í eigin landi til eldingar (þ.e. til eldiviðar).² Í jarðamati 1804-1805 er sú athugasemd gerð að jörðin liggir undir skemmdum vegna vatnságangs og sandfoks. Þar eru ekki önnur hlunnindi eða ítök nefnd en silungsveiði og lítills háttar reki („1/2 Hestes Dragt Drivtömmur“).³

Heinabergs (Heiðnabergs) er getið í Jarðatali Johnsens 1847 og skráð þar 6 hundruð að dýrleika með þeirri athugasemd að sýslumaður telji jörðina 9 hundruð en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var jörðin 7,6 hundruð.⁴

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er þess getið að Heinaberg (Heiðnaberg) hafi „brúkað ½ Skinneyar fjöru mót Eskey“. Eskey átti á hinn bóginn skógarítak í Heinabergsdal og reyndar fleiri jarðir: Flatey, Bakki og Oddi.⁵ Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849 er komist svo að orði að jörðin eigi „fjallland og eru þar hagar vel í meðallagi á sumrum. Eskey á upprekstur í landinu; hún á þar og skógarítak og eins Flatey“.⁶ Þar kemur og fram að ábúendur jarðarinnar höfðu áfrýjað virðingu matsnefndar fyrir á árinu sökum áfalla og erfiðleika sem þeir hefðu orðið fyrir. Yfirmatsmenn töldu þrátt fyrir það ekki ástæðu til að breyta matinu „með sérdeilis tilliti til hlunninda og fjallhaga“ jarðarinnar.

Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 er tekið undir það að jörðin eigi víðlenda fjallhaga: „Beitlandið er víðlent og skjólgott fjalllendi, fremur kjarngott, með dálitlu skógarkjarri. Smalamennska fremur ervið. Jörðin hefir upprekstur í sínu landi á Heinabergsdal.“⁷

Landamerkjabréf Heinabergs var undirritað 12. maí 1884 og lesið á manntalsþingi að Holtaþingstað 19. maí sama ár:

Úr kletti þar sem Höfðarnir ná lengst vestur með jöklinum; þaðan sjónhending út þangað, sem Hestgerðishnútan fremst ber í nyrsta hólinn á Gerfisholti, og í bleiku skriðu í Setbergshéðinni. Eystri mörkin eru úr vörðu í eystra Sandskeri, sjónhending í vörðu, sem stenst á við áður nefnd Þvermörk; jörðin á hálfá Skinneyarfjöru, sem tekin er úr Eskeyjarlandi móti skógi og hagbeit á Heinabergsdal að helmingi móti Heinabergi. Þriggja hrossa beit á jörðin í Flateyjarlandi móti skógi á Heinabergsdal; einnig torfristu í Bakkalandi móti skógi í Bakkatindi í Heinabergsdal.⁸

Undir bréf þetta rita sjö menn án þess að jarða þeirra sé getið. Af öðrum heimildum má þó sjá í þessum hópi ábúendur eftirtalinna jarða: Heinabergs (Eiríkur Guðmundsson, Ísleifur Runólfsson og Jón Jónsson), Flateyjar (Jón Hálfðánarson og Sigurður Benediktsson) og Rauðabergs (Jón Ófeigsson).⁹

Heinaberg fór í eyði árið 1934 en var keypt og nytjað frá Flatey.¹⁰ Árið 1973 var hluti Heina-

1 Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 331.

2 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 426.

3 Skjal nr. 2 (20).

4 *Jarðatal á Íslandi með braudalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 4. *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 5.

5 Skjal nr. 2 (13).

6 Skjal nr. 2 (14).

7 Skjal nr. 2 (15).

8 Skjal nr. 2 (4).

9 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 2. b. (Kristján Benediktsson Einholti: Mýrar). Reykjavík 1972. S. 43, 115, 121-122.

10 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 115.

bergs, Eskeyjar og Odda seldur Landnámi ríkisins í tvennu lagi. Undanskilinn í sölnni var einn hektari suðvestan í Fellsbrekkunni í landi Heinabergs og félagsræktun ásamt girðingum umhverfis hana.¹

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Heinabergi frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og þar til hún fór í eyði 1934 og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi jörðin framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett.²

6.3. Haukafell

Haukafell kemur fyrst við sögu í kaupbréfi frá 5. maí 1483 en þá seldi Magnús Eyjólfsson Skálholtsbiskup klaustrinu í Kirkjubæ jarðirnar Skaftafell í Örfæfum og Haukafell í Hornafirði fyrir jarðirnar Eyjar og Þverhamar í Breiðdal og Guðmundarnes í Stöðvarfirði.³ Næst er Haukafells getið í afhendingarskrá Einholtskirkju frá byrjun 16. aldar. Þar kemur fram að erfingjar Magnúsar heitins Jónssonar (d. 1514), prests í Einholti, höfðu greitt til kirkjunnar jörðina Haukafell, að jafnvirði 8 hundraða.⁴ Haukafell virðist síðar hafa komist í eigu Þykkvabæjarklausturs og loks konungs eftir að konungur lagði undir sig allar klaustureignir við siðaskiptin.⁵

Haukafell var metið á 6 hundruð og 160 álnir árið 1686 en 3 hundruð árið 1697. Jörðin var í byggð þegar manntal var gert árið 1703 en sex árum síðar var hún komin í eyði að sögn Ísleifs Einarssonar sýslumanns.⁶ Í jarðabók hans frá 1709 er greint frá því að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika, að hagar og skógur jarðarinnar séu leigðir til Rauðabergs fyrir 20 álnir árlega og að jörðin eigi reka fyrir Borgarlandi. Fullyrt er enn fremur að Haukafell geti ekki aftur byggst.⁷ Í þessari sömu heimild kemur fram að jörðin Borg eigi skógarítak á Kolgrafardal í Haukafellslandi og kirkjustaðurinn Einholt eigi afrétt 40 sauðum í Flám.⁸

Þegar jarðamat var gert í sýslunni 1804-1805 lá jörðin í eyði en ítök hennar voru enn í fullu gildi.⁹ Haukafell var selt sem eyðijörð Þykkvabæjarklausturs (konungs) árið 1838.¹⁰ Jörðin mun þó hafa verið í byggð á þessum tíma og er ýmist talin 6 hundruð eða 3 hundruð að gömlu mati en samkvæmt nýju mati sem gefið var út 1861 var hún 4,6 hundruð.¹¹

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er eftirfarandi lýsing sem skýrir að nokkru hvers vegna jörðin var ekki hátt metin og búskapur þar örðugur:

Hrossaganga er hér vond og jörðin gétur ekki álitist að fleyta meiru enn 1 kú og 80 fjár, því þó jörðin gæti ekki géfið af sér nægan heyskap til slíks fénaðar halds, má aptur telja að jörðin gæti léð afrétt á sumrum móti heyskap. Jörðin er vegna heyskapar fanga annars stadar frá heldur örðug.¹²

Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar frá sama ári eru þær viðbótarupplýsingar, sem rekja má til Jarðabókar Ísleifs Einarssonar, að Einholt eigi 40 sauða göngu „í svonefndum „Flám“ á Haukafellslandi og Borg á þar skógarítak“.¹³ Að lokum skal vitnað í gerðabók fasteignamatsnefndar frá 1916 en þar er lýsing jarðarinnar mun ítarlegri:

1 Sbr. skjöl nr. 5 (16 og 17): Tvö afsöl, dags. 1. júní 1973. Skjöl nr. 4 (21) og 5 (6).

2 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 114-115. Skjöl nr. 2 (39), 4 (21, 45).

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 482-483.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 450. *Íslenskt fornbréfasafn* 8, s. 491.

5 Sbr. Björn Lárússon 1967, s. 332 og 337.

6 Sbr. skjal nr. 4 (32). *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 425.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 425-426.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 427-428.

9 Skjal nr. 2 (20).

10 *Jarðatal* 1847, s. 435.

11 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 45. *Jarðatal* 1847, s. 3. *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

12 Skjal nr. 2 (13).

13 Skjal nr. 2 (14).

Jörðin er engjalaus, en fær 60-70 hesta engjar í Holtum fyrir upprekstur.

Beitilandið er víðlent fjall-lendi með skógarkjarri, gott fyrir sauðfé vetur og sumar, en lakara fyrir stórgripi, einkum kýr. Landið er skjólgott og hagasælt. Smalamennska er víð. ...

Jörðin hefir gott upprekstrarland, sem fé er tekið í til sumargöngu. ...

Jörðin á ítaksfjörü úr Borgarlandi (Haukafellsfjörü). Borg á skógarítak í landi jarðarinnar, Borgarskóg og Einholt á 40 sauða göngu um sumar.¹

Svohljóðandi landamerkjabréf fyrir Haukafell var undirritað 2. maí 1884 og lesið á manntalsþingi að Holtum 11. maí 1885:

Skrá yfir mörk fyrir Haukafellslandi, á milli Raufarbergs og Haukafells: Hornmark, Hellusker sem er í aurnum suður af jarðföllum í hálsdalsár fossinn efra, þaðan í Haukafells-heiðarhnúkinn; þaðan beint í hlíðarrotið. Þaðan í Sandmerkis-heiðarhnúkinn og svo beint í jökul; aptur á milli Holta og Haukafells úr áðurgreindu Helluskeri í klett á Sörkushólum, og svo í þúfu vestast á Sinuhjöllum.

Ítök

1. Fjörü á jörðin fyrir Borgarlandi, að austan skal vera akhlíð milli borgeyjar og staðareyjar (milli Borgarfjörü og Haukafellsfjörü), að vestan milli Raufarbergsfjörü og Haukafellsfjörü, Kíðaklettur skal bera í þúfunu á Hellirsholti.
2. Skógarítak á Borg í Haukafellslandi milli Stóru-skriðu og Borgarskógsness á Kolgrafardal.
3. Upprekstur fyrir 40 fjár á Einholt á flánum.²

Undir bréfi þessu standa nöfn níu manna en einungis er tekið fram að það sé samþykkt vegna jarðanna Einholts og Borgar. Af öðrum heimildum má þó ráða að það sé einnig undirritað vegna Haukafells (G. Jónsson) og Raufarbergs (Jón Ófeigsson og Jón Guðmundsson). Einnig er líklegt að Jón Jónsson (einn þriggja manna með því nafni sem skrifa undir bréfið) hafi verið ábúandi í Holtum.³

Haukafell fór í eyði árið 1936 og tveimur árum síðar keypti eigandi Rauðabergs jörðina⁴ og er nú Haukafell einkum nytjað til skógræktar.

Heimildir benda til að búseta hafi verið nokkuð stopul í Haukafelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og fram á annan áratug 19. aldar en eftir það samfelld þar til jörðin fór í eyði. Af heimildum verður ekki annað ráðið en að jörðin hafi, eftir gerð landamerkjabréfsins, framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett.⁵

6.4. Rauðaberg

Rauðaberg kemur fyrst við sögu í dómsmáli sem tekið var til úrskurðar 20. ágúst 1490. Séra Sveinn Jónsson í Heydölum, eigandi Rauðabergs (Raufarbergs), hafði kært Ólaf nokkurn Guðmundsson fyrir að taka til sín landskuld jarðarinnar auk þess sem fram kom í málinu að Ólafur hefði eignað konu sinni jörðina. Dómur, skipaður sex prestum, dæmdi Ólaf sekan 24 mörkum (um 10 kýrverðum) við séra Svein og 30 mörkum við Skálholtskirkju.⁶ Einnig er varðveitt kaupbréf frá 25. febrúar

1 Skjal nr. 2 (15).

2 Skjal nr. 2 (2).

3 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 41, 45, 54. Skjal nr. 2 (15).

4 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 42, 45. Skjöl nr. 4 (22) og 6 (9).

5 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 45. Skjöl nr. 2 (36) og 4 (22).

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 715-716.

1640 þar sem Árni Oddsson lögmaður selur, vegna sín og bræðra sinna, 13 hundruð í jörðinni Rauðabergi.¹

Í jarðabók 1686 er Rauðaberg skráð sem bændajörð, 36 hundruð og 160 álnir að dýrleika, en 30 hundruð árið 1697.² Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 eru ekki aðrar eignir eða ítök jarðarinnar tíunduð en reki fyrir Bakkalandi „þar sem heitir Rauðabergsfjara“ og engjaitak í Holtalandi „sem heitir Rauðabergsdæld“ en það ítak var þá niður fallið.³ Við jarðamat 1804-1805 var tvíbýli á Rauðabergi. Jörðin var þá enn talin 30 hundruð að dýrleika þó að hún lægi undir skemmdum vegna skriðufalla og einnig í Jarðatali Johnsens 1847.⁴ Í Nýrri jarðabók 1861 er dýrleikinn hins vegar kominn niður í 15,3 hundruð.⁵

Við úttekt Rauðabergs árið 1849 átti jörðin sem áður ítaksfjöru fyrir Bakkalandi og að auki „skógarítak í Vindborðslandi og silungsveiði í betra lagi“.⁶ Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 er jörðinni jafnframt eignað engjatak í Holtalandi eins og áður hafði verið gert í Jarðabók Ísleifs Einarssonar. Það nefndist „Rauðabergsdæld, sem liggur langt frá bæ“. Jörðin átti þá „upprekstur í sinu landi“, skógarkjarr lítið og mótak lélegt. Einnig er tekið fram að Bakki eigi upprekstur fyrir 40 fjár í Rauðabergsland frá því sjö vikur eru af sumri og til miðréttar á hausti.⁷ Fjórbyli var í Rauðabergi á þessum tíma.

Fyrstu lýsingu á landamerkjum Rauðabergs er að finna í uppdrætti frá árinu 1792 en þar er þannig gerð grein fyrir mörkum jarðarinnar:

Á mörkum sunnanvert rann Djúpa vestur í punkt sem nefndur er „Þufan á klettenum“. Á austurlandamörkum eru merkt örnefni „Steinbogen“, „Landamótshellan“, „Miðfellshnukurenn“ og „Merkekambur“. Nafnið Rani er ritað í reit með „Sporðskálagil“ á suðurmörkum, en á austurmörkum standa þessi orð: „Gileð mille Holtatorfu og Rana“, og þaðan að vesturmörkum voru „nokkuð meira enn 80 faðmar“. Enn fremur stendur skrifað: „Jökull tekur vid fyrer nordann Raudabergs og Vidbordsland“. Á uppdráttinn rita þrír menn nöfn sín til samþykkis.⁸

Landamerkjabréf Rauðabergs var undirritað 4. maí 1885 og lesið á manntalsþingi að Holtum 9. júní 1888:

Milli Viðborðs og Rauðabergs skal vera varðan á Arnarbæli fyrir vestan Viðborðsel beint í Landamóts-gjótárhelluna. Þaðan beint í Miðfellshnjúkinn í Grjótárdölum, þaðan í Grænafellshnjúkinn, þaðan í hamrana austan ofanvert við Mosfellsbrekkur fremri; þaðan beint á jökul. Að sunnan móti Holtum, úr áður greindri Arnarbælisvörðu, beina línu í Tarfshól; úr Tarfshól í Brúngang, úr Brúngang í Hellusker. Áptur að vestan móti Haukafelli: úr Helluskeri í Hálsdalsárfossinn efra, þaðan í Haukafellsheiðarhnjúkinn, úr Heiðarhnúknum í Hlíðarrotið, úr Hlíðarroti í Sandmerkisheiðarhnjúkinn og svo beint í jökul.

Ítök.

Skógarítök á jörðin Rauðaberg í Viðborðsdal frá Merkikambi inná Ranagili. Annað skógarítak frá Þórhallagili inná Sandmerkisá. Engja-ítak jarðarinnar er Rauðabergsdæld, liggjandi í Holtalandi. Fjöru á jörðin fyrir Bakkalandi. Bakki á 40 sauða göngu í Rauðabergslandi frá því 7 vikur eru af sumri til þess í miðlögsafni.⁹

1 Skjal nr. 3 (1).

2 Björn Lárússon 1967, s. 332.

3 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 425.

4 Skjal nr. 2 (20). *Jarðatal* 1847, s. 3.

5 *Ný jarðabók* 1861, s. 5.

6 Skjal nr. 2 (13).

7 Skjal nr. 2 (15).

8 Skjal nr. 2 (8).

9 Skjal nr. 2 (3).

Undir bréf þetta rita eftirfarandi menn: Gísli Jónsson, fyrir hönd séra Sveins Eiríkssonar¹ og Halls Pálssonar, Jón Jónsson, Jón Guðmundsson, meðeigandi Rauðabergs, og Magnús Ófeigsson. Fyrirnefndur Gísli Jónsson var þá ábúandi í Haukafelli. Trúlega hefur Jón Jónsson undirritað bréfið fyrir hönd Holta.²

Í Rauðabergi hefur löngum verið margbýli, með tveimur og upp í fjóra ábúendur eða fleiri. Samkvæmt fasteignabók 1922 skiptist Rauðaberg í fjögur býli (Rauðaberg I-IV), þrjú árið 1932 (Rauðaberg I/Hafnarnes, Rauðaberg II/Hóllinn og Rauðaberg III/Efribær) og tvö árin 1938 og 1957.³ Rauðaberg skiptist nú í tvær jarðir, Rauðaberg I og II. Hluti jarðanna er nýttur sem sumar- bústaðaland og einnig hefur þar verið stunduð skógrækt á vegum Skógræktarfélags Austur-Skafta- fellssýslu.⁴

Heimildir benda til að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Rauðabergi frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi jörðin framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett.⁵

6.5. Viðborð og Viðborðssel

Á Viðborði var hálfkirkja⁶, helguð Maríu mey samkvæmt máldaga sem talinn er frá um 1270. Hún átti 10 hundruð í heimalandi. Ekki er getið um aðrar eignir en kvikfé og lausamuni.⁷ Í máldaga hálf- kirkjunnar frá um 1570 (Gíslamáldaga) kemur fram að jörðin öll var 30 hundruð að dýrleika. Þá virðist mjög hafa verið dregið af kirkjunni og ekki aðrar eignir tíundaðar en tvær klukkur, kólflaus- ar.⁸ Viðborð kemur einnig fyrir í máldögum Einholtskirkju, hinum elsta frá 1397 (Vilkinsmáldaga), því að skylt var að greiða af Viðborði til kirkjunnar tvævetran gelding annað hvert haust en hitt haustið hálfá mörk vöru.⁹ Í máldaganum frá 1397 er tekið fram að Einholtskirkja „nieti so skogar- teigs j Vidbordzlandi sem hun eige jord unnder“.¹⁰ Árið 1561 var kveðinn upp gerðardómur um fjörumörk milli Einholt og Viðborðs en nokkru áður hafði Vigfús Erlendsson hirðstjóri selt Við- borð með skógum og rekum.¹¹ Í jarðabók 1686 er Viðborð skráð sem bændaeign, 26 hundruð og 160 álnir að dýrleika en 20 hundruð árið 1697.¹² Í jarðabókinni 1686 er einnig nefnd jörðin Við- borðssel, 13 hundruð og 80 álnir að dýrleika en hún var 10 hundruð árið 1697.¹³

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er Viðborð sagt vera 20 hundruð að dýrleika en ekki 30 hundruð eins og greint er frá í Gíslamáldaga og var skýringin sú að þá hafði verið byggð sérstök jörð, Viðborðssel, 10 hundruð að dýrleika, út úr Viðborði.¹⁴ Þessar voru þá eignir Viðborðs:

1 Prestur að Sandfelli 1878-1887 (sbr. *Íslenskar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940*. 4. b. Tint hefir saman Páll Eggert Ólason. Reykjavík 1951. S. 367).

2 Sbr. skjal nr. 2 (28). Maður að nafni Jón Jónsson var á þeim tíma ábúandi í Viðborðsseli, sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 33, 45.

3 Skjöl nr. 4 (9-13).

4 Skjöl nr. 6 (7, 8, 14 og 15).

5 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 38-43. Skjöl nr. 2(37), 4 (27, 47, 48).

6 Þ.e. með messuskyldu annan hvern helgan dag.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 82-83.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 700.

9 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 234. *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 335 (máldagi frá um 1480). *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 699 (máldagi frá um 1570).

10 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 234.

11 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 643-644.

12 Björn Lárusson 1967, s. 332.

13 Björn Lárusson 1967, s. 332.

14 Heiti jarðarinnar er einnig ritað *Vindborð* í sumum heimildum (sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 425, 8. nmgr. *Jarðatal* 1847, s. 3).

Rekaítak á jörðin fyrir Einholtslandi, þar sem heitir Viðborðsfjara.

Beit 9 hrossum og nokkru geldfé skal jörðin eiga í Hólalandi.

Reiðingsristu í Kelduholtslandi.¹

Eignum Viðborðssels er þannig lýst: „Skóg á jörðin á Viðborðsdal til eldingar og öll önnur gæði og ítök til þriðjunga með Viðborði.“²

Rekaítak Viðborðs er nánar skilgreint í jarðamati 1804-1805 sem „1 Hestes Dragt“.³ Dýrleiki jarðarinnar er óbreyttur í Jarðatali Johnsens 1847, 20 hundruð, og Viðborðssels 10 hundruð, þó að sýslumaður telji þessar jarðir, hvora um sig, ekki nema 10 og 5 hundruð að dýrleika.⁴ Í Nýrri jarðabók 1861 er Viðborð talið 12,9 og Viðborðssel 10,1 hundruð að dýrleika.⁵

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er ekki getið um aðrar eignir og ítök Viðborðs en „smáskóg“, „lítilfjörlega silungsveiði og ítaksfjöru fyrir Einholtslandi“.⁶ Eignir Viðborðssels voru þá hinar sömu og áður er lýst í Jarðabók Ísleifs Einarssonar: „Á bæði fjárupprekstur og skóg á Vindborðsdal, og hefur átt sömu tiltölu ($\frac{1}{3}$) til inytja þeirra sem áður er getið að Vindborð hafi verið eignað í Hóla og Kelduholts landi.“⁷ Fram kemur í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849 að ábúandi Viðborðssels hafði áfrýjað mati jarðarinnar fyrir á árinu „sakir fenja og ágáangs á eingjum, fjárlægðar á högum, að Vindborðsel er upprunalega ekki nema $\frac{1}{3}$ úr öllu Vindborði, og að ágangur sé af fénaði Holtamanna“.⁸ Áfrýjun ábúandans var ekki tekin til greina.

Fasteignamatið 1916 er til muna ítarlegra um eignir, hlunnindi og búskaparhætti á Viðborði. Þá hafði jörðin (að undanskildu Viðborðsseli sem var sjálfstæð jörð) skipst í tvö býli, Viðborð 1 (7,6 hundruð) og Viðborð 2 (5,3 hundruð). Í gerðabókinni segir m.a.:

Beitilandið er fremur gott til sauðfjárbeitar, og fyrir stórgripi á sumrum; fjalllendi víðlent, og mýrlendi með hraunum (klettaásum). Fremur skjólgott, og nærtækt. En smalamennska ervið. ... Upprekstrarland á jörðin í Viðborðsdal. Skógur nokkur er í landi jarðarinnar, en mótak mjög lélegt. ... Fjöru á jörðin fyrir Einholts- og Borgarlandi (Viðborðsfjara). Þá á jörðin einnig 4 hesta göngu í Holtalandi. Skógarítak í land jarðarinnar eiga Einholt og Hjáleigur á Viðborðsdal. Holtar hálfar Mariutungur. Hálfan Litla-Hólma, Viðarhálsa. Holtahöfða og hálfá Litlu Dímu. Geirstaða skóg á Hálsnum (Geirstaðaskóg).⁹

Í sömu gerðabók er þessi lýsing á Viðborðsseli:

Beitiland fremur gott, út frá bæ óskift með Viðborði, skjólgott og snjólétt, smalamennska hæg. Jörðin á afrétt í Viðborðsfjöllum að $\frac{1}{3}$ með Viðborði og sömu tiltölu í öðrum sameiginlegum jarðarnytjum, svosem skógi, rekarétti á Viðborðsfjöru o.fl. Einnig nær ítakaréttur annara jarða, sem eiga ítök í Viðborðslandi, að $\frac{1}{3}$ til Viðborðssels.¹⁰

Árið 1906 gerðu Árni Bergsson, bóndi á Svínafelli og eigandi $\frac{1}{3}$ í Viðborði, og Gísli Sigurðsson, bóndi á Viðborði og eigandi $\frac{2}{3}$ í sömu jörð, með sér samning þess efnis að Árni lét af hendi ræktað tún úr eignarjörð sinni Viðborði en fékk í staðinn afréttarland úr Viðborðshálsum:

1 Jarðabók Árna og Páls 13, s. 425.

2 Jarðabók Árna og Páls 13, s. 425.

3 Skjal nr. 2 (20).

4 Jarðatal 1847, s. 3.

5 Ný jarðabók 1861, s. 5.

6 Skjal nr. 2 (13). Sbr. einnig skjal nr. 2 (12) en þar ákærir eigandi Viðborðs leiguliðann fyrir „öreglulega skogarbrukun“ árið 1812.

7 Skjal nr. 2 (14).

8 Skjal nr. 2 (14).

9 Skjal nr. 2 (15).

10 Skjal nr. 2 (15).

Jeg Árni Bergsson skipti hjer með að fullu og öllu við Herra Gísla Sigurðsson á ræktuðu túni, að undanskildri Bænhússkák, af 7 hundruðum að fornu jarðarmati úr eignarjörð minni Viðborði í Mýrahreppi móti afrjettarlandi úr Viðborðshálsum.

Og afsala jeg hjermeð frá mjer og mínum erfingjum áðurtilnefndu túni.

Jeg Gísli Sigurðsson skipti hjermeð að fullu og öllu við herra Árna Bergsson á afrjettarlandi í Viðborðshálsum af 13 hundruðum að tiltölu úr eignarjörð minni Viðborði í Mýrahreppi, og afsala jeg frá mjer og mínum erfingjum áðurnefndu afrjettarlandi.¹

Samningur þessi var lesinn daginn eftir, 23. maí, á manntalsþingi fyrir Mýrahrepp.

Elsta varðveitta landamerkjalyking Viðborðs mun vera í lögfestu sem dagsett er að Hólum 8. maí 1782:

Undirskrifadur lögfestum her í dag Eign okkar Jördina Vindbord, liggjandi í Einholts Kirkiu Sókn til hiergreindra Landamerkia. Frá Skúmskeri er stendur í Hornafjardarlióti, beina Siönhending í Skjer það kallad er Steinbogi í Diúpárfarveg, þaðann til Fiells í Landamótshelluna, og sídann í hædsta Hnúkinn a Grænafeili, og so í þá háfu Hamra, sem eru fyrir vestann og ofann Bakkakotz Hialla, og þaðann rietta Stefnu nordur á Jökulinn. Skóg og Hagbeit alla a Vindbordsdal inn til Hoffels edur Svínafells Landamerkia, ad undanneknum þeim Skógaritökum sem eptir fullkomnum Rietti edur rigtugum Skiölum ödrum Jördum tilheira. ... Í sama máta lögfestum vier Vindbordsfjörú og reka frá sokolludu Hákonarmarki, hvört þar er á fjörúnni, sem Nautshöfði í Skógeij ber á Svínafellsgöltinn hvar hann er hædstur, og austur ad þeim síarskiptum sem verður af því vid fjörúna í Hornafjardar Osi ad straumurinn fellur út til hafs, enn bilgiurnar edur báruurnar aptur frá hafi gánga til Lands, fyrirbiódandi hvörúum manni adurnefndt land og reka ad brúka, í því ad vinna edur í nokkurn máta ad hagnita, nema vort skriflegt lof edur leifi þar til komi.²

Undir bréf þetta rita Þorleifur Björnsson, Mensalder Raben og Þorleifur Halldórsson. Lögfestan var upplesin á manntalsþingi að Holtum 15. maí 1782.

Önnur lögfesta var undirrituð 15. maí 1783:

Undirskrifadur lögfestum vier hier í dag Eign okkar er so heitir Jördina Vindbord liggjandi í Einholtz Kirkiu sókn, til hiergreindra Landamerkia, úr Skúmskjeri er stendur í Hornafjardarliótum, og so Siönhending rietta, í Skier það kallad er Steinbogi í Diúpár Farveg, þaðann til Fialls í Landamótshelluna, og sídann í hædsta Hnúkinn á Grænafeili, og so þaðann í þá háu Hamra, sem eru fyrir vestann og ofann Bakkakots Hiallann og so beina Stefnu nordur á Jökulinn. – Skóg og Hagbeit alla á Vindbordsdal, inn til Svínafells edur Hoffels Landamerkia ad undanneknum þeim Skógaritökum, sem eptir fullkomnum Rietti edur riktugumm³ Skiölum ödrumm Jördumm tilheira.⁴

Síðan voru fjara og reki lögfest á sama átt og í fyrri lögfestu. Lögfesta þessi var upplesin á manntalsþingi að Holtum 17. maí sama ár.

Þriðja lögfestan var undirrituð að Arnanesi 6. júní 1789 og virðist hún ekki víkja í neinum meginatriðum frá fyrrgreindum tveimur lögfestum:

1 Skjal nr. 2 (6). Sbr. skjal nr. 2 (34).

2 Skjal nr. 2 (7).

3 *riktugumm* er leiðrétting yfir línu fyrir *löglegum* sem er yfstrikað.

4 Skjal nr. 2 (7).

Vid undirskrifadir lögfestum hier i dag Eign okkar er so heitir Jördina Vindbord liggjandi i Einholtz Kirkiu Sókn, til hier greindra Landamerkia, úr Skúmskerium er standa i Hornafjarðarfliótum og i Þúfuna á Bakkanum austarlega, fyrir utann Vindbords Merki kjelldu þaðann i Þúfuna á Grænukjeldubakkanum, og so i Skjer það sem stendur i Diúpárfarveg og kallad er Steinbogi, þaðann Sionhending rietta i Landamótshelluna og so eptir hædstu Fialla Eggium a Vindbordsfjalli og so nordur á Jökulinn, Skóg og Hagbeit alla a Vindbordsdal og Vindbordsströnd, ad undannteknum Skog á þeim Jökum, sem eptir fullkomnum Rietti edur rigtugum Skiölum ödrum Jörðum tilheira.¹

Þessu næst voru fjara og reki lögfest eins og i fyrri lögfestum. Lögfesta þessi var upplesin á manntalsþingi við Einholtskirkju 16. ágúst sama ár.

Þá ber að nefna að i upprætti frá 1792, þar sem lýst er landamerkjum Rauðabergs, er vikið að Viðborði með þessum orðum: „Jökull tekur vid fyrer nordann Raudabergs og Vidbordsland“.²

Landamerkjabréf Viðborðs (Vindborðs) var undirritað 12. maí 1884:

Skrá um landamerki jarðanna Vindborðs og Vindborðssels. (Það er allt sama jörð)

Fyrst hornmark að vestan gagnvart Raufarbergi, varða á Arnarbæli, vestan við Vindborðssel, þaðan bein lína i landamótsgjótahelluna, þaðan beint³ i Miðfellshnúkinn i Grjótárdölum, þaðan beint i Grænafellshnúkinn, þaðan beint austan i hamrana ofanvert við Mosfellsbrekkur fremri, þaðan beint i jökul. Á milli Holta og Vindborðs, að sunnan: úr áðurgreindri Arnarbælisvörðu i þúfu á Merki kjeldubakka á Vindborðshólum, og beint i Skúmskeri i Hornafjarðarfliótum milli Mýrahrepps og Nesjahrepps; úr Skúmskeri og inn úr fljótum sjónhendingu milli Vindborðs og Gildruskers, síðan milli Litlu-Dímu og Stóru-Dímu, og svo i jökul milli Vindborðshálsa og Jökulfells. Vindborðshálsar eru allir i Vindborðslandi.

Ítök jarðarinnar.

Fjörumörk að vestan milli Einholtzfjörú og Vindborðs: Skógeyjarhöfðinn beri i há Svínafells-göltinn hæstan að austan milli Hvanneyjarkróks og Vindborðsfjörú, þar sem Einholtsklettur bera svo jafnt að austan, að hinn innri nær ekki fram fyrir hinn ytri. Beit fyrir 9 hross á jörðin i Holtalandi og nokkrar sauðkindur. Einholt á skógaritak á Viðborðsdal, einnig eiga jarðirnar Raufarberg og Holtar skógaritök þar.⁴

Bréf þetta var lesið á manntalsþingi að Holtum 6. maí 1886.

Undir bréf þetta rita tólf menn án þess að jarða þeirra sé getið. Af öðrum heimildum má þó sjá að i þessum hópi voru ábúendur eftirtalinna jarða: Viðborðs (Benedikt Kristjánsson), Viðborðssels (Jón Jónsson), Haukafells (G. Jónsson) og Rauðabergs (Magnús Ófeiggsson, Jóhann Steffánsson og Jón Ófeiggsson). Einnig samþykkti bréfið umráðamaður Einhólts.⁵ Þá hefur Jón Jónsson trúlega undirritað bréfið fyrir hönd Holta.⁶

Landamerki Viðborðssels eru hin sömu og Viðborðs.

1 Skjal nr. 2 (7).

2 Skjal nr. 2 (8).

3 *beint* skrifað þrisvar og tvisvar yfirstrikað.

4 Skjal nr. 2 (1).

5 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 29, 33, 40-41 og 45.

6 Sbr. skjal nr. 2 (28). Maður að nafni Jón Jónsson var á þeim tíma ábúandi i Viðborðsseli, sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 33, 45.

Árið 1960 var reist nýbýli í löndum Viðborðssels og Rauðabergs, Viðborðssel II. Meginhluti ræktunarlandsins var keypt úr landi Rauðabergs en beitilandið er þriðjungur úr beitilandi Viðborðssels.¹

Heimildir benda til að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Viðborði og í Viðborðsseli frá því að jarðanna er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi þær framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsettar.²

6.6. Afréttarnot

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er ekki getið um sameiginlega afrétti í Mýrnakálki en Einholt er sagt hafa átt afrétt „40 sauðum í Flám“.³ Þar kemur einnig fram að Vindborð átti beit „9 hrossum og nokkru geldfé“ í Hólalandi.⁴

Í sóknarlýsingu séra Jóns Bergssonar í Einholti 1839 segir um „afrétti“ í Einholtsprestakalli⁵:

Afréttarlönd eru á Heiðnabergi, Haukafelli og Vindborði, og tilheyra þau áminnstum jörðum, og hafa alleinasta ýmsir bæir í sókninni þar upprekstur án þess þó að betala fyrir, en hvað réttum viðvikur, þá veit ég þar öngva reglu við brúkaða hjá því sem annars staðar, heldur er öllum áminningum þar að lútandi lítill gaumur gefinn, og tel ég þarflegt, ef bót yrði þar á ráðin, ef ske mætti, að sauðahvarfið yrði minna og færri misgrunaðir.⁶

Eftir orðum prestsins að dæma hafa afréttir sveitarinnar tilheyrt einstökum jörðum en verið nýttir að meira eða minna leyti af bændum um allt byggðarlagið.

Í nóvember 1985 lagði sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu fyrir sýslunefndarmenn og oddvita að gera skrár yfir alla afrétti héraðsbúa með tilvísun í lög nr. 42/1969. Í svari oddvita Mýrarhrepps, dags. 4. desember, segir m.a.: „Við undirritaðir teljum að í þessu hreppsfélagi sé eigi um afrétti að ræða, heldur einungis heimalönd.“⁷ Þremur dögum síðar var samþykkt svohljóðandi ályktun á aukafundi sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu:

Afréttarskrár er eigi til fyrir sýsluna og verður ekki samin, enda verður talið að afréttir séu eigi til í Austur-Skaftafellssýslu í hefðbundnum og venjulegum skilningi.⁸

Þetta er einnig fullyrt í bréfi hreppsnefndar Mýrarhrepps dags. 4. desember 1985 til sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu sbr. og fundargerð sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu frá 7. desember 1985.⁹ Í ritinu *Göngum og réttum* segir svo: „Engin almenningsafrétt er í sýslunni. Allt fjalllendi heyrir vissum jörðum til, utan þess að hjáleigur eiga óskipt fjalllendi með aðaljörðum.“¹⁰

Eins og lög kveða á um eru í gildi fjallskilareglugerðir á Mýrum sem og annars staðar í sýslunni. Elsta fjallskilareglugerð fyrir Austur-Skaftafellssýslu sem sett var samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 1872 er frá árinu 1891. Í 1. gr. segir orðrétt:

Að svo miklu leyti, sem heimaland er eigi nægilegt til beitar á sumrum, ber öllum, sem afrijet eiga eða

1 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 34-35. Viðborðssel II hefur sérstakt fasteignamatvottorð (sbr. skjöl nr. 6 (6, 12 og 13).

2 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 27-30. Skjöl nr. 2 (34, 35), 4 (18, 19, 29, 49, 50, 51).

3 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 427.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 425.

5 Takmörk sóknarinnar voru nokkurn veginn hin sömu og Mýrasveitar (sbr. *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1997. S. 107).

6 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 116.

7 Skjal nr. 4 (35).

8 Skjal nr. 4 (37).

9 Skjöl nr. 4 (35 og 37).

10 *Göngur og réttir*. 1. b. Önnur prentun aukin og endurbætt. Brafi Sigurjónsson bjó til prentunar. Akureyri 1983. S. 35.

fengið geta hjá öðrum, að nota hann til uppreksturs fyrir fjallfje sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje eigi vanrækt, og yfir höfuð gætir þess, að heimahögum sje eigi íþyngt um of á sumrum. Heimilt skal hreppsnefnd, að gjöra ítölu í aftrjett þar sem því verður við komið.¹

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar frá 1909 eru eftirfarandi fyrirææli um upprekstur:

Allir þeir, er aftrjett eiga, eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til uppreksturs fyrir gjeldfje sitt, ef hagatollur fer eigi fram úr 5 aurum fyrir hverja sauðkind, og skal gjalddagi hagatolls vera fyrir lok októbermánaðar, ef öðruvísi er eigi um samið. Þar sem engan aftrjett er hægt að fá, má nota heimalönd til sumaræitar, en þess skal þó gætt, að heimahögum sje ekki íþyngt um of. Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í aftrjett, þar sem því verður komið við.²

Í reglugerðinni er kveðið á um lögsöfn að hausti og að til þeirra sé boðað með fjallskilaseðli eigi síðar en 10 dögum fyrir fyrsta lögsafn (4. og 6. gr.).

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar frá 1940 er komist svo að orði:

Allir þeir, er aftrétt eiga eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til upprekstrar fyrir fé sitt. Þar, sem engan aftrétt er hægt að fá, má nota heimalönd til sumaræitar.

Þar, sem tveir eða fleiri menn eiga eða hafa afgirt sameiginlegt beutiland, getur annar eða einn ekki tekið gripi til æitar af öðrum, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeiganda. Geti einhver í sameignarlandi afstaðið beit eða beutiland, er honum skylt að bjóða meðeigendum sínum fyrst afnot af beutilandinu, áður en hann gefur það falt við aðra.

Ef enginn af meðeigendum hans þarf landsins með, má hann taka gripi af öðrum að því leyti, sem hann hefir þá færri í beutilandinu en meðeigendur hans, samanborið við landstærð hvers þeirra. En þess skal þó gætt, að heimahögum sé ekki íþyngt um of.

Í ógirt samliggjandi beutilönd og aftréttarlönd má ekki taka inn gripi, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda.

Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í aftréttarlönd, þar sem því verður við komið.³

Í *Göngum og réttum* er fyrirkomulagi fjallskila lýst þannig að framan af 20. öld hafi fyrsta lögsafnið verið miðað við þann tíma sem stjórn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hafi ákveðið hverri sveit til slátrunar en einnig hafi veðráttan ráðið miklu um smölun og rekstra.⁴ Hreppsnefnd hafi skipað fyrir um göngur. Hafi hún látið semja svokallað göngubríf sem gengið hafi bæ frá bæ um alla sveitina. Þar hafi safndagar verið ákveðnir, nafngreindir menn skipaðir í hvert gangnasvæði og til rétta og einnig gangnaforingjar og réttarstjórar.⁵ Þá segir að á Mýrum hafi venjulega verið þrjú söfn á hverju hausti. Í Austur-Mýrum hafi fyrsta daginn verið gengin svonefnd innfjöll, þ.e. Vandræðatungur og Sandmerkisheiði, innsti hluti Kolgrafardals og Fláfjall að vestan. Næsta dag hafi svonefnd framfjöll verið smöluð. Þau hafi verið Viðborðsdalur, Viðborðs- og Rauðabergsfjall, Hálsdalur, Haukafellsheiði, Kolgrafardalur og Fláfjall austan. Þriðja daginn hafi verið réttað af

1 Skjal nr. 4 (14).

2 Skjal nr. 4 (28).

3 Skjal nr. 4 (29). Sbr. samhljóða texta í 3. gr. fjallskilareglugerðar frá 1951 (skjal nr. 4 (30)).

4 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 35.

5 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 36.

sléttlendi. Fjalllendi það, sem Suður-Mýramenn hafi safnað, kallist einu nafni Heinabergsfjöll. Þau takmarkist af Fláajökli að austan, Vatnajökli að norðan og Heinabergsjökli að vestan. Í Hafrafelli hafi þótt hæfilegt að hafa 7-10 kindur en það hafi til skamms tíma verið umlokið jökli.¹

Við skýrslutökur í máli þessu kom það skýrt fram að ekki væri annað girt af landi jarða en heimatúnin. Þeir landeigendur, sem enn reka sauðfjárbúskap, kváðust ekki reka á fjall heldur einungis hleypa fênu út úr húsum eða reka úr heimatúnum og fêð hafi haldið til fjalls að eigin hvötum. Varla sé hægt að telja að önnur not hafi verið af fjalllendum en halda þar sauðfê til haga. Fram kom að landeigendur könnuðust ekki við notkun orðsins „afréttur“ þar um slóðir í annarri merkingu en sem sumarhaga til fjalla. Sveitarstjórn gefi út svokallað fjallskilabréf þar sem tekið sé fram hvenær fyrsta lögsafni skuli lokið og hvenær öðru lögskilasafni skuli lokið en ekki sé skipað í leitir svo sem venjulega sé gert með göngubrêfi. Landeigendur fjallajarðanna svokölluðu (Viðborðs, Viðborðssels, Rauðabergs og Haukafells) sammælist um smalamennsku og fari þá fremur eftir veðri og aðstæðum en fjallskilabréfi sveitarstjórnar.

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Málavextir

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi rakinn aðdragandi að setningu laga nr. 58/1998, um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og í því sambandi vísað til ítarlegri umfjöllunar í greinargerð með frumvarpi til nefndra laga. Þá er tekið fram að það hafi lengi verið samdóma álit manna að ekki væri hægt að ákveða annað í lögum varðandi eignarhald á landi en að það land, sem enginn ætti beinan eignarrétt að, væri ríkisland. Eftir gildistöku framangreindra laga nefnist slíkt land þjóðlenda.

Um eignarréttarlega stöðu þjóðlendna sé það að segja að hér sé um að ræða sérstakt form á eignarhaldi að landi sem sé að mörgu leyti ólíkt beinum eignarrétti. Þjóðlendum verði þannig aldrei líkt við aðrar lendur ríkisins. Eignarréttur að þjóðlendum byggist ekki á námi heldur settum lögum. Íslenska ríkið hafi því engin eignarskjöl fyrr en fyrir liggja úrskurður óbyggðanefndar og eftir atvikum niðurstaða dómstóla.

Tekið er fram að ríkið eigi ekki öll réttindi í þjóðlendum heldur geti þau verið á hendi margra aðila vegna upphaflegrar afnotatöku eða venjuréttar. Eignarhald ríkisins sé eins konar forræði yfir tilteknum heimildum sem skapi aðild. Hlutverk ríkisins sé að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fari með stjórn auðlinda í hafinu innan ramma, sem settur er um þau málefni í lögum, fari ríkið með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt að.

Það liggja ágreiningslaust fyrir að Ísland skiptist nú í þjóðlendum og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunneignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendum. Áður hafi hins vegar ekki verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

7.2. Málsástæður og lagarök

Lögð er áhersla á það að kröfugerð íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á Mýrum sé að meginstefnu til byggð á því að mörk eignarlanda á kröfusvæðinu séu þau sömu og landnámsmörk. Utan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin voru til eignar en innan þjóðlendulínu sé þjóðlenda sem aðliggjandi jarðeigendur hafi í einhverjum mæli haft not af.

¹ *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 45-46.

Landnám hafi verið grundvöllur frumstofnunar eignarréttar að landi hérlendis og eini gjörningurinn sem leitt hafi af sér beinan eignarrétt. Um landnámið séu glöggar heimildir í íslenskum fornritum, aðallega Landnámu. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenskri lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur séreignarréttur.

Fyrir utan skriflegar heimildir um landnámið hérlendis hafi fornleifar og búsetusaga staðfest fyrir okkur nútímamönnum að byggð hafi í stórum dráttum haldist á þeim svæðum sem numin voru til eignar. Sums staðar hafi byggð dregist saman en í örfáum undantekningartilvikum hafi byggð sótt á eftir að eiginlegu landnámi lauk.

Jafnhliða náminu er byggt á því að annar háttur á réttindatöku yfir landi hafi verið viðurkenndur í öndverðu en það var taka til afnota. Óbeinn eignarréttur eins og beitarréttur hafi grundvallast á töku í upphafi og síðan venjurétti. Byggt sé á því af hálfu fjármálaráðherra í þjóðlendumálum í Austur-Skaftafellssýslu að land utan numdra eignarlanda hafi verið tekið afnotatöku einstakra jarðeigenda þar sem möguleiki var til beitarafnota og sums staðar allt að jökulrönd. Byggist það á því að engar heimildir sé að finna um að almenningar hafi verið í sýslunni en þeir voru sameiginlegt afnotaland fjórðungsmanna og síðan þjóðarinnar. Þar sem ekki sé almenningum til að dreifa hafi land utan eignarlanda flokkast sem afréttir. Sumir þessara afrétta tilheyri einni jörð en í flestum tilfellum séu jarðir með sameiginlegt afréttarland innan landamerkjabréfs með úrskiptu eignarlandi.

Jöklarnir hafi aldrei talist til eiginlegra almenninga þar sem þeir voru ekki nytjaland. Jöklarnir hafi hins vegar flokkast með öræfum og verið einskismannsland en eftir lögttöku þjóðlendulaga verði að gera kröfu til þess að þeir teljist þjóðlenda.

Við aðalmeðferð kom fram sú skoðun af hálfu ríkisins að eftir að þjóðlendulögin hafi verið sett 1998 sé miðað við það að allt land sé annaðhvort þjóðlenda eða eignarland. Það sem nú sé þjóðlenda hafi verið eigendalaust áður. Íslenska ríkið byggi á því að engu breyti hvort land sé snævi þakið, jökli þakið eða vatni þakið. Undir jöklinum sé land og land hljóti að vera annaðhvort þjóðlenda eða eignarland. Þess vegna geti mörkin aldrei færst til. Í kröfúlýsingu sé gert ráð fyrir ákveðinni línu á ákveðnum tíma, sem breytist ekki, færst ekki til eða frá. Öðru máli gegni með sjávarströndina. Ef þar verði landauki þá hafi engin þjóðlenda verið þar, þar hafi verið sjór en orðið til land. Fræðimenn séu sammála um að landauki, sem bætist við eignarland á strönd, verði hluti landsins.

Í greinargerð er vísað til dómafordæma um eignarréttarlegan mun á eignarlöndum, afréttum og almenningum. Einkum er vísað til fyrra málsins um Landmannaafrétt, H 1955 108. Sá dómur styðji fullyrðinguna um að nám þurfi til frumstofnunar eignarréttar. Dómurinn leiði enn fremur af sér þá réttarreglu í formi dómafordæmis að notkun lands til sumarbeitar fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar leiði ekki til þess að afnotahafi eignist beinan eignarrétt að landinu. Í þessu sambandi eigi ekki að skipta máli hvort land sé almenningur, lögafréttur (afréttarland sem tilheyrir tveimur eða fleiri jörðum) eða bara annað land sem notað sé einungis til sumarbeitar án þess að hafa verið numið. Það eigi heldur ekki að skipta máli hvort slíkt land hafi sérstakt landamerkjabréf eða sé einhliða innlimað í landlýsingu jarðar með landamerkjabréfi. Ritun og þinglýsing landamerkjabréfs hafi aldrei að íslenskum lögum stofnað til beins eignarréttar að landi. Einungis námið sjálft hafi verið löglegt til loka landnámsaldar en þá hafi rétturinn til þess verið afnuminn með lögum.

Þá er vísað til fyrirkomulags hvað þetta varðar í Noregi og Norður-Ameríku. Þar sé land sem ekki er undirorpið beinum eignarrétti talið eign krúnunnar. Jafnframt er vísað til fyrirkomulags um

hið sama á Grænlandi. Við endalok norrænnar byggðar þar í landi sé beinn eignarréttur að landi talinn hafa fallið niður. Landstjórnin sé nú talin eigandi alls lands og úthluti einstaklingum og lögaðilum land til afnota.

Hér á landi hafi konungsvald ekki komið til fyrir en 1262 og eftir það hafi konungur eignast jarðir en ekki landið. Með Landmannaafréttardómi Hæstaréttar hinum síðari, H 1981 1584, hafi verið skorið úr um það að við stofnun allsherjarríkis 930 hafi ónumið land ekki orðið eign þess heldur haldið áfram að vera eigendalaust. Á einveldistíma hafi konungur Danmerkur og Íslands, á grundvelli nýbýlatilskipunar, haft vald til að ráðstafa eigendalausum landi og landi sem tilheyrði öðrum á grundvelli afnotaréttar. Vald þetta hafi grundvallast á löggjafarvaldinu en ekki verið litið svo á að konungur ætti land utan eignarlanda. Þetta vald kvað Hæstiréttur vera hjá Alþingi eftir að eignarréttartilkalli ríkisins til Landmannaafréttar var hafnað. Með þjóðlendulögunum hafi Alþingi svo nýtt þennan rétt til löggjafar.

Tekið er fram að örðugt sé að greina nákvæmlega mörkin á milli eignarlanda og þjóðlendna. Í upphafi virðist ekki hafa skipt máli að skilgreina þessi mörk. Megináherslan hafi þannig verið lögð á að greina mörk landnáma innbyrðis. Við það hafi glögg kennileiti, eins og stórar ár, verið notuð. Í nútímanum verði því að ráða í eyðurnar. Í meginráttum virðist landnám einungis hafa náð til láglendis en þó hafi ekki allt láglendi verið numið því almenningar voru bæði til hið efra og hið ytra. Mjög erfitt sé að gefa sér að hálendi eða fjöll hafi verið numin þar sem skráðar landnámsreglur beri með sér að slíkt hafi verið vandkvæðum bundið. Þó sé líklegt að helgun lands hafi náð svo langt að tekið væri með það land sem nýta mátti á heilsársgrundvelli og gat þannig verið hluti af jörð.

Þá er á því byggt að eignarréttur sé ekki eilífur þó til hans hafi stofnast. Talið sé að hann geti fallið niður ef hann verður að engu eða ef hann framselst ekki með löggerningum, erfðum eða hefðarhaldi. Þannig sé beinn eignarréttur að heimalandi jarðar talinn geta fallið niður með tímanum, ef hann framselst ekki, en eigendur aðliggjandi jarða taki að nýta þar beit fyrir búfé eingöngu. Með beitarnotunum eingöngu eru skilyrði hefðarréttar ekki uppfyllt. Um þetta sé Geitlandsdómur Hæstaréttar skólabókardæmi. Í þessu sambandi er jafnframt bent á ákvæði Nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 og 1. mgr. 55. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. 1. gr. laga um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila nr. 12/1952.

Næst er greint frá því að helstu skrifuðu heimildir um nám lands hérlendis séu í landnámabókum sem í heildarútgáfu nefnist Landnáma. Þá segir að benda megi á fjölmörg dómafordæmi Hæstaréttar, þar sem stuðst sé við heimildir þaðan, þegar skera þurfi úr um inntak eignarréttar.

Um landnámsmörk á því svæði, sem til umfjöllunar er, sé því vísað til Landnámu auk rits Einarssonar, „Landnám í Skaftafellsþingi“, frá árinu 1948.

Fullyrt er að glögg komi fram í heimildum um landnám á Mýrum að hálendi, fjöll, öræfi og jöklar hafi ekki verið numin til eignar og að Hæstiréttur virðist gera ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðhátta, víðáttu og gróðurfars. Í því sambandi skipti hæðarlínur auðvitað miklu máli enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum og til þeirra því litið við kröfugerð íslenska ríkisins.

Þá sé það talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna að nám, raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinnar jarðar eða önnur atriði hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Af dómum Hæstaréttar megi jafnframt ráða að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Því eru eldri heimildir eins og vísitásiur bornar saman við nýrri landamerkjabréf. Nýrri heimildir um merki verði auðvitað að víkja fyrir eldri eða upprunalegum heimildum.

Íslenska ríkið telur glöggt koma fram í Hæstaréttardómum varðandi Kalmanstungu og Sand-

fellshaga í Öxarfirði (H 1975 55 og H 1999 2006) að innan landamerkjálýsingar jarðar geti verið tvenns konar land. Heimaland sem er í heilsársnotum og síðan afréttarland sem er í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjalljarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á því hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda nái til alls heimalandsins.

Með tilvísun í ofangreint er því haldið fram að kröfulínu um þjóðlendumörk á Mýrum í samræmi við kröfulýsingu ríkisins skuli taka til greina, þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tilteknar heimildir, mörk heimalanda jarðanna við óbyggðir. Landamerkjabréf jarðanna hafi ekkert um þetta að segja enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk jafnvel þótt þinglýst séu.

Þá er fullyrt að samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis aðila samningsins og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felast. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjalljarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttákvörðun jarðeiganda á liðandi stund frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882, við lögtöku landamerkjalaga, og það var ekki fyrr en 116 árum síðar að slíkt var hægt eftir að íslenska ríkinu hafði með lögum verið fenginn eignarrétturinn að þjóðlendum.

Í framhaldi af þessu er vikið að hefð. Greint er frá því að talið hafi verið að hefðarréttur hafi ekki verið til í okkar fornögum, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Þó hafi í Jónsbók verið gert ráð fyrir að hefða mætti landsnytjar, eins og skóg, engi, haga og reka með 20 ára átölulausum yfirráðum. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðarréttar stofnaðist til slíkra landsvæða.

Í þessu sambandi er jafnframt vísað til ákvæða Norsku laga frá árinu 1687 um hefð og hefðarlaga, nr. 46/1905, sem leystu ákvæði hinna fyrr nefndu af hólmi. Samkvæmt þeim sé hvorki unnt að vinna hefð á afréttum né almenningum. Þessu til stuðnings er vísað til síðari dóms Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þessi regla hafi nú verið lögfest, sbr. ákvæði 3. gr. þjóðlendulaga.

Þá er athygli vakin á því að skilyrði fyrir hefðarhaldi er óslitið eignarhald sem hefur verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Loks er á það bent að á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi sem nú gæti heitið þjóðlenda.

7.3. Einstakir hlutar kröfusvæðisins

Í greinargerð íslenska ríkisins er fyrst vikið að helstu heimildum um jarðirnar Heinaberg, Haukafell, Rauðaberg og Viðborð, auk Flateyjar jafnframt því sem staðháttum er nokkuð lýst.

Við skoðun heimilda um landnot og rétt til landnota utan heimalanda jarða á Mýrum hafi sérstakur gaumur verið gefinn að öllu sem lúti að afréttum og afréttarnotum og það fengið sérstakt vægi. Byggt sé á því að landsvæði utan heimalanda skuli flokkast sem þjóðlenda þegar heimildir greini frá því að þar hafi verið afréttarland og höfð þar afréttarnot bæði fyrr á tíð sem nú á dögum.

Í kröfulýsingu fyrir þær jarðir á Mýrum, sem ekki séu í ríkiseigu, sé því haldið fram að vegna náttúrulegra aðstæðna á Mýrum sé allt land sem nýtt er frá jörðunum með einhverjum hætti háð einkaeignarrétti jarðeigenda og skiptist eignarlandið í heimalönd og fjalllendi. Í sveitinni sé sagt að

ekki fyrirfinnst þar land þar sem bændur hafi einungis stofnað til afnotaréttar fyrir sauðfé. Af þessum ástæðum geri hvorki hreppar né upprekstrarfélög kröfur um viðurkenningu á afréttum á þessu landsvæði. Hér fyrirfinnst ekki afréttir í merkingunni sameiginlegur afnotaréttur margra jarða til sumarbeitar fyrir sauðfé einungis.

Skýringin á því af hverju upprekstrarfélög og hreppar geri ekki kröfu til viðurkenningar á afréttum á Mýrum sé einfaldlega sú að hvorki upprekstrarfélög né hreppar eiga neina afrétti á Mýrum. Allir afréttir á Mýrum tilheyri sérstökum jörðum án þess að neinn hafi séð ástæðu til að stofna um upprekstrarréttinn sérstakt félag.

Í upphafi hreppaskipunar hér hafi verkefni hreppa fyrst og fremst verið fátækraframfærsla en einnig tekið sameiginlega á fjallskilum þar sem svo hagaði til að hagkvæmt þótti. Allt frá Jónsbókartíma hafi eiganda jarðar verið lögskilt að smala sitt land en hreppsnefnd eða fjallskilastjórn eftir atvikum séð um yfirstjórn fjallskila og nýtingu afrétta. Hæstiréttur hafi m.a. byggt niðurstöðu sína í nokkrum dómsmálum, sem snúist hafi um beinan og óbeinan eignarrétt að landi, á þessum mun á eignarlandi og afréttarlandi, sbr. Landmannaafréttardóm fyrri, Nýjabæjarafréttardóm, dóma um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði og dómana um Hundadalsheiði, Jökuldalsheiði og Öxarfjarðarheiði.

Ef rétt væri sú fullyrðing að í Austur-Skaftafellssýslu væru ekki til afréttir, þá sé það furðuleg tilviljun að nauðsynlegt hafi þótt að rita fyrir sýsluna og samþykkja af sýslunefnd reglugerð um notkun afrétta, fjallskil o.fl., eins og gert hafi verið 1890, sbr. skjal nr. 4-14. Vísað er sérstaklega til 1. og 2. gr. reglugerðarinnar en þau ákvæði eru tekin upp í kafla 6.6. í þessum úrskurði, auk ákvæða um skipulag lögsafna, fjallkóna og skyldur jarðeigenda til að taka þátt í sameiginlegri smölnun afréttarlanda í sýslunni.

Glögg megji ráða af þessari reglugerð að jafnbrýn nauðsyn hafi verið og sé í þessari sýslu sem öðrum sýslum landsins að beita lögum um afréttarmálefni og fjallskil og hafa í gildi ítarlega reglugerð um sama efni. Þetta eigi sér þá einföldu skýringu, að afréttir séu þar engu síður en annars staðar á landinu þótt öðru sé haldið fram af gagnaðilum ríkisins í þessu þjóðlendumáli.

Bókin „Göngur og réttir I“ eftir Braga Sigurjónsson sé helsta heimildarritið um afréttarlönd Austur-Skaftafellssýslu áður en allir hreppar sýslunnar hafi verið sameinaðir í einn hrepp, Sveitarfélagið Hornafjörð.

Í bókinni er frá því greint að engin almenningafrétt sé í sýslunni. Allt fjalllendi heyrir vissum jörðum til utan þess að hjáleigur eigi óskipt fjalllendi með aðaljörðum.

Þetta orð almenningafrétt sé hér notað í þeirri merkingu sem komi inn í íslenskt lagamál með nýbýlatiskipun konungs 1776 og merkir sama og almenningur í Jónsbók, þ.e. afnotaland, sem fyrst var tileinkað fjórðungsmönnum og síðan öllum héraðsmönnum eða þjóðinni. Sérstök nýtingarákvæði hafi verið í okkar fornögum um almenninga, ólík þeim sem giltu um afréttarlönd. Kom þetta til af því að allir landsmenn hafi átt nýtingarrétt í almenningum en afréttir tilheyrt ákveðnum jörðum.

Bragi fjalli um fjallskilareglugerð sem hann segi vera eina fyrir alla sýsluna og þar séu fyrirskipuð 3-4 lögsöfn á hausti. Segi hreppsnefnd hvers hrepps fyrir sig um þau og allir fjáreigendur skyldir að leggja til þeirra safna eftir fjáreign.

Fyrsta lögsafnið hafi á ritunartíma bókar Braga verið miðað við þann tíma sem stjórn Kaupfélags Austur-Skaftafellinga hafi ákveðið hverri sveit til slátrunar en oftast hafi veðráttan ráðið miklu um smölnun og rekstra þar sem gagnasvæðin væru að mestu háir fjallgarðar, sem liggja upp í Vatnajökul, sundurskornir af þröngum og djúpum gljúfrum en skriðjökla í dölum milli fjallgarðanna.

Bragi fjalli um landslag og staðhætti á Mýrum og segi að upp af byggðinni á Mýrum séu mikil fjöll í jaðri Vatnajökuls. Gangi fram í fjöll þessi þrír miklir skriðjökla: Fláajökull austast og Heinabergsjökull eystri og syðri. Ekki séu þessi fjöll víðáttumikil né gróðursæl. Um 1880 segi hann að jökull hafi legið allt niður í byggð.

Handan Svínafellsjökuls séu Viðborðshálsar (tilheyra Svínafelli), fjalllendi sem nær upp í

hálendi Vatnajökuls, gegnt Hoffellsnúpum. Efsti rani Viðborðshálsa heiti Gæsaheiði. Milli Viðborðshálsa og Sandmerkisheiðar, sem tilheyrir Viðborðsfjöllum (þau eru á afrétti Mýra), sé skriðjökull sem sumir kalla Viðborðsjökul. Undan honum og Svínafellsjökli komi Hornafjarðarfjót vestri eða Suðurfjótin.

Fram komi að Mýrar skiptist um Hólmsá í Austur- og Suður-Mýrar. Sé fjallgangnasvæði Austur-Mýramanna austan Fláajökuls en Suður-Mýramanna vestan hans. Venjulegast séu þrjú söfn á hverju hausti og hófust þau áður fyrir um mánaðarmótin september-október en nú oftast um miðjan september. Venjulegast fari þrír dagar í hvert safn. Í Austur-Mýrum séu þá fyrsta daginn gengin svonefnd innfjöll, þ.e. Vandræðatungur og Sandmerkisheiði, innsti hluti Kolgrafardals og Fláafjall að vestan. Fjöll þessi séu ekki víðáttumikil en oft örðug til smölunar, sérstaklega þegar snjó sé fallinn því víða verði að reka fêð, sem finnist á þessum stöðvum, upp undir háeggjar til þess að komast fyrir ófær gil og síðan niður aftur á öðrum stöðum.

Sjaldnast sé fé rekið til réttar þann dag sem innfjöll séu gengin en menn fara heim að kveldi. Næsta dag séu svokölluð framfjöll smöluð, þ.e. Viðborðsdalur, Viðborðs- og Rauðabergsfjall, Hálsdalur, Haukafellsheiði, Kolgrafardalur og Fláfjall austan. Þann dag sé rekið til lögréttar og fé dregið sundur. Þriðja daginn er rétt að af sléttlendinu. Sé það í daglegu tali kallað landaréttir.

Í fjallasöfn sé oftast gert ráð fyrir einum manni frá hverju heimili, stundum tveimur frá fjallaþæjunum. Hins vegar komi fjallaþæjarmenn lítið eða ekki á landaréttir.

Sama tilhögun og hér hefur verið lýst segi Bragi að sé á göngum í Suður-Mýrum. Þó sé þar aðeins ein rétt síðan Heinaberg för í eyði. Fjallendi það, sem Suður Mýramenn safni, kallist einu nafni Heinabergsfjöll. Þau takmarkist af Fláajökli að austan, Vatnajökli að norðan og Heinabergsjökli að vestan. Innfjöll kallist þar Ófærumúli og Vatnsdalur en framfjöll Austurfjall, Heinabergsdalur og Geitakinn.

Hafrafell sé vestur í Heinabergsjökli. Um það liggja landamerki milli Mýra og Suðursveitar. Það sé æðistórt fell en lítið grösugt. Það hafi fram á síðustu tíma verið umlokið jökli en nú sé jökullinn eyddur fyrir framan það. Í Hafrafelli hafi þótt hæfilegt að hafa 7-10 kindur yfir sumarið.

Meðan fráfarur voru tíðkaðar hafi oft verið erfitt að smala fjallendi það sem hér að framan sé getið. Hagalömbin tvístruðust víða og slógu sér lítið til byggða undan veðrum og snjó á haustin en lentu oft í léttáofærum og sveltí.

Samkvæmt Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 hafi jarðirnar Hólmur og Einholt átt skógarítak í Viðborðsdal og Einholt afrétt 40 sauðum í Flám.

Skjal 2(15) sé ljósrit úr gerðarbók fasteignamatnefndar Austur-Skaftafellssýslu frá 10. mars 1916. Um sé að ræða mat á öllum fasteignum í Mýrarhreppi. Þar séu ýmsar upplýsingar að fá um afréttarmálefni.

Um Viðborð segi að jörðin eigi upprekstrarland í Viðborðsdal. Síðan sé fjallað um jarðarpart úr Viðborði þar sem eigandi og ábúandi sé Árni Bergsson á Svínafelli. Segi að jarðarpartur þessi eigi að réttu tiltölu í afrétti og öðrum jarðarnytjum samkvæmt gömlu mati en auk þess hafi jarðarparturinn fengið alla fjallhaga Viðborðs á Viðborðshálsnum gegn tóni.

Um Viðborðssel segi að hún eigi afrétt í Viðborðsfjöllum að 1/3 með Viðborði og sömu tiltölu í öðrum jarðarnytjum.

Jörðin Rauðabergs sé næst og segi að hún eigi upprekstur í sínu landi og jörðin Bakki sömu-leiðis upprekstur í Rauðabergslandi frá því 7 vikur af sumri til miðréttar á hausti. Tveir aðrir hlutar af Rauðabergsjörðinni séu í annarra eigu en þess sem á móðurjörðina. Þessir hlutar eigi sameiginlegan rétt til upprekstrar.

Í matsgerðinni um Haukafell sé bæði getið um beitiland og upprekstur. Beitilandið sé sagt víðlent fjallendi með skógarkjarri og gott fyrir sauðfé vetur og sumar. Svo segi að jörðin hafi gott upprekstrarland sem fé sé tekið í til sumargöngu.

Um jarðirnar Holtasel, Holta, Brunnhók, Einholt, Flatey og Borg segi að jarðirnar eigi ekkert

upprekstrarland en Holtar hafi fengið upprekstur gegn slægjum, Einholt eigi 40 sauða upprekstur í Haukafellslandi (á Flánun) og Bakki 40 sauða göngu í Rauðabergslandi frá því 7 vikur á sumri til miðréttar á hausti.

Eskey eigi beitiland, sem sé sagt er gott til sumarbeitar, og enn fremur segi að jörðin eigi upprekstur á Heinabergsdal.

Það sama eigi við um Heinaberg því jörðin sé sögð eiga upprekstur í sínu landi á Heinabergsdal.

Við aðalmeðferð kom fram sú skoðun af hálfu íslenska ríkisins að meginreglan ætti að vera sú að ítök væru í eignarlöndum. Hins vegar hafi menn á öllum tímum Íslandssögunnar stundum farið rangt með hvaða rétt þeir ættu. Kunni það að stafa af því að mörk eignar og hins eigendalausar hafi ekki legið fyrir.

Í greinargerð segir að framangreind skrif bendi ekki til þess að rétt sé farið með staðreyndir ef því sé haldið fram að engir afréttir séu á Mýrum.

Þá sé rétt að geta þess að í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segi um Viðborð að afréttarlönd jarðarinnar séu nokkuð mikil og sæmilega góð. Um Rauðaberg segi að fjalllendi sé nokkuð mikið sem æðigóð afréttarlönd og séu þó fjöllin gróðurlítill.

Kröfulýsingar hafi verið lagðar fram fyrir eftirtaldar jarðir: Viðborð, Viðborðssel, Rauðaberg I og II, Haukafell, Flatey, Heinaberg og Eskey. Vegna Flateyjar séu gerðar kröfur vegna úrskipts landskika og að öðru leyti sé aðildin grundvölluð á umráðum Óla Þ. Óskarssonar sem leigutaka.

Ríkið lýsi kröfum sem eigandi Flateyjarlands en innan þess lands séu eyðijarðirnar Heinaberg og Eskey. Aðild grundvallaðri á umráðum Óla Þ. Óskarssonar sem leigutaka sé mótmælt. Einungis eigandi geti átt aðild að þessu þjóðlendumáli. Byggingarbréf að jörð veiti enga aðild ef ekki liggja fyrir sérstakt umboð. Enn fremur sé bent á að kröfur vegna jarðarinnar séu gjörólíkar. Eigandi jarðanna geri kröfu í samræmi við þjóðlendukröfu íslenska ríkisins að því viðbættu að krafist sé afréttarréttar til þess hluta lands sem falli til innan þjóðlendulínu. Af hálfu umráðamanns séu hins vegar gerðar kröfur til þess að allt landrymi jarðanna sé utan þjóðlendu og engar varakröfur gerðar um afréttarrétt ef þjóðlendulínan kæmi inn í landið. Fjallmörk samkvæmt þessari kröfulýsingu komi fram á korti sem eru línur dregnar milli punkta 29 til 34. Með þessu móti verði talsvert af jökli innan eignarlands, t.d. allur Heinabergsjökull.

Ekki sé þess getið í kröfulýsingunni við hvaða heimildarskjöl þessir landamerkjapunktur styðjast. Alla vega sé þar ekki um að ræða landamerkjabréf jarðanna.

Í kröfulýsingu landeigenda vegna Viðborðs segi að fjalllendi jarðanna Viðborðs, Viðborðssels sé sameiginlegt og fjalllendi Rauðabergs I og II þar fyrir vestan sé einnig sameiginlegt og land Haukafells taki svo við fyrir vestan. Vegna þessa dragi landeigendur mörkin gagnvart þjóðlendu sameiginlega. Miðist mörkin við jökulröndina að austan og svo punkta að norðvestan frá 20 til 26. Með þessum hætti sé allt fjalllendi jarðanna talið eignarland og einnig Viðborðsjökull og jökull fyrir ofan Sandmerkurheiði. Til skýringar sé bent á að jökull, sem sýndur er á korti milli Sandmerkurheiði og Vegghamra, sé að mestu horfinn og þar aðallega fannir.

Vegna þessarar skýringar og þess að í kröfulýsingu landeigenda sé mest byggt á landamerkjabréfum sé rétt að geta þess að eftir 1882 er landamerkjalög tóku gildi hafi jökull verið niður í byggð svo merkjalýsingar hafi ekki náð nærri eins langt og jöklar séu nú.

Þótt kröfulýsing landeigenda taki þannig fleiri jarðir saman sé valin sú leið við frekari rökstuðningi á þjóðlendukröfu ríkisins að taka fyrir ákveðin atriði sem varði einstakar jarðir frá austri til vesturs.

Getið hafi verið heimilda um að jarðirnar ætti mikil og sæmilega góð afréttarlönd. Afréttarlönd þessi eru á fjallgangnasvæði Austur-Mýramanna. Þau eru smöluð á öðrum degi gangna, sbr. það sem fyrr var vísað til úr bókinni „Göngur og réttir“. Þannig eru þessi fjalllendi jarðanna smöluð af fjallskilastjórn en ekki eigendum eins og hefur verið með eignarlönd allt frá Jónsbókartíma.

Þessar heimildir eru í samræmi við það sem kom fram í gerðarbók fasteignamatsnefndar Austur-Skaftafellssýslu um að Viðborð ætti upprekstrarland í Viðborðsdal og aðrir jarðarpartar eins og Viðborðssel ættu að réttu tiltölu afrétt með Viðborði.

Viðborðshálsum hafi verið afsalað til Svínafells í skiptum fyrir tún á Viðborði sem verið hafi í eigu Svínafellseiganda. Samkvæmt efni þess sé um að ræða makaskiptasamning, dags. 22. maí 1906, á túni á Viðborði og afréttarlandi úr Viðborðshálsum. Viðborðshálsar hafi verið afréttarlönd frá Viðborði eins og heimildir greini og samkvæmt efni makaskiptasamningsins afsalað afréttarlandi en ekki eignarlandi. Þrátt fyrir þessa sölu eigi Viðborð nokkuð mikil og sæmilega góð afréttarlönd.

Orð og efni afsala skeri oftast úr um hvað selt er og í þessu tilfelli sé ótvírætt hvað selt er. Verið sé að selja afrétt. Meginregla sé sú að enginn selji meira en hann á og meiri eignarréttur geti ekki framselst en viðsemjandi hafi ráð á. Hins vegar sé alveg ljóst að hægt sé að selja minna. T.d. sé hægt að selja tiltekin afnot án þess að grunnréttur fylgi. Þannig ráði orð og efni afsala miklu þegar skera þurfi úr álitafni eins og því sem hér sé um að ræða. Í þessu tilfelli, með hliðsjón af fyrrnefndum heimildum, sé ljóst að selt hafi verið það sem eigandinn átti. Hann átti bara afréttarland en ekki eignarland.

Í greinargerðinni er síðan vísað til nokkurra dóma Hæstaréttar þar sem á þetta hefur reynt og eru þar taldir: Reyðarvatnsdómur síðari, Geitlandsdómur og dómarnir um Auðkúlu og Eyvindarstaðaheiði þar sem reynir á þetta álitafni. Ekki er annað að sjá en ofangreindir dómur og einkum dómarnir um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði sé greinilega fordæmisgefandi varðandi túlkun á makaskiptasamningnum um Viðborð.

Fjalllendi Viðborðs jarðanna sé einungis hluti af stærra hálendi milli Hoffellsjökuls og Fláajökuls. Hálendi þetta skiptist samkvæmt landamerkjabréfum milli Viðborðs, Rauðabergs og Haukafells. Sömu heimildir og segi Viðborð eiga góð afréttarlönd segi það sama um Rauðaberg.

Eins og komið hafi fram sé allt þetta fjallendi á fjallgangnasvæði Austur-Mýramanna austan Fláajökuls. Í Austur-Mýrum séu fyrsta daginn gengin svonefnd innfjöll, þ.e. Vandræðatungur og Sandmerkisheiði, innsti hluti Kolgrafardals og Fláafjall að vestan. Næsta dag séu svonefnd framfjöll smöluð, þ.e. Viðborðsdalur, Viðborðs- og Rauðabergsfjall, Hálsdalur, Haukafellsheiði, Kolgrafardalur og Fláfjall austan (samkvæmt Jarðabók Ísleifs 1709 eigi jörðin Einholt afrétt 40 sauðum í Flám).

Á þessu afréttarlandi Austur-Mýramanna eigi samkvæmt gerðarbók fasteignarmatsnefndar frá 1916 Rauðabergsjarðirnar sameiginlegan upprekstur og jörðin Bakki sömuleiðis frá því 7 vikur af sumri til miðréttar á hausti. Haukafell eigi upprekstur í þennan afrétt og hafi tekið fé til sumar göngu.

Glöggst megi sjá af framanrituðu að gild rök mæli með því að umrætt landsvæði milli Hoffellsjökuls og Fláajökuls sé þjóðlenda. Hér sé um sameiginlegt leitarsvæði að ræða og landnámsfrásagnir bendi ekki til náms upp í fjöllin. Hvernig þjóðlendulínan verði svo dregin verði að ráðast af staðháttum, kennileitum í landslagi og öðru sem talið sé skipta máli. Kröfulína ríkisins sé talin uppfylla allt það.

Þegar komið sé út fyrir þetta svæði verði fylgt núverandi jökulbrún Fláajökuls að neðan og inn í Heinabergsland. Þá sé komið á afréttarsvæði Suður-Mýramanna, á milli Fláajökuls og Heinabergsjökuls.

Samkvæmt kröfukorti eigi jarðirnar Hólmur, Lambleksstaðir og Einholt land að Fláajökli og fylgi merki þeirra kröfulínu ríkisins og nái ekki upp á jökulinn. Sameiginlegt sé þessum jörðum að heimildum beri saman um að þær hafi ekki átt afréttarlönd og orðið að semja um upprekstur við aðra, eða um rétt í annarra afrétti, eins og Einholt sem samkvæmt gömlum heimildum eigi 40 sauða upprekstur í Flánum í Haukafellslandi.

Fjallendi Suður-Mýramanna kallist einu nafni Heinabergsfjöll. Innfjöll kallist þar Ófærumúli

og Vatnsdalur en framfjöll Austurfjall, Heinabergsdalur og Geitakinn. Sama tilhögun sé á göngum á Suður-Mýrum og Norður-Mýrum. Þó sé þar aðeins ein rétt síðan Heinaberg hafi farið í eyði.

Við gerð þjóðlendukröfu komi til skoðunar sömu sjónarmið og rök og um afréttarlönd Austur-Mýramanna. Allt fjalllendið milli jökla skoðist þjóðlenda. Benda megi á það að hér sé um mikil öræfi að ræða, samanber hæð nokkurra fjalla. Humarkló 1255 m, Ófærumúli 1010 m, Vörðutindur 1057 m, Meingilstindur 1026 m og Hálsatindur 863 m.

Réttur til afréttarnota á þessu gangnasvæði samanber fyrrnefndar heimildir hafi verið talinn tilheyra nokkrum jörðum. Eskey hafi átt upprekstur í Heinabergsdal og sömuleiðis Heinaberg. Um önnur og fjarlægari öræfi sé ekki fjallað.

Aðeins ein jörð hafi átt rétt til lands inn til þessara öræfa en það sé Heinaberg sem nú sé hluti af Flatey. Ekki sé hægt að lesa beint af landamerkjabréfi jarðarinnar að jörðin eigi land inn að jökli en hafa verði þó í huga að jökull hafi legið mikið nær byggðinni við ritun landamerkjabréfsins, en nú sé. Landamerkjabréf Heinabergs sé einkar óljóst. Gerð sé krafa um afréttarrétt til handa jörðinni Flatey byggðan á landrétti Heinabergs. Byggist það ekki á landamerkjabréfinu heldur því aðallega að enginn annar geri tilkall til landsins sem afréttar.

Þjóðlendulínan sé þannig dregin frá suðurodda Fláajökuls og í hálsatind á Austurfjalli og með fram neðsta núverandi jaðri Heinabergsjökuls og þaðan neðst í Skálafellsjökul, en þar séu sveitar-mörk við Suðursveit og taki við land Skálafells.

Ofan þessarar línu sé Hafrafellið sem skiptist milli Mýra og Suðursveitar. Sagt er að Skálafell í Suðursveit og Flatey á Mýrum eigi hvor jörð um sig upprekstur að hálfu í fjallið. Þetta fell sé vestur í Heinabergsjökli eða vestan við jökulinn, æðistórt en lítið grösugt. Það hefur fram á síðustu tíma verið umlukid jökli en nú sé jökullinn eyddur framan við það. Þarna hafi verið hægt að hafa örfáar kindur yfir sumartímann en af fjallinu hafi ekki verið önnur not. Gerð sé krafa til þess að það allt teljist þjóðlenda.

8. SJÓNARMID GAGNAÐILA

8.1. Almenn atriði

Af hálfu jarðeigenda er í kröfulýsingu vísað til þess að á Mýrum hafi frá öndverðu einkum verið stundaður sauðfjárbúskapur. Vegna náttúrulegra aðstæðna á Mýrum, svo og Nesjum og Suðursveit, sé allt land sem nýtt sé með einhverjum hætti frá jörðunum háð einkaeignarrétti jarðeigenda og skiptist eignarlandið í heimalönd og fjalllendi. Í sveitum þessum fyrirfinnst ekki land þar sem bændur hafi einungis stofnað til afnotaréttar til sumarbeitar fyrir sauðfé. Hafi þessu verið svo hátt að allt frá landnámstíð. Hverri jörð fyrir sig fylgi fjalllendi og í sumum tilvikum eigi tvær eða þrjár jarðir sameiginlega fjalllendi og stafi það einkum af því að nýjum jörðum hafi verið skipt úr eldri og stærri jörðum og þá um það samið að hafa fjalllendið sameiginlegt. Af þessum ástæðum geri hvorki hreppar né upprekstrarfélög kröfur um viðurkenningu á afréttum á þessu landsvæði þar sem ekki fyrirfinnst þar afréttir í merkingunni sameiginlegur afnotaréttur margra jarða til sumarbeitar fyrir sauðfé einungis. Hin náttúrulega skýring á þessu fyrirkomulagi sé sú að jarðirnar séu umluktar fjallgördum og jöklum og gangi dalir inn á milli fjallanna og jöklanna. Dalir þessir séu eðlilegt framhald einstakra jarða og eðlilegt framhald heimalanda jarðanna. Þær aðstæður, sem annars staðar kröfðust sameiginlegra sumarbeitalanda fyrir sauðfé á heidum uppi fjarri heimalandinu, eigi ekki við í sveitunum undir Vatnajökli. Stutt sé frá bæjunum til fjalla þeirra og jökla, sem séu ytri landamerki jarðanna til hálendis landsins. Í landamerkjaskránni sé yfirleitt látið nægja að lýsa austur- og vesturmörkum fjallendis þannig að merki séu „að jökli“, „í jökul“ eða „inn jökul“ og því óþarft að lýsa merkjum til jökuls frekar enda jökulröndin náttúruleg mörk jarðanna. Þá séu dæmi þess að í fjalllendi séu dalir sem nýttir hafi verið frá tiltekinni jörð um aldir og landið háð einkaeignarrétti

eigenda tiltekinna jarðar enda þótt slík landsvæði séu ekki í beinu framhaldi af heimalandi og fjalllendi viðkomandi jarðar og sé hér t.d. átt við Reifsdal í Nesjamáli. Að meginstefnu séu það því jökla- ar norðan bæja sem ákvarði merki jarðanna til landsins með eðlilegum hætti. Jökulröndin hafi breyst í aldanna rás og muni halda áfram að breytast. Stundum hörfi jökla og þá ávinnist jörðunum land og stundum skriði jökla fram og leggi undir sig landið. Svo muni enn verða. Hér sé við það miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna ná. Sé hér m.a. höfð hliðsjón af því hvernig sjórinn breyti löndum; ýmist brjóti land eða auki við land.

Á því sé byggt að á Mýrum séu engir afréttir því öll upprekstrarlönd séu þar í einkaeign. Um þetta er vísað til rits Gunnars F. Guðmundssonar, *Eignarhald á afréttum* (bls. 11), þar sem segi:

Í Snæfellsnessýslu og í Austur-Skaftafellssýslu eru engir afréttir að sögn, því að öll upprekstrarlönd eru þar í einkaeign.

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segi, að bókin *Göngur og réttir* I eftir Braga Sigurjónsson sé helsta heimildarritið um afréttarlönd Austur-Skaftafellssýslu. Þar segi svo:

Engin almenningafrétt er í sýslunni. Allt fjalllendi heyrir vissum jörðum til, utan þess að hjáleigur eiga óskipt fjalllendi með aðaljörðum.

Og einnig segi svo:

Eins og fyrr getur er engin almenningafrétt í Austur-Skaftafellssýslu heldur eiga jarðirnar hver sín afréttarlönd. Þegar afréttir þessar eru einangraðar frá afréttum annarra jarða sjá búendur um smölun þeirra einvörðungu en eru hins vegar undanskildir lögsöfnum sveitarinnar.

Í greinargerð jarðeigenda segir að hugtakið afréttur hafi margvíslega merkingu. Ein þeirra sé merkingin land sem einkum er notað til sumarbeitar. Merking orðsins lúti að afnotunum en ekki eignarhaldinu. Þegar orðið sé notað á því svæði, sem hér er um rætt, sé ætíð átt við afnotin enda allt land til jökla háð einkaeignarrétti. Síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti engu þar um og sé sú framkvæmd og reglur, sem um hana gildi, ekki heimild um eignarrétt. Þegar fjallað sé um réttindi eins og eignarrétt að sumarbeitalandi, afréttum, úthaga, engjum og heimalandi jarða verði að hafa í huga að aðstæður séu ekki eins hvarvetna á landi hér. Þær lausnir, sem hafi átt vel við á einu, landsvæði, hafi alls ekki átt við á öðru landsvæði. Vera kunni að á sumum landsvæðum hafi þótt henta m.a. af landfræðilegum ástæðum að bændur ættu sameiginlegt beitarland fyrir sauðfé og hross og til að hafa gripí í seli. Annars staðar hafi sumarbeitalandið verið í beinu framhaldi af heimalandinu og því hluti af hverri jörð. Síðan hafi einstakir bændur, sem ekki áttu nægilegt beitaland, fengið ítök eða önnur afnot af annarra manna beitalandi sem verið hafi háð einkaeignarrétti. Til ítaka verður aðeins stofnað að það sé með samningi milli eigenda landsins og þess sem eignast ítakið. Slíkir samningar hafi verið heimilir og engu breytt um upphaflegan einkaeignarrétt. Því sé með öllu hafnað að hér á landi fyrirfinnist heimildir um að norrænir menn, sem hingað hafi komið, hafi haft tvenns konar heimildir í huga við landnám, annars vegar það sem nú kallast einkaeignarréttur og hins vegar það sem nú kallast takmarkaður eignarréttur.

Engin dæmi séu um að merki hafi verið gerð á jörðunum milli heimalands jarðar og meints afréttar í skilningi ríkisins enda engin þörf vegna þess að allt land sé og hafi verið í einkaeign. Eignir verði hefðaðar hvort sem þær séu eigendalausar eða í opinberri eign. Vekja megi athygli ríkisins á að einkaeignarréttur á sumarbústaðalandi falli ekki niður þó land sé aðeins notað í einn mánuð á ári.

Íslenska ríkið viðurkenni eignarrétt jarðeigenda einnig á tilkallslandinu í greinargerð sinni þar sem segi að allir afréttir tilheyri einstökum jörðum. Viðurkenni ríkið að það viti ekki hvar séu mörk einkaeignarlanda jarðeigenda og þjóðlenda. Í því felist að kröfugerðin sé um að þjóðlendunefnd

ákveði merki að álitum. Fyrir slíku sé engin lagaheimild. Enn segir ríkið í greinargerð sinni að „þar sem eru afréttir þar eru þjóðlendir“. Á þetta sé ekki fallist. Íslenska ríkið leitist við að þröngva einni merkingu í hugtakið afréttur enda þótt það hafi sannanlega aðrar merkingar eins og þegar hafi verið gerð grein fyrir og almennt sé viðurkennt.

Sú kenning ríkisins að allt land, sem einungis sé notað hluta ársins en ekki allt árið, sé þjóðlenda eigi sér enga stoð í réttarheimildum. Ef kenningin væri rétt þyrfti að umbylta öllu eignaskipulagi á landi hér og fylgjast með og skrá afnotin. Hvað um hin stóru sandflæmi við suðurströndina? Hvers vegna geri íslenska ríkið ekki þjóðlendutilkall til þeirra á þeim grundvelli að það land sé svo lítið notað eða jafnvel ekkert? Í þessari afstöðu felist mótsögn og útiloki réttmæti kenningarinnar. Ríkið byggir á því að íbúar á tilteknu landsvæði hafi tekið afréttarland til sumarþeirra fyrir búþening og e.t.v. annarra nota. Notin hafi ákvarðað takmarkaðan eignarrétt og svonefndur grunneignarréttur sé undanskilinn námi eða töku. Þeir sem numið hafi landið hafi einnig felt undir jarðir sínar stór landflæmi á ströndum þar sem ekki hafi verið stingandi strá en þar kunni að hafa verið reki. Hvað valdi þeirri afstöðu ríkisins að halda ekki því fram að rétturinn til þessa lands sé þjóðlenda þar sem réttur ríkisins takmarkist einungis af rétti bænda til rekans.

Þá segir í kröfulýsingu jarðeigenda að fyrir hendi séu landamerkjalyásingar um jarðirnar í landamerkjabók Skaftafellssýslu frá árunum 1884, 1911 og 1921. Þær séu allar lesnar á viðeigandi manntalsþingum og innfærðar í landamerkjabók á árunum 1884, 1885 og 1886.

Næst er vikið að löggjöf um landamerki. Allt til 1. janúar 1920 hafi verið í gildi landamerkjalog, nr. 5/1882, þegar lög nr. 41/1919, um landamerki, hafi leyst þau af hólmi. Rakin eru ákvæði 3., 4. og 6. gr. laganna frá 1882 og skyldur hreppstjóra og sýslumanna skv. lögnum frá 1919. Mikilvægi löggjafarinnar frá 1882 og 1919 sé ekki sist að opinberum valdsmönnum hafi verið falið að sjá til þess að landamerkjalyásingar væru réttar að efni og formi og auki það óhjákvæmilega sönnunargildi þeirra, bæði gagnvart hinu opinbera valdi og einkaaðilum. Landamerkjalyásingar gerðar samkvæmt greindum lögum séu því prima facie sönnun um landamerki jarða og sá sem vefengi þær hafi sönnunarbyrðina. Í tilviki þjóðlendulaga hafi ekki verið ætlunin að haggja við sönnunarreglum íslensks réttar og því verði ríkið að sanna með ótvíræðum og óyggjandi hætti að landamerkjalyásingar séu rangar ef það geri eignartilkall til landa innan landamerkja jarða. Landamerkjalyásingar séu jafnframt sönnun þess að allt land innan landamerkja sé einkaeignarland og sá sem haldi öðru fram hafi um það jafnríka sönnunarbyrði og áður greini. Um sönnun að þessu leyti sé enga stoð að hafa í dómum Hæstaréttar í sakamálum þar sem rjúpnaskyttur hafi verið sýknaðar af refsikröfum ákærvalds vegna veiða án leyfis landeigenda þar sem ákærvaldinu hefur ekki tekist sönnun um eignarrétt að landi. Sönnunarreglur í sakamálum séu með sérstökum hætti og dómarnir hafi því ekkert gildi sem fordæmi um sönnun í einkamálum.

Það sé regla íslensks réttar að þinglesinni eignarheimild verði ekki hnekkta nema fyrir liggi ótvíræð sönnun um að hún sé röng. Í tilvikum allra þeirra jarða, sem hér sé um fjallað, njóti við þinglesinna merkjaskráa sem gerðar hafi verið fyrir u.þ.b. 80-110 árum. Á því tímabili hafi þær ekki verið vefngdar, hvorki af handhöfum opinbers valds né einkaaðilum svo máli skipti fyrir málefni það sem hér sé til úrlausnar. Eigendur og umráðamenn eða fyrirsvarsmenn jarðanna hafi ekki haft tilefni til að halda til haga eldri sönnunargögnum en merkjaskráum um að merkin væru rétt. Samkvæmt almennum sönnunarreglum íslensks réttar verði það land sem er innan marka eignarlands samkvæmt landamerkjaskrá ekki skert nema sá sem tilkall geri sýni fram á ótvíræðan eignarrétt sinn, landamerkjaskráin sé röng og jafnframt að landeigandi samkvæmt landamerkjaskrá hafi ekki unnið eignarhefð á landinu og sé þá átt við þau tilvik þar sem landamerkjaskrá sé eldri en nemi lögbundnum hefðartíma, í þessu tilviki 20 ára óslitið eignarhald á landi.

Í greinargerð jarðeigenda er á það bent að þegar stofnað var til löggjafar um landamerki og skrásetningu þeirra 1882 hafi ætlunin verið að með þeim reglum væri verið að tryggja eignarréttindi landeigenda, auka öryggi í viðskiptum manna á milli og tryggja skattstofn vegna sameiginlegra þarfa. Eftir þá skráningu hafi verið auðveldara að átta sig á því andlagi sem um var að ræða við

veðsetningu og eigendaskipti. Viðsemjendur landeiganda hafi mátt treysta því að það land, sem var innan þinglýstra merkja jarðar, væri háð einkaeignarrétti hins skráða eiganda. Eigandinn hafi ekki þurft að sanna að hann notaði allt landið allt árið til að landið tilheyrði honum. Við skráningu eignarréttindanna hafi þeir sem áttu land að landi jarðareiganda þurft að samþykka merkin. Umboðsmenn almannavaldsins hafi gætt hagsmuna þess og gætt þess að farið væri að lögum. Þær staðhæfingar íslenska ríkisins að engir hafi verið til að gæta þeirra hagsmuna, sem nú felast í þjóðlendufovarsvari, séu rangar. Ef rétt væri að gríðarstórt landsvæði milli eignarlanda og jökla hafi ekki verið háð einkaeignarrétti, þá hefðu þeir sem þar áttu hagsmuna að gæta haft uppi mótmæli gegn merkjalýsingunum enda hefðu þeir verið sviptir mikilvægum hagsmunum. Engin dæmi séu um slík mótmæli á svæðinu.

Það sé rangt hjá ríkinu að þinglesin landamerkjabréf lögum samkvæmt séu samningar sem ekki bindi ríkið. Bréfin séu gerð samkvæmt lagaskyldu og séu jafnt í þágu ríkisins eins og sveitarfélags, eigenda og nágretta, auk eigenda takmarkaðra réttinda. Á grundvelli þeirra hafi skattar verið ákveðnir, svo dæmi sé nefnt. Þeir sem átt hafi eldri heimildarbréf fyrir jörðum sínum er þeir gerðu landamerkjabréf fyrir einni öld hafi ekki haft ástæðu til að varðveita þær heimildir lengur þar sem nýjar hafi verið komnar í stað gamalla.

Í kröfulýsingu jarðeigenda er vísað til dóms Hæstaréttar frá 1981 í Landmannaafréttarmáli þar sem hafnað hafi verið kröfum ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti yfir Landmannaafrétti. Af greinargerð með frumvarpi til þjóðlendlaga verði ráðið að ríkið hafi litið svo á að skilja beri dóminn þannig að löggjafarvaldið geti slegið fullkomnum eignarrétti ríkisins á svonefndar þjóðlendur með almennum lögum. Því sé hér haldið fram að svo sé ekki. Hæstiréttur geti aðeins um að handhafar ríkisvalds geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæða eins og Landmannaafréttar. Almenni löggjafinn geti sett reglur um meðferð og nýtingu hvers kyns landsvæða og hafi reyndar gert það m.a. með almennri löggjöf um skipulag, umhverfismál o.fl. Almenni löggjafinn geti hins vegar ekki slegið eign ríkisins á land það sem nefnt sé þjóðlendur í þjóðlendlögum. Til þess þurfi að breyta stjórnarskrá lýðveldisins. Ríkið geti hins vegar tekið landsvæði, sem háð séu einkaeignarrétti, eignarnámi að uppfylltum skilyrðum stjórnarskrár um almannapörf og fullar bætur.

Því næst er greint frá því að markmið laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sé að ríkið slái eign sinni á hvers konar landsréttindi og hlunnindi í þjóðlendum sem ekki séu háð einkaeignarrétti, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Hvað sem líði stjórnskipulegu gildi laganna, sem hér sé gerður fyrirvari um, sé óumdeilt að í lögum sé viðurkennt að ríkið leiti eftir viðurkenningu á eignarrétti sínum á landsvæðum utan eignarlanda þó að einstaklingar og lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Jafnframt sé viðurkennt í lögum að eignartilkall ríkisins til lands í þjóðlendum sé háð þeim skilyrðum að ekki sé fyrir eigandi sem fari með öll venjuleg eignarráð innan marka lands síns. Samkvæmt almennum sönnunarreglum íslensks réttar hafi ríkið sönnunarbyrðina um ótvíræðan og betri rétt sinn en greini um rétt eiganda í jarðamerkjaskrá eða öðrum heimildarskjölum.

Þá sé það almenn regla íslensks réttar, þegar gert sé tilkall til eignarréttar yfir landi, að tilkallsmaður verði að sýna fram á inntak réttar síns og hvar séu merki landsvæðis hans. Hann verði jafnframt að sýna fram á, þegar réttindum slái saman, að réttindi hans gangi fram. Þegar krafa tilkallsmanns rekist á eignarréttindi annarra yfir landi, sem eignarréttarkrafa sé gerð um, verði tilkallsmaður að sanna að réttindi hans gangi fram. Ekki þurfi annað en að sá sem fyrir sé geti sýnt fram á einhvers konar heimildir sínar yfir landinu til að sönnunarbyrðin hvíli alfarið á tilkallsmanni. Sé eignarheimild þess sem fyrir sé þinglesin samkvæmt lögum hvers tíma sé sönnunarbyrðin svo rík á tilkallsmanni að nánast verði fullyrt að honum sé ókleif sönnunin, sbr. H 1961 629 (Bergþóru-gata), H 1988 422 (Oddhóll) og H 1997 2792 (Laugavellir í Jökuldalshreppi).

Í greinargerð jarðeigenda segir að íslenska ríkið haldi því fram að landeigendur verði hver um

sig að sanna eignarheimildir sínar. Í þessari afstöðu felist að því er virðist að ekki skipti máli að óumdeilt sé og hafi verið um langa hríð hver sé eigandi lands og hver sé lega þess og stærð. Ekki skipti heldur máli að álitu ríkisins að merki jarðarinnar hafi verið skráð opinberri skráningu í meira en eitt hundrað ár án athugasemda af hálfu ríkisins. Virðist á því byggt að með setningu þjóðlendulaga hafi ríkið opnað fyrir eignartilkall nánast að eigin vild til bújarða og því sé heimilt að „nema“ stóra hluta jarða landsmanna án bóta og án almenningsþarfar. Ríkið telji að því sé heimilt að víkja til hliðar lögum um skráningu merkja fasteigna og þinglýsingu eignarheimilda næstum takmarkalaust. Ríkið telji að hagsmunir þeirra sem eiga takmörkuð réttindi yfir jörðunum, svo sem eins og veðhafar, leigutakar og aðrir afnotafar skipti hér engu máli og ekki gefið þessum aðilum kost á að gæta réttar síns. Ákvörðun nefndarinnar muni því ekki binda þessa réttthafa og í þeim tilvikum, þar sem jarðir verði skertar samkvæmt þjóðlenduþilkalli ríkisins, verði að skilgreina jörð með tvennum hætti, hina veðsettu jörð sem yrði seld eins og þinglesin merki ákvarða á uppboði og þá jörð sem nefndin hafi ákveðið að eigandinn megi halda eftir að kröfur ríkisins hafi náð fram að ganga að öllu eða einhverju leyti. Kaupandi á uppboði muni því eignast samkvæmt þessu meira land en eigandinn eigi. Sá eignarréttur myndi síðan haldast óbreyttur. Þá skuli þess getið að komi til þess að núverandi eigandi hafi eignast jörðina á grundvelli landamerkaþréfs sem gert sé samkvæmt lögnum frá 1890 á síðustu áratugum þá eigi hann ekki aðeins kröfur á hendur heimildarmanni sínum heldur og íslenska ríkinu fyrir skerðingu lands sem hann hefur keypt og greitt fyrir að fullu. Þá þýði lítið fyrir ríkið að bera fyrir sig að kaupandinn geti ekki sýnt fram á eignarheimild sína í Landnámu!

Ef ríkið geti ekki fallist á að þinglýstar aldargamlar eignarheimildir séu nægileg skilríki fyrir eignarrétti að jörðum þá verði að líta til áhrifa hefðar. Í íslenskum rétti hafi ætíð gilt hefðarreglur um fasteignir og nú síðast frá 1905. Jarðeigendur geti því einnig sýnt fram á eignarrétt sinn með vísan til réttarreglna um hefð. Þeir hafi haft þessi lönd í vörslum allan þennan tíma. Enginn geti sýnt betri vörslur á landinu en bændurnir sem noti það í ýmsu skyni. Um sé að ræða miklu víðtækari og ítarlegri not heldur en upprekstrarnot, t.d. í Árnessýslu, þar sem talað sé um silung og sauðbeit.

Í kröfulýsingu jarðeigenda segir að afar erfitt sé að henda reiður á aðferðafræði að baki kröfum ríkisins. Þó virðist á stundum miðað við túlkun á lýsingum í Landnámu en öðrum þræði viðurkennt að heimildir um nám lands skorti. Jafnvel sé á stundum gengið svo langt að segja að þar sem heimildir skorti um landnám verði að túlka það bændum í óhag en ríkinu í hag. Þá séu hafðar frammi kenningar um frumstofnun landréttar norrænna manna í Vestur- og Norður-Evrópu og gengið út frá því að ætíð hljóti landnám að hafa verið annars vegar fölgid í því að nema land til eignar og hins vegar til afnota til sumarbeitar eingöngu. Af þessum ástæðum telji ríkið óhjákvæmilegt að leitast við að skipta löndum jarða á Mýrum í eignarlönd og afréttareign en í afréttareign felist að sögn ríkisins einungis takmörkuð afnot til sumarbeitar og því geti ríkið slegið eign sinni á hluta jarðanna. Nýtingin ráði eignarhaldinu en ekki eignarheimildir. Þá segi að hafi land verið notað einungis sem afréttarland, þá skipti eignarheimildir engu máli heldur verði að leggja allt slíkt land til þjóðlenda. Ríkið velji að lokum þá aðferð að taka einungis „mið af staðháttum, víðáttu, öræfalandslagi, en þó er eitthvað af undirlendi, sem verður að fylgja með“.

Af hálfu jarðeigenda er því jafnframt með öllu hafnað að ritið Landnáma geti ráðið einhverju um landamerki eða eignarréttarlega stöðu jarða á Mýrum. Landnáma hafi verið færð í letur hundruðum ára eftir að landnámi hafi lokið sé miðað við tímabilið 874-930 sem landnámstímabilið. Hún sé ekki byggð á rituðum samtímaheimildum heldur munnlegri geymd sem sé afar ótraust. Tilgangur með ritun Landnámu hafi ekki verið sá að lýsa landamerkjum heldur allt annar. Þá séu til margar gerðir Landnámu og beri ekki öllum saman.

Þá segir í greinargerð jarðeigenda að af hálfu ríkisins hafi verið lögð megináhersla á þýðingu Landnámu sem eins konar réttarheimildar um eign á jörðum hér á landi allt til þessa dags. Sé jafnvel látið að því liggja að þær jarðir einar séu háðar einkaeignarrétti sem lýst sé í Landnámu. Ekkert

tillit virðist tekið til þess að landnám Íslands sé almennt talið hafa farið fram áður en til ríkisstofnunar kom hér á landi sem sé talið hafa verið árið 930. Fram að þeim tíma hið skemmsta hafi engin ein lög verið í gildi í landinu og jafnvel engar bindandi reglur. Landnám í ónumdu landi geti ekki verið háð réttarreglum, eða eftir hvaða reglum skyldi fyrsti landnámsmaðurinn hafa farið? Víst sé að ekki hafi þeir sem hér numdu land flutt með sér reglur um landnám frá öðrum löndum og fjarstæðukennt að þeir sem taldir séu hafa flúið konungsvaldið í Noregi hafi leitað til konungs um fyrirkomulag landnáms hér á landi eða hlýtt hans ráðum. Íslendingar hafi lengstum haft sterka löngum og reyndar þörf til að trú á sannleiksgildi fornra bóka um upphaf sitt og sögu. Hinar fornu bækur hafi m.a. verið notaðar í frelsisbaráttu þjóðarinnar og þangað sótt rök fyrir kröfum þjóðarinnar. Í þeirri baráttu hafi margir lögfræðimenntaðir menn tekið þátt. Því sé ekki að undra þótt enn eimi eftir af þessari trú á sannleiksgildi hinna fornu bóka meðal lögfræðinga. Þessi trú hafi að nokkru birst í dómum Hæstaréttar og sýni að enn sé trú þessi við lýði þótt dauf sé. Þrátt fyrir þessa trú á sannleiksgildi Landnámu þá sé komið að því að nota aðrar og traustari heimildir um eignarrétt að jörðum og stærð þeirra.

Ef rétt sé að landið hafi að mestu verið numið á tímabilinu 874 til 930 þá beri að hafa í huga að veðurfari og gróðri hafi verið háttáð með öðrum hætti þá en nú. Rannsóknir síðari tíma staðfesti að landið hafi verið „viði vaxið milli fjalls og fjöru“. Það sem nú sé örfoka land hafi þá verið þá gróið land hentugt til afnota fyrir sauðfé og annan búsmala, meðal annars í seli, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Þeir sem námu land inn til landsins hafi að sjálfsögðu gert sér grein fyrir þýðingu beitilandsins fyrir búsmalann og gætt þess að landnám þeirra næði ekki aðeins til bæjarstæðis, engja og beitilands fyrir kýrnar heldur og alls þess lands sem nauðsynlegt hafi verið til búskaparins, þar á meðal sumarbeitilands fyrir sauðfé. Það sé eitt af einkennum landnáms Evrópumanna í öðrum löndum að tryggja sér nægilega stórt landrými til athafna og það langt fram yfir þarfir í upphafi. Tilgangur þess að taka sig upp til að setjast að í öðru landi hafi ekki síst verið sá að tryggja sér nægilegt landrými. Íslenskir bændur hafi þegar gert sér grein fyrir því að sauðfé þeirra leitaði til fjalla til sumararbeitar og án þess að eiga slíkt land hlytu þeir að búa við fátækt. Hvers vegna skyldu þeir þá hafa takmarkað landnám sitt þannig að þeir eignuðust ekki einnig beitarlandið, sérstaklega þar sem það var í beinu framhaldi af heimalandinu? Þeim hafi mátt vera augljóst að ef þeir ekki næmu einnig það land myndu aðrir gera það og þeir því missa sumararbeitina fyrir sauðféð. Minnt sé á að landið hafi snemma orðið fullbyggt miðað við búskaparhætti sem þá tíðkuðust og stafi það m.a. af því að land allt hafi verið numið, einnig til fjalla vegna sumararbeitar. Hefði landið utan heimalanda ekki verið numið hefði landnámsmönnum fjölgað og landið fljótlega orðið ofsetið.

Í kröfulýsingu er enn fremur með öllu hafnað þeirri kenningu ríkisins að í upphafi hafi land einungis verið numið með tvennum hætti, annars vegar sem fullkomið eignarland og hins vegar sem afréttur og hann hafi einungis verið háður takmörkuðum eignarrétti eða afnotarétti. Hugtakið afréttur sé iðulega notað um landsvæði sem sé m.a. notað þannig að sauðfé sé rekið þangað á beit, einkum á sumrin en einnig sé talað um vetrararbeit á afréttum. Landsvæði sé lýst eftir aðalnotum þess en það hafi ekkert með eignarhald að gera. Ríkið hafi leyft sér að skilja hugtakið afréttur þannig að það merki einungis takmörkuð eignarréttindi og þar af leiðandi talið alla afrétti í umræddum héruðum til þjóðlendna á þeim forsendum að afréttirnir gætu ekki verið háðir einkaeignarrétti.

Þá er greint frá því að íslenska ríkið vitni til rits Braga Sigurjónssonar, *Göngur og réttir I*, og telji það vera helsta heimildarrit um afréttarlönd Austur-Skaftafellssýslu. Þar segi að engin almenningsafrétt sé í sýslunni og að allt fjalllendi tilheyri vissum jörðum utan þess að hjáleigur eigi óskipt fjalllendi með aðaljörðum. Ekki leiki neinn efi á merkingu hugtaksins almenningsafrétt en það merki afrétt sem ekki sé hluti af einstakri jörð a.m.k. í upphafi heldur einhvers konar sameiginlegur afnotaréttur eða sameign héraðsmanna. Enda þótt ríkið viðurkenni heimildargildi rits Braga og reki staðhæfingar hans um eignarrétt að fjalllendinu í héruðunum hafni ríkið þessari heimild eins og reyndar flestum öðrum sem það vitni þó til án þess að sýna fram á vankanta þeirra sem heimilda.

Á þessum heimildum verði þó að byggja þar til sannað hafi verið að þær fái ekki staðist. Sá sem leggi fram sönnunargögn, sem hann telur efnislega röng, verði að sanna að svo sé.

Þá grípi ríkið til þess að vísa til staðhátta, víðáttu og öræfalandslags og dragi tilbúna markalínu milli eignarlanda og þjóðlenda sem eigi sér enga stoð í neins konar heimildum, hvorki sögulegum eða lögfræðilegum. Línur þær, sem ríkið miði kröfur sínar við, eigi sér enga stoð í neinum þeim heimildum sem óbyggðanefnd sé heimilt að styðjast við. Línurnar séu dregnar eftir tilfinningu um hvað sé að áliti ríkisins eðlilegur nýtingarréttur jarða með tilliti til gróðurfars, hæðalína, nálægðar við öræfin og fleiri atriða. Þó sé viðurkennt að landamerkjalinur hafi „visst sönnunargildi jafnvel þó þær séu einhliða“. Á Mýrum njóti við landamerkjalyýsinga sem ekki séu einhliða heldur samþykktar af öllum sem hagsmuna hafa að gæta, þar á meðal sýslumönnum sem umbodsmönnum almannavaldsins. Úr því ríkið telji að viðurkenna verði „visst sönnunargildi“ einhliða merkjalyýsinga hljóti það að verða að leggja samþykktar og staðfestar merkjalyýsingar, sem þinglesnar hafa verið, til grundvallar þjóðlendukröfum sínum.

Tekið er fram að hugsanlegt væri að landeigendur og ríkið gætu komið sér saman um að miða merki eignarlands við gróðurfar, hæðarlínur, nálægð við öræfi og fleiri atriði, ef sú aðstaða gæti komið upp að ákveða þyrfti þetta í tómarúmi, þ.e. ef ekki nyti við neinnar sögu eða eignarheimilda, við aðstæður handan eins konar hulu fáfræði. Væri svo um samið sé þó augljóst að ekki yrði sam-mælst um markalínur dregnar með þeim hætti sem gert sé í kröfulýsingu ríkisins. Jöklar í þessum héruðum séu svo nálægt bæjarstæðunum að þeir séu náttúruleg mörk, ekki sist með hliðsjón af þörf þessa landrýmis fyrir sauðfé jarðanna og til annarra nota. Fjalllendið hafi verið nýtt með ýmsum öðrum hætti en til beitar fyrir sauðfé á sumrum. Þá hefði að sjálfsögðu ekki náðst samkomulag um að draga markalínur yfir láglandisdali þvera eins og ríkið geri í kröfulýsingu. Á þessu sé vakin athygli í því skyni að sýna fram á að ríkið lýsi aðferðafræði til ákvörðunar merkja en fari síðan ekki eftir henni. Vakinn sé athygli á því að ríkið lýsi því á stundum yfir að tiltekið landsvæði sé eign tiltekinna jarðar en taki landið síðan af jörðinni í kröfulýsingu sinni. Aðferðafræðinni sé hafnað þegar af þeirri ástæðu að hún eigi sér ekki stoð í lögum og rétti.

Þá sé hafnað þeirri málsástæðu ríkisins að markalínur í landamerkjaskrárám séu stundum þannig að ekki sé með lýsingunum verið að lýsa landamerkjum heldur að land jarða sé innan þeirra lína sem getið sé. Í öllum tilvikum sé verið að lýsa landamerkjunum sjálfum í landamerkjalyýsingunum. Ekki sé heldur fallist á að í sumum tilvikum sé í merkjalyýsingum verið „að taka tiltekið mið“ frekar en að lýsa landamerkjum. Ætíð sé verið að lýsa merkjunum sjálfum.

Loks vísa jarðeigendur til ýmissa lagaákvæða. Vitnað er m.a. til 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins; landamerkjalaga nr. 5/1882; laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl.; laga nr. 21/1986, um afreittarmálefni, fjallskil o.fl.; jarðalaga nr. 65/1976; laga nr. 46/1905, um hefð; þinglýsingalaga, nr. 39/1978; laga nr. 44/1999, um náttúruvernd; skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997; laga nr. 58/1998, um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Þá er vísað til laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, þar sem segi að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu „sameign íslensku þjóðarinnar“. Í lögnum komi fram sú löggjafarstefna að almannahagsmuna sé best gætt með því að einkaaðilar fái leyfi til að veiða í atvinnuskyni og aflaheimildum skuli úthluta til einstakra skipa. Í þessari löggjöf um eina af helstu náttúruauðlindum landsins sé á því byggt að úthlutun til einkaaðila á veiðiheimum eftir veiðireynslu fiskiskipa þeirra leiði til bestu meðferðar á náttúruauðlindinni. Sé almannahag best borgið með þessum hætti. Fram til þess að upp var tekin löggjafarstefna þessi hafi aðgangur að fiskveiðum í sjó verið frjáls hýrlendum borgurum. Landið sé einnig ein af helstu náttúruauðlindum Íslands. Það hafi að mestu verið háð einkaeignarrétti frá land-námstíð að miðhálandinu undanskildu. Kröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins um skerðingu þeirra landareigna, sem um aldir hafa heyrt undir jarðir, gefi til kynna þann skilning framkvæmdavaldsins að í þjóðlendulögnum felist annars konar löggjafarstefna en um fiskveiðar gildi og hún sé sú að þrátt fyrir þúsund ára eignarhald sé málum nú best þannig komið að sem minnst af landi verði í

einkaeign en sem mest undir forræði ríkisins. Þrátt fyrir viðtækar kröfur framkvæmdavaldsins í málinu er því haldið fram að kröfugerðin styðjist hvorki við löggjafarstefnu sem mótuð sé í þjóðlendlögunum né við einstök ákvæði laganna. Því sé hér haldið fram að tilgangur og stefna þjóðlendlaganna sé að tryggja almenna viðurkenningu á viðtækum einkaeignarrétti bænda á jörðum sínum með öllu því landi sem heimildir bendi til að tilheyri jörðunum. Það land, sem þar sé utan við og ágreiningslaust sé að hafi aldrei tilheyrt einstökum jörðum, upprekstrarfélögum og sveitarstjórnnum, skuli hins vegar falla undir svonefndar þjóðlendur. Ekkert hafi komið fram sem bendi til að Alþingi hafi ekki verið þeirrar skoðunar við samþykkt þjóðlendlaganna að landi væri almennt best komið í höndum bænda og annarra sem landið nota og að einungis annað land, sem með engu móti gæti talist til eignarlands, skyldi teljast ríkisland eða þjóðlenda. Af þessu leiði að við túlkun þjóðlendlaga, er til úrskurðar komi um kröfur ríkisins, beri að hafa í huga og taka mið af þessari löggjafarstefnu eigendum landsins í hag.

Komi til dómsmála út af úrlausnum óbyggðanefndar um merki jarða og þjóðlendna er áskilinn réttur til að draga í efa stjórnskipulegt gildi þjóðlendlaga og enn fremur að halda því fram að einhliða skipun úrskurðarnefndar af hálfu annars málsaðilans sé í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár, þar á meðal um réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

8.2. Einstakar jarðir

Vegna Viðborðs og Viðborðssels er vísað til landamerkjaskrár, dags. 12. maí 1884, þingl. 6. maí 1886 og nr. 20 í landamerkjabók Skaftafellssýslu. Einnig er vísað til lögfestu frá 8. maí 1782.

Vegna Rauðabergs I og II er vísað til landamerkjaskrár, dags. 9. júní 1885, þingl. 9. júní 1888 og nr. 56 í landamerkjabók Skaftafellssýslu, auk uppdráttar af Rauðabergslandi frá 20. apríl 1792 og jarðamats frá 1916.

Vegna Haukafells er vísað til landamerkjaskrár, dags. 2. maí 1884, þingl. 11. maí 1885 og nr. 8 í landamerkjabók Skaftafellssýslu. Þá segi svo í greinargerð ríkisins: „Haukafell á land allt frá Rauðabergslandi að austan og að Fláajökli vestur.“ Einnig er vísað til Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu, jarðamats frá 1916 og þess að í kröfulýsingu ríkisins segi að Haukafell eigi allt land frá Rauðabergslandi að austan og að Fláajökli að vestan.

Vegna Heinabergs, Flateyjar og Eskeyjar er vísað til landamerkjaskrár fyrir Heinaberg, dags. 12. maí 1884, þingl. 19. maí 1884 nr. 2 í landamerkjabók Skaftafellssýslu, landamerkjaskrár fyrir Flatey, þingl. 6. maí 1886 og nr. 21 í landamerkjabók Skaftafellssýslu og landamerkjaskrár fyrir Eskey, dags. 12. maí 1884, þingl. 19. maí 1884 og nr. 1 í landamerkjabók Skaftafellssýslu. Þá segi svo í greinargerð ríkisins: „Heinaberg á ... og til norðurs fjalllendi allt innan Fláajökuls annars vegar og Heinabergsjökuls hins vegar.“ Jafnframt er vísað til jarðamatsbókar 1849, lýsingar á Einholtsprestakalli í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu, Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu og árbókar Ferðafélags Íslands 1993.

9. VIÐAUKI VIÐ ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá bls. 105.

10. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

10.1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst

koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.¹ Loks verður gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

10.2. Landnám

Í kafla 6.1. er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi á því svæði sem síðar var nefnt Mýrar. Þar er nafngreindur landnámsmaðurinn Hrollaugur Rögnvaldsson sem nam land austan frá Horni til Kvíár. Landnám Hrollaugs hefur því náð yfir Mýrar og allt vestur í Örafasveit. Landnám sitt á Mýrum seldi Hrollaugur öðrum manni og eru mörk þess landsvæðis einnig nokkuð glögg, þ.e. frá austri til vesturs: „allt frá Viðborði suður um Mýrar og til Heinabergsár“. Landnámsmörkum er hins vegar hvorki lýst til sjávar né inn til heiða. Í þessu samhengi má þó hafa til hliðsjónar það sem segir í Landnámabók að sumir þeir sem fyrstir komu til landsins hafi reist sér bú við fjallsrætur („byggðu næstir fjöllum“) til að nýta þar landkosti, einkum beitina.

Land á Mýrum er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra. Frá ströndinni og upp að sporðum skriðjöklanna er undirlendi en næst jökli er fjalllendi og heiðarlönd. Nokkrir megindalir ganga inn í hálendið langleiðina inn að jöklum sem framlenging á undirlendinu. Hálendi og jöklar blasa við frá fjöru séð og fjarlægðir þar á milli eru ekki verulegar, u.þ.b. 12-25 km. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Mýrum verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni, sbr. kafla 5.2. og 5.4.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður að telja fremur líklegt að land á Mýrum hafi verið numið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

10.3. Heinaberg

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Heinabergs, dags. 12. maí 1884 og þingl. 19. maí 1884, ásamt Heinabergsjökli, fremsta hluta Vatnajökuls á milli Ófærumúla, Vatnsfallabotns og Rótarfjalls og landsvæði því framan við Skálafellsjökul, Hafrafellsháls og Heinabergsjökul sem kröfugerð leigjanda Heinabergs tekur einnig til.

Að Heinabergi liggja jarðirnar Eskey og Flatey að sunnan og vestan og næstu jarðir við Flatey eru Sævarhólar og Skálafell í Suðursveit. Austan við Heinaberg er Fláajökull ásamt jörðinni Hólmi. Til norðvesturs og vesturs er Vatnajökull og skriðjökullinn Heinabergsjökull ásamt Skálafellsjökli. Að sunnanverðu er undirlendi en inn á milli skriðjöklanna rís fjalllendi og heiðarlönd.

Skörp skil eru á milli undirlendis og fjalllendis fyrir landi Heinabergs, svo sem víðast annars staðar á Mýrum. Á milli Heinabergsjökuls og Fláajökuls eru Heinabergsfjöll. Þar er m.a. Hálsatindur, 863 m á hæð, en hæsti tindur er 1266 m hæð við jökulröndina. Heinabergsdalur, um 7 km að lengd, sker fjallendið að endilöngu og út frá honum ganga margir hliðardalir. Neðsti hluti dalbotnsins er í um 100 m hæð en efsti hlutinn í um 230 m hæð. Sunnan Heinabergsdals er fjallið Geitakinn sem er hæst 725 m og liggur að Heinabergsjökli. Norðvestar og hærra í fjallendinu er Vatnsdalur og sunnan hans er Rótarfjall. Fyrir austan Heinabergsjökul liggja smájöklar sunnan í hlíðum fyrir botni Vatnsdals og eru þeir nafnlausir. Á milli Heinabergsjökuls og Skálafellsjökuls er Hafrafell, hæst um 1000 m.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því neðst í Skálafellsjökli þaðan sem gömlu sveitarfélagamörkin og landamerkjalinna Skálafells skera jökulröndina, yfir Heinabergsdal í Hálsatind og þaðan í vesturhorn Fláajökuls þar sem hægt er að draga beina línu fyrir utan Fláajökul í Hálsatind og síðan austur meðfram jökulrótum Fláajökuls.

¹ Umfjöllun um einstök örnefni byggist á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppsláttaritum, svo sem Árbókum Ferðafélags Íslands.

Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda á norðvesturhluta þess landsvæðis sem liggur á milli Fláajökuls og Heinabergsjökuls. Heinaberg er í eigu Landnáms ríkisins og íslenska ríkið lýsir einnig kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta Heinabergs, samkvæmt landamerkjalyásingu, sem liggur sunnan við framangreinda kröfulínu en um afréttarrétt jarðarinnar innan þjóðlendu að jökulrönd. Kröfum íslenska ríkisins vegna þjóðlendu er nánar lýst í kafla 3.1.1. og vegna Heinabergs í kafla 3.1.2.

Leigjandi Heinabergs hefur hins vegar lýst kröfu um að sama landsvæði teljist eignarland, þó þannig að norðurmerki fylgi þekktum kennileitum sem sum eru innan jökulrandar, auk þess sem Heinabergsjökull er þá nánast allur innan Heinabergslands. Að því leyti sem miðað er við jökulrönd ráði lega jökulsins á hverjum tíma. Kröfum leigjanda er nánar lýst í kafla 3.3.

Af hálfu ríkisins hefur því verið mótmælt að kröfur leigjanda komist að í máli þessu og af hálfu leigjanda Heinabergs hefur því verið mótmælt að íslenska ríkið sé bæði sóknar- og varnaraðili í sama máli.

Heinaberg er sem að framan segir í eigu Landnáms ríkisins. Kröfugerð leigjanda byggist á leigusamningi við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins, dags. 28. janúar 1993, og viðauka frá 11. júní 1993, um leigu á jörðunum Flatey I og hluta af jörðinni Flatey II og III, ásamt Eskey og Heinabergi. Réttur hans er því kominn undir eignarréttindum íslenska ríkisins. Þar sem íslenska ríkið gerir hins vegar kröfu til þess að Heinaberg sé að hluta innan þjóðlendu telur óbyggðanefnd rétt að röksemdir leigjanda um beinan eignarrétt séu teknar til athugunar í málinu, sbr. ákvæði 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um rannsóknarskyldu nefndarinnar. Þá er um það kveðið í ákvæði 11. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, að fjármálaráðherra skuli fara með fyrirvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu. Með vísan til þessa ákvæðis telur óbyggðanefnd ekki ástæðu til að gera athugasemd við aðild íslenska ríkisins að þessu máli.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er vísað til þess að heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til þess að það hafi náð upp í fjalllendið. Í slíkum tilvikum hafi dómstólar gert ríkari kröfur til sönnunar beins eignarréttar en ella og litid til staðhátta, víðáttu og gróðurfars sem hér mæli þar í mót. Hér séu mikil öræfi, sbr. Humarkló (1255 m), Ófærumúla (1010 m), Vörðutind (1057 m), Meingilstind (1026 m) og Hálsatind (863 m). Jafnframt er vísað til heimilda um afrétta- not og þess að landið hafi verið smalað af fjallskilastjórn. Hvernig þjóðlendukröfulinan sé dregin ráðist af staðhátum, kennileitum í landslagi og öðru sem talið sé skipta máli. Einnig sé á því byggt að um 1882, þegar landamerkjalyög tóku gildi, hafi jökull verið niður í byggð svo merkjalýsingar hafi ekki náð nærri eins langt og jöklar séu nú.

Af hálfu leigjanda Heinabergs er því haldið fram að á Mýrum séu engir afréttir í merkingunni sameiginlegt upprekstarland, sbr. kafla 8. Allt land sé háð einkaeignarrétti jarðeigenda. Bændur þarfnist alls lands að jökulrótum og hafi ætíð farið með sem einkaeignarland. Hugtakið afréttur sé notað til að tákna afnot en ekki eignarhald. Nýting lands ráði ekki eignarhaldi og síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti þar engu um. Vísað er til landamerkjalybréfs jarðarinnar og ákvæða landamerkjalyaga sem hafi m.a. haft þann tilgang að tryggja eignarrétt landeigenda. Jafnframt er byggt á sönnunargildi ómótmæltra þinglýsinga og hefð. Heimildargildi Landnámu er mótmælt en talið að menn hafi gætt þess að nema það land sem nauðsynlegt var til búskaparins, þ. á m. sumarbeitiland fyrir sauðfé, auk þess sem veðurfar og gróður hafi verið með öðrum hætti á landnámsöld en nú.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Heinabergi er rakin í kafla 6.2. Þar kemur fram að Heinabergs er getið í heimildum frá lokum 17. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Heinabergs er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 12. maí 1884 og þingl. 19. maí sama ár. Bréfið er áritað af hálfu Flateyjar en ekki Hólms og Eskeyjar. Merki jarðarinnar í suður og austur eru tilgreind en lýsing til vesturs óljós, auk þess sem norðurmerkjum er ekki lýst sérstaklega.

Suðurmörkjum Heinabergs, gagnvart Eskey, er þannig lýst í landamerkjabréfinu að þau séu við þverlínu sem hugsast dregin úr Hestgerðishnútu í Suðursveit, fremst í nyrsta hólinn á Gerfisholti og í bleiku skriðu í Setbergsheiðinni og er þá komið yfir í Nes. Landamerkjabréf Eskeyjar, dags. 12. maí 1884 og þingl. 19. maí sama ár, er áritað af hálfu Heinabergs. Eskey er utan við kröfusvæði ríkisins. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Austurmörkjum Heinabergs, gagnvart Hólmi, er þannig lýst í landamerkjabréfi Heinabergs 1884 að þau liggja úr vörðu í eystra Sandskeri, sjónhending í vörðu sem stenst á við fyrrnefnd þvermörk til suðurs. Eystra Sandsker er ekki að finna á örnefnaskrá eða kortum en Stóra- og Litla-Sandsker eru þekkt og liggja skammt austan við Heinabergsnes. Samkvæmt landamerkjabréfi Hólms, dags. 23. apríl 1890 og þingl. 11. maí 1891, eru mörk jarðarinnar til vesturs „í tópt, sem stendur í miðju Brúarholti, svo þaðan beint í litla Sandsker og síðan beint í jökul“. Landamerkjabréf Hólms er áritað af hálfu Heinabergs. Líklegt verður því að telja að miðað sé við sömu sandskerin í báðum bréfum enda þótt heiti þeirra séu með tilbrigðum. Hólmur er utan við kröfusvæði íslenska ríkisins. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Suðvesturmerkjum Heinabergs, gagnvart Flatey, er lýst þannig að þau liggja „Úr kletti þar sem Höfðarnir ná lengst vestur með jöklinum; þaðan sjónhending út þangað, sem Hestgerðishnútan fremst ber í nyrsta hólinn á Gerfisholti, og í bleiku skriðu í Setbergsheiðinni“. Lýsing þessi er ekki skýr en eðlilegt virðist að skýra hana svo að efsti tilgreindi landamerkjapunktur til norðvesturs sé klettur sá sem staðsettur er þar sem Höfðarnir ná lengst vestur með jöklinum. Þaðan virðist tekin sjónhending í framangreinda þverlínu en stefnan er ekki tilgreind og því óljóst hvar línurnar tvær skuli skerast. Í landamerkjabréfi Flateyjar, ódags. en þingl. 6. maí 1886, er merkjum lýst af fjörinni austan í svonefndan Hreiðurshól og svo sjónhendingu austan í Flateyjarstöðulinn og loks „í syðsta klettinn í Heiðnabergshöfðum“. Landamerkjabréf Flateyjar er áritað af hálfu Heinabergs og gagnkvæmt.

Höfðar á þessu svæði eru tveir, Innri- og Fremri-Höfðar, en skammt er þeirra á milli. Innri-Höfðar liggja vestar og norðar en Fremri-Höfðar. Með hliðsjón af orðalaginu „Úr kletti þar sem Höfðarnir ná lengst vestur með jöklinum“ í landamerkjabréfi Heinabergs, þar sem merkjum er lýst frá norðri, er eðlilegt að líta svo á að þar sé miðað við vestasta klettinn í Innri-Höfðum þar sem þeir liggja vestar en Fremri-Höfðar. Í landamerkjabréfi Flateyjar, þar sem merkjum er hins vegar lýst úr suðri, er tekin sjónhending austan í Flateyjarstöðulinn og loks „í syðsta klettinn í Heiðnabergshöfðum“. Í því samhengi verður að telja eðlilegt að miða merki Flateyjar við syðsta klettinn í Fremri-Höfðum.

Með hliðsjón af landamerkjabréfum Flateyjar og Eskeyjar er eðlilegt að draga þá ályktun að stefna sú sem vantar í bréf Heinabergs, milli Innri-Höfða og þverlínu, miðist við Hreiðurshól, Flateyjarstöðulinn og Fremri-Höfða. Ella fengi ekki staðist sú fullyrðing í bréfi Eskeyjar að jörðin eigi land inn að þvermörkjum Heinabergs.

Samkvæmt framangreindum landamerkjabréfum frá 1884 og 1886 á jörðin Flatey austurmerki, gagnvart Heinabergi, í Fremri-Höfðum. Vesturmerki Flateyjar, gagnvart Sævarhólum í Suðursveit, miðast við Hánípu, sbr. landamerkjabréf Flateyjar og einnig landamerkjabréf Sævarhóla, dags. 1. maí 1922 og þingl. 13. júlí 1922. Skálafell í Suðursveit er næsta jörð til vesturs við Sævarhóla. Samkvæmt landamerkjabréfi Skálafells, dags. 1. maí 1921 og þingl. 13. júlí 1922, liggja merki Skálafells og Sævarhóla einnig í Hánípu. Jafnframt segir að merki milli Skálafells og Heinabergs liggja úr Hánípu og í Snjófjall vestast. Landamerkjabréf Skálafells er áritað af eigendum Heinabergs en ekki af hálfu Flateyjar.

Eigendur Skálafells og Heinabergs virðast þannig gera með sér samkomulag árið 1921 um að færa vesturmerki Heinabergs úr Innri-Höfðum 1884 suður í Hánípu 1921. Á þeim tíma þegar landamerkjabréf Heinabergs og Flateyjar eru gerð, 1884 og 1886, hafa Höfðarnir verið skammt undan og upp með Heinabergsjökli. Hánípa er sunnar en Innri og Fremri-Höfðar og nær Skálafellsjökli. Inn á milli Heinabergsjökuls og Skálafellsjökuls er Hafrafell. Þegar landamerkjabréf Skálafells er gert 1921 hafði jökullinn hopað umtalsvert til vesturs frá Höfðum og Hánípu en fjallið var þó umlukið jökli. Landamerkjabréf Skálafells gerir ráð fyrir því að landsvæðið, sem komið var undan jökli árið 1921, vestan við efstu merkjapunkta Flateyjar til austurs og vesturs, þ.e. Hánípu og norður í Fremri-Höfða, sé innan merkja Heinabergs. Í þessu felst fyrst og fremst breyting á merkjum Heinabergs en einnig Flateyjar. Hvorki verður þó séð að eigendur Flateyjar hafi átt þar aðild né að þeir hafi hreyft við mótmælum. Af hálfu Flateyjar hafa ekki verið gerðar kröfur um að þetta land teljist til eignarlands þeirrar jarðar.

Um aldar skeið eða meira náðu sporðar Heinabergsjökuls og Skálafellsjökuls saman framan við Hafrafell en fyrir miðja síðustu öld slitnaði í sundur. Heinabergsjökull hefur nú hopað á fjórða kílómetra síðan hann náði hámarki undir aldamótin 1900 og Fláajökull hefur einnig hopað allört. Eftir að jöklarnir slitnuðu í sundur hefur verið opið inn að fellinu frá Heinabergi enda þótt yfir Kolgrímu sé að fara en Skálafellsjökull lokar enn fyrir gagnvart Skálafelli. Lína sú, sem í landamerkjabréfi Skálafells er dregin úr Hánípu í Snjófjall, liggur yfir Skálafellsjökul, Hafrafellsháls og Heinabergsjökul. Fremsti hlutinn á Hafrafellshálsi er austan við þessa línu en Hafrafellið sjálft vestan hennar.

Af hálfu leigjanda Heinabergs er gerð sú aðalkrafa að merki jarðarinnar nái inn á Vatnajökul, nánar tiltekið þannig að Heinabergsjökull sé allur innan merkja og þeir hlutar Vatnajökuls sem lenda innan línu sem dregin er á milli kennileita í jaðri Vatnajökuls, á milli Ófærumúla og Rótarfjalls. Kröfu þessari til stuðnings er fyrst og frest vísað til landamerkjabréfs jarðarinnar og þess að ákveðið hafi verið að gefa óbyggðanefnd kost á að taka afstöðu til fastrar línu gagnvart jökli í stað þess að láta hana fylgja jökuljaðri á hverjum tíma. Varakrafa gerir hins vegar ráð fyrir að línan fylgi jökuljaðri á hverjum tíma, einnig að því er tekur til Heinabergsjökuls. Óbyggðanefnd telur að staðsetning landamerkjapunkta skammt undan jökuljaðri, í Eystra-Sandskeri og Höfðum, bendi til þess að eigendur viðkomandi jarða hafi litið svo á að merki þeirra næðu allt að jökli enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Krafa umráðamanns Heinabergs um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur nái til Heinabergsjökuls og þeirra hluta Vatnajökuls sem lenda innan línu sem dregin er á milli Ófærumúla og Rótarfjalls verður því ekki talin geta stuðst við lýsingu landamerkjabréfsins en um önnur þau atriði sem kröfu þessa varða er fjallað síðar.

Óbyggðanefnd telur eðlilegt að merki séu dregin á milli Innri-Höfða og jökuls og að þau séu sem næst þeirri stefnu sem merkin hafa í hinn síðasta tilgreinda punkt. Fyrirsvarsmenn Heinabergs og Skálafells höfðu hins vegar ekki heimild til þess að leggja til Heinabergs landsvæði sem áður var utan merkja jarða á þessu svæði og undir jökli. Hvað sem líður túlkun landamerkjalyýsinga á svæðum næst jökli sem hefur hopað, þá eru merkjalýsingar Heinabergs þannig að Hafrafell og svæðið framan við jökulsporðana, niður að Höfðum og Hánípu, er ekki í framhaldi af landi Heinabergs. Hefur slíku enda ekki verið haldið fram af hálfu eiganda jarðarinnar. Kröfum hefur heldur ekki verið lýst af hálfu annarra jarða um að þetta land sé undirorpið beinum eignarrétti. Að auki skal á það bent að Hafrafell stóð upp úr jökli við gerð umræddra landamerkjabréfa og fyllsta ástæða til að láta um það getið ef menn töldu þar til réttinda. Í umfjöllun um landamerki Skálafells í máli nr. 2/2003, Suðursveit, er komist að þeirri niðurstöðu að merki Skálafells nái að jaðri Skálafellsjökuls þar sem lína sú, sem dregin er á milli Hánípu og Snjófjalls, sker jökulinn.

Hafrafell, Hafrafellsháls og svæðið á milli Hánípu, Fremri-Höfða og Innri-Höfða, ofan við

merki Flateyjar og á milli annars vegar Heinabergs og hins vegar Skálafells og Sævarhóla, er þannig utan landamerkja Heinabergs, og breytir þar engu um þó að jökull hafi nú slitnað sundur framan við fellid. Krafa umráðamanns Heinabergs um að þetta svæði teljist innan merkja jarðarinnar verður því ekki talin eiga við rök að styðjast.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Heinaberg. Lýsing landamerkja er þar um margt óljós en fyrirbyggjandi gögn um merki jarða á þessu svæði styðja þó það sem þar kemur fram. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra.

Landamerkjabréf Heinabergs er áritað af hálfu Flateyjar og landamerkjabréf Flateyjar, Eskeyjar og Hólms árituð af hálfu Heinabergs. Landamerkjabréf Heinabergs er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, með þeirri breytingu sem á því er gerð 1921, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf aðliggjandi jarða eru árituð og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Heinabergs hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem að framan er lýst. Í skjólsælum, neðanverðum hliðum Heinabergsdals er nú skóglendi sem nær innst inn undir dalbotninn, sbr. kafla 5.3. Einnig nær það upp í suðausturhlíðar Geitakinnar sem er að öðru leyti gróðursnauð. Suður- og suðausturhlíðar Heinabergsfjalla eru hálfgrónar allt upp í 300-400 m hæð. Að öðru leyti eru fjöllin að mestu ógróin vegna hæðar, bratta og lausra skriðna. Í hliðum Hafrafells er allgott beitoland. Á efri hluta undirlendisins og með fram ánum eru víða grófar, lítt grónar áreyrar, sem þó hafa verið að gróa upp á undanförunum áratugum, neðar tekur gjarna við vel gróið valllendi og neðst á svæðinu er votlendi með mýrum og flóum. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Mýrum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að viðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Heinaberg hafi verið byggð til 1934 og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfi jarðarinnar 1884 og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Umfjöllun í Jarðabók Ísleifs 1709 þess efnis að jörðin eigi skóg til eldiviðar í eigin landi ber að skoða í því ljósi að þar var um mikilvæg réttindi að ræða og algengt að menn ættu skógaritök í annarra landi. Ástæða var því til að taka þetta sérstaklega fram. Samkvæmt því sem greinir í landamerkjabréfi Heinabergs 1884 hefur þá orðið sú breyting á að jörðin Eskey á rétt til skógar og hagabeitar á Heinabergsdal að helmingi á móti Heinabergi og að Flatey og Bakki eiga einnig rétt til skógar á Heinabergsdal. Samkvæmt landamerkjabréfi Bakka, ódags. en þingl. 1888, átti jörðin ítaksskóg í Baskatindi á Heinabergsdal. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka á Heinabergsdal styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan merkja Heinabergs hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Heinabergs gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul árið 1884, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Þetta á m.a. við um svæðið framan við Hafrafell sem umkringgt var jökli um aldarskeið eða meira en fyrir miðja 20. öld slitnaði milli jökulsporðanna. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul

frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.

Samkvæmt málfutningi íslenska ríkisins byggist krafa um Þjóðlendu á Mýrum, þ. á m. fyrir landi Heinabergs, fyrst og fremst á túlkun heimilda um landnám og afréttarnot, auk staðhátta. Óbyggðanefnd telur hins vegar ljóst að kröfur íslenska ríkisins eru ekki í fullu samræmi við þau sjónarmið sem sögð eru liggja þeim til grundvallar. Þannig er t.d. auðsætt að kröfulína þvert yfir Heinabergsdal hlýtur að byggjast á öðrum atriðum án þess þó að slíkt frávik sé sérstaklega rökstutt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Heinabergs sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Heinabergsjökull og land innan jökuljaðars Vatnajökuls að öðru leyti, Hafrafellsháls og svæðið á milli Hánípu, Innri-Höfða og Fremri-Höfða, ofan við merki Flateyjar og á milli annars vegar Heinabergs og hins vegar Skálafells og Sævarhóla sé innan upphaflegs landnáms á Mýrum eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu leigjanda Heinabergs hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það utan landamerkja Heinabergs, sem af hans hálfu er gerð krafa um að talið verði til eignarlands jarðarinnar, þ.e. Heinabergsjökull og land innan jökuljaðars Vatnajökuls að öðru leyti, Hafrafellsháls og svæðið á milli Hánípu, Innri-Höfða og Fremri-Höfða, ofan við merki Flateyjar og á milli annars vegar Heinabergs og hins vegar Skálafells og Sævarhóla, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé Þjóðlenda, sjá einnig kafla 9.6.

Þá ber þess að geta að óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að fjármálaráðherra sé ekki unnt að leggja til Þjóðlendu land sem undirorpið er beinum eignarrétti íslenska ríkisins, sbr. t.d. úrskurð í máli nr. 1/2000, kafla 11.5.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, liggja utan merkja jarðarinnar Heinabergs og teljist til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Úr jökuljaðrinum norðan við Rótarfjall (punktur 31) er jaðri Heinabergsjökuls fylgt, allt þar til kemur að skurðarpunkti við línu sem dregin er úr vestasta klettinum í Innri-Höfðum í norðausturhornið á fremsta hluta Heinabergsjökuls. Þessari línu er fylgt frá framangreindum skurðarpunkti við jaðar Heinabergsjökuls og í vestasta klettinn í Innri-Höfðum. Þaðan í syðsta klettinn í Fremri-Höfðum og í Hánípu (punktur 34). Frá Hánípu, yfir jaðar Skálafellsjökuls (punktur 35 í kröfugerð eigenda Skálafells I og II í máli nr. 2/2001, Suðursveit) og Hafrafellsháls, og í Snjófjall (punktur 32). Úr Snjófjalli (punktur 32) er dregin lína yfir Heinabergsjökul og að jaðri jökulsins, í stefnu á punkt 31. Á milli jökuljaðarsins norðan við Rótarfjall (austan við punkt 31) og jökuljaðarsins norðan við Ófærumúla (punktur 30) teljast til Þjóðlendu þeir hlutar jökulsins sem liggja sunnan við línu sem dregin er á milli Rótarfjalls (punktur 31), Vatnsdalsbotns (punktur 30A) og Ófærumúla (punktur 30). Að því leyti sem í lýsingu þessari er fylgt jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls 1. júlí 1998.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Heinabergs, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

Hluti þess landsvæðis, sem hér hefur verið lýst þjóðlenda, er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, þ.e. „Heinabergsfjöll“, sbr. nánari skilgreiningar í náttúruminjaskrá.

10.4. Haukafell

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Haukafells, dags. 2. maí 1884 og þingl. 11. maí 1885.

Að Haukafelli liggja til vesturs og norðurs Fláajökull og Vatnajökull. Að norðaustan og austan er jörðin Rauðaberg og að sunnan jörðin Holt. Að sunnanverðu er undirlendi enda þótt takmarkað sé, en upp við jökul rís fjalllendi og heiðarlönd.

Skörp skil eru á milli undirlendis og fjallendis fyrir landi Haukafells svo sem víðast annars staðar á Mýrum. Kolgrafardalur, um 10 km að lengd, skiptir fjallendinu í tvennt allt inn að jökli. Dalbotninn er neðst í um 50 m hæð yfir sjó en efst í nær 500 m hæð. Uppi í efstu drögum Kolgrafardals eru jökulleifar sem áður voru umtalsverður jökull. Vestan dalsins er Fláfjall sem rís bratt, með miklum skriðum og klettabeltum allt upp í um 900 m hæð. Í dalnum austanverðum rís Haukafellsheiðin frá um 50 m hæð á jafnlendi til um 400-500 m þar sem hún er hæst. Norðan hennar er Sandmerkisheiði sem nær allt að 1117 m hæð við jökulröndina. Vesturhlíðar hennar eru klettabelti og brattar skriður.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því neðst í Fláajökli austanverðum og í Sandmerkisheiði. Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda á Fláfjalli, Sandmerkisheiði og í Kolgrafardal. Á móti hafa eigendur Haukafells lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis, sem þeir telja að liggi innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar, með fram jökulrönd Fláajökuls, í Vegghamra og þaðan til skurðar við landamerki Rauðabergs uppi á jökli, í stefnu á innsta punkt við jökul á Kömbum, austan í Sandmerkisheiðinni. Að því leyti, sem miðað er við jökulrönd, ráði lega jökulsins á hverjum tíma. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er vísað til þess að heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til þess að það hafi náð upp í fjallendið. Í slíkum tilvikum hafi dómstólar gert ríkari kröfur til sönnunar beins eignarréttar en ella og litið til staðháttá, víðáttu og gróðurfars sem hér mæli þar í mót. Jafnframt er vísað til heimilda um afréttanot og þess að landið hafi verið smalað af fjallskilastjórn. Hvernig þjóðlendukröfulínan sé dregin ráðist af staðháttum, kennileitum í landslagi og öðru sem talið sé skipta máli. Einnig sé á því byggt að um 1882, þegar landamerkjalog tóku gildi, hafi jökull verið niður í byggð svo merkjalýsingar hafi ekki náð nærri eins langt og jöklar séu nú.

Af hálfu eiganda Haukafells er því haldið fram að á Mýrum séu engir afréttir í merkingunni sameiginlegt upprekstarland, sbr. kafla 8. Allt land sé háð einkaeignarrétti jarðeigenda. Bændur þarfnist alls lands að jökulrótum og hafi ætíð farið með sem einkaeignarland. Jökulröndin á hverjum tíma hafi verið talin náttúruleg mörk jarðanna og óþarft að lýsa merkjum til jökuls frekar, sbr. m.a. hvernig sjórinn ýmist brjóti land eða auki við það. Hugtakið afréttur sé notað til að tákna afnot en ekki eignarhald. Nýting lands ráði ekki eignarhaldi og síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti þar engu um. Vísað er til landamerkjabréfs jarðarinnar og ákvæða landamerkjalaga sem hafi m.a. haft þann tilgang að tryggja eignarrétt landeigenda. Jafnframt er byggt á sönnunargildi ómót-mæltra þinglýsinga og hefð. Heimildargildi Landnámu er mótmælt en talið að menn hafi gætt þess að nema það land sem nauðsynlegt var til búskaparins, þ. á m. sumarbeitiland fyrir sauðfé, auk þess sem veðurfar og gróður hafi verið með öðrum hætti á landnámsöld en nú.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Haukafelli er rakin í kafla 6.3. Þar kemur fram að Haukafells er getið í heimildum allt frá 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan

upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Haukafells er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 2. maí 1884 og þingl. 11. maí 1885. Bréfið er áritað af hálfu beggja aðliggjandi jarða, Holtum og Rauðabergs. Merki Haukafells í vestur og austur eru tilgreind en norðurmörkum ekki lýst sérstaklega.

Efsti punktur til vesturs, gagnvart Holtum, er „í þúfu vestast á Sinuhjöllum“. Sinuhjallar eru skammt austan við sporð Fláajökuls. Í landamerkjabréfi Holta, dags. 4. maí 1884 og þingl. 6. maí 1886, er merkjum gagnvart Haukafelli lýst með sama hætti. Fyrirsvarsmenn Holta árita bréf Haukafells og öfugt.

Merki Haukafells til austurs, gagnvart Rauðabergi, liggja yfir „Sandmerkisheiðarhnúkin og svo beint í jökul“. Í landamerkjabréfi Rauðabergs, dags. 4. maí 1885 og þingl. 9. júní 1888, er merkjum gagnvart Haukafelli lýst með sama hætti. Fyrirsvarsmáður Haukafells áritar bréf Rauðabergs og öfugt. Uppdráttur af merkjum Rauðabergs frá 1792 styður þá lýsingu að merki jarðarinnar nái í jökul, sbr. kafla 10.5.

Vestur- og norðurmerki jarðarinnar, gagnvart Vatnajökli, þarfnast nánari athugunar. Óbyggðanefnd telur að skýr lýsing landamerkja í jökul að austanverðu og staðsetning landamerkjapunkts skammt undan jökulsporðinum að vestanverðu bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli bæði að austan og vestan enda náði hann nokkru sunnar á þeim tíma en nú. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti. Jökullinn hefur afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Haukafell. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum jarðarinnar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra.

Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað vegna beggja aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Holta og Rauðabergs eru einnig árituð og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Haukafells hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Haukafells hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem að framan er lýst. Í syðsta hluta Haukafellsheiðarinnar er nú skóglendi sem teygir sig alllangt inn eftir austurhlíðum Kolgrafardals allt upp í um 200 m hæð, sbr. kafla 5.3. Dalurinn er einnig að öðru leyti vel gróinn; graslendi og lynggróður er neðarlega í hlíðum hans en mosagróður er ofar dregur. Í vesturhlíðum Fláfjalls er allmikill lynggróður en að öðru leyti er fjallið sem næst ógróið. Vesturhlíðar Sandmerkisheiðarinnar eru gróðursnauðar. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Mýrum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Haukafell hafi verið byggð með hléum til 1936 og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1884, svo sem þeim er nánar lýst hér framar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Tekið er fram í landamerkjabréfi Haukafells 1884 og fleiri heimildum að jörðin Borg eigi skógaritak „í Haukafellslandi“ milli Stóru-skriðu og Borgar-

skógsness í Kolgrafardal, innan við Bröttutungur, og að Einholt eigi upprekstur fyrir 40 fjár á Flán-um sem eru í vesturhlíðum Fláfjalls. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka í fjallendinu styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Haukafells gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1884, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Haukafells, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 10.7.

Samkvæmt málflytningi íslenska ríkisins byggist krafa um þjóðlendu á Mýrum, þ. á m. fyrir landi Haukafells, fyrst og fremst á túlkun heimilda um landnám og afréttarnot, auk staðháttá. Óbyggðanefnd telur hins vegar ljóst að kröfur íslenska ríkisins eru ekki í fullu samræmi við þau sjónarmið sem sögð eru liggja þeim til grundvallar. Þannig er t.d. auðsætt að kröfulína þvert yfir Kolgrafardal hlýtur að byggjast á öðrum atriðum, án þess þó að slíkt frávik sé sérstaklega rökstutt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Haukafells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Haukafells, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.5. Rauðaberg

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Rauðabergs, dags. 4. maí 1885 og þingl. 9. júní 1888, án tillits til síðari skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Rauðabergi liggja jarðirnar Haukafell að vestan, Viðborð og Viðborðssel að austan og Holt að sunnan. Að norðvestan liggur Vatnajökull.

Skörp skil eru á milli undirlendis og fjallendis fyrir landi Rauðabergs, svo sem víðast annars staðar á Mýrum. Undirlendi er takmarkað, það liggur suðvestan og vestan við Viðborðsfjall sem rís bratt og með hamrabeltum allt upp í 537 m hæð. Fjallendið teygir sig frá suðvesturhorni Viðborðsfjalls norður yfir Hálsdal og Haukafellsheiði í 100-300 m hæð og þaðan upp á hömrum girta Sandmerkisheiðina sem nær mest 1117 m hæð norður við jökulröndina. Frá suðvesturhorni Viðborðsfjalls norður að jökli eru um 14 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá punkti neðst í Fláajökli austanverðum í Sandmerkisheiði og þaðan í þann stað þar sem Suðurfljótin í Viðborðsdal skera beina línu, sem dregin er frá Sandmerkisheiði í punkt neðst í Hoffellsjökli. Samkvæmt þessari kröfugerð er m.a. þjóðlenda á Sandmerkisheiði. Á móti hafa eigendur Rauðabergs I og II lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis, sem liggja innan merkja jarðarinnar, samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er vísað til þess að heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til þess að það hafi náð upp í fjallendið. Í slíkum tilvikum hafi dómstólar gert ríkari

kröfur til sönnunar beins eignarréttar en ella og litið til staðhátta, víðáttu og gróðurfars sem hér mæli þar í mót. Jafnframt er vísað til heimilda um afréttanot og þess að landið hafi verið smalað af fjallskilastjórn. Hvernig þjóðlendukröfulinan sé dregin ráðist af staðhátum, kennileitum í landslagi og öðru sem talið sé skipta máli. Einnig sé á því byggt að um 1882, þegar landamerkjälög tóku gildi, hafi jökull verið niður í byggð svo merkjalýsingar hafi ekki náð nærri eins langt og jöklar séu nú.

Af hálfu eigenda Rauðabergs I og II er því haldið fram að á Mýrum séu engir afréttir í merkingunni sameiginlegt upprekstarland, sbr. kafla 8. Allt land sé háð einkaeignarrétti jarðeigenda. Bændur þarfnist alls lands að jökulrótum og hafi ætíð farið með sem einkaeignarland. Jökulröndin á hverjum tíma hafi verið talin náttúruleg mörk jarðanna og óþarft að lýsa merkjum til jökuls frekar, sbr. m.a. hvernig sjórinn ýmist brjóti land eða auki við það. Hugtakið afréttur sé notað til að tákna afnot en ekki eignarhald. Nýting lands ráði ekki eignarhaldi og síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti þar engu um. Vísað er til landamerkjabréfs jarðarinnar og ákvæða landamerkjälaga sem hafi m.a. haft þann tilgang að tryggja eignarrétt landeigenda. Jafnframt er byggt á sönnunargildi ómót-mæltra þinglýsinga og hefð. Heimildargildi Landnámu er mótmælt en talið að menn hafi gætt þess að nema það land sem nauðsynlegt var til búskaparins, þ. á m. sumarbeitiland fyrir sauðfé, auk þess sem veðurfar og gróður hafi verið með öðrum hætti á landnámsöld en nú.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Rauðabergi er rakin í kafla 6.4. Þar kemur fram að Rauðabergs er getið í heimildum allt frá 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Rauðabergs er að finna á uppdrætti frá árinu 1792. Vesturmörk, gagnvart Haukafelli, eru dregin frá punkti sem nefndur er Þúfan á klettinum og beint til norðurs, en efst á kortið hefur verið ritað „Jökull tekur við fyrir norðan Rauðabergs og Viðborðsland“. Í landamerkjabréfi Rauðabergs, dags. 4. maí 1885 og þingl. 9. júní 1888, kemur fram að til vesturs nái merki norður í Sandmerkisheiðarhnjúkinn „og svo beint í jökul“. Þessum merkjum er lýst með sama hætti í landamerkjabréfi Haukafells, dags. 2. maí 1884 og þingl. 11. maí 1885. Bréf Rauðabergs er áritað af hálfu Haukafells og öfugt. Engar eldri heimildir eru um landamerki Haukafells, sbr. kafla 10.5

Samkvæmt framangreindum uppdrætti frá 1792 ná austurmerki Rauðabergs, gagnvart Viðborði/Viðborðsseli, norður í Miðfellshnjúk, þaðan í Merkikamb og ótilgreint „landmerke“ og síðan er dregin lína beint til norðurs þar sem ritað hefur verið á uppdráttinn að jökull taki við svo sem áður greinir. Samkvæmt örnefnaskrá fyrir Rauðaberg er Merkikambur austan í Græna fjalli. Í landamerkjabréfi Rauðabergs er einnig miðað við Miðfellshnjúk að þessu leyti, þaðan í Græna fjallshnjúkinn, þaðan í hamrana austan ofanvert við Mosfellsbrekkur fremri og þaðan „beint á jökul“. Þessum merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Viðborðs, dags. 12. maí 1884 og þingl. 6. maí 1886. Bréf Rauðabergs er áritað af hálfu Viðborðs/Viðborðssels og öfugt. Eldri heimildir um merki Viðborðs styðja þá lýsingu að merki jarðarinnar nái í jökul, sbr. kafla 10.6.

Jörðin Holt liggur til suðurs við Rauðaberg og utan við kröfusvæði ríkisins. Landamerkjabréf Rauðabergs er áritað af hálfu fyrirsvarsmanna Holta. Jafnframt er landamerkjabréf Holta, dags. 4. maí 1884 og þingl. 6. maí 1886, áritað af hálfu fyrirsvarsmanna Rauðabergs. Þessi merki þarfnast ekki nánari athugunar.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjälýsing Rauðabergs sýni glöggt að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu allt að jökli. Merki eru dregin í jökul að vestan og austan og þar á milli hefur jökull afmarkað það land, sem máli skipti, með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Rauða-

berg. Fyrirliggjandi gögn benda til að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að lita verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra.

Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf Holta, Haukafells og Viðborðs/Viðborðssels eru einnig árituð og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Rauðabergs hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Rauðabergs hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem að framan er lýst. Vel gróið land er nú í vesturhlíðum Viðborðsfjalls og Grænafells, í Hálsdal og Haukafellsheiði, sbr. kafla 5.3. Sandmerkisheiðin er hins vegar gróðursnauð, bæði vegna bratta og hæðar. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Mýrum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Rauðaberg hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru í landamerkjabréfi jarðarinnar og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Tekið er fram í landamerkjabréfi Rauðabergs 1885 að jörðin Bakki eigi 40 sauða göngu í Rauðabergslandi tiltekinn tíma. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka í fjallendinu styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4.

Ekki verður annað séð en að það eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka Rauðabergs hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Rauðabergs gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul árið 1885, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Rauðabergs, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 10.7.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Rauðabergs sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Rauðabergs, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.6. Viðborð og Viðborðssel

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Viðborðs og Viðborðssels, dags. 12. maí 1884 og þingl. 6. maí 1886. Í landamerkjabréfinu kemur fram að Viðborð og Viðborðssel séu sama jörðin.

Að Viðborði og Viðborðsseli liggja jarðirnar Rauðaberg að suðvestan, Svínafell í Nesjum að austan og þar sunnan við Hornafjarðarfljót og jörðin Holt. Er þá ekki tekið tillit til síðari skiptingar lands innan merkja þessara jarða. Til norðvesturs og norðausturs er Vatnajökull ásamt skriðjökklunum Viðborðsjökli, Hoffellsjökli og Svínafellsjökli.

Skörp skil eru á milli undirlendis og fjallendis fyrir landi Viðborðs og Viðborðssels, svo sem víðast annars staðar á Mýrum. Undirlendi er einkum sunnan Viðborðsfjalls en teygir sig þaðan og mjókkar milli fjallshlíðar og Suðurfljóta, langleiðina norður undir Litlu-Dímu, og myndar þar svonefnda Viðborðsströnd. Þar tekur við Viðborðsdalur í tæplega 100 m hæð og nær um 7 km, inn undir Viðborðsjökul. Viðborðsfjall nær hæst 537 m hæð og Grænafell, sem er framhald þess til norðurs, er 663 m. Nyrsti hluti fjallendisins vestan Viðborðsdals eru Kambar, norðaustan Sandmerkisheiðarinnar, með snarbröttum hlíðum og klettabeltum, og ná þeir allt upp í 1100-1200 m hæð upp við jökulrönd. Norðan Viðborðsjökuls og Viðborðsdals er einnig mikið og bratt fjalllendi; Hálsaheiði, Sultartungur, Tunguheiði og Gæsaheiði sem nær mest 907 m hæð uppi við jökul. Frá suðurenda Viðborðsfjalls norður til jökuls eru um 17 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Sandmerkisheiði í þann stað þar sem Suðurfljótin í Viðborðsdal skera beina línu, sem dregin er frá punkti neðst í Hoffellsjökli, og þaðan í Sandmerkisheiði. Samkvæmt þessari kröfugerð er m.a. þjóðlenda á Sandmerkisheiði, í Viðborðsdal og á Viðborðshálsum. Á móti hafa eigendur Viðborðs og Viðborðssels lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar. Að því leyti, sem miðað er við jökulrönd, ráði lega jökulsins á hverjum tíma. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.2.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er vísað til þess að heimildir um landnám á svæðinu bendi ekki til þess að það hafi náð upp í fjallendið. Í slíkum tilvikum hafi dómstólar gert ríkari kröfur til sönnunar beins eignarréttar en ella og litíð til staðhátta, víðáttu og gróðurfars sem hér mæli þar í mót. Jafnframt er vísað til heimilda um afréttanot og þess að landið hafi verið smalað af fjallskilastjórn, auk makaskiptasamnings frá 1906, þar sem afsalað hafi verið afréttarlandi úr Viðborðshálsum en ekki eignarlandi. Hvernig þjóðlendukröfulínan sé dregin ráðist af staðháttum, kennileitum í landslagi og öðru sem talið sé skipta máli. Einnig sé á því byggt að um 1882, þegar landamerkjalög tóku gildi, hafi jökull verið niður í byggð svo merkjalýsingar hafi ekki náð nærri eins langt og jöklar séu nú.

Af hálfu eigenda Viðborðs og Viðborðssels er því haldið fram að á Mýrum séu engir afréttir í merkingunni sameiginlegt upprekstrarland, sbr. kafla 8. Allt land sé háð einkaeignarrétti jardeigenda. Bændur þarfnist alls lands að jökulrótum og hafi ætlið farið með sem einkaeignarland. Jökulröndin á hverjum tíma hafi verið talin náttúruleg mörk jarðanna og óþarft að lýsa merkjum til jökuls frekar, sbr. m.a. hvernig sjórinn ýmist brjóti land eða auki við það. Hugtakið afréttur sé notað til að tákna afnot en ekki eignarhald. Nýting lands ráði ekki eignarhaldi og síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti þar engu um. Vísað er til landamerkjabréfs jarðarinnar og ákvæða landamerkjalaga sem hafi m.a. haft þann tilgang að tryggja eignarrétt landeigenda. Jafnframt er byggt á sönnungildi ómótmæltra þinglýsinga og hefð. Heimildargildi Landnámu er mótmælt en talið að menn hafi gætt þess að nema það land sem nauðsynlegt var til búskaparins, þ. á m. sumarbeitiland fyrir sauðfé, auk þess sem veðurfar og gróður hafi verið með öðrum hætti á landnámsöld en nú.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Viðborði og Viðborðsseli er rakin í kafla 6.5. Þar kemur fram að Viðborðs er getið í heimildum allt frá 13. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Viðborðssel er byggt út úr Viðborði og því síðar getið í heimildum. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu og að numið hafi verið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, að minnsta kosti, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Viðborðs er að finna á uppdrætti frá árinu 1792. Vesturmörk, gagnvart Rauðabergi, eru teiknuð norður í Miðfellshnjúk, þaðan í Merkikamb og ótilgreint „landmerke“ og síðan er dregin lína beint til norðurs en efst á kortið hefur verið ritað „Jökull tekur við fyrir norðan Rauðabergs og Viðborðsland“. Samkvæmt örnefnaskrá fyrir Rauðaberg er Merki-kambur austan í Grænafjalli. Vesturmerkjum Viðborðs er næst lýst í lögfestu, dags. 8. maí 1782 og þingl. 15. maí 1782. Lýsingin hið efra er úr hæsta hnúknum á Grænafelli, í þá háu hamra sem eru fyrir vestan og ofan Bakkakotshjalla „og þaðan rétta stefnu norður á jökulinn“. Þessum merkjum er eins lýst í lögfestu 1783 og í lögfestu 1789 er sömu merkjum í meginatriðum eins lýst, þó þannig að dregin er lína eftir hæstu fjallaeggjum á Viðborðsfjalli „og svo norður á jökulinn“. Í landamerkjabréfi Viðborðs og Viðborðssels, dags. 12. maí 1884 og þingl. 6. maí 1886, er vesturmerkjum lýst úr Grænafellshnúknum, þaðan austan í hamrana ofanvert við Mosfellsbrekkur fremri og þaðan „beint í jökul“. Þessum merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Rauðabergs, dags. 4. maí 1885 og þingl. 9. júní 1888, sbr. kafla 10.5.

Fyrstu vísbendinguna um austurmerki Viðborðs og Viðborðssels, gagnvart Svínafelli í Nesjum, má finna í framangreindri lögfestu frá 1782. Þar er Viðborði lögfestur skógur og hagbeit öll á Viðborðsdal, „inn til Hoffels edur Svínafells Landamerkia, ad undan teknum þeim Skógaritökum sem eptir fullkomnum Rietti edur rigtugum Skiölum ödrum Jördum tilheira“, sbr. einnig svipaðar lýsingar í lögfestum frá 1783 og 1789. Fyrsta eiginlega lýsingin á austurmerkjum jarðarinnar er í landamerkjabréfi hennar frá 1884. Þar er mörkum hið efra lýst „úr Skúmseri og inn úr fljótum sjónhendingu milli Vindborðs og Gildruskers, síðan milli Litlu-Dímu og Stóru-Dímu og svo í jökul milli Vindborðshálsa og Jökulfells. Vindborðshálsar eru allir í Vindborðslandi“. Í landamerkjabréfi Hoffellsjarða, þ.e. Hoffels, Setbergs og Svínafells, dags. 16. maí 1884 og þingl. 12. maí 1890, er merkjum lýst með sambærilegum hætti, sbr. einnig sérstakt landamerkjabréf Svínafells, dags. 29. júní 1921 og þingl. 4. júlí 1923. Landamerkjabréf Hoffellstorfu og Svínafells eru árituð af hálfu Viðborðs en ekki ófugt. Engar eldri heimildir eru um landamerki Svínafells að þessu leyti, sbr. mál nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes.

Jörðin Holt liggur til suðurs við Viðborð og Viðborðssel og utan við kröfusvæði ríkisins. Landamerkjabréf hinna síðarnefndu er áritað af hálfu fyrirvarsmanna Holta. Jafnframt er landamerkjabréf Holta, dags. 4. maí 1884 og þingl. 6. maí 1886, áritað af hálfu fyrirvarsmanna Viðborðs/Viðborðssels. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Óbyggðanefnd telur að eldri og yngri landamerkjálýsingar Viðborðs sýni glögg að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu að jökli. Merkjum er beinlínis lýst í jökul að vestan og austan og þar á milli hefur hann afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við. Norðurmörkum er því ekki sérstaklega lýst.

Í kjölfar þess að landamerkjälög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Viðborð/Viðborðssel. Fyrirliggjandi gögn benda til að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að land á þessu svæði er afmarkað af jöklum hið efra.

Landamerkjabréf jarðarinnar er áritað af hálfu Rauðabergs og Holta, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þá eru landamerkjabréf Svínafells í Nesjum, Rauðabergs og Holta árituð af hálfu Viðborðs og þinglesin. Sá formgalli, sem er á landamerkjabréfi Viðborðs og Viðborðssels að því leyti að áritun vantar vegna Svínafells og Holts, verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Viðborðs og Viðborðssels hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Viðborðs hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á norðurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem að framan er lýst. Viðborðsfjall og Grænafell eru nú allvel gróin þegar undan eru skildar bröttustu skriður, sbr. kafla 5.3. Nær óslitið skóglendi er í austurhlíðum Viðborðsfjalls inn að Grænafelli og svo aftur í Viðborðsdal. Vesturhluti Viðborðsdals er að hluta til gróinn. Hálendið austan í Sandmerkisheiði og austan Viðborðsjökuls er gróðursnautt. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja á Mýrum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jarðirnar Viðborð og Viðborðssel hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru í landamerkjabréfum jarðanna og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan, hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið upp við jökul hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Í landamerkjabréfi Viðborðs og Viðborðssels 1884 er þess getið að jarðirnar Einholt, Rauðaberg og Holt eigi skógarítak í Viðborðsdal, sbr. einnig máldaga 1397 og gögn um fasteignamat 1916. Í hinu síðastnefnda er einnig getið um Geirsstaðaskóg á Hálsun. Jafnframt segir í landamerkjabréfi Rauðabergs frá 1885 að sú jörð eigi skógarítak í Viðborðsdal frá Merikikambi inn að Ranagili og annað frá Þórhallagili inn að Sandmerkisá. Þá segir í landamerkjabréfi Hólms frá 1890 að jörðinni tilheyri skógarítak í Skálavömmum í Jökulfelli á Viðborðsdal. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka í fjallendinu styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4.

Þá tilgreina ýmsar heimildir réttindi Viðborðs og Viðborðssels innan eigin merkja sérstaklega. Í lögfestum frá 1782, 1783 og 1789 er þannig greint frá því að Viðborð eigi skóg og hagbeit alla á Viðborðsdal inn til landamerkja Hoffells eða Svinafells, að undanteknum þeim skógarítökum sem eftir fullkomnum rétti eða „rigtugum“ skjölum tilheyri öðrum jörðum. Hér ber einnig að nefna Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 og gerðabók jarðamatsnefndar 1849. Jafnframt segir í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 að Viðborð eigi „upprekstrarland“ í Viðborðsdal og að Viðborðssel eigi „afrétt í Viðborðsfjöllum að 1/3 með Viðborði og sömu tiltölu í öðrum sameiginlegum jarðar-nytjum, svosem skógi ...“.

Þegar lítið er heildstætt á þær heimildir sem greina frá réttindum jarðarinnar innan eigin merkja og sú tilgreining skoðuð í samhengi við skiptingu jarðarinnar í Viðborð og Viðborðssel og fyrirvara um ítök frá öðrum jörðum verður þetta atriði ekki talið leiða til þess að viðkomandi landsvæði séu einungis undirorpin óbeinum eignarrétti. Óbyggðanefnd telur því líkur til þess að um sé að ræða áréttingu á því að jörðin haldi sínum réttindum eftir sem áður þrátt fyrir óbein eignarréttindi annarra á viðkomandi hluta jarðarinnar. Þá kann einnig að hafa verið um verðmæt réttindi jarðarinnar að ræða og því þótt rétt að áréttu þau sérstaklega.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfár eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Viðborð/Viðborðssels gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1884, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem líkur eru á að landnám hafi miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll. Um réttarstöðu þess jökulsvæðis ofan Viðborðs/Viðborðssels, sem til meðferðar er í máli þessu, vísast til kafla 10.7.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja

jarðanna Viðborðs og Viðborðssels sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðanna Viðborðs og Viðborðssels, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.7. Vatnajökull og önnur landsvæði á Mýrum

Kröfugerð umráðamanns jarðarinnar Heinabergs tekur til hluta af því svæði á Vatnajökli sem til meðferðar er í máli þessu. Kröfu um beinan eignarrétt inn fyrir jökulrönd er hafnað, sjá nánar í kafla 10.3.

Þá hefur verið hafnað þeirri almennu kröfu jarðeigenda að merki jarðar gagnvart jökli skuli miðuð við jökuljaðarinn eins og hann er á hverjum tíma, þó þannig að tilgreind eru nokkur kennileiti við jökuljaðarinn. Grundvallast sú niðurstaða á því að löggjafinn hafi ekki álitid að jökulrönd væri í edli sinu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands, sem hulið er jökli, fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Jafnframt hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 10.3.-10.6., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Um nánari rökstuðning fyrir þessum niðurstöðum vísast til umfjöllunar um jökla í kafla 9.3.

Eftir er þá að taka afstöðu til eignarréttarlegrar stöðu annarra hluta Vatnajökuls sem til meðferðar eru í máli þessu, sbr. kafla 2.3., miðað við stöðu hans samkvæmt framangreindu. Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umræddur hluti Vatnajökuls sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi á þessu svæði. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Jafnframt er þá eftir að gera grein fyrir afstöðu óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu annars lands sem til meðferðar er í máli þessu en kröfugerð íslenska ríkisins tekur ekki til.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að glögg komi fram í heimildum um landnám á Mýrum, að hálendi, fjöll, öræfi og jöklar hafi ekki verið numin til eignar. Hæstiréttur hafi gert ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Jöklar hafi aldrei talist til eiginlegra almenninga þar sem þeir hafi ekki verið ekki nytjaland. Jöklarnir hafi hins vegar flokkast með öræfum og verið einskismannsland en eftir lögtöku þjóðlendulaga verði að gera kröfu til þess að þeir teljist þjóðlenda.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að Vatnajökull sé stærri nú en á landnámstíma, sbr. kafla 5.4. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að fremur séu líkur til þess að land á Mýrum hafi verið numið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún, sbr. kafla 10.2. Ætla má því að jökull hafi gengið yfir land sem numið var í öndverðu. Lega jökuls á landnámstíma verður hins vegar ekki ákvörðuð með nokkurri vissu og því ekki unnt að afmarka þau eignarréttindi sem þar kann að hafa verið stofnað til. Staðhættir og sönnunarstaða leiða því til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir, sbr. kafla 9.3.

Ekkert bendir til þess að á umræddum hluta Vatnajökuls hafi á síðari tíma stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Vatnajökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá Snjófjalli vestanverðu (punktur 36 í kröfugerð eigenda Skálafells í máli nr. 2/2001, Suðursveit) og í miðja Breiðubungu. Frá miðri Breiðubungu er dregin lína í stefnu yfir Goðahnúka á nafnlausan hnjúk

sunnan Grendils (punktur 45 í kröfugerð vegna Stafafells í máli nr. 5/2001, Lón). Frá jökuljaðrinum norður af Gæsaheiði (punktur 20) er dregin lína í punkt 19 í kröfugerð eigenda Hoffellstorfu í máli nr. 4/2001, Nes, og þaðan til norðvesturs í stefnu á punkt 18 í sömu kröfugerð (punktur 18 er ákvarðaður þannig að lína milli punkta 21 og 19 er framlengd), til skurðar við framangreinda línu á milli Breiðubungu og nafnlaus hnjúks sunnan Grendils (punktur 45 í kröfugerð vegna Stafafells í máli nr. 5/2001, Lón). Þar sem þessar tvær línur skerast er hornmark. Frá framangreindum punkti 20 við jaðar Vatnajökuls norður af Gæsaheiði er jökuljaðrinum fylgt, þar til kemur norður fyrir Ófærumúla (punktur 30). Þaðan er dregin lína í Vatnsfallabotn (punktur 30A) og Rótarfjall (punktur 31). Þeir hlutar jökulsins sem liggja norðan við framangreinda línu (á milli punkta 30, 30A og 31) eru í þjóðlendu. Úr punkti 31 er dregin lína í punkt 32. Jökulsvæðið vestan við þessa línu, að meðtöldu Snjófjalli, er einnig í þjóðlendu. Ofan þessarar línu, og yfir Heinabergsjökul í Snjófjall (punktur 32) og loks í Snjófjall vestanvert (punktur 36 í kröfugerð eigenda Skálafells í máli nr. 2/2001, Suðursveit). Að því leyti sem í lýsingu þessari er fylgt jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.

Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á svæðinu milli jarðanna Heinabergs og Haukafells fylgir jaðri Fláajökuls til suðurs og er gerð krafa um þjóðlendu innan núverandi jökuljaðars, sbr. bókun um það atriði við aðalmeðferð máls þessa. Eigendur jarða við Fláajökul hafa ekki gert neinar kröfur í málinu.

Með vísan til rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. kafla 4.2., hafa verið kannaðar heimildir um merki jarða gagnvart Fláajökli og þá einkum litið til landamerkjabréfs Hólms, Lambleysstaða og Holtajarða. Landamerkjabréf fyrir Einholt er ekki að finna í landamerkjabók og óvíst hvort það hafi nokkurn tíma verið gert. Mörkum Einhólts er hins vegar lýst í vísitásiu Brynjólfs Sveinssonar frá 1641 og vísitásiu Ólafs Gíslasonar frá 1748. Þá ber þess og að geta að í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu er að finna lýsingar á landamerkjunum og loks hafa verið skoðaðar örnefnaskrár frá Örnefnastofnum Íslands en þar er einnig að finna lýsingar á landamerkjum framangreindra jarða.

Þegar öll þessi gögn hafa verið athuguð og borin saman þykir ljóst að landamerki þeirra jarða, sem hér er fjallað um, ná hvarvetna að jökli en merkjum er hvergi lýst norður fyrir jökuljaðarinn.

Af hálfu þessara jarða hefur þannig ekki verið gerð krafa til eignarhalds innan jökuljaðars og íslenska ríkið hefur ekki gert kröfu til lands innan landamerkja þeirra. Óbyggðanefnd telur því ekki ástæðu til að fjalla um þær frekar í máli þessu.

Loks telur óbyggðanefnd ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins á Mýrum sé að finna önnur landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Í því sambandi skal tekið fram að í köflum 10.3.-10.6. er fjallað um viðkomandi jarðir í heild sinni en ekki einungis þann hluta þeirra sem kröfugerð ríkisins tekur til. Suðurmörk jarða á Mýrum þykja ekki vekja vafa á sama hátt og suðurmörk jarða í Öræfum enda fara jarða- og fjörumörk á Mýrum í flestum tilvikum saman. Jafnframt eru engar vísbendingar um að á Mýrum sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Þá verður ekki ráðið af heimildum að á Mýrum séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana, sbr. einkum kafla 6.6.

10.8. Um tæknileg atriði¹

Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðl. Í samræmi við

1 Sjá fylgiskjal nr. V (Tækniskýrsla unninn fyrir óbyggðanefnd).

framangreint fór óbyggðanefnd þess á leit við Odd Sigurðsson, jarðfræðing hjá Orkustofnun og ráðgjafa nefndarinnar á sviði jöklafræði, og þá Kolbein Árnason og Ingvar Matthíasson hjá Landmælingum Íslands að ákvarða stöðu jökuljaðarsins við umrætt tímamark. Við verkið voru notaðar þrjár myndir frá Landsat 7-gervitunglinu. Engar nothæfar myndir eru til af þessu svæði frá árinu 1998 og var því stuðst við tvær myndir frá árinu 1999 og eina frá árinu 2000. Þar sem jökullinn hreyfist mjög hægt á milli ára er hægt að ganga út frá því að hann hafi nánast verið eins árin 1998 og 1999. Í örfáum tilvikum kann annað að gilda og var þá einnig stuðst við önnur gögn, s.s. vettvangsathaganir og loftmyndir, við ákvörðun á stöðu jaðarsins.

11. ÚRSKURÐARORÐ¹

Landsvæði það, sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. svæði það á Vatnajökli sem til meðferðar er í máli þessu og landsvæði á milli Hánípu, Höfða og jökuls, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá vestasta klettinum í Innri-Höfðum í syðsta klettinn í Fremri-Höfðum og þaðan í Hánípu. Úr Hánípu í Snjófjall vestanvert (punktur 36) og þaðan í miðja Breiðubungu. Frá miðri Breiðubungu er dregin lína í stefnu yfir Goðahnúka á nafnlausan hnjúk sunnan Grendils (punktur 45 í kröfugerð vegna Stafafells í máli nr. 5/2001, Lón). Frá jökuljaðrinum norður af Gæsaheiði (punktur 20) er dregin lína í punkt 19 í kröfugerð eigenda Hoffellstorfu í máli nr. 4/2001, Nes, og þaðan til norðvesturs í stefnu á punkt 18 í sömu kröfugerð (punktur 18 er ákvarðaður þannig að lína milli punkta 21 og 19 er framlengd), til skurðar við framangreinda línu á milli Breiðubungu og nafnlauss hnjúks sunnan Grendils (punktur 45 í kröfugerð vegna Stafafells í máli nr. 5/2001, Lón). Þar sem þessar tvær línur skerast er hornmark. Jökuljaðrinum norður af Gæsaheiði (punktur 20) er síðan fylgt í suðvestur, m.a. meðfram Viðborðsjökli, Fláajökli og Heinabergsjökli, þar til kemur að skurðarpunkti við línu sem dregin er úr vestasta klettinum í Innri-Höfðum í norðausturhornið á fremsta hluta Heinabergsjökuls. Þessari línu er fylgt frá framangreindum skurðarpunkti við jaðar Heinabergsjökuls og í vestasta klettinn í Innri-Höfðum. Að því leyti sem í lýsingu þessari er fylgt jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., með þeim fyrirvara sem fram kemur í kafla 10.8. Sjá hnitaskrá í viðauka sem skoðast skal sem hluti af úrskurði þessum.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanns, hefur þegar verið greiddur. Þóknun Ragnars Aðalsteinssonar hrl. ákvarðast svo: 1.300.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu annarra hluta þjóðlendlínu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason formaður

Allan V. Magnússon

Halldór Jónsson

¹ Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort).

VIDAUKI

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
1	659276	439526	51	659957	438590	101	660667	439260	151	660028	439674
2	659234	439496	52	659998	438573	102	660637	439277	152	660004	439656
3	659205	439455	53	660022	438561	103	660602	439319	153	659986	439627
4	659187	439402	54	660075	438549	104	660572	439319	154	659968	439597
5	659169	439354	55	660128	438531	105	660566	439289	155	659962	439567
6	659128	439348	56	660158	438525	106	660560	439242	156	659939	439544
7	659080	439331	57	660187	438555	107	660590	439188	157	659915	439538
8	659057	439295	58	660205	438614	108	660608	439147	158	659874	439526
9	659098	439260	59	660217	438656	109	660631	439094	159	659850	439526
10	659128	439242	60	660235	438691	110	660608	439082	160	659844	439561
11	659169	439224	61	660253	438721	111	660543	439082	161	659862	439573
12	659205	439188	62	660276	438738	112	660519	439070	162	659880	439573
13	659240	439153	63	660294	438715	113	660519	439123	163	659903	439567
14	659270	439117	64	660294	438691	114	660531	439171	164	659927	439573
15	659293	439070	65	660300	438661	115	660537	439218	165	659939	439597
16	659311	439029	66	660353	438656	116	660495	439242	166	659945	439615
17	659335	439029	67	660359	438638	117	660460	439218	167	659951	439644
18	659364	439017	68	660389	438608	118	660430	439194	168	659951	439674
19	659364	438981	69	660412	438567	119	660383	439171	169	659968	439698
20	659382	438952	70	660418	438531	120	660377	439206	170	659992	439727
21	659388	438904	71	660472	438525	121	660341	439200	171	659986	439757
22	659388	438851	72	660501	438525	122	660324	439224	172	659951	439769
23	659400	438798	73	660525	438496	123	660341	439260	173	659921	439757
24	659400	438727	74	660560	438496	124	660383	439295	174	659927	439804
25	659388	438673	75	660602	438496	125	660412	439313	175	659891	439828
26	659382	438620	76	660626	438519	126	660454	439319	176	659874	439810
27	659370	438561	77	660655	438525	127	660483	439313	177	659862	439792
28	659376	438502	78	660679	438549	128	660501	439295	178	659856	439828
29	659370	438460	79	660720	438585	129	660513	439336	179	659838	439863
30	659382	438425	80	660785	438602	130	660478	439366	180	659808	439881
31	659394	438401	81	660827	438602	131	660442	439390	181	659773	439881
32	659441	438442	82	660862	438620	132	660377	439413	182	659755	439881
33	659465	438478	83	660862	438656	133	660401	439443	183	659743	439899
34	659489	438531	84	660833	438673	134	660448	439455	184	659755	439911
35	659518	438555	85	660809	438715	135	660466	439485	185	659785	439923
36	659536	438531	86	660803	438762	136	660454	439520	186	659814	439923
37	659566	438531	87	660803	438810	137	660430	439556	187	659862	439917
38	659601	438567	88	660785	438851	138	660418	439615	188	659874	439887
39	659625	438596	89	660774	438881	139	660395	439662	189	659891	439863
40	659655	438638	90	660750	438904	140	660377	439698	190	659921	439863
41	659684	438679	91	660732	438940	141	660330	439715	191	659951	439863
42	659726	438703	92	660708	438963	142	660312	439721	192	659980	439828
43	659761	438721	93	660708	438979	143	660270	439751	193	659992	439810
44	659791	438709	94	660703	438987	144	660247	439751	194	660022	439792
45	659808	438744	95	660673	439005	145	660211	439751	195	660057	439804
46	659844	438762	96	660691	439040	146	660181	439739	196	660093	439792
47	659856	438727	97	660714	439076	147	660146	439721	197	660140	439786
48	659862	438673	98	660714	439123	148	660110	439715	198	660170	439769
49	659885	438632	99	660732	439177	149	660075	439704	199	660193	439798
50	659921	438602	100	660703	439230	150	660045	439692	200	660235	439804

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
201	660300	439775	251	660750	439372	301	661591	439561	351	661052	440367
202	660335	439739	252	660803	439348	302	661549	439561	352	661022	440367
203	660389	439721	253	660803	439319	303	661555	439597	353	661005	440367
204	660430	439733	254	660803	439277	304	661579	439609	354	660987	440385
205	660454	439727	255	660815	439254	305	661620	439615	355	660981	440408
206	660472	439710	256	660833	439254	306	661656	439621	356	660963	440426
207	660483	439686	257	660839	439289	307	661709	439621	357	660928	440456
208	660537	439668	258	660845	439325	308	661727	439656	358	660892	440479
209	660578	439668	259	660874	439360	309	661745	439698	359	660868	440485
210	660620	439668	260	660874	439396	310	661745	439733	360	660839	440497
211	660655	439692	261	660892	439419	311	661756	439781	361	660833	440521
212	660679	439721	262	660910	439419	312	661762	439822	362	660839	440556
213	660703	439739	263	660928	439413	313	661756	439863	363	660839	440574
214	660750	439739	264	660939	439396	314	661745	439905	364	660868	440598
215	660750	439704	265	660957	439396	315	661721	439935	365	660886	440610
216	660785	439686	266	660981	439378	316	661709	439958	366	660898	440645
217	660797	439686	267	660975	439348	317	661656	439946	367	660910	440663
218	660821	439704	268	660951	439325	318	661620	439964	368	660957	440681
219	660845	439739	269	660910	439331	319	661597	439994	369	660999	440681
220	660862	439757	270	660874	439307	320	661543	440041	370	661022	440698
221	660892	439757	271	660880	439283	321	661490	440083	371	661040	440716
222	660868	439733	272	660892	439265	322	661478	440106	372	661064	440716
223	660874	439710	273	660910	439224	323	661472	440148	373	661076	440710
224	660892	439680	274	660933	439194	324	661472	440183	374	661076	440740
225	660922	439650	275	660945	439171	325	661431	440189	375	661076	440769
226	660981	439650	276	661005	439171	326	661395	440165	376	661076	440793
227	661034	439644	277	661064	439141	327	661389	440118	377	661081	440823
228	661070	439638	278	661105	439123	328	661366	440094	378	661076	440858
229	661129	439627	279	661141	439117	329	661354	440065	379	661046	440864
230	661164	439609	280	661182	439117	330	661354	440041	380	661022	440894
231	661158	439579	281	661176	439183	331	661336	440017	381	660987	440900
232	661135	439561	282	661200	439212	332	661312	440023	382	660969	440858
233	661087	439544	283	661194	439260	333	661312	440059	383	660939	440829
234	661064	439561	284	661212	439313	334	661330	440088	384	660910	440817
235	661028	439567	285	661224	439354	335	661342	440094	385	660880	440864
236	660993	439567	286	661259	439396	336	661342	440130	386	660880	440900
237	660981	439544	287	661289	439366	337	661336	440148	387	660904	440935
238	660939	439538	288	661295	439319	338	661301	440154	388	660892	440983
239	660904	439544	289	661318	439277	339	661289	440183	389	660856	440988
240	660868	439550	290	661360	439265	340	661306	440225	390	660809	440953
241	660827	439573	291	661395	439271	341	661295	440272	391	660774	440947
242	660780	439567	292	661425	439277	342	661283	440308	392	660768	440971
243	660732	439561	293	661466	439283	343	661253	440296	393	660744	440935
244	660714	439532	294	661508	439336	344	661212	440302	394	660714	440917
245	660703	439508	295	661531	439372	345	661206	440337	395	660691	440906
246	660738	439490	296	661555	439408	346	661176	440367	396	660673	440888
247	660768	439473	297	661585	439443	347	661147	440355	397	660643	440911
248	660768	439455	298	661603	439479	348	661105	440313	398	660649	440959
249	660738	439425	299	661638	439532	349	661087	440308	399	660631	440988
250	660738	439402	300	661620	439561	350	661058	440343	400	660608	440988

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
401	660578	441018	451	660383	441948	501	649172	433101	551	650163	432784
402	660566	441036	452	660389	441977	502	649201	433076	552	650184	432801
403	660566	441071	453	660401	442019	503	649222	433063	553	650209	432796
404	660560	441095	454	660395	442054	504	649252	433042	554	650256	432779
405	660519	441107	455	660365	442096	505	649299	433029	555	650290	432763
406	660472	441113	456	660330	442143	506	649316	433042	556	650328	432733
407	660454	441077	457	660312	442190	507	649349	433051	557	650345	432695
408	660418	441054	458	660312	442232	508	649379	433084	558	650391	432657
409	660406	441030	459	660312	442285	509	649396	433114	559	650413	432614
410	660395	441006	460	660306	442291	510	649396	433169	560	650417	432572
411	660371	440971	461	649536	432174	511	649383	433207	561	650396	432568
412	660365	440935	462	649506	432174	512	649358	433245	562	650345	432606
413	660347	440900	463	649489	432161	513	649341	433267	563	650311	432619
414	660341	440876	464	649468	432148	514	649328	433254	564	650281	432614
415	660324	440882	465	649447	432170	515	649303	433245	565	650273	432576
416	660318	440917	466	649413	432199	516	649290	433267	566	650273	432542
417	660347	440947	467	649404	432225	517	649303	433317	567	650298	432491
418	660359	440971	468	649417	432258	518	649324	433343	568	650319	432449
419	660365	441006	469	649430	432275	519	649354	433322	569	650341	432407
420	660395	441036	470	649468	432288	520	649354	433305	570	650358	432360
421	660406	441060	471	649485	432301	521	649366	433279	571	650391	432339
422	660424	441083	472	649493	432343	522	649388	433254	572	650417	432364
423	660436	441113	473	649502	432390	523	649421	433228	573	650442	432390
424	660460	441148	474	649519	432428	524	649451	433203	574	650468	432419
425	660454	441196	475	649532	432445	525	649485	433190	575	650497	432445
426	660424	441231	476	649553	432479	526	649527	433203	576	650523	432449
427	660389	441267	477	649570	432483	527	649561	433216	577	650535	432449
428	660371	441290	478	649587	432521	528	649616	433228	578	650552	432449
429	660365	441326	479	649608	432546	529	649646	433228	579	650586	432453
430	660383	441338	480	649587	432593	530	649654	433190	580	650599	432517
431	660418	441361	481	649561	432606	531	649663	433165	581	650586	432563
432	660436	441391	482	649519	432610	532	649667	433127	582	650599	432602
433	660466	441415	483	649493	432640	533	649676	433097	583	650599	432631
434	660472	441415	484	649468	432682	534	649671	433059	584	650595	432682
435	660472	441444	485	649464	432712	535	649671	433025	585	650633	432695
436	660489	441468	486	649443	432737	536	649684	432991	586	650675	432695
437	660483	441504	487	649417	432771	537	649701	432962	587	650709	432707
438	660478	441527	488	649392	432784	538	649739	432932	588	650739	432724
439	660454	441563	489	649354	432784	539	649773	432907	589	650764	432754
440	660418	441592	490	649328	432779	540	649828	432873	590	650785	432784
441	660383	441592	491	649299	432784	541	649870	432847	591	650798	432818
442	660359	441610	492	649252	432822	542	649904	432843	592	650811	432847
443	660335	441628	493	649201	432856	543	649917	432847	593	650832	432857
444	660330	441663	494	649159	432898	544	649926	432860	594	650858	432839
445	660341	441705	495	649150	432911	545	649938	432868	595	650884	432822
446	660365	441752	496	649116	432957	546	649989	432860	596	650928	432822
447	660383	441788	497	649112	432991	547	650019	432839	597	650963	432822
448	660389	441835	498	649108	433046	548	650061	432830	598	651015	432848
449	660406	441877	499	649104	433084	549	650095	432809	599	651042	432883
450	660401	441912	500	649138	433106	550	650137	432792	600	651077	432909

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
601	651147	432971	651	651147	433224	701	651667	432794	751	652176	433025
602	651138	433014	652	651173	433198	702	651655	432752	752	652188	433060
603	651164	433014	653	651190	433189	703	651655	432705	753	652188	433096
604	651225	433014	654	651208	433163	704	651697	432699	754	652170	433143
605	651252	433041	655	651225	433146	705	651726	432717	755	652170	433185
606	651247	433080	656	651243	433111	706	651762	432735	756	652153	433244
607	651234	433111	657	651252	433093	707	651797	432752	757	652147	433262
608	651199	433146	658	651257	433084	708	651851	432770	758	652141	433279
609	651155	433146	659	651265	433070	709	651898	432788	759	652123	433333
610	651129	433146	660	651270	433057	710	651928	432817	760	652129	433350
611	651112	433181	661	651276	433042	711	651963	432853	761	652176	433362
612	651085	433224	662	651288	433025	712	651975	432883	762	652153	433410
613	651085	433259	663	651312	433007	713	651993	432912	763	652135	433445
614	651050	433259	664	651341	432995	714	651975	432930	764	652117	433463
615	650998	433251	665	651347	432983	715	651969	432948	765	652082	433498
616	650980	433233	666	651359	432960	716	651957	432965	766	652034	433552
617	650937	433242	667	651347	432918	717	651957	432995	767	652005	433611
618	650910	433242	668	651324	432912	718	651934	432995	768	651993	433635
619	650884	433242	669	651294	432894	719	651928	432983	769	651993	433670
620	650832	433251	670	651259	432877	720	651928	432960	770	651993	433688
621	650805	433277	671	651241	432841	721	651910	432930	771	652028	433688
622	650805	433303	672	651217	432841	722	651904	432894	772	652076	433676
623	650840	433312	673	651176	432853	723	651886	432877	773	652099	433676
624	650858	433303	674	651134	432835	724	651851	432888	774	652117	433652
625	650893	433286	675	651176	432770	725	651833	432912	775	652141	433635
626	650910	433303	676	651205	432735	726	651833	432942	776	652182	433623
627	650937	433356	677	651229	432788	727	651839	432965	777	652182	433599
628	650963	433382	678	651259	432812	728	651785	433025	778	652206	433569
629	650989	433408	679	651294	432823	729	651768	433042	779	652247	433546
630	651033	433452	680	651335	432841	730	651756	433060	780	652277	433546
631	651042	433478	681	651371	432859	731	651744	433090	781	652307	433558
632	651068	433539	682	651389	432877	732	651744	433108	782	652348	433563
633	651077	433574	683	651401	432900	733	651780	433125	783	652389	433563
634	651094	433618	684	651401	432924	734	651803	433119	784	652413	433552
635	651103	433653	685	651401	432948	735	651803	433096	785	652425	433516
636	651112	433697	686	651418	432930	736	651815	433072	786	652437	433481
637	651129	433723	687	651430	432912	737	651827	433072	787	652419	433457
638	651120	433706	688	651454	432888	738	651868	433066	788	652401	433439
639	651120	433671	689	651436	432847	739	651904	433054	789	652395	433410
640	651147	433644	690	651448	432812	740	651922	433042	790	652395	433380
641	651147	433583	691	651454	432782	741	651934	433031	791	652395	433356
642	651120	433522	692	651501	432806	742	651945	433019	792	652395	433344
643	651120	433478	693	651531	432841	743	651969	432995	793	652395	433321
644	651112	433434	694	651572	432877	744	651993	432983	794	652419	433285
645	651094	433391	695	651584	432894	745	652010	432954	795	652437	433279
646	651103	433356	696	651620	432924	746	652034	432930	796	652437	433232
647	651103	433321	697	651643	432924	747	652070	432912	797	652431	433202
648	651103	433286	698	651667	432912	748	652117	432906	798	652449	433173
649	651103	433268	699	651661	432871	749	652141	432948	799	652466	433185
650	651120	433251	700	651679	432841	750	652164	432983	800	652484	433155

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
801	652490	433113	851	653195	433836	901	654462	434031	951	654663	435328
802	652520	433149	852	653224	433806	902	654480	434067	952	654699	435358
803	652543	433190	853	653266	433788	903	654468	434120	953	654734	435381
804	652561	433202	854	653307	433771	904	654438	434156	954	654764	435393
805	652597	433238	855	653355	433794	905	654408	434167	955	654799	435405
806	652579	433267	856	653402	433783	906	654397	434221	956	654835	435411
807	652591	433321	857	653402	433747	907	654408	434274	957	654858	435399
808	652603	433374	858	653426	433712	908	654426	434333	958	666043	429579
809	652597	433427	859	653426	433670	909	654456	434392	959	666055	429561
810	652632	433463	860	653455	433646	910	654408	434475	960	666085	429537
811	652632	433510	861	653503	433646	911	654361	434529	961	666168	429508
812	652614	433569	862	653520	433623	912	654302	434582	962	666203	429514
813	652626	433617	863	653562	433605	913	654225	434612	963	666227	429537
814	652614	433617	864	653603	433575	914	654183	434635	964	666280	429525
815	652591	433640	865	653627	433563	915	654166	434665	965	666333	429525
816	652573	433664	866	653686	433552	916	654166	434724	966	666404	429549
817	652573	433688	867	653728	433575	917	654142	434765	967	666434	429567
818	652591	433694	868	653751	433552	918	654124	434854	968	666505	429567
819	652626	433676	869	653793	433540	919	654107	434884	969	666564	429573
820	652668	433688	870	653834	433546	920	654083	434931	970	666647	429596
821	652685	433717	871	653846	433587	921	654035	434985	971	666665	429656
822	652715	433729	872	653864	433629	922	653994	435008	972	666712	429685
823	652733	433712	873	653905	433646	923	653947	435026	973	666789	429697
824	652745	433664	874	653941	433635	924	653929	435067	974	666819	429739
825	652751	433640	875	653976	433617	925	653964	435079	975	666813	429786
826	652762	433605	876	654012	433623	926	654012	435097	976	666860	429857
827	652792	433629	877	654047	433629	927	654000	435150	977	666931	429904
828	652804	433676	878	654095	433629	928	653958	435144	978	666961	429928
829	652822	433723	879	654130	433629	929	653929	435150	979	666991	429975
830	652845	433765	880	654172	433629	930	653882	435150	980	667020	430023
831	652851	433812	881	654207	433617	931	653893	435186	981	667056	430046
832	652845	433860	882	654243	433611	932	653929	435215	982	667115	430058
833	652845	433901	883	654296	433611	933	653964	435215	983	667115	430112
834	652857	433948	884	654308	433593	934	654018	435215	984	667139	430165
835	652875	433984	885	654332	433558	935	654071	435204	985	667162	430206
836	652910	433960	886	654355	433569	936	654107	435186	986	667180	430254
837	652922	433942	887	654361	433605	937	654136	435162	987	667233	430319
838	652952	433966	888	654349	433646	938	654178	435150	988	667287	430360
839	652982	434002	889	654343	433682	939	654237	435180	989	667322	430378
840	653017	434013	890	654332	433723	940	654266	435221	990	667358	430431
841	653035	433960	891	654326	433747	941	654296	435263	991	667387	430485
842	653035	433925	892	654320	433753	942	654326	435287	992	667387	430526
843	653035	433919	893	654290	433812	943	654397	435269	993	667352	430562
844	653041	433901	894	654290	433854	944	654426	435239	994	667322	430603
845	653070	433895	895	654290	433901	945	654450	435221	995	667376	430662
846	653094	433925	896	654290	433954	946	654480	435204	996	667387	430715
847	653112	433937	897	654302	433978	947	654533	435215	997	667340	430751
848	653171	433925	898	654349	433984	948	654557	435239	998	667275	430792
849	653212	433907	899	654391	433984	949	654592	435275	999	667269	430816
850	653195	433883	900	654444	433984	950	654616	435292	1000	667293	430858

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
1001	667281	430923	1051	664948	431977	1101	662953	433996	1151	660039	436417
1002	667239	430964	1052	664918	432000	1102	662858	434043	1152	659992	436447
1003	667257	431017	1053	664889	432030	1103	662763	434102	1153	659968	436483
1004	667233	431065	1054	664871	432054	1104	662668	434138	1154	659962	436524
1005	667233	431112	1055	664865	432089	1105	662568	434203	1155	659915	436542
1006	667198	431165	1056	664830	432125	1106	662443	434262	1156	659868	436548
1007	667216	431183	1057	664806	432166	1107	662355	434321	1157	659826	436560
1008	667198	431213	1058	664776	432231	1108	662254	434381	1158	659767	436583
1009	667168	431231	1059	664764	432273	1109	662189	434458	1159	659708	436631
1010	667145	431248	1060	664693	432314	1110	662130	434529	1160	659655	436678
1011	667115	431284	1061	664640	432320	1111	662070	434564	1161	659613	436731
1012	667079	431355	1062	664605	432338	1112	661993	434617	1162	659572	436773
1013	667068	431408	1063	664557	432373	1113	661934	434700	1163	659554	436832
1014	667020	431438	1064	664551	432421	1114	661887	434789	1164	659530	436879
1015	666967	431462	1065	664551	432456	1115	661833	434848	1165	659501	436927
1016	666896	431497	1066	664551	432515	1116	661762	434884	1166	659501	436962
1017	666819	431515	1067	664522	432587	1117	661674	434937	1167	659495	436992
1018	666748	431533	1068	664498	432640	1118	661620	434996	1168	659489	437015
1019	666665	431550	1069	664480	432687	1119	661579	435050	1169	659453	437110
1020	666582	431562	1070	664451	432740	1120	661537	435127	1170	659441	437158
1021	666541	431562	1071	664421	432794	1121	661508	435204	1171	659418	437199
1022	666493	431586	1072	664356	432847	1122	661478	435298	1172	659382	437246
1023	666434	431604	1073	664291	432871	1123	661472	435369	1173	659376	437300
1024	666363	431610	1074	664243	432888	1124	661460	435446	1174	659353	437353
1025	666298	431621	1075	664196	432918	1125	661437	435523	1175	659317	437436
1026	666245	431621	1076	664137	432954	1126	661389	435565	1176	659287	437495
1027	666185	431639	1077	664072	432989	1127	661372	435577	1177	659258	437554
1028	666138	431639	1078	664024	433037	1128	661312	435624	1178	659258	437596
1029	666067	431639	1079	664001	433078	1129	661259	435665	1179	659258	437655
1030	666008	431645	1080	663977	433131	1130	661218	435701	1180	659258	437685
1031	665943	431657	1081	663971	433190	1131	661176	435754	1181	659258	437714
1032	665883	431675	1082	663959	433238	1132	661111	435802	1182	659222	437732
1033	665806	431681	1083	663924	433273	1133	661034	435819	1183	659169	437744
1034	665741	431692	1084	663870	433279	1134	660963	435825	1184	659104	437761
1035	665682	431710	1085	663829	433303	1135	660898	435825	1185	659039	437767
1036	665611	431728	1086	663811	433344	1136	660821	435843	1186	658985	437767
1037	665552	431734	1087	663752	433392	1137	660768	435855	1187	658980	437720
1038	665510	431763	1088	663716	433427	1138	660714	435885	1188	658974	437696
1039	665433	431805	1089	663675	433463	1139	660685	435950	1189	658938	437696
1040	665380	431805	1090	663633	433504	1140	660643	435997	1190	658891	437744
1041	665321	431799	1091	663580	433558	1141	660596	436050	1191	658867	437773
1042	665262	431805	1092	663521	433611	1142	660572	436092	1192	658843	437821
1043	665244	431864	1093	663468	433652	1143	660519	436127	1193	658808	437856
1044	665191	431870	1094	663432	433688	1144	660448	436163	1194	658760	437874
1045	665137	431870	1095	663385	433712	1145	660395	436204	1195	658713	437874
1046	665084	431864	1096	663337	433747	1146	660335	436240	1196	658648	437921
1047	665084	431852	1097	663290	433794	1147	660282	436287	1197	658612	437951
1048	665043	431888	1098	663219	433848	1148	660217	436335	1198	658589	438010
1049	665013	431906	1099	663154	433883	1149	660170	436358	1199	658571	438046
1050	664983	431941	1100	663053	433942	1150	660116	436394	1200	658553	438063

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
1201	658512	438081	1251	658470	439567	1301	658873	440681	1351	659045	439935
1202	658453	438117	1252	658488	439627	1302	658914	440663	1352	659033	439899
1203	658405	438146	1253	658506	439638	1303	658914	440627	1353	659033	439863
1204	658316	438194	1254	658530	439615	1304	658914	440592	1354	659033	439828
1205	658263	438235	1255	658530	439567	1305	658903	440580	1355	659033	439792
1206	658222	438283	1256	658565	439556	1306	658879	440604	1356	659027	439739
1207	658174	438354	1257	658618	439556	1307	658843	440633	1357	659027	439704
1208	658157	438371	1258	658660	439579	1308	658820	440651	1358	659009	439668
1209	658139	438431	1259	658707	439603	1309	658802	440645	1359	659045	439638
1210	658139	438436	1260	658743	439650	1310	658778	440610	1360	659057	439615
1211	658139	438478	1261	658755	439698	1311	658766	440592	1361	659074	439561
1212	658145	438525	1262	658784	439751	1312	658760	440568	1362	659122	439579
1213	658151	438567	1263	658790	439786	1313	658784	440550	1363	659175	439597
1214	658157	438614	1264	658755	439810	1314	658802	440544	1364	659258	439565
1215	658157	438650	1265	658719	439828	1315	658826	440509	1365	659276	439544
1216	658133	438679	1266	658707	439828	1316	658832	440485	1366	659276	439526
1217	658121	438709	1267	658678	439834	1317	658832	440461	1367	654858	435399
1218	658121	438744	1268	658672	439863	1318	658861	440444	1368	654858	435363
1219	658162	438780	1269	658672	439893	1319	658867	440414	1369	654876	435328
1220	658174	438821	1270	658672	439923	1320	658855	440373	1370	654894	435281
1221	658174	438869	1271	658683	439958	1321	658843	440325	1371	654912	435251
1222	658162	438916	1272	658713	439988	1322	658837	440284	1372	654924	435221
1223	658151	438975	1273	658689	440006	1323	658843	440260	1373	654959	435186
1224	658139	439017	1274	658654	440023	1324	658867	440236	1374	654989	435186
1225	658145	439052	1275	658660	440029	1325	658897	440219	1375	655030	435186
1226	658109	439070	1276	658636	440035	1326	658908	440183	1376	655048	435227
1227	658109	439094	1277	658642	440065	1327	658914	440136	1377	655089	435275
1228	658103	439135	1278	658672	440077	1328	658920	440094	1378	655119	435322
1229	658085	439194	1279	658672	440130	1329	658914	440053	1379	655119	435363
1230	658085	439242	1280	658642	440183	1330	658908	440006	1380	655119	435393
1231	658109	439283	1281	658618	440260	1331	658908	439952	1381	655101	435417
1232	658139	439307	1282	658589	440331	1332	658932	439899	1382	655095	435435
1233	658180	439319	1283	658583	440343	1333	658956	439863	1383	655095	435470
1234	658228	439336	1284	658577	440379	1334	658980	439863	1384	655137	435517
1235	658228	439378	1285	658577	440414	1335	659015	439923	1385	655178	435512
1236	658186	439402	1286	658601	440432	1336	659039	439952	1386	655208	435476
1237	658157	439378	1287	658630	440456	1337	659051	439976	1387	655172	435423
1238	658109	439372	1288	658654	440473	1338	659062	440006	1388	655166	435381
1239	658121	439413	1289	658683	440503	1339	659080	440035	1389	655166	435328
1240	658162	439425	1290	658731	440550	1340	659110	440059	1390	655155	435281
1241	658198	439425	1291	658743	440558	1341	659116	440094	1391	655149	435251
1242	658228	439402	1292	658743	440592	1342	659128	440124	1392	655119	435210
1243	658281	439402	1293	658749	440627	1343	659181	440124	1393	655107	435168
1244	658322	439413	1294	658749	440669	1344	659181	440094	1394	655089	435150
1245	658352	439437	1295	658749	440710	1345	659187	440071	1395	655048	435150
1246	658352	439473	1296	658778	440752	1346	659175	440047	1396	655012	435138
1247	658376	439490	1297	658808	440769	1347	659139	440041	1397	654977	435127
1248	658399	439526	1298	658837	440746	1348	659104	440023	1398	654959	435097
1249	658405	439544	1299	658849	440734	1349	659074	440006	1399	654947	435062
1250	658441	439550	1300	658855	440698	1350	659062	439970	1400	654947	435014

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
1401	654935	434979	1451	655741	433907	1501	655622	432717	1551	655877	433025
1402	654935	434937	1452	655723	433877	1502	655640	432699	1552	655895	433072
1403	654941	434902	1453	655729	433848	1503	655652	432646	1553	655901	433054
1404	654965	434908	1454	655758	433824	1504	655652	432598	1554	655936	433078
1405	654995	434931	1455	655776	433806	1505	655658	432569	1555	655942	433113
1406	655018	434937	1456	655830	433777	1506	655687	432557	1556	655954	433167
1407	655036	434943	1457	655847	433765	1507	655693	432527	1557	655983	433208
1408	655036	434919	1458	655877	433747	1508	655699	432492	1558	656007	433250
1409	655024	434872	1459	655901	433712	1509	655676	432450	1559	656031	433297
1410	655001	434848	1460	655901	433646	1510	655610	432409	1560	656049	433338
1411	655012	434813	1461	655901	433605	1511	655563	432397	1561	656037	433392
1412	655030	434777	1462	655871	433617	1512	655516	432397	1562	656019	433427
1413	655060	434748	1463	655865	433658	1513	655468	432379	1563	656007	433451
1414	655089	434659	1464	655835	433694	1514	655421	432350	1564	656019	433481
1415	655095	434629	1465	655794	433729	1515	655415	432314	1565	656031	433498
1416	655095	434517	1466	655758	433735	1516	655445	432255	1566	656043	433451
1417	655095	434469	1467	655711	433759	1517	655457	432219	1567	656066	433421
1418	655113	434416	1468	655687	433771	1518	655480	432148	1568	656102	433410
1419	655125	434357	1469	655664	433788	1519	655522	432125	1569	656120	433445
1420	655143	434327	1470	655640	433765	1520	655569	432077	1570	656137	433481
1421	655143	434310	1471	655634	433741	1521	655622	432095	1571	656191	433463
1422	655160	434268	1472	655599	433729	1522	655652	432131	1572	656197	433427
1423	655190	434227	1473	655569	433712	1523	655723	432178	1573	656208	433392
1424	655214	434185	1474	655545	433682	1524	655741	432190	1574	656244	433362
1425	655243	434156	1475	655533	433646	1525	655753	432166	1575	656280	433356
1426	655267	434120	1476	655510	433617	1526	655758	432113	1576	656345	433344
1427	655326	434102	1477	655480	433587	1527	655723	432060	1577	656368	433362
1428	655368	434085	1478	655457	433558	1528	655699	432042	1578	656380	433410
Aðalmeðferð stóð dagana 12.-13. september 2002 og skiptist í forflutning, vettvangsferð, skýrslutökur og málflutning. Fundað var í salarkynnum Hótel Hafnar, Hornafirði. Áður en forflutningur hófst voru sáttamöguleikar kannaðir að nýju, án árangurs. Fram kom þó að íslenska ríkið væri reiðubúið að fallast kröfugerð eiganda Hóla um norðurmörk jarðarinnar. Á sáttarboð þetta var ekki fallist af hálfu eiganda Hóla. Að aðalmeðferð lokinni var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 14. nóvember 2003 var málið endurupptekið og lögð fram ný gögn. Gögn þessi höfðu áður verið kynnt lögmönnum málsaðila og tækfæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ¹

3.1. Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna jarðanna Bjarnaness I-II og Áss. Þinglýstur eigandi þessara jarða er ríkissjóður Íslands.

3.1.1. Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins er gerð sú krafa að viðurkennt verði að þjóðlendu-mörk í Nesjum séu svo sem hér segir: „Fyrsti punktur í kröfulínu fjármálaráðherra í Nesjum er í Skálatindum (838 m) og er hann punktur A. Frá þeim punkti er dregin bein lína efst í Miðfellstind (830 m), sem verður punktur B. Frá Miðfellstindi er dregin lína til norðurs fremst í Árnanesmúla, sem verður punktur C og þaðan beint í Krossbæjartind (706 m), sem verður punktur D. Þaðan er dregin lína í punkt E, sem er vestast á Setbergsheiðinni. Frá punkti E er dregin bein lína efst í Njörvafell (989 m) og verður það punktur F og jafnframt hornpunktur.

Frá hornpunkti F er dregin bein lína í vestur yfir Hoffellsdal ofanverðan og í punkt G í Geitafelli í Hoffellsfjöllum, þaðan er farið eftir beinni línu í punkt neðst í Hoffellsjökli, sem verður punktur H. Frá punkti H er dregin bein lína í punkt efst á Sandmerkisheiði (909 m) á Mýrum og verður þannig síðasti punktur í Nesjum á þeirri línu, þar sem hún sker Suðurfljót á gömlu sveitarfélaga-mörkunum milli Nesja og Mýra. Verður það punktur I.“

Við aðalmeðferð málsins kom fram að íslenska ríkið væri reiðubúið að setta málið hvað varðar þjóðlendukröfulínu yfir land sem samkvæmt kröfugerð eiganda Hóla liggur innan landamerkja og fallast á það með eiganda jarðarinnar að norðurmörk hennar fylgi mörkum Nesja við Lón. Óbyggðanefnd lítur svo á að með þessu hafi íslenska ríkið dregið umrædda kröfu til baka. Endanleg þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins fylgi því mörkum Nesja við Lón frá þeim stað þar sem bein lína úr Skálatindi í Miðfellstind sker norðurmörk Hóla, samkvæmt kröfugerð eiganda jarðarinnar, í nefndan Miðfellstind.

3.1.2. Bjarnanes I-II og Ás

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til lands jarðarinnar utan þjóðlendulínunnar, eins og því er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, að undanskildum þeim hlutum sem afsalað hefur verið til einkaaðila. Þá er landinu innan þjóðlendulínunnar lýst sem afréttarlandi jarðarinnar innan þjóðlendu.

Landamerkjabréf jarðarinnar er svohljóðandi: „Að vestan, milli Stóru-Lágar og Bjarnaness: Úr Struntuskeri í Hornafjarðarfljóti í Þveitarlæk, eftir Þveitarlæk yfir Þveit í Markstrýtu; þaðan sem rauð skriða og blá koma saman undir Arnarhömrum, þaðan um Smalahól, þaðan í Marktind austan við Krossbæjarskarð, þaðan í Miðfellstind á Hafradal og þaðan á Gildalabryr. Að austan milli Árnanes og Bjarnaness. Frá Lónmörkum af Skerjum ofan á Sámsklett í Vítisgljúfri, síðan ofan eftir Laxá að Áfangahól, þaðan í Graskíl, yfir Fljótin í kíldrag er aðskilur Árnanesnýgræður og Vatnsfít, þaðan í Þúfu fyrir norðan Nýgrædufít, þaðan í stóra vörðu í Ófæruhólma í Melsendaál, þaðan í fjörðinn sjónhending í austurbrun Staðareyjar. Bjarnanes á Skógey alla innan frá Struntuskeri um Kríusker að fyrirtöldum mörkum í Ófæruhólma í Staðarey og veiði alla hverju nafni sem nefnist í Hornafirði fyrir vestan Flangey. Ennfremur á Bjarnanesprestakall eyjarnar Akurey og Hrafsey í Hornafirði. Fjöru utan fjarða í Hornslandi frá því er Miðskerin bera saman að austan og suður að skerjum þeim, sem þar eru næst, eða þangað sem þúfa á Borgareyjargeltinum ber í skriðu í gljúfrinu í Krossbæjarskarði. Þá á prestakallið reka allan á því svæði, er nefnt hefur verið Horns-

¹ Sjá einnig fylgiskjöl nr. IV (Aðilaskrá) og I (Kort).

eyri eða Óskálfur milli Hornstanga á Óslandi og Hvanneyjar og nær það vestur að merkjalínunni milli Horns og Einhólts og austur með Óslandi í Óslandssker en þaðan ræður sjónhending í vörðu vestan á skerinu á ysta (austasta) odda Hvanneyjar og heyrir Óskálfi einnig til rekinn frá ósnum og inn með (austur með) fjötutangnum innanfjarðar að þessari merkjalínu.“

Einnig er gerð krafa um að framangreint rekaítak fylgi eignarhluta íslenska ríkisins að tiltölu við aðrar jarðir í Bjarnarneshverfinu. Er þetta ákvæði þannig skilið að ítakið fylgi jörðinni en ekki öllu prestakallinu.

3.2. Kröfur eigenda jarða í Hoffellstorfu (Svínafell, Hoffell I-II, Miðfell, Setberg I-II og fjalllendi Dilksness í Reifsdal)

3.2.1. Kröfur eigenda jarðarinnar Svínafells

Af hálfu Gísla Sigurbergssonar er gerð krafa um að land sunnan eða sjávarmegin kröfulínu teljist fullkomið eignarland. Endanlegri kröfu er lýst svo: Lína úr jökulsporði Hoffellsjökuls, punkti 21 í punkt 19. Frá punkti 19 að vestari rönd Hoffellsjökuls og þaðan með fram rönd Hoffellsjökuls að punkti 22, þaðan í punkt 23 milli Jökulfells og Viðborðshálsa og síðan í landamerkin milli Svínafells og Viðborðs í jökulrótum. Þannig verði viðurkennt að hluti jökulsins sé háður einkaeignarrétti og tilheyri Svínafelli.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

3.2.2. Kröfur eigenda Hoffells I-II og Miðfells

Af hálfu Guðmundar Helgasonar vegna Hoffells I, Úlfars Helgasonar vegna Hoffells I b, Ragnars L. Þrúðmarssonar vegna Hoffells II a, Þrúðmars S. Þrúðmarssonar vegna Hoffells II b og Hólmsfríðar Leifsdóttur o.fl. vegna Miðfells er gerð krafa um að land sunnan eða sjávarmegin kröfulínu teljist fullkomið eignarland. Kröfunni er lýst svo: „Fjalllendi Hoffells og Miðfells er sameiginlegt og mörk jarðanna gagnvart þjóðlendu því sameiginleg. Mörk inn til landsins eru þessi: Lína dregin frá punkti 12 í sunnanverðum Lambatungnajökli og þaðan meðfram jökulbrúninni í punkt 18 einnig í jökulbrúninni og þaðan í punkt 19, sem er miðpunktur milli Gæsaheiðar og Múla. Þaðan er dregin bein lína í jökulsporð miðjan (punktur 21). Hoffelli tilheyra einnig Hoffellslambatungur og markast af Lambatungnaá, Austurtungnajökli og Lambatungnajökli og eru merki þess eignarlands jafnframt merki gagnvart þjóðlendu.“

Að því leyti sem ekki er gerð krafa til jökulsvæðis er við það miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðaeigendanna ná.

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

Með bréfi, dags. 14. maí 2003, var gerð breyting á framangreindri kröfugerð. Breytt krafa eigenda Hoffells I-II og Miðfells hljóðar svo: „Lína sem dregin er frá punkti 21 í punkt 19 verði framlengd þar til hún kemur að vatnaskilum til norðurs, þaðan verði dregin lína í norðaustlæga átt eftir vatnaskilum þar til sú lína mætir línu sem dregin er frá punkti 17 um miðjan Austurtungnajökul og teljist allt land sunnan línu þessarar háð einkaeignarétti eigenda jarðanna.“

Með sama bréfi var eftirfarandi varakrafa sett fram: „Til vara er þess krafist að allt það land sem liggur undir Lambatungnajökli verði talið til jarðanna og teljist háð einkaeignarétti eigenda þeirra og verði mörk einkaeignarlands jarðanna og þjóðlendu dregið þvert yfir jökulinn þar sem hann tengist jökulbreiðu Vatnajökuls.“

3.2.3. Kröfur eigenda Setbergs I-II

Af hálfu Ara B. Árnasonar o.fl. vegna Setbergs I og Helga Árnasonar vegna Setbergs II er gerð krafa um að land sunnan eða sjávarmegin kröfulínu teljist fullkomið eignarland. Kröfunni er lýst svo: „Lína dregin úr fossinum í Grjótárgljúfrinu í gilið í skerjabrúninni vestan við Miðfell á Grjótárdal og þaðan beint norður á Giljadalabrúnir. Þaðan bein lína í Reifstind. Frá Reifstindi bein lína

í Kálfafellstinda og þaðan bein lína í Njörfafellstind. Úr Njörfafellstindi er dregin lína í Lambastígshnúk og þaðan austast í Nautastígsbrúnir. Merkin fylgja síðan Nautstígsbrúnum í brúnir á Vatnsskerjum. Þaðan lína í punkt 12 í sunnanverðum Lambatungnajökli [„austast um Nautastígsbrúnir inni jökul“], en þar eru mörk við land Hoffells.“

Þá er gerð krafa um málskostnað, lögum samkvæmt.

3.2.4. Kröfur eiganda Dilksness vegna Reifsdals

Af hálfu Kristjáns Jónssonar o.fl. er gerð krafa um að land sunnan eða sjávarmegin kröfulínu teljist fullkomið eignarland. Kröfunni er lýst svo: „Jörðinni Dilksnesi tilheyrir Reifsdalur allur að tveimur þriðju hlutum. Merki þessa eignarlands eru hreppamörkin milli Mýra og Lóns til austurs og norðurs og síðan í punkt 9 á korti (Lambastígshnúkur) og þaðan í Njörfafellstind, Kálfafellstind og Reifstind og þaðan bein lína í Giljadalabrúnir og lokast með línu þaðan í hreppsmörkin í punkti 14.“

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

3.3. Kröfur eigenda jarða í Krossbæjartorfu (Krossbær, Lindarbakki og Stóruhálg)

Af hálfu Vilhjálmis Sigurðssonar vegna Krossbæjar, Skarphéðins Larsen vegna Lindarbakka og Sigurðar Sigfinnssonar vegna Stóruhálgar er gerð krafa um að land sunnan eða sjávarmegin kröfulínu teljist fullkomið eignarland. Kröfunni er lýst svo: „Fjalllendi jarða þessara er sameiginlegt og mörk jarðanna gagnvart þjóðlendu því sameiginleg. Mörk þessi inn til landsins eru þessi talið frá austurmörkum: Lína dregin frá Marktindi austan við Krossbæjarskarð í Miðfellstind á Hafradal og þaðan á Giljadalabrúnir. Þaðan er dregin lína í gilið á skerjabrúninni vestan við Miðfell og þaðan beint í fossinn í Grjótárgljúfrinu.“

Þá er gerð krafa um málskostnað lögum samkvæmt.

3.4. Kröfur eigenda og umráðamanna jarða í Bjarnanestorfu

Af hálfu Þorsteins Sigjónssonar o.fl. vegna Bjarnaness I-II og Áss, Sigjóns Bjarnasonar o.fl. vegna Brekkubæjar, Bjarna Sigjónssonar vegna Grundar, Bjarna Sigjónssonar o.fl. vegna Fornustekkjja, Meðalfells ehf. vegna Meðalfells I, Þorsteins Sigjónssonar o.fl. vegna Meðalfells II, sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna Austurhóls, Margot Önnu Clöru Gamm f.h. dánarbús Skírnis Hákonarsonar vegna Borga, Bjarneyjar Pálinu Benediktadóttur o.fl. vegna Miðskers og Sigurðar Sigurbergssonar o.fl. vegna Stapa er gerð eftirfarandi krafa um beinan eignarrétt: „Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglesnir eigendur jarðanna - aðrir en íslenska ríkið - eigi beinan eignarrétt að öllu landi nefndra jarða nema landi Bjarnaness og viðurkennt verði að landamerki lands jarðanna séu sem hér skal greina, sbr. landamerkjabréf fyrir Bjarnanes og hjáleigur, dags. 17. apríl 1921: Að vestan milli Stóru-Lágar og Bjarnaness: Úr Strunskerri í Hornafjarðarfljóti í Þveitarlæk, eftir Þveitarlæk yfir Þveit í Markstritu; þaðan sem rauð skriða og blá koma saman undir Arnarhömrum, þaðan um Smalahól, þaðan í Marktind, austan við Krossbæjarskarð, þaðan í Miðfellstind í Hafradal og þaðan í Gildalabryr. Að austan milli Árnanes og Bjarnaness. Frá Lónmörkum af Skerjum ofan í Sámsklett í Vítisgljúfri, síðan ofan eftir Laxá að Áfangahól, þaðan í Graskíl, yfir Fljótin í kылdrag er aðskilur Árnanesnýgræður og Vatnsfít, þaðan í þúfu fyrir norðan Nýgræðufit, þaðan í stóra vörðu í Ófæruhólma í Melsendaál, þaðan í fjörðinn sjónhending í austurbrún Staðareyjar. Bjarnanes á Skógey alla innan frá Strunskerri um Kríusker að fyrrtöldum örkum (Ófæruhólmi í Staðarey), og veiði alla, hverju nafni, sem nefnist í Hornafirði fyrir vestan Flangey.“

Af hálfu sömu aðila eru gerðar eftirfarandi kröfur um óbein eignarréttindi: „Þess er krafist, að beitarréttur ábúenda/umráðamanna Bjarnaness verði viðurkenndur í Hoffellsfjöllum og Hoffells-lambatungum, ef landsvæði þessi verða úrskurðuð þjóðlendur, að beitarréttur eigenda Brekkubæjar og Fornustekkjjar verði viðurkenndur í Hoffellsfjöllum, ef landsvæði þessi verða úrskurðuð þjóðlendur, að beitarréttur eigenda Fornustekkjjar og Brekkubæjar í Reifsdal verði viðurkenndur, og

gildi þá einu þótt dalurinn verði úrskurðaður þjóðlenda og að beitarréttur ábúenda/umráðamanna Bjarnaness og eigenda Meðalfells II (Móa), Brekkubæjar og Fornastekkjjar verði viðurkenndur í Skógey.“ Við aðalmeðferð málsins var kröfum um beitarrétt jarða í Bjarnanesstorfu breytt á þá lund að þær væru í öllum tilvikum einungis gerðar til lands sem úrskurðað yrði þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.5. Kröfur eigenda jarða í Árnastorfu

Af hálfu Ragnars Stefánssonar vegna Árnaness I, Eiríks Egilssonar o.fl. vegna Árnaness II, Ásgeirs N. Ásgeirssonar o.fl. vegna Árnaness III, Ragnars Jónssonar o.fl. vegna Akurness, Eiríks Egilssonar o.fl. vegna Seljavalla og Karls Sigurðssonar o.fl. vegna hlutdeildar í óskiptu landi Árnastorfu á Laxárdal er gerð eftirfarandi krafa: „Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir aðilar séu fullkomnir eigendur Árnastorfunnar í Hornafirði og að landamerki torfunnar séu þessi:“ Á austursíðuna eru landamerkin þessi milli Árnaness og Hóla: Úr nyrðri þúfunni á Hesthól beina sjónhending í Arnarhamar austast, er lögð landamerkjagirðing á þeirri leið allri. Úr Arnarhamri sjónhending í Miðfellstind. Milli Lækjarness og Árnaness eru mörkin þessi: Frá Hesthól eftir virgirdingu fyrir neðan Brekku í Brekkukíl, síðan liggur markið eftir honum í Rofhólskíl og út kílinn alla leið í Lækjarnessker, þó laust vestan við það. Milli Árnaness og Dilksness: Úr Lækjarnesskeri beina leið í miðjan ál vestur af Dilksnesskjólínu yst og mætast þar mörk. Milli Árnaness og Hafnar-ness: Úr síðasttöldum miðjuál beina línu í miðjan Kaplhólmaál, þaðan sjónhending í Vendeyjarhöfða, þaðan sjónhending í Arfaskersnagg, þaðan sjónhending í Akurey. Mörkin á suðursíðuna milli Mýrajarða og Árnaness: Milli Árnaness og Einhólts og Borgar: Úr Akurey miðri beina línu vestur fjörðinn að Skoruvíkurrifi, sem liggur í Borgarlandareign, mörkin eru nú 60 faðmar norður frá Skoruvíkurrifi um stórstraumsfjöru. Landamerkjalinna þessi er þangað sem íbúðarhús Kaupfélagsins ber í háskarðsklöppina og vestra hornið á Flangey ber í há Svinafellsgöltinn. Skulu mörkin úr Akurey vera beina sjónhending á þann stað, hvernig sem eyrar eða álar kunna að breytast á þessu svæði. Áframhald af landamerkjalinunni milli Borgar og Árnaness er úr framanskráðum merkjapunkti beina línu vestur fjörðinn að hreppamörkum milli Nesja og Mýrahrepps. Að norðaustan ráða hreppamörkin milli Bæjar og Nesjahrepps. Frá eimmörkum á skerjum er markalína þessi milli Árnaness og Bjarnaness. Af Skerjum ofan í Sámsklett í Vítisgljúfri, þaðan ofan eftir Laxá í Áfangahól. Þaðan í Graskíl, yfir í kildrag er aðskilur Árnanesnýgræður og vatnsfit. Þaðan í stóra vörðu í Ófæruhólma í Melsandaál. Þaðan í fjörðinn sjónhending í austurbrún Staðareyjar er Bjarnanes á veiði alla í firðinum fyrir vestan Flangey.“

Tekið er fram að litið sé svo að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt framan- greindra aðila í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að ein- hver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-19 ásamt undirskjölum eða samtals 342 skjal, sjá nánar í fylgiskjali nr. III.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar, samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirlinum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Landamerkjabók Skaftafellssýslu er á Þjóðskjalasafni og var yfirfarin af sérfræðingum safnsins, sjá nánar lið A í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

2. Jarðabréf (á Þjóðskjalasafni)

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni athuguðu jarðabréf í vörslu safnsins, sjá nánar lið J í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Sjá að öðru leyti lið D-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni leituðu heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu (1801-

1929), sjá nánar lið B í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni síðari afsals- og veðmálabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

4. Landskiptabækur

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni landskiptabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Fasteigna- og jarðamöt

Lögð voru fram ljósrit af jarðamati 1804, 1849-1850 og 1916-1918, í vörslu Þjóðskjalasafns, sjá nánar lið L í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Um prentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið D-2.

6. Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur (dómsmálabækur, aukadómsbækur o.fl.) og sáttabækur, sjá nánar liði H og I, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Ekki var hins vegar talin ástæða til að leita í bréfasöfnum sýslumanna (eða dómsskjölum) eða bréfabókum sýslumanna, nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sama máli gegnir um hreppsækur og bréfabækur hreppstjóra og sveitarstjórna. Um prentaða dóma er vísað í lið D-3.

7. Kirknaskjöl

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirknaskjöl, vísitásiubækur prófasteina í Austur-Skaftafellsprófastdæmi, brauðamöt og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra 1839, sjá nánar liði C, M og P í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

8. Vísitásiubækur biskupa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu fyrstu vísitásiubækur sex Skálholtsbiskupa og aðrar vísitásiur þegar tilefni var til, sjá nánar lið D í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

9. Skjalasöfn presta og prófasteina

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirkjustóla og skjalabækur kirkna þegar sérstök ástæða var til, sjá nánar lið E í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

10. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu skjöl í þessum flokki þegar sérstök ástæða var til. Þannig voru athuguð skjöl varðandi kirkjujarðasölu í skjalasafni Stjórnarráðs Íslands, skjöl í skjalasafni landshöfðinga sem varða kirkjujarðasölu, bréf varðandi byggingu þjóðjarða í skjalasafni landshöfðinga og skjöl í skjalasafni landfógeta. Ekki var hins vegar talin ástæða til að leita í bréfabókum stiftamtmanns og amtmanns, bréfum til stiftamtmanns, amtmanns og stiftsyfirvalda eða bréfasafni landshöfðinga, nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sjá nánar liði F, G, Q og S, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Um prentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga er vísað í lið D-6.

11. Bréfasöfn og bréfabækur biskupa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns litu lauslega á bréf til biskups úr Austur-Skaftafellsprófastdæmi og bréfabækur biskups, sjá nánar lið O og lokaorð í greinargerð safnsins um gagnaöflun,

skjali nr. 2. Forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns athugaði bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, sem þar er varðveitt, sbr. skjal nr. 3. Um prentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið D-8.

12. Klausturumboð

Nær engin slík skjöl tengjast Austur-Skaftafellssýslu, sbr. lokaorð í greinargerð Þjóðskjalasafns um gagnaöflun, skjal nr. 2. Það litla sem er var lauslega athugað.

13. Fornleifaskráning (yfirlit)

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu, sjá nánar lið A-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

14. Örnefnaskráning

Óbyggðanefnd lagði fram nokkrar örnefnaskrár frá Örnefnastofnun Íslands þegar sérstök ástæða var talin til, sjá nánar lið A-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

15. Önnur óprentuð frumgögn

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu af sérstöku tilefni skjöl frá jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins um sölu kirkjujarða í Austur-Skaftafellssýslu og skjöl í II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands (atvinnu- og samgöngumál) varðandi þjóðjarðir í Austur-Skaftafellssýslu, sjá nánar liði K og R í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað nokkurra annarra óprentaðra frumgagna frá héraðsskjalasafni og víðar, sjá nánar lið A-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

B. Prentuð frumgögn:

1. Jarðabréf

Af hálfu óbyggðanefnd var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (G.F.G.), sjá nánar lið B-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð jarðabréf er vísað í lið C-2.

2. Fasteigna- og jarðamöt

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað ljósrita úr eftirtöldum fasteigna- og jarðamötum: Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847), Ný jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1942-1943, Fasteignabók 1956-1957. Sjá nánar lið B-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið C-5.

3. Dómar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir útgefna dóma Hæstaréttar og Landsyfírréttar og leitað að tilteknum efnisorðum, sjá nánar lið B-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaða dóma- og þingabækur er vísað í lið C-6.

4. Fjallskilareglugerðir

Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrít af þeim fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði (birtar í Stjórnartíðindum), sjá nánar lið B-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Máldagar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), sjá nánar lið B-5 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island, sjá nánar lið B-6 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja er vísað í lið C-10.

7. Landnáma

Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók, í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á víðkomandi svæði, sbr. lið B-7 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

8. Bréfabækur biskupa

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir bréfabók Guðbrands Þorlákssonar, skv. nafnaskrá. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur, enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega, sjá nánar lið B-8 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið C-11.

9. Alþingisbækur Íslands

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Alþingisbækur Íslands, skv. nafnaskrá Alþingisbóka, sjá nánar lið B-9 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Lögð var fram umfjöllun um Nesjakálf í 13. bindi Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem birt er Jarðabók Ísleifs Einarssonar (útdráttur úr glataðri umfjöllun Árna og Páls), sjá nánar lið B-10 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um 13. bindi Jarðabókar er vísað í lið D-1.

11. Önnur prentuð frumgögn

Af hálfu óbyggðanefndar voru m.a. lögð fram gögn frá héraðsskjalasafni Austur-Skaftafellssýslu og upp úr manntali á Íslandi, sjá nánar lið B-11 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

Loks ber þess að geta að óbyggðanefnd aflaði greinargerða Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, Odds Sigurðssonar jarðfræðings og dr. Páls Imslands jarðfræðings um gróðurfar og staðhætti, jökla og strandbreytingar á svæðinu. Einnig var lagður fram nokkur fjöldi annarra skjala um sama eða tengt efni. Loks var að auki litið til almennra uppsláttarrita og ítarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, sjá fylgiskjal II.

4.4. Vettvangsferð

Farið var á vettvang fimmtudaginn 12. september. Lagt var af stað að morgni í góðu veðri. Auk óbyggðanefndar, starfsmanns nefndarinnar og lögmannna málsaðila, var Þorleifur Hjaltason, Hólum, með í för og lýsti hann staðháttum. Fyrst var förinni heitið inn á Laxárdal. Ekið var sem leið liggur

frá Höfn í Hornafirði í átt að þjóðvegi nr. 1. Á þeirri leið mátti sjá bæði Miðfellstind og Skálatinda þoku hulda. Ekið var fram hjá mörkum Dilksness og Hóla og gamli vegurinn sem liggur niður að Hólaklöpp skoðaður. Þá voru mörk jarðarinnar Hóla skoðuð, til vesturs upp í Arnarhamar og til austurs úr Skarðshól upp á Miðhlaupstjörn. Að svo búnu var ekið áfram í átt að þjóðvegi nr. 1. Sjá mátti heim að Dilksnesi og Hjarðanesi og greindi Þorleifur Hjaltason frá ræktun gróðurs og matjurta á svæðinu. Staðnæmst var þegar komið var inn á land Árnastorfunnar og Ragnar Jónsson, Akurnesi, steig upp í bílinn og tók við leiðsögn. Hann greindi frá nýbýlum í landi Árnanes. Áður en haldið var inn á Laxárdal var staðnæmst á ný og Sigurjón Bjarnason, Brekkubæ, slóst í förina. Þeir Ragnar Jónsson sáu eftir það sameiginlega um leiðsögn.

Þá var ekið sem leið liggur inn á Laxárdal. Sigurjón Bjarnason greindi á leiðinni frá nýbýlum í landi Bjarnanes. Ekið var fram hjá Selmýrarhrygg. Einnig mátti sjá Krossbæjarskarð á vinstri hönd en hvorki Miðfellstindur né Marktindur sáu sökum þoku. Ef horft var inn dalinn mátti og sjá Múlabrekkur og Árnanesmúla. Ragnar Jónsson greindi frá því að verið væri að rækta upp lax í Laxá og gengi nokkuð vel. Ekið var fram hjá Seljatóftum, Selvatni og Selhrauni og nokkru síðar Endalausadal, Loklausadal og Hafradal. Ragnar Jónsson greindi frá því að um Endalausadal væri gengið yfir í Lón.

Staðnæmst var þar sem þjóðlendukröfulína ríkisins gengur yfir dalinn. Þaðan var horft inn Hafradal og upp á Hnúttutind. Sigurjón Bjarnason greindi frá því að Hafradalur væri mjög grösugt og gott beitiland og að Bjarnanesjarðirnar rækju þangað fé. Þá sáu Haugarnir vel, en niður á þá er gengið þegar komið er úr Reifsdal, sem og Vitisbrekkur og Vitisgljúfur. Í sömu átt mátti sjá inn Fossdal og upp á Bjarnanesheiði. Samsklettur í Vitisgljúfri var skoðaður sérstaklega. Enn fremur sást vel inn Endalausadal. Haldið var af stað á ný og ekið áfram inn dalinn. Ekið var fram hjá Árnanesmúla og sjá mátti Vitisbrekkur og Bjarnanesheiði innar í dalnum. Staðnæmst var innst í dalnum. Þaðan sást Marktindur gægjast upp úr skýjum en um hann liggja merki milli Bjarnanes og Stóru-lágar.

Að svo búnu var haldið til baka. Fram undan blasti Meðalfell við. Sigurjón Bjarnason greindi frá byggð í Skógey og kvað þar hafa verið 14 býli er mest var. Hann sagði stærstan hluta Skógeyjar nú vera í eigu Bjarnanes en Nýgræðurnar væru þó í eigu Árnanes. Fram kom að afmörkun þess landsvæðis, sem kallað er Skógey, væri nokkuð á reiki. Sigurjón Bjarnason benti viðstöddum á Áfangahól og sagði frá því að stika í hólnum réði mörkum milli Bjarnanes og Árnanes. Þegar komið var fram dalinn kvaddi Ragnar Jónsson.

Því næst var ekið í vesturátt eftir þjóðvegi nr. 1. Mörk Bjarnanes og Krossbæjar voru skoðuð. Horft var yfir vatnið Þveit og Sigurjón Bjarnason benti viðstöddum á klettinn Rauðhamar í vatninu. Til suðurs mátti jafnframt sjá Struntsker. Þá sást Markstríta til norðurs og svæðið þar sem rauð og blá skriða koma saman undir Arnarhömrum. Loks mátti sjá Krossbæjartind þoku hulinn. Ekið var sem leið liggur yfir land Krossbæjartorfunnar og staðnæmst við afleggjarann að Hoffelli. Þar kvaddi Sigurjón Bjarnason. Þrúðmar Sigurðsson, Miðfelli slóst hins vegar í förina og tók við leiðsögn. Í hópinn bættust einnig á eigin jeppabifreiðum þeir Árni Sigurbergsson, Svínafelli, Gísli Sigurbergsson, Svínafelli, Sigurður Eymundsson, Hjarðanesi, Sigurður Sigfinnsson, Stóru-lág, Skarp-héðinn Ólafsson, Lindarbakka, Stefán Helgi Helgason, Setbergi og Þrúðmar Þrúðmarsson, Hoffelli. Við afleggjarann að Hoffelli mátti sjá Njörvafell þoku hulið og Norðurtungnatinda og Suðurtungnatinda þar við hliðina. Þá mátti sjá Setbergsfjöll og bak við þau Miðfellstind og Marktind.

Ekið var af stað á ný, með fram Hoffellsá inn á Hoffellsdal. Þrúðmar Sigurðsson lýsti staðháttum. Í botni dalsins mátti sjá Lambatungnajökul og vesturhluta Hoffellslambatungna. Þegar komið var nokkuð inn á dalinn var staðnæmst og hópurinn skipti sér niður í jeppabifreiðar heimamanna. Að svo búnu var haldið upp á Setbergsheiði. Staðnæmst var uppi á heiðinni en þaðan sást vel til allra átta. Til norðurs mátti sjá Fossdalshnútu og Graspiljatind með Lambatungnajökul í baksýn og til norðausturs Reifstind. Framan við Reifstind mátti sjá efri hluta Reifsdals og Giljadalabrúnir þar

upp af. Einnig sást Seltindur vel. Til norðurs sást Lambatungur jafnframt greinilega. Til suðurs mátti sjá Grjótárdal með Krossbæjartind í baksýn og Bergárheiði og Miðfellstind með Skálatinda í baksýn. Til suðausturs sást yfir Laxárdal um Hafradal og Endalausadal.

Þegar komið var ofan af Setbergsheiði var gert stutt hádegishlé. Að svo búnu var haldið fram Hoffellsdal á ný í hópferðabifreið óbyggðanefndar undir leiðsögn Þrúðmars Sigurðssonar. Sjá mátti Hoffellsmúla og Gæsaheiði sitt hvoru megin við Hoffellsjökul. Ekið var inn í land Svínafells. Þar benti Þrúðmar á gabbrónám þar sem tekið var grjót í flisar utan á Seðlabankahúsið. Stöðvað var við jaðar Hoffellsjökuls og skyggnt um. Þá var aftur farið yfir í jeppabifreiðar heimamanna og haldið upp á Gæsaheiði. Stöðvað var uppi á heiðinni og horft yfir. Til austurs sást Geitafellstindur vel sem og Efstafellsgil. Til suðurs mátti sjá Gildrasker sem er hornpunktur milli Svínafells, Hoffells og Krossbæjar. Jafnframt sást yfir Skógey. Að sögn heimamanna sér Landgræðsla ríkisins um ræktun 40 km² landsvæðis í eygni.

Þegar komið var niður af Gæsaheiði flutti hópurinn sig á ný yfir í hópferðabifreið óbyggðanefndar. Ekið var af stað, yfir Hornafjarðarfljót og um land Viðborðs á Mýrum. Stöðvað var á mörkum Viðborðs og Svínafells. Þar slóst Gísli Sigurbergsson, Svínafelli, með í för og tók við leiðsögn. Sjá mátti Stóru-Dímu og Litlu-Dímu til norðurs sem og Svínafellsjökul. Ekið var áfram sem leið liggur inn fyrir Svínafell og í kringum Svínafellsfjall. Staðnæmst var við Öldutanga og kröfulína ríkisins skoðuð. Þaðan mátti sjá bleika skriðu sem að sögn Gísla Sigurbergssonar er á mörkum Svínafells og Viðborðs og þar með Nesja og Mýra. Horft var yfir Svínafellsvatn með Jökulfell í baksýn. Loks var haldið tilbaka og komið að Hótel Höfn, þar sem vettvangsferð lauk síðdegis.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Þorleifi Hjaltasyni, Hólum, Þorsteini Sigjónssyni, Bjarnanesi II, Ragnari Jónssyni, Akurnesi, Þrúðmari Sigurðssyni, Miðfelli, Gísla Sigurbergssyni, Svínafelli, Stefáni Helga Helgasyni, Setbergi, Sigurði B. Eymundssyni, Framnesi (úr landi Hjarðarness), Skarphéðni Ólafssyni, Lindarbakka, og Bjarna Sigurjónssyni, Fornustekkjum. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í köflum um sögu viðkomandi jarða og niðurstöðum, eftir því sem tilefni er til, en skýrslur þessar eru meðal skjala málsins.

5. STAÐHÆTTIR OG NÁTTÚRUFAR¹

5.1. Staðhættir í Nesjum

Víðáttumiklar, leirur Hornafjarðarfljóts með eyjum og hólum mynda mikinn hluta undirlendis Nesja. Fljótið og aðrar ár, sem runnið hafa ofan úr hálendinu, einkum Laxá og Hoffellsá en einnig aðrar smærri ár, hafa með framburði sínum og efnisflutningum verið áhrifamikill þáttur í myndun undirlendisins.

Tiltölulega skörp landfræðileg og gróðurfarsleg skil eru milli undirlendis og fjallendis hreppsins en tveir stórir dalir, Laxárdalur og Hoffellsdalur, ganga langt inn í fjallendið, auk annarra smærri. Frá undirlendinu blasa við brattar hlíðar fjallanna sem víða eru gróðurlitlar niður að brekkurótum. Hæstu tindar hálendisins milli Nesja og Lóns ná allt upp í 900-1000 m og Hoffellsfjöllin upp í 1200-1300 m hæð yfir sjávarmáli.

Loftslag í Nesjum er tiltölulega hlýtt. Meðalsumarhiti á láglandi er hærri en 9°C og júlíhiti hærri en 11°C. Vetur eru tiltölulega mildir og er meðalhiti í febrúar-mars 1,7°C. Meðalársúrkoma er um

1 Kafalir 5.1.-5.3. eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 10.

1500 mm (meðaltal 1971-1980).¹ Fullyrða má að frá sjónarmiði hitafars og úrkomu séu gróðurskil-yrði á láglandi í Nesjum í heild með því besta sem gerist hér á landi.

Frá fornu fari hefur Nesjahreppi verið skipt í þrjú svæði: Útnes frá Horni að Laxá, Bjarnarnes-hverfi frá Laxá inn á mótis við Þveit og Innbyggð þaðan til norðurmarka sveitarinnar. Nyrst og vest-ast í byggðinni, milli Suðurfljóta og Austurfljóts, er Svinafellshverfi og Hoffellsbæirnir eru milli Austurfljóts og Hoffellsár.

5.2. Gróðurfur um landnám og síðari breytingar

Gróðurfur í Nesjum um landnám verður að sjálfsögðu aðeins áætlað af líkum sem sagnir, staða- og landfræðiheiti, þekking á veðurfari, jarðfræði og öðrum þáttum náttúrufræðisvísindis, svo og núverandi gróð-urfur, renna stóðum undir. Þá hefur á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands verið unnið kort sem sýnir hugmyndir að gróðurfari landsins um landnám.²

Loftslag var mun hlýrra um landnám en síðar varð. Gróður hafði verið að þróast í landinu í nær-fellt 10 000 ár frá lokum síðasta ísaldarskeiðs. Má gera ráð fyrir því að mikið af því landi, sem þá var íslaut, hafi verið gróið upp í 600-800 m hæð nema þar sem klettabelti og brattar skriður hafi staðið í vegi fyrir því. Í fjalllendi Nesja háttar einmitt víða þannig til að þeir þættir koma í veg fyrir það að gróður nái að festa rætur. Birki- og víðiskóglendi þakti undirlendið nema flóa og blautustu mýrar og teygði sig upp eftir dölum inn til jökla og allt upp í 300-400 m hæð í hlíðum þar sem aðstæður leyfðu.

Samkvæmt könnun á jarðvegsrofi á Íslandi eru nú um 70% lands í Mýra- og Nesjahreppum auðnir, þ.e. ógrónar áreyrar og sandar og lítt gróin fjöll.³ Ljóst er því að frá landnámi til þessa dags hefur orðið mikið tap á jarðvegi og gróðri og þar með landgæðum, í Nesjum, eins og í öðrum sveit-um landsins. Varlega áætlað gæti þetta tap hafa numið nær helmingi af flatarmáli gróðurlendis á núverandi landi, auk gróðurs á því landi sem fór undir ís eftir að loftslag tók að kólna eftir land-nám. Skógur og kjarr eyddist og annar gróður og jarðvegur hans í kjölfarið.

Orsakir þessarar eyðingar og rýrnunar gróðurs í landinu eru samverkandi áhrif kólnunarinnar, náttúruhamfara og búsetu. Í A-Skaftafellssýslu hefur Vatnajökull, og jökulárnar sem frá honum hafa runnið, einnig verið mikill orlagavaldur, bæði í uppbyggingu lands og gróðurs en einnig í eyðingu hans. Í Nesjum hefur Hornafjarðarfljót verið geysimikilvirkt.

Takmarkaðar upplýsingar eru um útbreiðslu, ástand og nýtingu skóglenda á jörðum í sýslunni frá fyrri tíð. Þó er upplýsingar að finna í Ágripi af Jarðabók Ísleifs Einarssonar, sýslumanns á Felli, sem hann tók saman á árunum 1708-1709 að beiðni Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.⁴ Í þessu ágripi eru upplýsingar um skóglendi hverrar jarðar miklu knappari en yfirleitt gerist í Jarðabókinni. Þar er lítið getið um ástand skóglenda nema helst ef þau höfðu spillst eða eyðst af framgangi jökla. Mikið var um skógarítök í sýslunni á þessum tíma. Í nokkrum tilvikum voru ítök jarða ekki innan viðkomandi sveitar heldur sótt um lengri veg. Af þessu má ráða að í byrjun 18. aldar hafi skóglendi víða verið orðin lítilfjörleg eða eydd sakir versnandi veðurfars og mikillar ániðslu.

Árin 1988 og 1991 lét Skógrækt ríkisins gera ítarlega könnun á útbreiðslu og ástandi skóglendis í A-Skaftafellssýslu.⁵ Í ljós kom að núverandi skóglendi í Nesjum er í heild aðeins um 273 hektar-ar, og er það mun minna en í öðrum hreppum sýslunnar. Hins vegar er birki nú víða að breiðast þar út með sjálfgræðslu.

Á undanförmum áratugum hefur gróðurfur í hreppnum verið að aukast og batna, fyrst og fremst

1 *Skógræktarbókin*, 1990. Ritsstj. Haukur Ragnarsson. Skógræktarfélag Íslands.

2 Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, 2000. Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands (1:500 000). Hugmynd um gróðurfur á Íslandi við landnám.

3 Ólafur Arnalds, o.fl., 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

4 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 417-438.

5 Snorri Sigurðsson og Ingvi Þorsteinsson, 1980. Birkikönnun á Íslandi. Óbirt handrit.

vegna hlýnandi loftslags, heftingar á rennsli vatnsfallanna, sjálfgræðslu og stórfelldra ræktunarframkvæmda sem hafa leitt til breyttra og betri búskaparháttanna. Á 6. og 7. áratug síðustu aldar hófst í A-Skaftafellssýslu mikil bylting í ræktun sanda sem síðan hefur verið fram haldið.

Í heild hefur því ferli rýrnunar gróðurs og jarðvegs í hreppnum, sem staðið hafði yfir öldum saman, verið snúið við, og landgæði hafa þannig verið að aukast á ný fyrir tilstilli manns og náttúru.

5.3. Gróðurfar síðustu áratugi

5.3.1 Undirlendi

Gróðurfar í Nesjum og öðrum hreppum Austur-Skaftafellssýslu var kortlagt af starfsmönnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins árið 1971 og er eftirfarandi umfjöllun að mestu leyti byggð á niðurstöðum þeirra rannsókna.¹

Undirlendi hreppsins í Útnesjahverfinu er nánast algróið nema helst í landi Horns. Ýmiss konar votlendi er þar ríkjandi en graslendi, sef- og lyngmóar eru á þurrum rimum og holtum. Í hliðarrótum er vel gróinn skriðujarðvegur. Ræktunarskilyrði eru víða góð.

Undirlendi í Bjarnarneshverfinu er einnig vel gróið með svipuðum gróðri og hér var lýst og ræktunarskilyrði eru góð. Þegar komið er norður undir Þveit fer mjög að þrengjast um undirlendið.

Neðanverður Laxárdalur er vel gróinn en innar í dalnum taka við ógrónar áreyrar og hálfgrónar mosapembur.

Undirlendi norðan Þveitar, í Innbyggð, er gróið norður að Hoffellsfjalli og vestan- og austanvert við það upp neðri hluta Hoffellsdals. Umhverfis Svínafell og í fellinu sjálfu er mikill gróður, m.a. skóglendi, og aurarnir í landi Svínafells hafa gróið mikið upp.

Mikill hluti undirlendis Nesja eru leirur, myndaðar af Hornafjarðarfjótum, og voru þær vel grónar. En á fyrri hluta 20. aldar hófst þar mikil gróður- og jarðvegseyðing af völdum fljótsins og sandfoks. Sumpart hefur átt sér stað sjálfgræðsla á þessu landi eftir að rennsli fljótsins var beislað en einnig hefur þar verið unnið mikið að uppgræðslu sem hófst um 1950. Í stærstu eyjunni, Skógey, sem er um 12 ferkm að flatarmáli, hafa heimamenn og Landgræðsla ríkisins í sameiningu unnið stórátak í landgræðslu en gróður hafði verið að eyðast þar af völdum uppblásturs. Nú er mikill hluti landsins frá þjóðvegi suður að Hornafirði að gróa upp en það land er 40-50 ferkm að flatarmáli.

Ógróin eða lítt gróin eru hin miklu sandrif sem liggja utan Hornafjarðar og Skarðsfjarðar.

Skóglendi er á 5 svæðum í Nesjum: Í Svínafelli og umhverfis það, í Stóru-Dímu, í vesturhlíðum Hoffellsfjalls og Miðfells og í Hoffellsdal. Fyrirgreind birkikönnun leiddi í ljós að víða var birkið í afturför eða staðnað í vexti.

5.3.2. Fjalllendi

Suðurhluti fjallendis Nesja allt frá Horni norður undir Botna er lítt gróinn og þá eingöngu strjálum mosagróðri. Norðan Botna er land sem telja má hálfgróið af mosaríkum gras- og kvistgróðri. Botnar, Bergárdalsheiði og Laxárdalur eru vel gróin svæði, og í fjallendinu norðan Laxárdals, allt norður undir jökul, er landið meira og minna þakið allþéttum gróðri. Hann er þó rofinn af gróðurlausum svæðum á hæstu og veðurbörðustu fjöllum, í bröttum skriðum, s.s. á Setbergsheiði, Ósdalsheiði, í fjallendinu norðaustan Hoffellsdals, í Hoffellsfjalli, Miðfelli og víðar.

Landslag þessa víðáttumikla fjallendis í norðurhluta Nesjanna er margbreytilegt og að sama skapi er gróður þess fjölbreytilegur. Ýmiss konar mosagróðurlendi með lynggróðri og fleiri tegundum plantna eru víðáttumest á skjóllitlum svæðum en í daldrögum og giljum er gróðurinn fjölbreyttari. Þar er víða gott beitiland með víði og í 400-500 m hæð við Hoffellsvatn eru t.d. stinnastararmóar sem eru með bestu beitargróðurlendum á hálendi Íslands. Í heild má telja að allmikill hluti hinna grónu svæða fjallendisins í Nesjum séu allgott beitiland.

1 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1965-1966. Gróðurkort (1:40 000).

5.3.3. Ástand jarðvegs

Fjalllendi, brattar og ógrórnar urðir og sandar valda því að nokkuð stór hluti hreppsins er talinn vera mikið rofinn. Alvarlegt rof, sem veldur beinlínis eyðingu gróðurlendis, er á um 20% gróins lands í Mýra- og Nesjahreppum.

5.4. Jöklar og jöklabreytingar¹

5.4.1. Jöklar upp af Nesjum

Upp af Nesjum kemur mikill skriðjökull, sem heitir Hoffellsjökull, ofan af Breiðubungu. Hann skiptist í tvennt framan til af Svínafellsgelti og Öldutanga og heitir vestari totan Svínafellsjökull. Fyrir framan hana er Svínafellsvatn sem kom í ljós er jökullinn hörfaði. Eystri tunguna, Hoffellsjökul, mynnir út í lón. Hún hefur lítið hopað í eina öld en Svínafellsjökull mikið. Má búast við að Hoffellsjökull hofi skyndilega mikið áður en langt um líður. Hlaup undan þessum jöklum hafa valdið tjóni á undanförunum öldum. Þegar jöklar voru hvað mestir fyrir rúmri öld gekk smá tota út úr Lambatungnajökli ofan í Hoffellsdal og var þá kennd við dalinn. Hún hvarf úr dalnum árið 1938. Norðan í Grasgiljatindi er smájökull sem úr rennur í Hoffellsdal.

5.4.2. Jöklabreytingar á sögulegum tíma

Um nær alla jökla á Íslandi gildir að þeir voru miklu minni um landnám en þeir eru á okkar dögum nema ef til vill Sólheimajökull. Talið er að jöklar upp af Nesjum hafi náð hámarki á sögulegum tíma um 1890 eins og víðast annars staðar á landinu. Nú er umfang jöklanna svipað og það var um eða eftir 1600. Nánast allir jöklar landsins hafa nú sem óðast og er því spáð að því haldi fram alla nýbyrjaða öld. Fáir jökulsporðar hafa dregist jafnmikið aftur og Svínafellsjökull. Á árabílinu 1930-1992 nam það 2,6 km og er orðið vel á fjórða km síðan hann var mestur fyrir aldamótin 1900. Lón er fyrir Hoffellsjökli sem veldur því að sporður jökulsins hefur ekki hopað að ráði enn sem komið er. Svo kann að fara innan tíðar að jökullinn hofi mjög ört er hann hættir að fljóta við innri enda vatnsins. Líkur eru á að þar verði stöðuvatn eða lón til frambúðar.

Hoffellsjökull hefur um langt skeið legið klofinn um Öldutanga og Svínafellsgölt og er vestari hlutinn kenndur við Svínafell. Hafa fáir jöklar á landinu hopað jafnmikið á tuttugustu öld og sá Svínafellsjökull en Hoffellsjökull austan Öldutanga hefur sáralítið hopað. Hoffellsjökull fer ekki að hafa ört fyrir en Svínafellsjökul hefur að mestu tekið af en þá myndast á fáum árum stöðuvatn sem skiptir kílómetrum að lengd framan við Hoffellsjökul.

Hlaup hafa komið í Hornafjarðarfljót á undanförunum öldum bæði frá Gjávatni undir Gjánúpi í Austurfljót og í Suðurfljót úr lönnum í Hálsaheiði. Þau hafa valdið verulegum landspjöllum. Nær allur kraftur er nú úr þessum hlaupum vegna þess hve jöklarnir hafa minnkað.

Lambatungnajökull hefur eflaust lengst af verið áberandi skriðjökull þótt hann hafi verið mun styttri en nú er. Ekki er annað líklegt en að hann hafi allt frá landnámi verið til í einhverri mynd. Engar líkur eru hins vegar til að Lambatungnajökull hafi náð saman við sporð Austurtungnajökuls eftir lok ísaldar.

¹ Kafli 5.4. er byggður á greinargerð Odds Sigurðssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði jöklafræði, skjal nr. 11 (5), sbr. einnig skjal nr. 11 (2). Heimildir: Guðmundur G. Bárðarson 1934. Islands Gletscher. Beiträge zur Kenntnis der Gletscherbewegungen und Schwankungen auf Grund alter Quellenschriften und neuester Forschung. Reykjavík, *Vísindafélag Íslendinga*, XVI. Helgi H. Eiríksson 1932. Observations and measurements of some glaciers in Austur-Skaftafellssýsla in the summer 1930. Reykjavík, *Vísindafélag Íslendinga*, XII. Oddur Sigurðsson 1998. Glacier variations in Iceland 1930-1995 – From the database of the Iceland Glaciological Society. *Jökull*, 45, 3-25. Oddur Sigurðsson. Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate (í prentun). Sigurdur Thorarinnsson 1943. Vatnajökull. The scientific results of the Swedish-Icelandic investigations 1936-37-38. Chapter XI. Oscillations of the Icelandic glaciers in the last 250 years. *Geografiska Annaler*, 25 (1-2), 1-56.

5.4.3. Vitneskja um jökuljaðra á liðnum öldum

Mjög örðugt er að segja til með vissu um legu jökuljaðars í Skaftafellssýslum á landnámsöld. Óvissan er a.m.k. fáeinir kílómetrar fyrir helstu jökulsporða en mun minna skakkar á jökuljaðri sem liggur hátt í landinu. Ýmis gögn má tína til um breytingar á jöklunum síðustu 3-4 aldir sem sýna að þeir hafa færst í aukana fram undir aldamótin 1900 þó með smá hléum og jafnvel hopi skamm-an tíma í senn (Sigurður Þórarinnsson 1943 og Oddur Sigurðsson, í prentun).

Árin 1903-1904 lét herforingjaráð Dana mæla fyrir kortum í Austur-Skaftafellssýslu og má treysta þeim mælingum á jökulsporðum svo víða skakkar ekki meiru en 100 m.

Jón Eyþórsson veðurfræðingur hélt úti árlegum mælingum á jökulsporðum víða um land frá 1930 og er þessum mælingum nú haldið áfram í umsjá Jöklarannsóknafélags Íslands og er hægt að afla upplýsinga úr gögnum félagsins um breytingar á sporðum á Hoffellsdalsjökli, Hoffellsjökli og Svínafellsjökli. Af þessum mælingum má í mörgum tilvikum sjá breytingar á jökulsporðunum upp á fáeina metra (Oddur Sigurðsson). Helgi H. Eiríksson (1932) mældi stöðu Hoffells- og Svínafellsjökuls árið 1930. Guðmundur G. Bárðarson (1934) tók saman ýmislegt um breytingasögu íslenskra jökla, þar á meðal jökla í Hornafirði. Yfirlit um sögu þessara jökla eftir Sigurð Þórarinnsson birtist 1943.

Sumrin 1945 og 1946 voru teknar loftmyndir af öllu landinu á vegum hers Bandaríkja Norður-Ameríku (AMS) og síðar gerð eftir þeim allnákvæm kort þótt mistök komi fram í þeim í nokkrum landshlutum. Á þeim ætti lega jökulsporða í Nesjum ekki að skakka meiru en um 100 m að jafnaði. Á Orkustofnun var gert kort af útlínunum Vatnajökuls eftir gervihnattamyndum frá 1991 og 1992. Á þeim kortum ætti stöðu jökuljaðars í Nesjum ekki að skakka miklu meira en 50 m að jafnaði. Slík kort má gera eftir eldri og nýrri gervihnattamyndum og fá þannig stöðu og breytingar jökla eftir hentugleikum.

Í máli þessu hafa verið lögð fram gögn sem sýna útlínur jökla í Nesjum skv. kortum 1903-1904 (herforingjaráðskort), loftljósmyndum 1945-1946 (AMS), og Landsat-gervihnattamyndum 1991-1992, auk ystu jökulgarða skv. kortlagningu 1903-1904.¹

5.5. Náttúruminjar

Eftirtaldir hlutar þess svæðis sem hér er til umfjöllunar eru á náttúruminjasrá, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Umhverfi Hoffellsjökuls“, „Laxárdalur“ og „Skarðsfjörður“. Þessi landsvæði er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu.

6.1. Landnám

Nesin voru hluti af landnámi Hrollaugs Rögnvaldssonar (Mærajarls Eysteinnssonar). Að sögn Sturlubókar og Hauksbókar Landnámu fór Hrollaugur til Íslands með ráði Haralds konungs hárfagra Hálfðanarsonar og hafði með sér konu sína og syni:

Hann kom austr at Horni ok skaut þar fyrir borð öndvegisúlum sínum, ok bar þær á land í Hornafirði, en hann rak undan ok vestr fyrir land; fekk hann þá útivist harða ok vatnfátt. Þeir tóku land vestr í

¹ Sbr. skjal nr. 11 (7).

Leiruvági á Nesjum; var hann þar enn fyrsta vetr. Þá frá hann til öndugissúlna sinna ok fór austr þannveg; var hann annan vetr undir Ingólfsfelli. Síðan fór hann austr í Hornafjörð ok nam land austan frá Horni til Kvíar ok bjó fyrst undir Skarðsbrekku¹ í Hornafirði, en síðan á Breiðabólstað í Fellshverfi. Þá hafði «hann» lógat þeim löndum, er norður váru frá Borgarhöfn, en hann átti til dauðadags þau lönd, er suður váru frá Heggsgerðismúla.²

Einar Ólafur Sveinsson hallaðist helst að því að landnámsbær Hrollaugs (Skarðsbrekka eða Skarðsbrekkur) hefði verið undir Almannaskarði.³ Ekki taldi hann leika nokkurn vafa á um takmörk landnámsins:

Kvíá er alkunn á austan til í Örfum og heitir sama nafni enn í dag. Hún rennur nú⁴ í tveim kvíslum, og er talið, að takmörk landnámsins hafi verið við Vestari-Kvíá. Að austan takmarkast landnámið af fjallgarðinum milli Lóns og Hornafjarðar, og hafa mörkin til hafs án efa verið þar sem nú eru landamerki Horns og Fjarðar syðra (og þar með hreppamörk): til hafs út frá Brunnhorni.⁵

Haraldur Matthíasson kvað landnám Hrollaugs hafa verið um 80 km á lengd, „austan frá Vestra-Horni og út að Kvíá, sem er austarlega í Örfum“.⁶

Í Landnámu er tekið fram að Hrollaugur hafi lógað þeim löndum er voru norður frá Borgarhöfn. Einn þeirra manna sem keyptu land af Hrollaugi hét Ketill:

Ketill hét maðr, er Hrollaugr seldi Hornafjarðarströnd «útan frá Horni»⁷ ok inn til Hamra; hann bjó at Meðalfelli; frá honum eru Hornfirðingar komnir.⁸

Talið er líklegt að Hamrar séu í Ketillaugarfjalli þar sem eru landamerki milli Bjarnanesjarða og jarðanna fyrir norðan.⁹

Fyrir vestan Ketil eignaðist Auðunn hinn rauði land:

Auðun enn rauði keypti land at Hrollaugi útan frá¹⁰ Hömrum ok út öðrum megin til Viðborðs; hann bjó í Hofsfelli ok reisti þar hof mikit; frá honum eru Hofsfellingar komnir.¹¹

Landnám þeirra Ketils og Auðunar sem þeir keyptu af Hrollaugi hafa náð að drjúgum hluta yfir það landsvæði sem síða var nefnt Nes.

1 *Skarðsbrekkum* stendur í Þórðarbók Landnámu (17. öld) (sbr. *Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 316, 6. nmgr.).

2 *Landnámabók* 1986, s. 317 (Sturlubók og Hauksbók). Heggsgerðismúla stendur í Þórðarbók en Hreggs- í Sturlubók og Skarðsbók Landnámu. Það munu vera pennaglöp. Nú er nafnið venjulega borið fram Hestsgerði (*Landnáma* 1986, s. 316-317 (7. nmgr.)).

3 Einar Ól. Sveinsson, 1948: *Landnám í Skaftafellssþingi*. (Skaftfellinga rit. 2. b.) Reykjavík. S. 70-73.

4 Væntanlega átt við útgáfuár bókarinnar, þ.e. árið 1948.

5 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 70.

6 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 375.

7 Orðin í oddklofum eru í Skarðsárabók Landnámu og þangað komin úr Hauksbók en hafa fallið niður í Sturlubók (sbr. *Landnámabók* 1986, s. 318, 6. nmgr.).

8 *Landnámabók* 1986, s. 319.

9 Einar Ól. Sveinsson 1948, s. 75-76.

10 *inn frá* stendur í Þórðarbók Landnámu og hefur væntanlega verið svo einnig í Melabók (*Landnámabók* 1986, s. 318, 7. nmgr.).

11 *Landnámabók* 1986, s. 319.

Í Landnámu er því ekki lýst nákvæmlega hversu langt inn til fjalla landnámið náði. Í Hauksbók, og reyndar fleiri gerðum Landnámu, standa þessi orð:

Austfirðir byggðust fyrst á Íslandi, en á millim Hornafjarðar ok Reykjanes varð seinst albygggt; þar réð veðr ok brim landtöku manna fyrir hafnleysis sakir ok oræfis. Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.¹

Talið er vafalaust að við landnám hafi gróðurþekja í Nesjum verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni. Um gróðurfar við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan er fjallað í kafla 5.2. og um jöklabreytingar á sögulegum tíma er fjallað í kafla 5.4.

6.2. Hoffellstorfa (Svínafell, Hoffell I-II, Miðfell, Setberg I-II og fjallendi Dilksness í Reifsdal)

Eins og áður er getið bjó landnámsmaðurinn Auðun hinn rauði í Hoffelli (Hofsfelli). Hoffell var því landnámsjörð, byggð út úr landnámi Hrollaugs Rögnvaldssonar. Kirkja var í Hoffelli þegar kirknaskrá Páls Jónssonar Skálholtsbiskups var gerð um 1200.² Fyrir lok miðalda, sennilega á 14. og 15. öld, voru Svínafell og Setberg lögð undir Hoffellskirkju og verður því fjallað um allar jarðirnar þrjár í þessum kafla auk nýbýlisins Miðfells.

Elsti varðveitti máldagi Hoffellskirkju mun vera frá um 1343. Þar segir að Mariukirkja í Hofsfelli eigi hálf t heimaland með öllum gögnum og gæðum og að auki tiltekið frítt fé og lausamuni. Ekki er getið um aðrar fasteignir kirkjunnar, hlunnindi eða ítök.³ Um svipað leyti gaf Jón Sigurðsson Skálholtsbiskup (d. 1348) út skipun um að Svínafell skyldi lagt undir kirkjuna í Hoffelli með þeim skilmála að presturinn þar hefði alla jörðina sér til nytja auk þess sem hann fengi fasta greiðslu fyrir prestsverkin bæði að Svínafelli og að Hofi. Svínafell var kirkjustaður um 1200 samkvæmt áður nefndri kirknaskrá Páls biskups en í skilmála Jóns biskups Sigurðssonar var kveðið á um að þar skyldi bænhús vera. Gyrðir biskup Ívarsson staðfesti síðan skipan þessa með bréfi 4. september 1358.⁴ Í máldaganum frá 1343 og einnig í öðrum máldaga frá 1367 kemur enn fremur fram að á þeim tíma var greidd til kirkjunnar í Hoffelli tíund frá jörðinni Setbergi en það var ekki lengur gert samkvæmt máldaga sem skráður var á tímabilinu 1491-1518.⁵ Setberg hlýtur því að hafa orðið eign Hoffellskirkju fyrir þann tíma. Jarðirnar Svínafell og Setberg voru þá hvor um sig metnar á 16 hundruð.⁶

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 er ekki lengur tekið fram að kirkjan í Hoffelli eigi heimaland hálf heldur „xL^c [þ.e. 40 hundruð] í heimalande“.⁷ Í einu handriti máldagans stendur að jörðin („gardurenn“) sé „Lx^{cc}“ [þ.e. 60 hundruð]. Kirkjan hafði þannig eignast meiri hluta jarðarinnar og hefur að öllum líkindum eftir það verið staður, þ.e. sjálfstæð kirkjustofnun.⁸

Í jarðabók 1686 er Hoffell talið 66 hundruð og 160 álnir að dýrleika, Svínafell 13 hundruð og 40 álnir og Setberg 20 hundruð. Árið 1697 var dýrleiki Hoffells metinn á 60 hundruð, Svínafells á

1 *Landnámabók* 1986, s. 337.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 5.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 770.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 126-127. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 8, s. 8.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 770. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 243. *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 36.

6 Sbr. einnig máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 (*Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 699), en þar er Setberg skráð sem eign Hoffellskirkju.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 699.

8 Sbr. Magnús Stefánsson, 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 116 og 130. Magnús bendir þó á að í Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar frá 1569 sé Hoffell kallað „bóndagarður“.

12 hundruð og Setbergs á 16 hundruð.¹ Dýrleikinn breyttist lítið þó að jökullinn væri farinn að sverfa að. Í því sambandi má geta þess að í heimild frá um 1700 er greint frá því að 60 árum áður (þ.e. um 1640) hafi frá Hoffelli verið „vegur fjallasýn ofan í Fljótsdalshérað, og verið komið ofan í Fljótsdal. Skál hafa verið gild dagferð og ei meir. Þessi vegur er nú af vegna jökla“.²

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er Hoffell skráð sem bændaeign og annexía frá Bjarnanesi. Eignir hennar og ítök voru þá þessi:

Upprekstur á jörðin í sínu landi.

Selstöðu á jörðin góða á Reipsdal.

Skóg lítillfjörlegan á jörðin heima og á Reipsdal.

Selför í Árnaneslandi öllum búsmala um 2 mánuði og 5 hrossa beit á vetur, en næturrekstur í Hólajörðu.³

Um Svínafell er látið nægja að geta þess að jörðin sé bændakirkjueign (eign Hoffellskirkju) og 12 hundruð að dýrleika, landskuld 80 álnir, kúgildi ekkert og kvaðir engar.⁴ Svipaðar upplýsingar eru um Setberg: bændakirkjújörð, 16 hundruð að dýrleika, landskuld 1 hundrað, kúgildi ekkert og kvaðir engar.⁵

Í vísitásiubók Jóns biskups Vídalíns frá 1706 er tekið upp eftir Gíslamáldaga að kirkjan eigi 40 hundruð í heimalandi en að öðru leyti er lýsing Hoffells í vísitásiunni nokkuð í samræmi við það sem stendur í Jarðabók Ísleifs Einarssonar:

Mag. Brinjölf's Visitatio Anni 1645 vænest Kirkiubrefe, med einu Innsigle öðru frastocknu epfer hveriu Kirkian eige Selför arlega i Arnanesiörd, öllum Busmala umm 2 Mánude, og 5 Hrossa Beit a Vetur og taka ej undan Fil þó med sieu, enn Seled eige ad standa i Bergárlande, enn Næturrekstur i Hólaiörd i Mónes.⁶ Badum Iördunum Setberge og Svinafelle helldur Kirkian enn nu epfer þvj sem votta tvejr nalæger Danumenn..., enn Selför i Arnnessiörd seigia þeir ecke i sinu Minnj hafé brukud vered tíast þó nærre fymtiger Ara ad Alldre. 5 Hrossabeitin sie ej helldur brukud so þeir vite, enn Bardur Pálsson sem hier er nalægur seigest meina ad hun sie fyrer Bon brukud þegar brukast.⁷

Hoffell átti selför í Árnanesi (Árnanesjörð) eins og greint er frá í jarðabókinni en á móti átti Árnanes „afrétt“ í Hoffellslandi þar sem hét Hoffellsmúli.⁸

Í jarðamati frá 1804-1805 er Hoffell eins og áður 60 hundruð og Svínafell 12 hundruð að dýrleika. Svínafell átti þá skóg til eigin nota („Jorden har Skov til eget Brug“).⁹ Þar er kirkjunni í Hoffelli ekki eignuð nema hálf jörðin. Hinn helmingurinn skiptist á milli tveggja manna og átti

1 Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 331.

2 Árni Magnússon, 1955: „Chorographica Islandica.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta*. Annar flokkur, I.2. Reykjavík. S. 16.

3 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík. 1990. S. 424-425.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 425.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 424.

6 Hér er verið að vísa í bréf frá 9. júní 1390, en það hefur ekki varðveist nema í ágripi í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar (sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 4; sbr. einnig upphaf kafla 6.5.).

7 Skjal nr. 2 (23). Sbr. skjal nr. 2 (26): Vísitasia Jóns biskups Árnasonar í Hoffelli 1727 en þar eru þessi sömu ítök og hlunnindi talin upp.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 422-424.

9 Skjal nr. 2 (42).

annar $\frac{3}{4}$ hálfleundunnar en hinn $\frac{1}{4}$.¹ Í Jarðatali Johnsens 1847 er jörðin ekki sögð nema 37 hundruð og vísað í því sambandi til jarðabókar frá 1760.² Í Nýrri jarðabók 1861 er fornt mat Hoffells sagt vera 65 hundruð að meðtöldum jörðunum Setbergi og Svínafelli en samkvæmt nýju mati var Hoffell 18,4 hundruð. Dýrleiki Svínafells var á sama tíma kominn niður í 5,2 hundruð og Setbergs í 7 hundruð.³ Þessi lækkun dýrleikans kann að einhverju leyti að hafa stafað af rýrnun landgæða.

Hinn 4. maí 1854 komu saman fjórir menn til áreiðar og skoðunargerðar á þeim jörðum sem í sameiningu voru kallaðar „Hoffellseign“ en þær voru Hoffell, Setberg og Svínafell. Var það sameiginlegt álit áreiðarmanna að Hoffellseignin hefði „af sér gengið að fullum $\frac{1}{4}$ hvað bithaga snerti, og yfir $\frac{4}{5}$ að eingi, en að túnin ekki muni hafa liðið skaða af landbrotum eða öðrum skémdum það nokkru sæti“.⁴

Samkvæmt því sem stendur í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 var Hoffell að jöfnum skiptum kirkjueign og bændaeygn. Þar stendur enn fremur orðrétt: „Afrétt gétur jörðin leigt öðrum.“⁵ Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849 eru þessar upplýsingar um hlunnindi og ítök jarðarinnar:

Ármanes á rétt til uppreksturs í Reipsdal; Hoffelli hefur verið eignuð 2 mánaða selför í Ármanes landi, og 5 hrossa vetrarþing, grasatekjan ekki teljandi; Fjárafrétt á jörðin í Lambatúngum.⁶

Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar er sérstaklega tekið fram að Svínafell eigi „hálfá „Dýmu““.⁷

Eins og að framan greinir átti Hoffell „fjárafrétt“ í Lambatúngum eftir því sem skráð er í gerðabókinni 1849 og hafa ekki fundist eldri heimildir um þessi réttindi. Að sögn séra Þórarins Erlendssonar um 1840 voru Lambatúngur á þeim tíma ekki nema „lítillvægar mosatorfur“.⁸ Guðmundur Jónsson Hoffell (1875-1947) kvaðst ekki annað vita þegar hann var að lýsa smalamennsku í Nesjasveit en að Lambatúngur hefðu frá ómunatíð tilheyrt Hoffelli þó að Lambatúngnajökull skildi þær frá Hoffellsfjöllum og hefði sennilega í langan tíma komið í veg fyrir að unnt væri að nýta þær fyrir afrétt frá Hoffelli.⁹ Einhver upprekstur eða lambafrétt mun þó hafa verið þar um tíma á síðari hluta 19. aldar frá Volaselí í Lóni en lagst af vegna vondra heimtna á lömbum. Eftir það höfðu uppreksturur í Lambatúngur Eiríkur Guðmundsson á Meðalfelli, föðurbróðir Guðmundar J. Hoffells, og Sigurður Jónsson bóndi á Stapa og byggðu þar gangnakofa. Árið 1890 tóku Hoffellsmenn að reka þangað hagalömb yfir jökulinn og var kofanum þá ekki lengur við haldið.¹⁰ Á 20. öld munu Hoffellsmenn einir hafa rekið á Lambatúngur auk þess sem þeir heimiluðu Sigfinni Pálssyni, bónda í Stóruháls, að nýta þær til sumarþingar. Sá hann um smölun þar í mörg ár samkvæmt samkomulagi við Hoffellsmenn.¹¹ Hins vegar hefur fé leitað í Lambatúngurnar frá öðrum bæjum, einkum Bjarnanesi, ekki sist eftir að sauðfjárbúskapur lagðist að mestu af í Hoffelli og hafa Hoffellsmenn amast við því að aðrir séu að smala þar.¹²

1 Skjal nr. 2 (42).

2 *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu hjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 2.

3 *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 5.

4 Skjal nr. 2 (32).

5 Skjal nr. 2 (34).

6 Skjal nr. 2 (35).

7 Skjal nr. 2 (35).

8 *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1997. S. 44.

9 *Göngur og réttir*. I. b. Önnur prentun aukin og endurbætt. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Akureyri 1983. S. 42, 92.

10 *Göngur og réttir* 1, s. 92-93. Á öðrum stað segir Guðmundur J. Hoffell að árið 1890 hafi „á nýjan leik“ verið farið að reka lömb á Hoffellislambatúngur (*Göngur og réttir* 1, s. 42).

11 Þrúðmar Sigurðsson, Miðfelli, við skýrslutökur 12.9. 2002. Sbr. einnig vitnisburð Þorleifs Hjaltasonar, bónda á Hólum, við sömu skýrslutökur. Fram kemur að Sigfinnur var að miklu leyti alinn upp í Hoffelli.

12 Þorsteinn Sigjónsson, bóndi í Bjarnanesi II, og Þrúðmar Sigurðsson, Miðfelli, við skýrslutökur 12.9. 2002.

Reifsdalur (Reipsdalur) er nefndur í gerðabókinni 1849 en í áðurnefndri Jarðabók Ísleifs Einarssonar er Hoffelli eignuð þar selstaða og skógur lítilfjörlegur.¹ Í sóknalýsingu sinni 1873 kemst séra Bergur Jónsson í Bjarnanesi svo að orði að Reifsdalur „[liggi] undir Hoffell“.²

Árið 1894 var Hoffellskirkja lögð niður til messugerðar og keypti þáverandi bóndi, Jón Guðmundsson, um sama leyti eignarhlut sóknarmanna í byggingunni.³ Í gerðabók fasteignamatsefnidar 1916 er Hoffell skráð sem bændaeign. Síðan segir m.a.:

Beitilandið er fremur gott til sumarbeitar fyrir fê og hross, en lakara fyrir kýr. Vetrararbeit fremur létt. Mikið af landi jarðarinnar er nokkuð víðlent en hrjóstrugt fjalllendi og nokkuð snjöpungt, en skjólgott. Smalamennska all ervið.

Jörðin hefir upprekstur í sínu landi, en oft er mjög ervitt að ná fê úr fjöllum, og því hætt við að fari í svelt og ófæra hamra. ... Silfurbergsnáma er í landi jarðarinnar, en engar tekjur hefir jörðin haft af henni til þessa. Fossar eru einnig í landi jarðarinnar.⁴

Í sömu heimild er Svínafelli lýst á þessa leið:

Beitilandið er að mestu skógi vaxið fjalllendi, sem er fremur gott til beitar fyrir sauðfê, en ekki vel lagað fyrir stórgripi, skjólgott og skamt í það, smalamennska fremur ervið. Upprekstur hefir jörðin í sínu heimalandi. Skógur er allmikill, en nota má til eldiviðar að miklum mun.⁵ ... Ítök í land jarðarinnar eru þessi: Krossbær í Nesjum og Stóralág, og Borg og Hólmur á Mýrum eiga skógaritak í Jökulfelli og Holtar ítak í hálfri Stóru Dímu.⁶

Setberg skiptist þá í tvær hálfendur, hvor um sig í bændaeigu. „Beitiland“, „afréttarland“ og „ítök“ voru þá sameiginleg báðum hálfendunum. Um beitiland Setbergs er sagt að það „[sé] bæði fjalllendi og myrlendi, gott til hrossa og sauðfjárbeitar, en kúahagar slæmir, liggur skamt frá bæ og er snjólétt og skjólgott, smalamennska ervið“.⁷ Setbergsjörðin átti „upprekstrarland“ á Setbergsdal. Einnig er þess getið að Árnanes átti ítak í land jarðarinnar, og var það „upprekstur geldfjár á Reifsdal“.⁸

Landamerkjabréf Hoffellsjarða, þ.e. Hoffells, Setbergs og Svínafells, var undirritað 16. maí 1884 og lesið á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890:

Landamerki vestan megin á milli Svínafells og Vindborðs eru: frá jöklinum milli Jökulfells og Hálsa, út úr fljótum⁹ milli stóru Dýmu og litlu Dýmu útá móts við Gildrusker. Milli Hoffells (með Setbergi) og Krossbæjar að sunnan: af yzta Gildruskeri utantil beina línu utarl[eg]ja um Pjeturshólma í fossinn í Grjótárgljúfrinu; frá fossinum beint í gilið í skerjabrúnninni vestan við Miðfell á Grjótárdal, þaðan beint norður á Giljadalabrúnnir. Reypsdalur, er liggur þar þvert fyrir norðan frá vestri til austurs tilheyri allur beggja megin Hoffellstorfunni. Milli Hoffells og Þórólfsdals í Lóni eru landamerki: Laxá úr Brenn-

1 Jarðabók Árna og Páls 13, s. 424.

2 Skaftafellssýsla 1997, s. 76.

3 Sbr. Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu. 1. b. (Stefán Jónsson: Lón. Bjarni Bjarnason: Nes). Reykjavík 1971. S. 268.

4 Skjal nr. 2 (36).

5 Svínafelli fylgdi „lítið skógarkropp sem menn kalla“, að sögn séra Þórarins Erlendssonar í Bjarnanesi 1840 (Skaftafellssýsla 1997, s. 62).

6 Skjal nr. 2 (36).

7 Skjal nr. 2 (36).

8 Í afsals- og veðmálabók er „Ítök í Árnanesi og Refsdal“ skráð við Setberg I í dálknum „Eign eða veð“ (sbr. skjal nr. 4 (61)).

9 Upphaflega skrifað *jöklinum* en það orð yfirstríkað.

höfðagljúfri inn í Fossbotn, þaðan norðr í Lambastígshnúkinn og þaðan austast um Nautastígsbrúnir inni jökul; auk þess fylgja Hoffelli Lambatungur þar innaf. Nautgil ræður milli Hoffells og Hvamms og frá því Reypsdalsgilið niðri Laxá.

Suður frá uppsprettu Nautgils, þar sem Bjarnanes og Hoffellsfjallklendi nær saman, deyla vötn.

Ítak, sem Krossbær á, er Jökulfell í Svínafellslandi.¹

Undir bréf þetta rita 14 menn nöfn sín til samþykktar en ekki kemur fram fyrir hvaða jarðir þeir gerðu það. Af öðrum heimildum má þó ráða að bréfið sé samþykkt að því er varðaði Hoffell (Guðmundur Eiríksson), Setberg (Bergur Einarsson), Vindborð² (Benedikt Kristjánsson) og Krossbær (Þórarinn Sigurðsson).³

Einnig samþykkja bréfið prestarnir að Stafafelli og Bjarnanesi, hvor um sig sem umráðamaður hálfes Þórólfsdals (Þórisdals) í Lóni, og eigendur og umráðamenn Hvamms með hjáleigunum Volaseli og Þorgeirsstöðum. Tvær athugasemdir eru gerðar í lok bréfsins. Önnur snertir Árnanes:

Ath. Ítaki Hoffells í Árnanesland er þannig breitt, að Hoffell á þar framvegis 3 hrossa beit á vetrum, þar á mót á Árnanes upprekstur á Refsdal fyrir 120 geldfjár.

Hin athugasemdin er um ítak í Hólalandi:

Ítaki Hoffells í Hólaland er þannig breitt, að Hoffell á þar framvegis 2 hrossa beit á vetrum, þar í mót eiga Hólar tiltölulega upprekstur á Refsdal fyrir geldfje.

Eins og komið hefur fram var Svínafell í eigu Hoffellskirkju frá 14. öld og átti sameiginleg landamerki með jörðinni Hoffelli en í byrjun 20. aldar keypti fyrrverandi ábúandi Svínafells, Árni Bergsson, jörðina og bjó þar til æviloka.⁴ Árið 1911, 7. júlí, rituðu eigendur jarðanna Hoffells og Svínafells undir svohljóðandi landamerkjabréf:

Við undirritaðir eigendur jarðanna Svínafells og Hoffells í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu⁵ lýsum því yfir að landamerki milli þessara eignarjarða okkar, Svínafells og Hoffells eru og hafa jafnan verið eins og hjer segir:

Stefna frá jöklinum um miðjan sand niður í Gildrasker, en Hoffellsmegin við þessa markalínu á þó Svínafell hólma er nefnist Kringla.

Undir bréfið rita Jón Guðmundsson (Hoffelli) og Árni Bergsson (Svínafelli). Síðan gera þessir sömu menn eftirfarandi athugasemd:

Við viljum enn fremur taka fram, að landamerkin frá því er jökullinn byrjar að neðan milli Svínafells og Geitafells liggur markalínan á jökli milli Hoffellsmúla og Gæsaheiðar.

1 Skjal nr. 2 (1).

2 Ýmist nefnt *Vindborð* eða *Viðborð* í heimildum.

3 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 258, 263, 272. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 2. b. (Kristján Benediktsson Einholti: Mýrar). Reykjavík 1972. S. 29.

4 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 282.

5 Því hér næst á eftir yfstríkað.

Bréf þetta var lesið á manntalsþingi 24. júní 1912.¹

Tveimur dögum áður en landamerkjabréf Hoffells og Svínafells var gert, þ.e. 5. júlí 1911, gaf bóndinn á Setbergi, Páll Arason, út svohljóðandi yfirlýsingu:

Jeg Páll Arason bóndi á Setbergi í Hornafirði votta hjer með, að jeg síðan jeg var 14 vetra gamall, og síðan jeg varð bóndi á Setbergi fyrir um 22 árum hef heyrt landamörkum milli Hoffells og Setbergs lýst þannig:

Hoffellsá ræður mörkum að Setbergsáarmynni að neðan, þaðan frá ræður Setbergsá mörkum uppeptir að uppsprettunni. Eptir það stefna mörkin milli Miðeyjar og austustu eyjar að Hoffellsá. Úr því ræður Hoffellsá mörkum innað Vatnshlíðargili. Síðan eptir Vatnshlíðargili yfir Lambastígshnúk á Austurbrún. Síðan á Hoffell Hoffellslambatungur, og skilur þar mörk Lambatungnaá, sem er milli þeirra og Skyndidalsmúla. Innan þessarar markalínu á Hoffell svonefndan Reifsdal í Setbergslandi í sameign við Setberg.

Þessum landamerkjum hef jeg jafnan fylgt og skoðað þau einu rjettu sem ábúandi, og eigi heyrt önnur landamerki nefnd og heldur ekki að neinn hafi mótmælt þeim.²

Fleiri samhljóða yfirlýsingar um landamerki Hoffells og Setbergs eru varðveittar frá sama tíma en ekki er að sjá að þeim hafi verið þinglýst. Ein þeirra er frá Jóni Guðmundssyni, dags. 8. júlí 1911. Það er ekki fyrr en kemur að Reifsdal að misræmi verður:

Eignarréttur Hoffells í Reifsdal í Setbergslandi er samkvæmt þinglesnum ítakssamningi við Árnanes og öðrum samningum.³

Tveir vitundarvottar rita undir yfirlýsingu Jóns og einnig fjórir hreppsnefndarmenn sem lýsa sig samþykka landamerkjunum en áskilja sér rétt til að gera nánar út um mörkin um Reifsdal. Bréf þetta er í einkaeigu og virðist það ekki hafa verið skráð í opinberar bækur.

Samkvæmt yfirlýsingu Jóns Guðmundssonar og fyrirvara hreppsnefndarmanna var óvissa eða ágreiningur um mörk Reifsdals og eignarhald á honum. Í framhaldi af því voru fjórir staðkunnugir menn látnir bera vitni um mörkin milli Hoffells og Setbergs, og tóku tveir þeirra, fyrrverandi vinnu- menn á Hoffelli, sérstaklega fram að þeir hefðu aldrei annað heyrt en að Reifsdalur væri eign Hoffells. Nokkru síðar varð samkomulag um landamerkjabréf jarðanna tveggja, Hoffells og Setbergs, og var því þinglýst á manntalsþingi 24. júní 1912, samtímis landamerkjabréfi Hoffells og Svínafells. Það er á þessa leið:

Við undirritaðir eigendur og umboðsmenn jarðanna Hoffells og Setbergs í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu, lýsum hjer með yfir því, að landamörk milli nefndra jarða eru þannig:

Frá markalínu þeirri sem skilur Krossbæjar-, Hoffells- og Setbergsland liggja landamerkin milli Pjeturs- hólma og Ólafstanga, austan við Mosahólmana, vestan við Arnarbæli, eftir ánni neðan við Græna- bakka, Tjarnarhraun og Tjarnarhraunsríma, að Setbergsáarminni, svo ræðr Setbergsá mörkunum að svokölluðum Skógargötum, þar sem uppspretturnar að Setbergsá falla saman, þaðan liggja mörkin

1 Skjal nr. 2 (2).

2 Skjal nr. 4 (73).

3 Skjal nr. 9 (34).

milli Miðeyjar og Austustueyjar og svo inn eftir dalnum eftir áareyrunum mitt á milli hlíða og upp í jökul, milli Fossdalshnútu og Vatnsskerja. Hoffellslambatungur fylgja Hoffelli, en Reyfsdalur sameign jarðanna eftir dýrleika þeirra nú.

Veði á Setberg ásamt Hoffelli, bæði í Hoffellsá frá landamerkjunum að neðan og upp í Setbergsáarminni og í Setbergsá.¹

Undir bréfið rita í júní 1912 (dagsetning kemur ekki fram) Jón Guðmundsson (Hoffelli) og Þórarinn Sigurðsson (Stóru- og Litlu-Dímu). Einnig undirrita fulltrúar Nesjahrepps bréfið. Jón Guðmundsson mun hafa átt Setberg á þessum tíma og hefur því undirritað bréfið sem eigandi beggja jarðanna.²

Árið 1937 afsalaði Guðmundur J. Hoffell, eigandi Hoffells, Birni Jónssyni í Dilksnesi „eign mína Refsdal í Hoffellslandi, sem er afréttarland“. Var Birni bónda eftir það heimilt að nytja landið „eftir því, sem honum sýnist“, eins og segir í afsalinu.³

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Svínafell árið 1921, dags. 29. júní:

Landamerki vestanmegin á milli Svínafells og Viðborðs eru: frá jöklinum milli Jökulfells og Hálsa út úr fljótum milli Stóru-Dímu og Litlu-Dímu út á móts við Gildrasker.

Milli Hoffells og Svínafells stefna þau frá jöklinum um miðjan sand niður í Gildrasker, en Hoffellsmegin við þessa markalínu á þó Svínafell hólma er nefnist Kringla.

Við viljum ennfremur taka fram, að landamerkin frá því er jökullinn byrjar að neðan milli Svínafells og Geitafells liggur markalínan á jökli milli Hoffellsmúla og Gæsaheiðar.

Skógarítak í Jökulfelli inn að Fálkakambi á Krossbær.⁴

Undir bréfið rituðu ábúendur jarðanna Svínafells (Árni Bergsson), Hoffells (Jón Guðmundsson), Stóru- og Litlu-Dímu (Þórarinn Sigurðsson), Viðborðs (Guðjón Gíslason) og Viðborðssels (Benedikt Þórarinnsson).⁵ Bréfið var þinglesið á manntalsþingi 4. júlí 1923.

Áður hefur komið fram að Setberg skiptist í tvær hálfendur samkvæmt gerðabók fasteignamatnefndar 1916. Í Fasteignabók 1922 er greint á milli Setbergs I og Setbergs II en báðar hálfendurnar virðast hafa verið í eigu Hoffellsmanna til ársins 1948 þegar Árni Pálsson, ábúandi Setbergs, keypti jörðina.⁶ Árið 1957 var þinglesið leyfisbréf menntamálaráðherra um að taka mætti upp nafnið Setberg II.⁷ Þá skal þess að lokum getið að árið 1951 var stofnað nýbýlið Miðfell og er það fjórðungur úr landi Hoffells („1/4 úr Hoffelli“).⁸

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld á Hoffelli og á jörðunum Svínafelli og Setbergi frá því að jarðanna er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi þær framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsettar.⁹

1 Skjal nr. 2 (52).

2 Sbr. skjal nr. 2 (36): Gjörðabók fasteignamatnefndar 1916 (bls. 63).

3 Skjal nr. 4 (41). Björn Jónsson í Dilksnesi var bróðir Guðmundar Jónssonar í Hoffelli.

4 Skjal nr. 2 (5).

5 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 250, 272, 282. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 2, s. 29, 31.

6 Sbr. skjal nr. 4 (61). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 264.

7 Skjal nr. 4 (61). Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* 1 (s. 262) er getið um nýbýlið Setberg III eftir árið 1966.

8 Skjal nr. 4 (47). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 274.

9 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 262-264. Skjöl nr. 2 (53, 54, 55), 4 (61, 62, 86-93).

6.3. Krossbæjartorfa (Krossbær, Lindarbakki og Stóralág)

Krossbæjar er getið í máldögum Hoffellskirkju 1343 og 1367 og einnig í máldaga frá tímabilinu 1491-1518. Þar er alls staðar tekið fram að frá Krossbæ hafi verið greidd tíund til kirkjunnar að Hoffelli.¹

Krossbær mun hafa verið hluti af svonefndum Bjarnaneseignum, jarðagóssi í eigu Teits lögmanns Þorleifssonar. Árið 1525 seldi Teitur Ögmundi Pálssyni Skálholtsbiskupi þessar jarðeignir sínar og þá um leið Krossbæ sem metinn var á 20 hundruð.² Í minnisgreinum Gissurar biskups Einarssonar frá 1540 kemur fram að á þeim tíma var bænhús í Krossbæ.³

Bjarnaneseignir komust um tíma í umráð Ara Jónssonar lögmanns, sonar Jóns Arasonar biskups á Hólum samkvæmt tylftardómi presta í Skálholtsbiskupsdæmi 4. júlí 1550.⁴ Jón biskup og synir hans tveir voru teknir af lífi 7. nóvember sama ár og 16. júní 1551 voru Bjarnaneseignir og allt annað góss þeirra feðga dæmt undir vald konungs með svonefndum Oddeyardómi.⁵ Skálholtsdómkirkja eignaðist síðan aftur Bjarnanes og fleiri jarðir, m.a. Krossbæ, með jarðaskiptum við konungsvaldið 3. júlí 1556. Í staðinn fékk konungur til eignar átta jarðir á Seltjarnarnesi og Álftanesi sem áður höfðu heyrt undir Skálholtsdómkirkju.⁶ Eignarréttur Skálholtsdómkirkju á Krossbæ var endanlega staðfestur með helmingadómi presta og leikmanna 8. maí 1569 en áður hafði hann verið veffengdur af erfingjum Teits Þorleifssonar.⁷

Krossbær er nefndur í jarðabók yfir kirkjueignir 1597 og metinn á 20 hundruð í jarðabókum 1686 og 1697.⁸ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er Krossbær sagður dómkirkjújörð og 20 hundruð eftir jarðabók 1658 en heimajörðin sjálf „meinast að vera xij^{ccc} (þ.e. 12 hundruð). Jörðin átti þá skóg í Svinafellslandi, „en er nú komin aldeilis í jökul“.⁹ Í Jarðabók Ísleifs er einnig nefnd hjáleigan Stóralág sem byggð var úr heimalandi Krossbæjar.

Í jarðamati 1804-1805 er ein hjáleiga, Krossbæjargerði, skráð með heimajörðinni.¹⁰ Í jarðamati 1849 er hjáleigan talin fjórðungur úr Krossbænum sjálfum.¹¹ Þar er Stóralág skráð sem sérstök jörð og einnig í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849, en í Jarðatali Johnsens 1847 og Nýrri jarðabók 1861 er Stóralág nefnd sem hjáleiga Krossbæjar ásamt Krossbæjargerði. Í báðum jarðabókunum er dýrleiki Krossbæjar sagður vera 12 hundruð að fornu mati að Stóralág og Krossbæjargerði meðtöldum en samkvæmt nýju mati var Krossbær 11 hundruð og Stóralág 7,6 hundruð.¹²

Krossbær, eign Skálholtskirkju, var seldur árið 1840, og hefur eftir það verið í einkaeigu.¹³ Jörðin átti skógaritak í Jökulfelli í Vindborðsdal eftir því sem stendur í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849.¹⁴ Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 eru eignir, hlunnindi og ítök Krossbæjar hin sömu og Krossbæjargerðis: „Upprekstrarland á jörðin ekkert, nema lítil fjarlægán fjallhaga í samlögum við

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 770. *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 243. *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 36.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 93.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 10, s. 584.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 791-792. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 82.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 270-277.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 138-139. Um Bjarnaneseignir og deilur um þær má m.a. lesa í eftirtöldum ritum: Páll Eggert Ólason, 1919: *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*. I. b. Reykjavík. S. 34-39, 79-88, 155-171. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 1997: *Siðbreytingin á Íslandi 1537-1565. Byltingin að ofan*. Reykjavík. S. 233-239.

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 260-262.

8 *Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984*. II. Skrár. Kirkjueignanevnd, október 1992. S. 33. Björn Lárusson 1967, s. 331.

9 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 424.

10 Skjal nr. 2 (42).

11 Skjal nr. 2 (34).

12 *Jarðatal* 1847, s. 2-3. *Ný jarðabók* 1861, s. 4.

13 Sbr. *Jarðatal* 1847, s. 416.

14 Skjal nr. 2 (35).

nærleggjandi jarðir. ...Skógarítak á jörðin í Jökulfelli í Svínafellslandi, sem nú er nær því skóglaut.¹ Í gerðabókinni eru landamerki Krossbæjar, Krossbæjargerðis og Stóruhágar sögð hin sömu, en milli Krossbæjar og Setbergs voru mörkin þessi:

Af ysta Gildraskeri utan til, beina línu utarlega um Péturshólma, í fossinn í Grjótárgljúfrinu; frá fossinum beint í gilið á Skerjabrúninni vestan við Miðfell í Grjótárdal. Þaðan beint norður á Giljadalabrúnir.²

Eins og áður hefur komið fram er óljóst af heimildum hvort Stóruhágar hafi verið talin sjálfstæð jörð fyrir á tímum en árið 1891 fóru fram áreið og skipti á beitilandi milli jarðanna Krossbæjar og Stóruhágar. Þeim gerningi er lýst á þessa leið:

Fyrst var landið mælt með streng bæði langs og á 4 stöðum þvers, og eftir þeirri mælingu reiknað út hve margir [fer]faðmar landið er, og því skipt síðan niður á hundraðatölu jarðanna eftir nýja matinu, og samkvæmt þeirri skiftingu voru landamerki milli áðurnefndra jarða sett þannig:

Úr Urðarbrún á mitt Gildruhraun þaðan beina sjónhending í há-Grettisklett, þaðan út og suður eptir hólnum innst í Hamraendann. En takmörkin milli heimalandanna og fjallendisins (sem óskift er) eru þannig, að fyrir ofan Stóruhágarland ráða hamrarnir inná Urðarbrún, þaðan ræður bein lína inná Efstahnaus, þaðan í dagmálamahra, þaðan í Hvamshamra þaðan ráða hamrar inni Grjótárgljúfur.³

Landamerkjabréf Krossbæjar með Krossbæjargerði og Stóruhágar var undirritað 26. febrúar 1921 og lesið á manntalsþingi í Nesjahreppi 29. júní sama ár:

Milli Krossbæjar (með Stóruhágar) og Hoffells og Setbergs:

Af ytsta Gildruskeri bein lína utarlega um Pjeturshólma í fossinn í Grjótárgljúfrinu, frá fossinum beint í gilið á skerjabrúninni vestan við Miðfell á Grjótárdal, þaðan beint norður á Giljadalabrúnir.

Milli Krossbæjar (með Stóruhágar) og Bjarnanesseignar (með kirkjujörðum og Borgum): Úr Strunskerri í Fljótum beint í Þveitarlæk, eftir læknum yfir Þveit í Markstritu við Markalæk, þaðan þangað, sem rauð og blá skriða koma saman undir Arnarhömrum, þaðan yfir Smalahól í Marktind austan við Krossbæjarskarð, þaðan í Miðfellstind á Hafradal, þaðan á Giljadalabryr.

Skógarítak á jörðin Jökulfell í Svínafellslandi inn að Fálkakambi (sjá brjef fyrir Hoffellsjörðum dags. 16. maí 1884 þingl. 12. maí 1890).⁴

Bréf þetta er samþykkt fyrir eftirtaldir jarðir: Stóruhágar og Krossbæ, Setberg Hoffell, Borgir, Gerði, Bjarnanes, jarðeignir Bjarnaneskirkju og Svínafell.

Árið 1944 var stofnað nýbýlið Lindarbakkí úr löndum Krossbæjar og Stóruhágar.⁵

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Krossbæ frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi jörðin framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett.¹ Sama á að sínu leyti við um jarðirnar Stóruhágar og Lindar-

1 Skjal nr. 2 (36).

2 Skjal nr. 2 (36).

3 Skjal nr. 2 (9). Undirstrikun í frumtexta.

4 Skjal nr. 2 (3).

5 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 251. Þinglýst skjal um Lindarbakka dags. 8.2. 1946 (skjal nr. 4 (94)).

bakka.²

6.4. Bjarnanestorfa

Bjarnanes er nefnt í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200.³ Einnig er jarðarinnar getið í Njáls sögu. Í máldaga sem talinn er frá 1367 er greint frá því að Mariukirkja sé í Bjarnanesi og eigi hún heimaland hálf.⁴ Kirkjan í Bjarnanesi var því bændakirkja. Þar skyldu vera tveir prestar og djákn, og þjónuðu þeir ásamt heimakirkjunni tveimur kirkjum og einu bænhúsi. Því til viðbótar var „bænhús skyld j skogey“. Tiund var greidd til kirkjunnar af fimm bæjum og má af því marka stærð sóknarinnar. Eignir kirkjunnar auk kvikfjár og lausamuna voru þessar:

Bjarnanese fylger hrijsey half. hrafseyar. vidreka allann oc hualreka a Hornseyre. skogarteiga iiij j laxardal j brennhofda galltartungu. vrdar tungu oc vallar.⁵

Þessar eignir kirkjunnar eru síðan ítrekaðar í vísitásum biskupa á 17. og 18. öld (sbr. hér síðar).

Árið 1501 var á alþingi kveðinn upp sá dómur að Teitur bóndi Þorleifsson væri öldungis kvittur og ákærulaus af brotum sem hann hefði framið gegn konungi og skyldu því Bjarnanes og þær eignir sem þar tilheyrðu vera óbrigðuleg eign hans eins og áður.⁶ Árið 1525 eignaðist Ögmundur biskup Pálsson Skálholtsbiskup Bjarnanes og Bjarnaneseignir með kaupsamningi við Teit Þorleifsson.⁷ Þessar jarðir komust síðar undir konung en Skálholtsdómkirkja eignaðist Bjarnanes og fleiri jarðir að nýju með jarðaskiptasamningi við konungsvaldið 3. júlí 1556. Í staðinn fékk konungur til eignar átta jarðir á Seltjarnarnesi og Álftanesi sem áður höfðu heyrnt undir Skálholtsdómkirkju (sjá nánar í kafla 6.3.).

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 hefur sú breyting orðið frá fyrri máldögum að kirkjan í Bjarnanesi á nú heimaland allt.⁸ Þessa breytingu má rekja til dóms klerka 3. nóvember 1550 sem kvað upp þann úrskurð að Ari Jónsson (Arasonar Hólabiskups) hefði tekið Bjarnanes ólöglega að sér og að þar skyldi vera beneficium Skálholtskirkju eins og ákveðið hefði verið þegar Ögmundur biskup Pálsson gaf kirkjunni jörðina.⁹ Í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641 er þó ekki viðurkennt að kirkjan í Bjarnanesi eigi meira en hálf heimalandið; hinn helmingurinn sé eign kirkjunnar í Skálholti.¹⁰

Í jarðabókum 1686 og 1697 er Bjarnanes talið 60 hundruð að dýrleika og eign Skálholtsstóls.¹¹ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er Bjarnanesi lýst sem dómkirkjujörð, 60 hundruð, og fylgdu henni 13 hjáleigur: Borgir vestri (Borgir eystri tilheyrðu Arnanesi), Fornustekkar, Hádegishóll,

1 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 255-259. Skjöl nr. 2 (56), 4 (60) og 9 (4).

2 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 248-252. Skjöl nr. 2 (56), 4 (42, 94) og 9 (5, 6).

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 5.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 242, sbr. 234.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 242. Í Vilkinsmáldaga 1397 eru eignir Bjarnaneskirkju óbreyttar, en á tveimur stöðum eru örnefnið önnur. Í Vilkinsmáldaga stendur *Arennhofda* í stað *Brennhofda* og *Vidartungv* í stað *vrdar tungu* (*Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 233).

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 7, s. 575-576. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 92-93 (skrá um jarðir Teits lögmanns Þorleifssonar).

7 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 272-274, 420. Sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 10, s. 548-549, 584, 664. *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 319-320.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 698.

9 *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 809-810.

10 Skjal nr. 2 (19). Þessi mismunur kann að stafa af því að ekki hafi verið að fullu ljóst hvort það var Skálholtskirkja eða Bjarnaneskirkja sem Ögmundur gaf kaupahlutann í jörðinni (sbr. *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 809-810. Sjá einnig Magnús Stefánsson 2000, s. 160, 168).

11 Björn Lárusson 1967, s. 331.

Brosahóll, Brattagerði, Annargarður, Meðalfell, Meðalfellshjáleiga, Bjarnanesskemma, Bjarnaneshóll, Miðsker, Stóristapinn og Litlistapinn. Auk kvikfjár voru eignir og ítök jarðarinnar þessi:

Rekaitak á jörðin fyrir Hornslandi, frá Miðskeri og vestur að Þinganesskerjum.

Item Hornaey, sem nú kallast Óskálfur. Hálfá Hrísey í móti Arnanesi og Akurey.

Item Hrafnseyjar.

Skógarítök á jörðin ánægjanleg á Laxárdal í Dals- og Hvammslöndum.¹

Hér mun vera átt við Laxárdal í Lóni.

Samkvæmt jarðamati 1804-1805 skiptist Bjarnanes til helminga milli Skálholtskirkju og kirkjunnar á heimajörðinni eins og áður hafði komið fram í vísitasiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar en var hins vegar ekki í samræmi við það sem stóð í fyrrnefndum jarðabókum. Hjáleigurnar voru þá samtals níu: Borgir, Meðalfell, Fornistekkur, Brattagerði, Austurhóll, Suðurhóll, Annargarður, Miðsker og Stapi með eyðihjáleigunni Háhóli.²

Í Jarðatali Johnsens 1847 er Bjarnanes talið sem fyrr 60 hundruð að dýrleika að meðtöldum tólf hjáleigum. Þær voru: Borgir (innri), Meðalfell, Meðalfell neðra, Fornistekkur, Brattagerði, Austurhóll, Suðurhóll, Annargarður, Miðsker, Stapi, Taðhóll (Hóllinn) og Háhóll (Hádegishóll). Þá er einnig vitnað til þess að í stólsjarðabók sé Bjarnanes með hjáleigum talið 75 hundruð að dýrleika.³ Þessar sömu hjáleigur eru taldar upp í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 og þar er því jafnframt haldið fram að hálf jörðin (væntanlega hlutur Skálholtskirkju) sé kóngseign en hinn helmingurinn beneficium (þ.e. kirkjulén sem biskup úthlutaði).⁴ Í Nýrri jarðabók 1861 er Bjarnanes ásamt hjáleigum metið á 80,5 hundruð.⁵

Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er greint frá því að Bjarnanes eigi skógarítak í Þórisdal og Hvammslandi.⁶ Í brauðamati, líklega frá svipuðum tíma, er ekki nefnt annað skógarítak en í Hvammsjörðu og á það að hafa nægt „til prestsins nauðsynia“.⁷ Í brauðamati, dagsettu 14. júní 1854, er minnst á lítilfjörlegan skóg, „en sem má heita afnáma“.⁸ Loks er að nefna brauðamat, dagsett 12. júlí 1867, en þar er meðal ítaka jarðarinnar nefnt „lítilfjörlegt skógarkropp“. Ekki svari þó kostnaði að nýta það því að yfir langan og erfiðan veg sé að fara.⁹ Um aldamótin 1900 virðist enginn hafa lengur sótt í þennan skóg eða annan sem heyrði undir kirkjuna og fór svo að skógræktarstjóri lagði það til í bréfi 18. apríl 1953 að skógarítök þessi yrðu látin niður falla.¹⁰ Þá er þess að geta að kirkjujarðir Bjarnaness áttu „upprekstur“ á Laxárdal vestan megin ásamt Borgum eftir því sem greint er frá í fasteignamati 1916.¹¹ Um Laxárdal og eignarrétt á honum var lengi ágreiningur eins og nú verður rakið í tengslum við landamerkjálýsingar Bjarnaness, fornar og nýjar.

1 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 423.

2 Skjal nr. 2 (42).

3 *Jarðatal* 1847, s. 2, sbr. 5. nmgr. Stólsjarðabókin, prentuð 1785, var tekin saman í tilefni af uppboði Skálholtsjarða í lok 18. aldar (sbr. *Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984*. I. Inngangur. Kirkjueignanevnd, desember 1992. S. 2, 4).

4 Skjal nr. 2 (34).

5 *Ný jarðabók* 1861, s. 4.

6 Skjal nr. 2 (34).

7 Skjal nr. 2 (39).

8 Skjal nr. 2 (40).

9 Skjal nr. 2 (41).

10 Skjal nr. 2 (43). Sbr. lög um lausn skógarítaka af jörðum nr. 100/1940.

11 Skjal nr. 2 (36).

Elsta varðveitta landamerkjalýsing jarðarinnar er líklega í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641:

Eru þesse Landamerke a Biarnanese epter hefðar hallde atolulausu adsunan frá Þueitar Læk og gagn vart vpp j þá skridu sem mætist raud og blaa, og ofan J Flíot. Raada so Flíotin vt ad Laxá, og vpp j gliufur. Jtem er halldin og hafður vnder stadin allur Laxár dalur fyrer austan Laxá og vestan og kom fram Byfalningar bref Saluga Herra Gysla Oddz sonar vnder skrifad af Eireke Eirikz syne og einare Brynjólfs Syne datum 1633 2 Septemb[ri]s j Biarnanese, huar þeir Bera ad B[ysku]pin Herra Gysle Oddzson hafa strengeliga og alvarlega Byfalad S. Jone Biarnarsyne ad hallda þuj Lande vnder Biarnanes sem er Laxárdalur fyrer austan Laxá so það land gange ecke vndan Kyrkiune j Biarna nese fyrer neina hylming edur godvilld Sra Jonz Biarna sonar vid þa sem a móte bua. Jtem ad B[ysku]pin adur nefndur H. Gysle Oddzson hafe lofad ad vera sialfur i Borgun þar fjirer, huad sem þar á segdist enn Sra Jon Biarna son skyllde þar vera frials og saklaus fyrer huad sem vppa kæme og það handsaladi B[ysku]pin S. Jonæ J þria tíjma. Var nu Eirikur Eirikz son Personu lega vidstaddur og handsaladi B[ysku]pinum Meistara Brynjólfe Suein syne þennan sinn vtgefin vitnisburd¹ og somu leidis Sera Jon Biarna son medkendist þetta ádur vitnad satt vera lofandi þar á sannende ad leggja med handsolum ef þorf giordist. Hefur þesse Laxár dalur fyrer austan ana Jafnan sydan Brukadur verid frá Biarnanese sem og ádur. Þuj Byfalar Eirnin B[ysku]pin M. Brynjólfur Svein son ad Lata nefndann Laxárdal fyrer austann ana f[yrer] ongvann mun ganga vndan hefðar hallde Biarnaness fjirer Biodande þar á alla Areid edur alycktkun helldur Lysande það tak mark Eign Biarnaness og Heilagrar Skalholltz kyrkiu og þess sokum vera vnder þuj Kong. Majestatis B[re]fe sem fyrer bydur ad leggja Dómkyrkiunar Gotz vnder Jslandsk Log, nema sierdeilis Kong. Majestati[s] B[re]f þar vm vtkome. Fra nefndu gliufre a Biarnanes j fioll vpp. Kyrkian á Hrys eij halfa Rafnz eijar, vidreka allan og hualreka á Horna eij. Vill B[ysku]pin Meistare Brynjólfur Sueinz son ad Biarnanes Kyrkia hafe not af hvoru tueggju vidum og huolum a nefndre Horna eij fraa Huann ey og jnn ad Hornz tanga so ad á sie giord þridjunga skipte suarist eim þridjungur til Skalholltz Kyrkiu, Annar til vp byggingar Biarnaness Kyrkiu Þridie vm bodz mannenum Biarna ness Kyrkiu f[yrer] Starf sitt² ef hann hirder og ver thil hagnadar Baadum Kyrkiunum og flytur Skal holltz Part þangad sem a er kuedid, enn svarar vt Biarna ness Kyrkiu Parte Erliga sem vita fie fyrer sig og syna erfingia, ef ei er vppa Kyrkjuna kostad og metid epter sanngiarn legre virdingu, skjillde su skickun standa medan þesse B[ysku]p M. Brýniolfur Suein son ætte f[yrer] Skalholltz Kyrkiu ad siegia og so skyllde huervitna skipta huar sem Biarnaness Kyrkia ætte fiour. – Hun á iijj skogarteiga j Laxardal, j Arinhofda, Galltár tungu Vidar tungu og vallar.³

Í vísitásiubók Þórðar biskups Þorlákssonar 15. september 1677 er landamerkjalýsingin í vísitásiubók Brynjólfs biskups tekin efnislega óbreytt upp og síðan tekið fram að kirkjan eigi „4 skogar Teiga J Laxárdal J Arennhofda Galltar Tungu vidar Tungu og Vallar. Jtem lýser sr. Jon [Eiríksson] ad kyrkian eigi skoogar Töpt J Jokulfelli a Vidbordz dal, sem hann og hans formadur hafe báder hallded átólulaust“. Enn fremur er tekið fram í vísitásiunni að Þórisdalur hálfur í Lóni sé eign Bjarnaneskirkju.⁴ Í vísitásiubók Jóns biskups Vídalíns frá 1706 er engin landamerkjalýsing en ítök kirkjunnar og aðrar eignir hennar eru þar tíundaðar og síðan bætt við: „Framar á Kirkian epter adur citerad[r] Vititatu Magn. Þordar [Þorlákssonar] halfan Þorisdal i Lóne“.⁵ Vísitásiur biskupanna Jóns

1 Hér er bætt við út á spássiu: „Nu Anno 1654 11 7bris Bader til samans Eirikur Eyriksson og Einar Brýnjólfsson hand soludu B[ysku]pinum M. Brýnjólf SS þennann fyrerskrifadann Vitnisburd med Eide ad stadfesta ef þurfa þætte.“

2 Hér er á spássiu ritað: „NB skilirdj vm rekann.“

3 Skjal nr. 2 (19).

4 Skjal nr. 2 (22).

5 Skjal nr. 2 (24).

Árnasonar 1727, Ólafs Gíslasonar 1748 og Finns Jónssonar 1755 fylgja að þessu leyti því sem stendur í vísitásiu Jóns biskups Vídalíns.¹

Frá lokum 18. aldar eru til nokkrir vitnisburðir, varðveittir meðal kirknaskjala, um landamerki Bjarnaness og Árnanes. Tilefnið virðist einkum hafa verið ágreiningur um eignarhald á Laxárdal eftir að farvegur Laxár breyttist. Deilan var lögð fyrir háyfirvöld til úrskurðar og var haldinn fundur um hana á alþingi 1792 en málið síðan sent aftur heim í hérað „vegna óeidfesta Vitnisburða, og vöntunar á Situations Korti“.² Frá þessu sama ári eru fjórir vitnisburðir og virðist þeim bera efnislega saman:

Vier underskrifadir Buendur i Biarnanes Kirkju Sokn erum bedner ad giefu vorn skiran og sannann og skriflegann Vitnesburd, um Landamork milli Biarnanes og Arnanes Jarda til Fialla og Siáar, þa vitnum vid hier med effter bestu Vitund vorre hier um; ad Laxá rædur Morkum fra þui Votnum hallar, ofann Hreggháls ofann i Wýtisgliufur, huar nefnd A hefur sýn firstu Upptok; og so rædur hun Morkum i öllum Gliufrum og Farvegum sudur ad Borgum. Ýnsta Kiennemerke Arnanes Lands a Laxardalnum er Fialled Arnanes Mule sem so hefur heited fra Aldödle. Þettad fiall er austann vid Laxa. Framm undann Arnanes Mula er mió Landrein framm effter Dalnum, framm med Bergár Fialle sem Arnanesland er, ut effter Dalnum austann meigenn Laxarinnar Kallad Eiar, Selhraun og Selmire. J nemdum Selhraunum hofdu Arnanes Menn haft Selstodu firer vort Minne, huar enn siast Merke til. Þadann er Selmire kollud, þar til Dalenn endar. Enn vestann meigenn vid Ana er Biarnanes Seled a Mots vid Mirena.³

Síðar í þessu vitnisburðarbréfi er eftirfarandi yfirlýsing um Laxárdal, og er þá rétt að hafa til samanburðar það sem sagt er um dalinn í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar hér framar:

Ecke vitum vier ad nockur hafe um ockar Týd brukad Laxardal firir austann Laxa nema einasta Arnanes Abuendur, sem arlega lietu og enn lata sitia þar Búsmala sinn, effter Fráfærur á Sumrum. Þeir hafa og arlega reked þangad Geldfe og haft þar Fiarsofn og Fiallgaungur Haust og Vor, somuleides Diraleit, og Uppakostnad ad vinna þaug firir austann Ana. Þettad vitum vier so giorla um vora Týd, sem upp olunstum i Arnanese, framm ad þritugs Aldri og sidann vered i Biarnanes Kirkju Sokn, nu meir enn half siotugir ad Aldri, nockrir og um 60s Aldur sumir.⁴

Í öðrum vitnisburði frá sama tíma er landamerkjalyýsingin á þessa leið:

Lágs Á rædur Morkumm frá firstu Upp Sprettu firer ofann Hregg Háls og so nidur úr ollum Gliufrumm og Farvegum sudurad Borgumm sidann frá Áfanga Hól vestur i Þrætu Holma og so i Kilenn firer utann Storholma so kalladann þadann vestur úr Nýgrædess Kil sem liggur firer utann Vats Fit i Skogey.⁵

Þriðji vitnisburðurinn hljóðar svo:

Heirde eg ad Laxa skillde rada fra því first halle Vötnum ofann Toustade og i Gliufrid firer ofann Medalfell soad Arnanese til heirde Vytis Breckurnar Arnanese Mule Eiarnar þar firer frammann Sel Hraun og öll Sel Mire. Þesse hier talenn Platz voru i minne Tid i Arnanese sosum ádur brukud til Hag beitar Geldfenadi, og ahvöriu Áre setenn Busmale fra Arnanese, efftir Skipun Abuanda þar, a adur nefndre

1 Skjöl nr. 2 (25, 21 og 20).

2 Skjal nr. 2 (17). Afstöðukort með nöfnum á kennileitum mun hafa verið lagt fram á alþingi (sbr. skjal nr. 2 (18) og athugasemd í uppskrift skjals nr. 2 (17)).

3 Skjal nr. 2 (13).

4 Skjal nr. 2 (13).

5 Skjal nr. 2 (12).

Sel Mire, Sel Hraunum og Eiumm. Arnanes Menn höfðu og Fiarsöfn Haust og Vor, somu leidis Dira Leiter i adur nefndum Platzum edur a Laxar Dal firer austann Ána ur Gliufrinu firer ofann Medalfell. Atte Laxa og so ad rada i Gliufrid nidur vid Borgimar.¹

Í fjórða vitnisburðinum segir m.a.:

Eg undirskrifadur vitna umm Landa Mörk milli Biarnanes og Arnanes, ad jeg bædi af Foreldrum minum og ödrum gömlum Mönnum, heirdi, og veit lýka umm mina Týd, ad brúkad hefur verid, sem Arnanes Eign oatalinn af öllum ad minnu [svo] Vitund, bædi Laxárdalur firir austann Ána, soog nidrifra a Ynnri Völlum ynnundir midiann Þrætu Hólma, sem þar hefur so verid kalladur, sögd og haldinn Landamörk, og graskill tiltekinn, samt úr hans [...] i Nýgrædukýl firir utann vatnsfit i Skög ey. Þessi Mörk hafa höfd og haldenn verid, huörninn sem Laxá runnid hefur, huört heldur firir utann þau edur innann, og árlega sleigid verid, fyrir vesðann nefnda Laxá, af Arnanes Innbiggðurum. Aldrei veit eg nu a 60 Ára Aldri, nockurn hafa haft lögleg Fiarsöfn Dýraleitar, nie Fienadar Beít a Laxárdal firir austann Ána, nema einungis Arnanes Menn, utann hvad Misgaungur Fienadar hefur kunnad ad vera a badar Sydur.²

Afgreiðsla málsins á alþingi varð til þess að sýslumaðurinn, Kristján Vigfússon, efndi til dómþings í Laxárdal til að yfirheyra menn um landeign Arnanes, bæði til fjalla og sléttlendis, og fá eiðfesta áður útgefna vitnisburði þeirra um landamerki, nýtingu Laxárdals fyrir austan Laxá og um hinn gamla farveg árinna. Bar vitnum saman um að Laxárdalur fyrir austan ána hefði verið átölu-laust brúkaður af ábúendum Arnanes. Einnig var lesinn upp vitnisburður Ólafar Jónsdóttur, sjö-tugrar konu, um landamerkin:

Fyrst er eg barnfædd a Biarnanes Hialeigu og uppólst þar i 20 Ár, og hefe síðann búid allann minn Búskap i Biarnanes Kyrkiu Sókn. Veit eg ej önnur Landamörk vera, milli ádurndra Jarda, enn Laxá, sem rennur efftir endilaungum Laxárdal, ofann fyrir Borgir. Þar á Biarnanes Dalinn fyrir vestann Ána, enn Arnanes fyrir austann Ána, og vestur ad henni, og solangt innmed, þar til Vötnunum hallar ofani Tóustadi, hvar um líosast ber Vitni Fiallid hann Arnanes Múle, sem stendur vestur vid Ána, og so hefur heitid, (jeg held síðann Arnanes bygdist:). Og eitt sinn for jeg med Födur mínum inná Dal, og komst innundir þennan Arnanesmúla, med Kú til Nauts. Þá um sama Tíma komu Bændur fra Arnanesi úr Kola-Skóg, nordan yfir Heidi. Hafði þá Fied úr Biarnanes Seli, runnid eda rekid verid i Breckurnar fyrir innann Múlann, og söfnudu þeir Arnanes Menn þvj öllu, og ráku það med Hundum vestur yfir Ána, fundu so Selsmalann, og hardlega ávítudu hann fyrir, ad hann beitti þeirra Land. Heirdi eg og ad Biarnanes Híóninn hefðu bedid Arnanesmenn, ad lofa sier ad reka Selfenadinn austur yfir Ána á Nóttum og bodid Borgun þar fyrir. Vid Kyrkiu heirdi eg og Arnanes Menn finna ad Ábeit i Land þeirra, á Laxárdal fyrir austann Ána, og tók Sra Benedict þvj hæglega, sagdist ej hafa skipad það, og sagdist skyldi banna það. Alla minna Foreldra Tíð, sögðu þeir mier, ad Arnanes Menn hefðu brúkad til Fíarþeitar Laxárdal fyrir austan Laxá, og þar haft árlega Fiarsöfn og Dýraleitir, og eirinn hefur það verid til þessa um alla mína tíð, og einginn annar það giört.³

Vitnaleiðslum þessum var fram haldið á þingstaðnum Holtum 31. júní 1801 enda þótt viðurkennt væri að málið yrði ekki afgreitt fyrir réttinum með endanlegum dómi „heldur epter Háýfirvaldanna Fyrirætlan fyrir nærsthaldandi háttnefndum Sinódals-rétti afgiört“.⁴

1 Skjal nr. 2 (14).

2 Skjal nr. 2 (15).

3 Skjal nr. 2 (17).

4 Skjal nr. 2 (38).

Af hálfu kirkjunnar var ekki fallist á þá fullyrðingu að Laxárdalur væri annarra eign en Bjarnaness. Árið 1797, 18. nóvember, lögfesti presturinn í Bjarnanesi, Magnús Ólafsson, eignir staðarins með svofelldum orðum:

Eg orsakast ey syður enn adrer mýner Formenn ad logfesta Biarnaness-Stadar og Kyrkiu Eigenndóm og Jtök, hvört eg eirnenn öllum áheirande auglýse i Dag; effter þeim Landamerkiem, sem Visitatia B[isku]psins Magist. Brinjulfs Sveinssonar af 1641 effter eldre Máldögum þessare Kyrkiu tileinkar, nefnil.: Jnnann fra Þveitarlæk og gagnvart uppi þa Skridu sem mætest raud og blá, rada so Fliótenn udad Laxá, og upp i Gliufur. Frá nefndu Gliufre og uppi Fiöll. Enn med því það Laxár Utfall, effter elstu Vitnesburdum, fyrre Logfestumm, og siáanlegumm Árfarveige, sýnest ad hafa runned ut hia so kolludum Rofhol; so logfeste eg Biarnaness-Heimaland á þann Veg ut ad nefndum Rofhol, og þaðann upp í aminst Fiallmörk. Jtem effter sama citerudum Máldaga lögfeste eg allann Laxardal fyrer austann og vestann Lax Á. Sömuleides Jtök Kyrkiunnar til Fialls og Fiöru, sem somu Skiöl og Jardabokenn af 1708 og 1709¹ henne til einka. ...[Lögfesti eg] og til Fialls þa 4ra Skogarteiga á Lón Laxárdal, sem Kyrkiu Bokenn syfelt á Nafn nefner. Effter til vísudum Rette Mag. Þordar Þorlakssonar af 1677, logfeste eg under Biarnaness-Kyrkiu Skogar Tofft i Jokulfelle a Vidbordsdal, og endelega þar kringumm liggjande Skogar Pláts, sem nu er audþecktt orded af þar fundenne Toftar Mýnd og Grundvelle.²

Landamerkin í lögfestunni virðast að flestu leyti staðfest í vísitasíu Helga G. Thordersens biskups 1848:

Landamerki halda ser hin fornu innan frá Þveitarlæk og gagnvart uppi þa skridu sem mætest raud og blá ofan í Fljót, rada so Fljotin útad Laxá og uppi gljúfur frá nefndu gljúfri og í fjöll upp. Kirkjan á Laxardal allan bædi fyrir austan og vestan Laxá ...³

Einnig er frá því greint að presturinn í Bjarnanesi, séra Björn Þorvaldsson, hafi „yfirlátið“ hjáleigunni Hraunkoti þær engjar „sem staðnum tilheira fyrir austann Jökulsá“ og að staðurinn eigi hálfan Þórisdal, 10 hundruð að dýrleika. Sú jörð sé þó ekki metin á nema 3 hundruð um þær mundir þar sem hún hefði spillst af umbrotum Jökulsár.

Í lok aldarinnar, 18. desember 1897, voru samþykkt lög um að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skyldi fengið hlutaðeigandi söfnuðum á hendur. Ein þessara kirkna var Bjarnaneskirkja. Eins og vikið er að fyrr í þessum kafla virðast hafa verið áhöld um hvernig háttað var eignarréttinum að Bjarnanesi. Samkvæmt sumum heimildum var jörðin öll í eigu heimakirkjunnar en í öðrum er fullyrt að hún hafi aðeins átt helming jarðarinnar og þá ýmist á móti dómkirkjunni í Skálholti eða konungi. Samkvæmt lögnum frá 1897 lék hins vegar ekki lengur neinn vafi á um að Bjarnanes skiptist að jöfnu milli konungs (landssjóðs) og heimakirkjunnar. Árið 1901 varð samkomulag milli prestsins í Bjarnanesi og safnaðarins um skiptingu Bjarnaneseigna í samræmi við fyrrgreind lög og staðfesti amtmaður það 6. desember sama ár fyrir hönd landssjóðs eftir að hafa fengið heimild til þess frá landshöfðingja. Í samkomulaginu fólst það að kirkjan, umsjón hennar og fjárhald, var afhent söfnuðinum og einnig eftirtaldir hjáleigur: Suðurhóll, Brattagerði, Austurhóll, Fornustekkar, Meðalfell efra, Meðalfell neðra og Borgir. Enn fremur skyldi fylgja kirkjunni sá hluti beitilandsins sem lá austan línu er dregin var úr Álakeldu við Árkvarnarhól, sjónhending í Haukabergr. Í hlut „prestakallsins“ kom heimajörðin, Brekkubær, Taðhóll, Háhóll, Miðsker og Stapi og að auki skyldu, samkvæmt úrskurði stiftamtmanns, „ítökin“ Akurey, Hrappseyjar (eða Hrafnseyjar)

1 Þ.e. Jarðabók Ísleifs Einarssonar.

2 Skjal nr. 2 (16). Sbr. einnig skjal nr. 2(37): Úr vísitasubók prófestsins í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi 1789-1832.

3 Skjal nr. 2 (27).

tvær og hálf Hrísey fylgja prestakallinu, jafnvel þótt tekið væri fram í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641 að kirkjan ætti Hrísey hálfa og Hrafnseyjar. Það var, að sögn stiftamt-manns, bæði í samræmi við venju og tilætlan laganna frá 18. desember 1897 að prestar hefðu allan arð af ítökum sem ánöfnuð væru kirkjum.¹

Landamerkjabréf Bjarnaness með hjáleigum var undirritað 17. apríl 1921 og lesið á manntals-þingi í Nesjahreppi 29. júní sama ár:

Að vestan, milli Stóru-Lágar og Bjarnaness: Úr Strunskeri í Hornafjarðarflijóti í Þveitarlæk, eftir Þveitarlæk yfir Þveit í Markstritu; þaðan sem rauð skriða og blá koma saman undir Arnarhömrum, þaðan um Smalahól, þaðan í Marktind, austan við Krossbæjarskarð, þaðan í Miðfellstind á Hafradal og þaðan á Gildalabryr.

Að austan milli Árnanes og Bjarnaness. Frá Lónmörkum af Skerjum ofan á Sámsklett í Vitisgljúfri, síðan ofan eftir Laxá að Áfangahól, þaðan í Graskíl, yfir Fljótin í kýldrag er aðskilur Árnanesnýgræður og Vatnsfít, þaðan í þúfu fyrir norðan Nýgræðufít, þaðan í stóra vörðu í Ófæruhólma í Melsendaál, þaðan í fjörðinn sjónhending í austurbrun Staðareyjar. Bjarnanes á Skógey alla innan frá Strunskeri um Kriusker að fyrtöldum mörkum (Ófæruhólmi í Staðarey, og veiði alla, hverju nafni, sem nefnist í Hornafirði fyrir vestan Flangey.

Ennfremur á Bjarnanesprestakall eyjarnar Akurey og Hrafnsey í Hornafirði. Fjöru utan fjarða í Hornslandi frá því er Miðskerin bera saman að austan og suður að skerjum þeim, sem þar eru næst, eða þangað, sem þúfa á Borgeyjargeltinum ber í skriðu í gljúfrinu í Krossbæjarskarði. Þá á prestakallið reka allan á því svæði, er nefnt hefir verið Hornseyri eða Óskálfur milli Hornstanga á Óslandi og Hvanneyjar og nær það vestur að merkjalínunni milli Horns og Einholts, og austur með Óslandi í Óslandssker, en þaðan ræður sjónhending í vörðu vestan á skerinu á ytsta (austasta) odda Hvanneyjar og heyrir Óskálfi einnig til rekinn frá ósnum og inn með (austur með) fjörotanganum innanfjarðar að þessari merkjalínu.²

Undir bréf þetta rita sóknarpresturinn í Bjarnanesi, Ólafur Stephensen, og Morits Steinsen fyrir kirkjuhjáleigurnar. Einnig er ritað undir bréfið fyrir eftirtaldir jarðir: Borgir, Árnanes, Stóruhálg og Krossbæ.

Bjarnanes skiptist nú í tvö býli, Bjarnanes I og II, og er ríkissjóður þinglýstur eigandi þeirra beggja.³ Árið 1937 var reist nýbýlið Ás úr beitolandi Bjarnaness. Það er einnig í eigu ríkissjóðs og hefur verið leigt til ábúðar.⁴ Hjáleigur kirkjunnar, Suðurhóll (Grund), Brattagerði, Austurhóll, Fornistekkur⁵, gamla landnámsjörðin Meðalfell (Meðalfell efra og neðra) og Borgir, hafa allar verið seldar og veðsettar með hefðbundnum hætti.⁶

6.5. Árnanesorfa

Árnanes er nefnt í bréfi sem dagsett er 9. júní 1390 en er einungis varðveitt í ágrip í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1645. Þar stendur m.a.:

1 Skjal nr. 2 (30).

2 Skjal nr. 2 (4). Undirstrikun í frumtexta.

3 Skjöl nr. 4 (56) og 6 (2,5)

4 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 231. Skjal nr. 6 (10).

5 Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* 1 (s. 192), Jarðabók Ísleifs Einarssonar (sbr. hér framar) og víðar er nafnið ritað Fornustekkar.

6 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 204-205, 209-218, 199-204, 192-197, 182-193, 177-182. Skjöl nr. 4 (48, 52, 57-59) og 7 (2, 3, 5, 8).

Epter kyrkiubrieffe med einu jnnsigle. annad fra stocked. (a kyrkian j Hoffelle) selfor ärlega j Arnanes jord öllum Busmala vmm ij manude og .v. hrossa beit a veturenn. og taka ei undan fil þö med sie. enn seled a ad standa j Bergärlande. enn næturRekstur j Höla jord j Mönes.¹

Í máldagasafni Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 og síðar er einn máldagi um hálfkirkjuna að Árnanesi („Arnanes“). Hún átti ekki annað en kvikfé, tvær klukkur og einn saltara, en jörðin sjálf var sögð 30 hundruð.² Í jarðabók 1686 er Árnanes metið á 50 hundruð með hliðsjón af land-skuld jarðarinnar en 30 hundruð 1697.³ Dýrleikinn er óbreyttur, 30 hundruð, í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709. Eignir og ítök jarðarinnar voru þá þessi:

Sú jörð á sölvatekju nokkra í firðinum á Arnaneskeri.
Selstöðu sæmilega á jörðin í sínu landi, austan fram á Laxárdal.
Afrétt á jörðin í Hoffellslandi, þar sem heitir Hoffellsmúli.
Skógarítak í Dalsjörðu, sem heitir Arnaneskógur.
Item í Hvammslandi í Veðurárfjalli.
Þriðja í Bjarnaneslandi, í Steinshöfða.⁴

Ein hjáleiga fylgdi jörðinni, Borgir eystri. Hún var komin í eyði þegar jarðamat var gert í sýslunni 1804-1805. Þar er m.a. minnst á ítak Árnanes í Dalsskógi og síðan, í sérstakri athugasemd, vikið að deilum eigenda og ábúenda Bjarnanes og Árnanes um „et omtvisstet Stykke Land, hvorpaa kan holdes ved Udegang 25 Faar og 15 Beder“. Ef þetta land yrði dæmt frá Árnanesi gæti það minnkað dýrleika jarðarinnar um 5 hundruð og 38 álnir (úr 30 hundruðum).⁵ Deilur þessar eru nánar raktar í kafla 6.4.

Í Jarðatali Johnsens 1847 er Árnanes (Arnanes) sem fyrr 30 hundruð. Engin hjáleiga er þar talin með jörðinni.⁶ Samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var Árnanes 36,8 hundruð að dýrleika.⁷ Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er tekið fram að Arnanes eigi skógarítak í Þórisdalslandi.⁸ Fleiri ítök eru talin upp í gerðabók yfirjarðamatsnefndar frá sama ári: „Gjeldfjárupprekstur á Reipsdal í Hoffellslandi; áður hefur verið eignaður Arnanesi skógarítak í Veðurárfjalli í Hvammslandi.“⁹ Þessi sömu ítök, í lönd annarra, eru eignuð jörðinni í fasteignamati 1916 en jafnframt tekið fram að hún eigi upprekstrarland „á Laxárdal austan megin“. Landamerkjabréf jarðarinnar hafði þá ekki verið gert, en vísað er í þinglesin landamerki milli Hóla og Árnanes:

Landamerki milli Hóla og Árnanes eru þinglesin en milli Bjarnanes og Arnanes hefir Laxá ráðið merkjum til fjalla í Hrekkhálsgljúfur, og engjamörk að neðan í sjó út. Að austan úr Kálfaklöpp í miðjan Dilksness ál í eystri Vendej – Háeyjarskerið. Arfaskershellan í Akurey.¹⁰

Landamerkjabréf Árnanes var undirritað 1. nóvember 1921 og lesið á manntalsþingi 11. júlí 1922:

Á austursíðuna er landamerkin þessi milli Árnanes og Hóla. Úr nyrðri þúfunni á Hesthól beina sjón-

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 4.
2 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 698.
3 Björn Lárusson 1967, s. 331.
4 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 422.
5 Skjal nr. 2 (42).
6 *Jarðatal* 1847, s. 2.
7 *Ný jarðabók* 1861, s. 4.
8 Skjal nr. 2 (34).
9 Skjal nr. 2 (35).
10 Skjal nr. 2 (36).

hending í Arnarhamar austast, er lögð landamerkjagirðing á þeirri leið allri. Úr Arnarhamri sjónhending í Miðfellstind. Milli Lækjarness og Árnanes eru mörkin þessi. Frá Hesthól eftir virgirdingu fyrir neðan Brekku í Brekkukíl, síðan liggur markið eftir honum og í Rofhólskíl og út kílinn alla leið í Lækjarnessker, þó laust vestan við það.

Milli Árnanes og Dilksness: Úr Lækjarnesskeri beina leið í miðjan ál vestur af Dilksnesskjólinu yst og mætast þar mörk.

Milli Árnanes og Hafnanes: Úr síðastöldum miðjum ál beina línu í miðjan Kaplhólmaál, þaðan sjónhending í Vendeýjarhöfða, þaðan sjónhending í Arfaskersnagg, þaðan sjónhending í Akurey.

Mörkin á suðursíðuna milli Mýrajarða og Árnanes: Milli Árnanes og Einhólts og Borgar: Úr Akurey miðri beina línu vestur fjörðinn að Skoruvíkurrifi, sem liggur í Borgarlandareign, mörkin eru nú 60 faðmar norðar frá Skoruvíkurrifi um stórstraumsfjöru. Landamerkjalinna þessi er þangað sem íbúðarhús kaupfjelagsins ber í háskarðsklöppina og vestra hornið á Flangey ber í há Svínafellsgöltinn. Skulu mörkin úr Akurey vera beina sjónhending á þann stað, hvernig sem eyrar eða álar kunna að breytast á þessu svæði. Áframhald af landamerkjalinunni milli Borgar og Árnanes er úr framanskraðum merkjapunkti beina línu vestur fjörðinn að hreppamörkum milli Nesja og Mýrahrepps.

Að norðaustan ráða hreppamörkin milli Bæjar- og Nesjahrepps. Frá þeim mörkum á skerjum er markalína þessi milli Árnanes og Bjarnanes.

Af Skerjum ofan í Sámsklett í Vitisgljúfri, þaðan ofan eftir Laxá í Áfangahól. Þaðan í Graskíl, yfir Fljótin í kíldrag er aðskilur Árnanesnýgræður og vatnsfit. Þaðan í stóra vörðu í Ófærahólma í Melsandaál. Þaðan í fjörðinn sjónhending í austurbrún Staðareyjar en Bjarnanes á veiði alla í firðinum fyrir vestan Flangey.

Ítök, sem Árnanes á í annara löndum: Skógarítak í Dalsskógi í Lóni, kallað Árnaneskógur og upprekstur fyrir 120 geldfjár á Reifsdal í Hoffellslandareign.

Ítök, sem aðrar jarðir eiga í Árnanesi: Bjarnanes á Hrafnseyjar og Hoffell beit fyrir 3 hross um vetur í Árnaneslandi.¹

Bréf þetta var samþykkt fyrir eftirtaldar jarðir: Dilksnes, Bjarnaneskirkju, Borgir, „þjóðjörðina Hafnarnes“, Hóla, Hoffell og Setberg og fyrir „þjóðjörðina Borg og Einholt“.

Árið 1937 var reist nýbýlið Akurnes og Seljavellir árið 1955.² Hið forna heimaland, Árnanes, skiptist nú í þrjú býli, Árnanes I (vesturpartur), Árnanes II (austurpartur) og Árnanes III.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Árnanesi frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi jörðin framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett. Sama á við um Akurnes og Seljavelli.³

6.6. Afréttarnot

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 er ekki getið um sameiginlega afrétti í sveitinni. Árnanes er sagt hafa átt „afrétt“ í Hoffellslandi „þar sem heitir Hoffellsmúli“, og Hoffell átti „upprekstur“ í

1 Skjal nr. 2 (6).

2 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 171 og 173.

3 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 166-168, 173, 174. Skjöl nr. 2 (59), 4 (52-55, 74-79) og 8 (13-21).

sínu landi eins og komist er að orði án þess að greina nánar frá því hvert rekið var.¹ Að öðru leyti er ekki rætt um afrétti í Nesjakálki. Það er hins vegar gert í lýsingu Bjarnanes- og Hoffellssókna frá 1840 eftir séra Þórarinn Erlendssonar á Hofi í Alftafirði:

Afréttarlönd Nesjasveitar eru framanefnd fjöll og dalir við svarið til annarrar og áttundu sp(urning)ar² og lögréttar þrjár, n(efni)(ega) Skarðarétt skammt fyrir utan Setbergsbæinn, Dyrarétt undir Ketillaug-arfjallinu beint upp af Bjarnanesi og Lambhólarétt skammt fyrir austan Hólabæinn. Allir bændur sveitarinnar sækja að þessum réttum.³

Í sóknalýsingu séra Bergs Jónssonar, prests og prófests í Bjarnanesi, 1873 er gerð svofellð grein fyrir „afrétti“ sveitarinnar:

Fyrir afrétti eru hafðir Hoffells- og Setbergsdalur, fyrir geldfé af Innbyggð, en Laxárdalur, sem liggur undir Bjarnanes og sem á eftir máldögum kirkjunnar að liggja allur undir hana bæði að sunnan og austan, er afrétt fyrir geldfé og lömb Bjarnanes-þorpsbúa; líka eru rekin lömb á hann frá nokkrum bæjum í Útnesjum.⁴ Útnesjabær, sem er Þinganes, Hafnarnes, Hólar, Dilksnes og Árnanes hafa upprekstur fyrir geldfénað bæði á Reifsdal og eins í Dalsskógum.

Tvær eru hér lögréttir, önnur á Innbyggð, kölluð Skarðarétt, skammt frá Setbergi. Í henni er réttað Innbyggðafé. Önnur er við Meðalfell, Meðalfellsrétt kölluð, og í henni er réttað því fé sem kemur af Laxárdal og eins því fé sem safnað er af Reifsdal.

Réttir byrja hér venjulega 1ta október og er haldið uppi þrem lögsöfnum með viku millibili. Úr réttum þessum er þá dregið fé það sem á heima í öðrum sveitum og rekið þá til næstu sveitar eða þá sótt.⁵

Í nóvember 1985 lagði sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu fyrir sýslunefndarmenn og oddvita að gera skrár yfir alla afrétti héraðsbúa með tilvísun í lög nr. 42/1969.⁶ Í svari Þrúðmars Sigurðssonar sýslunefndarmanns og Ásdísar Marteinsdóttur oddvita, dags. 6. desember, segir m.a.:

Við undirrituð teljum að í Nesjahreppi sé eigi um afrétt að ræða, heldur einungis heimalönd.

Hér er svo skammt á milli sjávar og jökla og fjalllendi lítið, aðeins bakhjall við byggðina.

Mikill hluti þessara fjalla skiftist þannig að ákveðin svæði tilheira ákveðnum jörðum og eru smöluð samkvæmt því.

Að öðru leiti eru þau sameign nokkura jarða og er þá staðið sameiginlega að smöln þar.

Geta má þess að verulegur hluti fjallendis í hreppnum er ekki nefndur í fjallskilabréfi því sem hreppsnefnd gefur út ár hvert, er það gömul hefð og skoðast sem sjálfsagður hlutur að ábúendur viðkomandi jarða sjái um smöln þar og komi óskilum í lögrétt eða geri eigendum viðvart.

1 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 422 og 424.

2 Þar telur sr. Þórarinn upp velflest fjöll í sveitinni.

3 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 62.

4 Sbr. *Göngur og réttir* 1, s. 101-104 (lýsing á smölnu í Laxárdal).

5 *Skaftafellssýsla* 1997, s. 95.

6 Skjal nr. 4 (97a).

Til er einnig að afmörkuð svæði í fjöllum séu lánuð til afnota gegn því að lántaki sjái um smöln þar. Má þar nefna Hoffells-Lambatúngur og Reyfsdal.¹

Á aukafundi sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu 7. desember sama ár var samþykkt eftirfarandi ályktun:

Fyrir fundinum lágu greinagerðir frá öllum hreppum sýslunnar nema Hafnarhreppi, en glögglega kemur fram bæði í þeim greinagerðum svo og máli nefndarmanna að afréttir munu ekki til í sýslunni, heldur heimalönd. Eftirfarandi tillaga var samþykkt. Sýslunefnd A-Skaftafellssýslu ályktar eftirfarandi á aukafundi sínum 7. des. 1985.

Afréttarskrá er eigi til fyrir sýsluna og verður ekki samin, enda verður talið að afréttir séu eigi til í Austur-Skaftafellssýslu í hefðbundnum og venjulegum skilningi.²

Þessi skoðun kom einnig fram við skýrslutökur á vegum óbyggðanefndar.³ Einnig má benda á það sem stendur í *Göngum og réttum*: „Engin almenningsafrétt er í sýslunni. Allt fjalllendi heyrir vissum jörðum til, utan þess að hjáleigur eiga óskipt fjallendi með aðaljörðum.“⁴

Í sýslunni hafa lengi verið í gildi fjallskilareglugerðir eins og kveðið er á um í lögum. Elsta fjallskilareglugerð fyrir Austur-Skaftafellssýslu er frá 1891. Þar segir í 1. gr.:

Að svo miklu leyti, sem heimaland er eigi nægilegt til beitar á sumrum, ber öllum, sem afrett eiga eða fengið geta hjá öðrum, að nota hann til uppreksturs fyrir fjallfje sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje eigi vanrækt, og yfir höfuð gætir þess, að heimahögum sje eigi íþyngt um of á sumrum. Heimilt skal hreppsnefnd, að gjöra ítölu í afrett þar sem því verður við komið.⁵

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar frá 1909 segir:

Allir þeir, er afrett eiga, eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til uppreksturs fyrir gjeldfje sitt, ef hagatollur fer eigi fram úr 5 aorum fyrir hverja sauðkind, og skal gjalddagi hagatolls vera fyrir lok októbermánaðar, ef öðruvísi er eigi um samið. Þar sem engan afrett er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar, en þess skal þó gætt, að heimahögum sje ekki íþyngt um of. Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afrett, þar sem því verður komið við.⁶

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar frá 1940 er komist svo að orði:

Allir þeir, er afrett eiga eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til upprekstrar fyrir fê sitt. Þar, sem engan afrett er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar.

Þar, sem tveir eða fleiri menn eiga eða hafa afgirt sameiginlegt beitaland, getur annar eða einn ekki tekið gripi til beitar af öðrum, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeiganda. Geti einhver í sameign-

1 Skjal nr. 4 (97b).

2 Skjal nr. 4 (97c). Sbr. einnig skjal nr. 4 (97d).

3 Skýrslutökur 12.9.2002. Þorsteinn Sigjónsson, Bjarnanesi II, taldi þó að Reifsdalur kynni að geta flokkast undir „almennt“ beitaland.

4 *Göngur og réttir* 1, s. 35.

5 Skjal nr. 4 (39).

6 Skjal nr. 4 (63).

arlandi afstaðið beit eða beitaland, er honum skylt að bjóða meðeigendum sínum fyrst afnot af beitalandinu, áður en hann gefur það falt við aðra.

Ef enginn af meðeigendum hans þarf landsins með, má hann taka gripi af öðrum að því leyti, sem hann hefir þá færra í beitalandinu en meðeigendur hans, samanborið við landstærð hvers þeirra. En þess skal þó gætt, að heimahögum sé ekki íþyngt um of.

Í ógirt samliggjandi beitalönd og afréttarlönd má ekki taka inn gripi, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda.

Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afréttarlönd, þar sem því verður við komið.¹

Fyrirkomulagi smölunar er nánar lýst í *Göngum og réttum*. Framan af 20. öld var fyrsta lögsafnið miðað við þann tíma sem stjórn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga ákvað hverri sveit til slátrunar, en einnig réð veðráttan miklu um smölun og rekstra. Hreppsnefnd skipaði fyrir um göngur. Lét hún semja svokallað göngubrэф sem gekk bæ frá bæ um alla sveitina. Þar voru safndagar ákveðnir, nafngreindir menn skipaðir í hvert gangnasvæði og til rétta og einnig gangnaforingjar og réttarstjórar.² Síðan segir orðrétt:

Eins og fyrr getur, er engin almenningsafrétt í Austur-Skaftafellssýslu, heldur eiga jarðirnar hver sín afréttarlönd. Þegar afréttir þessar eru einangraðar frá afréttum annarra jarða, sjá búendur um smölun þeirra einvörðungu, en eru hins vegar undanskildir lögsöfnum sveitarinnar. Þannig er með þrjár jarðir í Nesjahreppi: Horn, ysta bæinn, og Hoffell og Svínafell, innstu bæina.³

Við skýrslutökur á vegum óbyggðanefndar var framangreind lýsing staðfest í meginatriðum. Þorsteinn Sigjónsson, Bjarnanesi II, lýsti því t.d. yfir að göngum hefði alltaf verið stýrt af sveitarfélaginu nema á einni jörð, Hoffelli, og að auki hefðu tvær jarðir, Svínafell og Horn, verið þannig í sveit settar að þar hefðu menn smalað sjálfir.⁴ Að sögn Þrúðmars Sigurðssonar á Miðfelli voru Hoffellsmönnum í langan tíma ekki send göngubrэф. Í göngubrэфu frá 1916, sem skikkaði menn til gangna annars staðar í sveitarfélaginu, væri t.d. tekið fram að Hoffellsmenn skyldu smala sín fjöll sjálfir. Í göngubrэфum frá 1987 og 1988 væri ekkert á þetta minnst, og „núna allra síðustu árin“ hefði sveitarfélagið gefið út göngubrэф sem fjallaði um Hoffell. Fram að þeim tíma hefðu Hoffellsmenn einir séð um leitir í Hoffellsfjöllum.⁵

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Málavextir

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi rakinn aðdragandi að setningu laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og í því sambandi vísað til ítarlegri umfjöllunar í greinargerð með frumvarpi til nefndra laga. Þá er tekið fram að það hafi lengi verið samdóma álit manna að ekki væri hægt að ákveða annað í lögum varðandi eignarhald á landi en að það

1 Skjal nr. 4 (64). Sbr. samhljóða texta í 3. gr. fjallskilareglugerðar frá 1951 (skjal nr. 4 (65)).

2 *Göngur og réttir* 1, s. 35-36.

3 *Göngur og réttir* 1, s. 37.

4 Skýrslutökur 12.9.2002. Sbr. einnig vitnisburð Þorleifs Hjaltasonar, bónda á Hólum, og Gísla Sigurbergssonar á Setbergi við sömu skýrslutökur.

5 Þrúðmar Sigurðsson, Miðfelli, við skýrslutökur 12.9.2002.

land, sem enginn ætti beinan eignarrétt að, væri ríkisland. Eftir gildistöku framangreindra laga nefnist slíkt land þjóðlenda.

Um eignarréttarlega stöðu þjóðlenda sé það að segja að hér sé um að ræða sérstakt form á eignarhaldi að landi sem sé að mörgu leyti ólíkt beinum eignarrétti. Þjóðlendum verði þannig aldrei líkt við aðrar lendur ríkisins. Eignarréttur að þjóðlendum byggist ekki á námi heldur settum lögum. Íslenska ríkið hafi því engin eignarskjöl fyrr en fyrir liggja úrskurður óbyggðanefndar og eftir atvikum niðurstaða dómstóla.

Tekið er fram að ríkið eigi ekki öll réttindi í þjóðlendum heldur geti þau verið á hendi margra aðila vegna upphaflegrar afnotatöku eða venjuréttar. Eignarhald ríkisins sé eins konar forræði yfir tilteknum heimildum sem skapi aðild. Hlutverk ríkisins sé að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fari með stjórn auðlinda í hafinu innan ramma, sem settur er um þau málefni í lögum, fari ríkið með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt að.

Það liggja ágreiningslaust fyrir að Ísland skiptist nú í þjóðlendum og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunneignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendum. Áður hafi hins vegar ekki verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlenda. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

7.2. Málsástæður og lagarök

Lögð er áhersla á það að kröfugerð íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Nesjum sé að meginstefnu til byggð á því að mörk eignarlanda á kröfuvæðinu séu þau sömu og landnámsmörk. Utan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin voru til eignar en innan þjóðlendulínu sé þjóðlenda sem aðliggjandi jarðeigendur hafi í einhverjum mæli haft afnot af.

Landnám hafi verið grundvöllur frumstofnunar eignarréttar að landi hérlendis og eini gjörningurinn, sem leitt hafi af sér beinan eignarrétt. Um landnámið séu glöggar heimildir í íslenskum fornritum, aðallega Landnámu. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenskri lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur séreignarréttur.

Fyrir utan skriflegar heimildir um landnámið hérlendis hafi fornleifar og búsetusaga staðfest fyrir okkur nútímamönnum að byggð hafi í stórum dráttum haldist á þeim svæðum sem numin voru til eignar. Sums staðar hafi byggð dregist saman en í örfáum undantekningartilvikum hafi byggð sótt á eftir að eiginlegu landnámi lauk.

Jafnhliða náminu er byggt á því að annar háttur á réttindatöku yfir landi hafi verið viðurkenndur í öndverðu en það var taka til afnota. Óbeinn eignarréttur eins og beitarréttur hafi grundvallast á töku í upphafi og síðan venjurétti. Byggt sé á því af hálfu fjármálaráðherra í þjóðlendumálum í Austur-Skaftafellssýslu að land utan numdra eignarlanda hafi verið tekið afnotatöku einstakra jarðeigenda þar sem möguleiki var til beitarafnota og sums staðar allt að jökulrönd. Byggist það á því að engar heimildir sé að finna um að almenningar hafi verið í sýslunni en þeir voru sameiginlegt afnotaland fjórðungsmanna og síðan þjóðarinnar. Þar sem ekki er almenningum til að dreifa hefur land utan eignarlanda flokkast sem afréttir. Sumir þessara afrétta tilheyra einni jörð en í sumum tilfellum eru jarðir með sameiginlegt afréttarland innan landamerkjabréfs með úrskiptu eignarlandi.

Jöklarnir hafi aldrei talist til eiginlegra almenninga þar sem þeir voru ekki nytjaland. Þar sem almenningum sé ekki til að dreifa hafi land utan eignarlanda talist til afrétta. Sumir þeirra tilheyri tiltekinni jörð en í öðrum tilvikum séu fleiri jarðir með sameiginlegt afréttarland innan merkja sam-

kvæmt landamerkjabréfi og úrskipt eignarland. Jöklarnir hafi hins vegar flokkast með öræfum og verið einskismannsland en eftir lögtöku þjóðlendulaga verði að gera kröfu til þess að þeir teljist þjóðlenda.

Um eignarréttarlegan mun á eignarlöndum, afréttum og almenningum er vísað til dómafordæma. Einkum er vísað til fyrra málsins um Landmannaafrétt, H 1955 108. Sá dómur styðji fullyrðinguna um að nám þurfi til frumstofnunar eignarréttar. Dómurinn leiði enn fremur af sér þá réttarreglu í formi dómafordæmis, að notkun lands til sumarbeitar fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar leiði ekki til þess að afnotahafi eignist beinan eignarétt að landinu. Í þessu sambandi eigi ekki að skipta máli hvort land sé almenningur, lögafréttur (afréttarland, sem tilheyrir tveimur eða fleiri jörðum) eða bara annað land sem notað sé einungis til sumarbeitar án þess að hafa verið numið. Það eigi heldur ekki að skipta máli hvort slíkt land hafi sérstakt landamerkjabréf eða sé einhliða innlimað í landlýsingu jarðar með landamerkjabréfi. Ritun og þinglýsing landamerkjabréfs hafi aldrei að íslenskum lögum stofnað til beins eignarréttar að landi. Einungis námið sjálft hafi verið löglegt til loka landnámsaldar en þá hafi rétturinn til þess verið afnuminn með lögum.

Þá er vísað til fyrirkomulags hvað þetta varðar í Noregi og Norður-Ameríku. Þar sé land, sem ekki er undirorpið beinum eignarrétti, talið eign krúnunnar. Jafnframt er vísað til fyrirkomulags um hið sama á Grænlandi. Við endalok norrænnar byggðar þar í landi sé beinn eignarréttur að landi talinn hafa fallið niður. Landstjórnin sé nú talin eigandi alls lands og úthluti einstaklingum og lögadílum land til afnota.

Hér á landi hafi konungsvald ekki komið til fyrir en 1262 og eftir það hafi konungur eignast jarðir en ekki landið. Með Landmannaafréttardómi Hæstaréttar hinum síðari, H 1981 1584, hafi verið skorið úr um það að við stofnun allsherjarríkis 930 hafi ónumið land ekki orðið eign þess heldur haldið áfram að vera eigendalaust. Á einveldistíma hafi konungur Danmerkur og Íslands, á grundvelli nýbýlatilskipunar, haft vald til að ráðstafa eigendalausum landi og landi, sem tilheyrði öðrum á grundvelli afnotaréttar. Vald þetta hafi grundvallast á löggjafarvaldinu en ekki verið litið svo á að konungur ætti land utan eignarlanda. Þetta vald kvað Hæstiréttur vera hjá Alþingi eftir að eignarréttartilkalli ríkisins til Landmannaafréttar var hafnað. Með þjóðlendulögum hafi Alþingi svo nýtt þennan rétt til löggjafar.

Tekið er fram að örðugt sé að greina nákvæmlega mörkin á milli eignarlanda og þjóðlendna. Í upphafi virðist ekki hafa skipt máli að skilgreina þessi mörk. Megináherslan hafi þannig verið lögð á að greina mörk landnáma innbyrðis. Við það hafi glögg kennileiti, eins og stórar ár, verið notuð. Í nútímanum verði því að ráða í eyðurnar. Í megindráttum virðist landnám einungis hafa náð til láglandis en þó hafi ekki allt láglandi verið numið því almenningar voru bæði til hið efra og hið ytra. Mjög erfitt sé að gefa sér að hálendi eða fjöll hafi verið numin þar sem skráðar landnámsreglur beri með sér að slíkt hafi verið vandkvæðum bundið. Þó sé líklegt að helgun lands hafi náð svo langt að tekið væri með það land, sem nýta mátti á heilsársgrundvelli og gat þannig verið hluti af jörð.

Næst er greint frá því að helstu skrifuðu heimildir um nám lands héraðs séu í landnámasbókum sem í heildarútgáfu nefnist Landnáma. Þá segir að benda megi á fjölmörg dómafordæmi Hæstaréttar þar sem stuðst sé við heimildir þaðan þegar skera þurfi úr um inntak eignarréttar. Um landnámsmörk á því svæði sem til umfjöllunar er sé því vísað til Landnámu auk rits Einars Ól. Sveinsonar, „Landnám í Skaftafellssþingi“, frá árinu 1948.

Fullýrt er að glöggt komi fram í heimildum um landnám í Nesjum, að hálendi, fjöll, öræfi og jöklar hafi ekki verið numin til eignar og að Hæstiréttur virðist gera ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðháttu, víðáttu og gróðurfars. Í því sambandi skipti hæðarlínur auðvitað miklu máli enda í rökréttu samhengi við ofangreint. Af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum og til þeirra því litið við kröfugerð íslenska ríkisins.

Þá sé það talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna að nám, raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinna jarðar eða önnur atriði hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Af dómum Hæstaréttar megi jafnframt ráða að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Því eru eldri heimildir eins og vísitásiur bornar saman við nýrri landamerkjabréf. Nýrri heimildir um merki verði auðvitað að vikja fyrir eldri eða upprunalegum heimildum.

Íslenska ríkið telur glöggk koma fram í Hæstaréttardómum varðandi Kalmanstungu og Sandfellshaga í Öxarfirði (H 1975 55 og H 1999 2006) að innan landamerkjalysingar jarðar geti verið tvenns konar land. Heimaland sem er í heilsársnotum og síðan afréttarland sem er í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjalljarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á því hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja sem sé í heilsársnotum. Þegar svo þetta heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám blandist engum hugur um að beinn eignarréttur jarðeiganda ná til alls heimalandsins.

Með tilvísun í ofangreint er því haldið fram að kröfulínu um þjóðlendumörk í Nesjum í samræmi við kröfulýsingu ríkisins skuli taka til greina þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tilteknar heimildir, mörk heimalanda jarðanna við óbyggðir. Landamerkjabréf jarðanna hafi ekkert um þetta að segja enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk, jafnvel þótt þinglýst séu.

Þá er fullyrt að samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis aðila samningsins og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felast. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjalljarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund, frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882 við lögtöku landamerkjagagna og það var ekki fyrr en 116 árum síðar að slíkt var hægt eftir að íslenska ríkinu hafði með lögum verið fenginn eignarrétturinn að þjóðlendum.

Í framhaldi af þessu er vikið að hefð. Greint er frá því að talið hafi verið, að hefðarréttur hafi ekki verið til í okkar fornögum, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Þó hafi í Jónsbók verið gert ráð fyrir að hefða mætti landsnytjar, eins og skóg, engi, haga og reka með 20 ára átölulausum yfirráðum. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að til hefðarréttar stofnaðist til slíkra landsvæða.

Í þessu sambandi er jafnframt vísað til ákvæða Norsku laga frá árinu 1687 um hefð og hefðarlaga, nr. 46/1905, sem leystu ákvæði hinna fyrr nefndu af hólmi. Samkvæmt þeim sé hvorki unnt að vinna hefð á afréttum né almenningum. Þessu til stuðnings er vísað til síðari dóms Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þessi regla hafi nú verið lögfest, sbr. ákvæði 3. gr. þjóðlendulaga.

Þá er athygli vakin á því að skilyrði fyrir hefðarhaldi er óslitið eignarhald sem hefur verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignarréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Jafnframt er á það bent að á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi sem nú gæti heitið þjóðlenda.

7.3. Einstakir hlutar kröfusvæðisins

Í greinargerð íslenska ríkisins er fyrst vikið að helstu heimildum um jarðirnar Árnanes, Meðalfell, Bjarnanes, Krossbæ (Krossbæjargerði, Lindarbakka og Stórlág), Setberg, Hoffell og Svínafell, ásamt fleiri landsvæðum á mörkum kröfusvæðis eða utan þess, jafnframt því sem staðháttum er

nokkuð lýst. Hér fer á eftir útdráttur úr umfjöllun lögmanns fjármálaráðherra um önnur þau atriði sem byggt er á af hálfu íslenska ríkisins.

7.3.1. Frekari rökstuðningur fyrir kröfulínu

Við skoðun heimilda um landnot og rétt til landnota utan heimalanda jarða í Nesjum hafi sérstakur gaumur verið gefinn að öllu sem lúti að afréttum og afréttarnotum og það fengið sérstakt vægi. Byggt sé á því að landsvæði utan heimalanda skuli flokkast sem þjóðlenda þegar heimildir greini frá því að þar hafi verið afréttarland og höfð þar afréttarnot, bæði fyrr á tíð sem nú á dögum.

Greint er frá því að í kröfulýsingum jarðeigenda í Nesjum sé því haldið fram að vegna náttúrulegra aðstæðna í Nesjum sé allt land sem nýtt sé frá jörðunum með einhverjum hætti háð einkaeignarrétti jarðeigenda og skiptist eignarlandið í heimalönd og fjalllendi. Í sveitinni sé sagt að ekki fyrirfinnist þar land þar sem bændur hafi einungis stofnað til afnotaréttar fyrir sauðfé. Af þessum sökum geri hvorki hreppar né upprekstrarfélög kröfur um viðurkenningu á afréttum á þessu landsvæði.

Í framhaldi af því kemur fram að til séu skýringar á því af hverju upprekstrarfélög og hreppar geri ekki kröfu til viðurkenningar á afréttum í Nesjum. Það liggi einfaldlega í því að hvorki upprekstrarfélög né hreppar eigi neina afrétti í Nesjum. Allir afréttir í Nesjum tilheyri sérstökum jörðum án þess að neinn hafi séð ástæðu til að stofna um upprekstrarréttinn sérstakt félag.

Greint er frá því að sami háttur hafi verið á eignarhaldi afrétta í Húnavatnssýslu á 19. öld og dæmi nefnd til skýringar. Hins vegar hagi öðruvísi til í Árnessýslu. Upp af byggðunum hafi þar í öndverðu verið almenningar til fjalla, öllum héraðsbúum jafnt til afnota. Fljótlega hafi afnotum af þessum sameignarlöndum verið skipt milli einstakra hreppa og einstök afréttarlönd með tímanum verið álitin eign hreppanna sem stjórnað hafi nýtingu og fjallskilum. Afréttir þarna hafi í sýslulýsingum á 19. öld verið flokkaðir sem almenningsafréttir sem eigi alls ekki við um afréttarlöndin í Húnavatnssýslu.

Þá er vísað til þess að það hafi verið meðal verkefna hreppa að taka sameiginlega á fjallskilum þar sem svo hagaði til að hagkvæmt þótti. Allt frá Jónsbókartíma hafi eiganda jarðar verið lögskýlt að smala sitt land en hreppsnefnd eða fjallskilastjórn eftir atvikum séð um yfirstjórn fjallskila og nýtingu afrétta. Á þessum mun á eignarlandi og afréttarlandi hafi Hæstiréttur meðal annars byggt niðurstöðu sína í nokkrum dómsmálum sem snúist hafi um beinan og óbeinan eignarrétt að landi. Í þessu sambandi sé rétt að benda á Landmannaafréttardóm fyrri, Nýjabæjarafréttardóm, dóma um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði sem og dómana um Hundadalsheiði-, Jökuldalsheiði- og Öxarfjarðarheiði.

Það sé því furðuleg tilviljun að nauðsynlegt hafi þótt að rita fyrir Austur-Skaftafellssýslu og samþykkja af sýslunefnd, reglugerð um notkun afrétta, fjallskil o.fl., eins og gert hafi verið 1890 ef rétt væri sú fullyrðing að í sýslunni væru engir afréttir. Af umræddri reglugerð megi glöggst ráða, að jafnbrýn nauðsyn hafi verið og sé í þessari sýslu, sem öðrum sýslum landsins, til að beita lögum um afréttarmálefni og fjallskil og hafa í gildi ítarlega reglugerð um það efni. Þetta eigi sér þá einföldu skýringu að í Austur-Skaftafellssýslu séu afréttir á sama hátt og annars staðar á landinu þótt jarðeigendur haldi öðru fram.

Í munnlegum málflutningi var í þessu sambandi jafnframt vísað til þess að það sem skilji á milli þess svæðis sem hér er til meðferðar og annarra hluta landsins sé hversu aðkrepptar byggðirnar eru af Vatnajökli. Afréttarlöndin séu því ekki söm að víðáttu og annars staðar. Það breyti því hins vegar ekki að þar sem séu eignarlönd séu jafnframt afréttir. Það hafi aldrei tíðkast meðal germanskra þjóða að heimila séreignarrétt eingöngu og hann megi aldrei vera á kostnað almennaréttar. Þessi tvö eignarform fari saman. Þetta hafi verið staðfest með setningu þjóðlendulaga þar sem gert sé ráð fyrir tveimur gerðum af landi, eignarlöndum og þjóðlendum.

Í greinargerð er því næst greint frá því að í bókinni „Göngur og réttir I“ eftir Braga Sigurjónsson komi fram að engin almenningsafrétt sé í sýslunni. Allt fjalllendi heyrir vissum jörðum til utan

Þess að hjáleigur eigi óskipt fjallendi með aðaljörðum. Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að orðið almenningafrétt sé hér notað í þeirri merkingu sem hafi komið inn í íslenskt lagamál með nýbýltilskipun konungs 1776 og merki það sama og almenningur í Jónsbók, þ.e. afnotaland sem fyrst hafi verið tileinkað fjórðungsmönnum og síðan öllum héraðsmönnum eða þjóðinni. Sérstök nýtingarákvæði hafi verið í okkar fornlögum um almenninga, ólík þeim sem gilt hafi um afréttarlönd. Þetta hafi komið til af því að allir landsmenn hafi átt nýtingarrétt í almenningum en afréttir tilheyrir ákveðnum jörðum.

Að svo búnu er rakið það sem fram kemur í framangreindu riti Braga Sigurjónssonar, Árbók Ferðafélags Íslands, landamerkjabréfum jarða í Nesjum og fleiri heimildum um landshætti í Nesjum, afrétti og upprekstur einstakra jarða sem og tilhögun gangna í hreppnum.

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þar sem séu afréttir þar séu þjóðlendur. Einungis þar sem heimalönd jarða séu lögð undir afrétti með samþykki sveitarstjórnar séu afréttarlönd undirorpin beinum eignarrétti. Allar tilvitnaðar heimildir segi okkur að afréttir séu í Nesjum, hvort sem lítið sé til upplýsinga um fjallskil, fjallskilareglugerða eða annars. Spurningin sé bara hvar mörkin milli eignarlanda og þjóðlendu liggja. Verði nú vikið nánar að legu kröfulínu íslenska ríkisins yfir kröfuvæði einstakra landeigenda.

7.3.2. Hoffellstorfa (Svínafell, Hoffell I-II, Miðfell, Setberg I-II og fjallendi Dilksness í Reifsdal)

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi greint frá staðháttum í landi Svínafellis. Þar kemur fram að landsvæði jarðarinnar sé nokkuð að víðáttu en mikill hluti þess séu aurar vegna ágangs vatna. Á síðustu áratugum hafi landsvæði þetta stækkað verulega þar sem vestri tunga Hoffellsjökuls hafi gengið til baka. Fjallendið sé þó hvorki víðáttumikið né heldur samfellt. Að austan sé meginhluti þess fjallið Svínafell og alllangt þar vestur af sé Jökulfell. Afréttarland þetta ásamt beitolandi sé fremur kjarngott.

Þá kemur fram að jörðin hafi fengið allstóra viðbót við afréttarlandið á ábúðartíma Árna Bergssonar með því að fá Viðborðshálsa í skiptum fyrir part úr túninu á Viðborði sem hann var eigandi að. Þeir séu að miklum hluta umgirtir jökulum í norðvestur af Jökulfelli og skammt sé í milli. Fram á 20. öld hafi jökultunga legið milli þeirra og fellisins.

Því næst er tekið fram að landamerkjum Svínafellis við Viðborð á Mýrum sé lýst í landamerkjabréfi Hoffellstorfunnar, dags. 16. maí 1884. Þá kemur fram að tveimur yfirlýsingum um landamerki milli Svínafellis og Hoffells sé þinglýst 7. júlí 1911 og séu þær í samræmi við það sem standi í sérstöku landamerkjabréfi Svínafellis, dags. 29. júní 1921.

Þá kemur fram að þjóðlendulína íslenska ríkisins gangi í gegnum land jarðarinnar samkvæmt kröfulýsingu eiganda hennar rétt uppi við jökul. Línan liggja frá syðsta hluta Hoffellsjökuls, yfir Svínafellsvatn þaðan syðst í Jökulfell og í punkt I á merkjunum við Mýrar. Tekið er fram að kröfulýsing landeiganda virðist í samræmi við landamerkjalyýsingu í landamerkjabréfi Hoffellstorfunnar frá árinu 1884 nema hvað á þeim tíma hafi jökull náð langt suður fyrir þjóðlendukröfulínu.

Í heimildum um Svínafell sé greint frá því að afréttarlönd jarðarinnar séu Jökulfell og Svínafell og Krossbær hafi átt itak í Jökulfelli. Aðeins Jökulfellið lendi innan þjóðlendu svo hér sé kröfugerð mjög í hóf stillt.

Næst er vikið að staðháttum í landi Hoffells. Þar kemur m.a. fram að Hoffell sé ein af landmestu jörðunum í Nesjum og jafnan talin meðal höfuðbóla. Mikill hluti lands jarðarinnar sé víðáttumikið fjallendi sem takmarkist af Vatnajökli. Þar sem gróður sé í fjöllunum sé kjarngott afréttarland. Göngur séu alllangar og erfiðar, og taki marga daga í senn að smala fjöllin. Lengstar séu göngurnar í Hoffellslambatungur og Núpána (Hoffellsmúla). Greint er frá því að Hoffellsbændur hafi fyrrum einnig átt Reifsdal. Hann hafi hins vegar verið seldur Dilksnesi árið 1937. Þá er tekið fram að nýbýlið Miðfell hafi verið reist í landi Hoffells árið 1951.

Því næst er fjallað lítillega um sögu Hoffells auk þess sem efni framangreindrar landamerkjaskrár Hoffellstorfunnar er rakið. Fram kemur að þar sé Árnanesi og Hólum eignaður upprekstur fyrir geldfé í Reifsdal á móti hrossabeit á þeim jörðum fyrir Hoffell. Þá er fjallað um það að í riti Braga Sigurjónssonar, „Göngur og réttir“, sé greint frá því, að jarðir í Austur-Skaftafellssýslu eigi hver sín afréttarlönd. Þegar svo afréttir þessir séu einangraðir frá afréttum annarra jarða, sjái búendur um smölun þeirra einvörðungu en séu hins vegar undanskildir lögsöfnum sveitarinnar. Þannig sé málum háttað með þrjár jarðir í Nesjum, Horn, Hoffell og Svínafell.

Þá kemur fram þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins liggja frá punkti F í Setbergslandi og beint í punkt G við Geitafell í Hoffellsfjöllum og þaðan í hornpunkt H við Svínafellsland neðst í Hoffellsjökli. Miðað við þessa kröfugerð verði að mestu leyti öræfi allt norður að Vatnajökli innan þjóðlendu og svo Hoffellslambatungur norðan Lambatungnajökuls.

Kröfugerð landeigenda sé hins vegar mun víðtækari. Hún sé örökstudd og ekki í samræmi við þær merkjalýsingar sem til séu.

Landamerkjabréf Hoffellstorfunnar frá 1884 lýsi vesturmörkum við Viðborð frá jöklinum milli Jökulfells og Hálsa og þaðan suðaustur. Á þeim tíma hafi jökullinn náð mikið lengra til byggðarinnar en nú. Austurmörkum við Krossbæ sé svo aðeins lýst í Giljadalabrunir og ekki lengra. Þá segi í landamerkjabréfinu að Reifsdalur er liggja þar þvert fyrir norðan frá vestri til austurs tilheyri allur beggja megin Hoffellstorfunni. Reifsdalur sé þannig ekki hluti af Hoffellsjörðinni enda segir í afsalinu til Dilksness frá árinu 1937 að afsalað sé afréttarlandi. Þá er greint frá því að síðar í landamerkjabréfinu sé merkjum við Þórisdals og Hvamms í Lóni lýst. Þar sé um merki þeirra jarða gagnvart afréttarlöndunum Reifsdal og Hoffellslambatungum að ræða.

Af þessu megi glöggt sjá að kröfugerð á jökul og inn til jökla sé algerlega úr lausu lofti gripin og styðjist ekki við nein heimildarskjöl um landrétt, hvorki beinan né óbeinan. Spurning sé hvort Hoffell geti hugsanlega eignast aukinn rétt til lands með þinglýsingu sérstaks landamerkjabréfs fyrir Svínafell árið 1921, þar sem segi að tekið sé fram að landamerkin frá því er jökullinn byrjaði að neðan milli Geitafells og Svínafells liggja marklínan á jökli milli Hoffellsmúla og Gæsaheiðar.

Þá er tekið fram að það land sem þjóðlendukrafa ríkisins náði til sé langt frá heimalöndum Hoffellstorfunnar en allt frá ritun fyrstu máldaga hafi land Hoffells skipst í heimaland og annað land sem þó hafi aldrei verið nákvæmlega afmarkað.

Því næst er vísað til heimilda þar sem greint er frá afréttarnotum á umþrættu landsvæði. Einkum er vísað í ummæli í jarðabók Ísleifs Einarssonar, „Göngur og réttir“ eftir Braga Sigurjónsson og Byggðarsögu Austur-Skaftafellssýslu. Þá er því haldið fram að einu skriflegu heimildirnar um afnot lands utan heimalands Hoffells séu um afréttarnot og fjallskil.

Næst er vikið að Hoffellslambatungum. Fram kemur að samkvæmt elstu heimilum um landareign Þórisdals í Lóni virðist Hoffellslambatungur hafa tilheyrt þeirri jörð. Elsta heimildin um rétt Hoffells til þessa afréttarlands sé í landamerkjabréfi Hoffells frá 1884. Þar segi: „auk þess fylgja Hoffelli Lambatungur þar inn af“. Þá er greint frá því að í áður nefndu riti Braga Sigurjónssonar segi að þó að Lambatungnajökull skilji Lambatungur algerlega frá Hoffellsfjöllum hafi þær frá ómunatíð tilheyrt Hoffelli. Þetta hvorki rökstyðji hann frekar né vísi til heimilda í þessu sambandi. Í sama riti komi einnig fram að fyrst árið 1890 hafi lömb verið rekin á þetta svæði frá Hoffelli og Setbergi en á undan þeim hafi bændur í Meðalfelli og Stapa rekið þangað lömb. Á undan þeim hafi svo verið rekin þangað lömb frá Volaseli í Lóni.

Áhersla er lögð á það að Hoffellslambatungur séu langt inni á öræfum og virðist sem ýmsir hafi haft þar beitarafnot bæði nú sem fyrr. Bændur í Bjarnarneshverfi hafi um langan aldur haft þar sumarreit fyrir búfé eins og sjáist af kröfulýsingu þeirra og aðrar jarðir hafi nýtt þar beit á undan Hoffellsmönnum enda landið aldrei verið talið hluti af Hoffellstorfunni.

Því næst er vikið að afréttarlandi Dilksness í Reifsdal. Fram kemur að í afsali Hoffellsbænda til Dilksnessbænda frá 1937 komi glöggt fram að afsalað sé afréttarlandi. Orð og efni afsala skeri oft-

ast úr um hvað sé selt og í þessu tilfelli sé það ótvírátt. Verið sé að selja afrétt. Það sé meginregla að enginn selji meira en hann eigi og meiri eignarréttur geti ekki framselst en viðsejandi hafi ráð á. Hins vegar sé alveg ljóst að hægt sé að selja minna. T.d. sé hægt að selja tiltekin afnot án þess að grunnréttur fylgi. Þannig ráði orð og efni afsala miklu þegar skera þurfi úr álitafni eins og því sem hér sé um að ræða. Með hliðsjón af fyrrnefndum heimildum sé ljóst að í þessu tilfelli hafi allt sem eigandinn átti verið selt. Hann hafi einungis átt afréttarland ekki eignarland.

Í þessu sambandi er vísað til dóma Hæstaréttar í Reyðarvatnsmálinu síðara, Geitlandsmálinu og í málunum um Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Þessir dómur, einkum þeir um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði, séu greinilega fordæmisgefandi varðandi túlkun á afsalinu fyrir Reifsdal. Þessu til viðbótar styðji eignarheimildir Hoffells fyrir Reifsdal þessa niðurstöðu en samkvæmt landamerkjabréfi Hoffellstorfunnar sé afrétturinn ekki hluti af jörðinni heldur sagður tilheyrja allur beggja megin Hoffellstorfunni.

Þá er tekið fram að samkvæmt kröfulýsingu íslenska ríkisins sé Reifsdalur allur innan þjóðlendu og séu rök fyrir því að telja dalinn eignarland vandfundin. Þetta séu öræfi langt frá heimalöndum og einu notin af svæðinu séu afréttarnot enda hafi margir bæir átt þar afréttarrétt. Auk þess sé dalurinn innan fjallskilasvæðis í Nesjum.

Loks er greint frá staðhættum í landi Setbergs. Fram kemur að jörðinni fylgi mikið fjalllendi.

Þá er greint frá því að mörkum jarðarinnar við Krossbæ sé lýst í áðurnefndu landamerkjabréfi Hoffellstorfunnar. Sömu mörkum sé lýst í landamerkjabréfi Krossbæjar, dags. 20. júní 1921. Enn fremur er greint frá því að milli Setbergs og Hoffells ráði Setbergsá hið efra og síðan Hoffellsá.

Næst er fjallað litillega um sögu Setbergs.

Því næst kemur fram að þjóðlendu-kröfulína íslenska ríkisins liggja í gegnum land Setbergs frá punkti D í Krossbæjarlandi og í punkt E í Setbergsheiði í Setbergslandi og þaðan rétt ofan brúna í punkt F í Njörfafellstindi og þaðan beint í vestur yfir Hoffellsdal.

Kröfugerð landeigenda sé hins vegar mun víðtækari. Ekki komi fram í kröfulýsingu þeirra við hvað sú kröfugerð miðist. Séu kröfulínur beggja aðila bornar saman megi sjá að þrættaland sé þarna talsvert mikið, bæði fyrir austan þjóðlendu-kröfulínu á Setbergsheiði sem og fyrir norðan þjóðlendu-kröfulínu þar sem hún liggja yfir Hoffellsdal. Með kröfugerð ríkisins lendi hluti af sameiginlegu fjallskilasvæði í Nesjum utan þjóðlendu (þ.e. stærsti hluti Hoffellsdals og öræfin norður að Lambatungnajökli). Þá kemur fram að jörðin Setberg eigi afrétt í Setbergsdal.

Við skoðun allra heimilda og á grundvelli þeirrar lögfræði, sem byggt sé á í málinu, verði að telja nokkuð ljóst að hluti af því landi, sem sé innan kröfulýsingar landeiganda sé afréttarland sem einungis hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búfenað en ekki verið numið í öndverðu. Hvar nákvæmlega mörkin séu verði óbygðanefnd að úrskurða um.

7.3.3. Krossbæjartorfa (Krossbær, Lindarbakki og Stóralág)

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi vísað til landamerkjaskrár Krossbæjartorfu, dags. 20. júlí 1921, og greint frá efni hennar.

Því næst er fjallað um staðhætti í landi torfunnar og greint frá sögu hennar. Þar kemur m.a. fram að afréttarland jarðanna sé í fjalllendu ofan bæja.

Þá kemur fram að þjóðlendu-kröfulína íslenska ríkisins liggja í gegnum mitt fjalllendi jarðarinnar í línu frá Árnanesmúla í austri og frá punkti í Setbergsheiði í norðri með skurðarpunkt í punkti D í Krossbæjartindi. Með þessari kröfugerð verði hliðin ofan heimalanda bæjanna utan þjóðlendu sem og afrétturinn Krossbæjarskarð og helmingur af afréttinum Grjótárdal en báðir þessir afréttir séu á sameiginlegu fjallskilasvæði í Nesjum.

Ekki njóti við eldri upplýsinga um landamerki þarna en landamerkjabréfs frá 1921 en með því séu merki jarðarinnar teygð langt inn til öræfa og meira að segja sé stór skák tekin af landi Bjarnarnesjarða. Upplýsingar, sem liggja fyrir í þessu máli og fyrr hafi verið getið um upprekstrarétt og

fjallskil, segi að þessir bæir eigi sameiginlega lítið afréttarland í fjallendinu ofan bæja. Samkvæmt kröfu um þjóðlendumörk sé hér um að ræða það land sem lendi innan þjóðlendu. Þrætuland milli ríkis og landeigenda sé á þessu svæði ekki mikið að víðáttu.

7.3.4. Bjarnanestorfa

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi greint frá staðháttum í landi torfunnar. Þar kemur m.a. fram að afréttarland torfunnar sé í austurhluta fjallendisins, vestan Laxár. Þá er saga torfunnar ítarlega rakin og greint frá fyrirliggjandi heimildum um landamerki hennar. Í því sambandi er að endingu vísað til landamerkjalýsingar Bjarnaness með hjáleigum, dags. 17. apríl 1921, og efni hennar rakið.

Því næst er greint frá því að þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins gangi gegnum fjalllendi torfunnar í línu sem liggir frá Árnanesmúla í Krossbæjartind (punktar C og D). Með því að draga þjóðlendlínu á þennan hátt verði innan eignarlands og þannig utan þjóðlendu talsvert af afréttarlandi sem hin skipulögðu lögsöfn í Nesjum tiki til, svo sem vestanverður Laxárdalur og Krossbæjarskarð.

Þá er vísað til þess að um Bjarnarnes liggir frammi fjölmargar heimildir í þessu máli. Allt frá 1367 hafi landi jarðarinnar samkvæmt máldaga verið skipt í heimaland og annað land. Svo sé enn í dag. Hinu gamla heimalandi upp að rótum Ketillaugarfjalls og þar með fram og að afréttarmörkunum við Selsmýrarhrygg hafi verið skipt milli býlanna í torfunni. Annað land sé í óskiptri sameign.

Fyrstu heimildir um landamerki torfunnar sé að finna í vísitásiu Brynjólfs biskups frá 1641. Þá hafi tilheyrt jörðinni land frá Þveitarlæk í vestri og upp í rauða og bláa skriðu í Ketillaugarfjalli. Að austan hafi Laxá ráðið upp í gljúfur. Síðan sé þar haldinn og hafður undir staðinn allur Laxárdalur fyrir austan Laxá og vestan. Þessi orð bendi ekki til þess að Laxárdalur hafi verið hluti af jörðinni enda hafi raunin orðið sú að tilraunir Brynjólfs til að ná yfirráðum yfir Laxárdal báðum megin hafi farið út um þúfur á síðari öldum og eystri hluti hans fallið til Árnanes.

Af hálfu íslenska ríkisins er því haldið fram að landamerkjabréf Bjarnaness með hjáleigum frá 1921 sé ekki í samræmi við eldri rétt þar sem það land sem jörðinni sé þar eignað sé helmingi stærra en ef miðað sé við vísitásiu Brynjólfs. Engar skýringar sé að finna á þessu aðrar en þær að undir landamerkjalýsinguna sé tekið allt það afréttarland, torfunni tilheyrandi, til viðbótar við útskipta heimalandið.

Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins gangi í gegnum mitt þetta afréttarland svo vart verði sagt að gerðar séu ýtrustu kröfur. Á móti öllum heimildum sé ekki talið útilokað að nám og helgun lands hafi náð að kröfulínu og það látið vega þyngra.

Loks er vikið að því að tvær kröfulýsingar hafi borist vegna Bjarnanestorfunnar. Annars vegar frá fjármálaráðherra vegna þess hluta torfunnar sem sé í ríkiseigu. Sú kröfugerð sé í samræmi við kröfugerð um þjóðlendumörk. Hins vegar liggir fyrir kröfugerð frá þeim jörðum sem séu í einkaeigu og svo frá umráðamönnum ríkisjarða. Af hálfu íslenska ríkisins sé því mótmælt að umráðamenn ríkisjarða geti átt aðild að þessu þjóðlendumáli. Í kröfugerð landeigenda séu gerðar tvenns konar kröfur. Annars vegar til beins eignarréttar innan alls lands samkvæmt landamerkjabréfi og verði sú krafa ekki öll tekin til greina, til beitarréttar á því landi sem með úrskurði verði talið þjóðlenda. Tekið er fram að af hálfu íslenska ríkisins sé varakröfu landeigenda ekki mótmælt enda sé hún í samræmi við kröfugerð fjármálaráðherra vegna ríkisjarða.

7.3.5. Árnanestorfa

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi greint frá staðháttum í landi Árnanestorfu. Þá er fjallað lítillega um sögu torfunnar. Í þeirri umfjöllun kemur m.a. fram að í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 segi að jörðin eigi afrétt í Hoffellslandi þar sem heiti Hoffellsmúli. Í framhaldi af því er vísað í landamerkjaskrá Árnaness, dags. 1. nóvember 1921, og greint frá efni hennar. Tekið er fram að samkvæmt skránni eigi Árnanes upprekstur fyrir 120 geldfé í Reifsdal í Hoffellslandareign.

Næst er greint frá því að þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins yfir land Árnanesstorfu byrji í punkti B í Meðfellstindi sem sé á landamörkum við Hóla og liggja þaðan í Árnanesmúla og þaðan beint í vestur yfir Laxárdal. Með þessari kröfugerð fari mikið af afréttarlandi utan þjóðlendu, nánar tiltekið eystri hlið Laxárdals allt niður að Selsmýrarhrygg, Bergárheiði og Bergárdalur (samkvæmt gerðabók fasteignamatsefnar frá árinu 1916 eigi jörðin Hólar litið afréttarland í Bergárdal). Þetta afréttarland sé í hlutfallslegri sameign margra jarða eins og oft sé um land sem ekki megi skipta samkvæmt landskiptalögum. Þótt mörg þau atriði sem einkenni frekar þjóðlendu en eignarland eigi við um þetta land sé það talið vega þyngra að ekki sé útilokað að þetta svæði hafi verið numið í öndverðu þótt heimildir greini eingöngu frá afréttarlotum.

Loks kemur fram að þótt nokkur vafi kunni að vera um beinan eignarrétt að landi frá þjóðlendu-línu að Selsmýrarhrygg sé enginn vafi um að þjóðlenda sé norðan þjóðlendulínu þrátt fyrir kröfugerð landeigenda. Enda verði að telja að sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem haldi fram beinum eignarrétti að öræfum sem þessum fjarri byggð. Öræfum sem eingöngu séu notuð til sumarbeitar fyrir búpening.

8. SJÓNARMÍÐ GAGNAÐILA

8.1. Hoffellstorfa (Svínafell, Hoffell I-II, Miðfell, Svínafell, Setberg I-II og fjallendi Dilksness í Reifsdal) og Krossbæjartorfa (Krossbær, Lindarbakki og Stóralág)

8.1.1. Almennt

Af hálfu jarðeigenda er í kröfulýsingu vísað til þess að í Nesjum hafi frá öndverðu einkum verið stundaður sauðfjárbúskapur og eigi það einnig við um þær jarðir sem séu aðilar máls þessa fyrir óbyggðanefnd í tilefni af því að ríkið hafi fyrir nefndinni lýst kröfum sem skerði verulega eignarlönd greindra jarða. Vegna náttúrulegra aðstæðna í Nesjum, svo og Mýrum og Suðursveit, sé allt land, sem nýtt sé frá jörðunum með einhverjum hætti, háð einkaeignarrétti jarðeigenda og skiptist eignarlandið í heimalönd og fjallendi. Í sveitum þessum fyrirfinnst ekki land þar sem bændur hafi einungis stofnað til afnotaréttar til sumarbeitar fyrir sauðfé. Hafi þessu verið svo háttað allt frá landnáms tíð. Hverri jörð fyrir sig fylgi fjallendi og í sumum tilvikum eiga tvær eða þrjár jarðir sameiginlega fjallendið og stafi það einkum af því að nýjum jörðum hafi verið skipt úr eldri og stærri jörðum og þá um það samið að hafa fjallendið sameignlegt. Af þessum ástæðum geri hvorki hreppar eða upprekstrarfélög kröfur um viðurkenningu á afréttum á þessu landsvæði þar sem ekki fyrirfinnst þar afréttir í merkingunni sameiginlegur afnotaréttur margra jarða til sumarbeitar fyrir sauðfé einungis. Hin náttúrulega skýring á þessu fyrirkomulagi sé sú að jarðirnar séu umluktar fjallgördum og jöklum og gangi dalir inn á milli fjallanna og jöklanna. Dalir þessir séu eðlilegt framhald einstakra jarða og eðlilegt framhald heimalanda jarðanna. Þær aðstæður, sem annars staðar kröfðust sameiginlegra sumarbeitalanda fyrir sauðfé á heidum uppi fjarri heimalandinu, eigi ekki við í sveitunum undir Vatnajökli. Engu breyti um þessa niðurstöðu að þess séu dæmi að jarðir eigi beitaritak í fjallendi annarra jarða. Stutt sé frá bæjunum til fjalla þeirra og jökla sem séu ytri landamerki jarðanna til hálendis landsins. Þá séu dæmi þess að í fjallendi séu dalir, sem nýttir hafi verið um aldir frá tiltekinni jörð og landið háð einkaeignarrétti eigenda tiltekinna jarða enda þótt slík landsvæði séu ekki í beinu framhaldi af heimalandi og fjallendi viðkomandi jarðar og sé hér t.d. átt við Reifsdal. Að meginstefnu séu það því jöklar norðan bæja sem ákvarði merki jarðanna til landsins með eðlilegum hætti. Jökulröndin hafi breyst í aldanna rás og muni halda áfram að breytast. Stundum hörfi jöklar og þá ávinnist jörðunum land og stundum skriði jöklar fram og leggi undir sig landið. Svo muni enn verða. Sé hér við það miðað að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum til landsins, þ.e. ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðeigendanna nær. Höfð sé hliðsjón af því hvernig sjórinn breytir löndum; ýmist brjóti land eða auki við land. Í munnlegum málflut-

ingi var jafnframt vakin athygli á því að lýsingar á landamerkjum við jökul væru sambærilegar lýsingum á landamerkjum við sjó. Þannig væri austur- og vesturmörkum lýst en hvorki dregin lína með ströndinni né jöklinum.

Á því sé byggt að í Nesjum séu engir afréttir því að öll upprekstrarlönd séu þar í einkaeign. Um þetta segi Gunnar F. Guðmundsson í riti sínu „Eignarhald á afréttum“, Reykjavík 1981, bls. 11:

Í Snæfellsnessýslu ... og í Austur-Skaftafellssýslu eru engir afréttir að sögn, því að öll upprekstrarlönd eru þar í einkaeign.

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segi, að bókin „Göngur og réttir I“ eftir Braga Sigurjónsson sé helsta heimildarritið um afréttarlönd Austur-Skaftafellssýslu. Þar segi svo:

Engin almenningsafrétt er í sýslunni. Allt fjalllendi heyrir vissum jörðum til, utan þess að hjáleigur eiga óskipt fjalllendi með aðaljörðum.

Jafnframt segi þar svo:

Eins og fyrr getur, er engin almenningsafrétt í Austur-Skaftafellssýslu, heldur eiga jarðirnar hver sín afréttarlönd. Þegar afréttir þessar eru einangraðar frá afréttum annarra jarða, sjá búendur um smölung þeirra einvörðungu, en eru hinsvegar undanskildir lögsöfnum sveitarinnar.

Í greinargerð jarðeigenda segir að hugtakið afréttur hafi margvíslega merkingu. Ein þeirra sé merkingin land sem einkum er notað til sumarbeitar. Merking orðsins lúti að afnotunum en ekki eignarhaldinu. Þegar orðið sé notað á því svæði, sem hér er um rætt, sé ætíð átt við afnotin, enda allt land til jökla háð einkaeignarrétti. Síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti engu þar um og sé sú framkvæmd og reglur sem um hana gildi ekki heimild um eignarrétt. Þegar fjallað sé um réttindi eins og eignarrétt að sumarbeitalandi, afréttum, úthaga, engjum og heimalandi jarða verði að hafa í huga að aðstæður séu ekki eins hvarvetna á landi hér. Þær lausnir, sem hafi átt vel við á einu landsvæði hafi alls ekki átt við á öðru landsvæði. Vera kunni að á sumum landsvæðum hafi þótt henta m.a. af landfræðilegum ástæðum að bændur ættu sameiginlegt beitarland fyrir sauðfé og hross og til að hafa gripi í seli. Annars staðar hafi sumarbeitalandið verið í beinu framhaldi af heimalandinu og því hluti af hverri jörð. Síðan hafi einstakir bændur, sem ekki áttu nægilegt beitaland, fengið ítök eða önnur afnot af annarra manna beitalandi sem verið hafi háð einkaeignarrétti. Til ítaka verði aðeins stofnað að það sé með samningi milli eiganda landsins og þess sem eignast ítakið. Slíkir samningar hafi verið heimildir og engu breytt um upphaflegan einkaeignarrétt. Því sé með öllu hafnað að hér á landi fyrirfinnist heimildir um að norrænir menn, sem hingað hafi komið, hafi haft tvenns konar heimildir í huga við landnám, annars vegar það sem nú kallast eignaeignarréttur og hins vegar það sem nú kallast takmarkaður eignarréttur.

Engin dæmi séu um að merki hafi verið gerð á jörðunum milli heimalands jarðar og meints afréttar í skilningi ríkisins enda engin þörf vegna þess að allt land sé og hafi verið í einkaeign. Eignir verði hefðaðar hvort sem þær séu eigendalausar eða í opinberri eign. Vekja megi athygli ríkisins á að einkaeignarréttur á sumarbústaðalandi falli ekki niður þó land sé aðeins notað í einn mánuð á ári.

Íslenska ríkið viðurkenni eignarrétt jarðeigenda einnig á tilkallslandinu í greinargerð sinni þar sem segi að allir afréttir tilheyri einstökum jörðum. Viðurkenni ríkið að það viti ekki hvar séu mörk einkaeignarlanda jarðeigenda og þjóðlenda. Í því felist að kröfugerðin sé um að þjóðlendunefnd ákveði merki að álitum. Fyrir slíku sé engin lagaheimild. Enn segi ríkið í greinargerð sinni að „þar sem eru afréttir þar eru þjóðlendir“. Á þetta sé ekki fallist. Íslenska ríkið leitist við að þröngva einni

merkingu í hugtakið afréttur enda þótt það hafi sannanlega aðrar merkingar eins og þegar hafi verið gerð grein fyrir og almennt sé viðurkennt.

Sú kenning ríkisins, að allt land, sem einungis sé notað hluta ársins en ekki allt árið, sé þjóðlenda, eigi sér enga stoð í réttarheimildum. Ef kenningin væri rétt þyrfti að umbylta öllu eignaskipulagi á landi hér og fylgjast með og skrá afnotin. Hvað um hin stóru sandflæmi við suðurströndina? Hvers vegna geri íslenska ríkið ekki þjóðlendutilkall til þeirra á þeim grundvelli að það land sé svo lítið notað eða jafnvel ekkert? Í þessari afstöðu felist mótsögn og útiloki réttmæti kenningarinnar. Ríkið byggir á því að íbúar á tilteknu landsvæði hafi tekið afréttarland til sumarþeirra fyrir búþening og e.t.v. annarra nota. Notin hafi ákvarðað takmarkaðan eignarrétt og svonefndur grunn-eignarréttur sé undanskilinn námi eða töku. Þeir sem numið hafi landið hafi einnig fellt undir jarðir sínar stór landflæmi á ströndum þar sem ekki hafi verið stingandi strá en þar kunni að hafa verið reki. Hvað valdi þeirri afstöðu ríkisins að halda ekki því fram að rétturinn til þessa lands sé þjóðlenda þar sem réttur ríkisins takmarkist einungis af rétti bænda til rekans.

Þá segir í kröfulýsingu jarðeigenda að fyrir hendi séu landamerkjalyásingar um jarðirnar í landamerkjabók Skaftafellssýslu og séu þær frá árunum 1884, 1911 og 1921. Þær séu allar lesnar á víðeigandi manntalsþingum og innfærðar í landamerkjabók á árunum 1890, 1912 og 1921.

Næst er vikið að löggjöf um landamerki. Allt til 1. janúar 1920 hafi verið í gildi landamerkjalog, nr. 5/1882, en þá tekið gildi lög nr. 41/1919, um landamerki o.fl. Rakin eru ákvæði 3., 4. og 6. gr. laganna frá 1882 og skyldur hreppstjóra og sýslumanna skv. lögnum frá 1919. Mikilvægi löggjafarinnar frá 1882 og 1919 sé ekki sist að opinberum valdsmönnum hafi verið falið að sjá til þess, að landamerkjalyásingar væru réttar að efni og formi og auki það óhjákvæmilega sönnunargildi þeirra, bæði gagnvart hinu opinbera valdi og einkaaðilum. Landamerkjalyásingar gerðar samkvæmt greindum lögum séu því *prima facie* sönnun um landamerki jarða og sá sem vefengi þær hafi sönnunarbyrðina. Í tilvikum þjóðlendulaga hafi ekki verið ætlunin að haggja við sönnunarreglum íslensks réttar og því verði ríkið að sanna með ótvíræðum og óbyggjandi hætti að landamerkjalyásingar séu rangar ef það geri eignartilkall til landa innan landamerkja jarða. Landamerkjalyásingar séu jafnframt sönnun þess að allt land innan landamerkja sé einkaeignarland og sá sem haldi öðru fram hafi um það jafnríka sönnunarbyrði og áður greini. Um sönnun að þessu leyti sé enga stoð að hafa í dómum Hæstaréttar í sakamálum þar sem rjúpnaskyttur hafi verið sýknaðar af refsikröfum ákærvalds vegna veiða án leyfis landeigenda þar sem ákærvaldinu hefur ekki tekist sönnun um eignarrétt að landi. Sönnunarreglur í sakamálum séu með sérstökum hætti og dómarnir hafi því ekkert gildi sem fordæmi um sönnun í einkamálum.

Það sé regla íslensks réttar að þinglesinni eignarheimild verði ekki hnekkt nema fyrir liggja ótvíræð sönnun um að hún sé röng. Í tilvikum allra þeirra jarða, sem hér sé um fjallað, njóti við þinglesinna merkjaskráa sem gerðar hafi verið fyrir u.þ.b. 80-110 árum. Á því tímabili hafi þær ekki verið vefngdar, hvorki af handhöfum opinbers valds né einkaaðilum, svo máli skipti fyrir málefni það sem hér sé til úrlausnar. Eigendur og umráðamenn eða fyrirsvarsmenn jarðanna hafi ekki haft tilefni til að halda til haga eldri sönnunargögnum en merkjaskráum um að merkin væru rétt. Samkvæmt almennum sönnunarreglum íslensks réttar verði það land sem er innan marka eignarlands samkvæmt landamerkjaskrá ekki skert nema sá sem tilkall geri sýni fram á ótvíræðan eignarrétt sinn, landamerkjaskráin sé röng og jafnframt að landeigandi samkvæmt landamerkjaskrá hafi ekki unnið eignarhefð á landinu og sé þá átt við þau tilvik þar sem landamerkjaskrá sé eldri en nemi lögbundnum hefðartíma, í þessu tilvikum 20 ára óslitið eignarhald á landi.

Í greinargerð jarðeigenda er á það bent að þegar stofnað var til löggjafar um landamerki og skrásetningu þeirra 1882 hafi ætlunin verið að með þeim reglum væri verið að tryggja eignarréttindi landeigenda, auka öryggi í viðskiptum manna á milli og tryggja skattstofn vegna sameiginlegra þarfa. Eftir þá skráningu hafi verið auðveldara að átta sig á því andlagi sem um var að ræða við veðsetningu og eigendaskipti. Viðsemjendur landeigenda hafi mátt treysta því að það land, sem var

innan þinglýstra merkja jarðar, væri háð einkaeignarrétti hins skráða eiganda. Eigandinn hafi ekki þurft að sanna að hann notaði allt landið allt árið til að landið tilheyrði honum. Við skráningu eignarréttindanna hafi þeir, sem áttu land að landi jarðareiganda, þurft að samþykkja merkin. Umboðsmenn almannavaldsins hafi gætt hagsmuna þess og gætt þess að farið væri að lögum. Þær staðhæfingar íslenska ríkisins að engir hafi verið til að gæta þeirra hagsmuna, sem nú felist í þjóðlendu-forsvari, séu rangar. Ef rétt væri að gríðarstórt landsvæði milli eignarlanda og jökla hafi ekki verið háð einkaeignarrétti, þá hefðu þeir sem þar áttu hagsmuna að gæta haft uppi mótmæli gegn merkjalýsingunum enda hefðu þeir verið sviptir mikilvægum hagsmunum. Engin dæmi séu um slík mótmæli á svæðinu.

Það sé rangt hjá ríkinu að þinglesin landamerkjabréf lögum samkvæmt séu samningar sem ekki bindi ríkið. Bréfin séu gerð samkvæmt lagaskyldu og séu jafnt í þágu ríkisins eins og sveitarfélags, eigenda og nágretta, auk eigenda takmarkaðra réttinda. Á grundvelli þeirra hafi skattar verið ákveðnir, svo dæmi sé nefnt. Þeir sem átt hafi eldri heimildarbréf fyrir jörðum sínum er þeir gerðu landamerkjabréf fyrir einni öld hafi ekki haft ástæðu til að varðveita þær heimildir lengur þar sem nýjar hafi verið komnar í stað gamalla.

Í kröfulýsingu jarðeigenda er vísað til dóms Hæstaréttar í Landmannaafréttarmáli þar sem hafn að hafi verið kröfum ríkisins um viðurkenningu á eignarrétti yfir Landmannaafrétti. Af greinargerð með frumvarpi til þjóðlendlaga verði ráðið að ríkið hafi litið svo á að skilja beri dóminn þannig að löggjafarvaldið geti slegið fullkomnum eignarrétti ríkisins á svonefndar þjóðlendur með almennum lögum. Því sé hér haldið fram að svo sé ekki. Hæstiréttur geti aðeins um að handhafar ríkisvalds geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæða eins og Landmannaafréttar. Almenni löggjafinn geti sett reglur um meðferð og nýtingu hvers kyns landsvæða og hafi reyndar gert það m.a með almennri löggjöf um skipulag, umhverfismál o.fl. Almenni löggjafinn geti hins vegar ekki slegið eign ríkisins á land það sem nefnt sé þjóðlendur í þjóðlendlögunum. Til þess þurfi að breyta stjórnarskrá lýðveldisins. Ríkið geti hins vegar tekið landsvæði sem háð séu einkaeignarrétti, eignarnámi að uppfylltum skilyrðum stjórnarskrár um almannapörf og fullar bætur.

Því næst er greint frá því að markmið laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sé að ríkið slái eign sinni á hvers konar landsréttindi og hlunnindi í þjóðlendum sem ekki séu háð einkaeignarrétti, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Hvað sem líði stjórnskipulegu gildi laganna, sem hér sé gerður fyrirvari um, sé óumdeilt að í lögnum sé viðurkennt að ríkið leiti eftir viðurkenningu á eignarrétti sínum á landsvæðum utan eignarlanda þó að einstaklingar og lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Jafnframt sé viðurkennt í lögnum að eignartilkall ríkisins til lands í þjóðlendum sé háð þeim skilyrðum að ekki sé fyrir eigandi sem fari með öll venjuleg eignarráð innan marka lands síns. Samkvæmt almennum sönnunarreglum íslensks réttar hafi ríkið sönnunarbyrðina um ótvíæðan og betri rétt sinn en greini um rétt eiganda í jarðamerkjaskrá eða öðrum heimildarskjólum.

Þá sé það almenn regla íslensks réttar þegar gert sé tilkall til eignarréttar yfir landi að tilkallsmaður verði að sýna fram á inntak réttar síns og hvar séu merki landsvæðis hans. Hann verði jafnframt að sýna fram á, þegar réttindum slái saman, að réttindi hans gangi frammar. Þegar krafa tilkallsmanns rekist á eignarréttindi annarra yfir landi, sem eignarréttarkrafa sé gerð um, verði tilkallsmaður að sanna að réttindi hans gangi frammar. Ekki þurfi annað en að sá sem fyrir sé geti sýnt fram á einhvers konar heimildir sínar yfir landinu, til að sönnunarbyrðin hvíli alfarið á tilkallsmanni. Sé eignarheimild þess sem fyrir sé þinglesin samkvæmt lögum hvers tíma sé sönnunarbyrðin svo rík á tilkallsmanni að nánast verði fullyrt að honum sé ókleif sönnunin, sbr. H 1961, 629 (Bergþórugata), H 1988, 422 (Oddhóll) og H 1997, 2792 (Laugavellir í Jökuldalshreppi).

Í greinargerð jarðeigenda segir að íslenska ríkið haldi því fram að landeigendur verði hver um sig að sanna eignarheimildir sínar. Í þessari afstöðu felist að því er virðist að ekki skipti máli að

óumdeilt sé og hafi verið um langa hríð hver sé eigandi lands og hver sé lega þess og stærð. Ekki skipti heldur máli að álitu ríkisins að merki jarðarinnar hafi verið skráð opinberri skráningu í meira en eitt hundrað ár án athugsemda af hálfu ríkisins. Virðist á því byggt að með setningu Þjóðlendlaga hafi ríkið opnað fyrir eignartilkall nánast að eigin vild til bújarða og því sé heimilt að „nema“ stóra hluta jarða landsmanna án bóta og án almenningsþarfar. Ríkið telji að því sé heimilt að víkja til hliðar lögum um skráningu merkja fasteigna og þinglýsingu eignarheimilda næstum takmarkalaust. Ríkið telji að hagsmunir þeirra sem eiga takmörkuð réttindi yfir jörðunum, svo sem eins og veðhafar, leigutakar og aðrir afnotafar skipti hér engu máli og ekki gefið þessum aðilum kost á að gæta réttar síns. Ákvörðun nefndarinnar muni því ekki binda þessa rétthafa og í þeim tilvikum þar sem jarðir verði skertar samkvæmt Þjóðlendlutkalli ríkisins verði að skilgreina jörð með tvennum hætti, hina veðsettu jörð sem yrði seld eins og þinglesin merki ákvarða á uppboði og þá jörð sem nefndin hafi ákveðið að eigandinn megi halda eftir að kröfur ríkisins hafi náð fram að ganga að öllu eða einhverju leyti. Kaupandi á uppboði muni því eignast samkvæmt þessu meira land en eigandinn eigi. Sá eignarréttur myndi síðan haldast óbreyttur. Þá skuli þess getið að komi til þess að núverandi eigandi hafi eignast jörðina á grundvelli landamerkaþrefts sem gert sé samkvæmt lögnum frá 1890 á síðustu áratugum þá eigi hann ekki aðeins kröfur á hendur heimildarmanni sínum heldur og íslenska ríkinu fyrir skerðingu lands sem hann hefur keypt og greitt fyrir að fullu. Þá þýði lítið fyrir ríkið að bera fyrir sig að kaupandinn geti ekki sýnt fram á eignarheimild sína í Landnámu!

Ef ríkið geti ekki fallist á að þinglýstar aldargamlar eignarheimildir séu nægileg skilríki fyrir eignarrétti að jörðum þá verði að líta til áhrifa hefðar. Í íslenskum rétti hafi ætíð gilt hefðarreglur um fasteignir og nú síðast frá 1905. Jarðeigendur geti því einnig sýnt fram á eignarrétt sinn með vísunar til réttarreglna um hefð.

Í kröfulýsingu jarðeigenda segir að afar erfitt sé að henda reiður á aðferðafræði að baki kröfum ríkisins. Þó virðist á stundum miðað við túlkun á lýsingum í Landnámu en öðrum þræði viðurkennt að heimildir um nám lands skorti. Jafnvel sé á stundum gengið svo langt að segja að þar sem heimildir skorti um landnám verði að túlka það bændum í óhag en ríkinu í hag. Þá séu hafðar frammi kenningar um frumstofnun landréttar norrænna manna í Vestur- og Norður-Evrópu og gengið út frá því að ætíð hljóti landnám að hafa verið annars vegar fölgid í því að nema land til eignar og hins vegar til afnota til sumarþeirra eingöngu. Af þessum ástæðum telji ríkið óhjákvæmilegt að leitast við að skipta löndum jarða í Nesjum í eignarlönd og afréttareign en í afréttareign felist að sögn ríkisins einungis takmörkuð afnot til sumarþeirra og því geti ríkið slegið eign sinni á hluta jarðanna. Nýtingin ráði eignarhaldinu en ekki eignarheimildir. Þá segi að hafi land verið notað einungis sem afréttarland, þá skipti eignarheimildir engu máli heldur verði að leggja allt slíkt land til þjóðlenda. Ríkið velji að lokum þá aðferð að taka einungis „mið af staðháttum, víðáttu, öræfalandslagi, en þó er eitthvað af undirlendi, sem verður að fylgja með“.

Af hálfu jarðeigenda er því jafnframt með öllu hafnað að ritið Landnáma geti ráðið einhverju um landamerki eða eignarréttarlega stöðu jarða á Mýrum. Landnáma hafi verið færð í letur hundruðum ára eftir að landnámi hafi lokið sé miðað við tímabilið 874-930 sem landnámstímabilið. Hún sé ekki byggð á rituðum samtímaheimildum heldur munnlegri geymd sem sé afar ótraust. Tilgangur með ritun Landnámu hafi ekki verið sá að lýsa landamerkjum heldur allt annar. Þá séu til margar gerðir Landnámu og beri ekki öllum saman.

Þá segir í greinargerð jarðeigenda að af hálfu ríkisins hafi verið lögð megináhersla á þýðingu Landnámu sem eins konar réttarheimildar um eign á jörðum hér á landi allt til þessa dags. Sé jafnvel látið að því liggja að þær jarðir einar séu háðar einkaeignarrétti sem lýst sé í Landnámu. Ekkert tillit virðist tekið til þess að landnám Íslands sé almennt talið hafa farið fram áður en til ríkisstofnunar kom hér á landi sem sé talið hafa verið árið 930. Fram að þeim tíma hið skemmsta hafi engin ein lög verið í gildi í landinu og jafnvel engar bindandi reglur. Landnám í önumdu landi geti ekki verið háð réttarreglum, eða eftir hvaða reglum skyldi fyrsti landnámsmaðurinn hafa farið? Víst sé

að ekki hafi þeir sem hér numdu land flutt með sér reglur um landnám frá öðrum löndum og fjarstæðukennt að þeir sem taldir séu hafa flúið konungsvaldið í Noregi hafi leitað til konungs um fyrirkomulag landnáms hér á landi eða hlýtt hans ráðum. Íslendingar hafi lengstum haft sterka löngum og reyndar þörf til að trú á sannleiksgildi fornra bóka um upphaf sitt og sögu. Hinar fornu bækur hafi m.a. verið notaðar í frelsisbaráttu þjóðarinnar og þangað sótt rök fyrir kröfum þjóðarinnar. Í þeirri baráttu hafi margir lögfræðimenntaðir menn tekið þátt. Því sé ekki að undra þótt enn eimi eftir af þessari trú á sannleiksgildi hinna fornra bóka meðal lögfræðinga. Þessi trú hafi að nokkru birst í dómum Hæstaréttar og sýni að enn sé trú þessi við lýði, þótt dauf sé. Þrátt fyrir þessa trú á sannleiksgildi Landnámu þá sé komið að því að nota aðrar og traustari heimildir um eignarrétt að jörðum og stærð þeirra.

Ef rétt sé að landið hafi að mestu verið numið á tímabilinu 874 til 930 þá beri að hafa í huga að veðurfari og gróðri hafi verið háttáð með öðrum hætti þá en nú. Rannsóknir síðari tíma staðfesti að landið hafi verið „viði vaxið milli fjalls og fjöru“. Það sem nú sé örfoka land hafi þá verið þá gróið land hentugt til afnota fyrir sauðfé og annan búsmala, meðal annars í seli, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Þeir sem námu land inn til landsins hafi að sjálfsögðu gert sér grein fyrir þýðingu beitolandsins fyrir búsmalann og gætt þess að landnám þeirra næði ekki aðeins til bæjarstæðis, engja og beitolands fyrir kýrnar heldur og alls þess lands sem nauðsynlegt hafi verið til búskaparins, þar á meðal sumarbeitolands fyrir sauðfé. Það sé eitt af einkennum landnáms Evrópumanna í öðrum löndum að tryggja sér nægilega stórt landrými til athafna og það langt fram yfir þarfir í upphafi. Tilgangur þess að taka sig upp til að setjast að í öðru landi hafi ekki sist verið sá að tryggja sér nægilegt landrými. Íslenskir bændur hafi þegar gert sér grein fyrir því að sauðfé þeirra leitaði til fjalla til sumarbeitar og án þess að eiga slíkt land hlytu þeir að búa við fátækt. Hvers vegna skyldu þeir þá hafa takmarkað landnám sitt þannig að þeir eignuðust ekki einnig beitarlandið, sérstaklega þar sem það var í beinu framhaldi af heimalandinu? Þeim hafi mátt vera augljóst að ef þeir ekki næmu einnig það land myndu aðrir gera það og þeir því missa sumarbeitina fyrir sauðféð. Minnt sé á að landið hafi snemma orðið fullbyggt miðað við búskaparhætti sem þá tíðkuðust og stafi það m.a. af því að land allt hafi verið numið, einnig til fjalla vegna sumarbeitar. Hefði landið utan heimalanda ekki verið numið hefði landnámsmönnum fjölgað og landið fljótlega orðið ofsetið.

Í kröfulýsingu er enn fremur með öllu hafnað þeirri kenningu ríkisins að í upphafi hafi land einungis verið numið með tvennum hætti, annars vegar sem fullkomið eignarland og hins vegar sem afréttur og hann hafi einungis verið háður takmörkuðum eignarrétti eða afnotarétti. Hugtakið afréttur sé íðulega notað um landsvæði sem sé m.a. notað þannig að sauðfé sé rekið þangað á beit, einkum á sumrin en einnig sé talað um vetrarheit á afréttum. Landsvæði sé lýst eftir aðalnotum þess en það hafi ekkert með eignarhald að gera. Ríkið hafi leyft sér að skilja hugtakið afréttur þannig að það merki einungis takmörkuð eignarréttindi og þar af leiðandi talið alla afrétti í umræddum hér- uðum til þjóðlendna á þeim forsendum að afréttirnir gætu ekki verið háðir einkaeignarrétti.

Þá er greint frá því að íslenska ríkið vitni til rits Braga Sigurjónssonar, Göngur og réttir I, og telji það vera helsta heimildarrit um afréttarlönd Austur-Skaftafellssýslu. Þar segi að engin almenningsafrétt sé í sýslunni og að allt fjalllendi tilheyri vissum jörðum utan þess að hjáleigur eigi óskipt fjalllendi með aðaljörðum. Ekki leiki neinn efi á merkingu hugtaksins almenningsafrétt en það merki afrétt sem ekki sé hluti af einstakri jörð a.m.k. í upphafi heldur einhvers konar sameiginlegur afnotaréttur eða sameign héraðsmanna. Enda þótt ríkið viðurkenni heimildargildi rits Braga og reki staðhæfingar hans um eignarrétt að fjallendinu í héruðunum hafni ríkið þessari heimild, eins og reyndar flestum öðrum sem það vitni þó til án þess að sýna fram á vankanta þeirra sem heimilda. Á þessum heimildum verði þó að byggja þar til sannað hafi verið að þær fái ekki staðist. Sá sem leggi fram sönnunargögn, sem hann telur efnislega röng, verði að sanna að svo sé.

Þá grípi ríkið til þess að vísa til staðháttu, víðáttu og öræfalandslags og dragi tilbúna markalínu milli eignarlanda og þjóðlenda sem eigi sér enga stoð í neins konar heimildum, hvorki sögulegum

eða lögfræðilegum. Línur þær, sem ríkið miði kröfur sínar við, eigi sér enga stoð í neinum þeim heimildum sem óbyggðanefnd sé heimilt að styðjast við. Línurnar séu dregnar eftir tilfinningu um hvað sé að áliti ríkisins eðlilegur nýtingarréttur jarða með tilliti til gróðurfars, hæðalína, nálægðar við öræfin og fleiri atriða. Þó sé viðurkennt að landamerkjalinur hafi „visst sönnunargildi jafnvel þó þær séu einhliða“. Í Nesjum njóti við landamerkjálýsinga sem ekki séu einhliða heldur samþykktar af öllum sem hagsmuna hafa að gæta, þar á meðal sýslumönnum sem umboðsmönnum almannavaldsins. Úr því ríkið telji að viðurkenna verði „visst sönnunargildi“ einhliða merkjalýsinga hljóti það að verða að leggja samþykktar og staðfestar merkjalýsingar sem þinglesnar hafa verið, til grundvallar þjóðlendukröfum sínum.

Tekið er fram að hugsanlegt væri að landeigendur og ríkið gætu komið sér saman um að miða merki eignarlands við gróðurfar, hæðarlínur, nálægð við öræfi og fleiri atriði ef sú aðstaða gæti komið upp að ákveða þyrfti þetta í tómarúmi, þ.e. ef ekki nyti við neinnar sögu eða eignarheimilda við aðstæður handan eins konar hulu fáfræði. Væri svo um samið sé þó augljóst að ekki yrði sam-mælst um markalínur dregnar með þeim hætti sem gert sé í kröfulýsingu ríkisins. Jöklar í þessum héruðum séu svo nálægt bæjarstæðunum að þeir séu náttúruleg mörk, ekki sist með hliðsjón af þörf þessa landrýmis fyrir sauðfé jarðanna og til annarra nota. Fjalllendið hafi verið nýtt með ýmsum öðrum hætti en til beitar fyrir sauðfé á sumrum. Þá hefði að sjálfsögðu ekki náðst samkomulag um að draga markalínur yfir láglandisdali þvera eins og ríkið geri í kröfulýsingu. Á þessu sé vakin athygli í því skyni að sýna fram á að ríkið lýsi aðferðafræði til ákvörðunar merkja en fari síðan ekki eftir henni. Vakinn sé athygli á því að ríkið lýsi því á stundum yfir að tiltekið landsvæði sé eign tiltekinna jarðar en taki landið síðan af jörðinni í kröfulýsingu sinni. Aðferðafræðinni sé hafnað þegar af þeirri ástæðu að hún eigi sér ekki stoð í lögum og rétti.

Þá sé hafnað þeirri málsástæðu ríkisins að markalínur í landamerkjaskrárám séu stundum þannig að ekki sé með lýsingunum verið að lýsa landamerkjum heldur að land jarða sé innan þeirra lína sem getið sé. Í öllum tilvikum sé verið að lýsa landamerkjunum sjálfum í landamerkjálýsingunum. Ekki sé heldur fallist á að í sumum tilvikum sé í merkjalýsingum verið „að taka tiltekið mið“ frekar en að lýsa landamerkjum. Ætíð sé verið að lýsa merkjunum sjálfum.

Loks vísa jarðeigendur til ýmissa lagaákvæða. Vitnað er m.a. til 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins; landamerkjalaga, nr. 5/1882; laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl.; laga nr. 21/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.; jarðalaga, nr. 65/1976; laga nr. 46/1905, um hefð; þinglýsingalaga, nr. 39/1978; laga nr. 44/1999, um náttúruvernd; skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997; laga nr. 58/1998, um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Þá er vísað til laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, þar sem segi að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu „sameign íslensku þjóðarinnar“. Í lögnum komi fram sú löggjafarstefna að almannahagsmuna sé best gætt með því að einkaaðilar fái leyfi til að veiða í atvinnuskyni og aflaheimildum skuli úthluta til einstakra skipa. Í þessari löggjöf um eina af helstu náttúruauðlindum landsins sé á því byggt að úthlutun til einkaaðila á veiðiheimildum eftir veiðireynslu fiskiskipa þeirra leiði til bestu meðferðar á náttúruauðlindinni. Sé almannahag best borgið með þessum hætti. Fram til þess að upp var tekin löggjafarstefna þessi hafi aðgangur að fiskveiðum í sjó verið frjáls hérlandum borgurum. Landið sé einnig ein af helstu náttúruauðlindum Íslands. Það hafi að mestu verið háð einkaeignarrétti frá landnáms tíð að miðhálandinu undanskildu. Kröfur fjármálaráðherra f.h. ríkisins um skerðingu þeirra landareigna, sem um aldir hafa heyrt undir jarðir, gefi til kynna þann skilning framkvæmdavaldsins að í þjóðlendulögnum felist annars konar löggjafarstefna en um fiskveiðar gildi og hún sé sú að þrátt fyrir þúsund ára eignarhald sé málum nú best þannig komið að sem minnst af landi verði í einkaeign en sem mest undir forræði ríkisins. Þrátt fyrir viðtækar kröfur framkvæmdavaldsins í málinu er því haldið fram að kröfugerðin styðjist hvorki við löggjafarstefnu sem mótuð sé í þjóðlendulögnum né við einstök ákvæði laganna. Því sé hér haldið fram að tilgangur og stefna þjóðlendulaganna sé að tryggja almenna viðurkenningu á viðtækum einkaeignarrétti bænda

á jörðum sínum með öllu því landi sem heimildir bendi til að tilheyri jörðunum. Það land, sem þar sé utan við og ágreiningslaust sé að hafi aldrei tilheyrt einstökum jörðum, upprekstrarfélögum og sveitarstjórnnum, skuli hins vegar falla undir svonefndar þjóðlendur. Ekkert hafi komið fram sem bendi til að Alþingi hafi ekki verið þeirrar skoðunar við samþykkt þjóðlendulaganna að landi væri almennt best komið í höndum bænda og annarra sem landið nota og að einungis annað land, sem með engu móti gæti talist til eignarlands, skyldi teljast ríkisland eða þjóðlenda. Af þessu leiði að við túlkun þjóðlendulaga, er til úrskurðar komi um kröfur ríkisins, beri að hafa í huga og taka mið af þessari löggjafarstefnu eigendum landsins í hag.

Komi til dómsmála út af úrlausnum óbyggðanefndar um merki jarða og þjóðlendna er áskilinn réttur til að draga í efa stjórnskipulegt gildi þjóðlendulaga og enn fremur að halda því fram að einhliða skipun úrskurðarnefndar af hálfu annars málsaðilans sé í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár, þar á meðal um réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

8.1.2. Svínafell

Í kröfulýsingu er vísað til landamerkjaskrár fyrir Hoffellsjörðum: Hoffelli, Setbergi og Svínafelli, sem var að Hoffelli 16. maí 1884 og lesin á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890 og rituð í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 68, bls. 78. Jafnframt er vísað til landamerkjafirlýsingar um landamerki Svínafells og Hoffells sem gerð var að Hoffelli 7. júlí 1911 og þinglesin á manntalsþingi fyrir Nesjahrepp 24. júní 1912 og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 134, bls. 150. Loks er vísað til landamerkjaskrár fyrir Svínafell sem gerð var að Svínafelli 29. júní 1921 og lesin á manntalsþingi fyrir Nesjahrepp 4. júlí 1923 og færð í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 171, bls. 190.

Þá er vísað til þess að orðið hafi aðilaskipti að jörðinni frá því að landmerkjalýsingar voru gerðar og vitnað til þeirra í afsölum án athugasemda frá einkaaðilum eða almannavaldinu. Landamerkin hafi því verið athugasemdalaus og átölulaus í tíð margra kynslóða og land innan merkjanna verði ekki tekið af eigendum þess nema með eignarnámi og gegn bótum.

8.1.3. Hoffell og Miðfell

Í kröfulýsingu er vísað til landamerkjaskrár fyrir Hoffellsjörðum: Hoffelli, Setbergi og Svínafelli, sem gerð var að Hoffelli 16. maí 1884 og lesin á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890 og rituð í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 68, bls. 78. Þar sé þess sérstaklega getið að Lambatungur fylgi Hoffelli. Jafnframt er vísað til landamerkjafirlýsingar um landamerki Svínafells og Hoffells, sem gerð var að Hoffelli 7. júlí 1911 og þinglesin á manntalsþingi fyrir Nesjahrepp 24. júní 1912 og innfærð í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 134, bls. 150.

Þá er vísað til rits Braga Sigurjónssonar, Göngur og réttir I, bls. 42 og 92, þar sem segi að Lambatungur hafi frá ómunatíð tilheyrt Hoffelli.

Enn fremur er vísað til umfjöllunar Bjarna Bjarnasonar, Byggðasaga Nesjahrepps, í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu, I. bindi, Reykjavík 1971, bls. 264-265, þar sem segi að Hoffell sé ein af landmestu jörðum í Nesjahreppi og mikill hluti þess sé víðáttumikið fjalllendi sem takmarkist að norðan af Vatnajökli. Sagt sé að göngur séu lengstar í Hoffellslambatungur. Höfundur segi Hoffell vera eigendur Hoffellslambatungna og leiðir það af setningunni neðst á bls. 265 í framhaldi af umfjöllun um Hoffellslambatungur þar sem segi „áttu Hoffellsbændur fyrrum einnig Reifsdal“.

Því næst er vitnað til ummæla Hjörleifs Guttormssonar í ritinu „Við rætur Vatnajökuls“, Árbók Ferðafélags Íslands 1993, bls. 176, en þar segi: „Handan hans eru Hoffellslambatungur, stórt svæði í eigu Hoffells undir Lambatungnatindi (1240 m).“

Í kröfulýsingu jarðeigenda er loks vísað til þess að orðið hafi aðilaskipti að jörðunum frá því að landmerkjalýsingar voru gerðar og vitnað til þeirra í afsölum án athugasemda frá einkaaðilum eða almannavaldinu. Landamerkin hafi því verið athugasemdalaus og átölulaus í tíð margra kynslóða og land innan merkjanna verði ekki tekið af eigendum þess nema með eignarnámi og gegn bótum.

Eins og greint er frá í kafla 3.2.2. var kröfugerð eigenda Hoffells I-II og Miðfells breytt með bréfi, dags. 14. maí 2003, og horfið frá því að miða við að lega jökulsins á hverjum tíma ráði merkjum inn til landsins og ákvarði hversu langt einkaeignarréttur jarðeigendanna nær. Hinni breyttu kröfugerð til stuðnings er einkum vísað til þess að Raunvísindastofnun Háskólans, jarðeðlisfræðistofa, Helgi Björnsson og Finnur Pálsson, hafi gert með ísmælingum kort af umræddu svæði og í ljós komið að Lambatungnajökull liggja í dal allt inn til Goðaborgar og hafi því verið hluti af jörðunum og beitarnum þeirra áður en veðursfarslegar aðstæður hafi breyst og jökull lagst yfir dalinn.

Þessu til stuðnings er jafnframt vísað í handrit eftir Hrafinkel A. Jónsson frá árinu 1990 um jörðina Hoffell. Í því handriti sé að finna tilvitnun í rit Árna Magnússonar, Chorographica Islandica, sem höfundur handritsins segi að af megi ráða að fram yfir 1500 og eitthvað lengur hafi jöklar á suðausturhorni landsins verið miklu minni en síðar hafi orðið. Vötnin í Skaftafellssýslu hafi verið miklu minni og lítill farartálmi. Þá segi hann að á þessum tíma hafi verið auðvelt að halda uppi samgöngum á milli Fljótsdalshéraðs og Skaftafellssýslu. Hins vegar hafi jöklar vaxið á 16. og 17. öld og teppt fornar samgönguleiðir og eins hafi vötnin vaxið og gengið á gróið land og afréttir.

Samkvæmt þessu beri saman þessum fornu heimildum, svo og niðurstöðum úr rannsóknum vísindamanna nú, sem beiti nýrri tækni við að skoða landið undir jökli.

Loks sé hin breytta kröfugerð byggð á vatnaskilum til norðurs.

8.1.4. Setberg

Í kröfulýsingu er vísað til landamerkjaskrár fyrir Hoffellsjörðum: Hoffelli, Setbergi og Svínafelli, sem gerð var að Hoffelli 16. maí 1884 og lesin á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890 og rituð í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 68, bls. 78.

Þá er vísað til þess að orðið hafi aðilaskipti að jörðinni frá því að landmerkjalýsingin var gerð og vitnað til hennar í afsölum án athugasemda frá einkaaðilum eða almannavaldinu. Landamerkin hafi því verið athugasemdaleus og átölulaus í tíð margra kynslóða og land innan merkjanna verði ekki tekið af eigendum þess nema með eignarnámi og gegn bótum.

8.1.5. Fjallendi Dilksness í Reifsdal

Í kröfulýsingu er í upphafi vísað til þess að Reifsdalur hafi verið eign Hoffellstorfunnar en árið 1927 hafi Dilksnes eignast $\frac{2}{3}$ hluta dalsins óskipt.

Þá er vísað til landamerkjaskrár fyrir Hoffellsjörðum: Hoffelli, Setbergi og Svínafelli, sem gerð var að Hoffelli 16. maí 1884 og lesin á manntalsþingi að Bjarnanesi 12. maí 1890 og rituð í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 68, bls. 78. Heimild þessi greini frá því að „Reypsdalur, er liggur þar þvert fyrir norðan frá vestri til austurs tilheyrir allur beggja megin Hoffellstorfunni“. Þá er í málflutningi jafnframt vísað til yngri landamerkjalysinga fyrir einstakar jarðir í Hoffellstorfunni. Að vísu hafi ekki verið gerð slík lýsing fyrir Reifsdal en unnt sé að afmarka það landsvæði neikvætt með stöð í lýsingum fyrir einstakar jarðir í torfunni.

Enn fremur er vísað til umfjöllunar Bjarna Bjarnasonar, Byggðasaga Nesjahrepps, í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu, I. bindi, Reykjavík 1971, bls. 144, en þar segi að Dilksnes hafi keypt fjallendið Reifsdal af Hoffellsbændum árið 1937. Í sömu heimild, bls. 161, segi að Árnanes eigi upprekstur fyrir geldfé á Reifsdal í Hoffellslandaraeign og, bls. 265, að Hoffellsbændur hafi fyrrum átt Reifsdal en hann hafi verið seldur 1937.

Því næst er vísað í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 13. bindi, Ágrip af Jarðabók Ísleifs Einarssonar, bls. 424, þar sem segi um Hoffell að jörðin eigi selstöðu góða á Reipsdal og skóg einnig í Reipsdal.

Einnig er vísað í Sýslu- og sóknarlýsingar frá árunum 1840 og 1873, rit Braga Sigurjónssonar „Göngur og réttir“ og rit Hjörleifs Guttormssonar „Við rætur Vatnajökuls“.

8.1.6. Krossbær, Lindarbakki og Stóralág

Í kröfulýsingu er vísað til landamerkjaskrár fyrir Krossbæ með Krossbæjargerði og Stóralág sem gerð var að Stóralág 26. febrúar 1921 og lesin á manntalsþingi Nesjahrepps 29. júní 1921 og færð í landamerkjabók Skaftafellssýslu undir nr. 135, bls. 152.

Þá er vísað til þess að orðið hafi aðilaskipti frá því að landmerkjalýsingin var gerð og vitnað til hennar í afsölum án athugasemda frá einkaaðilum eða almannavaldinu. Landamerkin hafi því verið athugasemdaleaus og átölulaus í tíð margra kynslóða og land innan merkjanna verði ekki tekið af eigendum þess nema með eignarnámi og gegn bótum.

8.2. Bjarnanestorfa

Í greinargerð eigenda og umráðamanna jarða í Bjarnanestorfu er í upphafi gerð grein fyrir því landsvæði sem málið varðar og saga jarða í Bjarnanestorfu rakin stuttlega.

Því næst er vikið að aðdraganda að setningu þjóðlendulaga, nr. 58/1998 og tilgangi þeirra og greint frá meginefni þeirra. Í þeirri umfjöllun er jafnframt vikið að lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Fram kemur að Réttarstaða afrétta sé yfirleitt talin sú að afréttir séu utanheimalanda jarða. Land, sem fjallskilaframkvæmd taki til, skiptist í afrétti og heimalönd, sbr. 4. gr. laga nr. 6/1986. Það skuli vera afréttir sem að fornu hafi verið, sbr. 5. gr. Héraðsnefnd geti einnig ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeigenda.

Afréttarnytjar séu yfirleitt í eigu einstakra jarðeigenda en ekki sé þar með sagt að afréttarlandið sé það einnig, þ.e. grunnurinn undir afréttinum. Á nokkrum stöðum séu afréttir þó óumdeilanlega innan heimalands jarða, svo sem t.d. hafi verið í Öxarfirði, og þá verði að telja afréttarlandið í einkaeign. Samkvæmt lögnum nr. 6/1986 megi einnig leggja heimaland undir afrétt með samþykki sveitarstjórnar og þá sé landið undir afréttinum undirorpið einkaeignarrétti/beinum eignarrétti jarðeiganda.

Í þessu sambandi er einnig vísað í dóma Hæstaréttar á þessu sviði ályktanir dregnar af þeim. Samkvæmt fyrri Landmannaafréttardómi, sbr. H 1955 108, og samkvæmt dómi um hálandið suðvestan Eyjafjarðardala, sbr. H 1969 510, megi segja að Hæstiréttur hafi kveðið á um tiltekin kennimörk fyrir „fullkominni eignartöku“, þ.e. stofnun beins eignarréttar. Í þeim síðarnefnda sýnist Hæstiréttur hafa lagt til grundvallar meginreglur um eignarhefð sem útheimta vörslur og meðferð hlutar/lands með þeim hætti sem eigendur jafnan gæta eigna sinna. Hæstiréttur sýnist hafa litið svo á, að beinn/fullkominn eignarréttur á landi hafi ýmist stofnast fyrir landnám í öndverðu á 9.-10. öld eða fyrir síðari fullkomna eignartöku. Á landsnytjum einum saman hafi hins vegar getað stofnast óbeinn/takmarkaður eignarréttur fyrir ófullkomna eignartöku – t.d. takmarkaðar nytjar – eins og sumarbeit búpenings, berjatinslu, viðarhögg o.s.frv.

Með Landmannaafréttardómi síðari á árinu 1981 hafi Hæstiréttur hins vegar kveðið upp úr um að land Landmannaafréttar væri eigandalaust. Þar með hafi verið kveðið upp úr um, að ríkið ætti ekki eignarrétt til þess lands sem ekki dæmdist vera eignarland bænda eða annarra einkaaðila og þar með megi segja að ekki hafi talist rök til þess að réttur ríkisins/þjóðfélagsins hefði verið virtur að vettugi við gerð landamerkjabréfa fjalljarða þótt fulltrúi almannavaldsins hefði ekki verið kvaddur til svo að gæta mætti hagsmuna ríkisins og/eða sveitarfélaga.

Af því sem hér hafi verið sagt sýnist ljóst að á reglur um hefð reyni í máli þessu. Samkvæmt lögum Grágásar hafi ekki verið um það að ræða að hefð ynnist á fasteignarréttindum hérlendis. En þegar Jónsbókarlög hafi verið lögtekin 1281 hafi sérstaklega verið kveðið á um hefð sem gat samkvæmt lögum hennar unnist á ýmiss konar ítökum, svo sem engi, skógi o.s.frv., sbr. 26. kafla landsleigubálks Jónsbókar. Í Dönsku lögum frá 1683 og Norsku lögum frá 1687 hafi einnig verið kveðið á um hefð. Landsyfirrétturinn íslenski virðist hafa gerst fráhrverfur því að telja reglur þessar gildandi rétt hérlendis. Upp úr aldamótunum hafi verið sett lög um hefð, nr. 46/1905, sem enn þá gildi hér á landi og heimili hefð bæði á ítökum og landi. Af dómum Hæstaréttar um Landmanna-

afrétt sýnist mega ráða að dómstóllinn hafi ekki talið afréttarnot leiða til stofnunar eignarréttar á landi fyrir hefð, sbr. annars vegar H 1955 108 og hins vegar H 1981 1584.

Í greinargerðinni er því næst vikið nánar að málsástæðum og lagarökum eigenda og umráðamanna jarða í Bjarnanestorfu. Greint er frá því að kröfugerð fjármálaráðherra f.h. ríkisins um mörk þjóðlendna í Nesi sé í greinargerð lögmanns fjármálaráðherra sögð hafa að forsendu að mörk eignarlanda á svæði því, sem kröfugerðin tekur til, séu í aðalatriðum hin sömu og mörk landnáms voru í öndverðu. Haldið sé fram að landnám hafi verið grundvöllur frumstofnunar eignarréttar á landi á Íslandi og það sé eini gjörningurinn, sem af hafi sprottið beinn eignarréttur. Um landnámið sé vísað til íslenskra fornrita, einkum Landnámabókar. Haldið sé fram að við landnámið og eftirfarandi athafnir landnámsmanna í ræktunarskyni á bújörðum hafi stofnast beinn eignarréttur. Þessi beini eignarréttur hafi verið nefndur ýmsum nöfnum, svo sem grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, landareign, einkaeign, land undirorpið einstaklingseignarrétti og talað sé um sér- eignarrétt að landi. Þannig sé staðhæft að utan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin hafi verið til eignar í upphafi landnáms en innan þjóðlendulínu séu lönd sem eigendur eignarlanda þar yfir utan hafi haft að meira eða minna leyti til afréttarnota.

Kröfugerð fjármálaráðherra f.h. ríkisins hafi samkvæmt greinargerð lögmanns að forsendu að byggð – og þar með heimalönd jarða – hafi fyrst og fremst verið á láglendi þótt á einstöku stöðum hafi almenningar verið „hit ytra“. Við kenningu þessa þyki rétt að gera þá athugasemd að bæði að fornu og nýju hafi byggð sums staðar á landinu verið í allmikilli hæð yfir sjávarmáli og nái hún afar mislangt inn til landsins. Áður hafi byggð víða náð miklu lengra inn á hálendið en eyðst sakir eldgos, ofbeitar og uppblásturs. Á norðausturlandi sé byggð í Mývatnssveit í allmikilli hæð yfir sjávarmáli (300 m) og í uppsveitum Árnessýslu nái byggðin langt inn á hálendið og hafi áður náð miklu lengra, svo sem í Þjórsárdal, þar sem byggð hafi eyðst vegna eldsumbrota og öskufalls. Þar fyrir utan sé sums staðar láglendi kringum stök fjöll sem séu óumdeilanlega inni í miðri – meira eða minna þéttri – byggð og því rök til að telja þau innan marka eignarlanda.

Almenningar „hið ytra“ sýnist einungis hafa verið sjávarhamrar og ögur við sjó, þar sem aðgengi var jafnerfitt og „hið efra“ á öræfum.

Ekki aðeins heimalönd í heilsársnotum – þ.e. eignarlönd – heldur og á hinn bóginn afréttarlönd sé sums staðar að finna innan landamerkjja tiltekinna jarða svo sem þeim sé lýst í merkjaskrá, sbr. H 1975 55 (Kalmanstunga í Borgarfirði) og H 1999 2006 (Sandfellshagi í Öxarfirði). Þegar þannig standi á sýnist engum blöðum um það að flétta að landið undir afréttinum sé í einkaeign. Varhugavert sé því að gera afdráttarlaust ráð fyrir að afréttir séu ávallt utan eignarlanda.

Kröfugerð fjármálaráðherra f.h. ríkisins geri ráð fyrir að byggð hafi lítið breyst frá því á dögum landnáms þótt á einstaka stöðum hafi hún dregist saman og hopað eða sótt á og færst ofar á þeim öldum sem síðan eru liðnar. Allt að helmingur landsins hafi verið gróið land við landnám en nú sé aðeins fjórðungur þess gróinn. Og allt að 30-40% landsins hafi verið vaxinn kjarri eða skógi við landnám en nú sé aðeins skógur eða kjarr á um 1% landsins. Það bendi því til þess að byggð hafi náð miklu lengra upp í hálendið en nú sé. Af því megi og ráða að óbyggðir taki nú á dögum yfir miklu meira landflæmi en við upphaf allsherjarríkis og búsetuskilyrði hafi þrengst gífurlega frá því á dögum landnáms. Byggð hafi eyðst fyrir uppblástur o.fl. og búsetuskilyrði hafi þrengst en hafi hins vegar ekki í för með sér að eignarréttur á landi hafi fallið niður og mörk eignarlanda og óbyggða því færst neðar og nær sjó.

Viðurkennt sé af hálfu fjármálaráðherra að miklum vandkvæðum sé bundið að greina nákvæmlega mörk milli eignarlanda og þjóðlendna því að í upphafi „virðist það ekki hafa skipt máli að skilgreina þessi mörk“, heldur hafi mönnum einkum verið umhugað „að greina mörk landnáma innbyrðis“. Og við það hafi verið notuð „glögg kennileiti eins og stórar ár“.

Því verði nú „að ráða í eyðurnar og taka mið af mjög mörgum atriðum“. Í greinargerð fjármálaráðherra sé dregið í efa að hálendi eða fjöll hafi verið numin þar sem „skráðar landnámsreglur beri

með sér að slíkt hafi verið vandkvæðum bundið“. Sé þar m.a. vísað til þess að sú aðferð, sem nefnd sé í Hauksbók Landnámu 277 – þ.e. að kona næmi land með því að leiða tvævetra kvígu vorlangan dag sólsetra í millum um landið og karl færi með eldi um landið sólsetra á milli, hafi ekki verið vel til þess fallin að gera kleift að nema fjalllendi.

Þegar bornar séu saman kröfugerðir annars vegar fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og hins vegar jarðeigenda í Bjarnarneshverfi, verði ljóst að ágreiningssvæðið afmarkist annars vegar af kröfulínu fjármálaráðherra f.h. ríkisins og hins vegar af fornri landamerkjalinu jarða í Bjarnarneshverfi, þ.e. línu frá Marktindi austan við Krossbæjarskarð sem liggja rétt fyrir sunnan kröfulínu ríkisins og yfir í Miðfellstind í Hafradal sem sé talsvert fyrir norðan og innan kröfulínu ríkisins og þaðan enn lengra til norðurs allt að Seltind; frá honum liggja merkjalínan að Giljadalabrúnum og síðan í Sker og þaðan ofan í Sámsklett í Vitisgljúfri og þaðan yfir kröfulínu ríkisins austan við Bröttutungur og niður í Laxárdal. Landsvæði þetta sé um 4 km breitt á annan veginn en um 7-8 km á hinn, þ.e. um 30 ferkílómetrar að flatarmáli.

Fyrir ofan Bjarnarneshverfi liggja kröfulína fjármálaráðherra nálægt sjó sem eigi sér þá skýringu að fjöll séu þar tiltölulega nálægt sjó og gangi m.a. í sjó fram austan við hverfið. Fjármálaráðherra hafi tekið það ráð að draga línuna eftir fjallsbrúnum. Skálatindar, þar sem línan endi austan við Bjarnarneshverfið, séu ekki nema um 10 km frá sjó. Miðfellstindur sé um 12 km frá sjó og Marktindur líklega um 8 km frá sjó. Framan við fjallsrætur sé Neshverfið um 5 km breitt þar sem það sé breiðast. Kröfulína fjármálaráðherra sé dregin eftir fjallsbrúnum/vatnaskilum fjallanna sem næst liggja sjó. Línuna hefði alveg eins mátt draga eftir fjallsbrúnum innar í landinu sem hefði haft í sér fölgna meiri sanngirni af hálfu ríkisins því að grösugar lendur séu víða handan kröfulínu þeirrar sem fjármálaráðherra hefur dregið.

Nefnt ágreiningssvæði – sem sýnist vera um 30 ferkílómetrar – sé eins og áður segi allt innan landamerkja jarða í Bjarnarneshverfi eins og þau hafi verið ákveðin með landamerkjaskrá 1921. Af hálfu fjármálaráðherra sé bent á að landabréf hafi jafnan aðeins bundið þá sem hafi verið aðilar að því samkomulagi og íslenska ríkið hafi engan hlut átt að þeim samningum sem í bréfunum hafi verið kveðið á um. Það sé sammerkt öllum landamerkjabréfum fjalljarða að þau merki hafi verið einhliða ákveðin inn til óbyggða. Í greinargerð lögmanns fjármálaráðherra segi að óbyggðamörk hafi því oftast nær verið geðþóttaákvörðun jarðeigenda á líðandi stund frekar en að þau styddust við eldri rétt. Af hálfu ráðherrans sé því haldið fram að þótt jarðir með nefndum landamerkjum hafi gengið kaupum og solum milli manna hafi kaupendur ekki eignast allt land innan merkjanna þar eð menn eignist ekki meira en seljandi átti. Sú meginregla, sem fjármálaráðherra styðji málflutning sinn við, tjái þó aðeins annað meginsjónarmiðið sem upp úr lagt þegar skera skal úr því, hvort kaupandi hlutar/lands skuli halda hlutnum eða sæta brigð. Kaupendur eignist iðulega meira en kaupandi átti því að þeir hafi verið taldir mega treysta því að seljandi ætti það sem hann seldi þeim. Meginreglan um traustnám sé afbrigði frá nefndri meginreglu um að enginn geti selt meira en hann átti. Meginreglur um traustnám hafi viðskiptaöryggið að forsendu og upp úr því leggi dómstólar afar mikið nú á dögum. Í þágu réttaröryggis/viðskiptaöryggis hafi meginreglur um traustnám hlotið viðurkenningu norræna dómstóla og réttaröryggisins vegna á síðustu áratugum yfirleitt vegið þyngra en meginreglur um brigð. Þar sé þá m.a. litið til þess að hafi eigandi keypt eignina hafi hann oft látið fullt verðmæti fyrir hana miðað við það sem landamerkjabækur segi. Og sá annar sem ef til vill hefði getað kallað til réttarins hafi oft ekki gætt hagsmuna sinna nægilega og geti því sjálfum sér um kennt að rétturinn hafi horfið yfir á hönd annars manns. Auðvitað hafi það verið og sé almannavaldinu innan handar að lögfesta ákvæði er tryggi að réttarkröfur þess og hagsmunir komi ávallt til álita, þegar aðilaskipti verði að fasteignarréttindum. Þá reglu hefði mátt setja að réttindum yfir fasteignum í dreifbýli mætti ekki þinglýsa fyrr en fulltrúi ríkis/sveitarfélags hefði tjáð viðhorf þess til réttindanna og þess sem afsalað var. Hér megi jafnframt þar að auki hafa í huga að Hæstiréttur hafi með Landmannaafréttardómi sínum 1981 í raun sagt land utan eignarlanda jarða á Ís-

landi vera eigandalaust. Það hefði aftur ekki átt að gera nauðsynlegt að fulltrúi ríkisins tjáði sig um réttarkröfur annarra til slíks lands þótt þeir hefðu vilja til að verða eigendur.

Land það, sem eigendur og umráðamenn jarða í Bjarnanestorfu geri kröfu um beinan eignarrétt á, hafi þeir jafnan haft í fullum vörslum vetur jafnt sem sumar sem heimaland jarðanna svo sem með því að inna þar af hendi smölnun sauðfjár og fullnýtt það eins og hvern annan úthaga. Þeir haldi því fast við kröfu sína um beinan og fullkominn eignarrétt til þessa lands. Þetta sé því land þar sem eignarréttur jarðeigenda styðjist ekki aðeins við skjalfestar heimildir og heldur og við umráð og nýttar í verki svo að þær teljist vera „óslitið eignarhald“, sbr. 2. gr. laga um hefð, nr. 46/1905. Mikil ósannngirni þætti það og laganauðung ef jarðeigendur yrðu sviptir eignarrétti á þessu gamla heimalandi jarða sinna.

Hafa beri hugfast að almennt gildi í dómsmálum meginreglan um frjálst sönnunarmat dómara. Mikilvægt sé að við mat á sönnun njóti eigendur og umráðamenn jarða í Bjarnanestorfu sanngirnir.

Að lokum er í greinargerð vikið að kröfum um óbein eignarréttindi. Fram kemur að kröfugerð fjármálaráðherra f.h. ríkisins sem og ákvæði laganna nr. 58/1998, um þjóðlendur, hafi að forsendu að óbeinn eignarréttur hafi víða stofnast utan eignarlanda, svo sem til afrétta þar sem einkum hafi verið um beitarrétt að ræða. Sé þá gert ráð fyrir að stofnun þessara réttinda hafi átt sér stað með þeim hætti að landið hafi verið tekið til afnota og afnotaréttindin síðan hlotið festu fyrir hefð og venju, sbr. einkum nú 7. gr. laga nr. 45/1905, um hefð. Loks sé ekki gert ráð fyrir að neindir almenningar hafi verið í Austur-Skaftafellssýslu.

Eigendur og umráðamenn jarða í Bjarnanestorfu haldi fast við kröfur sínar um óbeinan eignarréttar, þ.e. að þeir eigi takmörkuð afnotaréttindi/itaksréttindi á tilteknum landsvæðum, svo sem beitarréttindi.

Kröfur þessar styðjist við hefðarlög, nr. 45/1905, einkum 7. gr., þar sem segi að notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim er gilda um eignarhefð skapi afnotarétt. Eigendur og umráðamenn jarða í Bjarnanestorfu hafi beitt fénaði sínum á umrædd svæði í meira en 20 ár, sbr. 2. gr. hefðarlaga. Þeir hafi beitt fénaði sínum átölulaust á nefnt land og í þeirri réttmætu trú að þeim væri það heimilt. Til nefndrar notkunar hafi þeir stofnað á heiðarlegan og ráðvandan hátt, sbr. gagnályktun frá 2. mgr. 2. gr. hefðarlaga. Þeir hafi ekki stofnað til afnotanna með neins konar leigusamningi, sbr. gagnályktun frá 3. mgr. 2. gr. hefðarlaga.

Um afnot Skógeyjar athugist að afnot á eyinni hafi verið rofin með stjórnvaldsboði, þ.e. þeir hafi misst umráð yfir eyinni óviljandi. Sá umráðamissir hafi því ekki fellt niður hefðarrétt þeirra, sbr. 1. mgr. 4. gr. hefðarlaga.

Í munnlegum málflutningi var jafnframt vísað til þess að reglum um hefð væri ætlað að tryggja það ástand sem varað hefði á liðnum árum. Þær væru einnig til komnar vegna framleiðslusjónarmiða, þ.e. til þess að sá sem nýtt hafi landið sér til framfærslu geti haldið þessum undirstöðupætti framleiðslu sinnar og þessum grundvelli tilveru sinnar með sama hætti og áður.

8.3. Árnastorfa

Af hálfu eigenda jarða Árnastorfu er í upphafi greinargerðar vikið stuttlega að aðdraganda að setningu þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þá er gerð grein fyrir þeirri gagnrýni sem kröfugerð fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins hefur sætt á opinberum vettvangi. Því næst er greint frá meðferð málsins í meginráttum.

Þá er vikið að rökstuðningi fyrir eignarréttarkröfu jarðeigenda. Vísað er til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur og því haldið fram að með kröfugerð ríkisins sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti og í því sambandi minnt á 72. gr. stjkskr. og 1. gr. 1. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Hugsanlega veiti mannréttindasáttmáli Evrópu eignarréttinum enn ríkari vernd en stjórnarskráin þar sem dómar mannréttindadómstóls Evrópu bendi til þess að réttmætar væntingar manna til eignarréttar, sem byggist m.a. á því að ríkisvaldið hafi með einum eða öðrum hætti viðurkennt eignarréttinn, t.d. með því að þinglýsa eignayfirfærsluskjölum athugasemdalaust um ára-

tugaskeið sé verndaðar af mannréttindaákvæðunum. Þessu til stuðnings sé vísað til dóms Mannréttindadómstólsins frá 23. nóvember 2000 „Former King of Greece and others vs. Greece“.

Í greinargerðinni er því næst vikið að sönnunarreglum. Rétt sé að gæta að hinum almennu sönnunarreglum og því hvernig sönnunargögn séu metin en um það séu ákvæði í VI-XII. kafla einkamálagála nr. 91/1991.

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Eigendur Árnastorfunnar telji að þeir hafi sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðum sínum. Eldri heimildir mæli þeim ekki á mót. Ríkið hafi sönnunarbyrðina fyrir því að landamerki þessara jarða séu röng.

Landeigendur telji einnig ljóst að skv. úrskurðum óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 þá hafi ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að land, sem tilheyri jörðunum í Nesjum, teljist til þjóðlendna.

Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, benda til beins eignarréttar.

Byggt sé á því að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Við setningu landamerkjalaganna, nr. 5/1882 og síðan laga nr. 41/1919, hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum hverjum í sínu umdæmi borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Allt til ársins 1981 hafi verið gert ráð fyrir að sérstakur dómstóll, landamerkjadómstóll, skæri úr ágreiningi um landamerki. Löggjafavaldið hafi með þessu viljað tryggja að landamerki væru sem skýrust og að ekki þyrftu að vera deilur um þau. Landamerkjalögunum hafi verið ætlað að koma þessum málum í gott horf í eitt skipti fyrir öll og hafi fyrirmælum laganna verið fylgt og landamerkjalýsingar gerðar fyrir nær allar jarðir.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða hver landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem sú skoðun hafi verið óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt. Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvefrrar skyldu ráða veiði á landi.

Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Skylda landamerkjalaganna taki m.a. til merkja milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lenda, krefjist sá sem land á að afrétti eða lendu þess.

Landamerkjalýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjalaganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum máldögum og eldri landamerkjabréfum. Svo sé einnig í Nesjum svo sem síðar verði rakið. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukid vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land, sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða eða eftir atvikum í sameign einhvers tiltekens fjölda jarða, teljist eignarland.

Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland og í því sambandi vísað til úrskurða óbyggðanefndar í Árnessýslu.

Því er haldið fram að hefðarreglur leiði til þeirrar niðurstöðu að allt land í Nesjum sé eignarland.

Hefð megi rekja allt til Rómaréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Lengi hafi verið óvissa um hvort hefðarréttur gildi hér á landi. Í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746 hafi verið kveðið á um að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign. Víða sjái þess stað að út frá því hafi verið gengið að hefðarreglur Norsku eða Dönsku laga (1683 og 1687) hafi gilt hér á landi. Einnig sé vikið að hefðarreglum í nokkrum tilskipunum, sbr. konungsbréf frá 18. apríl 1761, nýbýlatilskipuninni frá 1776 og tilskipun frá 17. apríl 1833 viðvikjandi óðalsrétti á Íslandi.

Landsyfirréttur hafi í dómi sínum þann 5 maí 1830 ótvírætt gengið út frá því að hefðarreglur Norsku laga giltu á Íslandi þó að rétturinn hafi síðar í dómi frá 19. desember 1887 hafnað hefðarreglum. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga 46/1905. 1. gr. hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé ákvæðinu ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardóminum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. Þjóðlendulaga i.f. Gaukur Jörundsson telji að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afréttur eða almenningur sé skilyrðum hefðar á annað borð fullnægt en telji að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla.

Því sé alls ekki haldið fram að Árnastorfan hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur liggja fyrir að landið hafi verið numið. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðila.

Gaukur Jörundsson telji jafnframt að slaka beri á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmætið og allar aðstæður gefi minna tilefni til víðtækra umráða og fjölbreyttra nota. Í H 1997 2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd enda þótt not hefðanda sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Venjuréttur og hefð falli hér saman og eigi að leiða til þess að allar eignarheimildir landsins í Nesjum tilheyri jörðunum sem það land hafi nýtt öldum saman. Hluti af þessu landi hafi verið í opinberri eigu og hafa landeigendur keypt það af ríkinu.

Í greinargerðinni er þessu næst vikið að landnámsmörkum í Nesjum. Ríkið haldi því fram í greinargerð sinni að miða beri eignarlönd við landnámsmörk en sá sé munurinn að landeigendur telji að landsvæði það, sem deilt sé um í þessu máli, hafi allt verið numið í öndverðu. Vísað er í ýmsar heimildir þessu til stuðnings.

Ekkert bendi til annars en landið hafi verið numið allt til jökla og sé hugleiðingum lögmanns fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins um annað mótmælt sérstaklega. Þannig hafi fræðimenn talið að mjög víða hafi land verið numið allt til jökla.

Landið sé nú allt innan landamerkjara jarða og hafi svo verið samkvæmt elstu heimildum. Útilok að sé að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag, hins vegar verði að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kunnir að vera um hvort landnámin náðu til jökla í Nesjum.

Atriði eins og staðhættir, víðátta og gróðurfar ráði því ekki úrslitum þegar eignarréttur á landi sé metinn á þessu svæði. Sé það í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar í sambærilegum málum.

Notkun lands geti auðvitað gefið vísbendingar um hvort land sé eignarland eða ekki en ekki megi alhæfa út frá því. Megi sem dæmi nefna að mjög stór hluti lands á láglandi sé ekki í neinum heilsársnotum af skiljanlegum ástæðum. Yfir vetrartímamann sé landið gegnfrosið og enginn skepna fari um það.

Um meinta aðgreiningu lands í heimalönd og afrétti sem lögmaður ríkisvaldsins nefni, þá telji

landeigendur að innan jarðanna sé ekki um afrétti að ræða í þeirri merkingu að þar sé um landsvæði að ræða sem lúti stjórn hreppsfélagsins. Afréttir séu hvergi markaðir með sjálfstæðum landamerkjum þó heimildir tali um að jarðirnar eigi afrétt. Sú túlkun, sem heimamenn leggi í orðið afréttur í þessu sambandi, sé að það merki beutiland jarðarinnar. Slík lönd sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarlönd í víðustu merkingu þess orðs séu að mati landeigenda eignarlönd enda viðurkennt af fræðimönnum að svo geti verið. Mótmælt sé órökstuddum fullyrðingum ríkisvaldsins um að land jarðar skiptist í heimaland og annað land.

Snemma hafi orðið til reglur um beitarnýtingu á landi enda hafi sveitarfélögin snemma tekið við skipulagningu á fjallskilum og skipti þá engu í hvers eigu landið sem smala þarf sé, sbr. 4. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil, nr. 6/1986, sbr. 52. gr. sömu laga.

Engin afréttarmörk séu til á þessu svæði og enginn reki fé á annars land nema með leyfi landeigenda. Innan torfu hafi menn hins vegar upprekstrarétt á grundvelli sameignar eða sammings.

Þá hafi landeigendur séð um réttir á þessu svæði sjálfir en ekki fjallskilastjórn svo sem skylt sé að gera með afrétti, sbr. 49. gr., sbr. 51 gr. laga, nr. 6/1986.

Landeigendur telji að land Árnanesjarðanna hafi ekki sambærilega stöðu og Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Þar hafi vissulega verið um afréttarlönd, sem allir jarðeigendur hreppsins höfðu aðgang, að ræða og verið undir opinberri stjórn en ekki heimalönd. Munurinn liggja m.a í þeim notum sem menn hafi og hafi haft af þessum heimalöndum umfram afréttarlöndin og þeim réttindum og skyldum sem landeigendur hafi þar haft. Það sem mestu skipti sé þó að innan jarða, þó víðfeðmar séu, hafi landeigendur getað bannað öðrum not landsins. Algerlega sé því mótmælt sjónarmiðum um að til séu einhvers konar almenningsafréttir innan jarðanna sem og kenningum um að land á þessu svæði hafi verið numið til afnota. Slíkar hugmyndir fari þvert gegn heimildum um landnám á þessu svæði og gegn þeim heimildarskjölum sem liggja til grundvallar eignarrétti viðkomandi jarðeigenda. Miklu líklegara sé að afnotaréttur af eigendalausum landi á miðhálandi Íslands hafi getað myndast fyrir venju. Slíkt eigi ekki við í Nesjum og því sé mótmælt sérstaklega að miðhálandi Íslands nái til lands í Nesjum.

Í greinargerðinni er því næst vikið að umsvifum og framkvæmdum sem ekki lúta að beit. Allt frá því að áhugi hafi skapast á annarri starfsemi en lýtur að beit búfjár á landsvæði þessu hafi verið litið á það sem sjálfsagðan hlut að landeigendur þyrftu að veita leyfi til þess ef frumkvæði væri annarra en tækju sjálfir upp slíka starfsemi þar án þess að bera það undir aðra. Enginn hafi gert athugasemd við þetta forræði.

Af hálfu ríkisvaldsins séu í kröfugerð þess raktir svonefndir skotveiðidómar og reynt að gera mikið úr vægi þeirra. Geitlandsdóminn er fallið hafi í Hæstarétti 3. nóvember 1994 sé einn þeirra. Um þann dóm hafi Karl Axelsson hrl., nú einn nefndarmanna í óbyggðanefnd, skrifað grein í Tímarit lögfræðinga 1995 og spurt sig þeirrar spurningar hvort dómurinn breytti réttarstöðunni. Niðurstaða hans hafi verið sú að líta yrði til þess að um opinbert mál væri að ræða og sönnunarbýrðin því alfarið lögð á ákærvaldið, um tilvist þess eignarhalds sem málareksturinn var byggður á. Jafnframt hafi hann bent á að eigendur landsins hefðu ekki verið aðilar að málinu og því ekki haft tækifæri á að reifa sjónarmið sín eða hugsanleg gögn sem þeir byggðu eignarréttartilfall sitt á. Niðurstaða Karls hafi því verið sú að dómurinn breytti ekki neinum grundvallarforsendum á þessu réttarsviði eða skapaði það fordæmi sem leysi almennt úr sambærilegum eignarréttarþrætum. Það sama megi segja um aðra skotveiðidóma.

Þá er vikið sérstaklega að kröfugerð eigenda jarða í Árnanesstorfu. Á því sé byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkja jarðanna, sé undirorp-ið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram.

Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum jarðanna, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum jarðeigenda hafi verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. H 1961 629. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land jarðeigenda í Árnastorfu sé ekki fullkomin eign þeirra.

Samkvæmt eignarheimildum þeim sem lagðar hafi verið fram með kröfulýsingum í málinu hafi eigendur jarða í Árnastorfu óskoraðan eignarrétt fyrir þessum eignarjörðum sínum með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Þeir hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi hverrar jarðar sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta. Enn fremur hafi íslenska ríkið greitt landeigendum arð af hreindýraveiði samkvæmt þeim reglum sem um það gilda.

Landeigendur telji að almennt gildi um jarðir í Nesjum að þær séu á landsvæði sem upprunalega hafi verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað hafi verið til nýbýla á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hafi verið að stunda þar búskap árið um kring. Eflaust sé að finna land innan hverrar jarðar sem ekki verði nýtt til landbúnaðar enda viðurkennt að setning merkja hæglega hafi tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hafi verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hafi eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggæmingum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum á sama hátt og gildi um eignarland yfirleitt.

Jarðeigendur hafi því haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi á umþrættu landsvæði enda hafi þeir getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar.

Árnanes hafi verið bóndaeign skv. jarðabók 1697. Bærinn hafi lengst af heitið Arnanes en Árnanesnafnið notað einvörðungu frá 1870. Hálfkirkja hafi verið í Árnanesi fyrrum. Land jarðarinnar sé gott ræktarland hið neðra. Flugvöllur sé í landi jarðarinnar. Nýbýlin Akurnes og Seljavellir hafi verið byggð út úr jörðinni 1937 og 1955.

Laxárdalur sé austanmegin þ.m.t. sá hluti hans sem liggja ofan kröfulínu ríkisvaldsins og sé hann grösugur og nokkuð gott beitiland. Af þeim sökum hafi nágrennar sóst í að eignast hlut í þessu landi. Dalurinn hafi verið sameign allra eigenda Árnanesjarðanna. Þannig hafi löndum neðan hans verið skipt en efri hluti dalsins þ.e. ofan Selmýrarhryggs hafi jafnan verið í óskiptu. Við eigendaskipti á jörðunum hafi jafnan við afsal einstakra jarða fylgt ákveðin prósentu hluti í dalnum. Nýbýlastjórn ríkisins hafi í á sínum tíma um 1950 keypt $\frac{3}{4}$ hluta af fjórðungi (þ.e. 17,42%) í þeim tilgangi að afla beitilands fyrir jarðir utan Árnastorfunnar, þ.e. vegna nýbýla í Þinganeslandinu. Jafnframt hafa nokkrir aðilar, sem keypt hafa spildur úr Árnastorfunni, eignast hlutdeild í hinu óskipta landi á Laxárdal. Eignarhlutföll í Laxárdal séu nú þannig að Seljavöllum, þ.e. þeim Eiríki og Hjalta Egilssonum tilheyri 24,77%, Akurnesi þ.e. Ragnari Jónssyni tilheyri 20,69%, Ragnari Stefánssyni vegna Árnanes tilheyri 20,69%, Nýbýlastjórn (sumir hlutar seldir nýlega) tilheyri 17,42% vegna jarðanna Þinganes, Grænahrauns, Sauðanes, Haga og Dynjanda. Karl Sigurðsson eigi 4,64%, Sigurbjörg Ragnarsdóttir 4,64% og Marteinn Lúther Gíslason 4,64%.

Eignarheimildir eigenda jarða í Árnastorfu byggist á framlögðum afsöllum til þeirra og vísist til þeirra. Þá sé vísað til landamerkjaskrá fyrir Árnanes frá 21. nóvember 1921.

Lengi hafi verið deilt um landamerki í Laxárdal enda dalurinn eftirsótt eign. Í þessum deilum hafi aldrei komið til greina að dalurinn teldist einhvers konar almenningseign. Um þetta sé vísað til endurrits úr dómabók Kristjáns Vigfússonar sýslumanns frá 29. apríl árið 1800, landamerkjabréfsins frá 1. nóvember 1921 og til dómsáttar um landamerki Borga og Árnanesjarða frá 20. febrúar 1991.

Ljóst sé af ofanrituðu að kröfugerð ríkisins sé ekki í samræmi við þann skilning sem margir úr röðum ráðamanna og stjórnvalda hafi lagt í þjóðlendulögin. Þrátt fyrir þessar ályktanir sem og nýlega niðurstöðu óbyggðanefndar hefur fjármálaráðuneytið sig fast við fyrri kröfur.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi talið að löggjafinn gæti farið með ákveðin umráð eigandalauss

lands í skjóli valdheimilda sinna sé gerð athugasemd við það að löggjafinn framselji vald þetta til stjórnvalda og jafnframt feli stjórnvöldum að skera úr um það hvaða land skuli undirorpið eignarrétti ríkisvaldsins og hvað skuli skilið eftir handa raunverulegum eigendum landsins. Sé allur réttur áskilinn til að láta reyna á það fyrir dómstólum hvort þessi skipan mála standist reynist þess þörf.

Þá sé mótmælt því sem fram komi í greinargerð ríkisvaldsins að ekki hafi þurft að stofna óbyggðanefnd ef miða hafi átt við þinglýst landamerki um mörk þjóðlendna. Landeigendur telji að tilgangurinn með lögum um þjóðlendar hafi fyrst og fremst verið sá að gera ríkið þinglýstan eiganda þeirra landsvæða sem enginn hafi skjöl fyrir að hann eigi en svo hátti til um hluta afrétta og jökla á miðhálandi Íslands. Óbyggðanefnd eigi að finna út hver þessi eigendalaus svæði séu, sbr. 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

Jarðeigendur í Nesjum haldi því fram að svo sé með allt það land sem þeir hafi þinglýsta eignarheimild fyrir. Innan þinglýstra landamerkjara fari landeigendur einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfirráð.

Í málflytningi var enn fremur gerð sérstök athugasemd við legu kröfulínu íslenska ríkisins yfir Laxárdal sem jarðeigendur telja með öllu órökstudda. Þá var lögð áhersla á það að landamerkjabréf Árnanes væri í fullu samræmi við eldri heimildir um merki jarðarinnar.

9. VIÐAUKI VIÐ ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá bls. 105.

10. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐARNEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

10.1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar. Þá verður gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Við þá umfjöllun verður staðfræðilegri röð einstakra jarða fylgt, frá norðvestri til suðausturs.¹ Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar. Loks verður gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

10.2. Landnám

Í kafla 6.1. er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi á svæði því sem síðar nefndist Nes. Þar kemur fram að Nes voru hluti af landnámi Hrollaugs Rögnvaldssonar og náðu frá Horni til Kvíár. Haraldur Matthíasson taldi landnámið hafa náð í austri frá Vestra-Horni en Einar Ólafur Sveinsson miðaði við fjallgarðinn milli Lóns og Hornafjarðar og Vestri-Kvíár. Síðar seldi Hrollaugur þetta landsvæði. Maður sem Ketill nefndist eignaðist Hornafjarðarströnd utan frá Horni og til Hamra en Auðunn rauði keypti landið frá Hömrum „og út öðrum megin til Viðborðs“. Landnámsmörk í Nesjum eru þannig nokkuð glögg til austurs og vesturs.

Í Landnámabók er norðurmörkum landnáms í Austur-Skaftafellssýslu ekki lýst en hafa má til hliðsjónar það sem segir í Hauksbók að sumir þeir sem fyrstir komu til landsins hafi reist sér bú við fjallsrætur („byggðu næstir fjöllum“) til að nýta þar landkosti, einkum beitina.

Land í Nesjum er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra. Þar á milli rís fjalllendi og heiðarlönd, sundurskorið af stórum og smáum dölum, en næst ströndinni og upp með helstu ám er

¹ Umfjöllun um einstök örnefni grundvallast á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð og almennum uppláttarritum, svo sem Árbókum Ferðafélags Íslands.

undirlendi. Hálendi og jöklar blasa við frá fjöru séð en þar á milli eru u.þ.b. 20-30 km. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Nesjum verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni, sbr. kafla 5.2. og 5.4.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga er ekki útilokað að land í Nesjum hafi að verulegu leyti verið numið frá sjávarmáli að þáverandi jökulbrún eða lengra. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

10.3. Hoffellstorfa (Svínafell, Hoffell I-II, Miðfell, Setberg I-II og fjallendi Dilksness í Reifsdal)

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Hoffellsjarða, dags. 16. maí 1884 og þingl. 12. maí 1890, þ.e. Hoffells, Setbergs og Svínafells, ásamt Hoffellslambatungum og þeim hluta Vatnajökuls sem kröfugerð eigenda Hoffellstorfu tekur til. Við þá umfjöllun verður ekki tekið tillit til skiptingar lands innan Hoffellstorfu í Svínafell, Hoffell I-II, Miðfell, Setberg I-II og fjallendi Dilksness í Reifsdal.

Að Hoffellstorfu liggja Viðborð og Viðborðssel á Mýrum að vestan og Þórisdalur í Lóni að austan. Til suðurs eru Krossbæjartorfa og Bjarnanestorfa í Nesjum auk Hvammstorfu í Lóni en Vatnajökull, þ.m.t. skriðjöklaðir Hoffellsjökull ásamt Svínafellsjökli og Lambatungnajökull, til norðurs. Er þá ekki tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfanna.

Skörp landfræðileg skil eru á milli undirlendis og fjallendis Hoffellstorfu, svo sem víðast annars staðar í Nesjum. Bærinn Svínafell stendur suðaustanundir Svínafellsfjalli. Landfræðilega er Svínafell aðskilið frá Hoffelli og Setbergi af Suðurfljótum og Austurfljótum. Suðurfljót eiga upptök í Viðborðsjökli, innanlega á Viðborðsdal, og neðar rennur í það Jökulfellskvísl sem kemur úr jökullóninu Svínafellsvatni. Austurfljót koma úr minna jökullóni við austanverðan Hoffellsjökul. Milli lónanna er lítið fell, Öldutangi, og suður af því er Svínafellsfjall. Vestan við Svínafellsvatn er lágt fell, Jökulfell, og vestur á sandinum er klettaeyjan Stóra-Díma, um 60 m á hæð. Að öðru leyti er land Svínafells flatt undirlendi, sandar og leirur, myndaðar af framburði jökulsins og jökulánna. Norðan við Svínafell er Hoffellsjökull, nánar tiltekið sá hluti hans sem nefnist Svínafellsjökull. Fáir jökulsporðar hafa dregist jafnmikið aftur og Svínafellsjökull. Á árabílinu 1930-1992 nam það 2,6 km og er orðið vel á fjórða km síðan hann var mestur fyrir aldamótin 1900, sbr. kafla 5.4.2.

Bærinn á Hoffelli stendur sunnan undir felli sem er syðst Hoffellsfjalla en bærinn á Setbergi stendur suðvestur undir Setbergsheiði. Hoffellsdalur skilur á milli Hoffells og Setbergs. Dalurinn er um 10 km að lengd og gengur fyrst til norðurs en síðan norðausturs inn í hálendið. Vestan Hoffellsdals eru Hoffellsfjöllin sem mynda fjallgarð undan suðausturhorni Vatnajökuls austan Hoffellsjökuls. Þau fara hækkandi er norðar dregur inn af Hoffellsfjalli. Norður af því eru Skjólahnjúkar (928 m), þá Tungufell, Miðfell, Geitafell, Efstafell (1275 m) og Gjánúpstindur (1139 m). Fjöllin þar inn af nefnast einu nafni Hoffellsnúpar. Þar nyrst, inn undir jökli, eru Múli og Sultartungnasker. Norðan Gjánúpstinds, vestan Lambatungnajökuls, er Gunnsteinsfell og norður af því Goðahryggur en hæsti tindur hans er Goðaborg (1425 m).

Inn í Hoffellsfjöllin vestanverð ganga nokkrir dalir og dalverpi. Að austanverðu, frá Hoffellsdal, ganga einnig fjölmörg gil inn í fjallendið. Vesturhlíðar Hoffellsdals fara hækkandi inn undir Grasgiljatind (1267 m). Austurhlíðar dalsins rísa einnig bratt upp af dalbotninum og eru sundurskornar af djúpum gljúfrum en ofan þeirra gnæfa allt upp í 900-1000 m háir tindar.

Í hálendinu austan Hoffellsdals er Setbergsheiðin (670 m) fremst, tiltölulega aðliðandi að ofan en sums staðar nokkuð brött, norður undir Ranagil. Austur af heiðinni eru Miðfellstindur (1056 m) og Seltindur (951 m). Á austurhluta svæðisins er Reifsdalur í um 300 m hæð og suður af honum Giljadalir í 300-600 m hæð. Norðan Reifsdals eru Grjóthólasker (861 m) og norðan þeirra er Ósdalur og Ósdalsheiði sem að mestu er í 400-600 m hæð. Norðan Rana og Selbotns, upp af Hoffells-

dal, er fjalllendið mjög úfið, og þar eru m.a. Reifstindur (1046 m), Kálfatindur (939 m), Njörva-fellstindur (989 m) og Vatnssteinafellstindur (816 m). Enn norðar er Vatnsdalur og Vatnshlíðargil sem er innsta stóra gilið í austanverðum Hoffellsdal. Ofan þess er stöðuvatn, Hoffellsvatn, í vel grónu dalverpi í 452 m hæð. Milli þess og Lambatungnajökuls er fellið Vatnssker (650 m).

Norðaustan við Lambatungnajökul er fjalllendið Hoffellslambatungur. Það er ofan 400 m hæðar og er hæsti tindur þess Lambatungnatindur (1240 m). Norður af þeim fellur Austurtungnajökull niður og undan honum Lambatungnaá sem nokkru sunnar rennur í Skyndidalsá.

Íslenska ríkið hefur í meginatriðum dregið kröfulínu sína frá sunnanverðu Jökulfelli, yfir Svínafellsvatn og neðst í Hoffellsjökul. Þaðan liggur línan beint í Geitafell í Hoffellsfjöllum. Þaðan yfir Hoffellsdal og efst í Njörvafell. Þaðan er dregin lína vestast í Setbergsheiði og yfir Grjótárdal beint í Krossbæjartind. Samkvæmt þessari kröfugerð er m.a. þjóðlenda á því landsvæði sem liggur milli Hoffellsjökuls og Lambatungnajökuls. Þannig er t.d. gerð krafa um að Hoffellsmúli, Hoffellsnúpar, Vesturdalur, Fossdalur og norðanverður Hoffellsdalur séu innan þjóðlendu. Einnig eru m.a. Jökulfell, hluti Svínafellsvatns, Vatnsdalur, Ósdalur, Reifsdalur og Hoffellslambatungur samkvæmt þessu innan þjóðlendu. Kröfu þessari er nánar lýst í kafla 3.1.

Upphaflega lýstu eigendur jarða í Hoffellstorfu kröfum um beinan eignarrétt að sama landsvæði að jökulrönd eins og hún er á hverjum tíma, að öðru leyti en því að gerð var krafa um beinan eignarrétt að Hoffellsjökli. Með bréfi, dags. 14. maí 2003, var kröfugerð vegna Hoffells I-II og Miðfells aukin þannig að allt land sunnan vatnaskila til norðurs teldist háð einkaeignarrétti jarðanna. Af hálfu eigenda jarða í Hoffellstorfu er þannig gerð krafa um beinan eignarrétt að hluta Vatnajökuls, þ. á m. Hoffellsjökuls og Lambatungnajökuls. Með sama bréfi var gerð varakrafa um að allt það land, sem liggir undir Lambatungnajökli, verði talið til jarðanna og teljist háð einkaeignarrétti eigenda þeirra og verði mörk einkaeignarlands jarðanna og þjóðlendu dregin þvert yfir jökulinn þar sem hann tengist jökulbreiðu Vatnajökuls. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.2.

Þá hafa eigendur og umráðamenn jarða í Bjarnanestorfu lýst kröfu um beitarrétt í Hoffellsfjöllum, Hoffellslambatungum og Reifsdal, teljist viðkomandi landsvæði innan þjóðlendu. Kröfu þessari er nánar lýst í kafla 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er að meginsteftu byggt á því að mörk eignarlanda og þjóðlendu séu hin sömu og landnámsmörk. Vísað er til þess að glögg komi fram í heimildum um landnám í Nesjum, að hálendi, fjöll, öræfi og jöklar hafi ekki verið numin til eignar. Hæstiréttur hafi gert ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Jöklar hafi aldrei talist til eiginlegra almenninga þar sem þeir hafi ekki verið nytjaland. Jöklarnir hafi hins vegar flokkast með öræfum og verið einskismannsland en eftir lögtöku þjóðlendlaga verði að gera kröfu til þess að þeir teljist þjóðlenda. Landsvæði það, sem þjóðlendukrafa ríkisins ná til, sé fjarri heimalöndum Hoffellstorfu. Einu skriflegu heimildirnar um nýtingu lands utan heimalanda jarðanna séu um afréttarnot og fjallskil. Ýmsar jarðir hafi t.d. haft þar beitaraftot. Um afréttarland sé því að ræða sem einungis hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búfénað en ekki numið í öndverðu. Hvað Svínafell varðar sé kröfugerð jarðeigenda í samræmi við landamerkjálýsingar nema hvað jökull hafi legið mun sunnar er þær voru gerðar. Kröfugerð um eignarland inn til jökla sé að öðru leyti algerlega órökstudd. Hvað fjallendi Dilksness í Reifsdal varðar er af hálfu íslenska ríkisins vísað til orðalags afsals fyrir landsvæðinu. Þar segi að afsalað sé afréttarlandi. Enn fremur segi í landamerkjaskrá fyrir Hoffellsjörðunum að Reifsdalur tilheyri torfunni. Þannig hafi hann ekki verið hluti jarðarinnar. Þetta styðji kröfu um þjóðlendu. Loks er vísað til þess að um öræfi fjarri byggð sé að ræða og margar jarðir átt þar afrétt. Þá sé dalurinn innan fjallskilasvæðis í Nesjum. Um Hoffellslambatungur er loks vísað til orðalags landamerkjaskrár fyrir Hoffellsjörðunum. Þar segi að svæðið fylgi Hoffelli. Þannig sé ljóst að Hoffellslambatungur hafi aldrei verið taldar hluti af torfunni. Því til stuðnings er vísað til þess að um öræfi fjarri byggð sé að ræða og margar jarðir hafi átt þar afrétt.

Af hálfu eigenda Hoffellstorfu, sbr. kafla 8.1., er því haldið fram að í Nesjum séu engir afréttir í merkingunni sameiginlegt upprekstrarland. Allt land sé háð einkaeignarrétti jarðeigenda. Hugtakið afréttur sé notað til að tákna afnot en ekki eignarhald. Nýting lands ráði ekki eignarhaldi og síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti þar engu um. Þessu til stuðnings er einkum vísað til þinglýstra landamerkjálýsinga og ákvæða landamerkjálaga sem hafi m.a. haft þann tilgang að tryggja eignarrétt landeigenda. Jafnframt er byggt á sönnunargildi ómótmæltra þinglýsinga og hefð. Heimildargildi Landnámu er mótmælt en talið að menn hafi gætt þess að nema það land sem nauðsynlegt var til búskaparins, þ. á m. sumarbeitiland fyrir sauðfé, auk þess sem veðurfar og gróður hafi verið með öðrum hætti á landnámsöld en nú.

Varðandi kröfu um að norðurmörk Hoffells I-II og Miðfells fylgi vatnaskilum til norðurs og varakröfu um að land, sem liggja undir Lambatungnajökli, teljist til jarðanna er einkum vísað til þess að af íssjarmælingum megi ráða að Lambatungnajökull liggja í dal allt inn til Goðaborgar og hafi því verið hluti af jörðunum og beitarlandi þeirra áður en veðurfarslegar aðstæður hafi breyst og jökull lagst yfir dalinn. Þá er vísað til fornra heimilda um að fram yfir 1500 og eitthvað lengur hafi jöklar á suðausturhorni landsins verið miklu minni en síðar varð.

Af hálfu eigenda og umráðamanna jarða í Bjarnastorfu, sbr. kafla 8.2., er vísað til hefðar, einkum 7. gr. hefðarlaga, nr. 45/1905. Þeir hafi beitt fænaði sínum átólulaust á umrædd svæði í meira en 20 ár í þeirri réttmætu trú að þeim væri það heimilt.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hoffellstorfu er rakin í kafla 6.2. Þar kemur fram að Hoffells og Svínafells er getið í heimildum allt frá því um 1200 en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til 9. og 10. aldar. Setbergs er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að upphaflega hefur verið um þrjár sjálfstæðar jarðir að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Síðar hafi jarðirnar Svínafell og Setberg verið lagðar undir kirkjuna í Hoffelli, Svínafell skömmu fyrir miðja 14. öld og Setberg eigi síðar en í lok 15. aldar. Á fyrri hluta 20. aldar voru Svínafell og Setberg svo skildar frá Hoffelli á ný.

Svo sem fram kemur í kafla 10.2. eru austur- og vesturmörk landnáms í Nesjum nokkuð ljós en um mörk inn til landsins er ekki getið í Landnámu. Lýsing á landnámi fyrir landi Hoffellstorfu er þannig takmörkuð.

Að því leyti, sem vafi kann að leika á um landnám á þessu svæði, vísast því til fyrri niðurstöðu óbyggðanefndar um heimildargildi Landnámu þar sem segir að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum jarðatorfunnar er að finna í landamerkjabréfi Hoffellsjarða, þ.e. Hoffells, Setbergs og Svínafells, dags. 16. maí 1884 og þingl. 12. maí 1890. Merki í vestur, austur og suður eru tilgreind en norðurmörkum ekki lýst sérstaklega.

Vesturmörkum torfunnar, þ.e. mörkum Svínafells gagnvart Viðborði og Viðborðsseli á Mýrum, er í bréfinu lýst frá jöklinum milli Jökulfells og Hálsa, út úr fljótum milli stóru Dímu og litlu Dímu út á móts við Gildrusker. Bréfið er áritað vegna Viðborðs. Þessum mörkum er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi Viðborðs og Viðborðssels, dags. 12. maí 1884 og þingl. 6. maí 1886, enda þótt þar skorti áritun vegna Hoffellstorfu. Þá er mörkum og lýst með sama hætti í sérstöku landamerkjabréfi Svínafells, dags. 29. júní 1921 og þingl. 4. júlí 1923, sem áritað er vegna Viðborðs, Viðborðssels, Hoffells og Stóruháls. Engar eldri lýsingar á landamerkjum Viðborðs og Viðborðssels að þessu leyti eru fyrir hendi, sbr. mál nr. 3/2001 hjá óbyggðanefnd, Mýrar.

Austurmörkum Hoffellstorfu, gagnvart Þórisdal í Lóni, er lýst þannig í landamerkjabréfi torfunnar að Laxá ráði úr Brennhöfðagljúfri inn í Fossbotn, þaðan norður í Lambastígshnúk og þaðan austast um Nautastígsbrúnnir inn í jökul. Eðlilegt er að líta svo á að hér sé átt við Lambatungnajökul. Bréfið er áritað vegna Þórisdals. Landamerkjabréf fyrir Þórisdal hefur ekki fundist. Slíkt bréf er

ekki að finna í landamerkjabók Skaftafellssýslu á Þjóðskjalasafni Íslands og alls óvist hvort það hafi nokkurn tímann verið gert. Framangreind lýsing á merkjum til jökuls fær hins vegar vel samrýmst öðrum gögnum um landamerki Þórisdals, sbr. einkum lýsingu á landamerkjum Þórisdal frá 1467 þar sem segir m.a. að Þórisdalur ætti „alla jord oslitna j millum jokulsär og laxär. og allt in under jokul“, sbr. umfjöllun um Þórisdal í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón. Þannig er ljóst að Þórisdalur og Lambatungnajökull hafa legið á milli Hoffellstorfu og Hoffellslambatungna að meira eða minna leyti. Í landamerkjalyýsingu milli Hoffells og Setbergs, dags. og þingl. í júní 1912, er merkjum lýst í jökul milli Fossdalshnútu og Vatnsskerja. Skjalið er einungis áritað vegna Hoffells og Setbergs.

Þar sem austurmörkum Hoffellstorfu gagnvart Þórisdal í Lóni sleppir taka við suðurmörk gagnvart Hvammstorfu í Lóni. Í landamerkjabréfi Hoffellstorfu er þeim merkjum lýst þannig að Nautgil ráði milli Hoffells og Hvamms og frá því Reifsdalsgilið niður í Laxá. Bréfið er áritað vegna Hvammstorfu. Þessi lýsing er í ágætu samræmi við landamerkjabréf Hvammstorfu, dags. 27. apríl 1889 og þingl. 13. maí 1890. Það er og áritað vegna Hoffellstorfu. Eldri gögn um merki Hvammstorfu að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. umfjöllun um Hvammstorfu í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón.

Þá taka við suðurmörk Hoffellstorfu við Bjarnanestorfu. Þeim er í landamerkjabréfinu lýst þannig að suður frá uppsprettu Nautgils, þar sem fjallendi Hoffells og Bjarnaness nái saman, deili vötn. Bréfið er áritað vegna Bjarnanestorfu. Landamerkjabréf Bjarnanestorfu, dags. 17. apríl 1921 og þingl. 29. júní s.á., lýsir mörkum við Hoffellstorfu ekki sérstaklega heldur er merkjum lýst upp á Gildalabryr að vestan og af skerjum ofan að austan. Ekkert í landamerkjalyýsingu Bjarnanestorfu mælir því gegn lýsingu í landamerkjabréfi Hoffellstorfu. Landamerkjalyýsing Bjarnanestorfu er ekki árituð vegna Hoffellstorfu. Engar eldri heimildir eru um landamerki Bjarnaness að þessu leyti, sbr. kafla 10.5.

Á kröfulínukorti virðist sem ágreiningur sé um merki milli Hoffellstorfu og Bjarnanestorfu. Í vettvangsferð og við skýrslutökur í málinu kom fram að svo er ekki í raun heldur stafi skörun á kröfulínunum af rangri staðsetningu tiltekinna örnefna á kortinu. Við sama tækifæri var upplýst að Giljadalabryr og Giljadalabrunir er sama örnefnið.

Þar sem suðurmörkum Hoffellstorfu við Bjarnanestorfu sleppir taka við suðurmörk við Krossbæjartorfu. Þeim er lýst af ysta Gildruskeri og mæta þau því jafnframt vesturmörkum við Viðborð. Af ysta Gildruskeri liggja mörkin utan til beina línu utarlega um Péturshólma í fossinn í Grjótárgljúfrinu, frá fossinum beint í gilið í skerjabruninni vestan við Miðfell á Grjótárdal, þaðan beint norður á Giljadalabrunir. Bréfið er áritað vegna Krossbæjartorfu. Þessum mörkum er lýst með sama hætti í landamerkjabréfi Krossbæjartorfu, dags. 26. febrúar 1921 og þingl. 29. júní s.á. Bréfið er áritað vegna Hoffellstorfu. Þá er sömu lýsingu að finna í gerðabók fasteignamatsnefndar frá 1916, sbr. kafla 10.4.

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir lýsingum á landamerkjum Hoffellstorfu í landamerkjabréfi torfunnar og aðliggjandi jarða. Í þeirri umfjöllun kom m.a. fram að mörkum Hoffellstorfu gagnvart Þórisdal er lýst í Lambatungnajökul. Síðan segir svo í landamerkjabréfi Hoffellstorfu: „Auk þess fylgja Hoffelli Lambatungur þar inn af.“ Merkjum þess landsvæðis er þó ekki lýst. Í einhliða og óþinglýstum yfirlýsingum annars vegar eiganda Setbergs, dags. 5. júlí 1911, og hins vegar eiganda Hoffells, dags. 8. júlí 1911, um merki milli Setbergs og Hoffells, segir að Hoffell eigi Hoffellslambatungur og jafnframt að Lambatungnaá skilji á milli Hoffellslambatungna og Skyndidalsmúla. Í landamerkjabréfi Hoffells og Setbergs frá júní 1912 segir svo: „Hoffellslambatungur fylgja Hoffelli.“

Hoffellslambatungur eru fjallendi upp við jaðar Vatnajökuls, nánar tiltekið á milli Lambatungnajökuls og Austurtungnajökuls.

Samkvæmt kröfulýsingu eigenda Hoffellstorfu eru Hoffellslambatungur hluti af landi torfunnar

og afmarkast af Lambatungnajökli að vestan, Lambatungnaá að austan og Austurtungnajökli að norðan. Suðurmörk eru þar miðuð við línu sem dregin er frá ármótum Lambatungnaár og Skyndidalsár í Nautastígsbrúnir og þaðan í Lambatungnajökul. Hér athugist að líklegt er að Lambatungnajökull hafi náð lengra þegar jöklar voru stærri, sbr. kafla 5.4., e.t.v. að ármótum Skyndidalsár og Lambatungnaár. Þá hafa Hoffellslambatungur afmarkast af Lambatungnaá og jökli en ekki Skyndidalsá. Eigendur Hoffells og Þórisdals miða kröfugerð sína við að landskikinn sunnan Skyndidalsár sem ætla má að komið hafi undan jökli eftir að landmerkjabréf Hoffellstorfu var gert, þ.e. á milli ármótanna, núverandi jaðars Lambatungnajökuls og Nautastígsbrúna, teljist til Hoffellslambatungna.

Þegar landamerkjabréf torfunnar var gert, skömmu fyrir aldamótin 1900, voru Hoffellslambatungur landfræðilega aðskildar frá fjalllendi Hoffellstorfu með Lambatungnajökli. Jökullinn hefur verið til staðar allt frá landnámi þó hann kunni að hafa verið styttri við landnám en hann er nú, sbr. kafla 5.4. Þá hefur komið fram að í landamerkjabréfi Hoffellstorfu segir um austurmerki torfunnar að þau liggja „austast um Nautastígsbrúnir inn í jökul“ og „Auk þess fylgja Hoffelli Lambatungur þar inn af“. Með vísan til þessa telur óbyggðanefnd að skilja verði landamerkjabréf Hoffellstorfu svo að Hoffellslambatungur séu sérstakt landsvæði utan við eiginleg landamerki torfunnar. Með því er ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu Hoffellslambatungna sem fjallað verður um hér síðar.

Kemur þá til sérstakrar skoðunar hvernig afmarka skuli Hoffellslambatungur. Svæði þetta liggur að Stafafelli og Þórisdal í Lóni, auk þess jökulsvæðis, sem áður greinir, frá Lambatungnajökli að Austurtungnajökli. Merki Hoffellslambatungna verða helst ráðin af gögnum um afmörkun þessara jarða, auk yfirlýsinga um merki Hoffells og Setbergs.

Einhliða yfirlýsingum annars vegar eiganda Setbergs í Nesjum, dags. 5. júlí 1911, og hins vegar eiganda Hoffells, dags. 8. júlí 1911, þar sem hvor um sig lýsir merkjum Setbergs og Hoffells, ber saman um að Lambatungnaá skilji á milli Hoffellslambatungna og Skyndidalsmúla. Lýsingar þessar hafa hvorki verið þinglesnar né hlotið staðfestingu nágranna.

Í landamerkjabréfi Stafafells, dags. 23. maí 1914 og þingl. 10. júlí 1922, eru merki til vesturs miðuð við tiltekinn farveg Jökulsár þangað sem Skyndidalsá rennur í hana og „eftir það ræður Skyndidalsá mörkum inn í jökla“. Þessi lýsing er í ágætu samræmi við eldri heimildir um merki Stafafells að þessu leyti, sbr. kafla 10.6. í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón. Samkvæmt þessu mætti ætla að Hoffellslambatungur væru innan merkja Stafafells.

Landamerkjabréf Stafafells er ekki áritað vegna Hoffellslambatungna en Markús Gíslason, prestur í Stafafelli, er annar tveggja „umráðamanna“ sem hvor um sig áritar landamerkjabréf Hoffellstorfu frá 1884 vegna hálfis Þórólfsdals. Fyrirsvarsmenn Stafafells hafa þannig haft fulla vitneskju um bréf Hoffellstorfu og ekki að sjá að þeir hafi gert við það athugasemd. Svo virðist því sem óþarft hafi verið talið að árita bréfið vegna Stafafells. Kann það að skýrast af glöggri landfræðilegri afmörkun þar á milli, þ.e. Lambatungnaá sem kemur undan Austurtungnajökli og fellur í Skyndidalsá, sbr. það er að framan greinir um lýsingu merkja í lýsingu á merkjum Hoffells og Setbergs frá 1911.

Áður var fjallað um merki Hoffellstorfu gagnvart Þórisdal í Lóni. Þar kemur m.a. fram að austurmerki torfunnar, sem um leið eru vesturmerki Þórisdals, liggja „austast um Nautastígsbrúnir inn í jökul“. Í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón, er komist að þeirri niðurstöðu um austurmerki Þórisdals hið efra að þau liggja í Skyndidalsá, a.m.k. eftir 1641, og inn í jökla, sbr. landamerkjabréf Stafafellstorfu í Lóni, dags. 23. apríl 1914 og þingl. 10. júlí 1922.

Með hliðsjón af þeim merkjum Þórisdals sem áður hefur verið lýst, annars vegar um Nautastígsbrúnir inn í jökul og hins vegar í Skyndidalsá inn í jökla, og hopun jökuls á svæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að líta svo á að Hoffellslambatungur afmarkist af Lambatungnaá, þar til hún fellur í Skyndidalsá og Skyndidalsá, þangað sem hún kemur úr Lambatungnajökli. Landskikinn sunnan

Skyndidalsár, þ.e. á milli ármótanna, núverandi jaðars Lambatungnajökuls og Nautastígsbrúna, verður því ekki talinn innan merkja Hoffellslambatungna. Engin afstaða er þó tekin til þess hvort þessi landskiki skuli teljast innan merkja Hoffellstorfu eða Þórisdals.

Hér hafa að framan verið raktar heimildir um merki Hoffellstorfu, Hoffellslambatungna og aðliggjandi jarða til vesturs, suðurs og austurs. Norðurmörkum Hoffellstorfu er hins vegar ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfi torfunnar og sama máli gegnir um norðurmerki Hoffellslambatungna eins og önnur merki þess landsvæðis.

Af hálfu eigenda Hoffellstorfu er gerð sú krafa að þaðan sem vesturmörk torfunnar liggja í Svínafellsjökul fylgi þau jaðri jökulsins í norðvestur þar til hann tengist jökulbreiðu Vatnajökuls. Þaðan liggja mörkin þvert yfir Hoffellsjökul þar til þau skeri línu sem liggja á jöklinum mitt á milli Hoffellsmúla og Gæsaheiðar. Þaðan liggja vesturmörk torfunnar á jökli þar til þau komi að vatnaskilum til norðurs.

Jafnframt gera eigendur Hoffellstorfu kröfu til þess að frá Vatnsskerjum liggja austurmörk torfunnar í Lambatungnaá og fylgi henni inn í Austurtungnajökul. Þaðan liggja mörkin á jökli þar til þau komi að vatnaskilum til norðurs. Norðurmörk torfunnar fylgi vatnaskilum til norðurs.

Samkvæmt þessari kröfugerð er allur sá hluti Vatnajökuls, sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafla 2.3., innan merkja torfunnar og háður beinum eignarrétti, m.a. Hoffellsjökull, Lambatungnajökull og hluti Austurtungnajökuls. Að auki er kröfugerðin að hluta til utan þess svæðis sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafli 2.3., þ.e. á svæðinu norðan við afmörkunarlínu óbyggðanefndar en sunnan við kröfugerðarlínu eigenda Hoffellstorfu á vatnaskilum. Kröfur jarðeigenda til þess svæðis á Vatnajökli, sem ekki er til meðferðar í máli þessu, koma því ekki til frekari umfjöllunar.

Til stuðnings þessari kröfugerð að því er varðar Hoffellsjökul er annars vegar vísað til landamerkjalyýsingar milli Hoffells og Svínafells, dags. 7. júlí 1911 og þingl. 24. júní 1912, þar sem fram kemur um landamerkin að frá því er jökullinn byrjar að neðan milli Svínafells og Geitafells liggja markalínan á jökli milli Hoffellsmúla og Gæsaheiðar. Hins vegar er vísað til landamerkjabréfs Svínafells frá 1921 þar sem framangreind lýsing er tekin upp.

Til stuðnings þessari kröfugerð að því er varðar þann hluta Vatnajökuls norðan Hoffellstorfu sem liggur sunnan vatnaskila til norðurs, þ.m.t. Lambatungnajökul og hluta Austurtungnajökuls, er vísað til staðháttu undir umræddu jökulsvæði og fornra sagna um að frá Hoffelli hafi verið vegur ofan í Fljótsdalshérað.

Óbyggðanefnd telur að landamerkjalyýsing Hoffellstorfu frá 1884 og landamerkjalyýsing milli Hoffells og Setbergs frá 1912 sýni að litið hafi verið svo á að merki torfunnar næðu að jökli. Þessu til stuðnings má vísa til þess að norðurmörkum er ekki lýst að öðru leyti en því að merkjum til vesturs og austurs er lýst í jökul í hinni fyrrnefndu og merkjum milli Hoffells og Setbergs er lýst í jökul í hinni síðarnefndu. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Merkjalína sú eftir endilöngum Hoffellsjökli, sem dregin er í einhliða landamerkjabréfi Hoffells og Svínafells frá 1911 og tekin upp í landamerkjabréf Svínafells 1921, á sér augljóslega ekki stoð í eldri heimildum, sbr. landamerkjabréf Hoffellstorfu og Viðborðs ásamt Viðborðsseli frá 1884. Eigendur annars vegar Svínafells og Hoffells, sunnan og austan við Hoffellsjökul, og hins vegar Viðborðs og Viðborðssels á Mýrum, vestan megin við þann hluta Hoffellsjökuls sem nefnist Svínafellsjökull, gera þannig með sér samkomulag árið 1921 um að færa merki Svínafells og Hoffells úr suðurjaðri Hoffellsjökuls og skipta honum eftir endilöngu á milli þessara tveggja jarða. Ekki verður séð að fyrrisvarsmenn jarðanna þriggja hafi haft heimild til þess að leggja til Svínafells og Hoffells landsvæði sem áður var utan merkja jarða á þessu svæði. Krafa eigenda Hoffellstorfu um að merki torfunnar og beinn eignarréttur nái til hluta Vatnajökuls verður því ekki talin geta stuðst við lýsingu þessara bréfa en um önnur þau atriði, sem vísað er til kröfu þessari til stuðnings, verður fjallað síðar.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir Hoffellstorfuna.

Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum torfunnar sé þar rétt lýst. Þá verður að skilja bréfið svo að Hoffellslambatungur séu sérstakt landsvæði, utan við eiginleg landamerki Hoffellstorfu. Landamerkjabréf Hoffellstorfu er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki torfunnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þá ber bréfinu saman við fyrirliggjandi heimildir um landamerki aðliggjandi jarða. Landamerkjabréf Hvammstorfu og Krossbæjar eru einnig árituð af hálfu Hoffellstorfu og þinglesin, bréf Viðborðs og Bjarnaness eru þinglesin og Hoffellstorfubréfið áritað af þeirra hálfu. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hoffellstorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan merkja Hoffellstorfu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Að því loknu verður tekin afstaða til kröfu eigenda Hoffellstorfu um beinan eignarrétt að þeim landsvæðum sem samkvæmt framangreindu eru utan merkja torfunnar, þ.e. hluta Vatnajökuls og Hoffellslambatungum.

Staðháttum á því svæði, sem hér er til meðferðar, er lýst hér að framan. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Á norðurhluta svæðisins er fjallendi það og heiðarlönd sem að framan er lýst. Fjallendið er að hluta þakið gróðri en gróðurlaus svæði inn á milli, sbr. kafla 5.3. Hluti Hoffellsdals, Reifsdalur og Ósdalur eru vel grónir og sama máli gegnir um ýmsa smádali. Þá eru skóglendi í vesturhlíðum Hoffellsfjalls, í Miðfelli og á Hoffellsdal. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Nesjum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að viðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að Hoffellstorfa hafi verið byggð og nýtt af eigendum torfunnar eða með þeirra heimild eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1884 og að því marki sem land hefur komið undan jökli síðan hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Fjallendið liggur upp af grösugum dölum og verður ekki skilið frá landi torfunnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggðist á beit. Það sem fram kom við skýrslutökur í málinu um að fê frá Bjarnestorfunni hefði runnið í fjallendi Hoffellstorfu undanfarin ár verður ekki talið hafa þýðingu í þessu sambandi enda í óþökk eigenda Hoffellstorfu.

Aðrar jarðir áttu ítök í þessu fjallendi. Slík ítakaskipti tíðkuðust nokkuð á þessu svæði þar sem landrými var af skornum skammti, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4. Þannig áttu bæði Krossbær og Stóralág sem og Borg og Hólmur á Mýrum skógarítök í Jökulfelli, Árnanes og Hólar beitarítök á Reifsdal og Árnanes upprekstur í Hoffellsmúla. Hoffell átti á móti selför og síðar beitarítak í Árnanesi og beitarítak í Hólum. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka annarra jarða í fjallendi Hoffellstorfu styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4.

Ýmsar heimildir tilgreina réttindi Hoffellstorfu í Reifsdal, þ.e.a.s. innan eigin merkja, sérstaklega. Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg þýðing þess. Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 er m.a. greint frá því að jörðin eigi selstöðu og skóg á Reifsdal. Þar er þó einnig greint frá því að jörðin eigi upprekstur í sínu landi og skóg heima. Þá er í landamerkjabréfi Hoffellstorfu tekið fram að Reifsdalur, er liggi þvert norðan við Giljadalabrúnir, tilheyri allur beggja megin Hoffellstorfunni. Reifsdalur fellur jafnframt innan merkja torfunnar samkvæmt bréfinu, sbr. framangreint. Umrætt landsvæði var selt Dilksnesi árið 1937. Í afsalinu kemur fram að þáverandi eigandi Hoffells afsali eign sinni Reifsdal í Hoffellslandi, „sem er afréttarland“.

Þegar lítið er heildstætt á þær heimildir, sem greina frá réttindum jarðarinnar á Reifsdal og sú tilgreining skoðuð í samhengi við aðra umfjöllun í hvorri heimild fyrir sig, m.a. um merki jarðarinnar og óbein eignarréttindi hennar innan merkja annarra jarða, verður þetta atriði ekki talið leiða

til þess að Reifsdalur sé einungis undirorpinn óbeinum eignarrétti. Um er að ræða landsvæði þar sem aðrar jarðir áttu ítök. Óbyggðanefnd telur því líkur til þess að í umræddum heimildum sé um að ræða áréttingu á því að jörðin haldi sínum réttindum eftir sem áður þrátt fyrir óbein eignarréttindi annarra á viðkomandi hluta jarðarinnar. Þá kann einnig að hafa verið um verðmætustu réttindi jarðarinnar að ræða og því þótt rétt að áréttu þau sérstaklega. Þessu til frekari stuðnings má vísa til þess að Reifsdalur er ekki landfræðilega afmarkaður frá öðru fjalllendi jarðarinnar. Þá telur óbyggðanefnd orðalag afsalsins um að afsalað sé „afréttarlandi“ fremur vísa til notkunar viðkomandi landsvæðis en eignarréttarlegrar stöðu þess, sbr. einnig umfjöllun um jarðir og afrétti í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Ekki verður annað séð en að eignarhald Hoffellstorfu, innan þeirra merkja sem að framan greinir, hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Sá jökuljaðar, sem eigendur Hoffellstorfu gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul 1884, hefur gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem landnám kann að hafa miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll. Ekki eru hins vegar efni til að land undir smájökklum og heilsársfönnum, sem skilist hafa frá jökulbreiðunni, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað það land sem utan jökulrandar er.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hoffellstorfu sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Tekið skal sérstaklega fram að landskikinn sunnan Skyndidalsár, þ.e. á milli ármótanna, núverandi jaðars Lambatungnajökuls og Nautastígsbrúna, telst til eignarlands enda þótt engin afstaða sé tekin til þess hverjum það tilheyrir.

Verður þá tekin afstaða til kröfu eigenda Hoffellstorfu um beinan eignarrétt að hluta Vatnajökuls sem samkvæmt framangreindu er ekki innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi torfunnar.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Vatnajökulssvæðið norðvestan Hoffellstorfu og sunnan vatnaskila sé innan upphaflegs landnáms í Nesjum eða hafi á annan hátt orðið undirorpið beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Staðhættir undir jökli og fornar sagnir um veg milli Hoffells og Fljótsdalshéraðs geta ekki verið grundvöllur beins eignarréttar að landsvæðum sem augljóslega eru utan landamerkja en landamerkjabréf Hoffellstorfu lýsir merkjum sem áður segir í jökul. Sama máli gegnir um lýsingar á merkjum Svínafells og Hoffells sem augljóslega eiga sér ekki stoð í eldri heimildum. Því til frekari stuðnings má vísa til þess að ekkert liggur fyrir um hvort og þá með hvaða hætti stofnast hafi til beins eignarréttar að Hoffellsjökli eftir gerð þeirra landamerkjalysinga sem til hans taka. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Af hálfu eigenda Hoffellstorfu hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það undir jökli, utan landamerkja Hoffellstorfu, sem af þeirra hálfu er gerð krafa um að talið verið til eignarlands jarðarinnar, þ.e. Hoffellsjökull og land innan jaðars Vatnajökuls að öðru leyti, sé eignarland, hvorki fyrir nám, hefð, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé Þjóðlenda.

Loks verður tekin afstaða til kröfu eigenda Hoffellstorfu um beinan eignarrétt að Hoffellslamba-

tungum, sem samkvæmt framangreindu eru ekki innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi torfunnar.

Ástæða er til að vikja fyrst að staðháttum og gróðurfari á svæðinu. Neðst í hlíðum Hoffells-lambatungna er nokkur beitargróður en mestur hluti svæðisins er ofan 500 m hæðar og því gróður-snautt. Hæsti tindur í Hoffellslambatungum er Lambatungnatindur (1240 m).

Svo sem áður greinir eru Hoffellslambatungur landfræðilega aðskildar frá fjalllendi Hoffells-torfu. Lambatungnajökull og land Þórisdals liggja þar á milli og hafa gert svo, a.m.k. að stórum hluta, allt frá landnámi. Heimildir um Hoffellslambatungur og nýtingu þeirra eru fáar og efnislitlar. Í elstu fyrirliggjandi heimild sem getur um þetta svæði, lýsingu séra Þórarins Erlendssonar á Bjarnaness og Hoffellssóknum frá 1840, er það talið með afréttarlöndum Nesjasveitar, ásamt fleiri fjöllum í sveitinni og umfjöllunin of óljós til að unnt sé að draga af henni ályktanir.

Lambatungna er fyrst getið í tengslum við Hoffell í gerðabók yfirjarðamatsnefndar frá 1849. Þar segir í upptalningu á hlunnindum og ítökum Hoffells að jörðin eigi „fjárafrett“ í Lambatungum. Þessi umfjöllun bendir ekki til þess að litið hafi verið á Lambatungur sem hluta af fjalllendi torfunnar. Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig til réttinda Hoffells yfir þessu landsvæði var stofnað.

Í landamerkjabréfi Hoffellstorfu frá 1884 eru Lambatungur ekki innan merkjalýsingar torfunnar en sagðar „fylgja“ Hoffelli. Í einhliða yfirlýsingum annars vegar eiganda Setbergs í Nesjum, dags. 5. júlí 1911, og hins vegar eiganda Hoffells, dags. 8. júlí 1911, þar sem hvor um sig lýsir merkjum Setbergs og Hoffells, segir hins vegar að Hoffell eigi Hoffellslambatungur. Lýsingar þessar hafa hvorki verið þinglesnar né hlotið staðfestingu nágranna. Í landamerkjabréfi Hoffells og Setbergs, dags. og þingl. í júní 1912, segir aftur að Hoffellslambatungur „fylgi“ Hoffelli.

Þegar fjallað er um Hoffellslambatungur í heimildum er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engin gögn liggja fyrir um að Hoffellslambatungur hafi nokkurn tímann verið nýttar til annars en sumarbeitar fyrir búfé. Þá eru elstu heimildir um að rekið hafi verið á Lambatungur frá Hoffelli ekki nema frá því um miðja 19. öld. Enn fremur virðist hafa verið rekið á fjallið frá öðrum jörðum á síðari hluta 19. aldar, þ.e. Meðalfelli, Stapa og Volaseli, sbr. kafla 6.2. Af heimildum verður ekki ráðið hvort sá upprekstur hafi átt sér stað með samþykki Hoffellsmanna né hvort slíkt samþykki hafi yfirleitt talist nauðsynlegt.

Við skýrslutökur í málinu kom fram að Hoffellsmenn hefðu einir rekið á Lambatungur fram undir miðja 20. öld. Þá hafi þeir heimilað Stóruhágarbændum að nýta Lambatungur til sumarbeitar. Samkvæmt samkomulagi við Hoffellsmenn hafi þeir séð um að smala fjallið á meðan rekið var á það frá Stóruhágar. Eftir að sauðfjárþúskaþur lagðist að mestu af í Hoffelli hafi fé frá öðrum bæjum leitað í Lambatungur, einkum frá bæjum í Bjarnanestorfu. Vegna þessa hafi Bjarnanesmenn að einhverju marki smalað Lambatungur í óþökk Hoffellsmanna.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að Hoffellslambatungur séu innan upphaflegs landnáms í Nesjum eða hafi á annan hátt orðið undirorpnar beinum eignarrétti. Í því efni brestur hins vegar sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Af hálfu eigenda Hoffellstorfu hefur ekki verið sýnt fram á að Hoffellslambatungur séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið hátt að hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar til þess að jörðin Hoffell hafi átt þar upprekstrarétt.

Svo sem að framan greinir hafa eigendur og umráðamenn jarða í Bjarnanestorfu gert kröfu um beitarrétt í Hoffellslambatungum og byggja þá kröfu sína á hefð. Við skýrslutökur í málinu kom fram að þeir hafi þó ekki rekið á Lambatungur heldur hafi féð runnið þangað sjálft. Þeir hafi svo sjálfir smalað fjallið þrátt fyrir mótmæli Hoffellsmanna. Af heimildum má ráða að beitarréttur í Lambatungum hafi tilheyrð Hoffelli a.m.k. frá því um miðja 19. öld. Ekki verður annað séð en að

sá réttur hafi verið til staðar án ágreinings eða athugasemda. Jafnframt er ljóst að sá réttur fellur ekki niður þó svo að sauðfjárbúskapur leggist af í Hoffelli. Skilyrði hefðar eru af framangreindum ástæðum ekki uppfyllt þar sem Bjarnanesmenn voru grandsamir um rétt Hoffells til landsvæðisins. Því verður ekki séð að beitarafnot jarða í Bjarnanestorfu á þessu svæði grundvallist á lögvörðum rétti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hoffellstorfu, svo sem því er að framan lýst, að jaðri Vatnajökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Kröfur eigenda og umráðamanna jarða í Bjarnanestorfu um beitararétt innan tilgreindra landamerkjja Hoffellstorfu koma þannig ekki til skoðunar.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það, sem nefnt er Hoffellslambatungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Lambatungnaá er fylgt, þaðan sem hún kemur undan Austurtungnajökli (punktur 17, sbr. einnig punkt 44 í kröfugerð vegna Stafafells í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón) og þar til hún fellur í Skyndidalsá og síðan Skyndidalsá, þangað sem hún kemur úr Lambatungnajökli. Á milli tveggja fyrrnefndra punkta við Austurtungnajökul og Lambatungnajökul er miðað við jökuljaðar. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Hoffells, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga enda verður ekki séð að aðrir eigi sjálfstæð eignarréttindi innan þjóðlendunnar. Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign eigenda Hoffells að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. 1. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afréttar eða eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitararéttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Það er einnig niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það á Vatnajökli, sem hér er til meðferðar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá jökuljaðrinum norður af Gæsaheiði (sbr. punkt 20 í kröfugerð vegna Viðborðs/Viðborðssels í máli nr. 3/2001, Mýrar) er dregin lína í punkt 19 í kröfugerð eigenda Hoffellstorfu og þaðan til norðvesturs í stefnu á punkt 18 í sömu kröfugerð (punktur 18 er ákvarðaður þannig að lína milli punkta 21 og 19 er framlengd), til skurðar við línu sem liggur á milli miðrar Breiðubungu, yfir Goðahnúka og í nafnlausan hnjúk sunnan við Grendil (punktur 45 í kröfugerð vegna Stafafells í máli nr. 5/2001, Lón). Þaðan er dregin lína í annan hnjúk (1505 m háan) og áfram í þann þriðja (1526 m háan) og loks í jaðar Austurtungnajökuls, þar sem Lambatungnaá kemur undan jöklinum (punktur 17, sbr. einnig punkt nr. 44 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón). Á milli tveggja fyrrnefndra punkta við Austurtungnajökul og Lambatungnajökul er miðað við jökuljaðar. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.

Kröfum eigenda Hoffellstorfu til svæðis á Vatnajökli, sem er norðan og utan við afmörkunarlínu óbyggðanefndar vegna máls þessa, er vísað frá.

10.4. Krossbæjartorfa (Krossbær, Lindarbakki og Stóralág)

Krossbæjartorfa skiptist nú í Krossbæ, Lindarbakka og Stóralág. Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Krossbæjar með Krossbæjargerði og Stóralág, dags. 26. febrúar 1921 og þingl. 29. júní s.á., án þess að tekið sé tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja.

Að Krossbæjartorfunni liggja Hoffellstorfa til norðurs og Bjarnanestorfa til suðurs. Til vesturs eru Hornafjarðarfliót. Nokkuð skörp landfræðileg skil eru milli undirlendis og fjallendis Krossbæjartorfunnar eins og víðast annars staðar í Nesjum. Undirlendi torfunnar er annars vegar vel gróið votlendi milli fjallshlíða og Hoffellsár og hins vegar áreyrar Hornafjarðarflióta. Til norðurs, ofan byggðarinnar, eru skriður og klettabelti. Ber þar hæst Krossbæjartind (706 m). Til suðurs, ofan Þveitar, rísa Arnarhamrar og ofan þeirra Ketillaugarfjall (668 m). Þar norður af eru Marktindur (897 m), Miðfellstindur og Giljadalabrúnir (900-950 m). Að jafnaði er fjalllendið í 500-700 m hæð. Það er sundurskorið og víða mjög bratt og skriðuborið. Inn í það skerast dalir og dalverpi sem ná víða upp í 400-500 m hæð. Má þar helst nefna Grjótárdal nyrst, sem Grjótá rennur um, og sunnar tvo dali, sem Fagurhólslækur og Langabakkalækur renna úr.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulinu sína frá því vestast á Setbergsheiði yfir Grjótárdal beint í Krossbæjartind. Þaðan liggur línan í beina stefnu fremst í Árnanesmúla. Samkvæmt þessari kröfugerð er m.a. meginhluti Grjótárdals innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur jarða í Krossbæjartorfu lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja að liggja innan merkja jarðarinnar. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.3.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er að meginstefnu byggt á því að mörk eignarlanda og þjóðlendu séu hin sömu og landnámsmörk. Því er haldið fram að það land, sem samkvæmt kröfugerð ríkisins lendi innan þjóðlendu, sé afréttarland á sameiginlegu fjallskilasvæði í Nesjum. Þá er vísað til fjarlægðar frá byggð og hæðar yfir sjávarmáli.

Af hálfu eigenda Krossbæjartorfu, sbr. kafla 8.1, er því haldið fram að í Nesjum séu engir afréttir í merkingunni sameiginlegt upprekstrarland. Allt land sé háð einkaeignarrétti jarðeigenda. Hugtakið afréttur sé notað til að tákna afnot en ekki eignarhald. Nýting lands ráði ekki eignarhaldi og síðari tíma framkvæmd fjallskila breyti þar engu um. Þessu til stuðnings er einkum vísað til þinglýstra landamerkjálýsinga og ákvæða landamerkjálaga sem hafi m.a. haft þann tilgang að tryggja eignarrétt landeigenda. Jafnframt er byggt á sönnunargildi ómótmæltra þinglýsinga og hefð. Heimildargildi Landnámu er mótmælt en talið að menn hafi gætt þess að nema það land sem nauðsynlegt var til búskaparins, þ. á m. samarbeitsland fyrir sauðfé, auk þess sem veðurfar og gróður hafi verið með öðrum hætti á landnámsöld en nú.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Krossbæjartorfunnar er rakin í kafla 6.3. Þar kemur fram að Krossbæjar er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Stóralágar er getið í heimildum frá upphafi 18. aldar sem hjáleigu Krossbæjar en sem sjálfstæðrar jarðar a.m.k. frá 1891. Nýbýlið Lindarbakki var stofnað 1944 úr löndum Krossbæjar og Stóralágar. Þá eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu lýsinguna á norðurmörkum Krossbæjartorfunnar, við Hoffellstorfu, er að finna í gerðabók fasteignamatsefndar frá 1916. Þar er merkjum við Hoffellstorfu, nánar tiltekið Setberg, lýst af ysta Gildraskeri, beina línu utarlega um Péturshólma, í fossinn í Grjótárgljúfrinu og beint í gilið á Skerjabrúninni vestan við Miðfell í Grjótárdal og þaðan beint norður á Giljadalabrúnir. Fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum jarðatorfunnar er að finna í landamerkjabréfi Krossbæjar með Krossbæjargerði og Stóralág, dags. 26. febrúar 1921 og þingl. 29. júní s.á. Merki í norður og suður eru tilgreind en austurmörkum ekki lýst sérstaklega. Vesturmörk miðast við Hornafjarðarfliót og þarfnast ekki nánari athugunar. Norðurmörkum torfunnar er í landamerkjabréfinu lýst með sama hætti og að framan greinir. Bréfið er áritað vegna Hoffellstorfu. Þá er mörkum lýst með sama hætti

í landamerkjabréfi Hoffellstorfu, dags. 16. maí 1884 og þingl. 12. maí 1890. Það er að sama skapi áritað vegna Krossbæjar. Eldri gögn um merki Hoffellstorfu að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 10.3.

Suðurmörkum Krossbæjartorfu, gagnvart Bjarnanestorfu, er fyrst lýst í landamerkjabréfi hinnar fyrrnefndu. Þar er merkjum lýst úr Struntskeri í Fljótum beint í Þveitarlæk, eftir læknum yfir Þveit í Markstrítu við Markalæk, þaðan þangað sem rauð og blá skriða koma saman undir Arnarhömrum, þaðan yfir Smalahól í Marktind austan við Krossbæjarskarð, þaðan í Miðfellstind á Hafradal og þaðan í Giljadalabrýr. Bréfið er áritað vegna Bjarnanestorfu. Mörkum er lýst með sama hætti í landamerkjabréfi Bjarnaness með hjáleigum, dags. 17. apríl 1921 og þingl. 29. júní s.á. Það er og áritað vegna Krossbæjartorfu. Þá ber lýsingunni saman við eldri gögn um landamerki Bjarnaness, svo langt sem þau ná, sbr. kafla 10.5.

Á kröfulínukorti virðist sem ágreiningur sé um merki milli Krossbæjartorfu og Bjarnanestorfu. Við skýrslutökur í málinu kom fram að svo er ekki í raun heldur stafi skörun á kröfulinum af mismunandi staðsetningu örnefna á kortinu. Við sama tækifæri var upplýst að Giljadalabrýr og Giljadalabrúnir er sama örnefnið. Norður- og suðurmörk torfunnar enda því í sama punkti uppi á Giljadalabrúnum.

Í kjölfar þess að ný landamerkjälög taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir Krossbæjartorfu. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum sé þar rétt lýst. Bréfið er áritað af hálfu aðliggjandi jarða, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf aðliggjandi jarða, Hoffells og Bjarnaness, eru einnig árituð af hálfu Krossbæjar og þinglesin. Þá ber bréfinu saman við fyrirliggjandi heimildir um landamerki aðliggjandi jarða. Þetta bendir til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Krossbæjartorfunnar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Krossbæjartorfu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á því svæði, sem hér er til meðferðar, er lýst hér að framan. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Á austurhluta svæðisins er fjallendi það og heidarlönd sem að framan er lýst. Fjallendi torfunnar er að hluta þakið gróðri en þó eru gróðurlaus svæði inn á milli, sbr. kafla 5.3. Grjótárdalur sem og ýmsir smádalir eru vel grónir. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Nesjum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að viðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að Krossbæjartorfa hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1921, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Fjallendið liggur upp af grösugum dölum og verður ekki skilið frá landi jarðarinnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggðist á beit.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Krossbæjartorfunnar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Krossbæjartorfunnar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.5. Bjarnanestorfa

Hér verður fjallað um landsvæði það sem lýst er í landamerkjabréfi Bjarnaness með hjáleigum, dags. 29. apríl 1921 og þingl. 29. júní s.á., án þess að tekið sé tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja en Bjarnanestorfa skiptist nú í fjölmarga eignarhluta.

Að Bjarnanestorfunni liggja Krossbæjartorfa að vestan og Árnanestorfa að austan. Til norðurs eru Hoffellstorfa auk Hvamms í Lóni og til suðurs eru Hornafjarðarfljót. Nokkuð skörp landfræðileg skil eru á milli undirlendis og fjalllendis Bjarnanestorfunnar. Undirlendið er víðáttumikið, annars vegar milli Ketillaugarfjalls og áreyra Hornafjarðarfljóta og hins vegar Bjarnanessandur og Skógey. Frá Bjarnaneshverfinu gengur Laxárdalur u.þ.b. 10 km til norðausturs. Frá Laxárdal gengur Hafradalur til norðvesturs upp undir Miðfell austur af Setbergsheiði. Mörg fleiri dalverpi og gil ganga vestur í hálendið frá Laxárdal en vesturhlíðar hans eru víða allbrattar. Ofan Bjarnaneshverfisins gnæfir Ketillaugarfjall (668 m), norðan þess Marktindur (897 m) og enn norðar Miðfellstindur (u.þ.b. 900 m). Nyrst eru Giljadalabrúnir (u.þ.b. 900 m) og Sker (u.þ.b. 800 m).

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Krossbæjartindi í beina stefnu fremst í Árnanesmúla. Samkvæmt þessari kröfugerð eru m.a. hluti Laxárdals og Hafradalur innan þjóðlendu. Bjarnanes I og II eru í eigu ríkissjóðs Íslands og íslenska ríkið lýsir einnig kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta torfunnar, samkvæmt landamerkjabréfi, dags. 29. apríl 1921, sem liggur sunnan við framangreinda þjóðlendukröfulínu, að undanskildum þeim hlutum sem afsalað hefur verið til einkaaðila. Einnig er gerð krafa um að rekaítak, sem greint er frá í landamerkjabréfinu, fylgi eignarhluta íslenska ríkisins að tiltölu við aðrar jarðir í Bjarnaneshverfinu. Kröfum íslenska ríkisins vegna þjóðlendu er nánar lýst í kafla 3.1.1. og vegna Bjarnaness I-II og Áss í kafla 3.1.2.

Eigendur og umráðamenn Bjarnanestorfu hafa hins vegar lýst kröfu um beinan eignarrétt að öllu því landsvæði sem lýst sé í framangreindu landamerkjabréfi. Kröfum þessum er nánar lýst í kafla 3.4.

Af hálfu ríkisins hefur því verið mótmælt að kröfur umráðamanna ríkisjarða komist að í máli þessu. Ljóst er að réttur umráðamanna ríkisjarða er kominn undir eignarréttindum íslenska ríkisins. Þar sem íslenska ríkið gerir hins vegar kröfu til þess að Bjarnanestorfan sé að hluta innan þjóðlendu telur óbyggðanefnd rétt að röksemdir umráðamanna ríkisjarða í torfunni um beinan eignarrétt séu teknar til athugunar í málinu, sbr. ákvæði 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um rannsóknarskyldu nefndarinnar.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7., er að meginstefnu byggt á því að mörk eignarlanda og þjóðlendu séu hin sömu og landnámsmörk. Því er haldið fram að landamerkjabréf Bjarnaness sé ekki í samræmi við eldri heimildir um landamerki jarðarinnar. Þannig taki landamerkjabréfið til alls afréttarlands sem torfunni tilheyri auk hins útskipta heimalands.

Af hálfu gagnaðila, sbr. kafla 8.2., er einkum byggt á landamerkjaskrá Bjarnaness með hjáleigum. Land innan þeirra merkja hafi allt verið nýtt átölulaust árið um kring. Þá er vísað til hefðar og reglna um traustfang.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Bjarnanesstorfunnar er rakin í kafla 6.4. Þar kemur fram að Bjarnaness er getið í heimildum allt frá því um 1200. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu, sbr. kafla 10.2.

Í fyrirliggjandi heimildum um landamerki Bjarnanestorfu eru merki í vestur og austur undan- tekningarlaust tilgreind. Suðurmörkum er í sumum tilvikum lýst en norðurmörkum er aldrei lýst sérstaklega.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Bjarnanesstorfu er að finna í vísitásiubók Brynjólfs biskups

Sveinssonar frá 1641. Þar er vesturmörkum, gagnvart Krossbæjartorfu, ekki lýst að öðru leyti en því að þau liggi frá Þveitarlæk upp í skriðu þá sem mætist rauð og blá. Sömu lýsingu er að finna í vísitásium frá 1677 og 1848 og lögfestu frá 1797. Landamerkjabréf Bjarnaness með hjáleigum, dags. 17. apríl 1921 og þingl. 29. júní s.á., lýsir vesturmörkum torfunnar við Krossbæ þannig að þau liggi úr Strunskerri í Hornafjarðarfjlóti í Þveitarlæk, eftir Þveitarlæk yfir Þveit í Markstrítu, þaðan sem rauð og blá skriða komi saman undir Arnarhömrum, þaðan um Smalahól, þaðan í Marktind, austan við Krossbæjarskarð, þaðan í Miðfellstind á Hafradal og þaðan á Gildalabryr. Lýsingar á vesturmerkjum í eldri heimildum fá þannig rúmast innan landamerkjabréfsins, en ná einungis til undirlendis jarðarinnar. Að þessu atriði verður komið aftur hér á eftir í tengslum við umfjöllun um austurmörk. Landamerkjabréf Bjarnanestorfu er áritað vegna Krossbæjartorfu. Landamerkjabréf Krossbæjar með Krossbæjargerði og Stóruhá, dags. 26. febrúar 1921 og þingl. 29. júní s.á., lýsir mörkum með sama hætti. Það er og áritað vegna Bjarnanestorfu. Eldri gögn um landamerki Krossbæjartorfu að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 10.4.

Austurmörkum Bjarnanestorfu, gagnvart Árnastorfu, er í framangreindri vísitásiu frá 1641 lýst þannig að Laxá ráði frá Fljótum upp í gljúfur. Einnig sé „haldinn og hafður undir staðinn allur Laxárdalur fyrir austan Laxá og vestan ...“. Þá er tekið fram að frá nefndu gljúfri eigi Bjarnanes „í fjöll upp“. Sömu lýsingu er að finna í vísitásium frá 1677 og 1848 og lögfestu frá 1797. Eins og greint er frá í kafla 6.4. komu upp deilur um eignarhald á Laxárdal milli Bjarnaness og Árnanes í lok 18. aldar. Frá þeim tíma eru því varðveittir nokkrir vitnisburðir staðkunnugra um merki jarðatorfanna á milli. Ber þeim öllum saman um að Laxá ráði merkjum ýmist frá því er vötnum hallar eða frá fyrstu uppsprettu. Landamerkjabréf Bjarnaness lýsir merkjum frá Lónmörkum af skerjum ofan, á Sámsklett í Vitisgljúfri og síðan ofan eftir Laxá. Framangreindir vitnisburðir lýsa mörkum því skemmra til fjalla en landamerkjabréfið, sbr. einnig vísitásiur 1641 og síðar auk lögfestu 1797, sbr. orðalagið „í fjöll upp“. Hér ber til að líta til þess að vitnisburðir þessir voru gefnir í tilefni af deilum um eignarhald á Laxárdal og því sennilegt að ekki hafi þótt ástæða til að tíunda merki að öðru leyti. Landamerkjabréfið fær þannig samrýmst eldri heimildum svo langt sem þær ná. Bréfið er áritað vegna Árnastorfu. Landamerkjabréf Árnanes, dags. 1. nóvember 1921 og þingl. 11. júlí 1922, lýsir mörkum með sama hætti. Það er og áritað af hálfu Bjarnanestorfu. Þessi lýsing er í ágætu samræmi við eldri heimild um merki Árnastorfu að þessu leyti, svo langt sem sú lýsing nær, sbr. kafla 10.6.

Með hliðsjón af umfjöllun um austurmerki Bjarnanestorfu í heimildum frá því fyrir gerð landamerkjabréfsins verður ekki talið líklegt að sömu heimildir lýsi vesturmerkjum með tæmandi hætti enda er ekkert í þeim sem mælir landamerkjabréfinu í mót.

Á kröfulínukorti virðist sem ágreiningur sé um merki milli Bjarnanestorfu annars vegar og Hoffellstorfu og Krossbæjartorfu hins vegar. Við skýrslutökur í málinu kom fram að svo er ekki í raun heldur stafi skörun á kröfulinum af mismunandi staðsetningu örnefna á kortinu. Við sama tækifæri var upplýst að Giljadalabryr og Giljadalabrúnir er sama örnefnið.

Mörk Bjarnanestorfu til norðurs, þ.e. á fjalli á móts við Hoffellstorfu og Hvammstorfu í Lóni, þarfnast nánari athugunar en þeim er sem að framan greinir hvorki lýst sérstaklega í landamerkjabréfi torfunnar né eldri heimildum. Í bréfinu eru einungis tilteknir nyrstu punktar til vesturs og austurs. Þannig er merkjum lýst upp á Gildalabryr að vestan og frá Lónmörkum af skerjum ofan að austan. Landamerkjabréf torfunnar er hvorki áritað vegna Hoffellstorfu né Hvammstorfu í Lóni.

Í landamerkjabréfi Hoffellsjarða, dags. 16. maí 1884 og þingl. 12. maí 1890, er mörkum við Bjarnanestorfu lýst þannig að suður frá uppsprettu Nautgils, þar sem Bjarnaness og Hoffellsfjalllendi ná saman, deili vötn. Ekkert í landamerkjabréfi Bjarnaness mælir því gegn merkjalýsingu Hoffells. Landamerkjabréf Hoffellstorfu er áritað vegna Bjarnaness. Engar eldri heimildir eru um merki Hoffellstorfu að þessu leyti, sbr. kafla 10.3.

Í landamerkjabréfi Hvammstorfu í Lóni, dags. 27. apríl 1889 og þingl. 13. maí 1890, er merk-

um torfunnar gagnvart Nesjajörðum, þ. á m. Bjarnanestorfu, lýst þannig að þau liggi eftir hæstu eggjum á Hvammsfjöllum, þar til Hoffellsland taki við, nefnilega við Nautagil eða Reifsdal. Ljóst virðist að með Hvammsfjöllum er átt við fjallgarðinn sem skilur á milli Lóns og Nesja. Bréf Hvammstorfu er áritað af hálfu umboðsmanns Bjarnanesumboðs, vegna hálfv Þórólfsdals og Horns. Fyrirsvarsmenn Bjarnaness hafa þannig haft fulla vitneskju um bréf Hvammstorfu og ekki að sjá að þeir hafi gert athugasemd við lýsingu merkja gagnvart Bjarnanesi. Svo virðist því sem óþarft hafi verið talið að árita bréfið vegna Bjarnaness. Kann það að skýrast af glöggri landfræðilegri afmörkun þar á milli, þ.e. hreppamörkum með fjallshryggjum, sbr. tilvísun til „Lónmarka“ í landamerkjabréfi Bjarnaness. Engar eldri heimildir eru um landamerki Hvammstorfu að þessu leyti, sbr. mál nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir Bjarnanestorfu. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að gagnvart Lóni eru glögg landfræðileg skil með fjallshryggjum sem jafnframt eru hreppamörk. Við þessu skil er miðað í landamerkjabréfum Bjarnaness og Hvammstorfu í Lóni.

Landamerkjabréf Bjarnanestorfu er áritað vegna aðliggjandi jarða, annarra en Hoffellstorfu og Hvammstorfu, það er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjabréf aðliggjandi jarða eru einnig þinglesin og líta verður svo á að þau hafi öll verið samþykkt af hálfu Bjarnanestorfu. Sá formgalli sem er á Bjarnanesbréfinu að því leyti að áritun vegna Hoffellstorfu og Hvammstorfu vantar verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Bjarnanestorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Bjarnanestorfu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á austurhluta svæðisins er fjalllendi það og heidarlönd sem að framan er lýst. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Fjalllendi torfunnar er að hluta þakið gróðri en þó eru gróðurlaus svæði inn á milli, sbr. kafla 5.3. Vesturhlíðar Laxárdals eru víða algrónar til endimarka dalsins inn undir Bjarnanesheiði. Þá eru hliðardalir, sem ganga vestur úr Laxárdal, margir vel grónir upp undir 400-500 m hæð yfir sjávarmáli. Loðnuhjallar, sem einnig eru 400-500 m hæð yfir sjávarmáli, eru afar vel grónir. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Nesjum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að Bjarnanestorfa hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfi jarðarinnar 1921 hafa eigendur hennar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Fjalllendið liggur upp af grösugum dölum og verður ekki skilið frá landi jarðarinnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggðist á beit.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfari eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Samkvæmt málflutningi íslenska ríkisins byggist krafa um þjóðlendu í Nesjum, þ. á m. fyrir landi Bjarnaness, fyrst og fremst á túlkun heimilda um landnám og afréttarnot, auk staðháttá. Óbyggðanefnd telur hins vegar ljóst að kröfur íslenska ríkisins eru ekki í fullu samræmi við þau sjónarmið sem sögð eru liggja þeim til grundvallar. Þannig er t.d. auðsætt að kröfulína þvert yfir Laxárdal hlýtur að byggjast á öðrum atriðum án þess þó að slíkt frávik sé sérstaklega rökstutt.

Um þá kröfu íslenska ríkisins, að eignarhluta þess fylgi hlutdeild í rekaítaki því sem greint er frá í landamerkjabréfi jarðarinnar, að tiltölu við aðrar jarðir í Bjarnanestorfu, er fjallað í kafla 10.7.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Bjarnanestorfu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Bjarnanestorfu, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.6. Árnastorfa

Hér verður fjallað um landsvæði það, sem lýst er í landamerkjabréfi Árnanes, dags. 1. nóvember 1921 og þingl. 11. júlí 1922, án þess að tekið sé tillit til skiptingar lands innan þeirra merkja en Árnanes skiptist nú í fjölmarga eignarhluta.

Að Árnastorfunni liggja Bjarnastorfa að vestan og Dilksnes og Hólar auk Syðri Fjarðar, Efri Fjarðar og Hvamms í Lóni að austan. Til norðurs er Hvammur í Lóni og til suðurs á Árnastorfan mörk í Hornafirði við Einholt og Borg á Mýrum. Er þá ekki tekið tillit til hugsanlegra breytinga á aðliggjandi jörðum eftir gerð landamerkjabréfanna.

Nokkuð skörp landfræðileg skil eru á milli undirlendis og fjalllendis Árnastorfunnar. Undirlendi torfunnar er víðáttumikið. Hluti af því er framburðarland Hornafjarðarfljóta í Skógey og á Nýgræðunum. Undirlendið teygir sig upp með Laxá austanverðri inn Laxárdal. Dalurinn er u.þ.b. 10 km að lengd og nær inn undir Bjarnanesheiði. Dalbotninn er í u.þ.b. 100 m hæð yfir sjávarmáli. Suðaustur úr Laxárdal gengur Endalausidalur inn í hálendið og allt austur í Lón. Til norðurs frá Endalausadal neðanverðum, suður af Gjádalsstindum og austan Árnanesmúla gengur Loklausidalur. Þá gengur Bergárdalur inn í hálendið sunnanvert, norðan Arnarhamars. Upp af Árnashverfinu rís Arnashamar og norðan hans brattar austurhlíðar Laxárdals inn að Múlaá við mynni Endalausadals. Þar norður af eru Leynistindur (859 m), Árnanesmúli og Vitisbrekkur (700-800 m) og nyrst er Bjarnanesheiði (700-800 m). Til austurs rísa m.a. Miðfellstindur (830 m) og Gjádalsstindur (846 m).

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Krossbæjartindi yfir Laxárdal í beina stefnu fremst í Árnanesmúla. Þaðan liggur línan beint í Miðfellstind. Samkvæmt þessari kröfugerð eru m.a. hluti Laxárdals og meginhluti Endalausadals og Loklausadals innan þjóðlendu. Á móti hafa eigendur jarða í Árnastorfu lýst kröfu um beinan eignarrétt að þeim hluta þessa landsvæðis sem þeir telja innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Árnanes. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.5.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er að meginstefnu byggt á því að mörk eignarlanda og þjóðlendu séu hin sömu og landnámsmörk. Því er haldið fram að norðan kröfulínu séu öræfi sem einungis séu notuð til sumarþeir fyrir búpening. Því sé augljóst að um þjóðlendu sé að ræða. Sönnunarbyrðin hvíli alfarið á þeim sem haldi fram beinum eignarrétti að slíku landsvæði. Þá er vísað til fjarlægðar frá byggð.

Af hálfu jarðeigenda, sbr. kafla 8.3., er byggt á því að allt það land, sem um er deilt í málinu, hafi verið numið í öndverðu. Þá er vísað til þess að ríkið beri sönnunarbyrði fyrir því að þinglýst landamerki jarða séu röng sem og að land innan þeirra teljist þjóðlenda. Þessum lýsingum hafi verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem jarðeigendur telji að leiði til þess að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerki og eignarrétt þinglýstra eigenda. Að auki leiði venjuréttur og hefðarsjónarmið til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Þá telja jarðeigendur fullyrðingar ríkisins um að land jarðarinnar skiptist í heimaland og annað land örökstuddar. Að lokum er vísað til sjónarmiða um tómlæti og fyringu.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Árnastorfu er rakin í kafla 6.5. Þar kemur fram að Árnanes er getið í heimildum allt frá 14. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggða-

nefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu, sbr. kafla 10.2.

Í fyrirliggjandi heimildum um landamerki Árnastorfu eru merki í vestur og austur við jarðir í Nesjum og merki í suður við jarðir á Mýrum jafnan tilgreind en mörkum til austurs og norðurs við jarðir í Lóni er ekki lýst öðruvísi en með tilvisun til hreppamarka.

Vesturmörkum Árnastorfu við Bjarnastorfu er fyrst lýst í vísitásum á Bjarnanesi og í tengslum við deilur á milli Árnanes og Bjarnanes um Laxárdal. Þessar heimildir eru raktar í kafla 10.5 og vísast til þeirrar umfjöllunar. Fyrstu sérstöku lýsinguna á landamerkjum Árnastorfu er að finna í gerðabók fasteignamatnefndar frá 1916. Þar segir að til vesturs milli Árnanes og Bjarnanes hafi Laxá ráðið merkjum til fjalla í Hrekkháslgljúfur. Landamerkjabréf Árnanes, dags. 1. nóvember 1921 og þingl. 11. júlí 1922, lýsir vesturmörkum við Bjarnastorfu af skerjum ofan í Sámsklett í Vítisgljúfri, þaðan ofan eftir Laxá í Áfangahól. Landamerkjabréfið er því í ágætu samræmi við fasteignamatíð, svo langt sem það nær. Landamerkjabréfið er áritað vegna Bjarnastorfu. Landamerkjabréf Bjarnastorfu, dags. 17. apríl 1921 og þingl. 29. júní s.á., lýsir mörkum með sama hætti og er áritað vegna Árnanes. Þessi lýsing er einnig í samræmi við lýsingar á mörkum Bjarnanes í vísitásum 1641 og síðar auk lögfestu 1797 en vitnisburðir þeir sem áður voru nefndir gera ráð fyrir að Laxá ráði merkjum frá því er vötnum hallar eða frá fyrstu uppsprettu. Þeir ná því skemur til fjalla. Þessir vitnisburðir voru gefnir í tilefni af deilum um eignarhald á Laxárdal og því sennilegt að ekki hafi þótt ástæða til að tíunda merki að öðru leyti, sbr. kafla 10.5.

Austurmörkum Árnastorfu við Hóla er í landamerkjabréfi torfunnar lýst í Miðfellstind. Bréfið er áritað vegna Hóla. Landamerkjabréf Hóla, dags. 8. maí 1885 og þingl. 31. maí 1887, lýsir mörkum með sama hætti. Það er og áritað vegna Árnanes. Jörðin er utan við kröfuvæði íslenska ríkisins. Eldri heimildir um landamerki Hóla að þessu leyti eru ekki fyrir hendi. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Mörk Árnastorfu á móts við jarðir og torfur í Lóni, þ.e. Fjarðarjarða og Hvamms, þarfnast nánari athugunar en þeim er einungis lýst svo í landamerkjabréfi Árnastorfu: „Að norðaustan ráða hreppamörkin milli Bæjar- og Nesjahrepps. Frá þeim mörkum á skerjum ...“. Bréfið er hvorki áritað vegna Fjarðar né Hvamms. Ekkert er um þessi merki fjallað í eldri heimildum.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum gagnvart Árnastorfu er lýst í heimildum um Fjarðarjarðir og Hvamm í Lóni. Merkjum Fjarðar gagnvart Árnastorfu er lýst að hluta í landskiptasamningi Fjarðarjarðanna, dags. 12. janúar 1908 og þingl. 16. júní s.á. Samkvæmt því liggja innbyrðis merki Fjarðarjarða inn í Vatnsföll „þangað sem vötnum hallar til Laxárdals í Nesjum“. Landskiptasamningurinn er einungis áritaður af hálfu eigenda Fjarðarjarðanna. Þessi lýsing er í ágætu samræmi við landamerkjabréf Árnastorfu. Þá vísa núverandi eigendur Fjarðarjarða til landamerkjalysinga aðliggjandi jarða í kröfugerð sinni í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón. Eldri heimildir um merki Fjarðar að þessu leyti eru ekki fyrir hendi.

Í landamerkjabréfi Hvammstorfu, dags. 27. apríl 1889 og þingl. 13. maí 1890, segir um merki torfunnar gagnvart Nesjajörðum að þau liggja eftir hæstu eggjum á Hvammsfjöllum þar til Hoffellsland taki við, nefnilega við Nautagil eða Reipsdal. Bréfið er ekki áritað vegna Árnanes. Ljóst virðist að með Hvammsfjöllum er átt við fjallgarðinn sem skilur á milli Lóns og Nesja. Árnanesbréfið fær því ágætlega samrýmst Hvammsbréfinu. Eldri heimildir um merki Hvamms að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir Árnastorfu. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum sé þar rétt lýst. Bréfið er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að gagnvart Lóni eru glögg landfræðileg skil með fjallsbrúnum sem jafnframt eru hreppamörk. Við þessi skil er miðað í landamerkjabréfum Árnanes og Hvammstorfu, auk landskiptasamnings Fjarðar, svo langt sem hann nær. Sá galli sem á Árnanesbréfinu er að því leyti að

áritun vegna Fjarðar og Hvamms vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi. Landamerkjabréf Bjarnaness og Hóla eru þinglesin og árituð vegna Árnanes, sbr. einnig áritanir vegna Bjarnaness og Hóla á landamerkjabréf Árnanes. Þá er landamerkjabréf Hvamms og landskiptasamningur Fjarðarjarða í Lóni þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Árnanestorfunnar hafa um langa hrið haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Árnanestorfu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Á austurhluta svæðisins er fjalllendi það og heiðarlönd sem að framan er lýst. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Fjalllendi torfunnar er vel gróið en þó eru gróðurlaus svæði inn á milli, sbr. kafla 5.3. Þannig er Bergárdalsheiði gróðursæl sem og Endalausidalur og Loklausidalur. Þá er neðanverður Laxárdalur vel gróinn. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Nesjum, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að Árnanestorfa hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1921, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggæringum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Fjalllendið liggur upp af grösugum dölum og verður ekki skilið frá landi jarðarinnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggðist á beit.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfari eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Samkvæmt málflutningi íslenska ríkisins byggist krafa um þjóðlendu í Nesjum, þ. á m. fyrir landi Árnanes, fyrst og fremst á túlkun heimilda um landnám og afréttarnot, auk staðháttá. Óbyggðanefnd telur hins vegar ljóst að kröfur íslenska ríkisins eru ekki í fullu samræmi við þau sjónarmið sem sögð eru liggja þeim til grundvallar. Þannig er t.d. auðsætt að kröfulína þvert yfir Laxárdal hlýtur að byggjast á öðrum atriðum án þess þó að slíkt frávik sé sérstaklega rökstutt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Árnanestorfunnar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Árnanestorfu, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.7. Vatnajökull og önnur landsvæði í Nesjum

Kröfugerð eigenda Hoffellstorfu tekur til alls þess hluta Vatnajökuls sem til meðferðar er í máli þessu. Um eignarréttarlega stöðu þess svæðis er því fjallað í kafla 10.3. og vísað þangað.

Kröfugerð íslenska ríkisins tekur til landsvæða sem fjallað er um í köflum 10.3.-10.6. hér að framan. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Eftir er því að gera grein fyrir afstöðu óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu annars lands sem til meðferðar er í máli þessu en kröfugerð íslenska ríkisins tekur ekki til.

Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í Nesjum sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Krafa íslenska ríkisins um að eignarhluta í þess Bjarnanestorfu fylgi hlutdeild í rekaítaki

því, sem greint er frá í landamerkjabréfi torfunnar, kemur því ekki til sérstakrar umfjöllunar, sbr. ákvæði c-liðar 7. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Þá skal tekið fram að í köflum 10.3.-10.6. er fjallað um viðkomandi jarðir í heild sinni en ekki einungis þann hluta þeirra sem kröfugerð ríkisins tekur til. Jafnframt þykja suðurmörk þeirra jarða, sem fjallað er um í köflum 10.4.-10.6. hér að framan, ýmist í Hornafjarðarfljótum eða Hornafirði, ekki vekja vafa. Enn fremur verður ekki séð að um landauka umhverfis Skógey gildi annað en um landauka við sjávarjarðir almennt, sbr. kafla 9.5. Jafnframt eru engar vísbendingar um að í Nesjum sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. einnig kafla 9.5. Þá verður ekki ráðið af heimildum að í Nesjum séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana, sbr. einkum kafla 6.6., utan það sem þegar hefur verið fjallað sérstaklega um hér að framan.

10.8. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin jafnframt litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Við mat á kostnaði við hagsmunagæslu vegna jarðarinnar Hóla hefur nefndin enn fremur litið til þess að við upphaf aðalmeðferðar féll íslenska ríkið frá kröfu um þjóðlendu inn fyrir merki jarðarinnar. Lögmaður eiganda Hóla kaus engu að síður að taka áfram þátt í aðalmeðferð málsins. Verður því að teljast bæði sanngjarnt og eðlilegt að kostnað vegna þess þáttar beri umbjóðandi hans sjálfur.

10.9. Um tæknileg atriði¹

Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Í samræmi við framangreint fór óbyggðanefnd þess á leit við Odd Sigurðsson, jarðfræðing hjá Orkustofnun og ráðgjafa nefndarinnar á sviði jöklafræði, og þá Kolbein Árnason og Ingvar Matthíasson hjá Landmælingum Íslands að ákvarða stöðu jökuljaðarsins við umrætt tímamark. Við verkið voru notaðar þrjár myndir frá Landsat 7-gervitunglinu. Engar nothæfar myndir eru til af þessu svæði frá árinu 1998 og var því stuðst við tvær myndir frá árinu 1999 og eina frá árinu 2000. Þar sem jökullinn hreyfist mjög hægt á milli ára er hægt að ganga út frá því að hann hafi nánast verið eins árin 1998 og 1999. Í örfáum tilvikum kann annað að gilda og var þá einnig stuðst við önnur gögn, s.s. vettvangsathuganir og loftmyndir, við ákvörðun á stöðu jaðarsins.

11. ÚRSKURÐARORÐ²

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. sá hluti Vatnajökuls sem til meðferðar er í máli þessu og Hoffellslambatungur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá jökuljaðrinum norður af Gæsaheiði (punktur 20 í kröfugerð eigenda Viðborðs/Viðborðssels í máli nr. 3/2001 hjá óbyggðanefnd, Mýrar) er dregin lína til austurs inn á jökulinn í punkt 19 í kröfugerð eigenda Hoffellstorfu og þaðan til norðvesturs í stefnu á punkt 18 í sömu kröfugerð (punktur 18 er ákvarðaður þannig að lína milli punkta 21 og 19 er framlengd), til skurðar við línu sem liggur á milli

¹ Sjá fylgiskjal nr. V (Tækniskýrsla unnin fyri óbyggðanefnd).

² Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort).

miðrar Breiðubungu, yfir Goðahnúka og í nafnlausan hnjúk sunnan við Grendil (punktur 45 í kröfugerð vegna Stafafells í máli nr. 5/2001, Lón). Þeirri línu er fylgt í nafnlausan hnjúk sunnan Grendils. Þaðan er dregin lína í annan hnjúk (1505 m háan) og áfram í þann þriðja (1526 m háan) og loks í jaðar Austurtungnajökuls, þar sem Lambatungnaá kemur undan jöklinum (punktur 17, sbr. einnig punkt nr. 44 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón). Síðan er Lambatungnaá fylgt þar til hún fellur í Skyndidalsá og síðan Skyndidalsá, þangað sem hún kemur úr Lambatungnajökli. Loks er jaðri Vatnajökuls, þ. á m. Lambatungnajökuls og Hoffellsjökuls, fylgt þar til kemur að framangreindum upphafspunkti við Gæsaheiði (punktur 20 í máli nr. 3/2001). Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll., með þeim fyrirvara sem fram kemur í kafla 10.9. Sjá hnitaskrá í viðauka sem skoðast skal sem hluti af úrskurði þessum.

Hluti þess landsvæðis sem að framan hefur verið lýst og úrskurðað Þjóðlenda, þ.e. Hoffells-lambatungur, svo sem þær eru afmarkaðar hér á eftir, er í afréttareign eigenda jarðarinnar Hoffells, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga:

Lambatungnaá er fylgt, þaðan sem hún kemur undan Austurtungnajökli (punktur 17, sbr. einnig punkt 44 í kröfugerð vegna Stafafells í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd, Lón) og þar til hún fellur í Skyndidalsá og síðan Skyndidalsá, þangað sem hún kemur úr Lambatungnajökli. Á milli tveggja fyrrnefndra punkta við Austurtungnajökul og Lambatungnajökul er miðað við jökuljaðar. Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998.

Kröfum eigenda Hoffellstorfu til svæðis á Vatnajökli sem er norðan og utan við afmörkunarlínu óbyggðanefndar vegna máls þessa er vísað frá.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmanna ákvarðast svo: Jón Hjaltason hrl. 300.000 kr., Ragnar Aðalsteinsson hrl. 900.000 kr., Sigurður Gizurarson hrl. 900.000 kr., Sigurður Jónsson hrl. 900.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu annarra hluta Þjóðlendulínu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan Þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason formaður

Karl Axelsson

Halldór Jónsson

VIDAUKI

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
1	668098	440752	51	671283	440900	101	673072	440550	151	671289	442670
2	668104	440716	52	671343	440864	102	672989	440604	152	671242	442711
3	668139	440698	53	671396	440823	103	672929	440633	153	671159	442753
4	668222	440704	54	671455	440758	104	672864	440669	154	671082	442812
5	668311	440698	55	671514	440698	105	672793	440722	155	671011	442871
6	668376	440686	56	671550	440639	106	672805	440740	156	670958	442931
7	668424	440651	57	671615	440580	107	672770	440781	157	670916	443019
8	668453	440580	58	671686	440533	108	672722	440840	158	670887	443120
9	668477	440527	59	671739	440479	109	672699	440900	159	670816	443292
10	668518	440461	60	671822	440420	110	672639	440953	160	670833	443327
11	668560	440390	61	671870	440349	111	672592	440977	161	670816	443386
12	668637	440337	62	671917	440302	112	672568	441006	162	670792	443446
13	668708	440331	63	671953	440248	113	672545	441048	163	670745	443523
14	668797	440325	64	671970	440225	114	672521	441042	164	670709	443570
15	668891	440308	65	672006	440136	115	672491	441012	165	670685	443617
16	668968	440308	66	672059	440083	116	672432	441018	166	670668	443659
17	669093	440284	67	672095	440029	117	672391	441060	167	670632	443724
18	669193	440278	68	672148	439988	118	672391	441095	168	670597	443759
19	669306	440290	69	672195	439935	119	672355	441136	169	670567	443759
20	669389	440302	70	672272	439869	120	672308	441166	170	670520	443783
21	669466	440319	71	672343	439852	121	672272	441190	171	670443	443813
22	669554	440319	72	672450	439816	122	672249	441208	172	670401	443842
23	669679	440325	73	672503	439792	123	672219	441243	173	670395	443908
24	669827	440349	74	672533	439822	124	672201	441290	174	670354	443949
25	669910	440367	75	672562	439863	125	672154	441326	175	670283	443937
26	669975	440385	76	672610	439887	126	672112	441356	176	670224	443931
27	670058	440385	77	672663	439869	127	672089	441397	177	670153	443990
28	670087	440444	78	672716	439858	128	672083	441427	178	670117	444032
29	670135	440544	79	672752	439893	129	672059	441486	179	670105	444061
30	670105	440639	80	672811	439887	130	672024	441521	180	670087	444103
31	670105	440704	81	672858	439863	131	671988	441592	181	670093	444180
32	670093	440769	82	672929	439858	132	671953	441640	182	670064	444251
33	670141	440846	83	672983	439905	133	671887	441705	183	670052	444310
34	670176	440900	84	673054	439905	134	671881	441746	184	670046	444363
35	670229	440929	85	673137	439899	135	671828	441817	185	670004	444423
36	670283	440971	86	673125	439940	136	671799	441877	186	669969	444417
37	670336	441024	87	673143	439994	137	671793	441930	187	669933	444417
38	670389	441065	88	673154	440023	138	671757	441977	188	669874	444458
39	670443	441095	89	673178	440065	139	671739	442036	189	669821	444488
40	670514	441119	90	673226	440059	140	671722	442072	190	669797	444506
41	670597	441119	91	673267	440029	141	671716	442108	191	669744	444506
42	670674	441113	92	673291	440071	142	671704	442143	192	669714	444482
43	670780	441101	93	673273	440124	143	671668	442196	193	669679	444446
44	670833	441095	94	673338	440165	144	671609	442267	194	669655	444417
45	670910	441083	95	673391	440189	145	671550	442327	195	669620	444387
46	670976	441060	96	673356	440248	146	671491	442392	196	669584	444369
47	671047	441030	97	673320	440313	147	671449	442445	197	669549	444369
48	671100	441006	98	673273	440355	148	671414	442498	198	669513	444393
49	671165	440965	99	673214	440408	149	671372	442563	199	669501	444417
50	671230	440929	100	673143	440491	150	671337	442623	200	669495	444458

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
201	669483	444488	251	667109	445962	301	667494	448236	351	668222	450184
202	669448	444506	252	667085	446015	302	667524	448254	352	668270	450172
203	669395	444511	253	667068	446086	303	667535	448254	353	668281	450231
204	669329	444511	254	667044	446169	304	667565	448254	354	668270	450279
205	669276	444511	255	667032	446205	305	667577	448242	355	668281	450326
206	669211	444511	256	667026	446205	306	667601	448242	356	668329	450350
207	669134	444506	257	667026	446252	307	667648	448301	357	668358	450379
208	669057	444506	258	667003	446311	308	667683	448331	358	668400	450403
209	668968	444506	259	666991	446371	309	667743	448372	359	668435	450432
210	668897	444494	260	666967	446436	310	667784	448425	360	668483	450468
211	668814	444494	261	666949	446471	311	667826	448496	361	668506	450474
212	668761	444506	262	666931	446507	312	667843	448561	362	668506	450509
213	668714	444511	263	666926	446542	313	667867	448621	363	668530	450545
214	668637	444523	264	666926	446578	314	667897	448686	364	668572	450581
215	668566	444529	265	666955	446649	315	667897	448745	365	668607	450604
216	668495	444529	266	666979	446684	316	667891	448804	366	668678	450610
217	668400	444535	267	666985	446720	317	667920	448846	367	668731	450663
218	668335	444547	268	666979	446761	318	667974	448899	368	668755	450687
219	668222	444559	269	666991	446809	319	668045	448940	369	668808	450740
220	668122	444577	270	667003	446856	320	668080	448994	370	668838	450776
221	668062	444583	271	667032	446904	321	668098	449065	371	668874	450817
222	668003	444600	272	667074	446957	322	668116	449154	372	668879	450853
223	667926	444642	273	667097	446998	323	668128	449207	373	668891	450888
224	667867	444701	274	667121	447040	324	668151	449272	374	668915	450954
225	667843	444736	275	667145	447075	325	668169	449307	375	668939	450989
226	667831	444778	276	667151	447134	326	668204	449349	376	668986	451025
227	667808	444831	277	667204	447200	327	668240	449414	377	669022	451060
228	667754	444861	278	667245	447229	328	668252	449461	378	669063	451090
229	667707	444896	279	667293	447271	329	668240	449503	379	669104	451107
230	667660	444938	280	667346	447324	330	668234	449538	380	669140	451084
231	667618	444973	281	667376	447365	331	668234	449574	381	669122	451048
232	667601	444985	282	667423	447401	332	668252	449621	382	669122	451007
233	667565	445056	283	667476	447436	333	668270	449657	383	669140	450977
234	667547	445092	284	667506	447478	334	668287	449710	384	669187	450954
235	667547	445163	285	667512	447525	335	668305	449757	385	669229	450954
236	667512	445228	286	667518	447602	336	668281	449817	386	669253	450948
237	667512	445263	287	667524	447685	337	668234	449799	387	669270	450930
238	667488	445334	288	667506	447756	338	668210	449799	388	669288	450906
239	667470	445400	289	667506	447809	339	668181	449805	389	669300	450882
240	667458	445459	290	667512	447857	340	668145	449834	390	669312	450847
241	667429	445512	291	667500	447904	341	668128	449894	391	669335	450817
242	667399	445571	292	667494	447934	342	668128	449947	392	669371	450811
243	667370	445619	293	667476	447993	343	668116	449988	393	669412	450788
244	667334	445678	294	667476	448034	344	668116	450012	394	669460	450776
245	667299	445743	295	667500	448058	345	668116	450036	395	669495	450776
246	667281	445790	296	667518	448082	346	668128	450065	396	669513	450776
247	667245	445820	297	667547	448123	347	668145	450095	397	669549	450758
248	667222	445861	298	667547	448159	348	668169	450125	398	669590	450758
249	667192	445909	299	667518	448171	349	668181	450160	399	669649	450740
250	667151	445944	300	667494	448194	350	668210	450184	400	669679	450723

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
401	669697	450717	451	670496	449876	501	671011	450669	551	671645	450888
402	669703	450693	452	670514	449846	502	671041	450657	552	671668	450954
403	669703	450675	453	670526	449829	503	671094	450634	553	671662	451025
404	669696	450646	454	670555	449799	504	671118	450652	554	671609	451025
405	669631	450616	455	670555	449769	505	671147	450669	555	671550	451025
406	669602	450604	456	670561	449734	506	671177	450669	556	671485	451007
407	669596	450563	457	670591	449710	507	671201	450640	557	671426	451036
408	669584	450521	458	670614	449710	508	671248	450610	558	671390	451031
409	669566	450498	459	670632	449710	509	671307	450598	559	671343	451007
410	669525	450492	460	670662	449675	510	671343	450569	560	671366	450989
411	669489	450462	461	670697	449681	511	671343	450533	561	671390	450954
412	669460	450444	462	670668	449752	512	671313	450498	562	671360	450918
413	669436	450391	463	670697	449787	513	671289	450492	563	671301	450948
414	669436	450338	464	670703	449823	514	671254	450474	564	671248	450989
415	669436	450284	465	670721	449793	515	671254	450438	565	671165	450989
416	669430	450231	466	670774	449781	516	671283	450385	566	671118	450989
417	669495	450213	467	670774	449846	517	671313	450350	567	671094	450942
418	669525	450190	468	670804	449888	518	671360	450314	568	671076	450900
419	669549	450148	469	670804	449935	519	671390	450273	569	671041	450888
420	669531	450095	470	670810	449982	520	671431	450237	570	671005	450900
421	669513	450048	471	670845	450012	521	671467	450237	571	670970	450918
422	669519	450012	472	670887	450012	522	671503	450237	572	670922	450936
423	669566	450012	473	670934	450030	523	671556	450237	573	670875	451001
424	669602	450006	474	670958	450071	524	671573	450238	574	670839	451042
425	669637	450042	475	670976	450119	525	671597	450243	575	670839	451078
426	669655	450065	476	671005	450160	526	671651	450231	576	670845	451107
427	669691	450095	477	670987	450207	527	671680	450207	577	670899	451149
428	669726	450095	478	670987	450237	528	671716	450207	578	670952	451167
429	669785	450083	479	671041	450279	529	671745	450219	579	671029	451184
430	669815	450065	480	671011	450308	530	671804	450196	580	671045	451188
431	669839	450024	481	670993	450314	531	671846	450219	581	671058	451196
432	669874	449982	482	671005	450338	532	671881	450261	582	671070	451226
433	669922	449923	483	671023	450367	533	671864	450308	583	671094	451261
434	669975	449929	484	670976	450373	534	671864	450367	584	671094	451291
435	670034	449923	485	670970	450403	535	671893	450415	585	671058	451291
436	670105	449888	486	670987	450427	536	671953	450438	586	671005	451309
437	670153	449852	487	671011	450456	537	671994	450492	587	671029	451344
438	670224	449829	488	671035	450474	538	672000	450545	588	671082	451386
439	670277	449823	489	671047	450474	539	671935	450598	589	671118	451404
440	670289	449864	490	671047	450474	540	671858	450634	590	671129	451457
441	670301	449906	491	671058	450504	541	671775	450657	591	671195	451475
442	670312	449941	492	671053	450545	542	671692	450652	592	671230	451522
443	670312	449988	493	671035	450557	543	671656	450687	593	671289	451522
444	670348	449977	494	670970	450563	544	671615	450652	594	671325	451540
445	670378	449941	495	670916	450563	545	671556	450610	595	671360	451611
446	670389	449906	496	670863	450581	546	671520	450610	596	671354	451664
447	670413	449876	497	670845	450616	547	671491	450675	597	671378	451717
448	670431	449888	498	670863	450652	548	671538	450723	598	671426	451747
449	670449	449900	499	670916	450657	549	671556	450758	599	671467	451753
450	670472	449900	500	670981	450663	550	671609	450841	600	671508	451759

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
601	671568	451747	651	673587	450030	701	675689	448857	751	663770	445962
602	671591	451717	652	673640	449994	702	675766	448822	752	663787	445915
603	671615	451682	653	673693	449977	703	675849	448786	753	663817	445879
604	671633	451646	654	673747	449959	704	675937	448763	754	663858	445844
605	671656	451605	655	673782	449923	705	676014	448751	755	663924	445820
606	671662	451557	656	673829	449911	706	676085	448745	756	663995	445790
607	671698	451522	657	673853	449906	707	676180	448733	757	664048	445761
608	671751	451475	658	673889	449923	708	676281	448721	758	664107	445755
609	671828	451421	659	673911	449934	709	676358	448733	759	664178	445737
610	671858	451380	660	673948	449959	710	676411	448733	760	664231	445713
611	671887	451344	661	673960	449977	711	676506	448715	761	664285	445678
612	671929	451315	662	673977	450012	712	676595	448698	762	664326	445648
613	672018	451297	663	674037	450024	713	676660	448662	763	664368	445613
614	672083	451279	664	674096	450024	714	676725	448650	764	664397	445577
615	672089	451232	665	674155	450006	715	676820	448621	765	664427	445542
616	672106	451184	666	674179	449977	716	676897	448591	766	664462	445500
617	672124	451143	667	674208	449935	717	676950	448591	767	664492	445500
618	672160	451119	668	674250	449906	718	677033	448573	768	664539	445471
619	672225	451072	669	674297	449876	719	677122	448561	769	664587	445441
620	672254	451013	670	674339	449852	720	677193	448585	770	664634	445417
621	672278	450959	671	674386	449811	721	677246	448585	771	664670	445388
622	672284	450918	672	674422	449763	722	677329	448579	772	664676	445346
623	672284	450811	673	674475	449728	723	677388	448567	773	664764	445305
624	672284	450740	674	674534	449669	724	677459	448573	774	664800	445293
625	672349	450723	675	674564	449621	725	677512	448591	775	664818	445275
626	672420	450723	676	674599	449580	726	677572	448603	776	664847	445240
627	672474	450699	677	674670	449515	727	677637	448603	777	664865	445204
628	672515	450657	678	674718	449456	728	677726	448609	778	664883	445157
629	672551	450598	679	674759	449408	729	677797	448615	779	664918	445121
630	672604	450581	680	674777	449361	730	677868	448627	780	664960	445104
631	672675	450563	681	674806	449337	731	677915	448662	781	665001	445098
632	672728	450557	682	674842	449302	732	677945	448709	782	665037	445098
633	672811	450521	683	674883	449266	733	677968	448751	783	665060	445121
634	672858	450492	684	674901	449248	734	677980	448792	784	665120	445098
635	672888	450427	685	674919	449195	735	677980	448824	785	665126	445080
636	672900	450403	686	674954	449148	736	663322	446336	786	665155	445062
637	672894	450350	687	674984	449106	737	663343	446329	787	665191	445033
638	672906	450326	688	675061	449100	738	663379	446329	788	665220	445027
639	672929	450290	689	675102	449082	739	663432	446323	789	665274	444991
640	672983	450284	690	675162	449077	740	663450	446294	790	665315	444956
641	673018	450279	691	675197	449082	741	663485	446270	791	665398	444938
642	673054	450255	692	675221	449088	742	663509	446246	792	665457	444926
643	673089	450237	693	675262	449053	743	663539	446223	793	665499	444908
644	673154	450231	694	675298	449023	744	663568	446205	794	665564	444896
645	673249	450225	695	675345	448988	745	663592	446175	795	665635	444855
646	673302	450190	696	675387	448946	746	663622	446140	796	665694	444837
647	673362	450172	697	675416	448923	747	663657	446104	797	665724	444819
648	673421	450125	698	675470	448917	748	663687	446075	798	665741	444813
649	673462	450083	699	675552	448911	749	663734	446045	799	665777	444802
650	673516	450054	700	675624	448887	750	663758	446009	800	665812	444760

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
801	665889	444725	815	666464	443777	829	666345	442706	843	667316	441853
802	665919	444677	816	666446	443718	830	666410	442629	844	667346	441752
803	665972	444636	817	666387	443653	831	666476	442593	845	667370	441669
804	666037	444583	818	666363	443552	832	666517	442611	846	667411	441598
805	666103	444523	819	666339	443511	833	666570	442593	847	667423	441551
806	666162	444452	820	666310	443428	834	666606	442575	848	667458	441504
807	666215	444387	821	666304	443357	835	666659	442522	849	667482	441444
808	666286	444328	822	666292	443268	836	666730	442463	850	667571	441308
809	666381	444245	823	666292	443179	837	666795	442392	851	667636	441225
810	666416	444180	824	666298	443126	838	666831	442344	852	667707	441119
811	666458	444103	825	666304	443025	839	666920	442267	853	667737	441048
812	666481	444014	826	666322	442925	840	667079	442125	854	667849	440923
813	666511	443937	827	666339	442871	841	667156	442048	855	667979	440817
814	666511	443842	828	666333	442794	842	667228	441954	856	668098	440752

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Birtar í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2000, Þingvallakirkjuland og efstu jarðir í Þingvallahreppi, í skýrslu nefndarinnar fyrir árin 1998-2002.


III. Skjalaskrá

IV. Aðilaskrá

V. Tækniskýrsla unnin fyrir óbyggðanefnd

Sjá bls. 240.





ÞJÓÐLENDULÍNA

Máli nr. 4/2001, Nes í sveitarfélaginu Hornaftrói.

Fylgiskjal I Dags. 14.11.2003

0 5 km

Helmdir: Byggi á aðalskipulagsskipti Hornaftrói og þáttum frá Landmælingum Íslands.

Kortagerð: Sigrún Skúason

- Krófur ymmissa aðila um eignarréttindi (varakata).
- Mörk þjóðlendu, skv. úrskurði dýggðanefndar
- Mörk afritareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði dýggðanefndar
- Krata Landsvirkjunar.
- Mörk afritareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði dýggðanefndar
- Viðmúrartína.
- Krata um svæði sem er ekki til meðferðar
- Landamerkipunktur.

— Almúkun á því landsvæði sem dýggðanefnd hefur tekið til meðferðar.

— Krata fjármálaráðgjafna (f.h. ríkisins um þjóðlendumörk).

— Krófur ymmissa aðila um eignarréttindi (aðalkrafi).

— Útlina þekks skv. upprétum Landsáls 7 gervitlunglamyndum

Mismunur á þjóðlendu, eins og það er tekið á kortunni, og úrskurðarlínu dýggðanefndar, að því leyti sem hún fylgir þjóðlendu, skýrist af mismunandi aldri og nákvæmni gagna.

III. Skjalaskrá

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags 12.12.2000.
- 1 (2) Bréf fjármálaráðuneytis v/meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 12.12.2000.
- 1 (3) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Nesjum (1:50 000).
- 1 (4) Kort sem sýnir kröfulínu fjármálaráðherra í Nesjum (1:100 000).
- 1 (5) Tilvísanaskrá, dags. 12.12.2000.
- 1 (6) Skjalaskrá, dags.12.12.2000.
- 1 (7) Samningur Landgræðslu ríkisins við eigendur og umráðamenn Skógeyjar, dags. 15.10.1982.
- 1 (8) Fundargerð 5.3.1991 vegna landgræðslusamnings um Skógey.
- 1 (9) Greinargerð fjármálaráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins í máli nr. 4/2001, Nes, A-Skaft., dags. 10.9.2001.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 2.10.2003.
- 2 (1) (a-b) Landamerkjaskrá jarðanna Hoffells, Setbergs og Svínafells í Nesjum, dags. í maí 1884, maí 1885 og maí 1886, ásamt uppskrift.
- 2 (2) (a-b) Landamerkjaskrá jarðanna Svínafells og Hoffells í Nesjum, dags. 7.7.1911, ásamt uppskrift.
- 2 (3) (a-b) Landamerkjaskrá jarðanna Krossbæjar, Krossbæjargerðis og Stóruhágar í Nesjum, dags. 26.2.1921, ásamt uppskrift.
- 2 (4) (a-b) Landamerkjaskrá jarðanna Bjarnarness og Bjarnarneshjáleigna, dags. 17.4.1921, ásamt uppskrift.
- 2 (5) (a-b) Landamerkjaskrá jarðarinnar Svínafells, dags. 29.6.1921, ásamt uppskrift.
- 2 (6) Landamerkjaskrá jarðarinnar Árnanes, dags. 1.11.1921, ásamt uppskrift.
- 2 (7) Landamerkjaskrá jarðarinnar Hóla, dags. 8.5.1885.
- 2 (8) Landamerkjaskrá jarðarinnar Þinganes, dags. 1.6.1888.
- 2 (9) Áreiðargerð og landskipti milli Krossabæjar og Stóruhágar í Hornafirði, dags. 21.6.1891. Afsals- og veðmálabók 1880-1898, skjal nr. 342.
- 2 (10) Afsal amtmanns í Suður- og Vesturamtinu fyrir hluta Bjarnaneseigna til Bjarnanessafnaðar, dags. 6.12.1901. Afsals- og veðmálabók 1898-1910, skjal nr. 79.
- 2 (11) Makaskipti ábuenda Svínafells og Viðborðs á túni á Viðborði á Mýrum og afréttarlandi úr Viðborðshálsum, dags. 22.5.1906. Afsals- og veðmálabók 1898-1910.
- 2 (12) (a-b) Vitnisburður um landamerki Bjarnaness og Árnanes, dags. 2.3.1792, ásamt uppskrift.
- 2 (13) (a-b) Vitnisburður um landamerki Bjarnaness og Árnanes, dags. 2.3.1792, ásamt uppskrift.
- 2 (14) (a-b) Vitnisburður um landamerki Bjarnaness og Árnanes, dags. 6.3.1792, ásamt uppskrift.
- 2 (15) (a-b) Vitnisburður um landamerki Bjarnaness og Árnanes, frá 1792, ásamt uppskrift.
- 2 (16) (a-b) Lögfasta Bjarnaness og Árnanes, dags. 18.11.1797, ásamt uppskrift.
- 2 (17) (a-b) Þingsvitni um landamerki Bjarnaness og Árnanes tekin árið 1800, ásamt uppskrift. Afrit eldri skjala eru með.
- 2 (18) Afstöðukort varðandi jarðirnar Bjarnanes og Árnanes sem lagt var fram árið 1800.

- 2 (19) (a-b) Vísitásiubók Brynjólfs Sveinssonar í Bjarnanesi í Nesjum, dags. 10.9.1641, ásamt uppskrift.
- 2 (20) (a-b) Vísitásiubók Finns Jónssonar í Bjarnanesi í Nesjum, dags. 27.8.1755, ásamt uppskrift.
- 2 (21) (a-b) Vísitásiubók Ólafs Gíslasonar í Bjarnanesi í Nesjum, dags. 2.9.1748, ásamt uppskrift.
- 2 (22) (a-b) Vísitásía Þórðar Þorlákssonar í Bjarnanesi, dags. 15.9.1677, ásamt uppskrift.
- 2 (23) (a-b) Vísitásía Jóns Vídalíns í Hoffelli í Hornafirði, dags. 23.9.1706, ásamt uppskrift.
- 2 (24) (a-b) Vísitásía Jóns Vídalíns í Bjarnanesi frá 1706, ásamt uppskrift.
- 2 (25) Vísitásía Jóns Árnasonar í Bjarnanesi frá 1727.
- 2 (26) Vísitásía Jóns Árnasonar í Hoffelli frá 1727.
- 2 (27) (a-b) Vísitásía Helga G. Thordersen úr kirkjustól Bjarnaness, dags. 27.7.1848, ásamt uppskrift.
- 2 (28) Skýrsla Bjarnanessprests um þann hluta Þórisdals sem tilheyrði prestakallinu, dags. 20.6.1912.
- 2 (29) Bréf amtmanns í Suður- og Vesturamti til landshöfðingja um afhendingu Bjarnaness til safnaðarins, dags. 30.11.1901.
- 2 (30) Bréf stiftsyrivalda til amtmanns um afhendingu Bjarnaness til safnaðar, aðallega varðandi ítök kirkjunnar, dags. 26.1.1901.
- 2 (31) Skipting Bjarnaness, samþykkt af sóknarpresti og sóknarnefnd, dags. 23.10.1901.
- 2 (32) Skaft. V. 5. Dóma- og þingabók 1842-1870. Árið 1854, um landamerki jarðanna Hoffells, Setbergs og Svínafells.
- 2 (33) Sáttabók Nesja 1805-1875. Umfjöllun um skógaryrkju nokkurra bænda í Nesjum, dags. 10.12.1818.
- 2 (34) Ljósrit úr gerðabók jarðamatsnefndar frá 1849.
- 2 (35) Ljósrit úr gerðabók yfirfasteignamatsnefndar frá 1849.
- 2 (36) Ljósrit úr gerðabók fasteignamatsnefndar frá 1916.
- 2 (37) (a-b) Vísitásía Bjarnanesskirkju frá 1820, ásamt uppskrift um landsréttindi.
- 2 (38) (a-b) Vitnaleiðsla að Holtum á Mýrum, dags. 3.6.1801, varðandi ágreining umráðamanna Bjarnaness og Árnanes um Laxárdal, ásamt uppskrift.
- 2 (39) Bjarnanes í Nesjum.
- 2 (40) (a-b) Bjarnanes í Nesjum, dags. 14.6.1854. Uppskrift fylgir.
- 2 (41) (a-b) Bjarnanes í Nesjum, dags. 12.7.1867. Uppskrift fylgir.
- 2 (42) Jarðamat í Austur-Skaftafellssýslu 1804-1805, Nesjahreppur.
- 2 (43) Um ítak Bjarnaness í Dalsskógum.
- 2 (44) a-b Landamerkjaskrá jarðarinnar Stafafells og hjáleigna í Lóni, dags. 23.4.1914, ásamt uppskrift.
- 2 (45) a-b Landamerkjaskrá jarðanna Hvamms, Volasels og Þorgeirsstaða í Lóni, dags. 27.4.1889, ásamt uppskrift.
- 2 (46) a-b Landamerkjaskrá jarðanna Syðri-Fjarðar og Efri-Fjarðar í Lóni, dags. 4.7.1908, ásamt uppskrift.
- 2 (47) a-b Landamerkjaskrá jarðanna Viðborðs og Viðborðssels á Mýrum, dags. 12. maí 1884, ásamt uppskrift.
- 2 (48) a-b Landamerkjaskrá jarðarinnar Dilksness í Lóni, dags. 8.maí 1885, ásamt uppskrift.
- 2 (49) Landamerkjaskrá Lækjarness í Nesjum, dags. 31. desember 1912.
- 2 (50) Landamerkjaskrá umboðsjarðarinnar Horns í Nesjum, dags. 26. apríl 1898.
- 2 (51) Landamerkjaskrá Hafnarness, ódags. en þingl. 9. maí 1885.
- 2 (52) Landamerkjaskrá Hoffells og Setbergs í Nesjum, dags. júní 1912.
- 2 (53) Yfirlit (registur nr. 11) í veðmálaskrá fyrir Hoffell.

- 2 (54) Yfirlit (registur nr. 10) í veðmálaskrá fyrir Setberg.
- 2 (55) Yfirlit (registur nr. 12) í veðmálaskrá fyrir Svínafell.
- 2 (56) Yfirlit (registur nr. 9) í veðmálaskrá fyrir Krossbæ.
- 2 (57) Yfirlit (registur nr. 8) í veðmálaskrá fyrir Krossbæjargerði.
- 2 (58) Yfirlit (registur) í veðmálaskrá fyrir Bjarnanes.
- 2 (59) Yfirlit (registur nr. 6) í veðmálaskrá fyrir Áranes.
- 2 (60) Yfirlit (registur nr. 3) í veðmálaskrá fyrir Dilksnes.
- 2 (61) Yfirlit (registur nr. 7) í veðmálaskrá fyrir Stórulæg.
- 3 Yfirlit Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, yfir heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 25.4.2001.
- 3 (1) Lands og fjörumörk Þinganes, 1673.
- 3 (2) Kaupbréf fyrir Þinganesi, dags. 10.12.1674.
- 3 (3) Kaupbréf fyrir Bæ í Lóni, Mýrartungu í Króksfirði og Skinney í Nesjum, dags. 30.6.1565.
- 3 (4) Kaupbréf fyrir hálfri Skinney, dags. 31.7.1660.
- 3 (5) Kaupbréf fyrir 5 hundruðum í Skinney, dags. 28.8.1661.
- 3 (6) Vitnisburður um Þernuvallarland, dags. 7.5.1665.
- 3 (7) Vitnisburður um Þernuvallarland, dags. 11.6.1656.
- 4 Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð hafa verið af óbyggðanefnd vegna máls nr. 4/2001, Nes, dags. 4.9.2002.
- 4 (1) Máldagi Hoffells í Hornafirði [1343] (Ísl. fornbréfasafn, 2. b., s. 769-770).
- 4 (2) Ákvörðun Skálholtsbiskups um að jörðin Svínafell í Hornafirði verði lögð undir Hoffell, 4. sept. 1358 (3. b., s. 126-127).
- 4 (3) Máldagi Bjarnanes og Hoffells í Hornafirði [1367] (3. b., s. 242-243).
- 4 (4) Máldagi kirkjunnar í Bjarnanesi, 1397 (4. b., s. 233).
- 4 (5) Landamerki milli Einiholts og Borgar í Hornafirði, 25. maí 1483 (6. b., s. 485-487).
- 4 (6) Máldagi Hoffells í Hornafirði [1491-1518] (7. b., s. 36).
- 4 (7) Virðingargerð á staðnum í Hoffelli í Hornafirði [um 1500] (7. b., s. 449).
- 4 (8) Alþingisdómur um bréf og skilríki Teits Þorleifssonar fyrir Bjarnanesi og Bjarnaneseignum, 1. júlí 1501 (7. b., s. 575-576).
- 4 (9) Skrá yfir jarðir Teits Þorleifssonar lögmanns, m.a. Bjarnanes, Þinganes og Dilksnes [1522] (9. b., s. 92-9).
- 4 (10) Teitur Þorleifsson selur Ögmundi Pálssyni biskupi nokkrar jarðir, m.a. Bjarnanes, Þinganes og Dilksnes, 26. júlí 1525 (9. b., s. 272-274).
- 4 (11) Biskupsbréf um Bjarnanes [júlí 1540] (10. b., s. 548-549).
- 4 (12) Biskupsbréf um Bjarnanes [eftir nýár 1541] (10. b., s. 599-600).
- 4 (13) Minnisgreinar Gissurar Einarssonar biskups m.a. um Bjarnanes, Kross og Dilksnes, 1540 (10. b., s. 583-585).
- 4 (14) Biskupsbréf um Bjarnanes, 25. sept. 1541 (10. b., s. 668-669).
- 4 (15) Konunglegt umboðsbréf fyrir Bjarnanesi, 23. mars 1542 (10. b., s. 707-708).
- 4 (16) Ágrip af bréfi um að kirkjan í Hoffelli í Hornafirði eigi selstöðu og stóðhrossabeit í Arnanesjörð og næturrekstur í Hólajörð, 9. júní 1390 (11. b., s. 4).
- 4 (17) Bréf Jóns Arasonar biskups til Gissurar Einarssonar biskups um Bjarnanes, 22. maí 1542 (11. b., s. 121-122).
- 4 (18) Ályktun umboðsmanns konungs og lögmannna um jarðirnar Bjarnanes og Horn, 29. júní 1542 (11. b., s. 138-139).
- 4 (19) Bréf Jóns Arasonar biskups til Gissurar Einarssonar biskups m.a. um Bjarnanes [1543] (11. b., s. 279-280).

- 4 (20) Gissur Einarsson biskup felur bróður sínum umboð fyrir Bjarnanesi, 2. maí 1544 (11. b., s. 299-300).
- 4 (21) Um Bjarnanesreið Jóns biskups Arasonar [1547 og síðar] (11. b., s. 607-609).
- 4 (22) Úrskurður lögmanns um eignargögn Ara Jónssonar (biskups) fyrir Bjarnanesi, 30. júní 1550 (11. b., s. 783-785).
- 4 (23) Úrskurður tylftardóms presta um að Ari Jónsson megi taka að sér Bjarnaneseygnir, 4. júlí 1550 (11. b., s. 791-792).
- 4 (24) Úrskurður klerka um að Ari Jónsson hafi tekið Bjarnanes ólöglega, 3. nóv. 1550 (11. b., s. 809-810).
- 4 (25) Kirknaskrá frá um 1200, m.a. getið um kirkju í Hoffelli (12. b., s. 5).
- 4 (26) Jarðaskiptabréf á Skálanesi eystra í Vopnafirði fyrir 11 hndr. í Þinganesi í Hornafirði [2. febr. 1557] (13. b., s. 173-174).
- 4 (27) Skálholtsstóll eignast m.a. Bjarnanes og Krossbæ í jarðskiptum við konung, 3. júlí 1556 (13. b., s. 138-139).
- 4 (28) Vitnisburður um skjöl varðandi Teit Þorleifsson lögmann, m.a. um Krossbæ, 14. apríl 1568 (15. b., s. 80-82).
- 4 (29) Helmingadómur presta og leikmanna dæmir Krossbæ í Hornafirði eign Skálholtsdómkirkju, 8. maí 1569 (15. b., s. 260-262).
Landeigendur „líta svo á að í kröfugerðunum felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra, að fornu og nýju, í þjóðlendu, fari svo að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda“.

„Gerð er krafa um að aflýst verði yfirlýsingu óbyggðanefndar, dags. 2.1.2001 sbr. skjal nr. A-7/2001, sem þinglýst hefur verið á jörðina.“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi rikissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.9. Kröfur eigenda jarðarinnar Bæjar

Af hálfu Kjartans Ásmundssonar vegna Bæjar 1 (Miðhúsa), Guðrúnar Ingólfsdóttur vegna Bæjar 2 (Neðribæjar), Sigurjóns Arasonar og Þorsteins Geirssonar vegna Bæjar 3 (Brekku), Guðrúnar Óskar og Rakelar Sigurðardætra vegna Bæjar 4 (Hátúns) og Aðalheiðar Geirsdóttur og Sigurðar Geirssonar vegna Bæjar 7 (Reyðarárpart) er þess krafist að viðurkenndur verði beinn og óskertur eignaréttur þinglýstra eigenda jarðarinnar að öllu landi jarðarinnar og að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar séu eins og í landamerkjabréfi frá 10. júní 1922 greinir, en þar eru landamerkjum lýst svo:

Að vestanverðu á milli Stafafells og Bæjar, úr áður nefndu Markhrauni (áður nefnt Steinsholt) sjónhendingu beina línu austast í halann á eyjunni Vigur. Að utan þegar Markhraun ber í Fláagil.

Að ofanverðu milli Hlíðar og Bæjar, úr áður nefndu Markhrauni sjónhending í Ærhraun og úr Ærhrauni sjónhending í há Leirskála, eftir það ræður Karlsá landamerkjum inn á Útstúkudal.

Milli Bæjar- og Álftafjarðarafrétta ráða há fjallseggjar úr Útstúkudal austur og fram á Svartagilstind.

Að austanverðu milli Reiðarár og Bæjar úr Svartagilstindi sjónhending í upptök Reyðarár (Mjóadalsá). Þaðan ræður áin fram að svonefndri Grjótá, þaðan liggja mörkin beina línu í Grundarhraun, úr Grundarhrauni í þúfuna á Þinghrauni, úr þeirri þúfu sjónhending í austustu markþúfu á Karlsteigsbakka og þaðan beina línu út í Lón.

Landeigendur „líta svo á að í kröfugerðunum felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra, að fornu og nýju, í þjóðlendu, fari svo að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda“.

„Gerð er krafa um að aflýst verði yfirlýsingu óbyggðanefndar, dags. 2.1.2001 sbr. skjal nr. A-7/2001, sem þinglýst hefur verið á jörðina.“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi rikissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

Við aðalmeðferð málsins kom fram leiðrétting á kröfugerð vegna jarðarinnar. Samkvæmt henni hafði hluti landamerkjalyýsingar fallið niður úr lýsingu á kröfugerð eins og hún var sett fram í kröfulyýsingu og greinargerð. Leiðrétting þessi hefur verið tekin upp í textann hér að framan. Þá kom fram

sú breyting á kröfugerð, eins og hún kemur fram á korti, að Reyðará komi mun vestar en þar sjáist. Jafnframt var gerð sú athugasemd við merkingar á umræddu korti að Bæjarafrettur sé einungis fyrir vestan Litlu-Koltungu.

3.10. Kröfur ábúenda/umráðamanna jarðarinnar Bjarnaness I-II í Nesjum

Af hálfu Vilborgar Jónsdóttur og Þorsteins Sigjónssonar er þess krafist „að viðurkenndur verði óbeinn eignarréttur, þ.e. beitarréttur, ábúenda/umráðamanna Bjarnaness í fjallendinu innan við Skyndidalsá í Lónsöræfum, ef land þetta telst samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar vera þjóðlenda“.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, skv. fram- lögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Almenn

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-20 ásamt undirskjöllum eða samtals 336 skjal, sjá nánar í fylgiskjali nr. III.

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd á grundvelli rannsóknarskyldu nefnd- arinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnota- réttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um stað- reyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuð- um sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskóla- bókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rann-

sóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Þjóðll. Lögmennum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

A. Óprentuð frumgögn:

1. Landamerkjabréf

Landamerkjabók Skaftafellssýslu er á Þjóðskjalasafni og var yfirfarin af sérfræðingum safnsins, sjá nánar lið A í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

2. Jarðabréf (á Þjóðskjalasafni)

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni athuguðu jarðabréf í vörslu safnsins, sjá nánar lið J í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Sjá að öðru leyti lið D-1 (prentuð jarðabréf).

3. Afsals- og veðmálabækur

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni leituðu heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu (1801-1929), sjá nánar lið B í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni síðari afsals- og veðmálabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

4. Landskiptabækur

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað upplýsinga um efni landskiptabóka, í vörslu embætta sýslumanna í Vík og á Höfn, sjá nánar lið A-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Fasteigna- og jarðamöt

Lögð voru fram ljósrít af jarðamati 1804, 1849-1850 og 1916-1918, í vörslu Þjóðskjalasafns, sjá nánar lið L í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjal nr. 2. Um prentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið D-2.

6. Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur (dómsmálabækur, aukadómsbækur o.fl.) og sáttabækur, sjá nánar liði H og I, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Ekki var hins vegar talin ástæða til að leita í bréfasöfnum sýslumanna (eða dómsskjölum) eða bréfabókum sýslumanna nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sama máli gegnir um hrepps- og bréfabækur hreppstjóra og sveitarstjórna. Um prentaða dóma er vísað í lið D-3.

7. Kirknaskjöl

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirknaskjöl, vísitásiubækur prófasteina í Austur-Skaftafellssprófastdæmi, braudamöt og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra 1839, sjá nánar liði C, M og P í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

8. Vísitásiubækur biskupa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu fyrstu vísitásiubækur sex Skálholtsbiskupa og aðrar vísitásiur þegar tilefni var til, sjá nánar lið D í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

9. Skjalasöfn presta og prófesta

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu kirkjustóla og skjalabækur kirkna þegar sérstök ástæða var til, sjá nánar lið E í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

10. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu skjöl í þessum flokki þegar sérstök ástæða var til. Þannig voru athuguð skjöl varðandi kirkjujarðasölu í skjalasafni Stjórnarráðs Íslands, skjöl í skjalasafni landshöfðingja sem varða kirkjujarðasölu, bréf varðandi byggingu þjóðjarða í skjalasafni landshöfðingja og skjöl í skjalasafni landfógeta. Ekki var hins vegar talin ástæða til að leita í bréfabókum stiftamtmanns og amtmanns, bréfum til stiftamtmanns, amtmanns og stiftsyfirvalda eða bréfasafni landshöfðingja nema þegar sérstakt tilefni gafst. Sjá nánar liði F, G, Q og S, auk lokaorða, í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Um prentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga er vísað í lið D-6.

11. Bréfasöfn og bréfabækur biskupa

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns litu lauslega á bréf til biskups úr Austur-Skaftafellssprófastdæmi og bréfabækur biskups, sjá nánar lið O og lokaorð í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2. Forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns athugaði bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, sem þar er varðveitt, sbr. skjal nr. 3. Um prentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið D-8.

12. Klausturumboð

Nær engin slík skjöl tengjast Austur-Skaftafellssýslu, sbr. lokaorð í greinargerð Þjóðskjalasafns um gagnaöflun, skjal nr. 2. Það litla sem er var lauslega athugað.

13. Fornleifaskráning (yfirlit)

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu, sjá nánar lið A-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

14. Örnefnaskráning

Óbyggðanefnd lagði fram nokkrar örnefnaskrár frá Örnefnastofnun Íslands þegar sérstök ástæða var talin til, sjá nánar lið A-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

15. Önnur óprentuð frumgögn

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns athuguðu af sérstöku tilefni skjöl í II. skrifstofu Stjórnarráðs Íslands (atvinnu- og samgöngumál) varðandi þjóðjarðir í Austur-Skaftafellssýslu og skjöl frá jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins um sölu kirkjujarða í Austur-Skaftafellssýslu, sjá nánar liði K og R í greinargerð safnsins um gagnaöflun, skjali nr. 2.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað nokkurra annarra óprentaðra frumgagna frá héraðsskjalasafni og víðar, sjá nánar lið A-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

B. Prentuð frumgögn:**1. Jarðabréf**

Af hálfu óbyggðanefnd var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (13. bindi) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld

(G.F.G.), sjá nánar lið B-1 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð jarðabréf er vísað í lið C-2.

2. Fasteigna- og jarðamöt

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað ljósrita úr eftirtöldum fasteigna- og jarðamötum: Jarðatal á Íslandi, J. Johnsen (1847), Ný jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932, Fasteignabók 1942-1943, Fasteignabók 1956-1957. Sjá nánar lið B-2 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentuð fasteigna- og jarðamöt er vísað í lið C-5.

3. Dómar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir útgefna dóma Hæstaréttar og Landsyfírréttar og leitað að tilteknum efnisorðum, sjá nánar lið B-3 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaða dóma- og þingabækur er vísað í lið C-6.

4. Fjallskilareglugerðir

Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrít af þeim fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði (birtar í Stjórnartíðindum), sjá nánar lið B-4 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

5. Máldagar

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (sbr. „Heimildaskráningu jarða“), sjá nánar lið B-5 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

6. Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island, sjá nánar lið B-6 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentað efni úr skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðinga er vísað í lið C-10.

7. Landnáma

Óbyggðanefnd lagði fram ljósrít úr Landnámabók, í útgáfu Hins íslenska fornritafélags, um landnám á viðkomandi svæði, sbr. lið B-7 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

8. Bréfabækur biskupa

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir bréfabók Guðbrands Þorlákssonar, skv. nafnaskrá. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega, sjá nánar lið B-8 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um óprentaðar bréfabækur biskupa er vísað í lið C-11.

9. Alþingisbækur Íslands

Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir Alþingisbækur Íslands, skv. nafnaskrá Alþingisbóka, sjá nánar lið B-9 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

10. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi)

Lögð var fram umfjöllun um Lónkálk í 13. bindi Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, þar sem birt er Jarðabók Ísleifs Einarssonar (útdráttur úr glataðri umfjöllun Árna og Páls), sjá nánar lið B-10 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4. Um 13. bindi Jarðabókar er vísað í lið D-1.

11. Önnur prentuð frumgögn

Af hálfu óbyggðanefndar voru m.a. lögð fram gögn frá héraðsskjalasafni Austur-Skaftafellssýslu og upp úr manntali á Íslandi, sjá nánar lið B-11 í greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun, skjal nr. 4.

Loks ber þess að geta að óbyggðanefnd aflaði greinargerða Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, Odds Sigurðssonar jarðfræðings og dr. Páls Imslands jarðfræðings um gróðurfar og staðhætti, jökla og strandbreytingar á svæðinu. Einnig var lagður fram nokkur fjöldi annarra skjala um sama eða tengt efni. Loks var að auki litið til almennra uppláttarrita og ítarefnis um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsinga, árbóka o.s.frv. Nokkuð var lagt fram í málinu af ljósritum úr slíkum ritum. Gerð er grein fyrir einstökum heimildaflokkum og mati óbyggðanefndar í því sambandi í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, sjá fylgiskjal II.

4.4. Vettvangsferð

Farið var á vettvang dagana 9.-10. september. Fyrri daginn var nyrðri hluti svæðisins skoðaður, m.a. farið upp á Illakamb, inn í Skyndidal og Laxárdal. Síðari daginn var syðri hlutinn skoðaður, m.a. farið inn í Bæjardal og austur fyrir Horn, niður að Fjarðarjörðum og upp í Almanskard.

Fyrri hluti vettvangsferðar hófst að morgni mánudagsins 9. september, í mjög góðu skyggni. Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila, var með í för Gunnlaugur Ólafsson frá Stafafelli og lýsti hann staðháttum. Fyrst var ekið frá Stafafelli að Þórisdal og þar kom í bifreiðina Guðmundur Jónsson. Haldið var inn eftir Kollumúlavegi, fram hjá Austurskógum, Eskifelli, mynni Skyndidals og Stigafjöllum við mynni Hnappadals. Haldið var áfram þar til staðnæmst var á góðum útsýnisstað á leiðinni upp á Kjarrdalsheiði. Þaðan sá niður með Jökulsá og til sjávar, að Hnappadalstindum, Dalsheiði og beint austur að Jökulgilstindum. Síðan var haldið upp á Kjarrdalsheiðina þar til staðnæmst var við kröfulínu ríkisins, rétt utan í heiðinni, og aftur nokkru ofar. Gengið var stuttan spöl frá veginum þar til vel sást að Svínadalshnútu, inn eftir Jökulsárgljúfirum, yfir að Hofsjökli og í fremsta hlutann á Viðidal. Að svo búnu var haldið áfram þar til numið var staðar við Eiriksörðu, í 722 m h.y.s. Gengið var að góðum útsýnisstað þar sem sást vel að Kollumúla, Kollumúlaheiði og Geldingafelli. Ekið var áfram og um hádegisbil var komið upp á Illakamb þaðan sem sér að Kollumúlaskála. Horft var yfir að einstigi í fjallshlíðinni hinum megin við Jökulsána. Eftir að staðhættir á Illakambi höfðu verið skoðaðir og svipast um var haldið af stað aftur og sama leið ekin til baka þar til beygt var til vesturs inn í Skyndidal. Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins sker Skyndidal. Ekið var eins langt inn í dalinn og fært er en síðan gengið þar til vel sást inn eftir honum. Að svo búnu var haldið aftur að Þórisdal og Gunnlaugur Ólafsson lauk þátttöku sinni í vettvangsferð. Haldið var aftur út á Þjóðveginn og Steindór Guðmarsson í Hvammi kom í bifreiðina. Þessu næst var ekið inn eftir Laxárdal og sagði Guðmundur Jónsson til vegar. Þegar vegurinn var á enda var ekið út í ána og nokkuð áleiðis inn eftir dalnum. Á leiðinni sást m.a. til Skálahvamma, að Reipsdalstindi og Brenn höfða sem Þjóðlendukrafa ríkisins liggur um. Snúið var við og sama leið ekin til baka. Komið var aftur í Stafafell síðdegis og lauk fyrri vettvangsferð þar með.

Síðari hluti vettvangsferðar hófst að morgni þriðjudagsins 10. september í ágætu skyggni. Þátttakendur voru óbyggðanefnd, starfsmenn nefndarinnar og lögmenn aðila, sbr. áður. Haldið var frá Stafafelli að Reyðará þar sem Þorsteinn Geirsson slóst í hópinn og annaðist leiðsögn ásamt Sigurði A. Þóroddssyni hdl. sem er meðal eigenda Hvalness í Lóni. Haldið var upp á Lónsheiði, m.a. til að glöggva sig á sveitarfélaga- og sýslumörkum og snúið við rétt neðan við brúna yfir Traðargilsá. Ekið var aftur niður á Þjóðveginn og á leiðinni sá í mynnið á Ljósárdal og Ljósárdalsvörp. Haldið var sem leið liggur yfir í Álfafjörð þar til snúið var við neðan Flugustaða, við Hofsa. Ætlunin var að fara aftur upp á Lónsheiðina, Álfafjarðarmegin en hætta þurfti við það vegna þoku.

Þessu næst var ekið eftir Þjóðvegi 1, m.a. fram hjá Karlsfelli, þar til haldið var inn Bæjardal, Hlíðarmegin í dalnum. Horft var að Hafradalstindi og Njörvatindi en kröfulína íslenska ríkisins liggur um hinn fyrrnefnda. Ekið var inn dalinn og staðhættir skoðaðir. Hópfærðabifreið óbyggðanefndar komst ekki lengra en að Þverárnesi en þaðan var haldið áfram inn dalinn í jeppabifreiðum eins langt og akfært er. Loks var gengið inn dalinn í um stundarfjórðung þar til komið var að þeim stað þar sem Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins liggur yfir dalinn. Formaður óbyggðanefndar og Þorsteinn Geirsson gengu lengst inn dalinn, allt þar til vel sást að Svartagilstindi. Að svo búnu var haldið til baka sömu leið í Stafafell og gert hádegishlé.

Eftir hádegi var aftur haldið frá Stafafelli og þá ekið að Þorgeirsstöðum þar sem komu í bifreiðina Vilhjálmur Þórhallsson og Einar Vilhjálmsson vegna Efri-Fjarðar og Karl Guðmundsson vegna Þorgeirsstaða. Einar Vilhjálmsson sagði til kennileita. Ekið var að merkjum Þorgeirsstaða og Vola-sels, síðan snúið við og farið að merkjum Þorgeirsstaða og Efri-Fjarðar og því næst staðnæmst á móts við Endalausadal. Beygt var inn að Syðra-Firði þar sem fyrir var Ragnar Sigurðsson bóndi og farið með honum út að Papósi. Þar var staðnæmst og staðhættir skoðaðir. Ragnar Sigurðsson sagði til kennileita. Frá Papósi sér inn Endalausadal, til Eystra-Horns og Fjarðarheiði sem Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins liggur m.a. um. Ekið var til baka eftir Þjóðvegi 1 upp að Almanskardí þar sem stöðvað var á útsýnisstað við veginn. Einar Vilhjálmsson sagði til kennileita. Þaðan sér m.a. vel til merkja milli Lóns og Nesja. Ekið var til baka þar til beygt var inn í Endalausadal og nokkuð áleiðis inn dalinn. Þar var staðnæmst og staðhættir skoðaðir. Loks var haldið til baka út á Þjóðveg 1 og komið í Fundarhúsið í Lóni þar sem vettvangsferð lauk síðdegis.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Guðmundi Jónssyni vegna Þórisdals, Steindóri Guðmarssyni, bónda í Hvammi, Gunnlaugi Ólafssyni vegna Stafafells, Ragnari Sigurðssyni, bónda í Syðra-Firði, Vilhjálmi Geir Þórhallssyni, eiganda Efri-Fjarðar, Karli Guðjóni Guðmundssyni, bónda að Þorgeirsstöðum og Þorsteini Geirssyni, fyrrum bónda að Reyðará og einum af eigendum Bæjar. Þorsteinn var einnig hreppsnefndarmaður um áratugaskeið.

Spurt var um landamerki og örnefni, sbr. kröfulínukort¹, hugsanlega skiptingu lands innan merkja viðkomandi jarða og hvort deilt hefði verið um merki. Jafnframt var óskað eftir að grein yrði gerð fyrir nýtingu, svo sem beitarnotum, veiði, sumarhúsabyggð og ferðaþjónustu, fyrirkomulagi smölunar. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í köflum um sögu viðkomandi jarða og niðurstöðum eftir því sem tilefni er til en skýrslur þessar eru meðal skjala málsins.

5. STAÐHÆTTIR OG NÁTTÚRUFAR

5.1. Staðhættir í Lóni²

Lónshreppur er mjög hálendur, hlíðar víða brattar og skörp landfræðileg og gróðurfarsleg mörk milli undirlendis og fjallendis. Hæstu fjöll í hálendinu milli Lóns og Nesja eru um 800-900 m að hæð en hæstu fjöll norður undir jökli eru allt að 1300 m há.

Undirlendi hreppsins er miklu minna að víðáttu en fjallendið. Það samanstendur fyrst og fremst af lítt og ógrónum áreyrum Jökulsár í Lóni og vel grónum áreyrum fjær ánni, undir hlíðum fjallanna.

Jökulsá í Lóni á upptök sín í suðaustanverðum Vatnajökli. Hún fellur efst um mikil gljúfur en um miðbik sveitarinnar og til sjávar rennur hún á breiðum eyrum. Inn í fjallendið, bæði austan og

1 Fylgiskjal nr. I (Kort).

2 Kaflar 5.1.-5.3. eru byggðir á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. málsskjal nr. 15.

vestan Jökulsár, skerast margir þröngir dalir og eru Laxárdalur og Skyndidalur þeirra lengstir og mestir. Jökulsá hefur, ásamt fleiri ám, myndað með framburði sínum hvílt milli fjallendisins sem að austan endar í Eystrahorni og að vestan í Vestrahorni.

Framan við byggðina, milli Vestrahorns og Eystrahorns, eru Lónsvík og Papafjörður sem lokast að framan af miklum sandrifjum.

Takmarkað undirlendi og skortur á ræktunaræfu landi í sveitinni setur nútímabúskap þröngar skorður en á 19. öld, þegar búskapur byggðist á beit, var Lónið um tíma fjölmennasti hreppur A-Skaftafellssýslu. Mikið hefur dregið úr beitarálagi á landið með fækkandi sauðfé og breyttum búskaparháttum.

Veðurfar á láglandi í Lóni er tiltölulega hlýtt og er meðalhiti sumars þar að líkindum hærri en 9°C og meðalhiti í febrúar - mars hærri en 1°C. Meðalársúrcoma er nálægt 1500 mm á láglandi en mun meiri í hálendinu (meðaltal 1971-1980).¹

5.2. Gróðurfar um landnám og síðari breytingar

Gróðurfar í Lóni um landnám verður aðeins áætlað af líkum sem sagnir, staða- og landfræðiheiti, þekking á veðurfari og öðrum náttúrufræðilegum þáttum, svo og núverandi gróðurfar, renna stöðum undir. Á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur verið gert kort sem sýnir hugmyndir að gróðurfari landsins um landnám.²

Loftslag var mun hlýrra um landnám en síðar varð og jöklar minni en nú. Gróður hafði þá verið að þróast í landinu í nærfellt 10 000 ár frá lokum síðasta ísaldarskeiðs. Ætla má að talsverður hluti þess lands, sem var íslaust um landnám, hafi verið gróið upp í 600-800 m hæð þar sem klettabelti og brattar, lausar skriður hafa ekki komið í veg fyrir að gróður næði svo hátt. Á korti Náttúrufræðistofnunar er áætlað að skógur og kjarr hafi þakið undirlendi Lónsins og dalbotna og undirhlíðar fjalla allt inn undir jökul eða upp í 300-400 m hæð yfir sjávarmáli. Allstór hluti fjallendisins hafi hins vegar verið lítt gróinn vegna þess hve hlíðar þess eru brattar og skriðubornar. Hálendið milli Jökulsár og Skyndidals að austan og Hoffellssdals að vestan hafi þó verið allvel gróið, svo og einstakir dalir í hálendinu milli Lóns og Nesja.

Samkvæmt könnun á jarðvegsrofi á Íslandi eru nú um 75% hreppsins talin vera auðnir eða fjalllendi sem víða er lítt eða illa gróið.³ Ljóst er að gróðurþekjan er í heild mun minni að útbreiðslu og rýrari að gæðum en um landnám. Skógur og kjarr eyddist og annar gróður og jarðvegur hans í kjölfarið.

Orsakir þessarar rýrnunar í flatarmáli og grósku gróðurs í Lóni síðan um landnám, sem raunar varð í öllum landshlutum, má rekja til samspils kólnandi veðurfars, náttúrhamfara og búsetunnar.

Litlar upplýsingar eru fyrir hendi um útbreiðslu, ástand og nýtingu skóglenda á jörðum í sýslunni frá fyrri tíð. Þær er þó að finna í Ágripi af Jarðabók Ísleifs Einarssonar, sýslumanns á Felli, sem hann tók saman á árunum 1708-1709 að beiðni Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.⁴ Í þessu ágripi eru upplýsingar um skóglendi hvarjar jarðar miklu knappari en yfirleitt gerist í Jarðabókinni. Þar er lítið getið um ástand skóglenda nema helst ef þau höfðu spillst eða eyðst af framgangi jökla.

Mikið var um skógaritök í sýslunni á þessum tíma eða alls 48 jarðir í um 20 skóglendum. Í nokkrum tilvikum voru ítök jarða ekki innan viðkomandi sveitar heldur sótt um lengri veg. Af þessu má ráða að í byrjun 18. aldar hafi skóglendi víða verið orðin lítilfjörleg eða eydd sakir versnandi veðurfars og mikillar ániðslu. Þetta segir sína sögu einnig um ástand annars gróðurs.

Gerð var ítarleg skógarkönnun í Austur-Skaftafellssýslu á árunum 1988 og 1991.⁵ Hún leiddi í

1 *Skógræktarboðin*, 1990. Ritsstj. Haukur Ragnarsson. Skógræktarfélag Íslands.

2 Eyþór Einarsson og Einar Gíslason, 2000: Handrit að korti Náttúrufræðistofnunar Íslands (1:500 000). Hugmynd um gróðurfar á Íslandi við landnám.

3 Ólafur Arnalds, o.fl., 1997: Jarðvegsrof á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

4 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík 1990. S. 417-438.

5 Snorri Sigurðsson og Ingvi Þorsteinsson, 2001. Birkikönnun á Íslandi. (Óbirt handrit.)

Ljós að í Lóni eru nú um 2380 hektarar skóglendis og er það er um það bil helmingur af núverandi skóglendi sýslunnar. Alls eru um 20 skógarsvæði í hreppnum.

Óhætt er að fullyrða að því ferli eyðingar gróðurs og jarðvegs í hreppnum, sem stóð yfir öldum saman, hafi nú verið snúið við og að í heild sé gróðurfar hans í framför. Landgæði í hreppnum hafa verið að aukast á ný fyrir tilstilli manns og náttúru.

5.3. Gróðurfar síðustu áratugi

5.3.1. Undirlendi

Gróðurfar í Lóni var kortlagt af starfsmönnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins árið 1971 og er eftirfarandi umfjöllun að mestu byggð á niðurstöðum þeirra rannsókna.¹

Áreyrum Jökulsár hafa ekki verið gefin mikil grið til að gróa upp. Mikill hluti þeirra er ógróinn eða lítt gróinn og þar má aðeins sjá dreifðar mosa- og vallendistorfur. Flatlendið með fram ánni neðanverðri og meginundirlendi sveitarinnar í Lóninu er hins vegar víða mjög vel gróið. Er þar einkum um að ræða valllendi, mosagróður á grunnum jarðvegi, votlendisgróður ýmiss konar, svo og skóglendi.

Röskur helmingur alls skóglendis í Austur-Skaftafellssýslu er í Lóni eins og að framan greindi. Skógarsvæðin eru um 20 að tölu og eru þau víðlendust og samfelldust austan Jökulsár. Þau ná nokkuð samfellt frá Hellisskógum austan Svínadals suður með hlíðum Stigafjalla um Austurskóga og niður til Gvendarness. Þaðan nær skóglendi um vestanverðar hlíðar Hvannagilshnútu, Gullaugarfjalls og Selfjalls, um Brekkubrúnir og suður- og suðvesturhlíðar Hlíðarfjalls. Þá er nokkuð samfellt skóglendi í hlíðum Bæjardals og Reyðarárdals. Norðan Jökulsárgljúfurs eru nokkur smáskóglendi norðan og sunnan Norðlingavaðs.

Vestan Jökulsár er töluvert skóglendi í Laxárdal og er það samfelldast í Dalsskógum. Nokkurt skóglendi er í Gjádál og lítil skógarsvæði eru í Mosfelli á mótum Endalausadals og Kapaldals.

5.3.2. Fjalllendi

Í fjalllendi Lónshrepps eru víðáttumikil, ógróin eða lítt gróin svæði, enda eru fjöll víða há og brött með lausum grjótskriðum. Þetta á við bæði norðan og sunnan Jökulsár í Lóni, norðan og sunnan Endalausadals og milli Papafjarðar og Skarðsfjarðar.

Gróður í fjalllendi Lónssveitar er engu að síður meiri að útbreiðslu og fjölskrúðugri en víðast í fjalllendi vestar í sýslunni. Þessu ráða að einhverju leyti vissir þættir í veðurfari sem eru hagstæðari gróðri í Lóninu, en ekki síður þættir tengdir landslagi. Hinir fjölmörgu dalir sem ganga inn í hálandið á þessu svæði eru margir skjólsælir, og hæfileg snjóalög hátt til fjalla hlífa gróðrinum og veita honum raka fram eftir vori. Þeir eru því víða grónir hátt upp í hlíðar. Í dalbotnunum og neðst í hlíðum er, auk þess skóglendis sem áður hefur verið getið, gjarna vallendis- og lynggróður en ýmiss konar snjóðældagróður í dölum sem ofar liggja.

Þegar herra dregur í fjöllin tekur við mosagróður með ýmsum fylgitegundum, s.s. lyngi og grasi. Enn herra þar sem landið verður meira áveðra verða mosagróðurlendin einhæfari, tegunda-færri, gisnari og jafnframt rýrara beitiland. Brattar, lausar skriður og efri hlutar fjallanna eru gróðurlítil eða gróðurlaus með öllu.

Í bókinni „Göngur og réttir I“ eftir Braga Sigurjónsson er m.a. fjallað um afréttarmál og ítök á Lónsóræfum. Þar er þess getið að sauðfé þyki yfirleitt vænna úr Lóni en öðrum hreppum sýslunnar enda séu afréttarlönd þar rýmst. Ekki getur gróður þeirra talist víðáttumikill, samkvæmt því sem að framan greinir, en hann er fjölbreyttari og betri beitargróður en víða annars staðar í sýslunni.

1 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1971. Gróðurkort af Austur-Skaftafellssýslu í mælikv. 1:40 000. (Óútg.)

5.3.3. Ástand jarðvegs

Mikið jarðvegsrof í hreppnum tengist fyrst og fremst gróðursnaðum hliðum og bröttum urðar-skiðum. Hins vegar er ekki talið að rof, sem valdi beinni eyðingu gróðurlendis, sé þar umtalsvert.¹

5.4. Jöklar og jöklabreytingar²

5.4.1. Jöklar upp af Lóni

Ofan að Lóni streyma jökulvötn úr mörgum skriðjökulum sem ganga austur úr Vatnajökli. Var sá hluti Vatnajökuls áður fyrir nefndur Lónsjökull og stundum Lónjökull. Syðstur og mestur þessara jökla er Lambatungnajökull og úr honum rennur Skyndidalsá. Þar skammt norðan við er Austurtungnajökull og enn norðar Norðurtungnajökull. Axarfellsjökull er myndarlegur skriðjökull en norðurkinn hans er stundum kölluð Suðurfljallsjökull. Nyrsta afsprengi Vatnajökuls í Austur-Skaftafellssýslu er Vesturdalsjökull og eru þar og í Axarfellsjökli upptök Jökulsár í Lóni. Norðan í Sauðhamarstindi og í Flugustaða- og Tungutindum eru leifar af smájökulum en umhverfis Jökulgilstind eru jökulskellur sem standa vel undir nafni. Á vatnaskilum Víðidalsár og Hofsár í Álftafirði er Hofsjökull eystri sem er nokkurra ferkilómetra jökulhetta.

5.4.2. Jöklabreytingar á sögulegum tíma

Um nær alla jökla á Íslandi gildir að þeir voru miklu minni um landnám en þeir eru á okkar dögum nema ef til vill Sólheimajökull. Þekkt er saga frá um 1640 um veg úr Hornafirði upp í Fljótsdal sem jöklar tóku svo af vegna framgangs. Jöklar upp af Lóni hafa eflaust náð hámarki á sögulegum tíma um 1890 eins og víðast annars staðar á landinu en heimildir skortir svo hægt sé að taka af skar um það. Nú er umfang jöklanna þar sennilega svipað og það var um eða eftir 1600 en góð leið úr Hornafirði í Fljótsdal blasir samt ekki við.

Allir jöklar landsins hoga nú sem óðast og er því spáð að því haldi fram alla nýbyrjaða öld. Austurtungna- og Norðurtungnajökull eru að mestu slitnir úr samhengi við meginjökulinn og eiga því erfiðara uppdráttar en Lambatungna-, Axarfells- og Vesturdalsjökull. Tveir hinir fyrnefndu hafa vafalítið verið óverulegir á fyrri öldum Íslandsbyggðar en hinir þrír jöklarnir hafa eflaust lengst af verið áberandi skriðjöklar þótt þeir hafi verið mun styttri en nú er. Á það einkum við um Lambatungnajökull. Ekki er annað líklegt en að hann hafi allt frá landnámi verið til í einhverri mynd. Engar líkur eru hins vegar til að Lambatungnajökull hafi náð saman við sporð Austurtungnajökuls eftir lok ísaldar. Axarfellsjökull hefur hvergi nærri náð að Víðidalsá þegar hann var sem stærstur undir lok 19. aldar.

Smájöklarnir sem sitja utan í tindum (aðallega norðan í) utan við meginjökulinn eru yfirleitt svo brattir að vandséð getur verið hversu stórir þeir urðu þegar umfang þeirra var mest. Þó er það augljóst m.a. á jökulleifunum sunnan í Jökulgilstindum að þeir hafa ekki verið miklu stærri enda ekki við því að búast af svo bröttum jökulum. Einhverjir þeirra kunna að hafa náð allt að tvöföldu núverandi flatarmáli.

5.4.3. Vitneskja um jökuljaðra á liðnum öldum

Mjög örðugt er að segja til með vissu um legu jökuljaðars í Skaftafellssýslum á landnámsöld.

1 Ólafur Arnalds, o.fl., 1997. Jarðvegsrof á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

2 Kaffli 5.4. er byggður á greinargerð Odds Sigurðssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði jöklafræði, skjal nr. 16 (5), sbr. einnig skjal nr. 16 (2). Heimildir: Guðmundur G. Bárðarson, 1934. Islands Gletscher. Beiträge zur Kenntnis der Gletscherbewegungen und Schwankungen auf Grund alter Quellenschriften und neuester Forschung. Reykjavík, *Vísindafélag Íslendinga*, XVI. Oddur Sigurðsson. Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate (í prentun). Sigurdur Thorarínsson, 1943. Vatnajökull. The scientific results of the Swedish-Icelandic investigations 1936-37-38. Chapter XI. Oscillations of the Icelandic glaciers in the last 250 years. *Geografiska Annaler*, 25 (1-2), 1-56.

Óvissan er a.m.k. fáeinir kílómetrar á helstu sporðum upp af Lóni, svo sem Lambatungnajökli en mun minna skakkar á jökuljaðri sem liggur hátt í landinu. Ýmis gögn má tína til um breytingar á jöklunum síðustu 3-4 aldir sem sýna að þeir hafa færst í aukana fram undir aldamótin 1900 þó með smá hléum og jafnvel hopi skamman tíma í senn (Sigurður Þórarinnsson 1943 og Oddur Sigurðsson, í prentun).

Árin 1903-1904 lét herforingjaráð Dana mæla fyrir kortum í Austur-Skaftafellssýslu en mælingarnar náðu ekki til jöklanna í Lóni. Guðmundur G. Bárðarson (1934) tók saman ýmislegt um breytingasögu íslenskra jökla, þar á meðal þann hluta Lambatungnajökuls sem gekk niður í Hoffellsdal en ekki aðra jökla í Lóni. Yfirlit um sögu þessara jökla eftir Sigurð Þórarinnsson birtist 1943.

Sumrin 1945 og 1946 voru teknar loftmyndir af öllu landinu á vegum hers Bandaríkja Norður-Ameríku (AMS) og síðar gerð eftir þeim allnákvæm kort þótt mistök komi fram í þeim í nokkrum landshlutum. Á þeim ætti lega jökulsporða upp af Lóni ekki að skakka meiru en um 100 m að jafnaði. Á Orkustofnun var gert kort af útlínun Vatnajökuls eftir gervihnattamyndum frá 1991 og 1992. Á þeim kortum ætti stöðu jökuljaðars á umræddu svæði ekki að skakka miklu meira en 50 m að jafnaði. Slík kort má gera eftir eldri og nýrri gervihnattamyndum og fá þannig stöðu og breytingar jökla eftir hentugleikum.

Ystu jökulgarðar framan við jöklana í Lóni hafa ekki verið kortlagðir og verður því að svo komnu máli ekki sett fram á korti hversu víðáttumikill jökullinn var er hann náði lengst fram fyrir rúmlega hundrað árum. Í máli þessu hafa verið lögð fram gögn sem sýna útlínur jökla í Lóni skv. loftljósmyndum 1945-1946 (AMS) og Landsat-gervihnattamyndum 1991-1992.¹

5.5. Náttúruminjar og friðland

Eftirtaldir hlutar þess svæðis, sem hér er til umfjöllunar, eru á náttúruminjaskrá, sbr. nánari skilgreiningu þar: „Díma“, skv. auglýsingu nr. 523/1975, og „Þórisdalur“, vestan þjóðveggar. Þá voru Lónsöræfi friðlýst með auglýsingu nr. 31/1977. Þessi landsvæði eru háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

6. SAGA JARÐA OG AFRÉTTARNOTA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á því svæði sem til meðferðar er og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á þeim jörðum sem tilgreindar eru í málinu. Að lokum verður á sama hátt gerð grein fyrir sögu afréttarnota frá öndverðu til þessa dags.

6.1. Landnám

Í Sturlubók Landnámu segir svo um upphaf byggðar í Lóni:

Þórðr skeggi son Hrapps Bjarnarsonar bunu, hann átti Vilborgu Ósvaldsdóttur ok Úlfrúnar Játmundardóttur.² Þórðr fór til Íslands ok nam land í Lóni fyrir norðan Jökulsá milli ok Lónsheiðar ok bjó í Bæ tíu vetr eða lengr; þá frá hann til öndvegissúlna sinna fyrir neðan heiði³ í Leiruvági; þá rézk hann vestr þannig ok bjó á Skeggjastöðum, sem fyrr er ritat. Hann seldi þá Lónlond Úlfljóti, er lög flutti út hingat. Dóttir Þórðar var Helga, er Ketilbjörn enn gamli átti at Mosfelli.⁴

1 Sbr. skjal nr. 16 (7).

2 Úlfrún var að sögn dóttir Játmundar Englakonungs en sú ættfærsla þykir „í meira lagi grunsamleg“ (*Landnámabók*. Íslensk fornrit. 1. b. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 48 (4. nmgr.)).

3 Þ.e. Mosfellsheiði.

4 *Landnámabók* 1986, s. 312.

Í Hauksbók er frásögnin þannig:

Þórðr skeggi nam lönð ǫll í Lóni fyrir norðan Jökulsá millim ok Lónsheiðar ok bjó í Bœ tíu vetr. En er hann frá til ǫndvegissúlna sinna í Leiruvági fyrir neðan heiði, þá seldi hann lönð sín Úlfljóti lög«sǫgu»manni, er þar kom út í Lóni, syni Þóru, dóttur Ketils Hǫrða-Kára, Áslákssonar Bifra-Kára, Ánarsonar, Arnar«sonar» hynu. Bjó Þórðr nokkura vetr síðan í Lóni, síðan hann spurði til ǫndugissúlna sinna. En er Úlfljótr var sextøgr at aldri, fór hann til Nóregs ok var þar þrjá vetr. Þar settu þeir Þorleifr hinn spaki móðurbróðir hans lög þau, er síðan váru kǫlluð Úlfljótslög. En er hann kom út, var sett alþingi, ok hǫfðu menn síðan ein lög á landi hér.¹

Önnur frásögn í Hauksbók er á þessa leið:

Hrappr átti Þórunni grœningarrjúpu; þeira son var Þórðr skeggi; hann átti Vilborgu Ósvaldsdóttur konungs ok Úlfúrann hinnar óbornu, dóttur Játmundar Englakonungs. Þórðr byggði fyrst í Lóni austr tíu vetr eða fimmtán; en er hann frá til ǫndvegissúlna sinna í Leiruvági, þá seldi hann lönð sín Úlfljóti; hann var son Þóru Hǫrða-Káradóttur. En hann fór vestr með allt sitt ok nam land at ráði Ingólfs millim Úlfarsár ok Leiruvágsár ok bjó síðan á Skeggjastöðum. Hans dóttir var Helga, er átti Ketilbjörn hinn gamli at Mosfelli. Frá Þórði er mart stórmenni komit á Íslandi.²

Efnislegur munur á þessum textum er óverulegur og ber þá helst á milli hversu lengi Þórður skeggi bjó í Lóni. Ekki þykir leika vafi á um hversu vítt landnám Þórðar náði: Það var milli Lónsheiðar og Jökulsár í Lóni.³ Fyrir norðan Þórð og austan bjó Þorsteinn trumbubein sem nam land „fyrir útan Leiruvág til Hvalsnesskriðna“.⁴ Sunnan Jökulsár nam Þorsteinn leggur land. Um hann er þessi frásögn í Landnámu:

Þorsteinn leggr son Bjarnar blátannar fór ór Suðreyjum til Íslands ok nam lönð ǫll fyrir norðan Horn til Jökulsár í Lóni ok bjó í Bǫðvarsholti þrjá vetr, en seldi síðan lönðin ok fór aprt í Suðreyjar.⁵

Það mun hafa verið einsdæmi að landnámsmaður hafi snúið aftur til fyrri heimkynna og hefur Haraldur Matthíasson það til marks um að Landnáma hafi ekki einvörðungu verið skráð til að sýna eignarrétt um 1100.⁶

Í Landnámu er því ekki lýst nákvæmlega hversu langt inn til fjalla landnámið náði. Í Hauksbók, og reyndar fleiri gerðum Landnámu, standa þessi orð:

Austfirðir byggðust fyrst á Íslandi, en á millim Hornafjarðar ok Reykjaness varð seinst albyggt; þar réð veðr ok brim landtǫku manna fyrir hafnleysis sakir ok øræfis. Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.⁷

Talið er vafalaust að við landnám hafi gróðurþekja í Lóni verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni. Um gróðurfur við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan er fjallað í kafla 5.2. og um jöklabreytingar á sögulegum tíma er fjallað í kafla 5.4.2.

1 *Landnámabók* 1986, s. 311, 313.

2 *Landnámabók* 1986, s. 49.

3 Einar Ól. Sveinsson, 1948: *Landnám í Skaftafellssþingi*. (Skaftafellinga rit. 2. b.) Reykjavík. S. 64-65. Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og Landnáma*. 2. b. Reykjavík. S. 373.

4 *Landnámabók* 1986, s. 309.

5 *Landnámabók* 1986, s. 314.

6 Haraldur Matthíasson, 1982. *Landið og Landnáma*. 1. b. Reykjavík. S. 58.

7 *Landnámabók* 1986, s. 337.

6.2. Syðri-Fjörður og Efri-Fjörður

Í dómi 5. ágúst 1480 er nefnd jörðin Papafjörður sem dæmd var eign Gunnlaugs Teitssonar (Gunnlaugssonar í Bjarnanesi) ásamt jörðinni Horni.¹ Líklegt er talið að þar sé átt við sömu jörð og síðar var nefnd Syðri-Fjörður. Syðri-Fjörður kemur annars lítið við sögu fyrr en á 16. öld en árið 1525 seldi Teitur lögmaður Þorleifsson Ögmundi Pálssyni Skálholtsbiskupi allmargar jarðir, svonefndar Bjarnaneseignir, meðal þeirra Fjörð sem metinn var á 24 hundruð.² Í minnisgreinum Gissurar biskups Einarssonar frá 1540 er greint á milli Fjarðar neðra og efra. Í Neðra-Firði var þá bænhús, og fylgdu því tvö kúgildi.³

Bjarnaneseignir urðu að ágreiningsefni milli biskupanna í Skálholti og á Hólum því að báðir gerðu þeir tilkall til þeirra. Með tylftardómi presta í Skálholtsbiskupsdæmi 4. júlí 1550 féllu þessar eignir í hendur Ara Jónssyni (syni Jóns biskups Arasonar).⁴ Jón biskup og tveir synir hans voru teknir af lífi þá um haustið og árið eftir voru Bjarnaneseignir og allt annað góss þeirra feðga dæmt undir vald konungs með svonefndum Oddeyardómi 16. júní 1551.⁵ Skálholtsdómkirkja eignaðist síðan aftur Bjarnanes og jarðirnar Horn, Firði tvo, Hafnarnes, Holt, Borg, Kelduholt og Hólma með jarðaskiptum við konungsvaldið 3. júlí 1556. Í staðinn fékk konungur til eignar átta jarðir á Sel-tjarnarnesi og Álftanesi sem áður höfðu heyrð undir Skálholtsdómkirkju.⁶ Fjörður (Syðri-Fjörður og Efri-Fjörður) er því skráður eign Skálholtsstóls í jarðabók 1597 og eftir það.⁷

Í jarðabók 1686 er Syðri-Fjörður metinn á 20 hundruð en 6 hundruð árið 1697.⁸ Skýringin á þessum mun er trúlega sú að árið 1686 var dýrleiki jarðarinnar reiknaður sem tvítugföld landskuld.⁹ Í sömu heimild er Efri-Fjörður talinn 6 hundruð og 160 álnir árið 1686 og 12 hundruð 1697.¹⁰ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er dýrleiki Syðri-Fjarðar kominn upp í 12 hundruð. Auk kúgilda voru eignir jarðarinnar þessar: „Lúrnaveiði á jörðin í Papaós og selveiði. Reka á jörðin fyrir sínu landi. Skógarítak í Skálavhammi í Dalsjörðu.“¹¹ Efri-Fjörður var þá 6 hundruð að dýrleika og hlunnindi þessi:

Selveiði í Papaós er jörðunni eignuð, brúkað að fornu.

Skógarítak eignað í Skálavhammi í Dalsjörðu.

Lúrnaveiði og skelfiskjartekja hefur í ósnum brúkað verið.¹²

Þegar jarðamat fór fram í Austur-Skaftafellssýslu 1804-1805 var Efri-Fjörður kominn í eyði. En með „eyðihjáleigunni“ („Odehialeyn“) Efra-Firði taldist jörðin „Fjörður“ vera 12 hundruð að dýrleika.¹³ Það helst síðan óbreytt í Jarðatali Johnsens 1847 en um svipað leyti hófst búskapur að nýju

1 *Íslenskt fornbréfasafn*. 6. b. Reykjavík 1900-1904. S. 289-290.

2 *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 273.

3 *Íslenskt fornbréfasafn*. 10. b. Reykjavík 1911-1921. S. 584.

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 11. b. Reykjavík 1915-1925. S. 791-792.

5 *Íslenskt fornbréfasafn*. 12. b. Reykjavík 1923-1932. S. 270-277.

6 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 138-139. Um Bjarnaneseignir og deilur um þær má m.a. lesa í eftirtöldum ritum: Páll Eggert Ólason, 1919: *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*. 1. b. Reykjavík. S. 34-39, 79-88, 155-171. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, 1997: *Síðbreytingin á Íslandi 1537-1565. Byltingin að ofan*. Reykjavík. S. 233-239.

7 *Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984*. II. Skrár. Kirkjueignanefnd, október 1992. S. 36.

8 Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 330.

9 Björn Lárusson 1967, s. 16-17.

10 Björn Lárusson 1967, s. 330.

11 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 421.

12 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 420.

13 Skjal nr. 2 (71).

í Efra-Firði.¹ Í gerðabók jarðamatsnefndar 1849 er Efri-Fjörður sagður nýbyggður í Fjarðarlandi og eigi að vera þriðjungur úr jörðinni.² Í Nýrri jarðabók 1861 er Fjörður metinn á 8 hundruð og „nýbýlið“ Efri-Fjörður á 4 hundruð að fornu mati. Samkvæmt nýju mati voru þessar tvær jarðir samtals 15,3 hundruð.³

Eins og áður hefur komið fram var Fjörður eign Skálholtsstóls en jörðin var seld í einu lagi ábúanda hennar, Snjólfí Árnasyni, 1841 og hefur síðan verið í einkaeigu.⁴

Árið 1908 var Efra-Firði formlega skipt út úr landi Fjarðar með tilgreindum landamerkjum:

Við, sem ritum nöfn okkar hér undir: Ég Eiríkur Guðmundsson Syðra-Firði (í Lóni) og ég Þorleifur Ketilson Efra-Firði gerum kunnugt: Að við höfum komið okkur saman um, að skifta landi öllu milli eignar og ábúðarjarða okkar, að undanteknum Fjarðarkerjum, Klöppum (í Papós) og fjörum austan megin óssins, eins og hér segir: Syðri-Fjörður á land alt, frá landamörkum Horns að utan, inn og austur að svonefndri Miðkvisl (?) á Fjarðacyjum, þaðan sjónhending inn sandinn, þangað sem áin rennur úr Endalausadal; síðan ræður sú á mörkum eftir það, inn í Vatns... (ólæsilegt)⁵ þangað sem vötnum hallar til Laxárdals í Nesjum.

Efri-Fjörður á svo land alt, af Vatnsföllum norðanmegin áar á Endalausadal, að landamerkjalinu Syðri-Fjarðar, út þangað sem áður nefnd Múlakvisl⁶ nú rennur í fjörðinn og þaðan alt land austur, að Ólafarhelli (?)⁷ í Þorgeirsstaðaklifum.⁸

Skiptagerningur þessi var undirritaður 4. júlí 1908, þinglesinn á manntalsþingi fyrir Bæjarhrepp 14. maí 1909 og innfærður í landamerkjabók.

Í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916 eru jarðirnar Syðri-Fjörður og Efri-Fjörður metnar hvor í sínu lagi. Helstu hlunnindum Syðri-Fjarðar er lýst svo:

Beitilandið er nokkuð víðlent en hrjóstrugt, gott fyrir fé, en stórgripahagi slæmur. Fjörubeit nokkur en óhentug til notkunar. Afréttarland hefir jörðin og útræði allgott. Aðalhlunnindi jarðarinnar er vorkópaveiði á Fjarðarskerjum og fjöru jarðarinnar (c. 120 á ári), dálítill viðarreki, silungsveiði og beitutekja lítilsháttar. Jörðin á skógarítak í Skálahvömmum í Dalslandi og hrossagöngu í Hornslandi. Aftur á móti á Horn upprekstur í Fjarðarfjöll.⁹

Efra-Firði fylgdi þá „beitiland“ og var sagt gott, einkum til fjárbeitar, en stórgripahagi lélegur. Önnur hlunnindi jarðarinnar voru þessi:

Vorkópaveiði á Fjarðarskerjum (50-60 kópar árl.) dálítill silungsveiði, einnig lítilfjörleg rekafjara austan við Papós. Skógarítak á jörðin í Skálahvömmum í Þórisdal og hrossagöngu í Hornslandi. En aftur á móti á Horn upprekstur í Fjarðarfjöll. Útræði er frá jörðinni.¹⁰

1 *Jarðatal á Íslandi með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847. S. 1. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 1. b. (Stefán Jónsson á Hlíð: Lón.) Reykjavík 1971. S. 99.

2 Skjal nr. 2 (37).

3 *Jarðatal* 1847, 1. *Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprilmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn. S. 4.

4 *Jarðatal* 1847, s. 416. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 95-96.

5 Þannig í skjalinu. Á e.t.v. að vera Vatnsföll.

6 Á e.t.v. að vera Miðkvisl.

7 Í öðrum heimildum nefnt Ólafshellir.

8 Skjal nr. 8 (1). Athugasemdir í svigum, þ.e. spurningarmerki og „ólæsilegt“, eru í sjálfu frumskjalinu.

9 Skjal nr. 2 (39).

10 Skjal nr. 2 (39).

Ekki er nú lengur búið í Efra-Firði en í Syðra-Firði er rekinn fjárbúskapur.¹ Að sögn Ragnars Sigurðssonar í Firði (Syðra-Firði) er fēnu beitt í heimajörð. Einnig gangi fē úr Nesjum í Fjarðajarðirnar og sæki Nesjamenn þangað fē sitt í réttir án þess að taka „neitt að ráði“ þátt í smöluninni.²

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Firði frá því að jarðanna er fyrst getið í heimildum og að eftir landskiptin hafi þær framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsettar.³

6.3. Hvammur og Þorgeirsstaðir

Hvammur er nefndur í kaupbréfi 13. maí 1454 en þá seldi Jón prestur Pálsson Teiti Gunnlaugssyni lögmanni jörðina Horn í Hornafirði með öllum gögnum og gæðum sem þeirri jörð fylgdi „at til skildum skogi i hvams iord fram at Reynistungum og so langt ut sem profazt kann at laugum“.⁴ Hvammur er skráður bænda eign í jarðabók 1686 og 33 hundruð og 80 álnir að dýrleika en 20 hundruð árið 1697.⁵ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er dýrleikinn kominn niður í 15 hundruð. Þar segir einnig: „Reka á jörðin fyrir Hornslandi, sem kallað er Hvammsfjara. Skógaritak í Dalsjörðu, sem heitir Nesskógur.“⁶ Á sama tíma áttu Horn, Hólar og Bjarnanes í Nesjakálki skógaritök í Hvammslandi.⁷

Í þessari sömu jarðabók er nefnd hjáleigan Þorgeirsstaðir sem sögð er byggð úr heimalandi Hvamms „að gamalli tíð“.⁸

Árið 1750 komu nafngreindir menn saman að skipun amtmannsins til að meta jörðina Hvamm vegna skriðufalla og annarra skemmda sem hún hafði orðið fyrir. Í lýsingu nefndarmanna á landspjöllum er lítillega vikið að landamerkjum jarðarinnar:

Sliettlende Jarðar þessar er skodad, og finst það mikeliga í Grioot og Aur komed. Jaa þess meste Partur, sem orsakad hafa /ad voru Vite/ Skridur ur Fiöllumm hlaupnar, sumar nijlegar ad siá. Eirna mest Aa sú er Giadals Aa kallast, ad sunnann verdu, enn Laxaa á nordaustur Sijdu. Haglende so nær echert nærre Bænumm huorke firer Kúpening nie Hesta helldur langur Vegur til þess. Torfristing langt frá Bænumm, ifer Aur ad flitia. Verdur þó ad skierast i þui Takmarke sem Slæjuland kallast. Fialled firer sunnann Giadals Aa, til Landamerkia mille Huamms og Fiardar, allt Bláskridumm og Stórgrijte þaked nidur ad sliettu. Þar á Sliettumm eru Hraun, Grase vagstum [svo] j millumm þeirra, og er Land það vijda molldruned, med Bleitu Flögumm, og er það Takmark snöggt ad Grasvegste og seiluligt. Þar sudur leingra med Fiallenu, sunnann Þorgeirstade, sem kallast fiörde Partur Huamms Jarðar, eru Aurar mikler á slettu og so nær graslaus Jörd til Olafshellers, sem Landamerke kallast.⁹

Að þessu athuguðu var ákveðið að fella dýrleika jarðarinnar úr 15 hundruðum í 8 hundruð. Í jarðamati 1804-1805 er jörðin þó enn talin 15 hundruð að dýrleika, að meðtalinni eyðihjáleigunni Volaseli.¹⁰ Þorgeirsstaðir eru þá skráðir sem sérstök jörð, „selveierjörd“, 5 hundruð að dýrleika.¹¹ Í

1 Ragnar Sigurðsson Firði (Syðri-Firði) og Vilhjálmur Geir Þórhallsson Efra-Firði við skýrslutökur 9.9. 2002.

2 Skýrslutökur 9.9. 2002.

3 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 95-97. Skjöl nr. 2 (90), 4 (38) og 9 (2-5).

4 *Íslenskt fornbréfasafn*. 5. b. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1899-1902. S. 120.

5 Björn Lárusson 1967, s. 330.

6 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 420.

7 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 421-423.

8 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 420. Sbr. Björn Lárusson 1967, s. 330-332. Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 91, er vitnað í vísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 þar sem fram kemur að Hvammur hafi verið 20 hundruð með Þorgeirsstöðum. Starfsmaður Þjóðskjalasafns hefur ekki getað fundið þessa stað í vísitásiubók Brynjólfs.

9 Skjal nr. 2 (35).

10 Skjal nr. 2 (71).

11 Skjal nr. 2 (71).

Jarðatali Johnsens 1847 er hins vegar tekin til greina breytingin sem gerð var á dýrleikanum því að þar er Hvammur metinn á 8 hundruð en Þorgeirsstaðir á 5 hundruð eins og áður.¹ Samkvæmt nýju jarðamati sem gefið var út 1861 var Hvammur 10,7 hundruð, Volasel 9,2 hundruð og Þorgeirsstaðir 7,6 hundruð.²

Þorgeirsstaðir voru virtir á 300 ríkisdali við jarðamat 1849 en yfirjarðamatsnefndin ákvað sama ár að taka að nokkru leyti til greina kvörtun ábúandans og fella jörðina í virðingu um 50 ríkisdali „fyrir nokkrar skemdir á eingjum, erfiðleika á að nota góða fjallhaga sem eru svo fjærri, en vesalir hagar heima fyrir“.³ Með sáttargerð 20. júní 1870 komu eigendur og ábúendur jarðanna Þorgeirsstaða, Hvamms og Volasels sér saman um að hver þeirra tæki 20 hesta af hrísi úr „sameignarskógi“ þessara jarða en áskildu þó skipti á honum síðar ef betur sýndist fara. Í gögnum kemur ekki fram hvar þessi skógur var. Enn fremur skyldu „fjallhagar“ vera sameiginlegir „inná Galtartungum eins- og verið hefur fyrir alla ábúendur þessara jarða“.⁴ Í þessari sömu sáttargerð varð samkomulag um að Ólafur (Gíslason) í Volaseli skyldi gefa Sigurði (Gíslasyni) í Hvammi eftir helming af „bithaga“ þeim sem brúkaður hafði verið til slægna í efri hluta Lambeyjar innan tiltekinna merkja. Í staðinn skyldi Ólafur hafa beit fyrir búsmala sinn á sumar og yfirstöðu á vetrum fyrir sauðþening syðra megin Gjádalsár.⁵

Í fasteignamati árið 1916 er landkostum Hvamms og hlunnindum lýst svo:

Beitilandið víðlent en grýtt, slæmur stórgripahagi en allgott fyrir fé. Jörðin hefir nægilegt upprekstrarland, og skóg til eldiviðar.

Jörðin á rekaitak í Hvammslandi, Hvammsfjöru. Horn á skógarítak í Selteigi og Skytju, og Hólar skógarítak, kallað Hólaskógur, á Löngups.

Jörðin hefir óskiftan bithaga og fjalllendi með Volaseli og Þorgeirsstöðum.⁶

Í sama fasteignamati er beitiland Þorgeirsstaða sagt „allgott, til sumar og vetrarþéttar, allvíðlent, hæg smalamennska. Jörðin hefir upprekstur og skógartak í Hvammsfjöllum“.⁷

Landamerkjabréf Hvamms var undirritað 27. apríl 1889, en þar er að auki lýst landamerkjum „hjáleignanna“ Þorgeirsstaða og Volasels:

Landamerki: Úr Ólafshelli í Þorgeirsstaðaklifum – beint í fjall upp (Klifatind), þaðan eftir hæztu eggjum á Hvammsfjöllum þar til er Hoffellsland tekur við, nefnilega í svo kallað Nautagil á eður við Reipsdal (Refsdal), þaðan í Laxá í Lóni, sem mörkum ræður allt til Jökulsár, þó ekki hið neðra nema þá er hún rennur eftir farveg þeim, er liggur meðfram hinu svo kallaða Efra-landi að sunnan og vestan; þaðan ræður Jökulsá eða sú kvísl hennar, sem fellur eftir Lambeyjarkíl, í lón fram eður til sjávar.

Ítak tilheyrandi Hvammi er svo nefnd Hvammsfjara fyrir landi jarðarinnar Horns, og á Hvammur fjöru þessa (landið) með öllum reka, smáum og stórum, sem á hana kemur, frá steini þeim, sem stendur á klöppinni næstu fyrir austan Kvígustein svokallaðan, sem er austanvert við Hornskriður, allt austur í þann klappartanga, sem nær í sjó fyrir austan Mávaklett, þar sem reki Fjarðar tekur við.

1 *Jarðatal* 1847, s. 1.

2 *Ný jarðabók* 1861, s. 4. Þar er reyndar forna matið á Hvammi sagt vera 5 hundruð, sama og á Volaseli.

3 Skjal nr. 2 (38).

4 Skjal nr. 2 (5).

5 Skjal nr. 2 (5).

6 Skjal nr. 2 (39).

7 Skjal nr. 2 (39).

Framanrituð landamerki eru samkvæmt lögfestu þinglesinni frá 5. maí 1815, sem engin mótmæli hafa komið fram á móti, sömuleiðis notkun eigenda og ábúenda frá ómunatíð.¹

Ath. Jörðin Horn á skógarítak í Selteigi og Skytju innan Hvamms-lands, jörðin Hólar í Nesjum skógarítak á Löngu Ups og fram á Klapparháls - einnig í Hvammslandi, og Bjarnanes á sömuleiðis skóg allan á Galtartungum.²

Undir bréf þetta rituðu Sigríður Árnadóttir (Volaseli) og Einar Sigurðsson (Þorgeirsstöðum).³ Landamerkjabréfið var lesið á manntalsþingi á Papósi 13. maí 1890 og samþykkt vegna jarðanna Hoffells og Hóla, Fjarðar og Krossalands. Jón Jónsson, umboðsmaður Bjarnanessumboðs, samþykkti landamerkjabréfið að því er snerti Þórólfsdal hálfan og Horn með þeirri athugasemd að hann kannaðist ekki við að Hvammur ætti annan reka á Hvammsfjöru en þann „sem rekamanni tilheyri að lögum“.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Hvammi og á Þorgeirsstöðum frá því að jarðanna er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi þær framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsettar.⁴

6.4. Þórisdalur

Þórisdalur er nefndur Þórólfsdalur í elstu skjölum og fram á 19. öld en þá er farið að nota báðar nafnmyndirnar jöfnum höndum.⁵ Í kaupbréfi frá 19. desember 1467 er greint frá því að Hermundur Árnason hafi selt Teiti Gunnlaugssyni jörðina Þórólfsdal í Lóni og Staðafellssþingum fyrir 18 hundruð með öllum þeim gögnum og gæðum sem þeirri jörð hafði fylgt að fornu og nýju. Í bréfinu eru landamerki jarðarinnar tilgreind:

Sagdi hermundur til þessara landamerkia epter því sem hans fader hafði honum sagt. og hann hafði heyrt af sira gudmundi þosteinssyni. at dalur ætti jord alla ofan at þiodgautunum fyrer nordan uada. og þar yfer um þuerholtin. og so alla jord oslitna j millum jokulsär og laxär. og allt in under jokul. og sandin allan ut epter fyrer austan holltin. hriseyar og eskiholm. glämsmyr og herbiarnarey. jord og fioruna millum osshofða og papafiardaross a dalur og allan reka inan fiardar og matreka allan utanfiardar. nema seldur hafi uerit til stadafellz halfur matrekinn. þa eiga huortueggiv at geyma og hafa matrekan huorer fyrer sig halfan.⁶

Varðveitt er vitnisburðarbréf Hermundar um landamerki jarðarinnar og er það talið frá sama ári. Landamerkjalyýsingin þar sýnist efnislega samhljóða þeirri sem er í kaupbréfinu:

alla iaurd a millum Laxaar ok Jokulsaar inn under jokul. ok so langt ofan a oddana ad þeim kil ad næstur er þiodbrautinne er heitir Vade ok þadan sandinn allan fyrir austan Hriseyiar ok Solur ok glamsmyre. ok Herbiarnarey. iord ok fioru alla. utan fiardar og innan. a millum Oshaufða og Papafiardarós et cetera.⁷

Þórólfsdalur varð síðar hluti af svonefndum Bjarnaneseignum Teits lögmanns Þorleifssonar (sjá kafla 6.2. um Syðri-Fjörð). Árið 1525 seldi Teitur Ögmundi Pálssyni Skálholtsbiskupi Bjarnanes

1 Lögfesta þessi hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni, sbr. skjal nr. 2.

2 Skjal nr. 2 (1).

3 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 89 og 92.

4 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 85-87. Skjöl nr. 2 (91), 11 (1-3).

5 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 420, 1. nmgr. og bréf Jóns Brynjólfssonar í „Þórólfsdal“ 1876 hér síðar í kaflanum.

6 *Íslenskt fornbréfasafn*. 5. b. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1899-1902. S. 510-511.

7 *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 61.

með Bjarneseignum, og var Dalur (líklega Þórólfsdalur) þá talinn 10 hundruð að dýrleika. Var það nokkur breyting frá því þegar jörðin var seld fyrir 18 hundruð árið 1467.¹ Hugsanlegt er að á þessum tíma hafi kirkjan að Stafafelli verið orðinn eigandi hálftrar jarðarinnar; að minnsta kosti átti Stafafellskirkja hálfan Dal nokkrum áratugum síðar eftir því sem stendur í Gíslamáldaga frá um 1570.²

Í jarðabók frá um 1686 er hálfur *Þórisdalur*³ sagður í eigu Skálholtsstóls en hinn helmingurinn eign Stafafellskirkju. Öll jörðin var þá metin á 20 hundruð og einnig árið 1697.⁴ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 er dýrleikinn óbreyttur en svo virðist sem jörðin öll hafi þá verið talin kirkjueign. Þar er enn fremur greint frá því að á síðari hluta 17. aldar hafi landskuld verið lækkuð tímabundið úr 120 álnum í 100 álnir að sögn „vegna ágangs af Jökulsá með grjót og aur á túnið“.⁵ Samkvæmt jarðamati 1804-1805 skiptist jörðin til helminga milli kirknanna í Stafafelli og Bjarnanesi.⁶ Dýrleiki jarðarinnar er 20 hundruð í Jarðatali Johnsens en 13,8 hundruð samkvæmt Nýrri jarðabók 1861.⁷

Heimildir um hlunnindi jarðarinnar frá fyrri öldum eru takmarkaðar. Í byrjun árs 1876 ritaði Jón Brynjólfsson í „Þórólfsdal“ sýslumanninum bréf og skýrði frá því að hann hefði í september síðastliðnum sent pilti sína til kolgjörðar í því „pláss“ í landi ábylissjarðar sinnar sem nefndist Dalskógar. Í skógi þessum væru stórar spildur sem Nesjamenn teldu að væru eign jarða sinna og hefðu lengi brúkað. Síðan gerðist það, að sögn Jóns, að Meyvant Jónsson, bóndi í Dilksnesi, fór í skógarlandið, tók upp kolin og flutti heim til sín ásamt tveimur „afkvistis hnífum“ sem þar lágu eftir. Jón segir Meyvant hafa þessu næst ritað sér bréf, lýst sig óbótamann að kolunum og krafðist bóta. Orðrétt segir Jón í bréfinu:

Jeg vil nú fremur ekki undanfella að geta þess að þó land það hvar skógar þessir liggja – bæði þeir sem eiddir eru og eins hinir sem nokkud er enn eptir af sje óhrakinn eign Þórisdals hvad beitarland aftrétt og haga snertir þá hefur þó bæði herra Alþingismadurinn⁸ og adrir filgje fiskar hans ur Nesjum (fyrir utann lágsá⁹) þannig uppfylt bædi adur nefnda Dalsskóga og alt annat fjalllendi Þórisdals af gjeldfje sinu á ari hverju nú í mörg ár, að jeg þikist þar fyrir að mestu¹⁰ sviptur vera öllum afrettar notum jardar minnar Þórisdals, og slikt hid sama munu nábúar minir á Hvammi og Volaseli og Þorgeirsstöðum hafa til brunans ad bera, sem eiga afrettarland hinumeiginn á Laxárdal, því enn í mörg ár hefur þessu plassi verið dreigið og rekið á adra þusund af gjeldféi þessara nesjamanna (fyrir utann Laxá) á hverju hausti sem þeir aldrei hafa feingið leifi fyrir, og aungvir fyrir utann Hafnanes menn og Olafur í Ödrumgardi hafa svarad neinu gódu fyrir.

Þeir verja sig vanalega með því þegar um þetta er talad að þeir reki gjeldfje sitt ekki nema á Reipsdal sem er dalverpi litið á fjalðinu eda réttara að sjegja fjallaskard milli Nesja og Lóns til heirandi Hóf-

1 *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 273, sbr. s. 93 („Skrá um jarðir Teits lögmans Þorleifssonar“).

2 *Íslenskt fornbréfasafn*. 15. b. Reykjavík 1949. S. 697.

3 Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 er jörðin nefnd Þórólfsdalur, en í einu handriti Jarðabókarinnar, sennilega frá lokum 18. aldar, stendur þessi athugasemd: „hodie [þ.e. í dag] Þórisdalur“ (sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 420, 1. nmgr.).

4 Björn Lárússon 1967, s. 330. Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 36.

5 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 420.

6 Skjal nr. 2 (71). Í bréfi prófestsins í Austur-Skaftafellssýslu til stiftsýrivalda, 25. október 1886, kemur fram að hlutur Bjarnaneskirkju í Þórólfsdal hafi verið Skálholtsstólsjörð en verið fenginn prestinum í Bjarnanesi til afnota samkvæmt bréfi rentukammers 1. september 1833 (sbr. skjal nr. 2 (29)).

7 *Jarðatal* 1847, s. 1. *Ný jarðabók* 1861, s. 4. Þar er forna matið sagt vera 6 hundruð en það fær ekki staðist í ljósi þess sem hér framfar er rakið. Séra Björn Þorvaldsson í Stafafelli taldi jörðina alla vera 12 hundruð í sóknalýsingu sinni 1842 (*Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1997. S. 33).

8 Hér er sennilega átt við Stefán Eiríksson í Hoffelli.

9 fyrir utann yfirstrikað.

10 leiti hér næst eftir yfirstrikað.

félli, og sem varla mundi taka stort meira til gaungu enn hjerum 100 fjár, því mikill hluti þess er grjót og skriður, enda er plassið ekki allstort, fjallaskard þetta líkkur [liggur] ófann í dalsskóga og reka þeir þannig geldfé alt í litla kvos fast við landamæri¹, og hvör sem landið skóðar skal ekki geta rekið sig ur vitni um að svo margt geldfje er ekki rekið þangað til annars enn þess að ganga í landi minna og nábúa minna. Sje um þetta talað verður jafnan svarið að þeir ekki reki fje þetta í mitt land eða nábúa minna, og að einginn² geti gert að því³ þó það renni þangað.⁴

Árið 1877 var sáttanefnd kölluð saman til að ræða kæruskjal Jóns Brynjólfssonar á hendur Meyvant Jónssyni í Dilksnesi en þar sem hvorugur vildi slaka neitt til um landamerki og skógartakmörk jarða sinna án samþykkis landsdrottna var ákveðið að slíta fundi án þess að nokkur niðurstaða fengist.⁵

Rétt sinn til „Dalsfjalla“ ítrekuðu umráðamenn Þórisdals þegar þeir samþykktu landamerkjabréf Krossalands, eignarjarðar Stafafellskirkju, með fyrirvara 3. maí 1890. Landamerkjabréfið er svohljóðandi:

Að austanverðu Jökulsá, sá farvegur hennar, sem fellur milli Nautholts hins syðra og Krossalandsins. Að utan ræður affallið, sem fellur suður með fjörunum. Að sunnan ræður Lambeyjar Kýll, sem rennur fyrir austan Lambey. Að ofan eru landamerki milli Krossalands og Þórisdals sjónhenda á ská yfir svokallað Efraland, og eru þar stungnir upp hnausar, er sýni stefnuna, sem ábúendum tilsegist að hressa upp og halda við. En til frekari glöggvunar eru hjer sett og samþykkt yfir mörk, sem eru bein sjónhending úr rananum innan við Brunnárgilskjaptinn í skarð á milli litilla hnúka tveggja norðan í Reyðarártindi. Geldfjárupprekstur að sumrinu er Krossalandi heimilaður í Dalsfjöllum og skógarítak á það í Dalslandi, í svonefndum Skálarhvammi frá Stórasteinsgili að utan og inn að Þinganeskógi.⁶

Undir bréfið ritaði Markús Gíslason, prestur að Stafafelli. Tveir menn, Jón Jónsson umboðsmaður og prestur að Bjarnanesi, og Sveinn Bjarnason⁷ gerðu eftirfarandi athugasemd við bréfið: „Þessa landamerkjaskrá hafa undirskrifaðir umráðamenn Dals samþykkt, að áskildum rjetti til að takmarka með sanngirni geldfjár uppreksturinn.“

Með bréfi, dags. 19. október 1886, sótti Sveinn Bjarnason, „bústjóri í Volaseli“, um að fá keyptan hálfan Þórólfsdal, þann hluta sem var eign Stafafellskirkju.⁸ Í virðingargerð, sem fylgdi umsókninni, var jörðin metin á 800 krónur í hæsta lagi. Sóknarnefndin taldi matið fullhátt og var því þeirrar skoðunar að prestakallið hefði heldur hag en óhag af því að jörðin yrði seld fyrir það verð. Sóknarpresturinn mælti einnig með sölu jarðarinnar og sama gerði prófasturinn í bréfi til stiftsfirvalda 25. október 1886.⁹ Ári síðar barst tilkynning frá Íslandsráðherra um að konungur hefði fallist á þessa sölu.¹⁰ Afsal fyrir hálfleudu jarðarinnar Þórisdals (Þórólfsdals) var síðan gefið út 21. desember 1888 og þinglesið að Papósi 1. maí 1889.¹¹ Hinn hluta jarðarinnar fékk Sveinn til ábúðar og bjó þar til dauðadags, 1904. Eftir það bjó ekkja hans, Ingibjörg Ólafsdóttir, á jörðinni og fram til 1908 einnig sonur þeirra hjóna.¹² Árið 1912 óskaði Ingibjörg eftir því að kaupa ábýlisjörð sína, og skipaði

1 Undirstrikað í handriti.

2 *endingu* yfirstrikað hér næst á undan.

3 *gjört* yfirstrikað hér næst á eftir.

4 Skjal nr. 2 (10).

5 Skjal nr. 2 (36).

6 Skjal nr. 2 (84).

7 Sveinn Bjarnason bjó í Volaseli á þessum tíma (sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 89) en hafði eignast hálfan Þórisdal.

8 Skjal nr. 2 (31).

9 Skjal nr. 2 (29-30).

10 Skjal nr. 2 (26-28).

11 Skjal nr. 2 (6).

12 Sbr. skjal nr. 2 (25).

sýslumaður þá tvo menn til að meta jörðina í samræmi við 7. og 8. gr. laga um sölu þjóðjarða, nr. 50/1907. Í aukarétti Skaftafellsýslu, þar sem mál þetta var kynnt, lét sýslumaður þess getið að landamerki jarðarinnar hefðu ekki verið skráð.¹ Í úttekt matsmanna segir m.a. um þennan hluta jarðarinnar:

Um jörð þessa er það að segja, að hún hefur víðáttumikið fjalllendi, sumstaðar skógi vaxið. Er það allgott afréttarland, en fyrir það er jörðin fremur erfið og útkrefur jafnvel meiri mannafla en hún annars er fær um að bera. Túnið er slétt, en nokkuð harðlent og ekki grasgefið. Engjar hefur hún engar og heldur ekkert, sem til hlunninda getur talist.

Ítök á jörðin engin í annara lönd, en aftur á móti eiga ýmsar jarðir bæði í Lóni og Nesjum skógarítak í landi hennar.²

Matsmenn töldu hæfilegt verð á þessari hálfleudu Þórisdals 700 kr. en þó fór svo að hún var seld Ingi-björgu á 800 kr. með ráðherrabréfi, dags. 5. september 1913. Bréf ráðherra var þinglesið 20. maí 1916.³

Landamerkjabréf jarðarinnar er ekki að finna í landamerkjabók og óvíst hvort það hefur nokkurn tíma verið gert en í gerðabók fasteignamatsnefndar frá 1916 er landamerkjum jarðarinnar nákvæmlega lýst:

Landamerki jarðarinnar eru þessi: Milli Krossalands og Þórisdals liggja mörkin frá Jökulsá að Laxá, yfir Efraland þannig. Bein sjónhending úr rananum innan við Brunnárgilskjafntinn, í skarð á milli tveggja hnúka norðan í Reyðarártindi. Þaðan ræður Laxá, um Brennöhöfðagljúfur inn í Fossbotn. Þaðan sjónhending í Lambastígshnúk. Þaðan austast um Nautastígsbrúnir inn í jökul. Þá ræður Skyndidalsá mörkum og síðan Jökulsá, (sú kvíslin er fellur út hjá Þorvaldshöfða).⁴

Í þessari sömu gerðabók fasteignamatsnefndar er þess getið að jörðin sé afskekkt og fremur erfið og slægjur litlar en aðalkostur hennar sé gott fjalllendi sem verði fyrir ágangi af afréttarfé.

Þá er þess að geta að 9. október 1970 var gerð svofelld sátt um landamerki jarðanna Þórisdals annars vegar og Stafafells ásamt Brekku hins vegar:

Neðan Dímu ræður mörkum bein lína úr austurhorni Þorvaldshöfða í vörðuna á há-Dímu. Ofar Dímu ræður Jökulsá inneftir þangað, sem Skyndidalsá fellur í hana. Eftir það ræður Skyndidalsá mörkum inni Jökla. Díma ásamt kruga af sandinum umhverfis hana verður friðlýst land og afhent Náttúruverndarráði að gjöf til eignar og umráða.⁵

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Þórisdal (Þórólfsdal) frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að jörðin hafi framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett.⁶ Þórisdalur fór í eyði 1968 og var jörðin sett á náttúruminjaskrá árið 1978 vegna fjölbreytilegs landslags.⁷

1 Skjal nr. 2 (24).

2 Skjal nr. 2 (23).

3 Skjal nr. 2 (7). Lögum samkvæmt skyldi við það miðað að verðhæðin með 4% vöxtum á ári gæfi sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðarbótakvöð nam í peningum til jafnaðar síðastliðin 10 ár að því tilskildu að leigumáli hefði á því tímabili verið hæfilegur að dómi matsmanna.

4 Skjal nr. 2 (39).

5 Skjal nr. 13 (13).

6 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 80-81. Skjöl nr. 2 (94), 4 (41).

7 Hjörleifur Guttormsson, 1993: „Við rætur Vatnajökuls. Byggðir, fjöll og skriðjökla.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 205.

6.5. Stafafellsjarðir

Stafafells er getið í Njálu en þar bjó Þorkell bóndi sem Þangbrandur trúboðsprestur lagði að velli með róðukross fyrir skjöld. Þetta á að hafa gerst rétt fyrir árið 1000. Samkvæmt kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200 var kirkja á þeim tíma að Stafafelli¹ en elsta skjalið um kirkjuna mun vera máldagi sem talinn er frá árinu 1343. Þar var þá Mariukirkja sem átti heimaland allt með gögnum og gæðum, rekum og skógum milli Bæjarfjörú og Papafjarðaróss. Stafafell var þannig sjálfstæð kirkjustofnun, staður. Um aðrar eignir kirkjunnar segir m.a.:

hun a krossaland og þar med vj^c [þ.e. 6 hundraða] fiuru er liggur millum hualsnessfiöru og vijkurfiöru.

skogarhögg j skalahuammi.

selför oc v. hrossa beit j barma ä sumar.

annann skogarteig j stifningalid.

hun ä alftaveidar allar ä lóni og selaveide alla inn firir straumsnes. vigur med öllum gögnum og giædum. og skogarhögg j hljardal.²

Vilkinsmáldagi frá 1397 er efnislega samhljóða.³

Sumarið 1483 var felldur dómur á prestastefnu í Skálholti í kæru séra Ögmundar Andréssonar í Stafafelli á hendur Bjarna Árnasonar, bónda í Hlíð. Ákæruatriðin voru tvö: Annars vegar hafði Bjarni eignað jörð sinni raftviðarhögg á Ketilhlíðarhálsi sem séra Ögmundur kvað vera „j stadarens jörd ath stafafelle“ og hins vegar á Bjarni að hafa „[eignað] sier jörd jn umm þau lanndamercke j stadarens jörd. sem svaren voru af þrimur skilvisum vottum kirkiunar eign ath stafafelli“.⁴ Landamerkjum Stafafells er ekki lýst nánar en skilríki prestsins voru tekin góð og gild og Bjarni dæmdur til að leiða fram skjallæg vitni um að hann hefði átt, en ekki haft að láni, timburhögg á Ketilhlíðarhálsi samfleytt í 20 ár eða lengur.

Í september 1506 gerði Stefán Jónsson biskup í Skálholti samning við Bjarna bónda Jónsson í Bæ í Lóni um að hann fengi árlega timburhögg að verðmæti eins hundraðs í heimalandi Stafafellskirkju gegn því að presturinn í Stafafelli mætti yrkja engjateig í Bæjarjörðu milli Ljóska og Bæjarár. Skyldi samningur þessi standa meðan Bjarni bóndi lifði.⁵

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570 eru eignir Stafafellskirkju tíundaðar eins og þeim er lýst í Vilkinsmáldaga 1397 (sbr. tilvitnun hér framar) og greint frá eignum sem síðar hafa bæst við. Kirkjan átti þá hálfá Vík, hálfan Dal (Þórisdal), Krossland og hálf Skálafell. Fastagóss kirkjunnar var þá metið á 110 hundruð („elleffutijge hundrud“), og hafa fáar jarðir verið meira metnar.⁶ Stafafell er nefnt í jarðabók 1597 og í jarðabók 1697 en þar er það ekki talið meira en 26 hundruð að dýrleika.⁷

Elsta landamerkjalyásing Stafafells er líklega í vísitasubók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641:

Mariu Kyrkia á Staffafelle j Lóne a Heimaland allt med gognum og gæðum skogum og rekum thil

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 12, s. 5.

2 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 769.

3 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 201.

4 *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 494.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 50.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 697.

7 Björn Lárússon 1967, s. 330.

Fiallz og fiöru til þessara vmmerkia epter hefðar hallde og til sogn Sra Hogna Jonz sonar og Sra Gudmundar Laurentius sonar j motz vid hlyd og Bæ sio⟨n⟩hending vr steinenum á steinzholte og j mögil þad sem fellur vr hafrafellztinde hinum vestara, stód sá steirn vpp vr þufu fyrst þá Sra Hogne hafde staden sem han⟨n⟩ sialfu⟨r⟩ hefur medkentt, huer nu er blasin og steirnin nidur fallinn. Bifalar B[ysku]p lata vpphressa landamerke med godramanna raade sem thil vita ad til kolludum þeim er j motz vid eigu. Þadan ofan j Hymbrynis tiörn, sydan rædur Jokulz á ad sunnan j Bygdum og á stadurin allt land, og skóga ad frateknum Þoru skoge Einholtz kyrkiu, millum hen⟨n⟩ar og skindildalz ár og á fioll vpp f[yrer] Jnnan Keteldalz heidi, og Vydedal allann, hun á skogar teig j skalahuamme annan skogar teig ⟨j⟩ styfinga hlyd, Selfor og v hrossa Beit j Barma a sumar og skogar teig j Hlydar dal.¹

Síðan er vitnað í áðurnefndan samning sem Stefán biskup Jónsson gerði við Bjarna bónda Jónsson í Bæ árið 1506 og skyldi hann áfram gilda í tíð þeirra sem þá bjuggu í Bæ (séra Högn Jónssonar) og á Stafafelli (séra Guðmundar Lárentiussonar) með þeirri breytingu að ábúandinn í Bæ fékk nú heimild til að vinna kolskóg í heimalandi Stafafells til búsgagna þar sem timburhöggið, sem um er getið í samningnum, var þá eytt.

Árið 1714 voru landamerki Stafafells lögfest að því er virðist í samræmi við áðurgreinda lýsingu í vísitásiubók Brynjólfs biskups:

Eg Gudmundur Magnusson lögfeste hier i dag stadenn Stafafell i Lone med öllum gögnum og giædum. skogum og rekum til fialls og fiöru til þessara ummerkia i mótz vid Hlijd og bæ sionhendingu ur Steinsholte og i Mögil þad sem fellur ur Stafafellstindi hinum vestara.² Þadann ofani Himbrinistiörn. sijdann rædur Jokulsá ad sunnann i bigd. á stadurenn allt land og skoga millum Jökulsár og Skinde-dalsár og so á fiöll upp. Jtem Ketelstadaheijde og Vijdedal allann. Jtem skogarteig i Skálahvamme og annann i Stifingahljíd. selför og 5 hrossa beit j barmá á sumar. Skogarteig i Hlydardal. selveide i millum Straumsness og Skernabba sem stendur i lonenu fyrir ofann óshöfda. Vigur med öllum gögnum og giædum. Jtem allann hrutzhöfda. reka allann á millumm bæarfjöru og Papafiardaróss. Lögfeste eg og under stadenn Stafafell land allt vid sió fra Bæaróse ad austann og vestur ad Papaóse med öllum gögnum og giædum. ...Sömuleides lögfeste eg Gudmundur Magnusson Stafafells kyrkiu jörd halfann Þorersdal i Lone og Stafafells kyrkiusokn. akra og tödur. Eingiar og haga. Skóga. vötn og veidestade og allar landsnitiar sem því lande filgia Eiga og filgt hafa. Fyrerbyd eg hvörium manne ad bruka. i ad vinna edur sier nyta. nema vyrdulegum höfðingsmanne Þorde Þorkelssyni og þeim sem hann leifer. til annara fardaga 1715 frá þessu. Þessar mijnar lögfestur vitna eg til þijn Högne Högnason og Þijn Hinrich Jonsson og allra þeirra dánumanna er ord mijn heijra.

Þessar lögfestur voru upplestar af Sira Gudmunde Magnussyni vid Stafafellskyrkiu þann 3 Junij 1714.³

Lögfestan var upplesin í staðfestu afriti fyrir fimmtarstefnuréttinum við Papaós 20. júní 1736.

Landamerkjalysing Brynjólfs biskups er tekin upp í vísitásiu Jóns biskups Arnasonar 1727 en í vísitásium annarra biskupa er einungis greint frá eignum kirkjunnar eins og venja var við slíkar úttektir.⁴ Í vísitásium Jóns Vídalíns (1706) og Finns Jónssonar (1755) er greint frá því að skógar-teigur kirkjunnar í Skálahvammi sé nú eyddur en landið þar undir eigi Þórisdalur. Hjá Jóni Vídalín kemur og fram að óvissa ríkti um örnefni: „[Kirkjan á] Selför og 5 Hrossa Beit á Barma umm Sumar, þessar Barmar vita Menn nu ecke hvar eru, annann Skógar-teig i Stifinga Hlid, sem Menn ej

1 Skjal nr. 2 (11).

2 Hér er sennilega um mislestur að ræða í uppskrift fyrir *Hafrafellstindi*, sbr. tilvitnaðan texta hér framar í vísitásiubók Brynjólfs biskups og *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 418, 7. nmgr.

3 Skjal nr. 2 (9). Lögfestan er í uppskrift Jóns Þorkelssonar, þjóðskjalavarðar, frá 1902.

4 Sbr. skjal nr. 2 (12-15).

hellður vita hvar er.¹ Í vísitásiu Jóns Árnasonar 1727 er skýrt svo frá að maður að nafni Erlendur Ólafsson hafi gefið kirkjunni Skernabba fyrir kirkjuleg.² Í vísitásiu Ólafs Gíslasonar 1748 er haft eftir prófastinum, séra Högna, „að það sem áður var kalladur Skernabbe, sie nu nefndur Þernu-hólme, hverjum Kyrkiann nu behellður“.³

Í jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er dýrleiki Stafafells sagður óviss enda ekki venja að tíunda kirkjulén (beneficium) til skatts. Gerð er grein fyrir eignum kirkjunnar og kemur þar fram að henni var eignaður Víðidalur og einnig Kollumúli sem nefndur er afréttur staðarins:

Skógur er seldur og tekinn tollur fyrir, 5 ál. [álnir] fyrir 5 tunnur kola, og 5 fiskar fyrir hvörn raftvið-arhest, og hefur þetta svo að fornu selt verið.

Eggvarp af æðarfugli á jörðin í Vigrinu og selveiði.

Staðurinn á afrétt í Kollumúla.

Item er staðnum eignaður Víðidalur.

Álftveiði á staðurinn á Lóninu.

Item reka allan á millum Bæjarfjöru og Papafjarðaróss.

Hrútshöfða á jörðin.

Staðnum er eignað Hornssker fyrir Fjarðarlandi. Ábúandinn á Horni á að gjalda 5 ál. þar eftir árlega, eftir sem gömul venja verið hefur. En til forna hefur þetta sker verið tíundað að tveim tíundum af xij til staðarhaldarans að Stafafelli.⁴

Ekki er tekið fram hvar skógur Stafafells var en þó skal þess getið að árið 1731 fékk prófasturinn í Stafafelli mann nokkurn dæmdan fyrir skógarhögg innan Hnappadalsár.⁵ Í Jarðabók Ísleifs er minnst á „Stafafellshjáleigu“ sem gæti verið sama býli og síðar var nefnt Brekka. Traustar heimildir um búsetu í Brekku eru þó ekki eldri en frá 18. öld.⁶

Í bréfi sem prófasturinn í Stafafelli ritaði biskupi 17. maí 1794 spyrst hann fyrir um það hver eigi markað fé sem finnast kynni „á þeim so kolludu Kollumúla Örafum“. Um réttinn til ómarkaðs fjár kemst hann svo að orði: „Það er einu sinne vist að Kyrkiann a allt omarkað Fie i sinne Land-Eign, þann Riett þarf hun ecke að sækia i Kollumula, því hun hefur þann sama i Kringumm Stadenn.“⁷ Þá skýrir hann svo frá að Kollumúli, sem ekki geti reiknast með „byggðarafréttum“, liggi afskekkt, þangað sé illfært og lífsháski að gefa sig þangað í leitir:

Það er og afgjörð Sök, að þeir sem gíefa sig þángað (hvar til nu á Dogumm eru faer Menn vordner, hvorier ed leggia Lyf og Heilsu sina i Hættu) vilia hafa Helming alls þess er þeir na kunna hvort það

1 Skjal nr. 2 (14). Skjal nr. 2 (12): Vísitásiubók Finns Jónssonar.

2 Skjal nr. 2 (15).

3 Skjöl nr. 2 (13 og 15).

4 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 419.

5 Skjal nr. 2 (33). Hér mun sennilega átt við Hnappadalsá innan við Stigafjöll (sbr. *Göngur og réttir*. 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 51).

6 Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* (1. b., s. 65) er þess getið að nafnið Brekka komi fyrst fram árið 1735.

7 Skjal nr. 2 (66).

er helldur miked edur lyted, þess syniar þeim og Eingenn, eg og eðke heldur á því ómarkaða. – Þad er og lika vytannlegt að Kollumule, kann ey helldur að reiknast með Bygðar Afriettumm er safnast eiga á Haustumm, því hann liggur so langt inn úr þeim ollumm, ummgyrddur alla Vega af stor Vötnumm og Ofærumm, og sa beinste og beste Vegur inni hann er á Vettrar Tima inn ur því so kallada Jökulsár Gliufre, er nálega aldrei leggur nema í Aftokum, og þad og iarnann fyrir enn efter Jól á vetrumm, vegna þess Straum Kasts sem í því er, þegar sialdann vill koma þad Vedur, að ohætt sie að gíefa sig solangt fra öllum manna Bygdumm. – Í Tyd hinna fyrre Presta her heyre eg sagt að þeir snemma á Haustumm hafe gíefed sig þangad á Hestumm með Tiald og Neste, og leiged þar, einatt með lytlumm ábata. Þa hafe þeir þangad komest umm Eirn Kamb er kallast Ille-Kambur, enn sydann qvad so ur hönumm hlauped, að ofært er Hestumm enn litt fært mönnumm, efter þad merke eg að ferdalag þangad hefur aflagst inn til þess a seirne Arumm Prestsens sal. sra Rafnkiells Biarnasonar er þa fieck Alla þa færustu í Soknenne eitt Vor, að fara þangad með Neste og Kietel. Hvort Leidangur hafde þad utfall, að þeir nadu tvylembdre á, mistu Lömbenn fra henni enn sudu hana og átu - og foru so framm vid so búed.

Prestur taldi það ekki óréttmæta kröfu að þeir fáu, sem lögðu líf og heilsu í hættu til að fara inn í Kollumúla, fengju helming alls þess sem þeir kynnu að finna þar af ómörkuðu fê. En hann taldi einnig sanngjarnt að kirkjan fengi sína umbun, fjórðung alls markaðs fjár, fyrir að framfleyta því á sínum eigin högum („fyrir Haga Forsorgun og frammfære þess“):

Eg kalla og Kolðumula hafa meire Ríettugheyt enn önnur Fiöll, þar hann hefur þad fram yfir þau oll her á landi – (ni fallor) [ef mér skjátlást ekki] að hann frammfærer á sinumm Landgíædumm Fie, þar annad ma þo crepera sem er í Bygðar Afriettumm.

Ad ollu þessu þannig yferlögdu Verdur þa Spursmaled þetta: Skal þa Kyrkian her eckert hafa fyrir Haga Forsorgun og frammfære þess Fiar so mörg Ár? Eda er su min Prætention Kyrkiunnar vegna so obyleg þo eg uppastande að hafa af því markada Fie er þar finnast kann 4da Partenn?¹

Biskupinn féllst á þessa skoðun prófastsins í bréfi 18. júlí. Í bréfinu notar biskupinn hugtökin „Udörken“, „Grund og Græsmark“ og að því er virðist einnig „Landegn“ þegar hann er að ræða um Kollumúla:

Ved promemoria til Os af 17de Maji f.a. har D[eres] V[el]v[ærdig]h[e]d andraget at Stafafells Kirke uden Modsigelse har fuldkommen Ret til alle umærkede Faar som forefindes i dens Landegn, ligesaa at hvem som paatager sig, at vove Liv og Helbred paa at giennemsøge Udörkenen Kollumule kræver Halvparten af alt hvad hand kand overkomme, enten det er saa mærket eller umærket, hvilket og berettes at ingen skal nægte, men da bem[el]te Udörken, som beskrives situeret inden for andre Afrets Fjelde, hvor til Vejen falder over en strid Elv og Jöckel, skal have den egen Beskaffenhed at Faar gaar der og leve vilde Aar ud og Aar ind og saaledes opfödes der paa Kirkens Grund og Græsmark, har D[eres] V[el]v[ærdig]hed forespurgt Dem, om ikke Stafafells Kirke bör tilhøre ¼ af de saaledes sammesteds opföde mærkede Faar, hvor til svares: Derudi finde Vi intet ubilligt.²

Jafnframt skýrði biskupinn stiftamtmani frá þessu áliti sínu í bréfi 26. janúar 1795 með þeim orðum að það væri ekki ósanngjarnt („intet ubilligt“) að prófasturinn fengi einn fjórða af mörkuðu fê „som findes i Stafafells Kirkes Terrein Kollumula“.³

1 Skjal nr. 2 (66).

2 Skjal nr. 2 (68).

3 Skjal nr. 2 (69).

Í jarðamati 1804-1805 eru nefndar fimm hjáleigur með Stafafelli: Garðakot, Brekka, Kiðavellir, Byggðarholt og Hraunkot. Þar er einnig vikið að „afrétti“ jarðarinnar með þessum orðum: „Jorden tilhører Afret for 2d stoer Hundrede [þ.e. 240] gælde Faar“.¹ Í Jarðatali Johnsens 1847 er Stafafell metið á 26 hundruð, eins og í jarðabókinni 1697, en í Nýrri jarðabók 1861 er hún talin 46,1 hundruð að dýrleika.² Brekka er nefnd í Jarðatali Johnsens sem annað heiti yfir hjáleiguna Eskifelli. Það nafn, Eskifell, er ekki að finna í eldri jarðabókum en Johnsen hafði það frá prestri og sýslumanni.³ Í Nýrri jarðabók er Brekku ekki lengur getið enda mun hjáleigan hafa farið í eyði 1842 en Eskifell er þar skráð með Valskógsnes sem annað heiti.⁴ Eftir öðrum heimildum er vitað að síðustu ábúendurnir í Valskógsnesi fluttu þaðan 1875 og settust að í Smiðjunesi. Þar var búið til ársins 1892 þegar búskapur hófst að nýju að Brekku.⁵

Í skjalagögnum Stafafellskirkju er m.a. að finna svonefnda „Fornbréfabók“. Hún var tekin saman á 19. öld og geymir ýmsar heimildir um eignir kirkjunnar og landamerki. Þar er gerð sú athugasemd að engar úttektir hafi varðveist á eignum Stafafellskirkju eftir að Hannes biskup Finnsson vísiteraði kirkjuna og var þó skylt að gera slíkar úttektir í hvert sinn sem nýr prestur tók við staðnum. Fullyrta þeir sem athugasemdina gerðu (sennilega snemma á 20. öld) að við þetta hefðu eignir kirkjunnar, bæði í föstu og lausu, rýrnað mjög. Síðan segir orðrétt:

Hér að auki falla á þennan tíma þær tilraunir, sem gjörðar hafa verið að færa landamerki upp á land staðarins með fölskum landamerkjum, bæði á milli Stafafells öðrumegin og Bæjar og Hlíðar hinumegin og sömuleiðis millum Víkur og Svínhóla. Líka uppkom í tíð síra Bergs [Magnússonar, 1822-1824] einhver deyla um Skyndidalinn, sem Dalsmenn vildu eigna sér, en Stafafellsprestar lögðu bann fyrir. Telja má og hér til tilraunir þær, sem Áltfirðingar gjörðu til að ná yfirráðum Viðidalsins, með því að setja þangað Stefán heitinn Ólafsson⁶, því vel hlaut síra Bergur Magnússon og síra Jón sonur hans «að vita», að dalurinn heyrði Stafafelli til, þaræð hann sjálfur hafði áður verið á Stafafelli. Loksins rak hérvera síra Björns Þorvaldssonar [1837-1862] endahnútinn á alla eyðileggingu Stafafellsbrauðs og vísitatta b[isku]ps Helga [Thordersens, 1846-1866], sem tekur við næst eftir eyðuna sanctioneraði allar hans aðgjörðir og fer miklum lofsorðum um þá endurbót, sem hann hefur gjört á brauðinu með nýlendu setningunni inni í Eskifelli og þó var þessi nýlenda algjörlega eyðilögð af náttúrunnar eigin völdum, áður en síra Björn sjálfur skildi við Stafafell.⁷

Þrátt fyrir athugasemdina í Fornbréfabók Stafafells eru til í vísitásiubókum prófests úttektir Stafafells frá 19. öld. Í úttekt frá 8. maí 1824 segir m.a.:

Skóg á Kyrkiann svo langt sem Fiöll ná eftir hennar Landamerkjum inn og eins í Eskifelli og Stíflingahlíð. Skindidalur hálfur og hans Múli er Kyrkjinni égnadur. Hún á líka Kollumula og Lambatungur. Eingiatakmark Stafafells eru Nautholt og í Leyrum, Merkikelda með Steinsholt Svæði (og Skyrrima Eingi) Hofda Svæðu, Stadar Rimi, Skipahrauns Svæðu, og sidri Partur af hálfum Hrútsköfða, líka á Stafafell halfann Þernuhólma.⁸

1 Skjal nr. 2 (71).

2 *Jarðatal* 1847, s. 1. *Ný jarðabók* 1861, s. 4.

3 *Jarðatal* 1847, s. 1. Búið var í Eskifelli á árunum 1836-1863 samkvæmt því sem segir í grein Sigurðar Jónssonar (Stafafelli), 1969: „Ljósir blettir í liðinni ævi. Ævintýrlandið okkar Lónsöræfi.“ *Heima er best*. Bls. 88.

4 *Ný jarðabók* 1861, s. 4. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 65. Valskógsnes er einnig annað heiti yfir Eskifell í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849 (skjal nr. 2 (38)).

5 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 64.

6 Um mann þennan (Stefán sterka) eru til allmargar frásagnir og þjóðsögur (sbr. Þorsteinn Geirsson, 1995: *Gamla hugljúfa sveit*. 2. b. *Af mönnum og málefnum í Austur-Skaftafellssýslu*. [Án útgst.]. S. 167-170).

7 Skjal nr. 2 (16).

8 Skjal nr. 2 (40).

Aðrar úttektir prófaste eru frá árunum 1827, 1833, 1878 og 1881 og verður ekki séð að neinn verulegur munur sé á umsögnum þeirra um eignir og ítök kirkjunnar.¹

Þá er að vika að brauðamötum frá 19. öld. Eitt þeirra er dagsett 19. júní 1839. Þar kvartar presturinn yfir því að eyjan Vigur sé næstum orðin ónýtt prestakallinu „vegna ráns og skothrídará, sem þar er framinn af hákalla Jöktum og skotum frá Berufyrði og Eskjufyrði“, en um fjallendi kirkjunnar fer hann fáum orðum.² Öðru máli gegnir um brauðamat sem dagsett er 10. júní 1854. Þar eru taldar upp fjórar hjáleigur heimajarðarinnar (Valskógsnes, Eskifell, Byggðarholt og Hraunkot) og fjórar kirkjujarðir að auki (hálfur Þórisdalur, Krossaland, hálf Vík og Skálafell í Suðursveit) og greint frá landskuld þeirra. Meðal annarra tekna kirkjunnar voru leiga fyrir Kollumúla, 20 álnir árlega, og fyrir skógarhögg, 30 hundruð árlega.³ Í brauðamati sem undirritað er 30. desember 1898 segir m.a.:

Kostir jarðarinnar eru einkum þeir, að hún er veðursæl og hagasæl, og hefir víðáttumikið fjallendi og kjangott afréttarland, sem að nokkru leyti er skógi vaxið, en ókostir þeir, að hér er fremur létt undir bú, jörðin mjög erfð og mannfrek, sauðfé mjög ullarlítið og afréttarlandið bæði fjarlæggt, einkum hið besta úr því, og alt sundurskorið af vatnsföllum, klettabeltum, giljum og gljúfrum, svo að fjallgöngur kosta ótrúlega mikinn tíma og fyrirhöfn.⁴

Tekið er fram að „nokkur hluti afréttarlandsins (Víðidalur og Kollumúli)“ hafi verið byggður fjögur ár af þeim 5 sem brauðamatið ná yfir og hafi eftirgjaldið verið 30 merkur smjör, reiknað á 56 aura pundið, eða 16 kr. og 80 aurar að jafnaði árlega. Sama ár lýsti prófasturinn á staðnum, Jón Jónsson, kostum jarðarinnar og hlunnindum á svipaðan hátt.⁵ Ári síðar, 7. febrúar 1899, var gerð úttekt á jörðinni að tilmælum prófaste. Jón Jónsson hreppstjóri og Sveinn Bjarnason úttektarmaður virtu þá til afgjalds „prestsetrið Stafafell, sem bújörð, ásamt meðfylgjandi 4 kúgildum og þeim hlunnindum jarðarinnar, sem við álitum að henni eigi að fylgja sem bújörð, og reiknast með, þegar hún er metin til eftirgjalds, sem eru afréttarland, skógur til heimilisparfa, trjáreki af fjörum staðarins og silungsveiði í Jökulsá“.⁶ Þeir komust að þeirri niðurstöðu að sanngjörn landskuld af jörðinni væri 100 kr., og reiknuðu þeir þá með í matinu afréttarland, skóg til heimilisparfa, trjáreka af fjöru staðarins og silungsveiði í Jökulsá.⁷

Víðidalur er fyrst nefndur, að ætla má, í vísitásiu Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641 og er þar eignaður Stafafellskirkju. Í lögfestu 1714 er Ketilstaðaheiði nefnd ásamt Víðidal en í jarðabók Ísleifs Einarssonar frá svipuðum tíma (1709) eru „afréttur“ í Kollumúla og Víðidalur sagðir eign Stafafellskirkju. Þetta er síðan staðfest í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849: „Slægjur utan túns eru **ekki** „miklar“ né víðlendar; hagarnir aðeins góðir fyrir sauðfé en ill hrossaganga á vetrum. Staðurinn á „Víðidal“ og „Kollumúla“.“⁸ Á Grund í Víðidal var búið með hléum frá 1835-1897. Ekki verður séð af fyrirliggjandi heimildum að sótt hafi verið um heimild til stofnunar nýbýlis í dalnum, en vitað er að síðustu ábúendur þar, Sigfús Jónsson og Ragnhildur Jónsdóttir, fengu byggingarleyfi hjá séra Markúsi Gíslasyni að Stafafelli.⁹ Bæjarhús í Víðidal voru vel staðileg þegar byggð lagðist

1 Sbr. skjöl nr. 2 (41-44). Í úttektunum 1878 og 1881 er tekið fram að komnir séu tveir nauðsynlegir sæluhúskofar í fjöllum staðarins í staðinn fyrir „1 vantandi jarðarhús“ frá hinu fyrrverandi býli Eskifelli.

2 Skjal nr. 2 (45).

3 Skjal nr. 2 (46).

4 Skjal nr. 2 (89).

5 Skjal nr. 2 (18).

6 Skjal nr. 2 (89).

7 Skjal nr. 2 (19).

8 Skjal nr. 2 (38).

9 Þetta kemur fram í bréfi Sigfúsar Jónssonar til ónafngreinds kunningja síns á Héraði 20. apríl 1884 (sbr. skjal nr. 13 (29)). Sigurður Kristinsson, 1984: „Mér þýðir ekki að kvíða. Þættir um byggð í Víðidal í Lónsöræfum og búskap á Bragðavöllum í Hamarsfirði.“ *Múlaping* 13. S. 95-97. Þorsteinn Geirsson 1995, s. 177-178.

þar af og keypti landssjóður eitt þeirra, skemmu, sem skyldi vera sæluhús fyrir gangnamenn og ferðamenn. Sigfús Jónsson og sonur hans höfðu hug á að selja húsin í Viðidal ef einhver vildi setjast þar að en af því varð ekki og urðu þau með tímanum eyðingunni að bráð.¹

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Stafafellsprestakalls á tímabilinu frá fardögum 1893 til fardaga 1898 kemur fram að afgangur af Viðidal og Kollumúla nam samtals 73,94 kr. Meðal arðlausra ítaka og hlunninda voru skógarteigur í Stífangahlíð, Skálahvammi og Hlíðardal, selför og 5 hrossa beit í Barma, álfaveiði á Lóni „o.fl.“²

Í skriflegu mati á Stafafelli frá 1912 lýsa úttektarmenn yfir því að jörðin sé

einhver sú erfðasta og fólksfrekasta landbúnaðarjörð, er við þekkjum, sérstaklega hvað fjárhirðingu snertir, þar eð jörðin er landrík og fjalllendi sérstaklega víðattu mikið. Afréttarland er kjarngott og að nokkru leyti skógi vaxið, en í mjög mikilli fjarlægð, auk þess, sem það er sundurskorið af vötnum, giljum og gljúfrum og mjög slæmt umferðar.³

Loks er að nefna að í fasteignamati frá 1916 er komist svo að orði að beitolandið sé „viðlent fjalllendi með skógarkjari, snjólétt og skjólgott, en grýtt“. Einnig er tekið fram að jörðin eigi „stórt afréttarland, en afar ervitt og illa lagað til gangna“. Skóg mikinn átti jörðin, og Einholtskirkja átti „skógarítak á Skyndidal, sem kallast Þóruskógur“.⁴ Jörðin var þá komin í einkaeigu, seld ábúandnum, Jóni prófasti Jónssyni, í samræmi við lög um sölu kirkjujarða, nr. 50/1907, og er afsalið dagsett 28. maí 1913. Með í sölnunni fylgdu hjáleigurnar Brekka, Byggðarholt og Hraunkot og eyjan Vigur, alls 80,4 hundrað að dýrleika eftir nýju jarðamati.⁵ Í jarðamatinu frá 1916 er Brekka metin sem sérstök jörð en hún mun hafa byggst að nýju árið 1892.⁶ Beitoland Brekku var þá sameiginlegt með Stafafelli og upprekstur í Stafafellsfjöllum. Brekka var seld samkvæmt samningi 24. maí 1933 og var þá talin 9,24 hundruð að dýrleika og ¼ hluti úr Stafafellslandi, að ytri bæjunum frátöldum.⁷ Í september 1983 var gerð sú viðbót við eldri kaupsamning að lýst var stefnu landamerkjagirðingar sem aðskildi ræktað land Brekku frá ræktaðu landi Stafafells.⁸

Árið 1937 seldi Sigurður Jónsson á Stafafelli Skafta Benediktssyni jörðina Hraunkot með tilgreindum landamerkjum. Jörðinni fylgdi „réttur til uppreksturs og skógarítaks í Stafafellsfjöllum, að undanskyldu heimalandi Stafafells og Brekku“.⁹

Í Byggðarholti var lengst af tvíbyli.¹⁰ Með afsali, dags. 20. febrúar 1957, seldi Sigurður á Stafafelli Friðriki B. Jónssyni í Hraunkoti einn þriðja af eignarjörð sinni, Byggðarholti, og er þar vísað til landamerkjalysingar í bréfi dags. 31. janúar sama ár.¹¹ Sex árum síðar, 12. nóvember 1963, seldi Sigurður Sigurlaugu Árnadóttur í Hraunkoti jörðina Byggðarholt I með eftirfarandi landamerkjum sem voru sameiginleg fyrir Byggðarholt I og II:

1 Sigurður Kristinsson 1984, s. 100-101. Sbr. einnig Þorvaldur Thoroddsen, 1959: *Ferðabók*. 3. b. Reykjavík 1959 (2. útg.). S. 270-273.

2 Skjal nr. 2 (20).

3 Skjal nr. 2 (21).

4 Skjal nr. 2 (39).

5 Skjal nr. 2 (8). Sbr. *Kirkjueignir á Íslandi* 2, s. 36.

6 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 65.

7 Skjal nr. 13 (32). Undir samninginn rita Sigurður Jónsson og Sighvatur Davíðsson. Skjal nr. 4 (83): Afsal. Í skjali nr. 13 (12) er vísað til kaupsamnings sem þessir sömu menn undirrituðu 7. mars 1931. Sbr. einnig kaupsamning dags. 14.6. 1987 (skjal nr. 13 (7)).

8 Skjal nr. 13 (12).

9 Skjal nr. 4 (84).

10 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 69.

11 Skjal nr. 4 (85).

Að austan ræður landamerkja-girðing Hraunkots. Að ofan, Vallalækur og bein stefna úr mynni hans vestur á sand, móts við Austurholtsbakka, þaðan austan við Nautholt í Herbjarnarey, – en Herbjarnarey tilheyrir Byggðarholti. – Byggðar-Holtsfjara er frá Grænkletti að Óshöfða. Innan þessara takmarka eru Byggðarholtsengjar, sem fylgt hafa að fornu og nýju, en innan þeirra eru einnig engjar frá Stafafelli og Brekku; þau stykki liggja saman og takmarkast af Hraunkotsparti og Setursteig annars vegar, Hólengi, Simonarrima og Brandseyjar-leirum hins vegar, en að öðru leyti liggja þau að Bæjarlandi. ... Jörðinni fylgir afréttarland í Stafafellsfjöllum innan Hvannagils, einnig skógartekja og rjúpnaveiði, í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.¹

Eftir þetta var Byggðarholt I sameinað Hraunkoti.² Árið 1996 eignaðist Friðrik B. Friðriksson, Hraunkoti, jarðinar þrjár, þ.e. Byggðarholt II og Hraunkot ásamt Byggðarholti I.³

Eins og greint er frá hér framfar er landamerkjum Stafafells lýst í vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641 og í lögfestu 1714. Í fyrrnefndri Fornbréfabók Stafafellskirkju er að finna yfirlýsingu séra Bjarna Sveinssonar um landamerki Stafafells, dagsetta 6. febrúar 1886, og ber hún fyrirsögnina „Lítill viðbætur um landamerki Stafafells“.⁴ Þar er landamerkjum nánar lýst en gert er í fyrrnefndum eldri heimildum. Yfirlýsingin er á þessa leið:

Eptir vísitátinum og skjölunum hér að framan eru landamerki Stafafells: Á austursíðuna sjónhendingarstefnu úr gilinu í Hafrafellstindi hinum eystra og í Markhraun (síður kallað Steinsholt) og þaðan ofan í Heimbrims tjörn. Liggur sú lína fram eptir brúnunum fyrir ofan Kinnur niður í Stórabotn, sem kallaður er vestanmegin við Hrafnagljúfur, þaðan út og ofan hliðarnar eða bringurnar Hliðarmegin niður í Hliðará; sker svo yzta taglið af nesinu Stafafells megin hérumbyl á austurenda Bláberjamýra, þaðan á ská yfir Hliðaráraurinn yfir á nýgræðurnar skammt fyrir ofan Hófstadaklett, liggur þaðan út og niður landið yfirum eða fast neðan við beitarhús Hliðarmanna og þaðan sjónhendingu í áðurnefnt Markhraun. Frá suðausturenda Heimbrimistjarnar beygist línan nokkuð austur á við frá þessari stefnu beina stefnu í Óshöfða; liggur sú lína fast í norður klöppunum á Hrútshöfða eins og sira Högni segir í Eyrarmálinu, svo Stafafell á Höfðann allan, en Bær fitina eða eyrina, sem liggur norður af honum, þaðan liggur línan norðanvert við Þernuhólma eða Skernabba til Óshöfða. Geta verður þess, að til eru fálsmörk á þessari línu, sem byrja að ofan í áðurnefndu gili, en fara fyrir neðan Hófstadaklett og svo neðarlega niður úr löndum, að þau taka Hraunkotstúnið allt og allar Stafafellsengjar í Leyrunum suður fyrir allan Hrútshöfða. Þau kalla Steinsholt eitt lítið sker, sem liggur í vaðlinum utantil á Merkikeldu hólmunum, en þar vantar Heimbrimis tjörnina. Þessari stefnu fylgir Hliðarbréfið, sem Jón Helgason⁵ gaf út, en hún hefur aldrei náð að staðfestast með neinu hefðargildi. Að sunnanverðu ræður Jökuls á allt hið ytra á fjöllum upp⁶ og á staðurinn allt land og skóga milli hennar og Skyndidalsár, að fráteknum Þóruskógi Einholtskirkju á Skyndidal. Mörk þessi eru reyndar nokkuð ónákvæm á sandinum og getur gefið og gefur tilefni til ágreinings um silungsveiði í ánni. Þeir sem rannsökuðu farvegi hennar í Eyrarmálinu álitu að hinn breiði farvegur hennar milli Nautholts og Krossalands væri sá elzti eða upprunalegi og væri þá hentugast til að skapa sér fasta merkistaði á þessu breiða svæði að taka sjónhendingarstefnu úr Þorvaldshöfða sunnanverðum beint inn í Dimun og þaðan aptur í ósa Skyndidalsár þar sem hún fellur í Jökulsá og síðan eptir henni endilangri inn í innra jökul í botni Skyndidals. Frá Hafrafellstindi að austanverðu inneptir ráða fjallseggjarnar alla leið inneptir og svo norður á við

1 Skjal nr. 4 (166).

2 Sbr. skjal nr. 4 (86).

3 Skjöl nr. 4 (87 og 88).

4 Skv. því sem stendur í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* 1 (s. 60) kom séra Bjarni til Stafafells 1862 en hætti þar prestsþjónustu 1878 vegna geðlómunar og fluttist þá í Byggðarholt.

5 Hér gæti verið átt við Jón sýslumann Helgason í Hoffelli.

6 Undirstrikað í handriti.

milli Sviftungna og innsta botns af Flugustaðadal í Álftafirði. Þaðan yfir Hofsjökul og gegnum skarðið milli hans og Þrándarjökuls þar sem vötnum hallar á báðar síður til Víðidals og Geithelladals og loks frá Þrándarjökli innanverðum inn í aðaljökulinn fyrir botni Víðidals þar sem Sauðahnúkur heitir og vötnum hallar norður frá til Fljótsdals.¹

Landamerkjabréf Stafafells með hjáleigum og ítökum var undirritað 23. maí 1914 og þinglesið á manntalsþingi í Bæjarhreppi 10. júlí 1922:

Að austanverðu ráða mörkum fjallseggjarnar fyrir austan Víðidal út á Sviftungnavarp, þaðan ráða enn fjallseggjarnar út á Hafradalsstafinn. Eftir það ræður á sú, sem fellur út Hafradal al<lt> út í gljúfurkjaftinn austanvert við Bláberjamýri; þaðan liggja mörkin beina leið í Skernabba á ofanverðum Nýgræðum – sem nú verður hres<star upp og auðken<ndar – þaðan sjónhending í vörðuna á Steinholti, sem nú kallast venjulega Markhraun. Úr því beint út yfir Himbrimistjörn yfir Hrutshöfða þannig, að sjónhending verði úr vörðunni á Markhrauni í austustu klettasnös í Vigrinni. Að utan ræður affallið fyrir ofan fjöruna. Að sunnan ræður Jökulsá þ.e. sá farvegur hennar, sem rennur á milli Nautholts að austan og Krossalands að vestan – Þorvaldshöfðakvísl - alla leið inn eftir þangað sem Skyndidalsá rennur í hana. Eftir það ræður Skyndidalsá mörkum inn í jökla. Að norðan nær Stafafellsland þangað, sem vötn skilur á milli Lóns og Fljótsdals. Undir Stafafell liggur fjara með öllum reka og öllum landsnytjum frá landamerkjum fjarðar austur til Óshöfða og eru suðurmörk þeirrar fjöru þar sem Ólafshelli ber milli hátinda, þegar staðið er á fjörunni, og verða þar mörk sett. Ennfremur á Stafafell allan reka á fjörunni frá Óshöfða austur að Bæjarfjöru, og eru austurmörkin þar sem há-Skiphólakollinn ber í skriðumótin – rauðu og dökku – í Reyðarártindi, en landsnytjar á þessari fjöru, sem nefnd er Prestsfit, liggur undir Hvalnes. Loks fylgir Stafafelli álftr alla á Lóni, en önnur ítök, sem skjölin nefna, virðist óþarft að tilgreina, þar sem þau eru bundin við örnefni, sem enginn veit nú lengur hvar eru.

Ítök nefna skjölin engin, sem aðrir eigi í Stafafellslandi, nema aðeins Þóruskóg á Skyndidal, sem Einholtskirkja eigi, en óljóst eru um takmörk hans.²

Undir bréfið ritar eigandi og ábúandi Stafafells en að auki er efni þess samþykkt vegna eftirtalinnna jarða: Hlíðar, Bæjar, Þórólfsdals, Hvamms og Volasels, Þorgeirsstaða, Efri-Fjarðar, Syðri-Fjarðar og Hvalness.

Landamerkin milli Stafafells ásamt Brekku og Þórisdals voru til umfjöllunar í aukadómþingi sem haldið var föstudaginn 9. október 1970. Aðdragandi málsins er ekki rakinn en komist var að eftirfarandi samkomulagi um landamerki jarðanna:

Neðan Dímu ræður mörkum bein lína úr austurhorni Þorvaldshöfða í vörðuna á há-Dímu. Ofar Dímu ræður Jökulsá inneftir þangað, sem Skyndidalsá fellur í hana. Eftir það ræður Skyndidalsá mörkum inni Jökla. Díma ásamt kraga af sandinum umhverfis hana verður friðlýst land og afhent Náttúruverndarráði að gjöf til eignar og umráða.³

Einnig varð samkomulag um að girðing sú sem reist hafði verið á Jökulsársandi neðan Dímu mætti standa í þrjú ár „frá deginum í dag að telja“.

1 Skjal nr. 2 (16). Í þessari sömu heimild eru einnig vitnisburðir um landamerki Víkur á Lónsheiði og sýslumörk milli Skaftafellssýslu og Múlasýslu.

2 Skjal nr. 2 (4).

3 Skjal nr. 13 (13).

Í nóvember 1985 lagði sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu fyrir sýslunefndarmenn og oddvita að gera skrár yfir alla afrétti héraðsbúa með tilvísun í lög nr. 42/1969. Í svari oddvita og hreppstjóra Bæjarhrepps, dags. 6. des. 1985, kemur fram sú skoðun að í hreppnum „sé tæpast um afrétt að ræða, fremur heimalönd“. Síðan segir orðrétt:

Þó viljum við geta um eftirfarandi varðandi Eskifellsfjöll, nú vanalega rangnefnd Lónsöræfi en þau eru víðáttumestu beitarlönd í hreppnum og erfið í smölun vegna klettagljúfra og stórvatna.

Mörkum Eskifellsfjalla er lýst með svofelldum orðum:

Eskifellsfjöll eru talin byrja norðan Skyndidalsár, en vestan Jökulsár. Þá er og Kollumúli og Víðidalur norðaustan Jökulsár en vestan þess fjallgarðs sem aðskilur Bæjarhrepp frá Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu. Mörkin að norðan eru á Marköldu, sem er sýslumark á milli Norður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu. Að vestan og norðvestan takmarkast þetta svæði af skriðjökulum Vatnajökuls.

Bréfinu lýkur með þessu orðum:

Þrátt fyrir víðáttu þessa fjallendis teljum við undirritaðir eins og í upphafi var sagt að þetta beitiland teljist og skilgreinist fremur heimaland í einkaeign en afréttur.¹

Stafafellsmenn hafa ekki einir nýtt þetta til beitar því að þangað hefur fé verið rekið frá Bjarnanesi í Nesjahreppi samkvæmt „munnlegum samningi frá 1968“.² Einnig eru heimildir fyrir því að á tímabili hafi fé verið flutt í „afréttarlönd“ Stafafells frá bæjunum Ártúni og Haga í Nesjahreppi.³ Jafnframt liggur fyrir skriflegur samningur, undirritaður 8. júní 1984, við Ólaf Bergsveinsson í Stafafelli um heimild Þorsteins Sigjónssonar í Bjarnanesi til að reka fé í Eskifellsfjöll í Lóni gegn því að hann greiddi þriðjung af kostnaði vegna smölunar. Samningurinn skyldi gilda í eitt ár og undirrituðu hann, auk fyrrnefndra manna, sveitarstjóri Nesjahrepps og tveir menn í nefnd sem skipuð var til að fjalla um afréttarmálefni í Nesjum og Lóni.⁴ Þá skal þess getið að í gögnum hreppsnefndar kemur fram að á fundi hennar 15. janúar 1983 var samþykkt að koma til móts við skriflega beiðni Þorsteins Sigjónssonar í Bjarnanesi og leggja til 5000 kr. vegna leitar í Stafafellsfjöllum úr þyrilu Landhelgisgæslunnar. Um leið var vakin athygli á því „að utansveitarmönnum verði ekki leyfður upprekstur fjár í Lónsfjöll eftir 1983 samkvæmt heimild í lögum“.⁵ Við skýrslutökur upplýsti Þorsteinn Sigjónsson að $\frac{2}{3}$ af kindum hans gengju „í afrétti Stafafellsmanna og Brekku“ en þriðjungur í afrétti Bjarnanesmanna. Fé hans í Lóninu væri „innan við Skyndidalsá og svo innan við Jökulsá, innar í Kollumúla“ og sæju Bjarnanesmenn einir um að smala þetta svæði.⁶ Að sögn Gunnlaugs Ólafssonar í Stafafelli var fé Staffellinga áður fyrir rekið „inn fyrir á snemma á vorin“ en nú sé því sleppt af tünnum og leiti þá af sjálfsdáðum til fjalla. Fjallskilakvöðin hvíli hins vegar á Þorsteini Sigjónssyni í Bjarnanesi eftir að hann tók við smalamennskunni með samningnum sem fyrir er getið.⁷

Tilhögun smölunar fram eftir nýliðinni öld er lýst í ritinu *Göngum og réttum*. Venjan var sú að hreppsnefndin ráðaði niður í göngur eftir fjáreign þannig að Stafafell lagði til fjóra menn, Byggðar-

1 Skjal nr. 4 (60).

2 Þorsteinn Sigjónsson við skýrslutökur, 12.9.2002.

3 Sbr. *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 63.

4 Skjal nr. 13 (30). Sbr. skjal nr. 13 (31).

5 Skjal nr. 4 (59). Þorsteinn hafði óskað eftir 10.000 kr. fjárframlagi til eftirleitar á fé á Lónsöræfum.

6 Skýrslutökur 12.9. 2002.

7 Skýrslutökur í máli nr. 4/2001, 12.9. 2002.

holt tvo og Hraunkot og Brekka sinn manninn hvort býli. Leitarsvæði Stafafellsmanna voru Stafafellsfjöll en þau skiptust í smærri svæði eins og nánar er lýst í fyrrnefndu riti.

Framfjöll nefnast einu nafni það fjalllendi sem næst liggur sjó. Svæði þetta nær yfir Hafradal og Hvannadal, Koltungugil og Koltungu, Stigafjöll og allt inn að Grísatungum. Vestan Jökulsár eru Eskifellsfjöll. Þar var fyrsti áfangi gangnamanna. Svæðið upp að Kömbum, norðanvert í Hnútnuni, og Víðibrekum, var venjulega smalað af tveimur mönnum svo og Skógarnir austan ár. Handan Jökulsár er Kollumúli og Víðidalur sem fjórir menn gengu. Þangað leitaði oft fé úr Suður-Múlasýslu og því var það að í mörg ár komu Álftfirðingar í Víðidal um svipað leyti og Lónsmenn og ráku fé sitt þaðan beint austur í Múladal. Einnig var farið yfir Víðidalsá í Sviptungur og Grísatungnagil. Innstu leitir í Stafafellsfjöllum voru í Tröllakrökum vestan Jökulsár og allt inn í Vesturdal. Á því svæði var einatt það fé sem alvænst þótti úr Stafafellsfjöllum. Þangað fóru tveir menn í leitir. Framfjallið, sem svo er nefnt, var venjulega smalað seinasta daginn af öllum gangnamönnum en Koltunguna og Stigafjöll smalaði einn maður þótt erfið væru yfirferðar.¹

Árið 1977 voru Lónsöræfi friðlýst samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971. Áður en það gerðist gáfu eigendur og ábúendur jarðanna Brekku og Stafafells út yfirlýsingu um að þeirra vegna væri heimil friðlýsing Lónsöræfa (einnig nefnd Stafafellsfjöll í yfirlýsingunni) innan eftirfarandi marka:

Frá ármótum Jökulsár í Lóni og Skyndidalsár vestur með Skyndidalsá að Lambatungnajökli; þaðan með Lambatungnaá að Austurtungnajökli og eftir honum miðjum norðvestur í nafnlausan hnjúk í 1500 m hæð sunnan Grendils og áfram í sveig á vatnaskilum í Grendil (1570 m); þaðan ráða sýslumörk Austur-Skaftafellssýslu og Múlasýslna á vatnaskilum í Flugustaðatinda og úr þeim vestur um Svip-tungnavarp og Hnappadalstind (1212 m) að Jökulsá við Vondasnaga; þaðan niður með Jökulsá að ármótum við Skyndidalsá.²

Um friðlandið skyldu gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Hefðbundnar nytjar landeigenda, svo sem búfjárbreit og veiðiréttur, haldast óskertar, nema um annað verði samkomulag en sérstaklega skal þess gætt að misþjóða ekki beitarpóli af-rétta og hlífa kjarri og skóglendi eftir föngum.
3. Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð nema á ógrónum áreyrum, vegum og öðrum merktum akslóðum innan svæðisins.
4. Heimilt er að ganga um svæðið og fara um það með hesta. Þó er skylt að ganga þannig um, að ekki sé spillt gróðri, raskað dýralífi, minjum, mannvirkjum né öðrum verðmætum. Hvergi á svæðinu má skilja eftir sorp eða rusl nema í sorpílátum. Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði með samkomulagi við landeigendur.
5. Náttúruverndarráð skal í samvinnu við aðra, er í hlut eiga, sjá um að haldið sé við veg-slóðum, göngubrúum, gömlum götum og vörðum eftir nánara skipulagi. Á sama hátt skal tryggð önnur lágmarksaðstaða fyrir ferðafólk, svo sem afmörkun tjaldsvæða með hreinlætis-aðstöðu samkvæmt skipulagi og í samráði við landeigendur. Þá skal Náttúruverndarráð tryggja vörslu og eftirlit á svæðinu að sumarlagi.³

Tekið var fram að til undanþágu frá reglum þessum þyrfti leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem færi með umboð ráðsins. Einnig gæti Náttúruverndarráð falið umboð sitt umsjónarnefnd sem skipuð væri fulltrúum tilnefndum af landeigendum, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu og

1 *Göngur og réttir* I (1983), s. 50-74.

2 Skjöl nr. 13 (14-17).

3 Skjöl nr. 13 (14-17).

Náttúruverndarráði. Í auglýsingu um friðlýsingu Lónsöræfa (Stj.tíð. B, nr. 31/1977) er mörkum svæðisins lýst á sama hátt, með sömu reglum, og gert er í yfirlýsingu jarðeigenda.¹ Friðland þetta mun vera um 320 ferkílómetrar að flatarmáli.²

Nokkrar framkvæmdir hafa farið fram á því svæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi Stafafells. Samkvæmt heimildum gerðu síðustu ábúendurnir á Grund í Víðidal kláfferju yfir Jökulsá við Kollumúla árið 1892. Sumarið 1953 var smíðuð brú við Kollumúla að frumkvæði Skafta Benediktssonar í Hraunkoti og Sighvats Davíðssonar á Brekku. Vegagerðin lagði til efni í brúna gegn því að bændur flyttu það inn eftir og tækju sjálfir að sér brúarsmíðina. Á þeim tíma áttu ekki nema fjögur býli upprekstur þangað, þ.e. þau býli á Stafafellstorfunni sem þá voru í ábúð, en með aðstoð fleiri bænda tókst að ljúka verkinu þá um haustið áður en fé var rekið af fjalli. Brú þessa tók af veturinn 1964-1965 en Lónsmenn brugðust við með því að smíða vandaðri og hærri brú á sama stað sumarið 1967.³ Sumarið 2001 var gerð ný göngubrú á Víðidalsá og var notuð til þess þyrta sem flutti brúarbitana á sinn stað yfir ána.⁴

Gangnamannakofi hafði verið fyrir neðan Illakamb frá því fyrir aldamótin 1900 eins og fram kemur í Ferðabók Þorvalds Thoroddsens (1894). Árið 1954 var reist nýtt sæluhús í Kollumúla og þótti hvort tveggja, brúin og sæluhúsið, vera til mikilla þæginda og öryggis fyrir gangnamenn og ferðamenn sem fóru Norðlingaveg milli Lóns og Fljótisdals.⁵ Síðar voru reistir tveir nýir skálar og veitti landeigandi leyfi til þess á þeirri forsendu að þeir yrðu jafnframt nýttir sem gangnamannakofar. Engir skriflegir samningar voru gerðir um þetta og leyfinu ekki þinglýst. Annar skálinn, Múla-skáli, vestan undir Kollumúla, er í eigu Ferðafélags Austur-Skaftfellinga en hinn skálinn, Egilssel, er við Kollumúlavatn, innst á múlanum í um 630 m hæð, og var byggður að tilstuðlan Ferðafélags Fljótisdalshéraðs.⁶ Lóðagjöld hafa ekki verið innheimt af þessum skálum.⁷

Árið 1993 efndu eigendur Stafafells til fundar um skipulagsmál í Stafafellsfjöllum og hafa síðan, að eigin sögn, staðið fyrir stefnumörkun og skipulagi útivistar og ferðamála á svæðinu. Þar er m.a. gert ráð fyrir tjaldsvæði í Víðidal og innst á Skyndidal og skála og tjaldsvæði í Eskifelli og Kollumúla. Þessi vinna hefur farið fram í samráði við ýmsa opinbera aðila, m.a. Náttúruvernd ríkisins, og hefur nú verið felld inn í aðalskipulag Hornafjarðar.⁸

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Stafafelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi jörðin og síðar einnig Brekka⁹ framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett eftir að hún komst í einkaeigu.¹⁰

6.6. Hlíð

Jörðin Hlíð er nefnd í Þorsteins sögu Síðu-Hallssonar (4. k.) sem rituð er á 13. öld en gerist á fyrri hluta 11. aldar og einnig er minnst á hana í kærú séra Ögmundar Andrésssonar að Stafafelli á hendur Bjarna Árnasyni í Hlíð árið 1483 fyrir að eigna sér raftviðarhögg á Ketilhlíðarhálsi og landsvæði innan landamerkja Stafafells (sbr. kafla 6.5. um Stafafell).¹¹ Heimildir eru fyrir því að Brynjólfur

1 Skjal nr. 13 (19).

2 Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 212.

3 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 363-373.

4 Gísli Sigurðsson, 2002: *Seiður lands og sagna. Sunnan jökla*. Reykjavík. S. 94-95.

5 *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 55. Hjörleifur Guttormsson, 1974: „Austfjarðarfjöll.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. S. 86-89. *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 363-373.

6 Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 212.

7 Gunnlaugur Ólafsson frá Stafafelli við skýrslutökur 9.9.2002.

8 Gunnlaugur Ólafsson frá Stafafelli við skýrslutökur 9.9.2002.

9 Skjöl nr. 13 (2, 7-12, 32). Að sögn Gunnlaugs Ólafssonar frá Stafafelli hafa einnig býlin Byggðarholt og Hraunkoti verið seld frá Stafafelli með sérstökum landamerkjum (sbr. skýrslutökur 9.9. 2002).

10 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 59-61. Skjöl nr. 2 (95), 13 (3-6, 12).

11 *Íslenskt fornbréfasafn* 6, s. 493-495.

biskup Sveinsson hafi keypt 6 hundruð í jörðinni árið 1673 en hún var á þeim tíma öll metin á 20 hundruð. Ári síðar seldi biskupinn Ámunda Þormóðssyni þennan jarðarpart.¹

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 er Hlíð skráð bóndaeign, 20 hundruð að dýrleika. Þar segir að jörðin hafi átt engjaitak í Bæjarlandi sem kallað var Ljóski hinn góði en það sé af fyrir 40 árum vegna vatnaágangs. Í einu handriti jarðabókarinnar (JS 134 4to), sennilega skrifað nálægt aldamótunum 1800, hefur verið bætt við eftirfarandi landamerkjalytingu Hlíðar:

Landamerki um Hlíð í Lóni eftir lögfestum sra. Guðmundar Magnússonar 14. júnii 1717 og eftir sra. Brynjólfs Guðmundssonar 1748, 18da maj:

Að vestan á móts við Stafafell, sjónhending úr steinunum á Steinsholti og í Mógil það, sem fellur úr Hafrafellstindi hinum vestra.

Að austan í móts við jörðina Bæ, úr steinunum á Steinsholti sjónhending í Ærhraun, úr Ærhrauni sjónhending í Skógarhraun, úr Skógarhrauni sjónhending í Leirskála, og ræður upp frá því áin, sem fellur eftir Bæjar- eður Hlíðardal, landamerkjum milli Hlíðar og Bæjar til fjalls. Skógartóft Hvalnesjarðar á Hlíðardal, sem kölluð er Austastihólmi. Item Skógarsteigur Stafafellskirkju (þar líka) eftir Stafafells-máldögum.

Þettað so rétt extraherað eftir greindum lögfestum,

testerar Sigurður Stephansson.

Eftir copie af einu skrifí, dateruðu 1593, þann 25ta apríð hafði fjaran, kölluð Hlíðarsandur, liggjandi fyrir Hvalnesjörðu, stikast við hundruð faðmar tólfræð [þ.e. 720 faðmar], tveir faðmar og tuttugu betur, að fornum mörkum höldnum, liggja fjaran milli urðanna.

Undir orginal dokumentið hafa skrifað sra. Gissur Jónsson, sra. Jón Arnórsson, sra. Þorkell Árnason, item fjórir leikmenn.²

Hlíð var í byggð þegar jarðamat var gert í sýslunni 1804-1805, 20 hundruð að dýrleika, eign Jóns Helgasonar sýslumanns.³ Jörðin er hins vegar komin niður í 10 hundruð í Jarðatali Johnsens 1847 en samkvæmt Nýrri jarðabók 1861 var hún 14,1 hundrað.⁴

Í gerðabók fasteignamatnefndar 1916 er þessi lýsing á hlunnindum jarðarinnar:

Beitilandið, viðlent fjalllendi, gott til fjárbeitar, en fremur snjópungt, og slæm beit fyrir stórgripi, nema langt frá bæ. Upprekstrarland allgott hefir jörðin fyrir sig. Skógur allmikill fylgir jörðunni, en mótak ekkert. Jörðin á rekaítak í Hvalnesslandi, Hlíðarsand og engjaitak í Bæjarland kallað Ljóski. Bær á mánadar beit fyrir búsmala í Hlíðarland og skógarítak innaf Leirskála, og Hvalnes skógarítak í Hvalnesheiði.⁵

Landamerkjabréf Hlíðar í Lóni var undirritað 6. september 1886 og lesið á manntalsþingi að Bæ í Lóni 17. maí 1893:

1 Skjöl nr. 3 (4 og 5). Sbr. Björn Lárússon 1967, s. 330.

2 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 418 (7. nmgr.). Lögfestur þær sem hér er vísað til hafa ekki fundist í Þjóðskjalasafni Íslands, sbr. skjal nr. 2.

3 Skjal nr. 2 (71).

4 *Jarðatal* 1847, s. 1. *Ný jarðabók* 1861, s. 4.

5 Skjal nr. 2 (39).

Að vestanverðu á móts við Stafafell. Úr Steinsholti sjónhendingu í skernappa¹ á ofanverðum Nýgræðum. Þaðan sjónhending og í Hlíðarárgljúfur, austan við Bláberjamýri, eptir það ræður áin landamerkjum inn á Hafradalsvarp; þar eptir ráða eggjarnar inn á Hvannadalsvarp.

Að austanverðu móti jörðinni Bæ. Úr sama Steinsholti sjónhending og í Ærhraun, úr Ærhrauni sjónhending og í há Leirskála; eptir það ræður Karlsáin landamerkjum inn í Útstúkudal.

Ítök er jörðin á:

1. Fjöru í Hvalnesjörðu, er kallast Hlíðarsandur, er liggur milli Hvaldalsár og Krossaneslækjar og tilheyrir henni allur reki, sem hefir venja (verið) í þessu byggðarlagi að fráðregnu leiguliðagagni og bjarglaunum eptir samkomulagi hlutaðeigenda.
2. Engjaitak í Bæjarlandi, er Ljósí heitir; merki um hann er milli Bæjar hólma og Stafafells landamerkja.

Aðrar jarðir eiga þessi ítök í landi jarðarinnar

1. Hvalnes skógarítak, er heitir austasti hólmi eða Hvalnesheiði.
2. Bær mánaðarheit fyrir búsmala, er verður að vera eptir samkomulagi hlutaðeigenda hvar eða hvernin sú mánaðarheit verður brúkuð.
3. Bær skógarítak fyrir neðan götu frá Leirskála inn að Girðingshvammi.²

Bréf þetta er samþykkt vegna Stafafellskirkju og einnig rita undir það eigendur og landsetar Bæjar og eigandi Hvalness þó með þeim fyrirvara að hann „geymir Hvalnesi rjett til annars skógarítaks, nálægt hinu, er skrá þessi getur um að Hvalnes eigi og til þess reka af ítaksfjörinni, er Hvalnesi kann að bera samkvæmt lögum“.

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Hlíð frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum, og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi hún framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett.³

6.7. Bær

Bær í Lóni var landnámsjörð. Að sögn Landnámabókar, sem að stofni til var rituð á fyrri hluta 12. aldar, nam Þórður skeggi lönd öll í Lóni fyrir norðan Jökulsá og til Lónsheiðar („millim ok Lónsheiðar“ í Hauksbók) og bjó í Bæ tíu vetur („tíu vetr eða lengr“ skv. Sturlubók) þar til hann fluttist vestur um land og reisti bú á Skeggjastöðum í Mosfellssveit.⁴

Árið 1506 greina heimildir frá því að Stefán Jónsson Skálholtsbiskup hafi selt Bjarna Jónssyni jörðina Bæ í Lóni fyrir Arnarholt á Kjalarnesi. Að auki skyldi Bjarni fá eins hundraðs timburhögg árlega í heimlandi Stafafellskirkju en á móti fengi presturinn á Stafafelli að yrkja engiteig í Bæjarjörðu milli Ljóska og Bæjarár. Skyldi tilhögun þessi standa meðan Bjarni bóndi lifði (sbr. kafla 6.5.).⁵ Í febrúar 1527 seldi Jón Halldórsson, í umboði eiginkonu sinnar, Herdísar Gunnlaugsdóttur, Ögmundi Pálssyni Skálholtsbiskupi allt tilkall sem hann átti, vegna konu sinnar, í jörðinni Bæ og hálfu Horni og öðrum jörðum og jarðapörtum sem hún hafði fengið í arf.⁶ Í samningi þessum er ekki minnst á dýrleika jarðarinnar en í kaupbréfi, dags. á Þingvöllum 1. júlí 1657, er skýrt frá því að Brynjólfur biskup Sveinsson hafi keypt af séra Þórði Jónssyni hálfan Bæ, 15 hundruð að

1 Líklega átt við skernabba.

2 Skjal nr. 2 (2).

3 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 36-38. Skjöl nr. 4 (35) og 6 (4-5).

4 *Landnámabók* 1986, s. 311-313. Sturlubók Landnámu er talin rituð eigi síðar en á árunum 1275-1280 en Hauksbók á árunum 1306-1308 (*Landnámabók* 1986, s. LXXV og LXXXII).

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 50.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 9, s. 401-402.

dýrleika með öllum þeim gögnum og gæðum sem þeirri hálfleнду fylgdu.¹ Síðar í sama mánuði keypti biskupinn fjögur hundruð til viðbótar í þessari sömu jörð.²

Í jarðabók 1686 er Bær sagður í einkaeigu og metinn á 40 hundruð en 30 hundruð árið 1697 og var þar miðað við fornt mat.³ Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 er Bær einnig talinn 30 hundruð að dýrleika. Eignir jarðarinnar og ítök voru þessi:

Jörðin á reka, þar sem kölluð er Bæjarfjara. Selstöðu sæmilega á jörðin á Bæjardal. Mánaðarþeitt öllum búsmala í Hlíðarlandi um sumar. Skógarítak í Hlíðarjörðu frá Leirskála og inn að Girðishvammi fyrir neðan götur.⁴

Í jarðamati 1804-1805 eru þrjú leiguliðar nefndir sem ábúendur á jörðinni auk eigandans.⁵ Í Jarðatali Johnsens 1847 er ekki minnst á neina hjáleigu með Bæ en í Nýrri jarðabók 1861 er tilgreind hjáleigan Kallsfell, 2 hundruð að dýrleika. Samkvæmt nýju mati var öll jörðin 33,8 hundruð að dýrleika.⁶

Í gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849 er jörðin Bær kölluð „ágángsjörð“ vegna grjótságangs og grjótburðar af Kallsá (Karlsá), og minnt er á að jörðin eigi enn mánaðarþeitt og skógarítak í Hlíðarlandi.⁷ Í fasteignamati 1916 eru talin upp sjö býli undir nafninu Bær en flestir munu ábúendur hafa orðið átta um miðja 19. öld.⁸

Landamerkjabréf jarðarinnar Bæjar var undirritað 10. júní 1922 og lesið á manntalsþingi fyrir Bæjarhrepp 10. júlí sama ár:

Að vestanverðu milli Stafafells og Bæjar, úr Markhrauni (áður nefnt Steinsholt) sjónhendingu beina línu austast í halann á eyjunni Vigur. Að utan þegar Markhraun ber í Fláagil.

Að ofanverðu milli Hlíðar og Bæjar, úr áðurnefndu Markhrauni sjónhending í Ærhraun og úr Ærhrauni sjónhending í há Leirskála, eftir það ræður Karlsá landamerkum inn í Útstúkudal.

Milli Bæjar- og Álftafjarðarafjjetta ráða há fjallseggar úr Útstúkudal austur og fram á Svartagilstind fyrst skrifað.⁹

Að austanverðu milli Reyðarár og Bæjar úr Svartagilstindi sjónhending í upptök Reyðarár (Mjóadalsá). Þaðan ræður áin fram að svonefndri Grjótá, þaðan liggja mörkin beina línu í Grundarhraun, úr Grundarhrauni í þúfuna á Þinghrauni, úr þeirri þúfu sjónhending í austustu markþúfu á Karlteigsbakka og þaðan beina línu út í lón.

Jörðinni fylgir selveiði við Bæjarós, svo og öll önnur veiði fyrir landi jarðarinnar í miðjan ál, utan við Seleyri.

Ítök þau sem jörðin á eru:

1. Í jörðinni Hlíð.

1 Skjal nr. 3 (1), sbr. nr. 3 (3).

2 Skjal nr. 3 (2).

3 Björn Lárússon 1967, s. 330.

4 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 419.

5 Skjal nr. 2 (71).

6 *Jarðatal* 1847, s. 1. *Ný jarðabók* 1861, s. 4.

7 Skjal nr. 2 (38).

8 Skjal nr. 2 (39). Sbr. einnig skjöl nr. 4 (27-33). Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 218.

9 Fyrst skrifað *Svartagilsbrýr* en *brýr* yfirstrikað.

- a. Skógarítak frá Leirskála fyrir neðan götu inn í Girðingshvammi.
 - b. Mánaðarþing fyrir búsmala eftir samkomulagi hlutaðeigenda hvar og hvenær er brúkuð. Ekki fjallbeit.
2. Fjöru fyrir Svinhólalandi, sem takmarkast þannig: Að sunnan, sjónhending af fjörunni í há Skip-hólhraun er það ber í skriðumót í Reyðarártindi.

Að austan, sjónhending af fjörunni í syðri Rauðaneshalann er ber í eystra fjárhús neðst í Svinhólalandi fyrir sunnan traðirnar.

Ítök annara jarða í Bæjarlandi eru:

1. Hlíð á engjaitak er Ljóskeið, er liggur á milli Bæjarhólma og að landamörkum Stafafells.
2. Svinhólar eiga skógarítak sem nefnist Svinhólatungur á Bæjardal, þær takmarkast að utan af lækjarsytru, sem er upp af innanverðu árgljúfrinu, að innan af læk sem er framan við Mosvelli.
3. Reyðará á Skógareign á Bæjardal í svonefndum Koltungum.¹

Bréf þetta er samþykkt vegna jarðanna Stafafells, Hlíðar, Hvalness og Svinhóla.

Árið 1990 var jörðinni Bæ skipt í fimm hluta á fundi skiptanefndar sem haldinn var með eignum og umráðamönnum jarðarinnar.²

Heimildir benda ekki til annars en að búseta hafi verið nokkuð samfelld í Bæ frá því að jarðarinnar er fyrst getið í heimildum og þar til síðasti ábúandinn fór þaðan 1966, og að eftir gerð landamerkjabréfsins hafi jörðin framselst á hefðbundinn hátt og verið veðsett.³

6.8. Afréttarnot

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 er aðeins ein jörð í Lóni, þ.e. Stafafell, sögð eiga „afrétt“: „Staðurinn [Stafafell] á afrétt í Kollumúla.“ Tvær aðrar jarðir áttu „beit“, Hvalnes 5 hrossa beit í Krossalandsjörðu og Bær mánaðarþing öllum búsmala í Hlíðarlandi um sumar.⁴ Aðrar heimildir greina frá afrétti Bæjar í Karlsfelli og á austanverðum Bæjardal.⁵ Einnig er rétt að nefna örnefnið Afréttartindur en hann og Meingilstindur ganga austur úr Jökulgilstindum.⁶

Í lýsingu Stafafellssóknar 1842 fullyrðir séra Björn Þorvaldsson að engir afréttir séu í sókninni: „Afréttar eru engar heldur rekur hvör í sitt land því allar jarðir eiga tiltölu til fjalls, bæði skóg og upprekstur á sumardag.“⁷

Í nóvember 1985 lagði sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu fyrir sýslunefndarmenn og oddvita að gera skrár yfir alla afrétti héraðsbúa með tilvísun í lög nr. 42/1969. Í svari oddvita og hreppstjóra Bæjarhrepps, dags. 6. des. 1985, kemur fram sú skoðun að í hreppnum „sé tæpast um afrétt að ræða, fremur heimalönd“. Síðan ræða þeir sérstaklega um Eskifellsfjöll sem ranglega séu nefnd Lónsöræfi og segja þau „viðáttumestu beitarlönd í hreppnum og erfið í smölun vegna klettagljúfra og stórvatna“. Eftir að hafa lýst mörkum fjalllendisins ljúka þeir bréfi sínu á þessum orðum:

Þrátt fyrir víðáttu þessa fjalllendis teljum við undirritaðir eins og í upphafi var sagt að þetta beitiland teljist og skilgreinist fremur heimaland í einkaeign en afréttur.⁸

1 Skjal nr. 2 (3).

2 Skjöl nr. 5 (3, 25).

3 Sbr. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* 1, s. 27-33. Skjöl nr. 2 (96), 4 (27-33) og 5 (14-24).

4 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 417-421.

5 Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 218.

6 Hjörleifur Guttormsson 1993, s. 217. Á kortum er einnig merkt örnefnið Afrétt sunnan undir Mosvallaheiði.

7 *Skaftafellssýsla*. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1997. S. 34.

8 Skjal nr. 4 (60), sbr. skjal nr. 4 (59).

Um svipað leyti (7. desember) var á aukafundi sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu samþykkt ályktun af sama tilefni:

Fyrir fundinum lágu greinagerðir frá öllum hreppum sýslunnar nema Hafnarhreppi, en glögglega kemur fram bæði í þeim greinagerðum svo og máli nefndarmanna að afréttir munu ekki til í sýslunni, heldur heimalönd. Eftirfarandi tillaga var samþykkt. Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu ályktar eftirfarandi á aukafundi sínum 7. des. 1985.

Afréttarskrá er eigi til fyrir sýsluna og verður ekki samin, enda verður talið að afréttir séu eigi til í Austur-Skaftafellssýslu í hefðbundnum og venjulegum skilningi.¹

Þessi skoðun hefur einnig komið fram við vitnaleiðslur á vegum óbyggðanefndar.² Enn fremur má hér benda á það sem fram kemur í *Göngum og réttum*: „Engin almenningsafrétt er í sýslunni. Allt fjalllendi heyrir vissum jörðum til, utan þess að hjáleigur eiga óskipt fjalllendi með aðaljörðum.“³

Eins og lög kveða á um hafa lengi verið í gildi fjallskilareglugerðir í sýslunni. Elsta fjallskilareglugerðin sem sett var samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 1872 er frá árinu 1891. Í 1. gr. segir orðrétt:

Að svo miklu leyti, sem heimaland er eigi nægilegt til beitar á sumrum, ber öllum, sem afrjett eiga eða fengið geta hjá öðrum, að nota hann til uppreksturs fyrir fjallfje sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje eigi vanrækt, og yfir höfuð gætir þess, að heimahögum sje eigi íþyngt um of á sumrum. Heimilt skal hreppsnefnd, að gjöra ítölu í afrjett þar sem því verður við komið.⁴

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar frá 1909 eru eftirfarandi fyrirmæli um upprekstur:

Allir þeir, er afrjett eiga, eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til uppreksturs fyrir gjeldfje sitt, ef hagatollur fer eigi fram úr 5 aurum fyrir hverja sauðkind, og skal gjalddagi hagatolls vera fyrir lok októbermánaðar, ef öðruvísi er eigi um samið. Þar sem engan afrjett er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar, en þess skal þó gætt, að heimahögum sje ekki íþyngt um of. Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afrjett, þar sem því verður komið við.⁵

Í reglugerðinni er kveðið á um lögsöfn að hausti og að til þeirra sé boðað með fjallskilaseðli eigi síðar en 10 dögum fyrir fyrsta lögsafn (4. og 6. gr.).

Í 2. gr. fjallskilareglugerðar frá 1940 er komist svo að orði:

Allir þeir, er afrétt eiga eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til upprekstrar fyrir fé sitt. Þar, sem engan afrétt er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar.

Þar, sem tveir eða fleiri menn eiga eða hafa afgirt sameiginlegt beutiland, getur annar eða einn ekki tekið gripi til beitar af öðrum, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeiganda. Geti einhver í sameignarlandi afstaðið beit eða beutiland, er honum skylt að bjóða meðeigendum sínum fyrst afnot af beutilandinu, áður en hann gefur það falt við aðra.

Ef enginn af meðeigendum hans þarf landsins með, má hann taka gripi af öðrum að því leyti, sem hann

1 Skjal nr. 4 (62).

2 Sbr. vitnisburði bænda í Lóni við skýrslutökur, 9.9. 2002.

3 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 35.

4 Skjal nr. 4 (21) (fjallskilareglugerð nr. 109/1891).

5 Skjal nr. 4 (46).

hefir þá færra í beitolandinu en meðeigendur hans, samanborið við landstærð hvers þeirra. En þess skal þó gætt, að heimahögum sé ekki íþyngt um of.

Í ógirt samliggjandi beitolönd og afréttarlönd má ekki taka inn gripi, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeigenda.

Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afréttarlönd, þar sem því verður við komið.¹

Tilhögun smölunar er nánar lýst í *Göngum og réttum*. Framan af 20. öld var fyrsta lögsafnið miðað við þann tíma sem stjórn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga ákvað hverri sveit til slátrunar en einnig réð veðráttan miklu um smölun og rekstra.² Hreppsnefnd skipaði fyrir um göngur. Lét hún semja svokallað göngubréf sem gekk bæ frá bæ um alla sveitina. Þar voru safndagar ákveðnir, nafngreindir menn skipaðir í hvert gangnasvæði og til rétta og einnig gangnaforingjar og réttarstjórar.³ Í máli Þorsteins Geirssonar, Reyðará, við skýrslutökur kom fram að hreppsnefndin hefði gefið út göngubréf til að tryggja það að bændur kæmu með féð á réttum tíma til að missa ekki af slátrudögum. Hún mun einnig hafa tekið þátt í að greiða kostnað vegna smölunar í Kollumúla og áskildi sér rétt til að meina utansveitarmönnum upprekstur í Lónsfjöll eftir 1983 „samkvæmt heimild í lögum“. Á þessum tíma var þyrila notuð til eftirleitar og hefur það aukið kostnaðinn til muna. Afskipti hreppsnefndar af upprekstri á Lónsöræfi munu einnig hafa stafað af því að reynt var að stemma stigu við útbreiðslu riðuveiki í sveitinni.⁴

7. SJÓNARMÍÐ ÍSLENSKA RÍKISINS

7.1. Málavextir

Af hálfu íslenska ríkisins er í upphafi rakinn aðdragandi að setningu laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og í því sambandi vísað til ítarlegri umfjöllunar í greinargerð með frumvarpi til nefndra laga. Þá er tekið fram að það hafi lengi verið samdóma álit manna að ekki væri hægt að ákveða annað í lögum varðandi eignarhald á landi en að það land, sem enginn ætti beinan eignarrétt að, væri ríkisland. Eftir gildistöku framangreindra laga nefnist slíkt land þjóðlenda.

Um eignarréttarlega stöðu þjóðlendna sé það að segja að hér sé um að ræða sérstakt form á eignarhaldi að landi sem sé að mörgu leyti ólíkt beinum eignarrétti. Þjóðlendum verði þannig aldrei líkt við aðrar lendur ríkisins. Eignarréttur að þjóðlendum byggist ekki á námi heldur settum lögum. Íslenska ríkið hafi því engin eignarskjöl fyrr en fyrir liggja úrskurður óbyggðanefndar og eftir atvikum niðurstaða dómstóla.

Teikið er fram að ríkið eigi ekki öll réttindi í þjóðlendum heldur geti þau verið á hendi margra aðila vegna upphaflegrar afnotatöku eða venjuréttar. Eignarhald ríkisins sé eins konar forræði yfir tilteknum heimildum sem skapi aðild. Hlutverk ríkisins sé að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fari með stjórn auðlinda í hafinu innan ramma, sem settur er um þau málefni í lögum, fari ríkið með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt að.

1 Skjal nr. 4 (47). Sbr. samhljóða texta í 3. gr. fjallskilareglugerðar frá 1951 (skjal nr. 4 (48)).

2 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 35.

3 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 36. Sbr. einnig frásagnir Vilhjalms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efri-Fjarðar, Karls Guðjóns Guðmundssonar, Þorgeirsstöðum, og Þorsteins Geirssonar, Reyðará, við skýrslutökur 9.9. 2002. Í máli Steindórs Guðmundssonar, Hvammi, og Ragnars Sigurðssonar, Syðra-Firði, kom hins vegar fram að afskipti sveitarfélagsins af smalamennsku í hreppnum væru óveruleg eða engin.

4 Skjal nr. 4 (59). Sbr. einnig vitnisburð Gunnlaugs Ólafssonar, Stafafelli, við skýrslutökur 9.9. 2002.

Það liggja ágreiningslaust fyrir að Ísland skiptist nú í þjóðlendur og eignarlönd. Dómstólar hafi í nokkrum tilvikum hafnað grunneignarrétti einstaklinga og lögaðila að ákveðnum svæðum á landinu og gagnályktun frá þeim niðurstöðum leiði til þeirrar úrlausnar að slík svæði séu þjóðlendur. Áður hafi hins vegar ekki verið fjallað um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Þessi mörk hafi verið til í landinu frá lokum landnáms en aldrei verið skilgreind.

7.2. Málsástæður og lagarök

Lögð er áhersla á það að kröfugerð íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í Lóni sé að meginstefnu til byggð á því að mörk eignarlanda á kröfusvæðinu séu þau sömu og landnámsmörk. Utan þjóðlendulínu séu eignarlönd sem numin hafi verið til eignar en innan þjóðlendulínu sé þjóðlenda sem aðliggjandi jarðeigendur hafi í einhverjum mæli haft afnot af.

Landnám hafi verið grundvöllur frumstofnunar eignarréttar að landi hérlendis og eini gjörningurinn sem leitt hafi af sér beinan eignarrétt. Um landnámið séu glöggar heimildir í íslenskum fornritum, aðallega Landnámu. Við námið og eftirfarandi aðgerðir landnámsmannsins við að brjóta land til ræktunar og gera landið að bújörð hafi stofnast honum til handa beinn eignarréttur að þessum hluta náttúrunnar. Í íslenskri lögfræði sé þessi beini eignarréttur nefndur ýmsum nöfnum, eins og grunneignarréttur, eignarland, fullkomið eignarland, einkaeign og land undirorpið einstaklingseignarrétti. Í nýjustu lögum sé um þetta aðallega notað orðið eignarland eða landareign með sérstökum orðskýringum og sá réttur að einstaklingar geti átt hlut af náttúrunni sé nefndur séreignarréttur.

Fyrir utan skriflegar heimildir um landnámið hérlendis hafi fornleifar og búsetusaga staðfest fyrir okkur nútímamönnum að byggð hafi í stórum dráttum haldist á þeim svæðum sem numin voru til eignar. Sums staðar hafi byggð dregist saman en í örfáum undantekningartilvikum hafi byggð sótt á eftir að eiginlegu landnámi lauk.

Jafnhliða náminu er byggt á því að annar háttur á réttindatöku yfir landi hafi verið viðurkenndur í öndverðu en það var taka til afnota. Óbeinn eignarréttur eins og beitarréttur hafi grundvallast á töku í upphafi og síðan venjurétti. Byggt sé á því af hálfu fjármálaráðherra í þjóðlendumálum í Austur-Skaftafellssýslu að land utan numinna eignarlanda hafi verið tekið afnotatöku einstakra jarðeigenda þar sem möguleiki var til beitarafnota og sums staðar allt að jökulrönd. Byggist það á því að engar heimildir sé að finna um að almenningar hafi verið í sýslunni en þeir voru sameiginlegt afnotaland fjórðungsmanna og síðan þjóðarinnar. Þar sem ekki er almenningum til að dreifa hefur land utan eignarlanda flokkast sem afréttir. Sumir þessara afrétta tilheyra einni jörð, en í sumum tilfellum eru jarðir með sameiginlegt afréttarland innan landamerkjabréfs með úrskiptu eignarlandi.

Jöklarnir hafi aldrei talist til eiginlegra almenninga þar sem þeir voru ekki nytjaland. Jöklarnir hafi hins vegar flokkast með öræfum og verið einskismannsland en eftir lögtöku þjóðlendulaga verði að gera kröfu til þess að þeir teljist þjóðlenda.

Um eignarréttarlegan mun á eignarlöndum, afréttum og almenningum er vísað til dómafordæma. Einkum er vísað til fyrra málsins um Landmannaafrétt, H 1955 108. Sá dómur styðji fullyrðinguna um að nám þurfi til frumstofnunar eignarréttar. Dómurinn leiði enn fremur af sér þá réttarreglu í formi dómafordæmis að notkun lands til sumarþeir fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar leiði ekki til þess að afnotahafi eignist beinan eignarrétt að landinu. Í þessu sambandi eigi ekki að skipta máli hvort land sé almenningur, lögafréttur (afréttarland sem tilheyrir tveimur eða fleiri jörðum) eða bara annað land sem notað sé einungis til sumarþeir án þess að hafa verið numið. Það eigi heldur ekki að skipta máli hvort slíkt land hafi sérstakt landamerkjabréf eða sé einhliða innlimað í landlýsingu jarðar með landamerkjabréfi. Ritun og þinglýsing landamerkjabréfs hafi aldrei að íslenskum lögum verið grundvöllur beins eignarréttar að landi. Einungis námið sjálft hafi verið löglegt til loka landnámsaldar en þá hafi rétturinn til þess verið afnuminn með lögum.

Þá er vísað til fyrirkomulags hvað þetta varðar í Noregi og Norður-Ameríku. Þar sé land sem

ekki er undirorpið beinum eignarrétti talið eign krúnunnar. Jafnframt er vísað til þess að á Grænlandi hafi land verið numið að einhverju leyti í öndverðu. Við endalok norrænnar byggðar þar í landi sé beinn eignarréttur að landi talinn hafa fallið niður. Landstjórnin sé nú talin eigandi alls lands og úthluti einstaklingum og lögaðilum landi til afnota.

Hér á landi hafi konungsvald ekki komið til fyrir en 1262 og eftir það hafi konungur eignast jarðir en ekki landið. Með Landmannaafréttardómi Hæstaréttar hinum síðari, H 1981 1584, hafi verið skorið úr um það að við stofnun allsherjarríkis 930 hafi ónumið land ekki orðið eign þess heldur haldið áfram að vera eigendalaust. Á einveldistíma hafi konungur Danmerkur og Íslands, á grundvelli nýbýlatilskipunar, haft vald til að ráðstafa eigendalausum landi og landi sem tilheyrði öðrum á grundvelli afnotaréttar. Vald þetta hafi grundvallast á löggjafarvaldinu en ekki verið litið svo á að konungur ætti land utan eignarlanda. Þetta vald kvað Hæstiréttur vera hjá Alþingi eftir að eignarréttartilkalli ríkisins til Landmannaafréttar var hafnað. Með þjóðlendulögunum hafi Alþingi svo nýtt þennan rétt til löggjafar.

Tekið er fram að örðugt sé að greina nákvæmlega mörkin á milli eignarlanda og þjóðlendna. Í upphafi virðist ekki hafa skipt máli að skilgreina þessi mörk. Megináherslan hafi þannig verið lögð á að greina mörk landnáma innbyrðis. Við það hafi glögg kennileiti, eins og stórar ár, verið notuð. Í nútímanum verði því að ráða í eyðurnar. Í meginráttum virðist landnám einungis hafa náð til láglandis en þó hafi ekki allt láglandi verið numið því almenningar voru bæði til hið efra og hið ytra. Mjög erfitt sé að gefa sér að hálendi eða fjöll hafi verið numin þar sem skráðar landnámsreglur beri með sér að slíkt hafi verið vandkvæðum bundið. Þó sé líklegt að helgun lands hafi náð svo langt að tekið væri með það land sem nýta mátti á heilsársgrundvelli og gat þannig verið hluti af jörð.

Næst er greint frá því að helstu skrifuðu heimildir um nám lands hérlendis séu í landnáma-bókum sem í heildarútgáfu nefnist Landnáma. Þá segir að benda megi á fjölmörg dómafordæmi Hæstaréttar, þar sem stuðst sé við heimildir þaðan, þegar skera þurfi úr um inntak eignarréttar.

Um landnámsmörk á því svæði, sem til umfjöllunar, er sé því vísað til Landnámu auk rits Einaris Ó. Sveinssonar, „Landnám í Skaftafellsþingi“, frá árinu 1948.

Fullyrt er að glöggt komi fram í heimildum um landnám í Lóni að hálendi, fjöll, öræfi og jöklar hafi ekki verið numin til eignar og að Hæstiréttur virðist gera ríkari sönnunarkröfur um beinan eignarrétt að slíku landi en öðru landi á mörkum byggðar. Í þessu tilliti hafi Hæstiréttur litið til atriða eins og staðhátta, víðáttu og gróðurfars. Í þessu sambandi skipti allt máli, sem lýtur að fjarlægð við byggð, hvort sem um sé að ræða hæð yfir sjó eða tiltekna vegalengd frá byggðamörkum, gróðurleysi eða öræfagróður. Af löggjöf og dómum Hæstaréttar megi ráða að þessi atriði skipti mestu þegar ákveða skuli mörk jarða gagnvart óbyggðum og til þeirra því litið við kröfugerð íslenska ríkisins.

Þá sé það talið skipta meginmáli að samkvæmt gildandi rétti verði landeigandi að sanna eignarheimildir sínar. Það sé því hans að sanna, að nám, raunveruleg og eðlileg nýting tiltekinnar jarðar eða önnur atriði hafi tekið til stærra svæðis en kröfulína ríkisins gefi til kynna.

Af dómum Hæstaréttar megi jafnframt ráða að tengsl verði að vera milli eldri og yngri landréttar. Því eru eldri heimildir eins og vísitásiur bornar saman við nýrri landamerkjabréf. Nýrri heimildir um merki verði auðvitað að víkja fyrir eldri eða upprunalegum heimildum ef hinar nýrri ganga lengra.

Íslenska ríkið telur glöggt koma fram í Hæstaréttardómum varðandi Kalmanstungu og Sandfellshaga í Öxarfirði (H 1975 55 og H 1999 2006) að innan landamerkjalýsingar jarðar geti verið tvenns konar land. Heimaland sem er í heilsársnotum og síðan afréttarland sem er í sumarnotum. Í fleiri málum eins og dómi Hæstaréttar um Jökuldalsheiði hafi verið reynt að varpa ljósi á hversu mikinn hluta fjalljarðarinnar Gilsár mætti nýta á heilsársgrundvelli og hversu mikill hluti væri aðeins í sumarnotum. Skilgreiningin á því hvaða hluti jarðar teljist heimaland sé því sú að heimaland sé það land innan landamerkja sem notað sé til búskapar á ársgrundvelli. Þegar svo þetta

heimaland sé í aðaldráttum í samræmi við heimildir um upphaflegt nám sé enginn vafi á að beinn eignarréttur jarðeiganda ná til alls heimalandsins en ekki til lands utan þess.

Með tilvísun í ofangreint er því haldið fram að kröfulínu um þjóðlendumörk í Lóni í samræmi við kröfulýsingu ríkisins skuli taka til greina þar sem með kröfulínunni sé búið að finna út í samræmi við tilteknar heimildir, mörk heimalanda jarðanna við óbyggðir. Landamerkjabréf jarðanna hafi ekkert um þetta að segja enda hefði ekki þurft að stofna til þessa máls og skipa óbyggðanefnd ef landamerkjabréf væru heimild um þjóðlendumörk, jafnvel þótt þinglýst séu.

Þá er fullyrt að samningur eins og landamerkjabréf bindi einungis aðila samningsins og íslenska ríkið eigi engan hlut að þeim samningum sem í íslenskum landamerkjabréfum felast. Sammerkt sé það öllum landamerkjabréfum fjalljarða að þau séu einhliða ákveðin inn til óbyggða og óbyggðamörkin oftast geðþóttaákvörðun jarðeiganda á líðandi stund frekar en að þau styðjist við eldri rétt. Á það megi jafnframt benda að við engan hafi verið að semja árið 1882, við lögtöku landamerkjaganna, og það var ekki fyrr en 116 árum síðar að slíkt var hægt eftir að íslenska ríkinu hafði með lögum verið fenginn eignarrétturinn að þjóðlendum.

Í framhaldi af þessu er víkið að hefð. Greint er frá því að talið hafi verið að hefðarréttur hafi ekki verið til í okkar fornögum, alla vega ekki í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Þó hafi verið gert ráð fyrir því í Jónsbók að hefða mætti landsnytjar, eins og skóg, engi, haga og reka, með 20 ára átölulausum yfirráðum. Lagaákvæði í bæði Grágás og Jónsbók um að almenningar skyldu vera sem að fornu hafa verið hafi verið nefnd sem óræk sönnun þess að nám landa utan byggðar hafi verið óheimilt og sömuleiðis hafi verið andstætt þessu lagaákvæði að hefðarréttur stofnaðist til slíkra landsvæða.

Í þessu sambandi er jafnframt vísað til ákvæða Norsku laga frá árinu 1687, um hefð og hefðarlaga nr. 46/1905, sem leystu ákvæði hinna fyrrnefndu af hólmi. Samkvæmt þeim sé hvorki unnt að vinna hefð á afréttum né almenningum. Þessu til stuðnings er vísað til síðari dóms Hæstaréttar um Landmannaafrétt. Þessi regla hafi nú verið lögfest, sbr. ákvæði 3. gr. þjóðlendulaga.

Við aðalmeðferð málsins kom fram að íslenska ríkið byggi á því að hefð sé yfirfærsla eignarréttinda við tiltekin skilyrði en hér á landi aldrei frumstofnun. Þar komi einungis til lög og nám. Þessu til stuðnings er vísað til sögulegrar réttarþróunar hefðaréttar í íslenskri lögfræði allt til hefðarlaga 1905. Meginrökin liggja í ákvæðum Jónsbókar að almenningar skuli vera sem að fornu hafi verið, og sambærilegum ákvæðum sem gilt hafi um afrétti. Þessi ákvæði leggi þær hömlur á séreignarréttinn að hann ná aldrei ganga inn í almennaréttinn.

Þjóðlendum hafi verið eigendalausar og þannig hvorki getað verið opinber eign né einstakra manna eign fram að gildistöku þjóðlendulaga 1998. Fram að því ári, 1998, hafi ákvæði hefðarlaganna sjálfra hindrað hefð lands innan þjóðlendu þar sem fasteign verði að geta verið einstakra manna eign án tillits til þess hvort hún hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign. Það hafi ekki verið fyrr en 1998 sem þjóðlenda hafi orðið opinber eign, eign þjóðarinnar, með forræði ríkisins. Við þau umskipti hafi verið sett skýr ákvæði til að hindra stofnun eignaréttar á þjóðlendu fyrir hefð.

Í þessu sambandi sé bent á greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga. Í henni er fjallað um gildi hefðarlaga varðandi jarðir eftir að fjallað hefur verið um nauðsyn formlegrar eignarheimildar að þeim. Síðan segir: „Auk framangreindra ástæðna fyrir að lögleiða hefð hér á landi er einnig tekið fram að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum, skv. landamerkjalögum 17. mars 1882, og þá er það viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis.“ Þarna segi „milli jarðanna innbyrðis“, ekki gagnvart hálandinu.

Þá er í greinargerð athygli vakin á því að skilyrði fyrir hefðarhaldi er óslitið eignarhald sem hefur verið skýrt þannig að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar að þau bendi til eignaréttar og jafnframt þurfi hann að hafa útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni. Í þessu sambandi skipti auðvitað miklu máli hvernig afnot séu og ekki síst girðingar umhverfis landareign.

Loks er á það bent að á hefð hafi verið minnst í mörgum dómum Hæstaréttar og í engu tilviki hafi hefðarréttur verið talinn hafa stofnast yfir landi sem nú gæti heitið þjóðlenda.

7.3. Rök og heimildir um þjóðlendar í Lóni

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að við skoðun heimilda um landnot og rétt til landnota utan heimalanda jarða í Lóni hafi sérstakur gaumur verið gefinn að öllu sem lúti að afréttum og afréttarnotum og það fengið sérstakt vægi. Byggt sé á því að landsvæði utan heimalanda skuli flokkast sem þjóðlenda þegar heimildir greini frá því að þar hafi verið afréttarland og höfð þar afréttarnot, bæði fyrir á tíð sem nú á dögum.

Í kröfúlýsingu landeigenda fyrir Stafafellsjarðir sé því haldið fram að engir afréttir eða almenningar séu í Austur-Skaftafellssýslu og allt land talið numið til jökulróta.

Þetta sé auðvitað fjarri sanni því auðvitað séu til afréttir í Lóni eins og annars staðar en svo virðist sem þeir tilheyri sérstökum jörðum án þess að neinn hafi séð ástæðu til að stofna um upprekstrarréttinn sérstakt félag. Afréttir þessir séu upp af jörðunum sjálfum og nái misjafnlega langt til óbyggða eftir landsháttum.

Sami háttur hafi verið á eignarhaldi afréttarlanda víða um land m.a. í Húnavatnssýslu á 19. öld. Einstakar jarðir eða kirkjur hafi átt afréttina og eru tekin dæmi af Húksheiði, Núpsheiði, Aðalbólshaiði, Víðidalstunguheiði, Grímstunguheiði, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Ekkert hafi verið tekið á um inntak eignarréttar að fyrstnefndu fimm afréttunum eða heiðunum enn þá en samkvæmt dómum Hæstaréttar nýlega hafi Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar ekki verið taldar eignarlönd.

Í Árnessýslu hagi öðruvísi til. Upp af byggðunum hafi í öndverðu verið almenningar til fjalla, öllum héraðsbúum jafnt til afnota. Fljótlega hafi afnotum af þessum sameignarlöndum verið skipt milli einstakra hreppa og einstök afréttarlönd hafi verið með tímanum álitnir eign hreppanna sem stjórnað hafi nýtingu og fjallskilum. Afréttir þarna hafi í sýslulýsingum á 19. öld verið flokkaðir sem almenningsafréttir sem eigi alls ekki á við afréttarlöndin í Húnavatnssýslu.

Í upphafi hreppaskipunar hér hafi verkefni hreppa fyrst og fremst verið fátækraframfærsla en einnig hafi verið tekið sameiginlega á fjallskilum þar sem svo hagaði til að hagkvæmt hafi þótt. Allt frá Jónsbókartíma hafi eiganda jarðar verið lögskilylt að smala sitt land en hreppsnefnd eða fjallskilastjórn eftir atvikum séð um yfirstjórn fjallskila og nýtingu afrétta. Á þessum mun, sem þannig sé á eignarlandi og afréttarlandi, hafi Hæstiréttur byggt niðurstöðu sína, meðal annars í nokkrum dómsmálum sem snúist hafi um beinan og óbeinan eignarrétt að landi. Bent er á Landmannaafréttardóm fyrri, Nýjabæjarafréttardóm, dóma um Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði og dómana um Hundadals-, Jökuldals- og Óxarfjarðarheiði.

Það sé ekki bara í Lóni sem því hafi verið haldið fram að ekki væru til afréttir því fullyrt hafi verið af mörgum vegna þjóðlendumálanna að í allri Austur-Skaftafellssýslu væru ekki til afréttir. Það sé þá furðuleg tilviljun að nauðsynlegt hafi þótt að rita fyrir sýsluna og samþykkja af sýslunefnd, reglugerð um notkun afrétta, fjallskil o.fl., eins og gert hafi verið 1890, sbr. skjal nr. 4(14). Vísað er sérstaklega til 1.-2. gr. reglugerðarinnar en þessi ákvæði eru tekin upp í kafla 6.8. Þá séu í öðrum kafla reglugerðarinnar frekari ákvæði um skipulag lögsafna sem skuli vera þrjú að hausti, um fjallkóna og skyldur jarðareigenda að taka þátt í sameiginlegri smölnun afréttarlanda í sýslunni. Glöggmt megi ráða af þessari reglugerð að jafnbrýn nauðsyn hafi verið og sé enn í þessari sýslu, sem öðrum sýslum landsins, að beita lögum um afréttamálefni og fjallskil og hafa í gildi ítarlega reglugerð um sama efni. Þetta eigi sér þá einföldu skýringu að afréttir séu hér engu síður en annars staðar á landinu.

Bókin „Göngur og réttir I“ eftir Braga Sigurjónsson sé helsta heimildaritið um afréttarlönd Austur-Skaftafellssýslu áður en allir hreppar sýslunnar hafi verið sameinaðir í Sveitarfélagið Hornafjörð. Þar komi m.a. fram að afréttarlönd í Lóni séu talsvert rýmri en í öðrum hreppum sýslunnar. Norður í fjalllendi það, sem greini Lón og Álftafjörð að, skerist ýmsir þverdalir. Sé Bæj-

ardalur þeirra mestur. Upp af drögum hans sé fjallendi sem Afrétt heitir. Þá eigi Bæjarhreppur afréttarlönd norður með Vatnajökli að austan. Enn eigi svo Bæjarhreppur, eða býlin þar, afrétt Lóns megin í fjallendi því sem gangi fram milli Lóns og Nesja.

Í greinargerð íslenska ríkisins er tekin upp umfjöllun Braga Sigurjónssonar um tilhögun leita í Stafafellsfjöllum, þ.e. Framfjöllum, Eskifellsfjöllum og Kollumúla. Jafnframt er vísað til Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu, I. b. Þar sé á nokkrum stöðum getið um afréttarlönd jarða í Lóni. Afréttarland Hvamms sé aðallega á vestanverðum Laxárdal, Volasel og Þorgeirsstaðir hafi upprekstur og skógartekju í Hvammslandi. Um Þórisdal er vísað til sölubréfs frá 1467 en samkvæmt því hafi jörðin haft víðáttumikið heima- og afréttarland. Afréttin og skógurinn í Dalslandi hafi verið það sem mestu skipti fyrir eiganda Bjarnaneseigna að ná tangarhaldi á. Þau landgæði vantaði tilfinnanlega í Nesjum. Þegar jörðin sé komin í opinbera eign hafi gæðum hennar verið úthlutað til annarra jarða. Þannig hafi Stafafellið fengið afréttarlandið milli Jökulsár og Skyndidalsár. Svo sé frá því greint að ákveðnar jarðir í Nesjum hafi haft lengi upprekstur á Dalsfrétt en aðalafréttarlandið hafi verið Dalsheiði. Krossland hafi upprekstur og skógartekju í Dalslandi. Í umfjöllun um Stafafell segi að afréttarlandið sé víðáttumikið, yfirleitt skjólsamt og afkomugott en mannfrekt, langsótt og erfitt til smölunar. Afréttarlandið innan Jökulsár sé víðáttumikið og erfitt til smölunar. Hraunkot sé sagt eiga skógartekju og afrétt í Stafafellsfjöllum. Um Hlíð segi að afréttarlandið sé Bæjardalur vestan Karlsár og fjallendið þar vestur frá að landamörkum Stafafells. Innsti hluti afréttarinnar heiti Þröng og þar þrjóti Bæjardal. Um Bæ segi að afréttarlandið sé Karlsfell og Bæjardalur austanverður ásamt fjallendi því er liggja að afrétt Álftafjarðar.

Þá segi í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 um Stafafell, Beneficium, að staðurinn eigi afrétt í Kollumúla, ítem er staðnum eignaður Víðidalur. Einnig sé fjallað um afrétti og upprekstur í Lóni í gerðabók fasteignamatnefndar í Austur-Skaftafellssýslu frá 10. mars 1916, skjal nr. 2(39). Samkvæmt því sem þar komi fram eigi Þórisdalur stórt afréttarland, Hvammur nægilegt upprekstrarland, Volasel upprekstur í Hvammsfjöllum og Þorgeirsstaðir upprekstur og skógartak í Hvammsfjöllum. Þá eigi Fjarðarjarðirnar afréttarland og Stafafell stórt afréttarland en illa lagað til gangna. Brekka eigi upprekstur í Stafafellsfjöllum og afrétt óskipt með heimajörðinni.

Í greinargerð ríkisins er því haldið fram að þar sem afréttir séu, þar séu þjóðlendur. Einungis þar sem heimalönd jarða hafi verið lögð undir afrétti með samþykki sveitarstjórnar séu afréttarlönd undirorpin beinum eignarrétti. Allar framangreindar ritaðar heimildir segi að afréttir séu í Lóni, hvort sem lítið sé til upplýsinga um fjallskil, fjallskilareglugerðar eða annars sem hér fyrr er getið. Við aðalmeðferð kom fram að íslenska ríkið teldi vettvangsskoðun og skýrslutökur staðfesta þetta. Spurningin sé bara nákvæmlega hvar mörkin liggja milli eignarlandanna og þjóðlendunnar. Loks er í greinargerð vísað til umfjöllunar Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings um gróðurfar í Lóni, sbr. skjal nr. 15.

7.4. Nánar um einstaka hluta kröfusvæðisins

Í greinargerð íslenska ríkisins er vikið að helstu heimildum um jarðirnar Syðri-Fjörð, Efri-Fjörð, Hvamm, Þorgeirsstaði, Volasel, Þórisdal, Krossaland, Stafafell, Hlíð og Bæ, jafnframt því sem staðháttum er nokkuð lýst. Þá er gerð grein fyrir bújörðum í heimalandi Stafafells, þ.e. Brekku, Byggðarholti og Hraunkoti, auk býla í Stafafellsfjöllum, þ.e. Grund í Víðidal, Eskifelli, Valskógsnesi og Smiðjunesi. Hér fer á eftir útdráttur úr umfjöllun lögmanns fjármálaráðherra um önnur þau atriði sem byggt er á af hálfu íslenska ríkisins.

7.4.1. Syðri-Fjörður og Efri-Fjörður

Í kröfulýsingum landeigenda fyrir jarðirnar Syðri-Fjörð, Efri-Fjörð, Þorgeirsstaði, Hvamm og Þórisdal í Lóni, sé því haldið fram, að engir afréttir og almenningar séu á svæðinu og fyrir liggja að landeigendur hafi athugasemdarlausar þinglýstar eignarheimildir fyrir jarðeignum sínum.

Hvað varði afréttarmál liggja beinast við að mótmæla þessari fullyrðingu með vísan til fyrri umfjöllunar um afréttarmál. Þar sé allt það sagt sem segja þurfi um þessu atriði og niðurstaðan auðvitað sú að fullyrðingar þessar í kröfulýsingum landeigenda standist ekki.

Hvað varði athugasemdarlausar þinglýstar eignarheimildir sé vísað til fyrri umfjöllunar um landamerkjabréf og þar komi auðvitað fram að landamerkjabréf séu auðvitað ekkert annað en samningur um yfirráðasvæði yfir landi en segi ekkert til um inntak eignarréttar að svæðinu.

Við mat á þjóðlendumörkum hér komi til skoðunar upplýsingar um nám, sem einungis hafi verið á undirlendi, staðhættir, víðátta, öræfaland, gróðurfar, hæð yfir sjó og afréttarnot fjallendis.

7.4.2. Hvammur (ásamt Þorgeirsstöðum og Volaseli)

Hvammur eigi sameiginlegt landamerkjabréf með hjáleigunum Volaseli og Þorgeirsstöðum. Samkvæmt bréfinu eigi jarðirnar gríðarmikið land eftir hæstu eggjum á Hvammsfjöllum þar til Hoffellsland taki við í svokölluðu Nautagili við Reifsdal og svo eftir Laxá í Lóni þar til hún renni í Jökulsá. Afréttarland jarðarinnar sé aðallega á vestanverðum Laxárdal.

Hér sé um að ræða sömu reglu og landskiptalög geri ráð fyrir. Heimalandi hafi verið skipt en afréttarlandið eigi móðurjörðin og hjáleigurnar (nú lögbýli) til sameiginlegra afnota. Jarðirnar Volasel og Þorgeirsstaðir eigi báðar upprekstur í Hvammsland.

Við mat á þjóðlendumörkum hér komi til skoðunar upplýsingar um nám, sem einungis hafi verið á undirlendi, staðhættir, víðátta, öræfaland, gróðurfar, hæð yfir sjó og afréttarnot fjallendis.

7.4.3. Þórisdalur

Í greinargerð íslenska ríkisins kemur fram að sjá megi af sölubréfi Hermundar Árnasonar frá 1467 að jörðin hafi haft víðáttumikið heima- og afréttarland. Afréttin og skógurinn í Dalslandi hafi verið það sem mestu skipti fyrir eiganda Bjarnaneseigna að ná tangarhaldi á. Þau landgæði hafi vantað tilfínanlega í Nesjum. Þegar jörðin sé komin í opinbera eign hafi gæðum hennar verið úthlutað til annarra jarða.

Aðalafréttarlandið sé Dalsheiði, víðlend og grösug. Þar sé um að ræða samheiti á fjallendinu milli Laxárdals, Jökulsársands og Skyndidals og dragi nafn af Þórisdal sem einnig sé oft kallaður Dalur. Skyndidalur sé að vestanverðu og vestan við heiðina Skálahvamar. Þar séu skógivaxnar hlíðar með þroskamiklum skógi. Ákveðnar jarðir í Nesjum hafi lengi haft upprekstur á Dalsafrétt gegn skyldu til haustsmölunar. Með breyttum búskaparháttum sé skógarhögg og upprekstur úr sögunni, einkum eftir að fráferum var hætt. Hins vegar sé ágangur í heimahaga og afrétti í Suður-Lóni af Nesjafé vegna landþrengsla þar.

Undan ágangi Nesjabænda hafi verið kvartað bréfliga 15. janúar 1876 af Jóni Brynjúlfssyni. Hann segi að skógar sem Nesjabændur nytji séu í óhrakinni eign Þórisdals hvað beitarland afrétt og haga snerti en samt uppfylli Nesjamenn Dalskóga og allt annað fjallendi Þórisdals af geldfé sínu á ári hverju nú í mörg ár að hann þykist þar fyrir að mestu sviptur vera öllum afréttarnotum jarðar sinnar Þórisdals og hið sama muni vera um nággranna hans á Hvammi, Volaseli og Þorgeirsstöðum, er afréttarland eigi hinum megin á Laxárdal.

Samkvæmt framangreindum heimildum frá 1467 hafi jörðin átt land allt inn að jökli milli Laxár og Jökulsár. Nú sé einhverra hluta vegna talsvert af fjallendi jarðarinnar innan landamerkja annarra jarða. Stafafell telji sér mikið land og svo séu þar Hoffells Lambertungur, sem Hoffell geri tilkall til. Ekkert landamerkjabréf sé til fyrir Þórisdal, þannig að eftir því virðist farið að Þórisdal tilheyrir það land, sem aðrar jarðir eign sér ekki. Um merki jarðarinnar sé vísað til merkjalýsinga aðliggjandi jarða. Það sé nokkuð kynlegt, þegar haft sé í huga, að augljóst sé að eitthvað af landi jarðarinnar hafi verið innlimað í aðra jörðina.

Þann 9. október 1970, sjá skjal 13(13), hafi verið gerð dómsátt um landamerki milli eigenda jarðarinnar Þórisdals annars vegar og Stafafells og Brekku hins vegar. Með þessu hafi Þórisdals-

eigandi gert sátt um það að gamla bréfið, frá 1467, skyldi víkja fyrir nýrri lýsingum Stafafells. Vera kunnir að Þórisdalsmönnum hafi þótt þægilegra að losna við smölunarskylduna í þessu fjalllendi.

Með hliðsjón af heimildum um afréttarnot hluta Þórisdals frá mörgum jörðum sé talið að Dalsheiðin, meginhluti Laxárdals og Dalsfjall sé innan þjóðlendu og allt til Hvammsheiðar. Annað land Þórisdals sé talið utan þjóðlendu og þannig undirorpið beinum eignarrétti.

Ríkisjörðin Krossaland sé utan kröfulínu og í eyði. Ekki sé líklegt að þar takist byggð aftur. Ekki sé gerð krafa til afréttarréttar vegna Krossalands í því landi Þórisdals sem hugsanlega verði úrskurðað þjóðlenda.

7.4.4. Stafafellsjarðir

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að Stafafell eigi land syðst í landnámi Þórðar skeggja en landnám hans hafi verið fyrir norðan Jökulsá, þ.e. „hann nam lönd öll í Lóni fyrir norðan Jökulsá og Lónsheiðar“. Hvergi verði af þessari lýsingu ráðið að námið hafi náð upp til fjalla, frekar en annars staðar í Austur Skaftafellssýslu. Í átt að Vatnajökli hafi námið aldrei náð lengra upp með Jökulsá en á móts við Kjarrdalsheiði því þar þrjóti undirlendi.

Land sunnan Jökulsár hafi verið í öðru landnámi en samt telji jörðin Stafafell sér land sunnan Jökulsár þar sem Skyndidalsá komi í hana og einnig allt til Vatnajökuls milli Skyndidalsár og Jökulsár og einnig fyrir norðan Jökulsá allt að vatnaskilum við næstu sveitarfélög að norðan og austan. Sú heimild sem byggt sé á varðandi þessi mörk sé landamerkjabréf fyrir Stafafell gert 1914 eftir að Jón Jónsson prófastur hafði keypt jörðina af kirkjunni.

Talsverður munur sé á því landi sem nú teljist til Stafafells og því landi sem eftir hafi verið úr landnámi Þórðar skeggja þegar landrými landnámsjarðarinnar Bæjar hafði skipst í þá sjö bæi sem nú hafi verið fjallað um. Hvernig hafi Stafafell eignast land sunnan Jökulsá og hvernig hafi Stafafell eignast allt hálendið norðan Jökulsár sem nú sé innan merkja.

Kunnar séu heimildir frá því áður en landamerkjaskrá Stafafells var gerð. Bent t.d. er á máldaga 1343 en þá hafi kirkjan átt heimaland allt en ekkert sé skráð um nákvæm mörk heimalandsins.

Brynjólfur biskup Sveinsson hafi verið þekktur að því að draga merki kirkjujarða langt inn til óbyggða eftir einhliða lýsingum ábúanda hverju sinni. Þekkt séu vinnubrögð Brynjólfs varðandi Úthlið og Haukadal í Biskupstungum og Tungufell í Hrunamannahreppi. Brynjólfur hafi verið á ferðinni í Lóni 1641. Samkvæmt vísitásiu hans eigi kirkjan heimalandið sem sé á milli fjalls og fjöru. Að öðru leyti sé landamerkjum lýst með vísan til hefðarhalds og frásagnar tveggja presta. Merkjum á móti Bæ og Hlið sé lýst og nái ekki lengra til fjalla en að Steinholti og í mógil það sem falli úr Hafrafellstindi hinum vestari (nú á korti Hafradalstindur). Síðan segi í vísitásiunni um mörkin í átt að Vatnajökli: „síðan ræður Jökulsá að sunnan í byggðum og á staðurinn allt land millum hennar og Skyndidalsár og á fjöll upp fyrir innan Ketildalsheiði og Víðidal allan“. Parna sé greinilega að hluta til verið að lýsa landi sem samkvæmt kaupbréfi 1467 hafi verið talið tilheyra jörðinni Þórisdal. Landi Þórisdals sé lýst svo í kaupbréfinu 2. desember 1467: „Alla jörð milli Laxár og Jökulsár inn undir jökul.“ Í þessu sambandi sé rétt að geta þess að Þórisdalur lendi með kaupbréfinu í Bjarnaneseignir Teits ríka Gunnlaugssonar, síðan eignist þær Teitur Þorleifsson í Glaumbæ, þá Jón biskup Arason og við siðskipti konungur. Skálholt hafi síðan eignast Bjarnaneseignir frá konungi í skiptum fyrir aðrar eignir.

Hvernig geti landtungan milli Skyndidalsár og Jökulsár orðið hluti af Stafafellsjörðinni. Um það séu engar heimildir en benda megi að í vísitásiunni sé hálf jörðin Þórisdalur eign Stafafellskirkju og þá geti allt eins verið um að ræða annað land Þórisdals en þessa tungu sem hér sé álitaefnið. Ljóst sé af vísitásiu Brynjólfs að talað sé um byggðir með fram Jökulsá og allt til ármótanna við Skyndidalsá. Þar taki við óbyggðir og Ketildalsheiði sé væntanlega það sem nú nefnist Kjarrdalsheiði. Brynjólfur telji þannig undirlendið tilheyra Stafafelli og væntanlega Eskifell líka innan ármótanna og svo fjöllin upp af ármótunum milli Skyndidalsár og Jökulsár. Hann nefni hins vegar

engan rétt til Kollumúla sem er norðan Jökulsár heldur einungis Víðidal allan sem er handan Kollumúla.

Í Jarðabók Ísleifs 1709 sé ekkert á landamerki minnst en samkvæmt þessari heimild eigi staðurinn afrétt í Kollumúla og svo segi að staðnum sé eignaður Víðidalur.

Lögfesta Guðmundar Magnússonar 1714 sé í anda vísitásiu Brynjólfs biskups. Þessu er svo lýst: „síðan ræður Jökulsá að sunnan í bigd. á stadurenn allt land og skóga millum Jökulsár og Skindidalsár og so á fiöll upp. Item Ketelstaðaheijde og Vijdedal allann“.

Í úttektinni á skjali 2(40)b frá 1824 sé landi lýst á þrennan hátt. Fyrst rétti til fjöru, svo sé vísað til skógareignar svo langt sem fjöll nái eftir landamerkjum og svo virðist talað um fylgifé, sem sé skógur í Eskifelli og Stífingahlíð, hálfur Skyndidalur, Kollumúli og Lambatungur. Eftir þessu að dæma sé þetta fylgifé talið utan landamerkja, annars hefði þetta ekki verið orðað á þennan veg. Víðidalur sé ekki talinn þarna meðal eigna kirkjunnar. Það sé einmitt 11 árum seinna sem Stefán Ólafsson og kona hans byggi þarna fyrst eftir að séra Bergur á Hofi hafi útvegaði þeim verustað þar.

Árið 1888 afsali stiftýfirvöldin yfir Íslandi eignarhluta Stafafells í jörðinni Þórisdal til einkaðíla. Ekkert sé minnst á landamerki og verið þannig að ætla að allt Þórisdalsland Stafafells hafi verið selt og engu haldið eftir.

Árið 1913 sé Stafafelli afsalað af stiftýfirvöldum til Jóns prófasts Jónssonar og þar sé ekkert getið landamerkja en er þessi sala fari fram hafi Stafafell ekki átt neitt eftir af landi Þórisdals að minnsta kosti séu ekki heimildir um það. Þrátt fyrir þetta útbúi Jón prófastur Jónsson landamerkjabréf fyrir Stafafell þar sem gríðarlegt landflæmi sé innlimað í merkjalýsingu jarðarinnar. Meðal þess sé sá hluti jarðarinnar Þórisdals sem liggja á milli Skyndidalsár og Jökulsár allt inn til jökuls og svo fjalllendið norðaustan Jökulsár allt þar til vötn skilur milli Lóns og Fljótsdals. Þar sé meðal annars Kollumúli sem eldri heimildir hafi sagt afrétt tilheyrandi Stafafelli og svo Víðidalur sem áður hafi verið eignaður Stafafelli en auk þess mikið annað af öræfum og háfjöllum. Segja megi að með þessu landamerkjabréfi sé verið að lýsa landi Stafafells þannig að það sé allt land í Lóni, sem aðrir hafi ekki verið búnir að lýsa sem sínu því þetta séu sömu mörk og hreppamörk.

Heimildir, sem fyrr hafi verið raktar um afréttarmot af þessu fjalllendi, bendi ekki til beins eignarréttar. Þetta séu það mikil öræfi að fé úr Fljótsdal, Álftafirði og víðar að gangi inn á þetta landsvæði. Heimildir um nám styðji sömuleiðis ekki beinan eignarrétt og meginatriðið sé að tengsl þurfi að vera á milli yngri og eldri landréttar. Fyrir utan þessi atriði öll komi til fjölmörg önnur atriði, eins og staðhættir, víðátta, gróðurfar og hæð yfir sjó. Það liggja og fyrir að mikið af þessu landi sé hreint öræfaland og háfjöll.

Á önnur atriði megi benda. Grund í Víðidal hafi fyrst byggst 1835. Talið sé að sr. Bergur á Hofi hafi útvegað Stefáni Ólafssyni og Önnu konu hans verustað þar. Samgönguleið þeirra til byggða mun hafa legið til Álftafjarðar. Tveir aðrir ábúendur hafi síðar byggt í Víðidal og ekki sé vitað til þess að búsetan hafi byggst á rétti Stafafellsstaðar. Ekki séu heimildir um byggingabréf þaðan, eins og þá hafi tíðkaðist, er jarðir hafi verið leigðar út. Sömuleiðis sé ekki vitað til þess að landi hafi verið skipt út úr Stafafelli og stofnað nýbýli. Að lokum sé á það bent að er hjáleigur Stafafells hafi orðið að sjálfstæðum jörðum hafi þær fengið útskipt heimaland en afréttarlandið (fjalllendið) verið í óskiptu eins og landskiptalög geri ráð fyrir.

Sé þjóðlendulína dregin frá Hafradalstindi í norður eftir fjalllendinu allt að Hellisskógsheiði og þaðan beint fyrir neðan Kjarrdalsheiðina og svo fyrir mynni Skyndidals yfir í Dalsfjall sé búið að gera hring um það land, sem nokkuð samfelldar heimildir segi að geti hafa tilheyrst Stafafelli, allt frá tíma Brynjólfs Sveinssonar. Þá sé innan þess svæðis allt land úr landnámi Þórðar skeggja og gömlu heiðarbylin Eskifell, Valskógsnes og Smiðjunes meðtalin.

Kröfugerð ríkisins um þjóðlendumörk hafi verið mótmælt í heild sinni með kröfulýsingu landeigenda á skjali nr. 13, dags. 28. júní 2001.

Þar sé því haldið fram í fyrsta lagi að allt land í A-Skaftafellssýslu hafi frá landnámi verið undir-

orpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land til jökla hafi verið nytjað allt frá landnámi og tilheyrð ákveðnum jörðum.

Hér hafi verið rækilega rökstutt að land í sýslunni hafi ekki verið numið til jökla. Sömuleiðis hafi verið rökstutt með vísan til margra heimilda að afréttir séu mjög margir og afréttarmál í svipuðu horfi og í flestum sýslum landsins. Hvað varði almenninga í sýslunni sé ekki útilokað að slík lönd hafi verið í einhverjum mæli upp af afréttum í Lóni og hægt að færa fram fyrir þeirri staðhæfingu fjölmörg rök. Þannig sé langt frá því ljóst að allt land hafi tilheyrð ákveðnum jörðum og svo virðist sem fullkomin nýting lands í Lóni eigi sér ekki nema rúmlega 100 ára sögu.

Heimildir sem fyrr hafi verið raktar, segi að Víðidalur hafi verið nýttur til búskapar í samtals 17 ár á 19. öldinni og það hafi ekki verið fyrir en eftir 1897 er byggð er lögst af í Víðidal að farið var að nota þessa afrétt frá Stafafelli. Síðastur Stafafellsbænda hafi þar rekið á fjall til 1965, Skafti bóndi í Hraunkoti. Í þessu sambandi megi minna á lýsingu prestssetursins Stafafells, skjal 2(18) frá 30. desember 1998, en þar segi að árið 1897 hafi byggð lagst niður í Víðidal og hafi enginn viljað búa þar síðan né leigja afréttarlandið til uppreksturs svo að það hafi verið ónotað að öðru en því sem fé héðan og af nokkrum næstu jörðum hefir gengið þar endurgjaldslaust.

Í öðru lagi sé því haldið fram af landeigendum að landamerki Stafafells séu ævaforð og bendi til þess að jörðin hafi verið numin með þeim hætti sem hún nú er, þ.e. allt til sveitarmarka á jökli.

Þetta sé auðvitað fráleit fullyrðing. Stafafell sé í landnámi Þórðar skeggja sem hafi náð frá rótum Lónsheiðar til Jökulsár í suðri. Samkvæmt gömlum máldögum, t.d. frá 1343, megi fullyrða, að ákveðið svæði frá fjalli til fjöru hafi verið heimaland Stafafells og þar hafi verið um að ræða hið numda land og til þess lands hafi verið grunneignarréttur. Brynjólfur biskup, sem virðist fyrstur hérlendra manna telja afréttarlönd með heimalöndum í einhliða merkjalýsingum, gangi margfalt skemmra í lýsingu sinni 1641 en núverandi merkjalýsing geri ráð fyrir. Hann geri ráð fyrir því að heimalandið sé milli fjalls og fjöru (kirkjan eigi heimaland með gögnum og gæðum til fjalls og fjöru) en svo virðist sem fjörur hafi ekki verið taldar til heimalands heldur hafi réttindi í fjörum verið talin sem ítök.

Merkjalýsing Brynjólfs milli Bæjar og Hlíðar sé einungis byggðamörk og svo ráði Jökulsá að sunnan í byggðum (þar með ráði hún í numdu landi Þórðar skeggja). Síðan eign Brynjólfur staðnum landið milli Jökulsá og Skyndidalsár (allt land milli ...) og eigi þar augljóslega við láglandið, sbr. framhaldið á fjöll upp fyrir innan Ketildalsheiði (að öllum líkindum það sem í dag nefnist Kjarrdalsheiði). Með yfirtöku þessa láglandis sé Brynjólfur að seilast í næsta landnám sem auðvitað sé gersamlega heimildarlaust. Hefði meiningin verið sú að segja allt land milli Skyndidalsár og Jökulsár allt inn til jökuls tilheyrja Stafafelli hefði þetta verið orðað á þann veg (í því sambandi séu ýmsar þversagnir varðandi hversu langt árnar báðar ná). Það segi Brynjólfur ekki heldur eigi staðurinn land á fjöll upp fyrir innan Ketildalsheiði og Víðidal allan. Hvaða lönd þetta, séu sem staðurinn eigi fyrir innan Ketildalsheiði, sé ekki gott að segja, það gæti verið Kollumúlinn en alla vega segi ekki að staðurinn eigi allt fjalllendi fyrir innan Ketildalsheiði. Víðidalurinn sjálfur sé ekki nema brot af því landsvæði sem núverandi landamerkjabréf frá 1914 geri ráð fyrir að tilheyrja Stafafelli fyrir norðan Jökulsá (ekki sé heldur ljóst hversu langt að jökli Jökulsá í Lóni nær því margar ár úr jöklinum sameinist er fjær byggð dregur). Nú séu innan merkja Vatnadæld, Kollumúlaheiði, hálfur Hofsjökull, Suðurfjall, Geldingafell, Axarjökull, Norðurtungnajökull, Austurtungnajökull og hluti Vatnajökuls þar norður af.

Lögfesta Guðmundar Magnússonar 1714 sé í anda vísitásiu Brynjólfs en þó gangi hann lengra og segi staðinn eiga land allt og skóga milli Jökulsár og Skyndidalsár og svo á fjöll upp og bæti við Ketilstaðaheiði.

Fyrsta heimild um Kollumúla sé í Jarðabók Ísleifs 1709 en þar segi að staðurinn eigi afrétt í Kollumúla. Kollumúli sé einnig nefndur í úttekt Stafafells 1824 og þá sé búið að bæta við Lambatungum. Á núverandi kortum séu þrjár Lambatungur, þ.e. Norður-Lambatungur, Suður-Lambatungur og Hoffells-Lambatungur. Núverandi kröfulýsing frá Stafafellseigendum taki ekki til þeirra síð-

astnefndu sem þó séu Stafafellsmegin við Skyndidalsá og sé í því ákveðin þversögn. Fyrir utan þessar tvær Lambatungur sé gerð krafa til alls fjalllendis frá þeim að byggð í austri að meðtöldu Suðurfjalli, Múlaheiði, Sauðhamarstindi og Kjarrdalsheiði.

Brynjólfur biskup Sveinsson hafi manna lengst teygt landamerki inn til heiða og hér fyrr hafi verið vísað til þriggja landmestu fjalljarða í Árnessýslu sem séu með sömu landamerkjalýsingu og hann hafi ákveðið og skeri sig frá öðrum jörðum í sýslunni. Hér sé komið gjörólíkt dæmi. Þegar Jón Jónsson hafi keypt Stafafell 1913 án landamerkjalýsingar hafi hann ráðist í gerð landamerkjabréfs 1914 þar sem hann gangi margfalt lengra en Brynjólfur biskup og eignu Stafafelli og þar með sér og erfingjum sínum, gríðarlegt landflæmi með jöklum og öræfum allt að sýslumörkum að norðan og austan. Segja megi að hann hafi tekið í merkjalýsingu sína allt land í norðanverðu Lóni sem aðrir höfðu ekki eignað sér en aðrar jarðir norðan Jökulsár séu með landamerkjabréf frá því fyrir 1890 nema Bær sem ekki fái landamerkjabréf fyrr en 1922.

Í þriðja lagi sé því haldið fram í kröfulýsingu landeigenda að landamerkjum hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hafi verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið og íslenska ríkið hafi sjálft selt jörðina 1914 með öllum gögnum og gæðum. Þá er fallist á það í þessum lið, það sem áður er búið að benda á, að í vísitánu Brynjólfs Sveinssonar 1641 sé hluti Þórisdals lagður undir Stafafell og ekkert óeðlilegt við það þar sem kirkjan hafi átt báðar jarðirnar.

Vegna síðasta atriðisins megi benda á það að hluti Stafafells í Þórisdal hafi verið seldur til einkaaðila með afsali 1913 eða sama ár og Stafafell er selt. Í hvorugu afsalinu sé á það minnst að í hlut Stafafells eigi að koma hluti af landi Þórisdals. Við þessar tvær sögur hefði land Stafafells frá 1641 þannig átt frekar að minnka en stækka.

Athugasemdalaus þinglýsing landamerkjabréfs hafi auðvitað ekkert gildi varðandi ágreining um þjóðlendumörk og þurfi ekki frekar að fjölyrða um það. Það megi hins vegar geta þess að landamerkjabréf Stafafells sé einungis samþykkt frá jörðum í Lóni en ekki frá Fljótisdal eða frá Álftafirði sem telji sér lönd fyrir norðan og austan. Hvers vegna allar jarðir í Lóni samþykkja bréfið sé vandséð því ekki eigi nemar fáar lönd aðliggjandi. Kannski séu þær að samþykkja fyrir sitt leyti að þeim sé að meinalausu þessi mikla ráðstöfun á almenningslandi í hreppnum.

Vegna þeirrar fullyrðingar að hið opinbera hafi viðurkennt merkjalýsinguna um áratugaskeið verði að ætla að þar sé vísað til samnings landeigenda við Náttúruverndarráð um friðlýsingu hluta Stafafellsfjalla 1976. Náttúruverndarráð sé væntanlega þessi opinberi aðili sem hafi viðurkennt merkjalýsinguna að mati landeigenda. Það sé auðvitað annað að vefengja ekki merkjalýsingu en að viðurkenna beinan eignarrétt að landsvæði.

Það sem gerst hafi við umrædda friðlýsingu sé að þeir sem taldir hafi verið hafa yfirráð yfir Lónsöræfum hafi verið fengnir til að samþykkja tiltekna friðlýsingu. Hvergi komi fram í gögnum þessum að verið sé að semja um eignarland, t.d. sé sagt að hefðbundnar nytjar landeigenda svo sem búfjárbætur og veiðiréttur skuli haldast óskertar en það séu einmitt þessar nýtingaheimildir sem afréttarréttur taki til. Enn fremur megi benda á ákvæðið um að þess skuli sérstaklega gætt að misbjóða ekki beitarþoli af rétta. Það sé auðvitað fráleitt að ætla að með þessu sé Náttúruverndarráð að viðurkenna beinan eignarrétt Stafafellseigenda að hinu friðlýsta. Þeir séu auðvitað réttir viðsejndur þar sem aðrir virðist ekki kalla til réttar yfir þessum öræfum á þessum tíma. Sé þetta þjóðlenda eins og kröfugerð ríkisins gerir ráð fyrir, þá hafi svæðið auðvitað verið eigandalast árið 1976 og það sé ekki fyrr en með þjóðlendulögum sem ríkið verði grunneigandi lands sem annar eigi ekki grunneignarétt til og fyrr hafi ríkið ekki getað verið aðili að neinu varðandi svæðið.

Hvað varði álit A&P lögmannna á skjali 13(23) þá verði auðvitað að skoða það út frá þeim forsendum sem lögfræðiálitid byggist á. Ekki hafi verið beðið um álit á inntaki landsréttinda til þess landsvæðis sem landamerkjabréfið hafi tekið til heldur gengið út frá því að allt hið friðlýsta land væri innan landamerkja og lyti grunneignarrétti landeigenda. Sama eigi við um svarbréf Náttúruverndarráðs á skjali 13(26) sem verði að skoða í sama ljósi.

Fjórða fullyrðingin í kröfulýsingunni sé sú að smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum og enginn hafi getað nýtt landið til beitar nema með samningum við landeigendur.

Hvorug þessara fullyrðinga standist ef tekið sé mið af heimildum sem áður hafi verið raktar. Til dæmis segi í lýsingu á prestssetrinu Stafafelli 30. desember 1898 að fé af næstu jörðum hafi gengið endurgjaldslaut á öræfunum og auðvitað hafi fé úr Fljótsdal, Álftafirði og frá nágrannabæjum gengið á Lónsöræfi án þess að nokkur réði við þar sem allt sé ógirt. Það sé svo ekki fyrir en á 20. öldinni að beitarafnot hafi verið afhent öðrum með samningum enda sé það ekki fyrir en á 20. öldinni sem öræfin hafi verið innlimuð í Stafafellsjarðir.

Varðandi fyrri fullyrðinguna þá megi benda á umfjöllun Braga Sigurjónssonar í bókinni „Göngur og réttir“ en þar segi um Stafafellsfjöll að aðliggjandi fjöllunum séu fjórar jarðir, sem á sínum tíma hafi verið kirkjujarðir og síðan eign bóndans í Stafafelli og þó nokkrar af þeim séu nú komnar í sjálfseign munu afréttir þeirra vera sameiginlegir eftir sem áður. Frá þessum bæjum hafi verið raðað niður í göngur af hreppsnefnd, að sjálfsögðu eftir fjáreign, þannig að Stafafell hafi lagt til fjóra menn, Byggðarholt tvo, Hraunkot og Brekka sinn manninn hvor, eða samtals átta menn sem gengið hafi þessi fjöll.

Við aðalmeðferð kom fram sú skoðun af hálfu íslenska ríkisins að í skjölum málsins sjáist margar bókanir frá sveitarstjórnarfundum þar sem sveitarstjórn hafi afskipti af og kosti greiðslur vegna smölunar á landi sem samkvæmt kröfulýsingu gagnaðila sé beinum eignarrétti undirorpið.

Að lokum segi í kröfulýsingu landeigenda að búseta á innlandi Stafafells, t.d. Grund í Víðidal, sé ein besta sönnun þess að jörðin sé öll fullkomið eignarland.

Í þessu sambandi er sérstaklega bent á dóm Hæstaréttar um Öxarfjarðarheiði. Í því máli hafi legið fyrir að öll Öxarfjarðarheiðin hafi samkvæmt nýlegu landamerkjabréfi verið innan merkja jarðarinnar Sandfellshaga. Í gögnum málsins hafi legið fyrir heimildir um eyðibýli á heiðinni þar sem búið hafi verið skamma hríð á 19. öld. Segi í dómi Hæstaréttar að engin gögn hafi verið lögð fram um að eigendur Sandfellshaga hafi heimilað að það nýbýli yrði reist eða að þeim hafi verið afsalað landi þess þegar byggð lagðist þar af.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga nokkur atriði. Samkvæmt Jónsbók hafi mátt reisa sel í almenningum en ekki afréttum. Samkvæmt nýbýlatilskipun konungs 1776 hafi mátt reisa nýbýli í afréttum og almenningum. Væri gefið út nýbýlaleyfi samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar hafi útskipt afmarkað land orðið undirorpið beinum eignarrétti skv. konungsboði. Varðandi byggingu nýbýla í eignarjörðum hafi þurft landskipti og afsal. Væri land í einkaeign leigt út til ábúðar hafi lögum samkvæmt verið gengið frá byggingabréfi þar sem landamerkja hafi verið getið. Í Hæstaréttardómi um Jökuldalsheiði hafi heimildir um eyðibýli á heiðinni ekki verið til framdráttar staðhæfingu um beinan eignarrétt að fjallendi jarðarinnar Gilsár.

7.4.5. Hlíð

Við mat á þjóðlendulínunni á þessu svæði þurfi að meta mörg atriði. Landnámsheimildir, heimildir um afréttarnot, staðhætti, víðáttu, gróðurfar og hæð yfir sjó. Kröfulínan þarna taki að meginþunga til mið af fyrstu tveimur atriðunum. Rétt þyki að Bæjardalur innanverður sé innan þjóðlendu, sömu leiðis Hlíðarfjall og Hafradalur en þá mæti land Hlíðar landi Stafafells.

Í kröfulýsingum landeigenda fyrir Bæ og Hlíð séu sömu forsendur en annað orðaval. Vísað sé til eignarheimilda og því haldið fram að jarðeigendur ættu óskoraðan eignarrétt yfir eignarjörðum sínum með öllum gögnum og gæðum og á því byggt að um aldir hafi umrætt land innan merkja verið talið fullkomið eignarland og enginn andmælt að svo hafi verið.

Í þessu sambandi sé á það bent að aldrei hafi reynt á þessi atriði. Þannig séu ekki til eldri merkjalýsingar fyrir þessar jarðir en landamerkjabréfin og hvað Bæ varði sé það ekki gömul heimild, gerð einhliða fyrir tæpum 80 árum. Landamerkjabréf Hlíðar sé samþykkt af Stafafelli og Bæ en svo virðist sem enginn hafi kallað til landréttar á móti í fjallendinu.

7.4.6. Bær

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að Bær sé nú eyðibýli og landamerkjabréfið ekki gert fyrir en 1922, eftir að nýrri landamerkjalogin höfðu gengið í gildi. Samkvæmt því bréfi sé jörðinni eignað mikið land inn á reginöræfi, allt að sveitarmörkum við Álftafjörð. Þarna sé mikið hálendi í yfir 1100 metra hæð. Samkvæmt heimildum, sem vísað sé til fyrir, sé hluti af þessu landi afréttarland, eins og Karlsfell og Bæjardalur. Önnur svæði innar beri heitin „Afrétt“. Við aðalmeðferð kom fram að Hlíð og Bær liggi þarna að og menn hafi auðvitað beitt þetta eins og menn beiti afrétti, landamerkjabréfin hafi ekki breytt neinu. Það hafi ekki farið fram nein hindrun á umgangi fjár hvorki að norðan né á milli bæjanna. Þannig að það hafi enginn hindrað annan í að nýta þetta land. Nýtingin hafi verið alveg sú sama fyrir og eftir að landamerkjabréfin voru gerð.

Augljóst sé að Útstúkadalur geti ekki verið glögg kennileiti. Auk þess segi ekki í bréfinu að áin sjálf ráði mörkum alla leið að upptökum sínum. Þá sé það athugunarefni að landamerkjabréf Bæjar er samþykkt af Stafafelli og Hlíð en ekki afréttareigendum eða jörðum í Suður-Múlasýslu.

Við mat á þjóðlendulínunni þarna verði að hafa í huga mörg atriði, heimildir um nám, afréttar-not, staðhætti, víðáttu, gróðurfar og hæð yfir sjó. Línan taki að meginþunga til mið af fyrstu tveimur atriðunum, þó þyki rétt að Karlsfell sé utan þjóðlendu.

8. SJÓNARMÍÐ GAGNAÐILA

8.1. Almenn atriði er varða jarðir í kafla 8.2.

8.1.1. Málavextir

Af hálfu eigenda jarðanna Syðri-Fjarðar, Efri-Fjarðar, Hvamms, Þorgeirsstaða, Þórisdals, Stafafells og Brekku er í upphafi greinargerðar vikið stuttlega að málavöxtum og aðdragandi að setningu þjóðlendulaga, nr. 58/1998, reifaður. Þá er gerð grein fyrir gagnrýni sem kröfugerð fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins hafi sætt á opinberum vettvangi. Því næst er greint frá meðferð máls þessa í meginráttum.

8.1.2. Rökstuðningur og lagarök

Þá er vikið að rökstuðningi og lagarökum fyrir eignarréttarkröfum jarðeigenda. Vísað er til þess að eignarrétturinn sé friðhelgur og því haldið fram að með kröfugerð ríkisins sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti og í því sambandi minnt á 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka við mannréttinda-sáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Mannréttindasáttmáli Evrópu hafi lagagildi hér á landi og veiti eignarréttinum hugsanlega enn ríkari vernd en stjórnarskráin þar sem dómur Mannréttindadómstólsins bendi til þess að réttmætar væntingar manna til eignarréttar, sem byggist m.a. á því að ríkisvaldið hafi með einum eða öðrum hætti viðurkennt eignarréttinn, t.d. með því að þinglýsa eignayfirfærsluskjölum athugasemdalaust um áratugaskeið, séu verndaðar af mannréttindaákvæðunum. Þessu til stuðnings sé vísað til dóms Mannréttindadómstólsins frá 23. nóvember 2000 „Former King of Greece and others vs. Greece“.

8.1.3. Sönnunarreglur

Í geinargerðinni er þessu næst vikið að sönnunarreglum. Rétt sé að gæta að hinum almennu sönnunarreglum og því hvernig sönnunargögn séu metin en um það séu ákvæði í VI-XII. kafla einkamálalaga, nr. 91/1991.

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Landeigendur telji að þeir hafi sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðum sínum. Eldri heimildir mæli þeim ekki á mót. Ríkið hafi sönnunarbyrðina fyrir því að landamerki þessara jarða séu röng.

Landeigendur telji einnig ljóst að skv. úrskurðum óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 hafi ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að land sem tilheyrir jörðunum í Lóni teljist til þjóðlendna.

Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

8.1.4. Land innan landamerkja sé eignarland

Byggt sé á því að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Við setningu landamerkjalaganna, nr. 5/1882, og síðan laga nr. 41/1919, hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum hverjum í sínu umdæmi borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Allt til ársins 1981 hafi verið gert ráð fyrir að sérstakur dómstóll, landamerkjadómstóll, skæri úr ágreiningi um landamerki. Löggjafavaldið hafi með þessu viljað tryggja að landamerki væru sem skýrust og að ekki þyrftu að vera deilur um þau. Landamerkjalögnum hafi verið ætlað að koma þessum málum í gott horf í eitt skipti fyrir öll og hafi fyrirmælum laganna verið fylgt og landamerkjalýsingar gerðar fyrir nær allar jarðir.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða hver landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem sú skoðun hafi verið óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt. Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Skylda landamerkjalaganna taki m.a. til merkja milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna krefjist sá sem land á að afrétti eða lendu þess.

Landamerkjalýsingar þær, sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjalaganna 1882, hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum máldögum og eldri landamerkjabréfum. Svo sé einnig í Lóni svo sem síðar verði rakið. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land, sem í tugum ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða eða eftir atvikum í sameign einhvers tiltekins fjölda jarða, teljist eignarland.

Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland og í því sambandi vísað til úrskurða óbyggðanefndar í Árnessýslu.

8.1.5. Hefðarreglur leiði til þeirrar niðurstöðu að landi í Lóni sé eignarland

Því er haldið fram að hefðarreglur leiði til þeirrar niðurstöðu að allt land í Lóni sé eignarland. Hefð megi rekja allt til rómaréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Lengi hafi verið óvissa um hvort hefðarréttur gilti hér á landi. Í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746 hafi verið kveðið á um að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign. Víða sjái þess stað að út frá því hafi verið gengið að

hefðarreglur Norsku eða Dönsku laga (1683 og 1687) hafi gilt hér á landi. Einnig sé vikið að hefðarreglum í nokkrum tilskipunum, sbr. konungsbréf frá 18. apríl 1761, nýbýlatilskipuninni frá 1776 og tilskipun frá 17. apríl 1833 viðvíkjandi óðalsrétt á Íslandi.

Landsyfirrættur hafi í dómi sínum þann 5 maí 1830 ótvírætt gengið út frá því að hefðarreglur Norsku laga giltu á Íslandi þó að rétturinn hafi síðar í dómi frá 19. desember 1887 hafnað hefðarreglum. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Ákvæði 1. gr. hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé ákvæðinu ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem ekki sé eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardóminum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. Þjóðlendulaga i.f. Gaukur Jörundsson telji að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afréttur eða almenningur sé skilyrðum hefðar á annað borð fullnægt en telji að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla.

Því sé alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði í Lóni hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum heldur liggja fyrir að landið hafi verið numið. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðila.

Gaukur Jörundsson telji jafnframt að slaka beri á kröfum til eignarhalds eftir því sem verðmætið og allar aðstæður gefi minna tilefni til víðtækra umráða og fjölbreyttra nota. Í H 1997 2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Venjuréttur og hefð falli hér saman og eigi að leiða til þess að allar eignarheimildir landsins í Lóni tilheyri jörðunum sem það land hafi nýtt öldum saman. Hluti af þessu landi hafi verið í opinberri eigu og hafa landeigendur keypt það af ríkinu.

8.1.6. Landnámsmörk í Lóni

Í greinargerðinni er þessu næst vikið að landnámsmörkum í Lóni. Ríkið haldi því fram í greinargerð sinni að miða beri eignarlönd við landnámsmörk en sá sé munurinn að landeigendur telji að landsvæði það sem deilt sé um í þessu máli hafi allt verið numið í öndverðu. Vísað er í Landnámu, „Landið og Landnámu“ eftir Harald Matthíasson og „Landnám í Skaftafellspingi“ eftir Einar Ólaf Sveinsson. Ekkert í þessum heimildum bendi til annars en landið hafi verið numið allt til jökla og er hugleiðingum um annað mótmælt sérstaklega. Þannig hafi fræðimenn talið að mjög víða hafi land verið numið allt til jökla.

Landið sé nú allt innan landamerkjara jarða og hafi svo verið samkvæmt elstu heimildum. Útilokað sé að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag, hins vegar verði að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kunni að vera um hvort landnámni náðu til jökla í Lóni.

8.1.7. Staðhættir og gróðurfar

Samkvæmt framlögðum skjölum í máli þessu nr. 15, 16, og 17 sé ljóst að umrætt landsvæði hafi verið mun grónara við landnám og jökullinn miklu minni. Atriði eins og staðhættir, víðátta og gróðurfar ráði því ekki úrslitum þegar eignarréttur á landi sé metinn á þessu svæði. Sé það í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar í sambærilegum málum í Árnassýslu. Athuga beri einnig að búseta hafi verið á þessu svæði allt til jökla, sbr. heimildir um byggð í Viðidal, sjá skjal 13(29).

8.1.8. Notkun lands

Notkun lands geti auðvitað gefið vísbendingar um hvort land sé eignarland eða ekki en ekki megi alhæfa út frá því. Megi sem dæmi nefna að mjög stór hluti lands á láglandi sé ekki í neinum heilsársnotum af skiljanlegum ástæðum. Yfir vetrartímann sé landið gegnfrosið og enginn skepna fari um það.

Um meinta aðgreiningu lands í heimalönd og afrétti sem lögmaður ríkisvaldsins nefni, þá telji landeigendur að innan jarðanna sé ekki um afrétti að ræða í þeirri merkingu að þar sé um landsvæði að ræða sem lúti stjórn hreppsfélagsins. Afréttir séu hvergi markaðir með sjálfstæðum landamerkjum þó heimildir tali um að jarðirnar eigi afrétt. Sú túlkun sem heimamenn leggja í orðið afréttur í þessu sambandi sé að það merki beitoland jarðarinnar. Slik lönd sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarlönd í víðustu merkingu þess orðs séu að mati landeigenda eignarlönd enda viðurkennt af fræðimönnum að svo geti verið.

8.1.9. Haustmölun í Lóni

Snemma hafi orðið til reglur um beitarnýtingu á landi enda hafi sveitarfélögin snemma tekið við skipulagningu á fjallskilum og skipti þá engu í hvers eigu landið sem smala þarf sé, sbr. 4. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, sbr. 52. gr. sömu laga.

Engin afréttarmörk séu til á þessu svæði og enginn reki fé á annars land nema með leyfi landeigenda. Innan torfu hafi menn hins vegar upprekstrarrétt á grundvelli sameignar eða samnings.

Eitt af því sem bendir til fullkomins eignarréttar lands innan landamerkja jarðanna sé að á þau séu ekki gerð fullkomin fjallskil (tvær lögskipaðar leitir sbr. 37. gr. laga um afréttarmál og fjallskil, nr. 6/1986) af hálfu fjallskilastjórnar enda um einkaland jarða að ræða sem landeigendur smali sjálfir.

Þá hafi landeigendur séð um réttir á þessu svæði sjálfir en ekki fjallskilastjórn svo sem skylt sé að gera með afrétti, sbr. 49. gr., sbr. 51 gr. laga nr. 6/1986. Annað sem ráði miklu um aðgreininguna í heimalönd og afrétti sé að í heimaland sleppi menn fé sínu að vori og smali svo til rúnings og ekki síður ám að hausti eftir að lömb hafa verið tekin undan. Í almenningsafrétti reki menn fé í byrjun sumars og óheimilt sé að fara með fé í afrétt til haustbeitar.

Landeigendur telji að land jarðanna í Lóni hafi ekki sambærilega stöðu og Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Þar hafi vissulega verið afréttarlönd, afmörkuð frá öðru landi jarðanna, sem allir jarðeigendur hreppsins höfðu aðgang að ræða og verið undir opinberri stjórn. Munurinn liggja m.a. í þeim notum sem menn hafi og hafi haft af þessum víðfeðmu heimalöndum, umfram afréttarlöndin, og þeim réttindum og skyldum sem landeigendur hafi þar haft. Það sem mestu skipti sé þó að innan jarða, þó víðfeðmar séu, hafi landeigendur getað bannað öðrum not landsins, sbr. þá búsetu sem varð á þessu svæði með samþykki landeigenda. Hún hefði ekki orðið án samþykkis landeigenda, sem sanni að hann hafi getað bannað not landsins.

Algerlega sé því mótmælt sjónarmiðum um að til séu einhvers konar almenningsafréttir innan jarðanna sem og kenningum um að land á þessu svæði hafi verið numið til afnota. Slíkar hugmyndir fari þvert gegn heimildum um landnám á þessu svæði og gegn þeim heimildarskjölum sem liggja til grundvallar eignarrétti viðkomandi jarðeigenda. Miklu líklegara sé að afnotaréttur af eigendalausum landi á miðhálandi Íslands hafi getað myndast fyrir venju. Slíkt eigi ekki við í Lóni.

8.1.10. Umsvif og framkvæmdir á jörðunum sem ekki lúti að beit

Í greinargerðinni er því næst vikið að umsvifum og framkvæmdum sem ekki lúta að beit. Allt frá því að áhugi hafi skapast á annarri starfsemi en lýtur að beit búfjár á landsvæði þessu hafi verið litið á það sem sjálfsagðan hlut að landeigendur þyrftu að veita leyfi til þess ef frumkvæði væri annarra en tækju sjálfir upp slíka starfsemi þar án þess að bera það undir aðra. Enginn hafi gert athugasemd við þetta forræði. Stafafellseigendur hafi nú hafið stórfellda ferðaþjónustu á sinni jörð. Þeir hafi skipulagt jörðina sem slíka og séu að byggja brýr og skála allt inn í Víðidal.

8.1.11. Skotveiðidómar

Af hálfu ríkisvaldsins séu raktir svonefndir skotveiðidómar. Geitlandsdómur er fallið hafi í Hæstarétti 3. nóvember 1994 sé einn þeirra. Um þann dóm hafi Karl Axelsson hrl, nú einn nefndarmanna, skrifað grein í Tímarit lögfræðinga 1995 og spurt sig þeirrar spurningar hvort dómurinn breytti réttarstöðunni. Niðurstaða hans hafi verið sú að líta yrði til þess að um opinbert mál væri að ræða og sönnunarbyrðin því alfarið lögð á ákærvaldið, um tilvist þess eignarhalds sem málareksturinn var byggður á. Jafnframt hafi hann bent á að eigendur landsins hefðu ekki verið aðilar að málinu og því ekki haft tækifæri á að reifa sjónarmið sín eða hugsanleg gögn sem þeir byggðu eignarréttartilkall sitt á. Niðurstaða Karls hafi því verið sú að dómurinn breytti ekki neinum grundvallarforsendum á þessu réttarsviði eða skapaði það fordæmi sem leysi almennt úr sambærilegum eignarréttarþrætum. Það sama megi segja um aðra skotveiðidóma.

8.2. Nánar um kröfugerð vegna einstakra jarða

8.2.1. Almenn

Þá er vikið sérstaklega að kröfugerð eigenda nokkurra jarða í Lóni. Á því sé byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkjja jarðanna, sé undirorp- ið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram.

Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum jarðanna, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum jarð- eigenda hafi verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. H 1961 629. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land jarðeigenda í Lóni sé ekki fullkomin eign þeirra.

Samkvæmt eignarheimildum þeim, sem lagðar hafi verið fram með kröfulýsingum í málinu, hafi umræddir eigendur jarða í Lóni óskoraðan eignarrétt fyrir þessum eignarjörðum sínum með öllum gögnum og gæðum að undanskildum námum í jörðu sem undanskildar voru við sölu jarðar- innar Stafafells á sínum tíma þegar ríkið seldi hana, m.a. á grundvelli hefðar.

Þeir hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi hverrar jarðar sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Landeigendur telji að almennt gildi um jarðir í Lóni að þær séu á landsvæði sem upprunalega hafi verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað hafi verið til nýbýla á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hafi verið að stunda þar búskap árið um kring. Eflaust sé að finna land innan hverrar jarðar sem ekki verði nýtt til landbúnaðar enda viðurkennt að setning merkja geti hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hafi verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hafi eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildi um eignarland yfirleitt.

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr., landamerkjalaga, nr. 41/1919, laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhöfs- reglu stjórnarsýslulaga, jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, reglu stjórnarsýslulaga um álitsum- leitan, laga um afréttarmál og fjallskil, nr. 6/1986, þjóðlendulaga, nr. 58/1998, einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr. og 17. gr., og mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka. Um málskostnaðarkröfu er byggt á 17. gr. laga 58/1998, sbr. laga nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr.

Í greinargerð er vikið að helstu heimildum um jarðirnar Syðri-Fjörð, Efri-Fjörð, Hvamm, Þor- geirsstaði, Volasel, Þórisdal, Krossaland, Stafafell, Hlíð og Bæ, jafnframt því sem staðháttum er nokkuð lýst. Hér fer á eftir útdráttur úr umfjöllun lögmanns eigenda þessara jarða um önnur þau atriði sem byggt er á af þeirra hálfu, í greinargerð og við munnlegan málflutning.

8.2.2. Syðri-Fjörður og Efri-Fjörður

Í greinargerð jarðeigenda segir að jarðirnar virðist byggðar úr landnámi Þorsteins leggs sem talinn sé hafa numið sunnanvert Lón. Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land þetta hafi ekki verið numið í öndverðu. Fram kemur að vegna Efri-Fjarðar sé byggt á þinglýstri erfðayfirlýsingu, dags. 12. apríl 1982, sem aftur byggir á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Vegna Syðri-Fjarðar sé byggt á þinglýstu búsetuleyfi, dags. 22. febrúar 1999, sem aftur byggist á eldri heimildum, sbr. veðbókarvottorð. Vegna beggja jarðanna er einnig vísað til þinglýstrar landskiptagjörðar fyrir Syðri-Fjörð og Efri-Fjörð, dags. 4. júlí 1908, sbr. og landamerkjaskrá fyrir jörðina Hvamm, með Þorgeirsstöðum og Volaseli, dags. 27. apríl 1889, og lögfestu fyrir Hvamm, þingl. 5. maí 1815. Loks er vísað til landamerkjaskrár fyrir jörðina Horn, dags. 26. apríl 1898 þingl. 27. apríl 1901, vegna Syðri-Fjarðar.

Landamerki séu mjög gömul en jarðirnar hafi orðið til við skiptingu jarðarinnar Fjarðar í tvennt, Syðri- og Efri-Fjörð, sem heimildir séu um að gerst hafi fyrir 1556. Landi Fjarðarjarðanna hafi síðan verið skipt innbyrðis formlega 4. júlí 1908. Ríkisvaldið hafi sjálft selt Efri-Fjörð með þeim landamerkjum sem þekkt séu í dag.

Við aðalmeðferð óskaði óbyggðanefnd eftir skýringum á punktum nr. 18-24 í kröfugerð. Fram kom hjá Ólafi Björnssyni hrl. að þar væri byggt á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða, svo sem Hóla og Þinganess, og þarna væru sveitamörk á milli Nesja og Lóns.

8.2.3. Hvammur

Í greinargerð jarðeiganda kemur fram að byggt sé á þinglýstu afsali, dags. 25. apríl 1964, og vottorði, dags. 30. apríl 1964, sem aftur byggist á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Hvamm með hjáleigum, dags. 27. apríl 1889, og lögfestu fyrir Hvamm, þingl. 5. maí 1815. Landamerki Hvamms séu um 200 ára gömul og bendi til þess að jörðin hafi verið numin með þeim hætti sem hún er.

Hvammur eigi ekki land að neinum óbyggðum, jöklum eða óbyggðum heldur liggja aðrar jarðir að á alla kanta. Landamerkjabréf jarðarinnar sé staðfest af flestum hlutaðeigandi. Þó vanti hugsanlega uppáskriftir frá Árnastorfunni og þar sem eru sveitamörk. Þegar um sé að ræða annaðhvort sveitamörk eða sýslumörk hafi ekki verið venja að láta menn skrifa undir landamerki á móti, þó landamerkjalögin geri að sjálfsögðu ráð fyrir því. Menn hafi litið svo á að þessi sveitamerki séu svo klár og augljós að það sé ekki skrifað undir þau.

Þorgeirsstaðir og Volasel eigi upprekstrarrétt í Hvammsland en ekki beinan eignarrétt.

Óbyggðanefnd óskaði eftir skýringum á kröfulínu frá punkti 21, Ólafshelli, og út í sjó. Fram kom sú skýring að landeigendur teldu að taka ætti beina stefnu til sjávar úr tindinum.

8.2.4. Þorgeirsstaðir

Í greinargerð jarðeiganda kemur fram að byggt sé á þinglýstu afsali, dags. 12. apríl 1932, sem aftur byggir á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Hvamm, með Þorgeirsstöðum og Volaseli, dags. 27. apríl 1889, og lögfestu fyrir Hvamm, þingl. 5. maí 1815. Landamerki Þorgeirsstaða séu greinilega mjög gömul en jörðin hafi verið byggð út úr Hvammi. Þannig sé talað um jörðina Hvamm með Þorgeirsstöðum vísitásiu Brynjólfs biskups frá 1641. Lýsing á landamerkjum Þorgeirsstaða í kröfugerð byggist á munnlegum heimildum.

8.2.5. Þórisdalur

Í greinargerð jarðeigenda kemur fram að byggt sé á þinglýstu búsetuleyfi, dags. 2. október 1975, og yfirlýsingu um rétta eigendur að 50% eignarhluta í jörðinni, dags. 4. febrúar 1988, sem aftur byggist á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár

fyrir jörðina Hvamm, dags. 27. apríl 1889, og landamerkjaskrár fyrir jörðina Stafafell með fyrrverandi hjáleigum, dags. 14. maí 1914. Þá er vísað til sáttar um landamerki Þórisdals, Stafafells og Brekku, dags. 9. október 1970, og landamerkjalýsingar í fasteignamatsbók Bæjarhrepps frá 1916. Landamerki Þórisdals séu ævafor og bendi til þess að jörðin hafi verið numin með þeim hætti sem hún er nú, þ.e. allt til jökla. Landamerkjum hafi verið þinglýst athugasemdalaust og viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið en ríkið hafi sjálft selt umrædda jörð.

Núverandi eigendur nýtji jörðina fyrst og fremst til hrossaræktar en einnig til útivistar, eigi þar sumarhús og hafi leigt lóðir undir sumarbústað. Þá sé Þórisdalur nytjaður frá jörðinni Hvammi, til beitar og slægna, með samningi við ábúendur Hvamms og sjái þeir um smalamennsku.

Við aðalmeðferð óskaði óbyggðanefnd eftir skýringum á staðsetningu punkts nr. 36 í kröfugerð en þar virðist ágreiningur við Setberg, sbr. punkt nr. 9 í kröfulýsingu þeirrar jarðar í máli nr. 4/2001, Nes, hjá óbyggðanefnd. Gefnar voru þær skýringar að óljóst væri um staðsetningu örnefnisins Lambastígshnúkur en ágreiningur sé ekki fyrir hendi og að menn muni fara á staðinn síðar og finna þetta örnefni í sameiningu. Jafnframt væru punktar nr. 37-38 ágreiningslausir gagnvart Hoffelli og Setbergi í Nesjum.

Ítakaréttur í landi Þórisdals bendi til að þetta sé eignarland og þau skjöl sem fjalli um sölu jarðarinnar til einkaaðila, nr. 2(6), 2(7), 2(23) og 2(30). Ljóst sé að þarna sé jörðin seld sem eignarland, með öllum gögnum og gæðum. Engar heimildir séu um að þessari jörð fylgi sérstakt afréttarland eða að land hennar sé skipt með einhverjum hætti.

8.2.6. Stafafell og Brekka

Af hálfu eiganda Stafafells er byggt á þinglýstum afsölum, dags. 19. september 1958, 15. apríl 1983, og 20. apríl 1985, sbr. og skiptayfirlýsingu, dags. 19. nóvember 1979, sem aftur byggist á eldri heimildum. Af hálfu eiganda Brekku er byggt á afsali, dags. 15. nóvember 1989, sbr. landamerkjasamning, dags. 1. september 1983, sem aftur vísi til eldri heimilda. Einnig er af beggja hálfu vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Stafafell með fyrrum hjáleigum, dags. 14. maí 1914, vísitásiubókar Brynjólfs biskups 1641, lögfestu Stafafells 1714, sáttar um landamerki Þórisdals, Stafafells og Brekku, dags. 9. október 1970, landamerkjagerðar milli Brekku og Stafafells frá 1983, sbr. og veðbókarvottorð.

Eignarhald að Stafafelli og hjáleigum hafi allt verið á einni hendi 1914 þegar Jón prófastur Jónsson hafi keypt jörðina. Sonur hans hafi síðan selt hjáleigurnar eina af annarri. Brekka hafi verið seld 1933 með tún- og engamerkjum en að öðru leyti eigi hún óskipt land með Stafafelli. Við þetta hafi verið bætt 1983. Hraunkot og Byggðarholt hafi verið seldar afmarkaðar og endanlega skildar frá Stafafelli. Þeim fylgi því ekki hlutdeild í Stafafelli, heldur einungis upprekstraréttur.

Landamerki Stafafells séu ævafor og bendi til þess að jörðin hafi verið numin með þeim hætti sem hún sé nú, þ.e. allt til sveitarmarka á jökli. Raunar sé ljóst að jökullinn hafi verið miklu minni við landnám. Landamerkjum hafi verið þinglýst athugasemdalaust og þau viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið. Íslenska ríkið hafi sjálft selt jörðina með öllum gögnum og gæðum, að undanskildum námum í jörðu, árið 1914.

Meginatriði sé að vísitási Brynjólfs biskups frá 1641 og landamerkjabréfi frá 1914 beri saman í meginatriðum og því ljóst að ekki sé verið að kasta eign sinni á neitt land með landamerkjabréfinu 1914 þótt það sé nákvæmara. Með landamerkjalogunum frá 1882 hafi menn verið skyldaðir til að gera nákvæmt landamerkjabréf í fyrsta sinn, sbr. einnig lýsingu séra Bjarna Sveinssonar 1886. Þetta beri líka að skoða með hliðsjón af hinum forna vitnisburði um landamerki Þórisdals frá 1467 (skjal 4-8). Þar komi fram að sú jörð eigi land allt til jökuls. Greinilegt sé að árið 1741 hafi hluti Þórisdals verið kominn undir Stafafell. Ekkert sé óeðlilegt við það enda hafi kirkjan átt báðar jarðirnar. Einnig sé vísað til dómsáttar sem er gerð hafi verið á milli Þórisdals og Stafafells frá 1970, skjal 13(13), en þar séu vesturmörk jarðarinnar endanlega ákveðin alla leiðina frá jökli og allt til sjávar.

Þá er því haldið fram að með orðalaginu í vísitáslu Brynjólf „og á fjöll upp fyrir innan Ketildalsheiði og Víðidal allan“ sé verið að lýsa nyrsta hluta jarðarinnar. Nokkuð samdóma álit manna sé að Ketildalsheiði sé Kjarrdalsheiði. Engar heimildir séu um almenningafrétt á þessu svæði.

Einnig er vísað til lýsingar dómkvaddra matsmanna, sjá skjal nr. 2(21), sem fengnir hafi verið 1912 til að meta jörðina vegna sölu hennar til einkaaðila. Þar sé fjallað um geysilega víðfeðmt land en ekki einungis svæðið sunnan við Þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins. Þá sé Stafafell ætíð metin landdýrasta jörðin í sveitinni í fasteignamötum, sbr. skjöl 4(15)-4(20).

Þessar eignarheimildir bendi eindregið til þess að jörðin hafi verið numin með þeim hætti sem hún sé nú, þ.e. allt til sveitarmarka á jökli. Ljóst sé að jökullinn hafi verið miklu minni við landnám, skv. heimildum í Landnámu og því sem vísindamenn segi okkur um það.

Í greinargerð segir að smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum og enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Hreppsnefnd hafi auðvitað skipt sér af fjallskilamálum eins og henni sé skylt að gera skv. lögum um afréttarmál og fjallskil. Þar breyti engu hvort land sé í einkaeigu eða opinberri eigu. Henni beri skylda til þess að hafa afskipti og eftirlit með því að menn smali lönd sín, reyni að sameinast um smalamennsku og réttir og hafi skipulag á því.

Búseta á innlandi Stafafells, t.d. Grund í Víðidal, sé ein besta sönnun þess að jörðin sé öll fullkomið eignarland en ábúandi Grundar hafi borgað leigu til eiganda Stafafells sem og aðrir leiguliðar jarðarinnar. Sé hugleiðingum um að búseta manna á þessu svæði hafi ekki byggst á rétti Stafafellsstaðar mótmælt sérstaklega.

Landeigendur í Stafafelli haldi því fram, enda þótt gögn hafi ekki fundist því til staðfestingar, að Sigurður Jónson afi þeirra hafi tekið niður bæjarhús á Grund í Víðidal þegar búsetu lauk þar og flutt efnið í Kollumúla til að byggja þar gangnamannakofa. Þeir hafði þá verið búnir að kaupa byggingar af ábúendum á Grund svo sem skylt hafi þá verið að gera, skv. ábúðarlögum. Einnig hafi landeigendur sjálfir byggt brúna yfir Jökulsá við Kollumúla, aðrir sveitarmenn hafi talið það þeirra skyldu og þeir sjálfir einnig. Þá sé skjal 4(5), dómur um skógarhögg í landi Stafafells frá 1483, dæmi um það að Stafafellseigendur hafi í hundruð ára varið sitt land og farið með það eins og þeir hafa getað á hverjum tíma.

Þá er vísað til samnings landeigenda við Náttúruverndarráð um friðlýsingu á hluta Stafafellsfjalla, dags. 7. september 1976. Við friðlýsinguna hafi verið stuðst við landamerkjalyfingu Stafafells og þá hafi talsmenn ríkisvaldsins ekki verið í vafa að um að eignarréttur Stafafellsbænda næði yfir allt það land sem friðlýst var. Er sérstaklega byggt á því að friðlýsingin sem slík, sem sé ákveðin ráðstöfun eigandans á eign sinni, sanni með órækum hætti að eigendur Stafafells hafi unnið fullkomna eignarhefð á landinu. Fullur hefðartími sé liðinn frá því friðlýsingin fór fram. Eftir friðlýsinguna sé ljóst að öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi Náttúruverndarráðs sem landeigendur hafi falið umsjón svæðisins í samráði við þá sjálfa. Með þessum hætti telja landeigendur að þeir geti sannað að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar sem sé einn meginþátturinn sem sýna þurfi fram á ef sanna eigi eignarhefð.

Landeigendur hafi látið skipuleggja allt þetta landsvæði sem gríðland göngumannsins, eins og það hafi verið kallað. Vinna landeigenda og frumkvæði þeirra bendi til beins eignarréttar á þessu svæði.

Við aðalmeðferð óskaði óbyggðanefnd eftir skýringum á staðsetningu punkta nr. 45-49 og 51-53 í kröfugerð. Upplýst var að punktar nr. 45-49 væru fengnir úr friðlýsingarkorti og gögnum sem fylgt hafi friðlýsingunni. Í auglýsingu um friðlýsingu á Lónsöræfum, nr. 31/1977, segi svo, sbr. skjal 13(19): „Frá ármótum Jökulsár í Lóni og Skyndidalsár vestur með Skyndidalsá að Lambatungujökli, þaðan með Lambatungnaá að Austurtungujökli og eftir honum miðjum norðvestur í nafnlausan hnúk í 1500 m hæð sunnan Grendils og áfram í sveig á vatnaskilum í Grendil (1570 m), þaðan ráða sýslumörk Austur-Skaftafellssýslu og Múlasýslna á vatnaskilum í Flugustaðatinda og úr þeim vestur um Svíptungnavarp ...“. Þetta séu vatnaskil sem falli saman við sýslumörk og merki Stafafells, sbr. það orðalag landamerkjabréfsins að Stafafellsland nái að norðan þangað sem vötn

skilji á milli Lóns og Fljótisdals“. Um þetta hafi ekki verið ágreiningur enda þótt vatnaskilalínan hafi ekki verið endanlega hnitsett eða ákvörðuð með nákvæmum, fræðilegum hætti.

Víðmiðunarpunktur á jökli, nr. 45 – Grendill, sé einfaldlega tekinn upp úr friðlýsingargögnum. Þar geri Náttúruverndarráð, sem ákveðnir fulltrúar ríkisvaldsins, samkomulag við landeigendur og á því er byggt, að þar sé miðað við vatnaskil. Þetta hafi ekki aðra tilgreiningu í landamerkjabréfinu en það að þarna sé verið að miða við vatnaskil til Fljótisdals.

Með punktum nr. 51-53 sé leitast við að fylgja orðalaginu „Mörkum ráða fjallseggjarnar fyrir austan Víðidal út á Sviptungnavarp, þaðan ráða enn fjallseggjarnar út á Hafradalsstafinn“ í landamerkjabréfi Stafafells. Þessir punktar, nr. 45-49 og 51-53, hafi ekki verið tilgreindir í kröfulýsingu þar sem þeir séu ekki sérstaklega nefndir í landamerkjabréfinu. Einungis hafi verið bætt inn punktum á kröfulínukortið þar sem línan fari um samkvæmt þessu orðalagi.

Af hálfu eigenda jarðanna Stafafells og Brekku var lögð fram sérstök greinargerð vegna kröfu eigenda Bjarnarness I og II, Nesjum þess efnis að „ábúendur/umráðamenn Bjarnaness eigi beitarrétt á fjallendinu fyrir innan Skyndidalsá á Lónsöræfum, fari svo að landið teljist þjóðlenda.“ Ljóst sé að samkvæmt þjóðlendulögum fari fjármálaráðuneytið með fyrirvar fyrir ríkisjarðir. Ábúandi Bjarnanes gæti því ekki hagsmuna jarðarinnar. Einnig geti einstakir ábúendur ekki eignast persónulega beitarrétt á jörðum í krafti frjálsra samninga um beitarafnot. Þá geti samningsbundinn réttur til afnota á eign ekki skapað hefðarrétt yfir eigninni. Loks hafi afnot Bjarnanesmanna staðið mjög stutt yfir, miðað við sögu jarðarinnar Stafafells.

8.2.7. Athugasemdir

Ljóst sé af framanrituðu að kröfugerð ríkisins sé ekki í samræmi við þann skilning sem margir úr röðum ráðamanna og stjórnvalda hafi lagt í þjóðlendulögin. Þrátt fyrir þessar ályktanir sem og nýlega niðurstöðu óbyggðanefndar haldi fjármálaráðuneytið sig fast við fyrri kröfur.

Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi talið að löggjafinn geti farið með ákveðin umráð eigandalauss lands í skjóli valdheimilda sinna sé gerð athugasemd við að löggjafinn framselji vald þetta til stjórnvalda og jafnframt feli stjórnvöldum að skera úr um það hvaða land skuli undirorpið eignarrétti ríkisvaldsins og hvað skuli skilið eftir handa raunverulegum eigendum landsins. Áskilinn er réttur til að láta reyna á málsmeðferðina alla fyrir dómstólum sem og stjórnskipulegt gildi laga nr. 58/1988.

Þá er mótmælt því sem kemur fram í greinargerð ríkisins að ekki hafi þurft að stofna óbyggðanefnd ef miða eigi við þinglýst landamerki um mörk þjóðlendna. Landeigendur telja að tilgangurinn með lögum um þjóðlendur hafi fyrst og fremst verið sá verið að gera ríkið þinglýstan eiganda þeirra landsvæða sem enginn hefur skjöl fyrir að hann eigi en svo hátti til um hluta afrétta og jökla á miðhálandi Íslands. Óbyggðanefnd eigi að finna út hver þessi eigendalaus svæði séu. Samkvæmt 1. gr. þjóðlendulaganna, nr. 58/1998, komi einmitt fram að þjóðlendur séu utan eignarlanda. En eignarland sé skilgreint sem „landsvæði sem háð er einkaeignarrétti þannig að eigandinn fer með öll venjuleg eignarráð þess“. Jarðeigendur í Lóni haldi því fram að svo sé með allt það land sem þeir hafi þinglýsta eignarheimild fyrir. Innan þinglýstra landamerkja fari landeigendur einir með öll venjuleg eignarráð, bæði raunveruleg og réttarleg yfirráð.

8.3. Hlíð og Bær

Í greinargerð og kröfulýsingu er vikið að helstu heimildum um jarðirnar Hlíð og Bæ jafnframt því sem staðháttum er nokkuð lýst. Hér fer á eftir útdráttur úr umfjöllun lögmanns eigenda þessara jarða um önnur þau atriði sem byggt er á og vísað til af þeirra hálfu, í greinargerð og við munnlegan málflutning.

8.3.1. Saga

Í greinargerð jarðeigenda segir að jörðin Bær sé landnámsjörð, sbr. frásögn um landnám Þórðar Skeggja. Fullvist sé talið að Bær hafi verið í einkaeign allt frá landnámi og bendi sagnir ekki til

annars. Þar hafi löngum verið margbýlt og sagnir af mest sjö býlum. Það land sem um sé deilt og innan kröfulínu ríkisins sé allt í óskiptri sameign bæjanna.

Líklegt megi telja að jörðin Hlíð hafi strax, eða fljótlega eftir landnámsöld byggst út úr landi Bæjar og liggi landamerki jarðanna saman. Á Bæjardal, þar sem þjóðlendukröfulínan sé dregin, skipti Karlsáin merkjum inn á Útstúkudal.

Nokkur kaupabréf hafi varðveist vegna viðskipta með jarðirnar frá 15. og 16. öld og beri þeim öllum saman um að jarðir í „einkaeign“ sé að ræða.

Landnám Þórðar Skeggja sé ekki stórt ef miðað sé við „stóru landnám“in. Í bókinni „Landnám í Skaftafellsþingi“ eftir Einar Ólaf Sveinsson sé fjallað um þetta landnám á bls. 65-67. Þar segi að ekki leiki vafi á hve vítt landnám Þórðar hafi verið; það sé hinn nyrðri hluti Lóns, milli Lónsheiðar og Jökulsár. Ekki skipti máli hver séu austur- eða vesturmörk landnámsins þar sem jarðirnar Bær og Hlíð séu kjarninn í landnáminu og staðsettar svo að segja fyrir miðju þess. Að vestan liggi landamerki Hlíðar og Stafafells saman en að austan ligg landamerki Reyðarár og Bæjar saman innan sýslumarkanna. Austan sýslumarkanna ligg saman landamerki jarðanna Starmýrar og Flugustaða í landnámi Þorsteins Trumbubeins og Böðvars Hvíta og jarðarinnar Bæjar.

Við aðalmeðferð kom fram að harðlega sé mótmælt kenningu lögmans ríkisins um að Lónsheiðin hafi áður verið samheiti á fjallendinu í austanverðu Lóni. Engin rök séu fyrir þessari fullyrðingu. Sé Lónsheiti samheiti á einhverju sé það svæðið sem í dag sé kallað Lónsheiði og fjallendið austur og suður úr til sjávar. Lónsheiðin ligg að mestu Álftafjarðarmegin. Hún sé aðeins í u.þ.b. 300 m hæð þar sem gafi hennar komir fram í Lóni. Á loftmyndum megi glöggt sjá að á milli Lóns og Álftafjarðar sé víðast annars staðar mun hærri fjöll og aðeins mjó egg á milli sýslanna sem skilji að. Allir staðhættir bendi einmitt til þess að Lónsheiðin hafi alltaf heitið Lónsheiði.

Þá segir í greinargerð að til þess að átta sig á því hve stutt sé á milli merkja á jörðunum þá sé um 3 klukkustunda gangur frá Bæ inn á afrétt en um 1½ klukkustunda gangur frá Hlíð inn á afrétt. Frá Bæ sé sjónlína inn á Afréttarbotna og hafi menn haft snjólög í Afréttarbotnunum til marks um það hversu vel voraði hverju sinni.

8.3.2. Nýting

Öllum heimildum beri saman um að við landnám hafi allur gróður verið mun umfangsmeiri samanborið við nútíma og talið sé að gróið land hafi numið um 40.000 ferkm. Þá séu fræðimenn sammála um að fyrstu aldir Íslandssögunnar hafi hitafar verið svipað því sem var á hlýindaskeiðinu 1920 til 1964 og jöklar verið mun minni en nú er. Þá sé talið að skógur hafi hulið um helming hins gróna lands eða um 20.000 ferkm. Nokkur birkiskógur sé í Bæjardal og beggja vegna Hlíðarfjalls og megi leiða að því líkur að skógur hafi áður þakið allan Bæjardal upp í u.þ.b. 300 til 500 m hæð. Þá bendi örnefnið „Reynir“ til þess að Reyniskógur hafi einnig vaxið á dalnum. Örnefni á Bæjardal, þar sem Kálfadalur heiti, bendi til þess að snemma hafi verið farið að geyma nautgripi inn á Bæjardal ofan skógar þar sem ekki hafi þótt hentugt að reka nautgripi og svín í skógi.

Augljóst virðist að Bæjardalur hafi gegnt lykilhutverki í búskap og lifnaðarháttum fólksins sem búið hafi að Hlíð og Bæ. Fyrstu aldirnar hafi búsmali gengið úti allan ársins hring í Bæjardal og séu þar örnefni eins og Lambafellsdalur, Kálfadalur og Kálfafletir. Í upphafi megi búast við að búskapur hafi byggst á nautgripa- og svínarékt en síðar þegar menn hafi farið að læra á landið hafi mikilvægi sauðfjárræktar vaxið. Mestu auðæfi landsins hafi verið voru fölginn í því að afrakstur gróðurlendis nýttist til fôðurs fyrir búfé.

Þegar tímar hafi liðið fram og mikilvægi sauðfjárbúskapar aukist eftir þjóðveldistíma hafi byrjað fráfaru- og selbúskapur á Bæjardal sem staðið hafi fram á 20 öld. Á vorin þegar yngstu lömbin hafi verið orðin þriggja vikna gömul var farið að huga að fráfarum. Lambfénu hafi verið smalað til réttar og valdar úr þær ær sem taka átti lömb undan og þær hafðar heima eða í seli og mjólkaðar kvöld og morgna í a.m.k. tvo mánuði. Mjólkin hafi verið nýtt til smjör, osta og skyrgerðar. Þær ær

sem ganga hafi átt með lömbum og fráfarulömbin hafi verið rekin á fjall, helst til innstu kennileita, Hlíðarlömbin inn á Lambafellsás en Bæjarlömbin vestur fyrir Litlu-Koltungugil þar sem Bæjar-afrétt heiti. Þekktasta selið hafi verið Steinasel, austan Karlsár, gegnt Hvalnesheiði. Þaðan sé röskur klukkutíma gangur inn á „afrétt“ til að líta eftir fénu.

Þegar flest hafi verið fjár í Bæ, á síðustu öld, hafi verið um 1300 fjár og allir teigar og engjar slegnir sem mest mátti og megi telja að útilokað hafi verið að reka allan þann búskap án fjallendis þar sem engin almannaafrétt sé í sveitinni. Enginn búskapur hafi verið á Bæ síðan jörðin hafi farið í eyði árið 1966 og Bæjardalur þá allur nýttur undir búfé frá Reyðará og Hlíð en á Hlíð sé nú um 500 fjár á fódrum.

Frumskilyrði fyrir búsetu á jörðunum í upphafi hafi verið skógur til eldiviðar, matargerðar og járnsmíða. Sögur fari af kolagerð víða inn á Bæjardal og séu örnefni Litla- og Stóra Koltunga og Kolhóll til marks um þetta. Allir þessir staðir séu innan þjóðlendukröfulínu. Síðar hafi skógurinn verið mikilvæg skiptimynt fyrir aðrar nytjar og vísi staðir eins og Svínhólatungur, Víkurfletir og Hvalnesheiði til skógaritaka á Bæjardal á móti beitar-, slægju- og rekaitökum sem Hlíð og Bær hafi átt í þessum nágrennabæjum. Sum þessi ítök hafi verið innan þjóðlendulínu, t.d. hafi jörðin Reyðará átt skógarítak í Koltungu, sem það hafði öðlast að kaupi frá Bæ.

Fiskveiðar í Lóninu og silungsveiðar í Karlsá hafi verið mikilvæg búdrýgindi en Karlsáin sé fiskgeng alla leið inn í Þröng, innst á Bæjardal, þar sem enginn foss sé í ánni. Veiðar hafi verið stundaðar á Bæjardal svo sem rjúpna-, hreindýra- og refaveiðar og dæmi séu þess að búendur í Lóni hafi veitt rjúpu í atvinnuskyni og selt í verslun á Papósi.

8.3.3. Landamerki

Landamerki jarðanna séu óumdeild. Landamerkjabréf Hlíðar sé frá árinu 1886 og áritað um samþykki eigenda aðliggjandi bæja, Stafafells og Bæjar. Með sama hætti undirriti eigandi Hlíðar landamerkjabréf Stafafells á árinu 1914. Landamerkjabréf Bæjar sé frá 1922 og áritað um samþykki eigenda Stafafells, Hlíðar og Reyðarár, auk þess sem ítakseigendur áriti um samþykki sitt. Austan sýslumarkanna taki við landamerki jarðanna Starmýrar og Flugustaða í Álftafirði. Ekki virðast hafa verið gerðar kröfur um áritanir eigenda jarða í öðrum sýslum enda landamerki glögg, sýslumörk óumdeild á þessum stað og samræmi á milli landamerkja einstakra bæja á milli sýslna. Við aðalmeðferð kom fram að eigendur Bæjar hefðu á árinu 1884 áritað landamerkjabréf jarðarinnar Starmýrar, frá árinu 1883, um samþykki sitt sem bendir enn fremur til þess að eining hafi verið um sýslumörk og landamerki.

Í greinargerð segir að gerð landamerkjabréfanna og þinglýsing þeirra sé gerð í tilefni af setningu laga um landamerki o.fl. Fyrst með lögum nr. 5/1882 og síðan með lögum nr. 41/1919 sem kveðið hafi á um skyldu landeigenda til að lýsa merkjum landareigna sinna og hafi tilgangur laganna verið að koma á fastri og áreiðanlegri skipan til framtíðar. Hafi merkjum þá verið lýst, séu þau glögg og ágreiningslaus hvað varði merki milli aðliggjandi jarða og hafi ekki sætt andmælum. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af sýslumanni, við þinglýsingu landamerkjaskrárinnar eða af öðrum hvað snerti landamerki eða eignaryfirráð.

Merki milli jarða hafi upphaflega verið ákveðin við landnám þar sem hver landnámsmaður hafi numið ákveðið landsvæði sem sína einkaeign. Síðan hafi þetta landsvæði skipst upp í einstakar jarðir með löggerningum. Snemma hafi verið lögfestar reglur í Grágás og Jónsbók um skyldu til að ákveða merki við sölu eigna. Með sama hætti hafi það verið hlutverk landamerkjagalaganna, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1941, að fyrirsvarsmenn fasteigna skyldu, þar sem ekki séu frá náttúrunnar hendi glögg landamerki, setja slík merki. Ekki hafi verið þörf slíkra merkja við landamerki umræddra jarða, landamerkin séu glögg, svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, sbr. 2. gr. landamerkjagalaganna frá 1882.

Af heimildum sé ljóst að landamerki jarðanna Bæjar og Hlíðar hafi verið kunn um aldir og óumdeild. Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar sé skotið inn lýsingu landamerkja um Hlíð í Lóni „eftir

lögfestum sra. Guðmundar Magnússonar 14. júnii 1717 og eftir sra. Brynjólfs Guðmundssonar 1748, 18da maj“. Við skoðun á þessari gömlu lýsingu á landamerkjum virðist í aðalatriðum vera um sömu lýsingu að ræða og samkvæmt landamerkjabréfunum. Einungis sé um ítarlegri lýsingu að ræða á merkjum til fjalls í landamerkjabréfunum. Sú staðhæfing í greinargerð lögmanns ríkisins að ekki séu til eldri heimildir um landamerki jarðanna en landamerkjabréfin sé því alröng.

Einungis sé kunnugt um eina deilu um eign á landi vegna þessara jarða. Það sé tylftardómur klerka um skógarhögg í landi Stafafells og landamerki milli Stafafells og Hlíðar frá árinu 1483. Þar hafi deilt séra Ögmundur Andresson, Stafafelli og Bjarni Ásgeirsson, Hlíð, um raptviðarhögg hins síðarnefnda á Ketilhlíðarhálsi, í jörð staðarins Stafafelli og að hann hefði eignað sér jörð inn um svarin landamerki staðarins. Ekki sé fullkunnugt um hvar Ketilhlíðarháls er, líklegt að hann sé nálægt svokölluðum „Hálsur“, fyrir vestan og framan Hlíðarfjall.

Við aðalmeðferð kom fram að landamerki Hlíðar að vestanverðu endi inn á Hvannadalsvarpi en að austanverðu ráði Karlsáin merkjum inn í Útstúkudal. Á það hafi verið bent að þarna vantaði örlítið á landamerkin. Sú lína, sem er teiknuð sé á kröfulínukorti, sé dregin með hliðsjón af landamerkjum Stafafells sem séu samhliða og samþykkt á báða bóga. Auk þess sé á það bent að á þeim tíma sem landamerkjalyýsingin hafi verið gerð hafi lýsingin endað í jökli sem síðar hafi hopað. Vísað sé til ríkjandi kenninga um fjörur, landauka og merki við jökla, sbr. Tryggva Gunnarsson í greininni Landamerki fasteigna, í afmælisriti Gauks Jörundssonar. Þar sé á það bent að land, sem komi undan jökli, sé háð einkaeignarrétti eiganda þess svæðis sem liggja að jöklinum. Jafnframt leiði landfræðilegar aðstæður til þess að sjálfsgagt sé að merkin liggja þarna áfram með fjallseggjunum, þannig að hægt sé að loka merkjum.

Sérstaklega sé mótmælt fullyrðingum lögmanns ríkisins að merki séu óglögg þar sem þau eru dregin inn í Útstúkudal. Karlsáin renni í bröttu ókleifu gili niður Útstúkudal sem sé mjög greinilegt á loftmyndum.

8.3.4. Fjallskil

Í greinargerð kemur fram að í bókinni *Göngur og réttir* eftir Braga Sigurjónsson segi svo að enginn almenningsafréttur sé í Austur-Skaftafellssýslu. Allt fjalllendi tilheyri vissum jörðum til utan þess að hjáleigur eigi óskipt fjalllendi með aðaljörðum. Þrátt fyrir reglugerð nr. 109/1891 um 3 lögsöfn á hverju hausti séu engin lögsöfn í Lónssveit austan Hlíðarár. Hver bær smali sitt heimaland innan landamerkja og fari það einkum eftir veðurfari og því hvenær sláturhús segi til um hvenær þeir taki við fé. Ekki séu neinar sagnir um sameiginleg fjallskil undir stjórn hreppsnefndar, austan Hlíðarár, eins og fjallskilareglugerð geri ráð fyrir. Fjöldi smalana fari eftir þörfum og nágrannabændur nálgist sitt fé sem þeir kunni að eiga með heimafénu. Bæjardalur og fjalllendið ofan Hlíðar sé í dag smalað af heimilisfólkinu í Hlíð ásamt vinum og aðstandendum sem komi til að taka þátt í smöln.

Við aðalmeðferð kom fram að fjallskil geti haft þýðingu um úrlausn máls þó þau verði ekki ráðandi um niðurstöðu þess. Vísað er til H 1997 97 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi) þar sem fram komi að dómurinn telji fjallskil og það hvort landeigendur smali sjálfir land sitt geti skipt máli við mat á því hvort um fullkomið eignarland sé að ræða. Tilhögun fjallskila í Lóni bendi eindregið til þess að allt land þar sé háð beinum eignarrétti.

8.3.5. Rökstuðningur og lagarök

Í greinargerð segir að kröfugerð byggist á heimildarskjölum, svo sem afsölum og kaupsamningum allra eigenda Bæjar og Hlíðar. Þá er vísað til landamerkjabréfa, dags. 10. júní 1922 og 6. september 1886, og landskiptagjörðar, dags. 26. júlí 1990. Á því er byggt að um fullkomin eignarrétt sé að ræða á öllu landi innan þinglýstra landamerkja jarðanna.

Vísað er til H 1961 629 (Bergþórugata) og H 1994 2227 (Geitland).

Þinglýsing landamerkjabréfa jarðanna sé gerð í tilefni setningar laga um landamerki o.fl. Fyrst

með lögum nr. 5/1882 og síðar með lögum nr. 41/1919 sem kveðið hafi á um skyldu landeigenda til að lýsa merkjum landareigna sinna. Hafi merkjum þá verið lýst, þau séu glögg og ágreiningslaus hvað varði merki milli aðliggjandi jarða og hafi ekki sætt andmælum. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af sýslumanni við þinglýsingu landamerkjaskrárinnar eða af öðrum hvað snerti landamerki eða eignayfirráð. Þurfi eigendur jarðarinnar því ekki að þola það síðar að eignaréttur þeirra verði skertur með einhverjum hætti enda tilgangur laganna að koma á fastri og áreiðanlegri skipan til framtíðar.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga nr. 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla telji landeigendur að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er mörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Í tilvikum eins og í þessu máli þar sem einstaklingar hafi samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi, sem í beinum eignarrétti felist, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Landeigendur vísa líka til meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar til stuðnings þessari kröfu sinni.

8.3.6. Landnám

Byggt er á því að landið hafi allt verið numið í öndverðu og síðan gengið í arf milli kynslóða eða gengið kaupum og solum með löglegum gerningum lögum samkvæmt á hverjum tíma. Í Landnámabók sé greint frá landnámi Þorsteins Skeggja og beri Hauksbók og Sturlubók að mestu saman um með hvaða hætti það hafi gerst. Ekki sé ágreiningur um austur- og vesturmörk landnámsins en í máli þessu hafi lögmaður ríkisins haldið því fram að landið hafi ekki verið numið nema inn í miðjan Bæjardal og sé því þjóðlenda. Þessu sé harðlega mótmælt og á það bent að það land sem um ræði, fjallendið að baki Hlíðarfjalls og Bæjardalur, sé í næsta nágrenni við landnámsbæinn og sem næst fyrir miðju landnámsins. Einungis sé um 3 klukkustunda gangur frá Bæ inn Bæjardal og upp í „Afréttarbotna“. Augljóst sé að engin vandkvæði hafi verið fyrir landnámsmanninn að senda skipverja eða húsmann sinn með eld þessa leið til að helga sér landið. Bein sjónlína sé frá Bæ og inn á „Afréttarbotna“ og hafi eitthvað landsvæði verið numið réttilega í Lóni þá megi ætla að það sé einmitt landið sem sé í sjónlínu frá landnámsbænum. Bent sé á að dómstólar hafa litið til skýrra lýsinga Landnámu sem ákveðinnar sönnunar fyrir því að land hafi verið numið í öndverðu. Þessi afstaða komi m.a. fram í H 1994 2227 (Geitland).

Sú staðhæfing að landið hafi allt verið numið í öndverðu sé enn fremur byggð á gróðurfari og staðháttum. Bæjardalur sé tiltölulega sléttur neðst og renni áin frá Þröng og fram úr án þess að nokkur foss sé í henni. Upp frá ánni séu grónar hlíðar og í upphafi hafi þær allar verið skógi vaxnar upp í líklega 500 metra hæð. Frá gróðurlínu og upp í hæstu brúnir sé stutt en mjög bratt. Þegar komið sé yfir brúnir halli með sama hætti bratt niður hinum megin og sé landið því auðveldlega afmarkað. Sé farið beint upp af Stóru-Koltungu upp á brún þá blasi við Flugustaðadalur og handan dalsins hafi mátt sjá Markúsarsel en þar hafi föstum búskap lokið árið 1946. Flugustaðadalur sé í landnámi Böðvars Hvíta en sunnan hans liggja Starmýrardalur að landi Bæjar en hann sé í landnámi Þorsteins Trumbubeins. Þeirri staðhæfingu lögmanns ríkisins, að landamerki séu dregin einhliða í átt til óbyggða, sé því algjörlega mótmælt og á það bent að einungis litið horn af landi jarðanna, þar sem landamerki liggja að Jökulgilstindum, sé með nokkrum sanni hægt að segja að liggja að óbyggðum. Aðrir hlutar landsins, þar sem merki liggja á sýslumörkum, séu aðeins lítill hluti þess og landfræðilega nauðsynlegur til að afmarka það frá jörðum í Álftafirði. Til þessara atriða, þ.e. gróðurfars og staðhátta, hafi dómstólar litið þegar meta skuli hvort líkur séu á því hvort landsvæði hafi verið numið, sbr. H 1997 2420 (Neðri Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

8.3.7. Hefðarhald

Eignarhald eigenda Hlíðar og Bæjar byggist enn fremur á því að virk yfirráð, tilheyrsla og bein hagnýting umrædds landsvæðis um aldir hafi skapað eignarhald fyrir hefð. Hugtakið hefð, sem rekja

megi allt aftur til Rómaréttar, sé skylt námi að því leyti að taka umráða sé nauðsynlegt skilyrði hefðar. Segja megi að þegar landnámi hafi lokið hafi hefð tekið við sem virk stofnun eignarréttar. Til þess að hefð vinnist dugi hins vegar ekki umráðatakan ein heldur þurfi umráðin að hafa varað vissan tíma og uppfyllt viss skilyrði. Hefð hafi þó fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laganna um hefð, nr. 46/1905, þar sem skýrum réttarreglum um hefð hafi ekki verið til að dreifa fyrir þann tíma. Lögin hafi verið afturvirk að því leyti að þau tóku til eignarhalds sem hefðandi hefði stofnað til fyrir gildistöku laganna, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Bent sé á það að hið umdeilda land hafi verið notað til mun víðtækari afnota en sumarþéttar. Í upphafi megi ætla að gripir hafi gengið úti allt árið. Þar hafi farið fram öll sú nýting lands sem venjuleg hafi verið og nauðsynleg þeim lífsháttum sem á hverjum tíma hafi verið tíðkanlegir. Þar megi nefna það að skógur hafi verið unnin til kola sem aftur hafi verið notuð til matargerðar, upphitunar og smíða. Þarna hafi farið fram mjólkur-, skyr- og ostagerð. Öllum þessum hlutum megi líkja við nútíma iðnframleiðslu. Af því megi vera ljóst að hefðarhald það sem til hefði stofnast væri ekki afnotahefð, heldur eignarhefð.

Fullyrðingum lögmanns ríkisins um að hefðarhald verði ekki unnið á eigendalausum landsvæðum sé mótmælt. Þar sé ekki um að ræða viðurkennda lögskýringu á 1. gr. hefðarlaganna. Þar segir: „Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.“ Hér sé lög-gjafinn einungis að hnykkja á því að hefðarreglurnar nái einnig til eigna ríkisins og að ekki verði unnin hefð á eignum sem ekki geta verið eign einstakra manna, svo sem hluti landhelginnar.

Síðast en ekki síst sé það eitt meginhlutverk hefðar að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem lögmet séu einnig af öðrum ástæðum. Dæmi um þetta sé H 1997 2792 (Laugavellir) þar sem eignarhefð sé viðurkennd enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum. Þá megi nefna H 1939 28 (Einarsnes). Loks megi nefna norskan dóm, NDS 459.

8.3.8. Eignarland og þjóðlenda

Með þjóðlendulögunum sé komið á þeirri nýskipun að flokka land í „eignarlönd og þjóðlendur“. Vísað er til skilgreininga laganna á eignarlandi og þjóðlendu. Landeigendur í máli þessu byggja á því að öll afnot og nytjar hins umdeilda svæðis hafi frá upphafi tilheyrt jörðunum innan landmerkja og þeir hafi farið með einkarétt þessara nytja svo og veiði, fugla, fiska og annarra nytjadýra. Heimildir bendi ekki til annars en að þeir hafi greitt skatt af öllu landi innan landamerkja án tillits til fjarlægðar frá hífylum.

Á því sé byggt að enginn munur sé á eignarréttarlegri stöðu lands innan jarðanna. Í fyrstu úrskurðum óbyggðanefndar, í þjóðlendumálum í Árnæssýslu, hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að almennt megi gera ráð fyrir því „að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir“. Þá sé það niðurstæða nefndarinnar „að hvorki verði ráðið af eldri eða yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Niðurstæða nefndarinnar sé því sú að líkur séu fyrir því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.“ Sönnunarbyrðin fyrir hinu gagnstæða hljóti því að hvíla á þeim sem heldur öðru fram.

Landeigendur telji að réttur þeirra til landsins sé varinn af 72. gr. stjórnarskrár þar sem segi: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.“ Vísað er til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr., sbr. 1. gr. samningsviðauka.

Því er haldið fram að til þess að taka eignarrétt af landeigendum í þessu máli þyrfti formlegt eignarnám sem fullar bætur kæmu fyrir. Slíkt vald hafi óbyggðanefnd ekki, hennar hlutverk sé ein-

ungis að ákvarða hvaða land var ekki undirorpið beinum eignarrétti fyrir gildistöku Þjóðlendulaganna hinn 1. júní 1998, þ.e. draga markalínuna milli Þjóðlendna og eignarlands, í þessu tilviki utan landamerkjja jarðanna.

Landeigendur ítreki því að þrátt fyrir örnefnið „Bæjarafrétt“ fyrir innsta hluta lands jarðarinnar, sé þar um heimaland að ræða, í merkingu 12. gr. reglugerðar nr. 109/1891, um afrétti, fjallskil og fleira fyrir Austur-Skaftafellssýslu. Þeir hafi alla tíð annast sjálfir um smölun landsins, það sé órofa og óslitinn hluti jarðarinnar og skýrt afmarkaður landfræðilega. Sú kenning hafi verið sett fram að afréttur hafi upphaflega merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitolands. Því sé haldið fram að sú og engin önnur sé ástæðan fyrir þessari nafngift á innsta hluta Bæjardals. Sérstaklega sé minnt á að af heimildum verði ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar.

Vísað er til landamerkjalaga, nr. 5/1882, og laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919. Einnig er vísað til laga um afréttarmál og fjallskil, nr. 6/1986, hefðarlaga, nr. 46/1905, náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, námulaga, nr. 24/1973, auðlindalaga, nr. 57/1998, laga um Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000. Þá er vísað til meginreglna eignarréttar og eignarréttarákvæðis stjórnarskrár, sbr. 72. gr. Vísað er til laga um lax og silungsveiðar, nr. 76/1970, laga um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, nr. 64/1994. Loks er vísað til meginreglna stjórnarfars- og stjórnsýsluréttar, þ.á m. jafnræðisreglu sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og meðalhófsreglu. Áskilinn er réttur til að láta reyna á alla þætti málsmeðferðarinnar fyrir dómstólum, þ.á m. stjórnskipulegt gildi laga nr. 58 frá 1998 ef þess gerist þörf.

Málskostnaðarkrafa jarðeigenda vegna hagsmunagæslu er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. gr. og 131. gr.

8.4. Bjarnanes í Nesjum

Í greinargerð af hálfu ábúenda og umráðamanna ríkisjarðarinnar Bjarnanes I og II, Nesjum, er fyrst rakin saga jarðarinnar Bjarnanes í stuttu máli. Þá er fjallað um aðdragandann að setningu laga nr. 58/1998, um Þjóðlendur o.fl., þ. á m. vatnalög, nr. 15/1923 og forsögu þeirra, Landmannaafréttardóm Hæstaréttar árið 1955, og lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nú nr. 6/1986. Síðan segir að ljóst sýnist að í máli þessu reyni á reglur um hefð. Samkvæmt lögum Grágásar hafi ekki verið um það að ræða að hefð ynnist á fasteignarréttindum héraendis. En þegar Jónsbókarlög hafi verið lögtekin 1281 hafi verið sérstaklega kveðið á um hefð, sem gat samkvæmt lögum hennar unnist á ýmiss konar ítökum, svo sem engi, skógi o.s.frv., sbr. 26. kafla landsleigubálks Jónsbókar. Í Dönsku lögum frá 1683 og Norsku lögum frá 1687 hafi verið kveðið á um hefð. Landsyfírrétturinn íslenski virðist hafa gerst fráhverfur því að telja reglur þessar gildandi rétt héraendis. Upp úr aldamótunum hafi verið sett lög um hefð, nr. 46/1905, sem enn þá gildi hér á landi og heimili hefð bæði á ítökum og landi. Af dómum Hæstaréttar um Landmannaafrétt sýnist mega ráða að dómstóllinn hafi ekki talið afréttarnot leiða til stofnunar eignarréttar á landi fyrir hefð, sbr. annars vegar H 1955 108 og hins vegar H 1981 1584.

Þessu næst er í greinargerð rakinn nánar aðdragandi að setningu laga um Þjóðlendur o.fl., nr. 58/1998, meginefni þeirra, meðferð þessa máls og kröfu íslenska ríkisins um Þjóðlendu í Lóni. Síðan segir svo: „Þessi kröfugerð íslenska ríkisins, ef tekin verður til greina með úrskurði óbyggðanefndar, hefur í för með sér, að fjallendið innan við Skyndidalsá í Lónsöræfum telst innan Þjóðlendumarka.“ Kröfugerð Bjarnanessmanna um beitarrétt í fjallendi þessu hefur að forsendu að sú verði niðurstaða óbyggðanefndar. Í skjali nr. 14(2) kemur fram til viðbótar framangreindu að ella eigi ábúendur í Bjarnanesi áfram, sem áður, bændur í Brekku og Stafafelli að viðsemjendum og sammingsaðilum. Allir, sem að þessu máli hafi komið, hafi verið í góðri trú um rétt sinn til beitarréttinda uns Þjóðlendumálið hafi komið upp.

Í greinargerð er sérstaklega minnt á að óbein eignarréttindi á afréttum, eins og t.d. beitarréttindi,

séu ekki útilokandi réttindi. Þannig komi úrskurður um nefndan beitarrétt í fjalllendinu innan við Skyndidalsá í Lónsöræfum ekki í veg fyrir að sams konar beitarréttindi verði úrskurðuð öðrum bændum, hvort heldur þeir hafi búsetu í Lóni eða Bjarnaneshverfi. Um þetta megi vísa til þess er bændum í Næfurholti og á Hólum í Rangárvallahreppi hafi verið dæmdur beitarréttur á Landmannafrétti, sbr. H 1955 108.

Hafa beri hugfast að almennt gildi í dómsmálum meginreglan um frjálst sönnunarmat dómara. Mikilvægt sé að umráðamenn/ábúendur Bjarnaness njóti sanngirni í því efni. Þar megi minna á að ekki hafi nokkru sinni hvarflað að þeim að þeir þyrftu að afla gagna til þess að tryggja sér í fylling tímans sönnun um eignarrétt sinn.

Kröfugerð fjármálaráðherra f.h. ríkisins, sem ákvæði laganna nr. 58/1998, um þjóðlendur, hafi að forsendu, að óbeinn eignarréttur hafi víða stofnast utan eignarlanda, svo sem til afrétta þar sem einkum hafi verið um beitarrétt að ræða. Sé þá gert ráð fyrir að stofnun þessara réttinda hafi átt sér stað með þeim hætti að landið hafi verið tekið til afnota og afnotaréttindin síðan hlotið festu fyrir hefð og venju, sbr. einkum nú 7. gr. laga nr. 45/1905, um hefð. Loks sé ekki gert ráð fyrir að neindir almenningar hafi verið í Austur-Skaftafellssýslu. Í greinargerð lögmanns fjármálaráðherra segi m.a.: „Byggt er á því í þjóðlendumálum í Austur-Skaftafellssýslu, að land utan numdra eignarlanda hafi verið tekið afnotatöku einstakra jarðeigenda þar sem möguleiki var til beitarafnota og sums staðar allt að jökulrönd. Byggist það á því að engar heimildir er að finna um að almenningar hafi verið í sýslunni, en þeir voru sameiginlegt afnotaland fjórðungsmanna og síðan þjóðarinnar. Þar sem ekki er almenningum til að dreifa, hefur land utan eignarlanda flokkast sem afréttir. Sumir þessara afrétta tilheyra einni jörð, en í sumum tilfellum eru jarðir með sameiginlegt afréttarland innan landamerkjabréfs, með úrskiptu eignarlandi. Jöklarnir hafa aldrei talist til eiginlegra almenninga, þar sem þeir voru ekki nytjaland. Jöklarnir hafa hins vegar flokkast með öræfum og verið einskismannsland, en eftir lögötu þjóðlendulaga verður að gera kröfu til þess að þeir teljist þjóðlenda.“

Í kröfulýsingu kemur fram að krafan um beitarrétt umráðamanna Bjarnaness í fjalllendinu í Lónsöræfum innan við Skyndidalsá styðjist við framsal þeirra réttinda frá eigendum/umráðamönnum Stafafells og Brekku sem og við hefð, sbr. og 7. gr. laga nr. 46/1905, um hefð. Á árinu 1968 hafi jarðirnar Bjarnaness og Hagi fengið upprekstur fyrir fé hjá umráðamönnum/eigendum Stafafells og Brekku í þeirra fjalllendi innan við Skyndidalsá. Ábúendur í Haga hafi nýtt upprekstraréttinn til ársins 1982 en ábúendur Bjarnaness nýti hann enn þá. Frá árinu 1970 hafi ekki verið rekið færra en 400 fullorðnar kindur ár hvert. Ábúendur Bjarnaness hafi séð um smölun á þessu landi öll þessi ár og ábúendur Brekku sömuleiðis frá árinu 1982.

Um réttargrundvöll krafna er jafnframt vísað til 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sem lýsi eignarrétt einstaklinga friðhelgan og áskilur eiganda bætur sé hann skertur enda verði samkvæmt stjórnarskrárboði þessu enginn knúinn til að láta eign sína af hendi nema með lagafyrirmæli og vegna almenningsþarfar.

Í svari við fyrirspurn óbyggðanefndar um sjálfstæðan grundvöll undir kröfugerð Bjarnanessmanna segir svo: „Beitarkrafa ábúenda jarðarinnar Bjarnaness í Lónsmáli í fjalllendinu innan við Skyndidalsá í Lónsöræfum, er afleidd af rétti jarðanna Brekku og Stafafells. Munnlegt samkomulag Þorsteins Sigjónssonar, ábúanda í Bjarnaness, og bænda á Brekku og í Stafafelli 1968, þ.e. þeirra Sighvats Davíðssonar í Brekku og Ólafs Bergsveinssonar og Sigurðar Jónssonar í Stafafelli, gekk út á, að hann fengi að nýta beitarréttindi jarðanna. Af því leiddi, að í hans hlut kom jafnframt að sjá um smölun landsins, sem kom sér mjög vel fyrir bændur í Brekku og Stafafelli. Þeir nýttu minni beit en áður og mikils um vert var, að fleiri stæðu að smölun landsins. Þeir fengu þess vegna Þorsteini beitarréttindi og á móti kom að hann smalaði landið.“

9. VIÐAUKI VIÐ ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

Sjá bls. 105.

10. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR Í MÁLI ÞESSU

10.1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá vestri til austurs.¹ Þá verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar. Loks verður gerð grein fyrir tæknilegum atriðum.

10.2. Landnám

Í kafla 6.1. er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi í Lóni. Það var hluti af landnámi Þórðar skeggja Hrappssonar en hann er sagður hafa numið land milli Jökulsár og Lónsheiðar. Þar fyrir austan var landnám Þorsteins trumbubeins, milli Leiruvogs (í Álftafirði) og Hvalsnesskriðna.

Austur- og vesturmörk landnámsins eru þannig nokkuð ljós, a.m.k. til sjávar en um mörk inn til landsins er ekki getið í Landnámu. Í þessu samhengi má þó hafa til hliðsjónar það sem segir í Hauksbók að sumir þeir sem fyrstir komu til landsins hafi reist sér bú við fjallsrætur („byggðu næstir fjöllum“) til að nýta þar landkosti, einkum beitina.

Land í Lóni er afmarkað af jöklum hið efra og sjó hið neðra. Þar á milli er mikið fjalllendi og heiðarlönd sem nær upp í allt að 1000-1300 m hæð við jökulröndina, sundurskorið af stórum og smáum dölum. Undirlendi í Lóni er lítið. Það liggur upp af ströndinni, með fram helstu ám og í dalbotnum. Norður að hreppamörkum í um 1000 m hæð við Marköldu innan við Kollumúlaheiði er um 45 km fjarlægð. Stysta fjarlægð frá sjó að Austurtungnajökli við austurbrún Vatnajökuls um 30 km í loftlínu. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Lóni verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni, sbr. kafla 5.2. og 5.4.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja fremur ólíklegt að land í norðanverðu Lóni hafi verið numið frá sjávarmáli og upp á fjallsbrúnir og vatnaskil við Múlasýslur. Vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem innar dregur. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

10.3. Syðri-Fjörður og Efri-Fjörður

Hér verður fjallað um land innan merkja jarðarinnar Fjarðar, þ.e. núverandi Syðri-Fjarðar og Efri-Fjarðar, svo sem þau verða ráðin af heimildum.

Að Fjarðarjörðum liggja að vestan Þinganestorfa, Hólar og Árnastorfa í Nesjum. Til norðurs er Hvammstorfa í Lóni, hafið til austurs en Horn í Nesjum að sunnanverðu. Landsvæði það, sem hér um ræðir, er fjalllent og ber þar hæst Lambatungnafjall (1023 m) og hæsta tind Skeggtinda (1029 m). Fjallendið er sundurskorið af dölum, að norðanverðu Kapaldal, Endalausadal og Slufrudal. Undirlendi er við Papafjörð og upp með og umhverfis Fjarðará.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Skálatindum og efst í Fjarðarheiði. Samkvæmt

¹ Umfjöllun um einstök örnefni byggist á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppsláttaritum, svo sem Árbókum Ferðafélags Íslands.

Þessari kröfugerð er þjóðlenda í fjallendinu upp af Kapaldal, Endalausadal og Slufrudal, auk dalanna sjálfra að hluta eða öllu leyti. Á móti hafa eigendur jarðanna Syðri- og Efri-Fjarðar lýst kröfum um beinan eignarrétt yfir landi á sama svæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.2. og 3.3.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er m.a. vísað til landnáms sem í megindráttum hafi einungis verið á undirlendi, staðháttu, víðáttu, öræfaland, gróðurfars, hæðar yfir sjó og afréttarnota fjallendis. Samkvæmt gildandi rétti þurfi landeigandi að færa sönnur á eignarheimildir sínar og Hæstiréttur hafi gert ríkar kröfur til sönnunar á beinum eignarrétti að hálandi, fjöllum og öræfum.

Þinglýstir eigendur Syðri-Fjarðar og Efri-Fjarðar vísa annars vegar til búsetuleyfis og hins vegar til erfðayfirlýsingar sem aftur byggist á eldri heimildum. Vegna beggja jarðanna, sbr. kafla 8.1.-8.2., er enn fremur vísað til atriða eins og landnáms, hefðar, landskiptagjörðar, landamerkjabréfa og lögfestu um merki aðliggjandi jarða, umráða og nýtingar, greiðslu lögboðinna gjalda af jörðunum, athugasemdalausra þinglýsinga, viðurkenningar ríkisins og réttmætra væntinga jarðeigenda. Ríkisvaldið beri sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki eignarland.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar í Firði er rakin í kafla 6.2. Þar kemur fram að Fjarðar (Papafjarðar) er getið í heimildum allt frá 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Fjarðar er að finna í skjali, dags. 4. júlí 1908 og þingl. 14. maí 1909. Bréfið er einungis áritað af hálfu eigenda Syðri-Fjarðar og Efri-Fjarðar og er fremur samningur um landskipti en landamerkjabréf en var fært inn í landamerkjabók Skaftafellssýslu. Fram kemur að innbyrðis merki Fjarðarjarða liggja í ánni í Endalausadal og inn í Vatnsföll, „þangað sem vötnum hallar til Laxárdals í Nesjum“. Sú lýsing snertir Árnanes í Nesjum en ekki er sérstaklega fjallað um Hóla eða Þinganestorfu. Þá kemur fram í bréfinu að miðað sé við landamerki Horns „að utan“ án nánari tilgreiningar. Hvað varðar Hvamm í Lóni segir einungis að merki liggja að Ólafarhelli í Þorgeirsstaðaklifum. Austurmerki Fjarðarjarða eru til sjávar.

Landamerkjabréf jarðarinnar Horns í Nesjum er dags. 26. apríl 1898 og þingl. 27. apríl 1901. Jörðin er utan við kröfusvæði ríkisins. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki fyrir Fjörð í Lóni. Til landamerkja Horns er einnig vísað með óbeinum hætti við landskipti Fjarðarjarða 1908 þar sem lýsing á innbyrðis merkjum þeirra hefst með orðunum „frá landamörkum Horns að utan“. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum gagnvart Fjarðarjörðum er lýst í heimildum um Þinganes, Hóla og Árnanes í Nesjum. Landamerkjabréf Þinganes er dags. 1. júní 1888 og þingl. 12. maí 1890. Landamerkjabréf Hóla er dags. 8. maí 1885 og þingl. 31. maí 1887. Landamerkjabréf Árnanes er dags. 1. nóvember 1921 og þingl. 11. júlí 1922. Ekkert þessara þriggja bréfa hefur verið áritað af hálfu Fjarðar en núverandi eigendur Fjarðarjarða vísa til merkja aðliggjandi jarða í kröfugerð sinni. Í bréfum Þinganes og Hóla er notað orðalag á borð við „í brýr upp“ þegar lýst er mörkum til fjalla að vestan- og austanverðu. Í bréfi Árnanes er miðað við Miðfellstind auk þess sem þar segir svo: „Að norðaustan ráða hreppamörkin milli Bæjar- og Nesjahrepps.“ Þessi lýsing er í ágætu samræmi við lýsingu í samningi Fjarðarjarða um landskipti þar sem miðað er við vatnaskil gagnvart Laxárdal í Nesjum. Eldri heimildir um merki Árnanes að þessu leyti eru ekki fyrir hendi, sbr. mál nr. 4/2001, Nes, hjá óbyggðanefnd. Hólar og Þinganes í Nesjum eru utan við kröfusvæði íslenska ríkisins og ekki til sérstakrar umfjöllunar í máli nr. 4/2001.

Merkjum Fjarðar gagnvart Hvammstorfu er einungis lýst í samningi Fjarðarjarða að því leyti að nefndur er Ólafarhelli [Ólafshelli] í Þorgeirsstaðaklifum. Landamerkjabréf Hvamms, með hjáleigunum Volaseli og Þorgeirsstöðum, er dags. 27. apríl 1889 og þingl. 13. maí 1890. Bréfið er áritað af hálfu fyrirvarsmanna Fjarðar. Þar er merkjum til suðurs, gagnvart Firði, lýst úr Ólafshelli í

Þorgeirsstaðaklifum í Klifatind og þaðan eftir hæstu eggjum á Hvammsfjöllum. Þessi lýsing er í ágætu samræmi við samning Fjarðarjarðanna frá 1908 og heimild frá 1750 um sömu merki Hvamms, svo langt sem hin síðarnefnda nær, sbr. kafla nr. 10.4.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 staðfesta fyrirvarsmenn Fjarðar merki jarðarinnar gagnvart Hvammi í Lóni og Horni í Nesjum. Árið 1908 er síðan samið um landskipti Fjarðarjarða. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar sé rétt lýst í þessum gögnum, svo langt sem sú lýsing nær. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að gagnvart Nesjum eru glögg landfræðileg skil með fjallsbrúnum sem jafnframt eru hreppamörk. Við þessi skil er miðað í landamerkjabréfum Þinganes, Hóla og Árnanes, auk landskiptasamnings Fjarðar, svo langt sem hann nær, þar sem hvor jörð um sig sögd er eiga „land allt“ innan tilgreindra merkja sem vísa til vatnaskila á þessu svæði.

Framangreind bréf um landamerki og landskipti eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Efri- og Syðri-Fjarðar hafa um langa hrið haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Fjarðarjarða hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á þessu landsvæði, hálendi og dölum, er lýst að framan. Fjöllin eru gróðursnaud en dalirnir hins vegar víða vel grónir, sbr. kafla 5.3. Undir Fjarðarheiðinni er það aðeins mjó ræma sem er gróin að hluta til. Sunnar, þar sem Fjarðará rennur fram úr framangreindum þremur dölum, hefur hún borið fram mikið efni; mül, sand og leir, og myndað mikinn og allháan skriðuvæng sem aðeins er gróinn að hluta til og helst niður undir sjó. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Lóni, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Fjörður hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru kringum aldamótin 1900, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Fjalllendið liggur upp af og inn á milli grösugra dala og verður ekki skilið frá landi jarðarinnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggðist á beit.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfur eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Fyrirkomulag smölunar verður ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðanna Syðri- og Efri-Fjarðar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðanna Syðri- og Efri-Fjarðar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.4. Hvammur, ásamt Þorgeirsstöðum og Volaseli

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er landamerkjabréfi Hvamms, Þorgeirsstaða og Volasels, dags. 27. apríl 1889 og þingl. 13. maí 1890.

Að Hvammstorfu liggja Árnanes-, Bjarnanes- og Hoffellstorfur í Nesjum að vestan, Þórisdalur og Krossaland að norðan og austan og Fjörður að sunnan, auk sjávar.

Skörp og brött skil eru milli undirlendis og fjallendis á því landsvæði sem hér um ræðir. Ofan byggðarinnar rís Hvammsheiði snarbrött upp í 500-700 m hæð og annað fjallendi er að jafnaði í 500-800 m hæð, t.d. Þorgeirsstaðatindur (690 m). Fjölmargir dalir ganga inn í hálendið, og eru dalbotnarnir að jafnaði í 100-200 m hæð. Meðal þeirra stærstu eru Þorgeirsstaðadalur, um 5 km langur, Gjádalur, um 7 km, Slufrudalur um 6 km, og Laxárdalur er um 9 km.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá því efst á Fjarðarheiði, yfir Þorgeirsstaðadal, efsta hluta Gjádals, Hvammsheiði og Laxárdal og í Dalsfjall. Varðandi Volasel, sem er í eigu ríkisins, er einungis gerð krafa um upprekstrarrétt í Hvammsland en landskipti munu ekki hafa farið fram. Eigendur jarðanna Hvamms og Þorgeirsstaða hafa hins vegar lýst kröfu um beinan eignarrétt yfir landi á sama svæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.4. og 3.5.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er m.a. vísað til landnáms sem einungis hafi verið á undirlendi, staðháttu, víðáttu, öræfaland, gróðurfars, hæðar yfir sjó og afréttarnota fjallendis. Samkvæmt gildandi rétti þurfi landeigandi að færa sönnur á eignarheimildir sínar og Hæstiréttur hafi gert ríkar kröfur til sönnunar á beinum eignarrétti að hálendi, fjöllum og öræfum. Landsvæði það, sem afmarkað sé í landamerkjabréfi Hvamms ásamt hjáleigunum Volaseli og Þorgeirsstöðum, sé annars vegar heimaland sem hafi verið skipt og hins vegar afréttarland sem móðurjörðin og hjáleigurnar, nú lögbýli, eigi til sameiginlegra afnota.

Af hálfu þinglýsts eiganda Hvamms, sbr. kafla 8.1.-8.2., er vísað til þinglýsts afsals fyrir ½ jörðinni Hvammi, dags. 25. apríl 1964, og vottorðs hreppstjórans í Bæjarhreppi, dags. 30. apríl 1964, um að Steindór Guðmundsson sé vitanlegur eigandi að hinum helmingi jarðarinnar sem aftur byggist á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Eigandi Þorgeirsstaða vísar til þinglýsts afsals, dags. 12. apríl 1932, sem aftur byggist á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Vegna beggja jarðanna er einnig vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Hvamm, með Þorgeirsstöðum og Volaseli, dags. 27. apríl 1889, og lögfestu fyrir Hvamm, þingl. 5. maí 1815. Enn fremur er m.a. vísað til atriða eins og landnáms, hefðar, umráða og nýtingar, greiðslu lögboðinna gjalda af jörðunum, athugasemdalausra þinglýsinga, viðkenningar hlutaðeigandi, þ.m.t. hins opinbera, um áratugaskeið og réttmætra væntinga jarðeigenda. Ríkisvaldið beri sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki eignarland.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hvammstorfu er rakin í kafla 6.3. Þar kemur fram að Hvamms er getið í heimildum allt frá 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellssýslu, sbr. kafla 10.2. Þorgeirsstaðir og Volasel eru upphaflega hjáleigur úr landi Hvamms og þeirra er því síðar getið í heimildum.

Fyrstu lýsinguna á suðurmörkum Hvammstorfu er að finna í matsskýrslu frá 1750 þar sem lýst er þeim hluta er snýr að Firði. Af henni má ráða að merki milli Hvamms og Fjarðar séu á fjallinu fyrir sunnan Gjádalsá. Lengra suður með fjallinu séu Þorgeirsstaðir og loks er nefndur Ólafshellir „sem Landamerke kallast“. Þessi lýsing, svo langt sem hún nær, fær vel samrýmst landamerkjabréfi Hvamms, með hjáleigunum Volaseli og Þorgeirsstöðum, dags. 27. apríl 1889, þingl. 13. maí 1890. Merkjum til suðurs, gagnvart Firði, er þar lýst úr Ólafshelli í Þorgeirsstaðaklifum og beint í fjall upp (Klifatind) og þaðan „eftir hæstu eggjum á Hvammsfjöllum“. Í samningi eigenda Fjarðar um landskipti, dags. 4. júlí 1908, þingl. 14. maí 1909, er ekki fjallað um mörk við Hvammstorfu að öðru leyti en því að nefndur er „Ólafarhellir“ í Þorgeirsstaðaklifum. Yngri lýsingin, enda þótt hún takmarkist við einungis eitt örnefni, er þannig í samræmi við þá eldri. Engar eldri heimildir eru til um landamerki Fjarðarjarða, sbr. kafla 10.3. Landamerkjabréf Hvammstorfu er áritað af hálfu fyrirsvarsmanna Fjarðar en samningur Fjarðarjarða er ekki áritaður af hálfu neinna aðliggjandi jarða enda fjallar hann fyrst og fremst um skiptingu lands milli Efri- og Syðri Fjarðar.

Merkjum Hvammstorfu til vesturs, gagnvart Nesjajörðum, þ.e. Árnanes-, Bjarnanes- og Hoffellstorfum, er fyrst lýst í landamerkjabréfi Hvammstorfu frá 1889. Þar segir þó einungis að merki Hvammstorfu liggi eftir hæstu eggjum á Hvammsfjöllum þar til Hoffellsland taki við, nefnilega við Nautagil eða Reipsdal. Ljóst virðist að með Hvammsfjöllum er átt við fjallgarðinn sem skilur á milli Lóns og Nesja.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum gagnvart Hvammstorfu er lýst í heimildum um aðliggjandi jarðir í Nesjum, þ.e. Árnanes-, Bjarnanes- og Hoffellstorfur. Landamerkjabréf Árnanestorfu er dags. 1. nóvember 1921 og þingl. 11. júlí sama ár. Gagnkvæmar áritanir skortir milli bréfa Hvammstorfu og Árnaness. Landamerkjabréf Bjarnanestorfu er dags. 17. apríl 1921 og þingl. 29. júní sama ár. Bréfið er áritað af hálfu Hvamms og umbodsmanns Bjarnanessumboðs áritar bréf Hvammstorfu, vegna hálfes Þórólfsdals og Horns. Fyrirsvarsmenn Bjarnaness hafa þannig haft fulla vitneskju um bréf Hvammstorfu og ekki að sjá að þeir hafi gert athugasemd við lýsingu merkja gagnvart Bjarnanesi. Svo virðist því sem óþarft hafi verið talið að árita bréfið vegna Bjarnaness. Kann það að skýrast af glöggri landfræðilegri afmörkun þar á milli, þ.e. hreppamörkum með fjallshryggjum. Lýsingar í bréfum Árnanestorfu og Bjarnanestorfu miða við hreppamörk milli Lóns og Nesja. Þannig segir svo í bréfi Árnaness: „Að norðaustan ráða hreppamörkin milli Bæjar- og Nesjahrepps“ og „Frá þeim mörkum á Skerjum ...“ er dregin landamerkjalinna á milli Árnaness og Bjarnaness. Í bréfi Bjarnaness eru austurmerki, þ.e. gagnvart Árnanestorfu, dregin „Frá Lónmörkum af Skerjum ofan á Sámsklett ...“. Engar eldri heimildir eru um landamerki Árnaness eða Bjarnaness að þessu leyti, sbr. mál nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes.

Í landamerkjabréfi Hoffellstorfu, dags. 16. maí 1884 og þingl. 12. maí 1890, kemur fram að Nautgil ráði merkjum milli Hoffells og Hvamms og frá því Reypsdalsgilið niðri Laxá. Þessi lýsing er í ágætu samræmi við bréf Hvammstorfu. Fyrirsvarsmenn Hvammstorfu árita landamerkjabréf Hoffellsjarða, sbr. einnig áritun vegna Hoffells á landamerkjabréf Hvammstorfu. Engar eldri heimildir eru um landamerki Hoffellstorfu að þessu leyti, sbr. mál nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes.

Merki Hvammstorfu til austurs, gagnvart Þórisdal í Lóni, eru samkvæmt landamerkjabréfi Hvammstorfu frá Nautagili við Reipsdal og þaðan í Laxá, tilteknum farvegi hennar, allt til Jökulsár og loks í þeirri kvísl Jökulsár sem fellur eftir Lambeyjarkíl í lón fram eða til sjávar. Fyrirsvarsmenn ½ Þórisdals árita landamerkjabréf Hvammsjarða. Lýsing bréfsins er í ágætu samræmi við heimildir frá 1467 um sömu merki Þórisdals, sbr. kafla nr. 10.5. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Þórisdal.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hvamm ásamt hjáleigunum Þorgeirsstöðum og Volaseli. Fyrirliggjandi gögn benda til að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að gagnvart Nesjum eru glögg landfræðileg skil með fjallshryggjum sem jafnframt eru hreppamörk. Við þessi skil er einnig miðað í landamerkjabréfum Nesjajarða.

Landamerkjabréf Hvammstorfu er áritað af hálfu aðliggjandi jarða utan Árnaness, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðatorfunnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Landamerkjalyking Árnanestorfu er í samræmi við Hvammsbréfið og skortur á gagnkvæmum áritunum verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi. Sama máli gegnir um skort á áritun vegna ½ Þórisdals. Landamerkjabréf Nesjajarðanna þriggja og landskiptayfirlýsing Fjarðarjarða eru einnig þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hvammstorfu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangeindra merkja Hvammstorfu hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á þessu landsvæði, hálendi og dölum, er lýst að framan. Fjöllin eru gróðursnauð en dalirnir víða vel grónir og töluvert skóglendi er í Laxárdal, samfelldast í Dalsskógum, sbr. kafla 5.3.

Nokkurt skóglendi er í Gjádal og lítil skógarsvæði eru í Mosfelli á mótum Endalausadals og Kapaldals. Suður úr Laxárdal ganga einnig margir smádalir, sumir vel grónir. Undirlendi, m.a. gróðurlendið Lambey, er lítið en hefur að hluta til myndast af framburði Jökulsár. Undirlendið er vel gróið nema þar sem Laxá og áin úr Þorgeirsstaðadal hafa myndað þurra, grýtta og lítt gróna skriðuvængi. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Lóni, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að Hvammstorfa hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1889, hafa eigendur jarðatorfunnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Fjalllendið liggur upp af og inn á milli grösugra dala og verður ekki skilið frá landi jarðarinnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggðist á beit. Fjallað er um sameignarskóga og sameiginlega fjallhaga Hvamms, Þorgeirsstaða og Volasels „inná Galtartungum“ og um beit syðra megin Gjáaldalsár í sáttargerð 2. júní 1870. Jafnframt áttu aðrar jarðir skógaritök í Hvammslandi, einkum í Laxárdal, sbr. t.d. umfjöllun í landamerkjabréfi jarðatorfunnar 1889. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka í fjallendinu styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfur eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Fyrirkomulag smölunar verður ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hvammstorfu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hvammstorfu, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.5. Þórisdalur

Hér verður fjallað um land innan núverandi merkja jarðarinnar Þórisdals svo sem þau verða ráðin af heimildum.

Að Þórisdal liggja Hvammstorfa í Lóni og Hoffellstorfa í Nesjum að vestan, Stafafellstorfa að austan, auk Krossalands til suðurs. Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er undirlendi í 20-30 m hæð yfir sjó en frá Strandhálsi og Dalsklif tekur landið að hækka. Dalsfjall, þar norður af, er að jafnaði í 200-400 m hæð og Dalsheiði, á milli Skyndidals og Laxár, að jafnaði í 500-600 m hæð. Með fram Dalsheiðinni og inn undir Lambatungnajökul er Skyndidalur, um 12 km að lengd og í 100-200 m hæð. Frá sjó og til Nautastígs, í 600-700 m hæð, eru um 26 km en jörðin er að jafnaði einungis 2-4 km að breidd. Skyndidalsá rennur úr Lambatungnajökli.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Fjarðarheiði yfir Laxárdal í stefnu á Dalsfjall í Brennhöfða fyrir innan Dalskóga yfir Skyndidal og Dalsheiði og í Suðurfjallið fyrir ofan Skyndidalsháls. Við aðalmeðferð málsins kom fram að ekki sé gerð „krafa til afréttarréttar vegna Krossalands í því landi Þórisdals sem hugsanlega verði úrskurðað þjóðlenda“. Óbyggðanefnd hafði farið sérstaklega fram á að íslenska ríkið lýsti afstöðu sinni að þessu leyti þar sem Krossaland er í eigu ríkisins. Á móti hafa eigendur jarðarinnar Þórisdals lýst kröfu um beinan eignarrétt yfir landi á sama svæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.6.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er m.a. vísað til landnáms sem í megindráttum hafi einungis verið á undirlendi, staðháttu, víðáttu, öræfaland, gróðurfur, hæðar yfir sjó og afréttarnota fjallendis. Samkvæmt gildandi rétti þurfi landeigandi að færa sönnur á eignarheimildir sínar og

Hæstiréttur hafi gert ríkar kröfur til sönnunar á beinum eignarrétti að hálandi, fjöllum og öræfum. Heimildir séu um afréttarnot hluta Þórisdals frá mörgum jörðum og því haldið fram að Dalsheiðin, meginhluti Laxárdals og Dalsfjall sé innan þjóðlendu og allt til Hvammsheiðar. Ekkert landamerkjabréf sé til fyrir Þórisdal en um merki jarðarinnar sé vísað til merkjalýsingar aðliggjandi jarða. Það sé nokkuð kynlegt þar sem augljóst sé að eitthvað af landi jarðarinnar skv. heimild frá 1467 hafi verið innlimað í aðra jörð.

Þinglýstir eigendur Þórisdals, sbr. kafla 8.1.-8.2., vísa til þinglýsts búsetuleyfis, dags. 2. október 1975, og yfirlýsingar um rétta eigendur að helmingi jarðarinnar, dags. 4. febrúar 1988, sem aftur byggist á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Einnig er vísað til þinglýstrar landamerkjaskrár fyrir jörðina Hvamm, með Þorgeirsstöðum og Volaseli, dags. 27. apríl 1889, landamerkjaskrár fyrir jörðina Stafafell með fyrrverandi hjáleigum, dags. 14. maí 1914, sáttar um landamerki Þórisdals, Stafafells og Brekku, dags. 9. október 1970, og landamerkjalyýsingar í fasteignamatsbók Bæjarhrepps frá 1916. Enn fremur er vísað til atríða eins og landnáms, hefðar, umráða og nýtingar, greiðslu lögboðinna gjalda af jörðinni, athugasemdalausra þinglýsinga og viðkenningar hlutað-eigandi, þ.m.t. hins opinbera, um áratugaskeið og réttmætra væntinga jarðeigenda. Ríkisvaldið beri sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki eignarland.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar í Þórisdal er rakin í kafla 6.4. Þar kemur fram að Þórisdals (Þórólfsdals) er getið í heimildum allt frá 15. öld. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Svo sem fram kemur í kafla 10.2. eru austur- og vesturmörk landnáms í Lóni nokkuð ljós en um mörk inn til landsins er ekki getið í Landnámu. Lýsing á landnámi fyrir landi Þórisdals er þannig takmörkuð.

Að því leyti, sem vafi kann að leika á um landnám á þessu svæði, vísast því til fyrri niðurstöðu óbyggðanefndar um heimildargildi Landnámu þar sem segir að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Fyrstu lýsingarnar á landamerkjum Þórisdals er að finna í kaupbréfi og vitnisburðarbréfi frá 1467. Þar er miðað við Laxá til vesturs og Jökulsá til austurs „allt inn undir jökul“. Landamerkjabréf fyrir jörðina liggur ekki fyrir í málinu. Slíkt bréf er ekki að finna í landamerkjabók Skafta-fellssýslu á Þjóðskjalasafni Íslands. Óvíst er hvort það hefur nokkurn tímann verið gert.

Landamerkjum Þórisdals er næst lýst í gerðabók fasteignamatsnefndar 1916. Til vesturs er miðað við Laxá, um Brennhöfðagljúfur inn í Fossbotn, þaðan sjónhending í Lambastígshnúk og loks austast um Nautastígsbrúnnir inn í jökul. Að austanverðu er miðað við Skyndidalsá og síðan Jökulsá, þá kvísl er fellur út hjá Þorvaldshöfða. Norðvesturmörkum jarðarinnar er því ekki sérstaklega lýst. Til suðurs, gagnvart Krossalandi, er tekin sjónhending yfir Efraland með tilteknum hætti.

Landamerkjabréf aðliggjandi jarða eru frá tímabilinu 1884 til 1914 og öll fjögur árituð um samþykki af hálfu Þórisdals og til þeirra er vísað í kröfulýsingu núverandi eigenda Þórisdals fyrir óbyggðanefnd. Verður nú hugað nánar að þeim.

Í landamerkjabréfi Hvammstorfu í Lóni, dags. 27. apríl 1889 og þingl. 13. maí 1890, eru merki gagnvart Þórisdal sögð frá Nautagili við Reipsdal og þaðan í Laxá, tilteknum farvegi hennar, allt til Jökulsár og loks í þeirri kvísl Jökulsár sem fellur eftir Lambeyjarkíl í lón fram eða til sjávar. Þessi lýsing er í ágætu samræmi við framangreind gögn um landamerki Þórisdals. Bréf Hvammstorfu er einungis áritað um samþykki vegna ½ Þórólfsdals en með hliðsjón af framangreindu verður sá formlegi ágalli ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi. Engar eldri heimildir eru um landamerki Hvammstorfu að þessu leyti, sbr. kafla 10.4.

Í landamerkjabréfi Hoffellstorfu í Nesjum, dags. 16. maí 1884 og þingl. 12. maí 1890, er merkjum gagnvart Þórisdal þannig lýst að þau liggja í Laxá úr Brennhöfðagljúfri inn í Fosshotn, þaðan norður í Lambastígshnúkinn og þaðan austast um Nautastígsbrúnir inn í jökul. Þessi lýsing fær vel samrýmst gögnum um landamerki Þórisdals, svo langt sem þau ná. Engar eldri heimildir eru um landamerki Hoffellstorfu að þessu leyti, sbr. mál nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes.

Samkvæmt þessu er mörkum Hoffellstorfu gagnvart Þórisdal lýst í Lambatungnajökul. Síðan segir svo: „Auk þess fylgja Hoffelli Lambatungur þar inn af“. Merkjum þess landsvæðis er þó ekki lýst. Í máli nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes, er komist að þeirri niðurstöðu að Hoffellslambatungur séu þjóðlenda og í afréttareign eigenda jarðarinnar Hoffells. Merki þjóðlendunnar eru talin liggja í Lambatungnaá þar til hún fellur í Skyndidalsá og Skyndidalsá þangað sem hún kemur úr Lambatungnajökli. Sú afmörkun vísar m.a. til gagna um að merki Þórisdals á þessu svæði séu annars vegar um Nautastígsbrúnir inn í jökul og hins vegar í Skyndidalsá inn í jökla. Hér athugist að líklegt er að Lambatungnajökull hafi náð lengra áður, sbr. kafla 5.4., e.t.v. að ármótum Skyndidalsár og Lambatungnaár. Þá hafa Hoffellslambatungur afmarkast af Lambatungnaá og jökli en ekki Skyndidalsá. Eigendur Hoffells í Nesjum og Þórisdals miða kröfugerð sína við að landskiki sunnan Skyndidalsár, þ.e. á milli ármótanna, núverandi jaðars Lambatungnajökuls og Nautastígsbrúna, teljist til Hoffellslambatungna. Þessu er hafnað í úrlausn um Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001. Þar, sem og í þessu máli, er þó engin afstaða tekin til þess hvort landsvæði þetta skuli teljast til Hoffells eða Þórisdals.

Samkvæmt landamerkjabréfi Stafafellstorfu í Lóni, dags. 23. apríl 1914 og þingl. 10. júlí 1922, liggja mörk gagnvart Þórisdal í tilteknum farvegi Jökulsár þangað sem Skyndidalsá rennur í hana og Skyndidalsá inn í jökla. Í sáttargerð eigenda jarðanna Þórisdals annars vegar og Stafafells ásamt Brekku um landamerki jarðanna, dags. 9. október 1970, er merkjum ofar Dímu einnig lýst þannig að Jökulsá ráði inn eftir þangað sem Skyndidalsá fellur í hana og síðan ráði sú síðarnefnda mörkum inn í jökla. Heimildir um merki Stafafells frá 1641, 1714 og 1886 eru í samræmi við þetta, sbr. kafla 10.6. Samkvæmt þessu hefur landsvæðið á milli Skyndidalsár og Jökulsár verið innan merkja Þórisdals áður en það taldist innan merkja Stafafells, sbr. lýsingu þá á landamerkjum Þórisdals frá 1467 sem áður greindi. Samkvæmt framangreindu voru austurmerki Þórisdals áður í Jökulsá. Landsvæðið á milli Skyndidalsár og Jökulsár var þannig innan merkja Þórisdals 1467 en Stafafells 1641. Telja verður líklegt að hluti þess lands, sem áður tilheyrði Þórisdal, hafi lagst undir Stafafell. Því verður hins vegar ekki slegið föstu að með því hafi Stafafellskirkja fengið skipt út þeirri eign sinni á hálfum Þórisdal sem fram kemur í heimildum frá því fyrir 1641, sbr. t.d. Gíslamáldaga frá um 1570. Hugsast kann að Stafafellskirkja hafi eignast hálfan Þórisdal og að auki eignarhluta meðeiganda síns í þessu landsvæði sérstaklega enda er hvort tveggja nefnt í lögfestu Stafafells 1714. Hér ber þess þó að geta að meðeigandi Stafafellskirkju var Skálholtsbiskup, a.m.k. frá 1570 og hugsanlega allt frá 1525. Um landsvæðið á milli Skyndidalsár og Jökulsár er nánar fjallað í kafla 10.6.

Í landamerkjabréfi Krossalands í Lóni, dags. 3. maí 1890 og þingl. 17. maí 1893, er merkjum gagnvart Þórisdal þannig lýst að þau liggja samkvæmt nánar tilgreindri sjónhendu á ská yfir svokallað Efraland. Þessi lýsing er í samræmi við framangreinda umfjöllun um Þórisdal í gerðabók fasteignamatnefndar 1916. Bréf Krossalands er samþykkt vegna Þórisdals „að áskildum rétti til að takmarka með sanngirni geldfjáruppreksturinn“. Engar eldri heimildir liggja fyrir um landamerki Krossalands að þessu leyti.

Í kjölfar þess að landamerkjalög taka gildi 1882 staðfesta fyrirvarsmenn Þórisdals merki jarðarinnar gagnvart þeim jarðatorfum sem að henni liggja, þ.e. Hvammstorfu, Hoffellstorfu í Nesjum og Stafafellstorfu, auk Krossalands. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum Þórisdals sé þar rétt lýst. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að gagnvart Nesjum eru glögg landfræðileg skil með fjallshryggjum sem jafnframt eru hreppamörk. Af landamerkjabréfi Hoffellstorfu og heimildum um merki Þórisdals má ráða að við þessi skil er miðað.

Bref þessi eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem þýðingu hafi. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Þórisdals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja jarðarinnar Þórisdals hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á þessu landsvæði, hálendi og dölum, er lýst að framan. Landið er allvel gróið upp í 300-400 m hæð við suðurenda Dalsheiðar, sbr. kafla 5.3. Heiðin, sem liggur milli Skyndidals og Laxár, er að jafnaði í 500-600 m hæð. Að neðanverðu eru hinar bröttu hlíðar Skyndidals og Laxárdals vel grónar, jafnvel skógi og kjarri vaxnar. Dalsheiðin er einnig allvel gróin og nyrst á henni eru Hrossamýrar sem taldar eru allgott beitiland. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Lóni, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Þórisdalur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma þar til hún fór í eyði 1968. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru kringum aldamótin 1900, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Fjalllendið liggur upp af grösugum dölum og verður ekki skilið frá landi jarðarinnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggðist á beit. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Tekið er fram í landamerkjabréfi Krossalands 1890 að þeirri jörð sé heimilaður geldfjárupprekstur í Dalsfjöllum að sumrinu. Jafnframt áttu aðrar jarðir skógarítök í landi Þórisdals, sbr. umfjöllun í landamerkjabréfi Dilksness 1885, Þinganes 1888, Hafnarness 1885 og Krossalands 1890. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka í fjallendinu styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Fyrirkomulag smölunar verður ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Þórisdals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Tekið skal sérstaklega fram að landskikinn sunnan Skyndidalsár, þ.e. á milli ármótanna, núverandi jaðars Lambatungnajökuls og Nautastígsbrúna, telst til eignarlands enda þótt engin afstaða sé tekin til þess hverjum það tilheyri.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Þórisdals, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.6. Stafafellsjarðir

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Stafafellstorfu, dags. 23. apríl 1914 og þingl. 10. júlí 1922, ásamt svæði því á Vatnajökli sem kröfugerð eigenda Stafafells og Brekku tekur einnig til.

Til Stafafellstorfu teljast Stafafell, Brekka, Byggðarholt og Hraunkot. Þrjár síðasttöldu jarðirnar voru á sínum tíma, sbr. kafla 6.5., seldar frá Stafafelli og þá með ákveðnum merkjum þó svo ekki liggja fyrir nein tiltæk gögn um að fram hafi farið formleg landskipti. Ágreiningslaust er að jarðirnar Stafafell og Brekka eiga saman í óskiptu það land Stafellstorfunnar sem ágreiningur í máli þessu stendur um, Stafafell 75% en Brekka 25%. Af tiltækum gögnum, sbr. og yfirlýsingu lögmanns

eigenda Stafafells og Brekku við aðalmeðferð málsins, er ljóst að við sjálfstæðar sölu jarðanna Byggðarholts og Hraunkots hefur ekki fylgt hlutdeild í hinu óskipta landi. Við sölu beggja jarðanna hefur hins vegar í einhverjum tilvikum verið kveðið á um nánar tiltekin takmörkuð réttindi þeirra til upprekstrar- og afréttarnota, skógarítök og önnur þrengri not. Engar kröfur hafa verið hafðar uppi í málinu af viðkomandi aðilum, sbr. 2. og 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og engin gögn liggja fyrir um slíka nýtingu eða meint tilkall þar að lútandi. Koma þau ekki til frekari skoðunar í máli þessu enda rúmast réttindi þar að lútandi eftir atvikum innan þeirra eignarréttarlegu heimilda sem taldar verða vera á hendi eigenda Stafafells og Brekku.

Að Stafafellstorfu, eins og henni er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, liggja að vestan Þórisdalur og Krossaland í Lóni, auk Hoffellslambatungna í Nesjum. Að norðvestan er Vatnajökull ásamt skriðjökklunum Austurtungnajökli, Norðurtungnajökli og Axarfellsjökli en norðurkinn hans er stundum kölluð Suðurfjallsjökull og nyrst er Vesturdalsjökull.

Til norðurs eru svokallaðir Suðurafréttir í Fljótsdal, þ.e. Múli og Suðurfell í Norður-Múlasýslu, og Flugustaðir, Hof og Múli í Geithellnahreppi (nú Djúpavogshreppi), Suður-Múlasýslu. Þá liggja að austanverðu jarðirnar Bær og Hlíð í Lóni en til suðausturs er hafíð.

Landsvæði það, sem hér er til skoðunar, nær frá fjöru í Lóni um 45 km leið norðvestur að vatnaskilum við Marköldu. Á u.þ.b. miðri þeirri leið eru vesturmörk þess í innsta hluta Skyndidals en austurmörk í Jökulgilstindum. Þar á milli eru u.þ.b. 16 km. Á norðanverðu þessu svæði er mikið hálendi en undirlendi þegar sunnar dregur og víðast skörp og brött skil þar á milli.

Fjalllendið, sem stundum er nefnt Lónsöræfi eða Stafafellsfjöll, er að stærstum hluta í 500-1000 m hæð en hæstu fjöll 1100-1570 m há. Það er sundurgrafið af árfarvegum, gljúfrum og dalverpum og einkennist af bröttum lausaskriðum og klettabeltum. Dalverpin eru víðast djúp, aðeins í 150-250 m hæð inn á milli fjallanna, og svo þröng að í þeim er ekki umtalsvert undirlendi. Jökulsá kemur undan jökli í 800-900 m hæð ofan dalbotns Vesturdals og klýfur þetta landsvæði í tvennt þar sem hún rennur tæplega 50 km leið til sjávar.

Vestan Jökulsár eru Eskifellsfjöll. Syðst á því svæði er Skyndidalur, um 12 km langur og allvíður með dalbotn í 100-200 m hæð. Ofan Skyndidals eru tvær hásléttur, Suðurfjall (858 m) og Kjarrdalsheiði (mest 700-800 m). Jökulsá rennur fram úr löngum þrengslum austan Kjarrdalsheiðar og þar litlu sunnar, neðan við Eskifell, sameinast Jökulsá og Skyndidalsá og dreifa sér fram á sandinn. Þegar dregur vestur og norður fyrir framangreindar hásléttur og inn að jökli hækkar landið mjög. Þar eru hæstir Múlatindar (1085 m), Sauðhamarstindur (1319 m), þar sem leifar eru af jökli að norðanverðu, Suðurtungnatindur (1279 m) og tindar við austurbrún Vatnajökuls milli Austurtungna- og Norðurtungnajökla (1244 m) og í Norður-Lambatungum (1203 m). Nyrst er Suðurfjall (1028 m) og inn af því liggur Vesturdalur þar sem Jökulsá á upptök sín.

Austan Jökulsár eru Framfjöll og Innfjöll. Framfjöll ná inn að Víðidalsá og Hnappadalstindi. Syðsti hluti þeirra nefnist Heimaafjall og liggur á milli Jökulsár og Hlíðarár, inn að Hvannagili og Fláatindi. Það er að miklu leyti í 200-300 m hæð og er þar hæst Gullaugarfjall, 259 m. Þar norður af rís fjalllendið bratt upp í 880 m hæð í Fláatindi. Austurskógar eru innan við Hvannagil og ná inn að Hnappadalsá og allt inn á Svíptungnavarp. Syðsti hluti Austurskóga er flatlendar eyrar, ofan þeirra taka við brattar, hömróttar og gilskornar hlíðar en norður af þeim rísa Grákinnartindar (1114 m) og Stigafjöll. Ofan Stigafjalla eru Jökulgilstindar (1313 m) þar sem eru umtalsverðar leifar af jökli. Hellisskógur tekur við af Austurskógum fyrir innan Hnappadalsá. Þar fyrir ofan er Hellisskógsheiði sem nær mest um 600 m hæð. Norðan og austan hennar, að mörkum Austurskóga við Svíptungnavarp, er mikið fjalllendi sem rís hæst í Hnappadalstindi (1212 m).

Innfjöll taka við af Framfjöllum norðan við Hnappadalstind. Svíptungnavarp liggur norðaustur af Hnappadalstindi, upp undir Flugustaðatinda (1122 m) og þar norður af eru Tungutindar (1175 m). Er þá komið að mörkum Lónshrepps og Geithellnahrepps á vatnaskilum. Á bæði Flugustaðatindum og Tungutindum eru leifar af jökli en nokkru norðar, upp af Víðidal, er Hofsjökull eystri

(1180 og 1069 m), nokkurra ferkílómetra jökulhetta. Víðidalsá kemur úr Víðidalsdrögum norðvestan Hofsjökuls og rennur um Víðidal í nálægt 500 m hæð en sameinast Jökulsá neðan við Kollumúla. Austan árinna og upp að framangreindu fjalllendi og jökulleifum á sýslumörkum eru Svipungur (914 m), Grísatungur (1094 m) og þegar norðar dregur Dagmálahlíðar, Fláar, Innri-Sandhólar, Hnúta og Norðurhnúta í nálægt 600-1000 m hæð. Vestan við Víðidalsá og Víðidal er Kollumúli (mest 901 m). Síðan lækkar landið til norðurs niður í 600-700 m hæð allt norður að Vatnshlíðum. Þá tekur Kollumúlaheiði við og er mikill hluti hennar í 800-900 m hæð. Markalda (982 m) og Víðidalsvarp (892 m) eru á sýslumörkum og vatnaskilum á Hraunum. Jökulsá rennur vestan við Kollumúlasvæðið og skilur það frá Norður-Lambatungum og Suðurfjalli, í efsta hluta Eskifellsfjalla.

Undirlendi Stafafells er fyrst og fremst hinar miklu áreyrar Jökulsár í Lóni sem teygja sig frá Eskifelli og til sjávar, um 17 km leið. Víðast eru þær um 1,5 km breiðar en mest um 2,5 km, framman við Eskifell, vestanmegin Jökulsár. Mest eru þær í um 80-100 m hæð yfir sjó innst, þ.e. framan við Eskifell og við mynni Skyndidals. Upp með Jökulsá austanverðri, milli ár og hlíðar, er mjó og nokkuð sundurslitin undirlendisræma frá Gullaugarfjalli norður að Einstigi við Hellisskóg. Einnig er lítils háttar undirlendi í Hellisskógi og norðan í Eskifelli. Austan áreyrana er loks undirlendi sem nær frá Gildrufjalli suður til sjávar milli Jökulsár og Bæjarár, um 7 km langt, 1,5 km breitt og nánast allt neðan 40 m hæðar.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Brennhöfða fyrir innan Dalskóga, yfir Dalsheiði og Skyndidal og í Suðurfjallið fyrir ofan Skyndidal, þaðan yfir Flötutungur fyrir sunnan Hafragil, Tæpitungur og neðri hluta Kjarrdalsheiðar og í Svínadalshnútu, þaðan yfir Hellisskógsheiði og Stigafjöll, í Fláatind og þaðan í Hafradalstind. Á móti hafa eigendur Stafafellstorfu, þ.e. jarðanna Stafafells og Brekku, lýst kröfu um beinan eignarrétt yfir landi á sama svæði. Þá hafa ábúendur/umráðamenn Bjarnaness í Nesjum krafist þess að viðurkenndur verði beitarréttur í fjallendinu innan við Skyndidalsá í Lónsöræfum fari svo að land þetta verði úrskurðað þjóðlenda. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í köflum 3.7. og 3.10.

Kröfu ábúenda/umráðamanna Bjarnaness I og II í Nesjum hefur verið mótmælt af hálfu eigenda Stafafells og Brekku og þess krafist að henni verði hafnað af óbygðanefnd.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er m.a. vísað til landnáms sem í meginráttum hafi einungis verið á undirlendi, staðháttu, víðáttu, öræfalands, gróðurfars, hæðar yfir sjó og afréttarnota fjalllendis. Samkvæmt gildandi rétti þurfi landeigandi að færa sönnur á eignarheimildir sínar og Hæstiréttur hafi gert ríkar kröfur til sönnunar á beinum eignarrétti að hálendi, fjöllum og öræfum. Jöklar hafi flokkast með öræfum og verið einskismannsland en eftir lögtöku þjóðlendulaga verði að gera kröfu til þess að þeir teljist þjóðlenda. Með landamerkjabréfi Stafafells 1914 hafi verið innlimað í merkjalýsingu jarðarinnar gríðarlegt landflæmi gegn eldri heimildum. Samningur Náttúruverndarráðs og eigenda Stafafells hafi ekki falið í sér viðurkenningu á eignarrétti þeirra yfir öllu landi innan merkjalýsingar í landamerkjabréfi, enda komi ekkert fram um það.

Þinglýstir eigendur Stafafells og Brekku, sbr. kafla 8.1.-8.2., vísa til heimildarskjala sinna, svo sem afsala, en þau byggist á eldri heimildum, sbr. og veðbókarvottorð. Íslenska ríkið hafi selt jörðina einkaaðilum 1913. Enn fremur er vísað til atvika eins og landnáms, hefðar, umráða og nýtingar, kunnra og óumdeildra landamerkja samkvæmt landamerkjabréfi, dags. 23. apríl 1914, athugasemdaleusra þinglýsinga, lýsingar landamerkja í vísitásiu Brynjólfs biskups 1641 og lögfestu Stafafells 1714, og fyrirkomulags smölunar. Í landi Stafafells hafi verið byggð nokkur býli, þ. á m. Grund í Víðidal, og leiga verið greidd fyrir. Jafnframt er byggt á friðlýsingu hluta jarðarinnar 1977 og samningum jarðeigenda við ríkið um það efni. Af heimildum megi ráða að hluti Þórisdals hafi verið lagður undir Stafafell og sé ekkert óeðlilegt við það enda hafi kirkjan átt báðar jarðirnar. Jörðin hafi frá fornu fari verið ein af stærstu jörðum landsins. Engar heimildir séu um almenningsafrétt á þessu svæði. Jökull hafi verið miklu minni við landnám. Þá er vísað til greiðslu lögboðinna

gjalda af jörðinni og réttmætra væntinga jarðeigenda. Ríkisvaldið beri sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki eignarland.

Ábúendur/umráðamenn Bjarnanes í Nesjum, sbr. kafla 8.4., byggja kröfugerð sína um beitarrétt í fjalllendinu innan við Skyndidalsá í Lónsöræfum á þeirri forsendu að óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að það landsvæði teljist innan þjóðlendumarka. Ella eigi ábúendur í Bjarnanesi áfram bændur í Brekku og Stafafelli að viðsemjendum og samningsaðilum. Krafa Bjarnesmanna styðst við samning um framsal beitarréttinda frá eigendum/umráðamönnum Stafafells og Brekku sem og við hefð, sbr. og 7. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Á árinu 1968 hafi jarðirnar Bjarnanes og Hagi fengið upprekstur fyrir fé hjá umráðamönnum/eigendum Stafafells og Brekku í þeirra fjalllendi innan við Skyndidalsá gegn því að sjá um smölun landsins. Ábúendur í Haga hafi nýtt upprekstrarréttinn til ársins 1982 en ábúendur Bjarnanes nýti hann enn þá. Frá árinu 1970 hafi ekki verið rekið færra en 400 fullorðnar kindur ár hvert. Ábúendur Bjarnanes hafi séð um smölun á þessu landi öll þessi ár og ábúendur Brekku sömuleiðis frá árinu 1982. Allir sem að þessu máli komu hafi verið í góðri trú um rétt sinn. Loks er vísað til 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Stafafelli er rakin í kafla 6.5. Þar kemur fram að Stafafells er getið í heimildum frá um 1200 en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til 10. aldar. Af þeim verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Brekka og fleiri býli á jörðinni eru upphaflega hjáleigur úr landi Stafafells og er þeirra síðar getið í heimildum.

Svo sem fram kemur í kafla 10.2. eru austur- og vesturmörk landnáms í Lóni nokkuð ljós en um mörk inn til landsins er ekki getið í Landnámu. Lýsing á landnámi fyrir landi Stafafells er þannig takmörkuð.

Að því leyti sem vafi kann að leika á um landnám á þessu svæði vísast því til fyrri niðurstöðu óbyggðanefndar um heimildargildi Landnámu þar sem segir að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, sjá fylgiskjal II.

Þess ber þannig að geta að sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja fremur ólíklegt að land í norðanverðu Lóni hafi verið numið frá sjávarmáli og upp á fjallsbrúnir og vatnaskil við Múlasýslur. Vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem innar dregur. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Til eru lýsingar frá ýmsum tímum á merkjum Stafafells í vestur og austur, sú elsta frá miðri 17. öld. Norðurmerkjum er fyrst lýst sérstaklega 1886 en suðurmerkum ekki fyrr en í landamerkjabréfi jarðarinnar 1914. Síðarnefndu merkin eru miðuð við „affallið fyrir ofan fjöruna“ og verða ekki talin þarfnast frekari athugunar.

Fyrstu lýsinguna á vesturmörkum Stafafells, þ.e. gagnvart Þórisdal og Krossalandi í Lóni og Hoffellslambatungum í Nesjum, er að finna í vísitásiu Brynjólfs Sveinssonar frá 1641. Sú lýsing verður ekki skilin öðruvísi en svo að miðað sé við Jökulsá að sunnanverðu og Skyndidalsá þegar norðar dregur, sbr. einnig lögfestu 1714 og vísitásiu frá 1727. Í yfirlýsingu séra Bjarna Sveinssonar um landamerki Stafafells frá 1886 er miðað við sömu ár. Í landamerkjabréfi Stafafells, dags. 23. maí 1914 og þingl. 10. júlí 1922, eru merki til vesturs miðuð við tiltekinn farveg Jökulsár þangað sem Skyndidalsá rennur í hana og „eftir það ræður Skyndidalsá mörkum inn í jökla“. Lýsing vesturmarka í landamerkjabréfi Stafafells er samþykkt vegna Þórisdals. Hins vegar kemur ekki fram að bréfið hafi verið samþykkt vegna Hoffellslambatungna eða Krossalands en hið síðarnefnda var í eigu Stafafellskirkju.

Verður þá litið til þess hvornig merkjum gagnvart Stafafelli er lýst í heimildum um Þórisdal og Krossaland í Lóni, og Hoffellslambatungur í Nesjum.

Ekki er til landamerkjabréf fyrir Þórisdal en framangreind lýsing fær vel samrýmst lýsingu á landamerkjum Þórisdals í gerðabók fasteignamatnefndar frá 1916, sbr. einnig áritun af hálfu Þórisdals á landamerkjabréf Stafafells 1914. Kröfulýsing núverandi eigenda Þórisdals fyrir óbyggðanefnd vísar til landamerkjabréfs Stafafells. Í sáttargerð eigenda jarðanna Þórisdals annars vegar og Stafafells ásamt Brekku hins vegar um landamerki jarðanna, dags. 9. október 1970, er merkjum ofar Dímu einnig lýst þannig að Jökulsá ráði inn eftir þangað sem Skyndidalsá fellur í hana og síðan ráði sú síðarnefnda mörkum inn í jökla. Austurmörkum Þórisdals inn til landsins er þannig lýst í Skyndidalsá.

Elstu heimildir um landamerki Þórisdals, kaupbréf og vitnisburðarbréf frá 1467, greina hins vegar frá því að Þórisdalur eigi „alla jörð óslitna í millum Jökulsár og Laxár og allt inn undir jökul“. Jökulsá á meginupptök sín í Vesturdaljökli, Skyndidalsá kemur undan Lambatungnajökli þar suður af og Laxá rennur enn sunnar. Samkvæmt framangreindu voru austurmerki Þórisdals áður í Jökulsá. Landsvæðið á milli Skyndidalsár og Jökulsár var þannig innan merkja Þórisdals 1467 en Stafafells 1641. Telja verður líklegt að hluti þess lands sem áður tilheyrði Þórisdal hafi lagst undir Stafafell. Samkvæmt Gíslamáldaga 1570 á Stafafellskirkja hálfan Dal (Þórisdal) en í vísitasiu Brynjólfs biskups 1641 er ekki getið um slíka eign. Þar er því hins vegar lýst að landið milli Skyndidalsár og Jökulsár tilheyrir Stafafelli. Því verður hins vegar ekki slegið föstu að með því hafi Stafafellskirkja fengið skipt út þeirri eign sinni á hálfum Þórisdal sem fram kemur í heimildum frá því fyrir 1641, sbr. t.d. Gíslamáldaga frá um 1570. Hugsast kann að Stafafellskirkja hafi eignast hálfan Þórisdal og að auki eignarhluta meðeiganda síns í þessu landsvæði sérstaklega enda er hvort tveggja nefnt í lögfestu Stafafells 1714. Hér ber þess að geta að meðeigandi Stafafellskirkju í Þórisdal var Skálholtsbiskup, a.m.k. frá 1570 og hugsanlega allt frá 1525. Þessi færsla á merkjum Stafafells og Þórisdals til austurs verður ekki talin hafa þýðingu hér enda hafa eigendur jarðanna getað samið um breytt merki sín á milli.

Í landamerkjabréfi Hoffellstorfu í Nesjum, þ.e. Hoffells, Setbergs og Svínafells, dags. 16. maí 1884 og þingl. 12. maí 1890 er mörkum torfunnar gagnvart Þórisdal í Lóni lýst í Lambatungnajökul. Síðan segir svo: „Auk þess fylgja Hoffelli Lambatungur þar inn af.“ Merkjum þeirra er þó ekki lýst og engar eldri heimildir liggja fyrir um þau. Í máli nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes, er komist að þeirri niðurstöðu að Hoffellslambatungur séu þjóðlenda og í afréttareign eigenda jarðarinnar Hoffells. Merki þjóðlendunnar eru talin liggja í Lambatungnaá þar til hún fellur í Skyndidalsá og Skyndidalsá þangað sem hún kemur úr Lambatungnajökli.

Svo sem fyrr greinir kveða heimildir um merki Stafafells á um að Skyndidalsá ráði mörkum inn í jökla en Lambatungnaá er hvergi nefnd. Samkvæmt því falla Hoffellslambatungur innan merkja Stafafells. Við skýrslutökur í máli því sem hér er til meðferðar kom fram hjá Gunnlaugi Ólafssyni frá Stafafelli að eldri menn sem áður fyrr hafi farið í smalamennskur í Lóni hafi haldið því fram að áin sem kemur úr Lambatungnajökli hafi áður verið nefnd Lambatungnaá en áin sem kemur úr Austurtungnajökli þá verið nefnd Skyndidalsá. Síðar hafi þetta víxlast. Hoffellslambatungur séu því utan landamerkja Stafafells. Ekki hafa þó komið fram nein gögn í málinu sem staðfesta þetta.

Landamerkjabréf Stafafells er ekki áritað vegna Hoffellslambatungna en Markús Gíslason, prestur í Stafafelli, er annar tveggja „umráðamanna“ sem hvor um sig áritar landamerkjabréf Hoffellstorfu frá 1884 vegna hálfis Þórólfsdals. Fyrirsvarsmenn Stafafells hafa þannig haft fulla vitneskju um bréf Hoffellstorfu og ekki að sjá að þeir hafi gert við það athugasemd. Svo virðist því sem óþarft hafi verið talið að árita bréfið vegna Stafafells. Kann það að skýrast af glöggri landfræðilegri afmörkun þar á milli, þ.e. Lambatungnaá.

Í landamerkjabréfi Krossalands í Lóni, dags. 3. maí 1890 og þingl. 17. maí 1893, er merkjum lýst með sama hætti og í landamerkjabréfi Stafafells enda var Krossaland í eigu Stafafellskirkju. Engar eldri heimildir liggja fyrir um landamerki Krossalands að þessu leyti.

Samkvæmt framangreindu ber eldri og yngri heimildum saman um að Skyndidalsá hafi ráðið

mörkum Stafafells að vestanverðu, ofan ármóta við Jökulsá, a.m.k. frá 1641. Þá verða merki Stafafells gagnvart Hoffellslambatungum ekki talin valda vafa.

Fyrstu lýsingu fyrirvarsmanna Stafafells á austurmerkjum jarðarinnar er að finna í vísitásiu Brynjólfs Sveinssonar frá 1641. Þar eru merki á móts við Hlíð og Bæ miðuð við stein á Steinsholt, mógil úr Hafrafellstindi hinum vestari og Hymbrynis tjörn, sbr. einnig lögfestu 1714 og vísitásiu frá 1727. Í lögfestunni 1714 er þó miðuð við Stafafellstind hinn vestari en ekki Hafrafellstind. Vísitásian er ekki varðveitt í frumriti og er hér líklega um mislestur að ræða í uppskrift hennar enda er aftur miðuð við Hafrafellstind í vísitásiu 1727. Þannig eru tekin tvö viðmið til vesturs, annars vegar í mógilið úr Hafrafellstindi/Stafafellstindi og hins vegar í Jökulsá. Merkjum þar á milli er hins vegar ekki lýst.

Í viðbæti séra Bjarna Sveinssonar um landamerki Stafafells frá 1886 er Jökulsá ekki nefnd en merkjum lýst í gilið í Hafrafellstindi „hinum eystra“ í stað vestari áður. Að auki er merkjum lýst áfram í norðvestur þar sem fjallseggjar ráði „alla leið inneptir og svo norður á við milli Sviftungna og innsta botns af Flugustaðadal í Álftafirði. Þaðan yfir Hofsjökul og gegnum skarðið milli hans og Þrándarjökuls þar sem vötnum hallar á báðar síður til Víðidals og Geithellnads og loks frá Þrándarjökli innanverðum inn í aðaljökulinn fyrir botni Víðidals þar sem Sauðahnúkur heitir og vötnum hallar norður frá til Fljótsdals.“

Í landamerkjabréfi Stafafells 1914 segir um mörkin að austanverðu að þar ráði fjallseggjarnar fyrir austan Víðidal út á Sviftungnavarp og áfram eftir fjallseggjum út á Hafradalsstafinn. Eftir það ræður á sú sem fellur út Hafradal allt út í gljúfurkjaftinn austanvert við Bláberjamýri; þaðan liggja mörkin beina leið í Skernabba á ofanverðum Nýgræðum og sjónhending í vörðuna á Steinsholt (Markhraun). Úr því beint út yfir Himbrimstjörn yfir Hrutshöfða þannig að sjónhending verði úr vörðunni á Markhrauni í austustu klettasnös í Vigrinni. Um norðurmörk jarðarinnar segir í bréfinu að Stafafellsland nái þangað sem vötn skilur á milli Lóns og Fljótsdals. Landamerkjabréf Stafafells er áritað af hálfu Hlíðar og Bæjar en ekki vegna landsvæða í Múlasýslum.

Nokkur örnefni í þessum lýsingum þarfnast skýringar. Samkvæmt örnefnaskrá Stafafells og Brekku er Steinsholt á Leirum, út frá Hraunkoti, og Himbrimatjörn austur af sama bæ. Steinsholt og Himbrimatjörn liggja því mjög sunnarlega í landi Stafafellstorfu. Örnefni Hafrafellstind, Stafafellstind og Sauðahnúk er hins vegar hvorki að finna á örnefnaskrá né kortum Landmælinga Íslands. Hafradalur þekktist og liggur á mörkum Stafafells og Hlíðar. Austan megin við dalinn, Hlíðarmegin, er Hafradalstindur, 891 m á hæð og Njörvatindar þar norðan við. Fyrir dalnum austanverðum, Stafafellsmegin, er Fláatindur, 880 m á hæð. Hafradalsstafn kemur fyrir í örnefnaskrá en óljóst er af þeim lýsingum hvort átt er við fremsta eða innsta hluta dalsins. Af hálfu eigenda jarðarinnar Stafafells er því haldið fram að Hafradalsstafn sé innst í Hafradal, á milli Fláatinds og Njörvatinda. Orðalag í landamerkjabréfi Stafafells 1914 styður þetta. Örnefni Hafrafellstindur og Stafafellstindur verða ekki staðsett með nokkurri vissu. Í skýrslutökum vegna máls þessa kom fram hjá Gunnlaugi Ólafssyni frá Stafafelli að hann gerði ráð fyrir að Hafrafellstindur væri sá tindur sem nú er nefndur Hafradalstindur.

Verður þá næst hugað að því hvernig merkjum gagnvart Stafafellslandi er lýst í heimildum um þau landsvæði sem merki eiga á móti að austan- og norðanverðu. Þar verða fyrst fyrir Bær og Hlíð í Lóni, síðan Flugustaðir, Hof og Múli í Geithellnahreppi (nú Djúpavogshreppi), Suður-Múlasýslu, og loks Suðurafréttir í Fljótsdal, Múli og Suðurfell, Norður-Múlasýslu.

Í landamerkjabréfi Hlíðar, dags. 9. september 1886 og þingl. 17. maí 1893, er merkjum að vestanverðu, gagnvart Stafafelli, lýst í Hlíðarárgljúfri, austan við Bláberjamýri, og eftir það ráði áin landamerkjum inn á Hafradalsvarp og þar eftir eggjarnar inn á Hvannadalsvarp. Landamerkjabréf Hlíðar 1886 er áritað af hálfu Stafafells og öfugt. Þá ber þess að geta að ódagsett athugasemd um merki Hlíðar í einu handriti Jarðabókar Ísleifs gerir einnig ráð fyrir að mógil úr Hafrafellstindi hinum vestari ráði hér landamerkjum. Hvannadalsvarp er innst í Hvannagili sem liggur á milli Stiga-

fjalla (1156 m) og Fláatinds (880 m), nokkuð vestan við Hafradal, og nær að Jökulsá. Norðan Hvannagils er Þröng, þar sem skilur á milli Bæjardals og Útstúkudals. Hinn síðarnefndi gengur til norðvesturs á milli Stigafjalla (1156 m) og Meingilstinds (1130 m). Fyrir enda Útstúkudals rís Afréttartindur (1212 m) ásamt Jökulgilstindum (1313 m) og jökulleifar þar umhverfis. Hvannagil afmarkar „Heimafjall“ Stafafells sem áður var nefnt. Í kafla 10.7. er komist að þeirri niðurstöðu að vesturmerki jarðarinnar Hlíðar, sem um leið eru austurmerki Stafafells, ná í Hvannadalsvarp og þaðan yfir í Þröng. Merki jarðarinnar Bæjar eru hins vegar talin ná inn í Útstúkudal og upp á fjallseggjar fyrir enda dalsins, sbr. kafla 10.8.

Landamerkjabréf Bæjar, dags. 10. júní 1922 og þingl. 10. júlí sama ár, er áritað af hálfu Stafafells og öfugt. Af lýsingum bréfanna má ráða að merki Stafafells og Bæjar eru mjög sunnarlega, utan við kröfuvæði ríkisins, neðan við merki Stafafells og Hlíðar. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Lýsing vesturmerkja í landamerkjabréfi Hlíðar 1886 fær samrýmst landamerkjabréfi Stafafells 1914 og yfirlýsingu séra Bjarna Sveinssonar 1886 en í báðum þessu heimildum er aukið við merkjalýsinguna með því að halda áfram norður. Eldri heimildir um austurmerki Stafafells, vísitasia 1641 og lögfesta 1714, tilgreina hins vegar sérstaklega að Stafafell og Hlíð eigi merki saman í mögil úr Hafrafellstindi/Stafafellstindi hinum vestari.

Verður þá næst hugað að þeim hluta austur- og norðurmerkja Stafafellslands sem snýr að Suður-Múlasýslu, þ.e. Flugustöðum, Hofi og Múla í fyrrum Geithellnahreppi. Í landamerkjabréfi Flugustaða, dags. 30. apríl 1884 og þingl. 23. júní sama ár, er merkjum að sunnan- og vestanverðu, gagnvart fjallendinu á mörkum Lóns og Geithellnahrepps, lýst eftir fjallseggjum á milli Starmýrardals og Flugustaðadals inn á varp fyrir innan Jökulfell. Í landamerkjabréfi Hofs, dags. 13. maí 1885 og þingl. 2. júlí sama ár, er merkjum að vestanverðu, gagnvart fjallendinu á mörkum Lóns og Geithellnahrepps, lýst frá Jökulfelli í norðurbrún Hofsjökuls. Í landamerkjabréfi Múla, dags. 27. júní 1885 og þingl. 2. júlí sama ár, eru merki að norðanverðu dregin frá upptökum Geithellnaár og merki að sunnanverðu dregin eftir röðlum á fjallgarði þeim sem aðskilur Hofsdal og Múladal „allt af innskerjum eptir því sem vötnum hallar“.

Landamerkjabréfum annars vegar Stafafells og hins vegar jarðanna Flugustaða, Hofs og Múla í Suður-Múlasýslu ber þannig saman í megindráttum enda þótt orðalag sé mismunandi og gagnkvæmar áritanir skorti. Merki eru þannig miðuð við fjallseggjar og vatnaskil sem jafnframt eru sýslu- og hreppamörk. Ekki verður séð að til séu eldri heimildir um merki þessara jarða í jarðaskjölum á Þjóðskjalasafni.

Loks á Stafafell merki til norðvesturs gagnvart Suðurafréttum í Fljótsdal, þ.e. Múla og Suðurfelli í Norður-Múlasýslu. Ekki verður séð að þessi landsvæði séu innan lýstra landamerkja jarða eða að til séu sérstök landamerkjabréf fyrir þau í landamerkjabók hjá sýslumanni eða landamerkjaskjölum á Þjóðskjalasafni. Þá er landamerkjabréf Stafafells ekki áritað þeirra vegna. Múlinn er afréttarland þeirra sem í Múlanum búa, á milli Jökulsár og Kelduár, en lömb og geldfé frá bænum Sturluflöt munu hafa verið rekin á Suðurfellsafréttinn.

Samkvæmt framangreindu miða heimildir frá árunum 1886 og 1914 austurmerki Stafafells við fjallseggjar og vatnaskil, norðar og austar. Heimildir frá tímabilinu 1641-1714 miða austurmerki Stafafells hins vegar við Jökulsá að norðanverðu og mögil úr Hafrafellstindi/Stafafellstindi þegar sunnar dregur. Hér ber þess að gæta að vísitasia Brynjólfs Sveinssonar biskups frá 1641 er rituð í þeim tilgangi að halda til haga eignum Stafafellskirkju, sbr. umfjöllun um máldaga og vísitasiur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Landamerki eru ekki beinlínis til umfjöllunar og því hugsanlegt að látið hafi verið duga að nefna helstu viðmið. Lögfesta sr. Guðmundar Magnússonar í Stafafelli frá 1714 tekur af þessi tvímæli með því að lýsa merkjum í meginatriðum eins, auk þess að tíunda allar eignir Stafafells. Lögfestan var lesin upp við Stafafellskirkju 3. júní 1714 og fyrir fimmtarstefnuréttinum við Papaós 20. júní 1736.

Samhengið á milli Jökulsár, sem á upptök sín ofan við Vesturdal, og Hafrafellstinds/Stafafells-tinds í bæði vísitásiu og lögfestu er hins vegar ekki skýrt og örnefnið Hafrafellstindur/Stafafells-tindur verða ekki staðsett með vissu. Ljóst er þó að umræddur tindur skilur á milli Hlíðar og Stafafells enda bera aðrar merkjalýsingar með sér að Bær og Stafafell eiga merki saman út við sjó. Í landamerkjabréfi Hlíðar frá 1886, sem áritað er af hálfu Stafafells, er merkjum lýst inn á Hvannadalsvarp og tekið fram að það sé á mótis við Stafafell. Eðlilegt er að draga þá ályktun af samhengi örnefna í heimildum um merki Stafafells að efsti punktur gagnvart Hlíð, Hafrafellstindur eða Stafafellstindur, geti ekki hafa verið norðar en Hvannadalsvarp.

Það landsvæði, sem þannig er utan eldri landamerkjalyýsinga Stafafells en innan þeirra yngri, tekur til Innfjalla og Framfjalla ofan við Hvannadalsvarp, sbr. framangreinda lýsingu á staðháttum. Þarna eru m.a. Geldingafell, Markalda, Háás, Hofsjökull, Flugustaðatindar, Sviptungnavarp, Hnappadalstindur, Hnappadalur, Jökulgilstindar, Stigafjöll og innan þess eru m.a. Kollumúlaheiði, Kollumúli og Viðidalur.

Hér hafa að framan m.a. verið raktar heimildir um merki Stafafells til til vesturs, þangað sem Lambatungnaá kemur undan Austurtungnajökli, og norðvesturs, gagnvart Fljótsdal. Merkjum Stafafells á svæðinu þar á milli, þ.e. gagnvart Vatnajökli er hins vegar hvergi lýst sérstaklega.

Af hálfu eigenda Stafafells er gerð krafa um að allt það svæði á Vatnajökli sem til meðferðar er í máli þessu, sbr. kafla 2.3., sé hluti af landi Stafafells, nánar tiltekið frá sporði Austurtungnajökuls og eftir honum norðvestur í nafnlausan hnjúk í 1500 m hæð sunnan Grendils og áfram í sveig á vatnaskilum í Grendil (1570 m). Þaðan ráði sýslumörk Austur-Skaftafellssýslu og Múlasýslna á vatnaskilum. Kröfugerð íslenska ríkisins felur hins vegar í sér að umræddur hluti Vatnajökuls sé þjóðlenda.

Kröfu þessari til stuðnings vísa eigendur Stafafells til landamerkjabréfs jarðarinnar þar sem segir svo: Að norðan „nær Stafafellsland þangað, sem vötn skilur milli Lóns og Fljótsdals“. Þarna séu vatnaskil og falli saman lýsing landamerkjabréfs Stafafells og sýslumörk. Um þessa línu hafi ekki verið ágreiningur enda þótt hún hafi ekki verið endanlega hnitasett eða vatnaskilin nákvæmlega fundin. Jafnframt er vísað til þeirrar afmörkunar sem fram kemur í auglýsingu um friðlýsingu á Lónsöræfum (Stafafellsfjöllum), nr. 31/1977.

Óbyggðanefnd telur að heimildir um merki Stafafells bendi til þess að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar, milli Skyndidalsár og Jökulsár, næðu allt að Vatnajökli enda náði hann um aldir nokkru sunnar en nú, væntanlega lengst um 1890. Þannig miða vísitásiur 1641 og 1727 og lögfesta 1714 við Skyndidalsá og Jökulsá sem báðar koma undan jökli, auk þess sem tekið er sérstaklega fram að staðurinn eigi allt land og skóga á milli ána og á fjöll upp. Þessu til stuðnings eru heimildir um merki Þórisdals frá 1467 þar sem segir að Dalur eigi „alla jörð óslitna í millum Jökulsár og Laxár og allt inn undir jökul“. Þá er í landamerkjabréfi Stafafells 1914 kveðið á um að Skyndidalsá ráði „mörkum inn í jökla“ en að norðan er miðað við vatnaskil milli Lóns og Fljótsdals, sbr. einnig lýsingu séra Bjarna Sveinssonar frá 1886. Jafnframt má vísa til þess að mörkum gagnvart jökli er ekki lýst að öðru leyti í þessum heimildum. Jökullinn hefur afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti til vesturs að ekki var talið þurfa umfjöllunar við.

Mörk sýslna- eða sveitarfélaga hafa ekki verið dregin á jöklinum fyrr en á síðustu árum og þá einungis óformlega. Ákvæði landamerkjabréfsins um að Stafafellsland nái að norðan „þangað, sem vötn skilur milli Lóns og Fljótsdals“ verður ekki talið eiga við jökulsvæðið, sbr. einnig eldri heimildir um merki Stafafells. Þá telur óbyggðanefnd að ákvæði auglýsingar nr. 31/1977 sé ekki bindandi um túlkun á landamerkjalyýsingu Stafafells enda er þar lýst mörkum friðlýsts lands á Lónsöræfum (Stafafellsfjöllum) en ekki Stafafellsjarðar. Krafa eigenda Stafafells og Brekku um að merki Stafafellsjarða og beinn eignarréttur nái til hluta Vatnajökuls verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um merki Stafafells eða auglýsingu nr. 31/1977 en um önnur þau atriði sem kröfu þessa varða er fjallað síðar.

Staðháttum á því svæði sem hér er til meðferðar er lýst hér að framan. Ástæða er til að gera einnig grein fyrir gróðurfari á síðustu áratugum. Almennt má segja að í fjallendinu séu víðáttumikil ógróin eða lítt gróin svæði, bæði vegna hæðar fjallanna, brattlendis og lausaskriðna, en víðáttan er mikil, og samanlagt er mikill gróður í fjallendinu. Sérstök gróðurfarsleg skilyrði sem fjölbreytilegt landslagið skapar, s.s. skjól, hæfileg snjóþyngsli og raki í dölum, valda þar mestu um. Í dalbotnum og neðst í hlíðum þeirra er því helst gróður. Þegar hærra dregur í fjallendið tekur við mosagróður sem verður æ gisnari, tegundasnaudari og rýrari sem beitargróður með vaxandi hæð. Brattar, lausar skriður og fjöllin ofanverð eru gróðurlaus að mestu. Gróður Víðidals hefur sérstöðu þegar tekið er tillit til þess hve hátt dalurinn stendur. Óvíða nær gróður, annar en mosagróður, hærra en í 200-300 m hæð. Þá ber þess að geta að talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Lóni, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er og jöklar minni, sbr. kafla 5.2. og 5.4.

Í Eskifellsfjöllum er vel gróið land framan í Suðurfjalli (Ketilhlíð, Hrossabeinamýrar) og gróður er í neðanverðum norðurhlíðum Skyndidals. Gróður er í Eskifelli og í umhverfi þess og skógartorfur í vesturhlíðum þess. Frá fellinu er allmikill gróður í norðanverðri Kjarrdalsheiði og í Kömbum allt inn undir Illakamb. Að öðru leyti eru Eskifellsfjöllin lítt gróin vegna hæðar og brattlendis nema helst mosagróðri í daldrögum.

Í Framfjöllum er mestur gróður í Heimafjallinu. Þar er skóg- og kjarrlendi í neðanverðum hlíðum Hvannagilshnútu og teygir það sig suður um Brekkubrúnir ofan Stafafells. Í Austurskógum er mikið skóglendi milli Grenigils og Hnappadalsár og er það vöxtulegast í Koltungu. Skógurinn er á áreyrunum og við brekkurætur en hann nær aðeins skammt upp í sundurgrafnar hlíðarnar. Stigafjöllin eru gróðurlítill. Allvænt skóglendi ásamt öðrum gróðri er í Hellisskógi og í austurhlíðum Hellisskógsheiðar og í Hvannagildal neðanverðum er gróið land. Að öðru leyti er fjallendi Austurskóga lítt gróið vegna hæðar og brattlendis.

Mikill hluti af áreyrum Jökulsár í landi Stafafells er ógróinn eða lítt gróinn en þar sem rennsli árinna hefur verið heft af náttúrunnar eða manna völdum hafa eyrnar gróið tiltölulega hratt upp. Þannig má nefna eyrnar fyrir neðan fyrirhleðslu frá Dimu í brekkurætur Dalsfjalls og neðan fyrirhleðslu í sambandi við veg- og brúargerð yfir eyrnar frá 1952. Undirlendi austan árinna frá Gildrufjalli til sjávar er mjög vel gróið.

Innfjöllin vestan Jökulsár eru lítt gróin vegna hæðar og brattlendis. Gróður er þar norðan í Kömbum og skógartorfur eru við Norðlingavað sunnan Jökulsár í 150-200 m hæð. Þá er gróður í suðurhlíðum Norður-Lambatungnafells, upp með Lambatungnaá og í undirhlíðum Öxarfells og Suðurfjalls. Í Víðidal er stærsta samfellda gróðurlendi fjalllendisins og norður af dalnum teygir gróður sig upp í 500-600 m hæð upp eftir Víðidals- og Víðidalsþverárdrögum. Kollumúlinn er að framan vaxinn kjarri langt upp í hlíðar og neðanvert í múlanum eru vöxtuleg tré. Kjarrlendi nær upp með ánni norðanverðri inn í Leiðartungur.

Eru þá einkanlega ótalin rýr, mosagróin svæði víðs vegar þar sem skilyrði eru óhagstæð en sem þó geta framfleytt slíkum gróðri.

Hér hafa að framan verið raktar þær lýsingar á merkjum Stafafells sem fram koma í heimildum frá 1641 og síðar. Í beinu framhaldi af umfjöllun um merki í vísitásiu Brynjólfs frá 1641 segir að staðurinn eigi „allt land, og skóga að frateknum Þoru skoge Einholltz kyrkiu, millum henⁿar [þ.e. Jökulsár] og skindildalzar ár og á fioll vpp [fyrer] Jnnan Keteldalzar heidi, og Vydedal allann ...“, sbr. einnig lögfestuna 1714 og vísitásiuna 1717. Loks eru taldir upp skógarteigar Stafafells, í Skálahvammi, Stífangahlíð og Hlíðardal, auk selfarar og hrossabeitar í Barma. Óbyggðanefnd telur þetta orðalag fremur bera með sér að rétti Stafafellskirkju til Ketildalsheiðar og Víðidals sé skipað með óbeinum eignarréttindum kirkjunnar en að í því felist einhvers konar viðauki við lýsingu landamerkja jarðarinnar. Ketildalsheiði sú, sem nefnd er í sömu andrá og Víðidalur bæði 1641 og 1714, þó nefnd Ketilstaðaheiði í seinna skiptið, þekkist ekki lengur. Þóruskógur var á Skyndidal, eftir því

sem greinir í yfirlýsingu séra Bjarna Sveinssonar 1886, en um hann er einnig fjallað í heimildum frá 1714 og 1887.

Ýmsar fleiri heimildir greina frá eignarréttindum eða nytjum Stafafells á tilteknum svæðum. Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1709 segir að staðnum sé „eignaður Viðidalur“. Þar segir jafnframt fyrst að staðurinn eigi „afrétt í Kollumúla“. Hið sama kemur fram í bréfi prófestsins í Stafafelli frá 1794 þar sem segir jafnframt að hann liggja afskekkt, þangað sé illlært og lífsháski að gefa sig þangað í leitir. Bæði Viðidalur og Kollumúli liggja austan Jökulsár, upp undir sýslumörkum Austur-Skaftafellssýslu og Múlasýslna. Ekkert liggur nánar fyrir um hvenær eða hvernig stofnað hafi verið til eignarréttinda Stafafellskirkju yfir þessum landsvæðum.

Viðidalur er ekki kallaður afréttur eins og Kollumúli en þegar fjallað er um Viðidal og Kollumúla í heimildum, að undanskildum búskap á Grund með hléum frá 1835-1897 hvað þann fyrrnefnda varðar, er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot, auk skógarhöggs 1854, sbr. bréfaskrifir staðarhaldara og biskups 1794-1795, úttektir prófesta á tímabilinu 1824-1881, brauðamat 1854 og gerðabók yfirjarðamatsnefndar 1849.

Um „afréttarland“ Stafafells er fjallað almennt í ýmsum heimildum og það sagt víðlent en fjarlægt og allt sundurskorið af vatnsföllum, klettabeltum, giljum og gljúfrum, sbr. brauðamat og lýsingu prófests frá 1898 og úttekt frá 1912. Fjallgöngur eru sagðar kosta „ótrúlega mikinn tíma og fyrirhöfn“, sbr. m.a. brauðamat 1898. Heimildir um smalamennsku á 20. öld greina frá því að vestan Jökulsár hafi Eskifellsfjöll verið smöluð allt inn í Tröllakróka og Vesturdal. Austan Jökulsár voru Kollumúli og Viðidalur smalaðir og einnig var farið yfir Viðidalsá í Sviptungur og Grisatungnagil.

Í kjölfar þess að landamerkjalgög taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Stafafell með hjáleigum. Þar er merkjum lýst mun norðar en í vísitásiúm tveggja biskupa frá 17. öld og lögfestu Stafafellsprests frá 18. öld. Af þeim greinarmun sem gerður er á Viðidal og Kollumúla annars vegar og öðru landi Stafafells hins vegar í heimildum frá því þeirra er fyrst getið, Viðidals 1641 en Kollumúla 1709, og fram til 1886 þegar merkjum er fyrst lýst svo langt norður, má jafnframt ráða að þessi landsvæði hafa ekki verið órofa hluti Stafafellsjarðar. Svo mikið ber þannig á milli að lýsingar hinna eldri heimilda mæla í mót landamerkjabréfinu að þessu leyti. Ætla má að skýrar hefði verið um þetta stóra landsvæði fjallað í hinum eldri heimildum hefði það þá verið talið innan merkja Stafafells. Landamerkjabréf Stafafells styðst við yfirlýsingu sr. Bjarna Sveinssonar frá 1886 sem þó er mun ítarlegri um merkin hið efra. Á umfjöllun Bjarna um þau merki verður að líta sem hugmyndir hans eða tillögur, jafnvel viðbætur, enda verður ekki séð að þar hafi verið byggt á eldri merkjalýsingum.

Ekki er því í ljós leitt að land austan Jökulsár og ofan Hvannadalsvarps hafi verið innan landamerkja Stafafells fyrir gerð landamerkjabréfsins 1914. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar ekki til annars en að landamerkjum Stafafells til annarra átta sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Landamerkjabréf Stafafells er áritað vegna Hlíðar, Bæjar og Þórisdals, og landamerkjabréf Hlíðar og Bæjar eru einnig árituð og þinglesin. Þá er ljóst að fyrirsvarsmáður Stafafells áritar landamerkjabréf Hoffellstorfu athugasemdalaust, í nafni eignarhluta kirkjunnar í jörðinni Þórisdal. Stafafellsbréfið er hins vegar ekki áritað vegna Hoffellslambatungna í Nesjum, Flugustaða, Hofis og Múla í Suður-Múlasýslu eða Suðurafrétta, þ.e. Múla og Suðurfells, í Norður-Múlasýslu. Engu að síður er það þinglesið og fært í landamerkjabók án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem máli skipti. Hér ber þess að gæta að ekki verður séð að nokkrir hafi kallað til réttinda yfir landinu næst Múlasýslum aðrir en Stafafellsmenn í Viðidal og Kollumúla og fyrirstöðu því ekki að vænta. Við gerð landamerkjabréfsins 1914, sbr. einnig lýsingu séra Bjarna Sveinssonar 1886, er landamerkjum jarðarinnar hins vegar lýst að þessum landsvæðum meðtöldum. Hreppa- og sýslumörk gagnvart Múlasýslum, með fjallsbrúnum og á vatnaskilum, hafa blasað við sem skýr og hentug viðmiðun. Við þau var hins vegar ekki miðað fyrir þennan tíma.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Stafafell, eins og hún var afmörkuð fyrir gerð landamerkjabréfsins 1914 og yfirlýsingu sr. Bjarna Sveinssonar 1886, og að því marki sem land hefur komið undan Vatnajökli síðan, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma fram til friðunar hluta landsins 1977. Innan þeirra marka sem fyrst eru tilgreind um miðja sautjándu öld hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Framfjallasvæðið, inn að Hvannadalssvarpi, hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Fjalllendið liggur upp af áreyrum Jökulsár og verður ekki skilið frá landi jarðarinnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggdist á beit. Óbyggðanefnd telur að ítak á Skyndidal styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Hjáleigur Stafafells, að undanskilinni Grund í Víðidal, voru á undirlendinu upp með Jökulsá, á Eskifells- og Framfjallasvæðinu. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan þessara merkja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Óbyggðanefnd telur hins vegar ekki verða ráðið af heimildum að réttur Stafafells til Víðidals og Kollumúla hafi verið meiri en fylgja afréttareign. Heimildir um búsetu í Grund í Víðidal með hléum á tímabilinu 1835-1897, þar sem fram kemur að sótt hafi verið leyfi til Stafafellsmanna og leiga greidd þangað, ber að skoða í þessu ljósi. Augljóst er að þessi búseta hefur haft áhrif á afréttarnot Stafafells af svæðinu.

Þá er ekki í ljós leitt að annað fjallendi austan Jökulsár og ofan við Hvannadalssvarp og svæðið innan jaðars Vatnajökuls, á milli upptaka Skyndidalsár og Geldingafells, hafi verið nýtt frá Stafafelli og engar heimildir eru um tiltekin réttindi staðarins á því svæði. Ráðstafanir og nýting eigenda Stafafells á þessu landsvæði eftir gerð landamerkjabréfsins 1914, þ.e. óformlegt samþykki við skálagerð, aðild að friðlýsingu, forganga um gerð deiliskipulags og flutningur ferðamanna inn á Lónsöræfi, getur ekki grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt telur óbyggðanefnd að svo óljós yfirlýsing einstaks handhafa framkvæmdavalds sem aðild Náttúruverndar ríkisins að friðlýsingu Lónsöræfa, sbr. auglýsingu nr. 31/1977, hafi ekki stofnað til réttinda Stafafellsbænda yfir annars vegar landinu austan Jökulsár og ofan við Hvannadalssvarp og hins vegar innan Vatnajökuls, á milli upptaka Skyndidalsár og Geldingafells. Krafa eigenda Stafafells um beinan eignarrétt á þessum svæðum verður því ekki talin eiga við stýðjast.

Þegar lítið er til alls þess sem að framan er rakið um afmörkun Stafafells, eins og því er lýst í landamerkjabréfi 1914, og nýtingu þess, verður ekki talið að það hafi nokkurn tímann í heild sinni verið undirorpið fullkomnum eignarrétti einstaklinga, kirkjunnar eða ríkisins, hvorki fyrir nám, hefð, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir þannig til þeirrar niðurstöðu að land innan landamerkja Stafafells, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi 1914, hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu; eignarland á Eskifellssvæðinu milli Skyndidalsár og Jökuldalsár, eignarland í Framfjöllum, upp að Hvannadalssvarpi, þjóðlenda í Framfjöllum ofan Hvannadalssvarps og þjóðlenda í Innfjöllum austan Jökulsár, þ.m.t. í Víðidal og Kollumúla, þó þannig að síðastnefndu tvö svæðin eru í afréttareign Stafafells. Þá er það og niðurstaða óbyggðanefndar, sbr. framangreint, að land innan jökuljaðars Vatnajökuls, á milli upptaka Skyndidalsár og Geldingafells, sé þjóðlenda.

Eftir er þá að leysa úr því hver séu mörk eignarlands og þjóðlendu milli Hvannadalssvarps og Jökulsár og afmarka afréttareign Stafafells í Víðidal og Kollumúla.

Samkvæmt því er ráða má af hinum eldri heimildum um landamerki Stafafells liggja vesturmerki í Skyndidalsá en austurmerki að norðanverðu í Jökulsá. Skyndidalsá rennur í Jökulsá suðaustur af Eskifelli. Þar skiptir um þannig að Jökulsá ræður vesturmerkjum en austurmerki liggja á móti jörðinni Hlíð upp í Hvannadalssvarp. Ekki verður af þessum heimildum ráðið hvernig merki

skuli dregin á milli Hvannadalsvarps og Jökulsár. Með hliðsjón af notum eigenda Stafafells af undirlendinu upp með Jökulsá telur óbyggðanefnd rétt að skýra þennan vafa þeim í hag þannig frá Hvannadalsvarpi verði dregin lína í hæsta tind Stigafjalla og þaðan í hæsta punkt á Hellisskógsheiði og loks í þann stað þar sem Jökulsá kemur úr þrengslum austan Kjarrdalsheiðar.

Sá jökuljaðar, sem eigendur jarðarinnar Stafafells gætu hafa horft til þegar þeir lýstu merkjum í jökul, síðast 1914, hefur að öllum líkindum gengið til baka. Land, sem þá var hulið jökli, er því jökullaust nú. Sá jökuljaðar, sem landnám kann að hafa miðast við, hefur hins vegar síðar gengið fram. Land, sem nú er hulið jökli, hefur því verið jökullaust á þeim tíma. Engin leið er að ákvarða með nokkurri vissu hvaða landsvæði hafa horfið undir jökul frá landnámi eða hversu langt landnámið náði. Þá hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðl. Ekki eru hins vegar efni til að land undir smájökklum og heilsársfönnum sem skilist hafa frá jökulbreiðunni hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað það land sem utan jökulrandar er.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan landamerkja jarðarinnar Stafafells, eins og þeim er lýst í heimildum frá því fyrir 1886, sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.4., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Af hálfu eigenda Stafafells og Brekku hefur ekki verið sýnt fram á að land utan landamerkja Stafafells samkvæmt heimildum frá því fyrir 1886, þ.e. Framfjöll ofan línu sem dregin er á milli Hvannadalsvarps, hæsta tinds Stigafjalla, hæsta punkts á Hellisskógsheiði og þess staðar þar sem Jökulsá kemur úr þrengslum austan Kjarrdalsheiðar og í Innfjöllum austan Jökulsár, þ.m.t. Víðidal og Kollumúla, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Sama máli gegnir um landsvæðið innan jökuljaðars Vatnajökuls, á milli upptaka Skyndidalsár og Geldingafells. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði, innan og utan jökuljaðars, sé Þjóðlenda.

Fyrirliggjandi gögn um Víðidal og Kollumúla og frásagnir um smölun benda til þess að Framfjöll ofan Hvannadalsvarps og Innfjöll austan Jökulsár hafi verið nýtt sem afréttur. Ljóst er að einstakir hlutar þessa landsvæðis eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að allt framangreint landsvæði hafi að staðaldri verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Það er á hinn bóginn ekki mögulegt að greina eða flokka viðkomandi land nánar í „hreina Þjóðlendu“ annars vegar og Þjóðlendu sem undirorpin er afréttareign eigenda jarðanna Stafafells og Brekku hins vegar. Telur óbyggðanefnd, eins og hér háttar til, rétt að jarðeigendur njóti fyrirliggjandi vafa þannig að allt framangreint land teljist í afréttareign þeirra.

Það er því niðurstáða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, þ.e. Framfjöll ofan Hvannadalsvarps og Innfjöll austan Jökulsár, þ.m.t. Víðidalur og Kollumúli, og landsvæði það á Vatnajökli, sem til meðferðar er í máli þessu, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá hreppamörkum Nesja og Lóns við jaðar Austurtungnajökuls (punktur 44, sbr. einnig punkt 17 í kröfugerð vegna Hoffellslambatungna í máli nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes) er dregin lína í hnjúk (1526 m háan) og áfram í annan hnjúk (1505 m háan) og loks í þann þriðja, nafnlausan hnjúk sunnan Grendils (punktur 45) og áfram í Grendil, þaðan yfir hnjúk (1438 m háan) og í Geldingafell (punktur 46), þar sem eru mörk sveitarfélagsins Hornafjarðar við Fljótsdalshrepp. Þeim mörkum er fylgt og einnig mörkum sveitarfélagsins Hornafjarðar við Djúpvavogshrepp, allt að hæsta hnjúk Jökulgilstinda

(punktur 51). Þaðan er haldið áfram eftir fjallseggjum Stigafjalla og í hæsta tind þeirra, yfir í hæsta punkt á Hellisskógsheiði og í Jökulsá, þar sem hún kemur úr þrengslum austan Kjarrdalsheiðar, sunnan Svinadalshnútu. Loks er Jökulsá fylgt allt til upptaka sinna í Vesturdal. Frá þeim stað þar sem Jökulsá kemur undan jökli í Vesturdal og til suðuráttar, meðfram jaðri Vatnajökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, þar til kemur að hreppamörkum Nesja og Lóns við jaðar Austurtungnajökuls.

Eftirfarandi hluti þessa landsvæðis, þ.e. Framfjöll ofan Hvannadalssvarps og Innfjöll austan Jökulsár, allt að jaðri Vatnajökuls, er í afréttareign eigenda jarðarinnar Stafafells, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga:

Frá þeim stað þar sem Jökulsá kemur undan jökli í Vesturdal og meðfram jaðri Vatnajökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, þar til kemur að mörkum sveitarfélagsins Hornafjarðar við Fljótsdalshrepp. Þeim mörkum er fylgt og einnig mörkum sveitarfélagsins Hornafjarðar við Djúpvavogshrepp, allt að hæsta hnjúk Jökulgilstinda (punktur 51). Þaðan er haldið áfram eftir fjallseggjum Stigafjalla og í hæsta tind þeirra, yfir í hæsta punkt á Hellisskógsheiði og í Jökulsá, þar sem hún kemur úr þrengslum austan Kjarrdalsheiðar, sunnan Svinadalshnútu. Loks er Jökulsá fylgt allt til upptaka sinna í Vesturdal.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis, sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign eigenda Stafafells, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að Stafafellsland, eins og það er afmarkað í landamerkjabréfi frá 1914, að öðru leyti teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver sé efnislega réttur handhafi þeirra eignarréttinda eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfugerð ábúenda Bjarnaness I og II um beitarréttindi innan Skyndidalsár byggist á og vísar til meintra réttinda eigenda Stafafells og Brekku á því svæði. Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland vestan Jökulsár og afréttareign austan Jökulsár, ofan línu sem dregin er á milli Hvannadalssvarps, hæsta tinds Stigafjalla, hæsta punkts á Hellisskógsheiði og þess staðar þar sem Jökulsá kemur úr þrengslum austan Kjarrdalsheiðar, og eignarlands þar fyrir sunnan, verður ekki talið að krafa ábúenda Bjarnaness um beitarréttindi þarfnist sjálfstæðrar skoðunar í máli þessu, sbr. 7. gr. og 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Friðlýst svæði á Lónsöræfum, sbr. auglýsingu nr. 31/1977, nær til stærsta hluta þess landsvæðis sem hér hefur verið lýst Þjóðlenda og að hluta afréttareign jarðarinnar Stafafells. Það er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

10.7. Hlíð

Hér verður fjallað um landsvæði það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hlíðar, dags. 9. september 1886 og þingl. 17. maí 1893, ásamt landsvæði því í norðanverðum hlíðum Stigafjalla sem kröfugerð eigenda Hlíðar tekur einnig til.

Að Hlíð liggur jörðin Stafafell að vestan, Bær að norðan og austan, og til suðausturs er hafíð. Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er undirlendi en fjalllendi og heiðarlönd að norðan-

verðu. Fjallendið liggur á milli Hafradals og Bæjardals sem báðir teygja sig upp af láglandinu. Að austanverðu teygir Bæjardalur sig upp af láglandinu 8-9 km til norðurs en sveigir síðan til vesturs við Stóru-Koltungu og er aðrir 4-5 km að lengd uns hann endar við Þröng. Bæjardalur er í um 40 m hæð neðst en þar sem hann endar við Stóru-Koltungu er dalbotninn í um 80-100 m hæð. Innan við Bæjardalinn tekur Útstúkudalur við og nær inn undir Jökulgilstinda (1313 m), umkringda jökulskellum. Fremst í fjallendinu á milli Bæjardals og Hafradals er Hlíðarfjall, 494 m að hæð, en er norðar dregur hækkar fjallendið að jafnaði upp í 800-900 m. Á þessari leið, upp að Jökulgilstindum, eru m.a. Hafradalstindur (891 m), Njörfatindar (776 m), Lambafell (481 m) og Koltungutindur (1156 m).

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Fláatindi í Hafradalstind og beina sjónhendingu í punkt mitt á milli Hvítamelsbotna og Svartagilsheiðar. Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda ofan Hafradalstinds, þ. á m. á innanverðum Bæjardal og Hafradal. Á móti hafa eigendur jarðarinnar Hlíðar lýst kröfum um beinan eignarrétt yfir landi á sama svæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.10.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er m.a. vísað til landnáms, sem í meginráttum hafi einungis verið á undirlendi, heimilda um afréttarnot, staðháttu, víðáttu, gróðurfars og hæðar yfir sjó. Samkvæmt gildandi rétti þurfi landeigandi að færa sönnur á eignarheimildir sínar og Hæstiréttur hafi gert ríkar kröfur til sönnunar á beinum eignarrétti að hálendi, fjöllum og öræfum. Kröfulínan þarna taki að meginþunga til mið af landnámsheimildum og heimildum um afréttarnot. Aldrei hafi reynt á eignarrétt yfir landi innan umræddra merkja og eldri merkjalýsing en landamerkjabréfið ekki fyrir hendi.

Þinglýstir eigendur Hlíðar, sbr. kafla 8.3., vísa m.a. til landnáms, nýtingar, kunnra og óumdeilda landamerkja samkvæmt landamerkjabréfi, dags. 6. september 1886, athugasemdalausra þinglýsinga, lýsingar landamerkja í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709, fyrirkomulags smölunar, heimildarskjala, svo sem afsala og kaupsamninga, skattgreiðslna og hefðar. Þegar landamerkjabréf jarðarinnar hafi verið ritað hafi lýsing þess endað í jökli en hann hafi síðar hopað. Þá leiði landfræðilegar aðstæður einnig til þeirrar niðurstöðu að merki liggja þar áfram með fjallseggjum. Enginn munur sé á eignarréttarlegri stöðu lands innan jarðarinnar og íslenska ríkið beri sönnunarbyrðina fyrir því að það sé ekki eignarland.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Hlíð er rakin í kafla 6.6. Þar kemur fram að Hlíðar er getið í heimildum allt frá 13. öld en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til fyrri hluta 11. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellsýslu, sbr. kafla 10.2.

Í einu handriti jarðabókar Ísleifs Einarssonar frá 1709, sennilega skrifað nálægt aldamótunum 1800, er að finna athugasemd um landamerki jarðarinnar Hlíðar. Þar er landamerkjum lýst og vísað í tvær tilgreindar lögfestur, frá 1717 og 1748, sem þó hafa ekki fundist á Þjóðskjalasafni Íslands. Hins vegar hafa hvorki höfundur þessarar athugasemdar né aðrir hlutadeigandi staðfest hana með undirritun sinni. Hún verður því ekki talin hafa þýðingu um þau atriði sem réttir aðilar kveða á um með formlegum hætti í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1886.

Fyrstu formlegu lýsinguna á landamerkjum jarðarinnar Hlíðar er að finna í landamerkjabréfi hennar, dags. 9. september 1886 og þingl. 17. maí 1893. Merki Hlíðar í austur og norður, gagnvart Bæ, eru sögð liggja úr Steinsholti eftir tilteknum sjónhendingum í Karlsá „inn í Útstúkudal“. Karlsáin rennur frá jökulskellum við Jökulgilstinda og Afréttartinda, niður Útstúkudal og áfram suður eftir Bæjardalnum. Skil Útstúkudals og Bæjardals eru við Þröng þar sem Karlsá rennur mjög þröngt. Bréf Hlíðar er áritað af hálfu Bæjar. Landamerkjabréf Bæjar, dags. 10. júní 1922, þingl. 10. júlí sama ár, er einnig áritað af hálfu Hlíðar og merkjum lýst því sem næst eins. Engar eldri heimildir eru um landamerki Bæjar að þessu leyti, sbr. kafla 10.8.

Landamerki Hlíðar að vestanverðu, gagnvart Stafafelli, eru samkvæmt landamerkjabréfi Hlíðar í Hlíðarárgljúfri, austan við Bláberjamýri, og eftir það ræður áin landamerkjum inn á Hafradalsvarp og þar eftir eggjarnar inn á Hvannadalsvarp. Bréfið er áritað af hálfu Stafafells. Landamerkjabréf Stafafells, dags. 23. apríl 1914 og þingl. 10. júlí 1922, er einnig áritað af hálfu Hlíðar. Sú landamerkjalinna, sem dregin er í bréfi Hlíðar, fær samrýmt lýsingum austurmerkja í landamerkjabréfi Stafafells 1914 og yfirlýsingu séra Bjarna Sveinssonar 1886 enda þótt merkjum Stafafells sé þar lýst lengra. Þannig er miðað við ána sem fellur út Hafradal, „þaðan í Hafradalsstafinn, eftir fjalls-eggjum á Svíptungnavarp og fjallseggjarnar fyrir austan Víðidal“. Eldri heimildir um austurmerki Stafafells, visitasía 1641 og lögfesta 1714, tilgreina hins vegar sérstaklega að Stafafell og Hlíð eigi merki saman í mógil úr Hafrafellstindi/Stafafellstindi hinum vestari. Örnefni Hafrafellstindur og Stafafellstindur verða ekki staðsett með vissu. Í kafla 10.6. er dregin sú ályktun af samhengi örnefna í heimildum um Stafafell að efsti punktur gagnvart Hlíð, Hafrafellstindur eða Stafafellstindur, geti ekki hafa verið norðar en Hvannadalsvarp.

Þess ber að geta að í athugasemdum í framangreindu handriti Jarðabókar Ísleifs Einarssonar er merkjum Hlíðar gagnvart Bæ lýst á sama hátt og í landamerkjabréfi Hlíðar og merkjum gagnvart Stafafelli er lýst með svipuðum hætti og í landamerkjabréfinu, sbr. visitasíu 1641 og lögfestu 1714.

Samkvæmt framangreindu á Hlíð merki norður í Hvannadalsvarp gagnvart Stafafelli en í Karlsá „inn í Útstúkudal“ gagnvart Bæ. Merkjum þar á milli er ekki lýst. Hvannadalsvarp er innst í Hvannagili sem liggur á milli Stigafjalla (1156 m) og Fláatinds (880 m), nokkuð vestan við Hafradal og nær að Jökulsá. Norðan Hvannagils er Þröng, þar sem skilur á milli Bæjardals og Útstúkudals. Hinn síðarnefndi gengur til norðvesturs frá Þröng, á milli Stigafjalla (1156 m) og Meingilstinds (1130 m). Fyrir enda Útstúkudals ris Afréttartindur (1212 m) ásamt Jökulgilstindum (1313 m) og jökulleifar þar umhverfis. Kröfugerð eigenda Hlíðar fyrir óbyggðanefnd, eins og hún er teiknuð á meðfylgjandi uppdrætti, gerir ráð fyrir að merki hennar nái frá Hvannadalsvarpi eftir fjallseggjum Stigafjalla í Jökulgilstinda og þaðan í Karlsá niður Útstúkudal. Innan þeirra merkja sem þannig er dregin eru norðausturhlíðar Stigafjalla. Þessu til stuðnings er vísað til landamerkjabréfs Stafafells og þess að jökull hafi hopað frá því landamerkjabréf Hlíðar var gert 1886.

Líklegt er að á 17. og 18. öld hafi smájökullinn við Jökulgilstinda og Afréttartind náð lengra en nú er. Þorsteinn Geirsson, einn af eigendum Bæjar, lýsti því við skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd að fyrir sextíu árum hafi dalurinn verið fullur af snjó. Í greinargerð Odds Sigurðssonar jöklafræðings, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, sbr. einnig kafla 5.4., segir hins vegar að augljóst sé á jökulleifunum sunnan í Jökulgilstindum að þeir hafi ekki verið miklu stærri um 1890 þegar flestir jöklar náðu hámarki á sögulegum tíma enda sé ekki við því að búast af svo bröttum jökulum. Á loftmyndum, sem teknar voru af þessu svæði í júní 2002, í mælikvarðanum 1:50 000, sést að þar eru nú ekki samfelld jökulbreiða.

Óbyggðanefnd telur merkjalýsingu Hlíðar ekki bera með sér að eigendur jarðarinnar hafi litið svo á að merki hennar næðu norðar en að Hvannadalsvarpi. Þá er ólíklegt að við gerð landamerkjabréfsins hafi jökull náð umtalsvert miklu sunnar en nú er enda þótt hjarnskaflar kunni að hafa legið þar um kring. Með hliðsjón af framangreindu er eðlilegt að túlka orðalagið „inn í Útstúkudal“ að austanverðu þannig að merki jarðarinnar lokist við Þröng enda eru staðhættir þannig á þessum slóðum að norðausturhlíðar Stigafjalla eru ekki í eðlilegu framhaldi af landi Hlíðar. Landamerkjabréf Bæjar, þar sem einnig er notað orðalagið „inn í Útstúkudal“, ber hins vegar að skýra með hliðsjón af skýrri lýsingu merkja út úr Útstúkudal eftir há-fjallseggjunum, sbr. kafla 10.8. Krafa eigenda Hlíðar um að merki jarðarinnar nái í Jökulgilstinda verður því ekki talin eiga við rök að styðjast.

Í kjölfar þess að landamerkjalog taka gildi 1882 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Hlíð. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst.

Bréfið er áritað, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta.

Landamerkjabréf Stafafells og Bæjar eru einnig árituð og þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Hlíðar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja Hlíðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðháttum á þessu landsvæði, hálendi og dölum, er lýst að framan. Fjöllin eru gróðursnauð en Bæjardalurinn er hins vegar grösugur og sama máli gegnir um nokkra smádali, sbr. kafla 5.3. Hafradalsmýri er hins vegar nánast eina gróðurlendið í neðsta hluta Hafradals. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Lóni, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Hlíð hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka, sem tilgreind eru 1886, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Fjalllendið liggur upp af grösugum dölum og verður ekki skilið frá landi jarðarinnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggðist á beit. Aðrar jarðir áttu ítök í landi Bæjar, sbr. skógarítak Hvalness í Hvalnessheiði og rétt Bæjar til mánaðarþeitar, eftir samkomulagi. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka í fjallendinu styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi.

Samkvæmt málflutningi íslenska ríkisins byggist krafa um þjóðlendu í Lóni, þ. á m. fyrir landi Hlíðar, fyrst og fremst á túlkun heimilda um landnám og afréttarnot, auk staðháttá. Óbyggðanefnd telur hins vegar ljóst að kröfur íslenska ríkisins eru ekki í fullu samræmi við þau sjónarmið sem sögð eru liggja þeim til grundvallar. Þannig er t.d. auðsætt að kröfulína þvert yfir Bæjardal hlýtur að byggjast á öðrum atriðum án þess þó að slíkt frávik sé nægjanlega rökstutt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Hlíðar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Af hálfu eigenda Hlíðar hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það utan landamerkja Hlíðar, sem af þeirra hálfu er gerð krafa um að talið verið til eignarlands jarðarinnar, þ.e. norðurhlíðar Stigafjalla, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda, sjá einnig kafla 9.6.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði í norðausturhlíðum Stigafjalla, svo sem það er afmarkað hér á eftir, liggir utan landamerkja jarðarinnar Hlíðar og teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá hæsta hnjúk Jökulgilstinda (punktur 51) eftir Útstúkudal að Þröng, þaðan yfir í Hvannadalsvarp yfir í Grákinnartind í Stigafjöllum og eftir fjallsbrúnum þeirra í áðurnefndan hæsta hnjúk Jökulgilstinda (punktur 51).

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Hlíðar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.8. Bær

Hér verður fjallað um landsvæði það, sem afmarkað er í landamerkjabréfi Bæjar, dags. 10. júní 1922 og þingl. mánuði síðar án tillits til síðari skiptingar lands innan þeirra merkja í Bæ 1, 2, 3 o.fl.

Að Bæ liggja jarðirnar Hlíð að vestan, Reyðará í Lóni, Flugustaðir og Starmýri í Suður-Múlasýslu að norðan, og hafið til suðausturs. Syðsti hluti þess landsvæðis, sem hér um ræðir, er undirlendi en mikill hluti þess er fjalllendi. Að vestanverðu teygir Bæjardalur sig upp af láglendinu og gengur 8-9 km til norðurs, sveigir síðan til vesturs við Stóru-Koltungu og er aðrir 4-5 km að lengd uns hann endar við Þröng. Er þá komið inn á svonefnda Afrétt. Dalurinn er í um 40 m hæð neðst en við Stóru-Koltungu er dalbotninn í um 80-100 m hæð. Afrétt er að jafnaði í 700-800 m hæð. Margir smærri dalir ganga inn í hálendið frá Bæjardal. Innan við Þröng er Útstúkudalur sem nær inn undir Jökulgilstinda (1313 m), umkringda jökulskellum. Land á þessu svæði ris almennt upp í 700-800 m hæð. Austur úr Jökulgilstindum ganga Afréttartindur (1212 m) og Meingilstindur (1130 m). Að austanverðu eru Reyðarárdalur og Mjóidalur en hinn síðarnefndi nær inn í Hvítamelsbotna. Fjalllendið milli annars vegar Bæjardals og hins vegar Reyðarárdals og Mjóadals er bratt og víða klettótt. Þar ris fremst Karlsfjall (300-400 m), norðan þess er Rílutungafjall (557 m) en nyrst er Svartagilsheiði sem hæst nær í um 800 m og liggur norður að Afrétt.

Íslenska ríkið hefur dregið kröfulínu sína frá Hafradalstindi og beina sjónhendingu í punkt mitt á milli Svartagilsheiðar og Hvítamelsbotna. Samkvæmt þessari kröfugerð er þjóðlenda á innanverðum Bæjardal og allri svokallaðri Afrétt. Á móti hafa eigendur mismunandi hluta jarðarinnar Bæjar lýst kröfum um beinan eignarrétt yfir sama landsvæði. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1. og kröfum gagnaðila í kafla 3.9.

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. kafla 7, er m.a. vísað til landnáms, sem í meginráttum hafi einungis verið á undirlendi, afréttarnota, staðháttu, víðáttu, öræfaland, gróðurfars og hæðar yfir sjó. Samkvæmt gildandi rétti þurfi landeigandi að færa sönnur á eignarheimildir sínar og Hæstiréttur hafi gert ríkar kröfur til sönnunar á beinum eignarrétti að hálendi, fjöllum og öræfum. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar sé henni eignað mikið land inn á reginöræfi. Hluti af þessu landi sé afréttarland. Kröfulínan þarna taki að meginþunga til mið af heimildum um nám og afréttarnot þó þyki rétt að Karlsfell sé utan þjóðlendu. Aldrei hafi reynt á eignarrétt yfir landi innan umræddra merkja og eldri merkjalýsing en landamerkjabréfið ekki fyrir hendi, gerð einhliða fyrir tæpum 80 árum, og merki óglögg.

Þinglýstir eigendur Bæjar, sbr. kafla 8.3., vísa m.a. til landnáms, nýtingar, kunnra og óumdeildra landamerkja samkvæmt landamerkjabréfi, dags. 10. júní 1922, athugasemdalausra þinglýsinga, lýsingar landamerkja í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709, fyrirkomulags smölunar, heimildarskjala, svo sem afsala og kaupsamninga auk landskiptagjörðar frá 26. júlí 1990, skattgreiðslna og hefðar. Enginn munur sé á eignarréttarlegri stöðu lands innan jarðarinnar og íslenska ríkið beri sönnunarbyrðina fyrir því að það sé ekki eignarland.

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar að Bæ er rakin í kafla 6.7. Þar kemur fram að Bæjar er getið í heimildum allt frá fyrri hluta 12. aldar en sagnir um búsetu þar má rekja aftur til 9. aldar. Af heimildum verður ráðið að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða, sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar. Jafnframt eru fremur líkur til þess að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms í Austur-Skaftafellsýslu, sbr. kafla 10.2.

Fyrstu lýsinguna á landamerkjum Bæjar er að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 10. júní 1922 og þingl. mánuði síðar. Merki til vesturs, gagnvart Hlíð, eru þar sögð liggja í Karlsá inn í Útstúkudal. Áin rennur frá jökli niður Útstúkudal og áfram suður eftir Bæjardalnum. Bréfið er áritað af hálfu Hlíðar. Landamerkjabréf Hlíðar, dags. 6. september 1886 og þingl. 17. maí 1892, er einnig áritað af hálfu Bæjar og merkjum er nánast eins lýst. Engar áreiðanlegar eldri heimildir eru um landamerki Hlíðar að þessu leyti, sbr. kafla 10.7.

Merkjum til norðurs, milli „Bæjar- og Álftafjarðarafrijetta“ eins og það er orðað í landamerkjabréfinu, er þannig lýst að þeim ráði „há fjallseggjar úr Útstúkudal austur og fram á Svartagilstind“. Bréfið er ekki áritað af hálfu fyrirsvarsmanna Starmýrar og Flugustaða í fyrrum Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu. Verður þá hugað að því hvernig merkjum er lýst í heimildum um þessar tvær jarðir. Landamerkjabréf Starmýrar er dags. 16. janúar 1883 og þingl. 12. júlí 1919. Bréfið er áritað um samþykki af hálfu Bæjar 29. apríl 1884. Landamerkjaskrá Flugustaða er dags. 30. apríl 1884 og þingl. 23. júní 1884. Bréfið er ekki áritað af hálfu Bæjar. Lýsingar í bréfum Starmýrar og Flugustaða miða við glögg landfræðileg skil með fjallseggjum milli Lóns og Álftafjarðar sem jafnframt eru hreppa- og sýslumörk. Í bréfi Starmýrar eru suðurmerki þannig m.a. miðuð við vatnaskil fyrir ofan Rjúpnadal og í framhaldi af því er dregin lína „inn eftir eggjum alt á Kálfadalssvarp“. Í bréfi Flugustaða er merkjum til suðurs svo lýst „... inn eggjar milli Starmíradals og Flugustaðadals inná varp fyrir innan „Jökulfell“...“.

Samkvæmt framangreindum lýsingum á Bær merki í Karlsá inn í Útstúkudal og út úr sama dal eftir há-fjallseggjum. Kröfugerð eigenda Bæjar fyrir óbyggðanefnd, eins og hún er teiknuð á meðfylgjandi uppdrætti, gerir ráð fyrir að merkin nái í Jökulgilstinda sem liggja upp af Útstúkudal. Því til stuðnings er vísað til landamerkjabréfs jarðarinnar enda hafi jökull hopað síðan þá.

Líklegt er að á 17. og 18. öld hafi smájökullinn við Jökulgilstinda og Afréttartind náð lengra en nú er. Þorsteinn Geirsson, einn af eigendum Bæjar, lýsti því við skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd að fyrir sextíu árum hafi dalurinn verið fullur af snjó. Í greinargerð Odds Sigurðssonar jöklafræðings, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, sbr. einnig kafla 5.4., segir hins vegar að augljóst sé á jökulleifunum sunnan í Jökulgilstindum að þeir hafi ekki verið miklu stærri um 1890 þegar flestir jöklar náðu hámarki á sögulegum tíma enda sé ekki við því að búast af svo bröttum jöklum. Merki Bæjar, í Útstúkudal og með há-fjallseggjum úr dalnum, hafa því að einhverju leyti verið hulin jökli á þeim tíma þegar landamerkjabréf jarðarinnar er gert. Á loftmyndum, sem teknar voru af þessu svæði í júní 2002, í mælikvarðanum 1:50 000, sést að þar eru nú ekki samfelld jökulbreiða hvernig sem því kann að hafa verið farið áður.

Merki Bæjar til austurs, gagnvart Reyðará, eru samkvæmt landamerkjabréfi Bæjar „úr Svartagilstindi sjónhending í upptök Reyðará“. Bréfið er ekki áritað af hálfu Reyðará. Þessum merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Reyðará, dags. 7. janúar 1886 og þingl. 3. maí 1886, sem áritað er um samþykki vegna Bæjar.

Sunnan við Hlíð, á undirlendinu niðri við sjó og utan við kröfusvæði ríkisins, eiga Bær og Stafafell merki saman. Landamerkjabréf Bæjar er áritað af hálfu Stafafells og landamerkjabréf Stafafells, dags. 23. apríl 1914 og þingl. 10. júlí 1922, er áritað af hálfu Bæjar. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi merki þarfnist ekki nánari athugunar.

Í kjölfar þess að ný landamerkjalog taka gildi 1919 er gert landamerkjabréf fyrir jörðina Bæ. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Bréfið er áritað af hálfu tveggja aðliggjandi jarða í Lóni og einnar jarðar í Geithellnahreppi. Bréf þriðju jarðarinnar í Lóni, Reyðará, er áritað af hálfu Bæjar. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að gagnvart Múlasýslu eru glögg landfræðileg skil með fjallseggjum sem jafnframt eru hreppamörk. Engar áritanir eru fyrir hendi vegna Flugustaða í Geithellnahreppi en ljóst er að fyrirsvarsmenn beggja jarða miða við fjallseggjar. Skortur á áritun að því er varðar Flugustaði verður ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Framangreind landamerkjabréf Bréf er þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Landamerkjabréf Hlíðar, Reyðará, Flugustaða og Starmýrar, auk Stafafells, eru einnig þinglesin. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Bæjar hafa um langa hríð haft réttmæt- ar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hvort land innan framangreindra merkja jarðarinnar Bæjar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Staðhátum á þessu landsvæði, hálendi og dölum, er lýst að framan. Fjöllin eru gróðursnaud en Bæjardalurinn er hins vegar grösugur og sama máli gegnir um nokkra smádali, sbr. kafla 5.3. Hafradalsmýri er hins vegar nánast eina gróðurlendið í neðsta hluta Hafradals. Talið er vafalaust að við upphaf landnáms hafi gróðurþekja í Lóni, sem og á Íslandi í heild, verið mun meiri að víðáttu og grósku en nú er, sbr. kafla 5.2.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Bær hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparhátum og aðstæðum á hverjum tíma þar til hún fór í eyði 1966. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1922 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur ekki verið þar undanskilið enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Undirlendi á þessu svæði er lítið og skortur á ræktanlegu landi. Fjalllendið liggur inn á milli og upp af grösugum dölum og verður ekki skilið frá landi jarðarinnar enda mikilvægur hluti hennar á þeim tíma þegar búskapur byggðist á beit. Aðrar jarðir áttu skógarítök í landi Bæjar, sbr. skógarítök Svínhóla í Svínhólatungum og Reyðarár í Koltungum, hið síðarnefnda mjög innarlega í Bæjardal. Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaka í fjallendinu styrki beinan eignarrétt þar, sbr. umfjöllun um ítök í kafla 9.4.

Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Jafnframt eru ekki efni til þess að land undir smájökklum og heilsársfönnum sem skilist hafa frá smájöklinum við Jökulgilstinda hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað það land sem utan jökulrandar er. Efst í landi Bæjar er svæði sem nefnist „Afrétt“ en er ekki sérgreint í landamerkjabréfi jarðarinnar. Við skýrslutökur í máli þessu kom fram hjá Þorsteini Geirssyni, fyrrverandi oddvita og eins af eigendum Bæjar, að á tímum fráfera hafi lömb verið rekin inn á Afrétt. Aðstæður séu þar ákjósanlegar fyrir lambaafrétt þar sem staðhættir hindri að þau geti leitað til baka. Í leitum hafi verið farið inn í Þröng en ekki upp í Útstúkudal enda hafi kindum ekki verið fært þar inn fyrir auk þess sem að fyrir sextíu árum hafi Útstúkudalurinn verið undir jökli. Óbyggðanefnd telur líklegt að örnefnið Afrétt vísi til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi, sbr. kafla 9.2, fremur en að endurspeglar mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðarinnar. Loks verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Samkvæmt málflutningi íslenska ríkisins byggist krafa um þjóðlendu í Lóni, þ. á m. fyrir landi Bæjar, fyrst og fremst á túlkun heimilda um landnám og afréttarnot, auk staðháttar. Óbyggðanefnd telur hins vegar ljóst að kröfur íslenska ríkisins eru ekki í fullu samræmi við þau sjónarmið sem sögð eru liggja þeim til grundvallar. Þannig er t.d. auðsætt að kröfulína þvert yfir Bæjardal hlýtur að byggjast á öðrum atriðum án þess þó að slíkt frávik sé sérstaklega rökstutt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja jarðarinnar Bæjar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um eignarland að ræða, sbr. einnig umfjöllun í kafla 9.6., án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land jarðarinnar Bæjar, svo sem því er að framan lýst, að jökuljaðri eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

10.9. Vatnajökull og önnur landsvæði í Lóni

Kröfugerð eigenda jarðarinnar Stafafells tekur til alls þess hluta Vatnajökuls sem til meðferðar er í máli þessu. Um eignarréttarlega stöðu þess svæðis er því fjallað í kafla 10.6. og vísast þangað.

Kröfugerð íslenska ríkisins tekur til landsvæða sem fjallað er um í köflum 10.3.-10.8. hér að

framan. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Eftir er því að gera grein fyrir afstöðu óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu annars lands sem til meðferðar er í máli þessu en kröfugerð íslenska ríkisins tekur ekki til.

Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í Lóni sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Í því sambandi skal tekið fram að í köflum 10.3.-10.8. er fjallað um viðkomandi jarðir í heild sinni en ekki einungis þann hluta þeirra sem kröfugerð ríkisins tekur til. Þá þykja suðurmörk jarða í Lóni ekki vekja sérstakan vafa. Jafnframt eru engar vísbendingar um að í Lóni sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. einnig kafla 9.5. Þá verður ekki ráðið af heimildum að í Lóni séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana, sbr. einkum kafla 6.8., utan það sem þegar hefur verið fjallað sérstaklega um hér að framan.

10.10. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

10.11. Um tæknileg atriði¹

Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 9.3., að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Í samræmi við framangreint fór óbyggðanefnd þess á leit við Odd Sigurðsson, jarðfræðing hjá Orkustofnun og ráðgjafa nefndarinnar á sviði jöklafræði, og þá Kolbein Árnason og Ingvar Matthíasson hjá Landmælingum Íslands að ákvarða stöðu jökuljaðarsins við umrætt tímamark. Við verkið voru notaðar þrjár myndir frá Landsat 7-gervitunglinu. Engar nothæfar myndir eru til af þessu svæði frá árinu 1998 og var því stuðst við tvær myndir frá árinu 1999 og eina frá árinu 2000. Þar sem jökullinn hreyfist mjög hægt á milli ára er hægt að ganga út frá því að hann hafi nánast verið eins árin 1998 og 1999. Í örfáum tilvikum kann annað að gilda og var þá einnig stuðst við önnur gögn, s.s. vettvangsathuganir og loftmyndir, við ákvörðun á stöðu jaðarsins.

11. ÚRSKURÐARORÐ²

Landsvæði það, sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Framfjöll ofan Hvannadalsvarps og Innfjöll austan Jökulsár, þ.m.t. Viðidalur og Kollumúli, svæði það á Vatnajökli sem til meðferðar er í máli þessu og svæði í norðausturhlíðum Stigafjalla, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Frá hreppamörkum Nesja og Lóns við jaðar Austurtungnajökuls (punktur 44, sbr. einnig punkt 17 í kröfugerð vegna Hoffellslambatungna í máli nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes) er dregin lína í hnjúk (1526 m háan), áfram í annan hnjúk (1505 m háan), þá í þann þriðja, nafnlausan

1 Sjá fylgiskjal nr. V (Tækniskýrsla unnin fyrir óbyggðanefnd).

2 Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort).

hnjúk sunnan Grendils (punktur 45) og áfram í Grendil, þaðan yfir hnjúk (1438 m háan) og í Geldingafell (punktur 46), þar sem eru mörk sveitarfélagsins Hornafjarðar við Fljótsdalshrepp. Þeim mörkum er fylgt og einnig mörkum sveitarfélagsins Hornafjarðar við Djúpvavogshrepp, allt að hæsta hnjúk Jökulgilstinda (punktur 51). Þaðan til austurs yfir í enda Ústíkudals og eftir dalnum að Þröng, yfir í Hvannadalshrepp yfir í Grákinnartind í Stigafjöllum og eftir fjallsbrúnum þeirra þar til kemur að hæsta tind Stigafjalla, í 1156 m hæð yfir sjávarmáli. Þaðan er haldið yfir í hæsta punkt á Hellisskógsheiði og í Jökulsá, þar sem hún kemur úr þrengslum austan Kjarrdalsheiðar, sunnan Svinadalshnútu. Loks er Jökulsá fylgt allt til upptaka sinna í Vesturdal. Frá þeim stað þar sem Jökulsá kemur undan jökli í Vesturdal og til suðuráttar, meðfram jaðri Vatnajökuls, þar til kemur að hreppamörkum Nesja og Lóns við jaðar Austurtungnajökuls (punktur 44, sbr. einnig punkt 17 í kröfugerð vegna Hoffellslambatungna í máli nr. 4/2001 hjá óbyggðanefnd, Nes). Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., með þeim fyrirvara sem fram kemur í kafla 10.11. Sjá hnitaskrá í viðauka sem skoðast skal sem hluti af úrskurði þessum.

Hluti þess landsvæðis, sem að framan hefur verið lýst og úrskurðað þjóðlenda, þ.e. Framfjöll ofan Hvannadalshrepps og Innfjöll austan Jökulsár, allt að jaðri Vatnajökuls, svo sem það er nánar afmarkað hér á eftir, er í afréttareign eigenda jarðarinnar Stafafells, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga:

Frá þeim stað þar sem Jökulsá kemur undan jökli í Vesturdal og með fram jaðri Vatnajökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, þar til kemur að mörkum sveitarfélagsins Hornafjarðar við Fljótsdalshrepp. Þeim mörkum er fylgt og einnig mörkum sveitarfélagsins Hornafjarðar við Djúpvavogshrepp, allt að hæsta hnjúk Jökulgilstinda (punktur 51). Þaðan er haldið áfram eftir fjallseggjum Stigafjalla og í hæsta tind þeirra, yfir í hæsta punkt á Hellisskógsheiði og í Jökulsá, þar sem hún kemur úr þrengslum austan Kjarrdalsheiðar, sunnan Svinadalshnútu. Loks er Jökulsá fylgt allt til upptaka sinna í Vesturdal.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmanna ákvarðast svo: Ólafur Björnsson hrl. 1.500.000 kr., Sigurður Gizurarson hrl. 100.000 kr., Sigurður Þóroddsson hdl. 800.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu annarra hluta þjóðlendulínu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason formaður

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon

VIDAUKI

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
1	674966	457346	51	677258	457413	101	676725	458811	151	676914	459675
2	674966	457372	52	677311	457449	102	676695	458811	152	676950	459640
3	674996	457437	53	677323	457496	103	676648	458805	153	676985	459586
4	675037	457484	54	677281	457532	104	676601	458840	154	677021	459557
5	675049	457514	55	677240	457561	105	676571	458858	155	677068	459551
6	675020	457591	56	677199	457585	106	676518	458858	156	677092	459551
7	675031	457662	57	677216	457609	107	676458	458870	157	677116	459575
8	675091	457668	58	677216	457662	108	676417	458894	158	677151	459545
9	675120	457662	59	677204	457715	109	676346	458947	159	677104	459533
10	675150	457656	60	677222	457769	110	676334	458935	160	677110	459498
11	675203	457627	61	677234	457828	111	676281	458905	161	677139	459456
12	675239	457591	62	677193	457875	112	676245	458882	162	677163	459421
13	675286	457561	63	677133	457893	113	676192	458888	163	677210	459373
14	675339	457520	64	677086	457875	114	676139	458923	164	677264	459338
15	675393	457484	65	677045	457863	115	676068	458947	165	677281	459367
16	675452	457467	66	676991	457929	116	676056	458911	166	677305	459373
17	675511	457437	67	676938	457946	117	676014	458888	167	677358	459344
18	675588	457384	68	676867	457958	118	675979	458929	168	677400	459308
19	675624	457342	69	676790	458005	119	675979	458965	169	677447	459284
20	675653	457307	70	676731	458041	120	676008	459012	170	677512	459279
21	675724	457289	71	676660	458106	121	676032	459048	171	677554	459249
22	675789	457289	72	676601	458124	122	676068	459065	172	677589	459261
23	675872	457277	73	676529	458142	123	676139	459059	173	677625	459267
24	675926	457236	74	676458	458177	124	676192	459048	174	677678	459267
25	675961	457224	75	676387	458207	125	676239	459071	175	677720	459243
26	676014	457271	76	676310	458242	126	676293	459089	176	677761	459213
27	676062	457307	77	676293	458278	127	676322	459101	177	677814	459196
28	676121	457319	78	676263	458373	128	676370	459113	178	677862	459178
29	676168	457325	79	676227	458420	129	676417	459130	179	677921	459136
30	676210	457354	80	676156	458432	130	676441	459154	180	677980	459101
31	676257	457372	81	676103	458444	131	676464	459184	181	678004	459083
32	676299	457396	82	676056	458473	132	676524	459207	182	678033	459030
33	676322	457443	83	676018	458500	133	676518	459237	183	678069	458994
34	676346	457502	84	676002	458538	134	676494	459279	184	678104	459006
35	676405	457502	85	676002	458580	135	676500	459332	185	678093	459054
36	676452	457479	86	676044	458598	136	676535	459350	186	678081	459101
37	676506	457496	87	676074	458609	137	676565	459355	187	678075	459160
38	676553	457484	88	676133	458621	138	676601	459332	188	678069	459219
39	676630	457467	89	676174	458675	139	676648	459332	189	678051	459255
40	676707	457461	90	676210	458710	140	676701	459367	190	678027	459296
41	676760	457461	91	676257	458710	141	676725	459379	191	678016	459355
42	676808	457461	92	676299	458704	142	676749	459391	192	678045	459373
43	676837	457461	93	676370	458704	143	676772	459415	193	678010	459391
44	676873	457449	94	676447	458704	144	676826	459427	194	677945	459415
45	676908	457431	95	676494	458716	145	676855	459462	195	677915	459444
46	676974	457419	96	676529	458746	146	676897	459551	196	677874	459498
47	677021	457425	97	676601	458757	147	676885	459592	197	677850	459539
48	677056	457431	98	676642	458757	148	676861	459598	198	677862	459575
49	677139	457437	99	676683	458746	149	676867	459681	199	677897	459604
50	677204	457431	100	676731	458781	150	676879	459699	200	677956	459586

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
201	677998	459551	251	677945	459817	301	679253	460759	351	680893	460445
202	678057	459509	252	677968	459859	302	679318	460753	352	680852	460469
203	678140	459480	253	677998	459871	303	679383	460723	353	680810	460522
204	678241	459421	254	678016	459847	304	679437	460729	354	680763	460552
205	678324	459391	255	678051	459882	305	679520	460723	355	680710	460599
206	678401	459373	256	678027	459924	306	679579	460705	356	680639	460664
207	678477	459355	257	677980	459959	307	679662	460688	357	680597	460688
208	678537	459344	258	677962	460001	308	679703	460682	358	680550	460729
209	678602	459338	259	677945	460036	309	679750	460688	359	680497	460765
210	678637	459373	260	677930	460055	310	679804	460676	360	680425	460818
211	678697	459385	261	677903	460048	311	679857	460646	361	680378	460865
212	678756	459361	262	677879	460042	312	679916	460599	362	680325	460913
213	678845	459338	263	677856	460078	313	679964	460563	363	680283	460966
214	678892	459355	264	677826	460084	314	680017	460522	364	680242	461007
215	678850	459409	265	677802	460113	315	680082	460480	365	680177	461061
216	678833	459468	266	677802	460149	316	680135	460445	366	680112	461090
217	678779	459515	267	677802	460184	317	680183	460404	367	680035	461150
218	678714	459557	268	677802	460232	318	680230	460350	368	679964	461185
219	678661	459604	269	677785	460273	319	680295	460315	369	679893	461209
220	678614	459652	270	677820	460327	320	680354	460279	370	679804	461256
221	678566	459693	271	677820	460386	321	680390	460244	371	679727	461303
222	678566	459770	272	677838	460404	322	680443	460208	372	679650	461327
223	678531	459800	273	677874	460427	323	680479	460161	373	679567	461351
224	678513	459770	274	677909	460433	324	680514	460137	374	679472	461392
225	678472	459752	275	677945	460427	325	680544	460119	375	679413	461416
226	678436	459782	276	677980	460451	326	680556	460084	376	679348	461457
227	678389	459817	277	678022	460475	327	680568	460048	377	679271	461487
228	678329	459841	278	678051	460457	328	680585	460007	378	679182	461487
229	678264	459871	279	678093	460433	329	680645	459983	379	679135	461523
230	678211	459900	280	678104	460398	330	680662	460013	380	679058	461582
231	678164	459888	281	678152	460392	331	680704	460025	381	678987	461600
232	678158	459853	282	678187	460433	332	680745	460025	382	678927	461635
233	678176	459823	283	678229	460475	333	680781	460048	383	678874	461682
234	678205	459800	284	678324	460498	334	680840	460048	384	678850	461736
235	678205	459764	285	678359	460540	335	680899	460048	385	678850	461777
236	678217	459729	286	678424	460581	336	680941	460066	386	678892	461825
237	678193	459705	287	678507	460611	337	681012	460030	387	678922	461902
238	678140	459729	288	678549	460664	338	681035	460013	388	678987	461931
239	678104	459734	289	678584	460694	339	681047	460030	389	679004	461973
240	678093	459723	290	678673	460717	340	681065	460060	390	679046	462038
241	678081	459699	291	678720	460741	341	681083	460096	391	679064	462091
242	678081	459675	292	678791	460788	342	681100	460137	392	679022	462144
243	678081	459640	293	678809	460794	343	681095	460167	393	679004	462215
244	678087	459604	294	678833	460753	344	681059	460196	394	679022	462251
245	678075	459580	295	678886	460717	345	681024	460226	395	679022	462328
246	678063	459604	296	678939	460723	346	680994	460255	396	679022	462393
247	678057	459657	297	678987	460765	347	680970	460297	397	678987	462452
248	678033	459711	298	679034	460788	348	680947	460362	398	678951	462517
249	677992	459746	299	679117	460782	349	680947	460415	399	678916	462582
250	677962	459776	300	679182	460777	350	680923	460439	400	678868	462636

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
401	678809	462677	451	675772	463180	501	674481	463169	551	674291	463500
402	678756	462713	452	675712	463169	502	674416	463163	552	674327	463494
403	678702	462742	453	675665	463169	503	674386	463169	553	674327	463536
404	678637	462766	454	675641	463151	504	674362	463186	554	674351	463577
405	678590	462796	455	675624	463127	505	674309	463169	555	674380	463607
406	678507	462837	456	675576	463103	506	674333	463133	556	674398	463642
407	678460	462873	457	675529	463163	507	674351	463098	557	674427	463684
408	678389	462902	458	675511	463210	508	674392	463068	558	674457	463690
409	678300	462932	459	675464	463257	509	674422	463032	559	674493	463690
410	678217	462961	460	675410	463257	510	674439	462991	560	674504	463707
411	678152	462985	461	675381	463240	511	674469	462967	561	674540	463731
412	678069	463003	462	675327	463210	512	674475	462955	562	674546	463761
413	678004	463021	463	675286	463175	513	674504	462944	563	674552	463790
414	677933	463050	464	675239	463163	514	674522	462920	564	674540	463820
415	677868	463068	465	675174	463169	515	674534	462884	565	674558	463855
416	677785	463086	466	675126	463192	516	674546	462867	566	674581	463891
417	677690	463103	467	675093	463223	517	674552	462825	567	674617	463927
418	677619	463103	468	675090	463245	518	674552	462796	568	674664	463962
419	677506	463103	469	675091	463257	519	674528	462813	569	674700	463998
420	677400	463103	470	675091	463257	520	674475	462867	570	674718	464021
421	677258	463103	471	675079	463293	521	674457	462884	571	674753	464033
422	677151	463103	472	675079	463340	522	674433	462908	572	674801	464039
423	677027	463103	473	675073	463376	523	674398	462955	573	674842	464039
424	676920	463121	474	675073	463411	524	674368	462991	574	674883	464033
425	676843	463121	475	675061	463453	525	674339	463027	575	674931	464027
426	676802	463157	476	675008	463459	526	674309	463068	576	674984	464015
427	676749	463157	477	674978	463435	527	674279	463098	577	675031	464015
428	676689	463139	478	674937	463417	528	674244	463121	578	675091	464033
429	676660	463186	479	674883	463417	529	674214	463103	579	675126	464039
430	676624	463263	480	674848	463405	530	674232	463080	580	675168	464021
431	676571	463323	481	674842	463364	531	674250	463044	581	675179	464003
432	676500	463317	482	674842	463328	532	674232	463015	582	675197	464015
433	676393	463281	483	674812	463311	533	674208	463027	583	675262	464003
434	676340	463287	484	674759	463287	534	674197	463062	584	675268	463986
435	676328	463334	485	674729	463246	535	674185	463080	585	675286	463962
436	676322	463376	486	674694	463234	536	674161	463098	586	675322	463927
437	676245	463388	487	674641	463204	537	674149	463115	587	675345	463927
438	676210	463358	488	674617	463163	538	674137	463133	588	675381	463915
439	676210	463323	489	674617	463133	539	674137	463175	589	675393	463909
440	676186	463275	490	674635	463109	540	674197	463198	590	675440	463915
441	676156	463246	491	674652	463062	541	674208	463186	591	675470	463932
442	676103	463246	492	674635	463044	542	674214	463240	592	675499	463944
443	676079	463204	493	674623	463009	543	674208	463293	593	675535	463944
444	676038	463228	494	674617	462979	544	674220	463346	594	675535	463921
445	676026	463269	495	674564	462979	545	674226	463382	595	675541	463891
446	676002	463246	496	674534	463003	546	674214	463453	596	675564	463873
447	675961	463222	497	674510	463044	547	674232	463500	597	675588	463903
448	675902	463240	498	674510	463080	548	674244	463548	598	675624	463915
449	675872	463204	499	674516	463109	549	674262	463559	599	675641	463921
450	675795	463204	500	674522	463139	550	674279	463506	600	675671	463909

nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord	nr	X-coord	Y-coord
